

Úr húsnaðis- og  
byggingarsögu  
Háskóla Íslands II

© Háskóli Íslands  
Reykjavík 1991

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á  
annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis útgefanda.

Prentun: Gutenberg hf.

Úr húsnæðis- og  
byggingarsögu  
Háskóla Íslands

II

Draumsýnir, framkvæmdir og svipmyndir af  
háskólasamfélagi 1940–1990

Páll Sigurðsson tók saman



Háskóli Íslands · Háskólaútgáfan  
1991

PRAESIDI ET SENATUI UNIVERSITATIS ISLANDIAE  
SENATUS UNIVERSITATIS NATIONALIS  
HIBERNIAE

Salutem Plurimam Dicit

**A**PUD Islandiae factorum auctores eos qui illum librum singularem Landnámabók vocatum scripserunt, Islandiam a Paris quibusdam Hibernis inventam esse legimus; qui et alii libri tam Islandi quam Hiberni utrumque populum nostrum communi quodam vinculo olim fuisse coniunctum declarant; id quod scripserunt Dicuill et Cormac iua Liathain atque Columille, princeps Tyrconnellenensis ac Papa, qui Ionae insulae universitatem, lucem in tenebris rite appellatam, in ultimis orbis terrae partibus occidentalibus sitam fundavit.

Accedit autem quod Hiberni non sumus. Audur immemores, reginae illius et Christianae et Dublinensis, prope Hvammur i Dólum sepultae una cum multis aliis Hibernis non notis, quibuscum populus Islandus quasi adfinitate quadam atque cognatione et nunc est et antiquitus fuerat coniunctus.

Decet igitur populi Hiberni vocem hoc tanto tamque fausto tempore ad alias orbis terrae populorum voces accedere atque Universitatis Nationalis Hiberniae nomen idcirco in tabula gratulatoria inscribi, ut populo Islandorum, qui Háskóli Íslands fundavit et ampliavit summus honos habeatur.

Annos abhinc duos, qui fuit quinquagesimus ab Universitate nostra fundata annum celebravimus ipsi; ac sicut vos illorum hodie reminiscimini qui virtute quasi divina ea perfecerunt quae maiores vestri tam diu speraverant ac desideraverant, ita nos etiam eorum non oblitus sumus et est memoria utrorumque nostra, si veteri illo dicendi genere uti licet, þau eru af sama bergi brotin.

Quoniam vero uterque populus noster familiaritate atque humanitate post valde multos annos est iterum inter se coniunctus, optamus illud et precamur ut etiam magis in futurum simus coniuncti.

Illud profecto permagni facimus quod nos invitavistis ad Universitatis nostrae nationalis legatum mittendum qui Universitatem vestram fraternali hoc tanto tamque memorabili tempore et laetari iubeat et salvere. Floreat Universitas Islandiae! Floreat Islandia!

Valete.

Datum Dublini,  
Kal. Oct. A.D. MCMLXI.

*Donat Wylie*  
Cancellarius.

*John W. ...*  
Notarius.

Skrautritað kveðjuávarp frá háskólanum í Dyflinni til Háskóla Íslands í tilefni 50 ára afmælisins 1961.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	8
<b>Fyrsti hluti: Frá stríðsárum og fram um 1961</b>	
1. Yfirlit .....	15
2. Byggingarfé – Átök um fjármögnun .....	25
3. Nýi-Garður reistur 1943 og um líf Garðbúa .....	33
4. Nánar um húsnæðismál stúdenta og mötuneyti .....	44
5. Um lóðarmál Háskólans og skyld efni .....	53
Almennt .....	53
Frágangur háskólalóðar .....	59
Samkeppni um útlit og listskreytingu Skeifunnar og tillögur um standmyndir merkismanna .....	65
Gagnrýni Jónasar Jónssonar frá Hriflu .....	68
Kennarabústaðir og lóðir fyrir þá .....	72
Húsnæðismál Atvinnudeildar Háskólans og hugmynd um hús fyrir fiskirannsóknir .....	77
Þjóðminjasafnsbygging á háskólalóð .....	82
Annað .....	85
6. Ýmislegt um Aðalbyggingu Háskólans .....	86
Menntaskólinn fær inni í háskólabyggingunni .....	86
Hús og fólk, fyrr og síðar .....	88
Störf umsjónarmanns .....	111
Kostnaður og viðhald .....	115
Dansskemmtanir stúdenta .....	118
Háskólabókasafn .....	123
Tónleikar, leiksýningar o. fl. ....	127
Húsmæðrakennaraskólinn .....	131
Ýmis önnur afnot hússins .....	137
7. Fyrirhugað kvikmyndahús Háskólans í Austurstræti 5 .....	141
8. Tjarnarbíó .....	146

<b>9. Íþróttahús Háskólans</b> .....	151
Höllin, sem ekki var reist .....	151
Íþróttahús byggt .....	156
Viðbygging Íþróttahúss 1960 .....	162
Framtíðarþróun íþróttamála .....	162
<b>10. Hugmyndir um og undirbúningur að byggingu Náttúrufræðahúss</b> .....	170
<b>11. Áætlanir um byggingu félagsheimilis stúdenta</b> .....	180
<b>12. Háskólabíó við Hagatorg – hönnun og framkvæmdir</b> .....	186
<b>13. Vígsla Háskólabíós 1961 – 50 ára afmælishátíð Háskólans</b> .....	200

## Annar hluti: Tímabilið 1961–1976

<b>1. Yfirlit</b> .....	223
Almennt .....	223
Viðhorf háskólarektora .....	225
Um þróun í húsnæðismálum – úr skýrslu háskólanefndar 1969 .....	236
Erindisbréf handa byggingarnefndum .....	249
<b>2. Fjármögnun bygginga – Háskólahappdrætti</b> .....	254
<b>3. Skipulag háskólalóðar og skyld efni</b> .....	260
Lóðin stækkuð – Gjöf Reykjavíkurborgar 1961 .....	260
Almennt um skipulagningu lóðasvæða Háskólans .....	263
Norræna húsið byggt á háskólalóðinni .....	272
<b>4. Hús Raunvísindastofnunar</b> .....	275
<b>5. Árnagarður</b> .....	291
<b>6. Lögberg</b> .....	308
<b>7. Byggingar fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild</b> .....	323
<b>8. Undirbúningur húsnæðis fyrir Læknadeild og Tannlæknadeild</b> .....	341
<b>9. Háskólinn fær umráð Loftskæptastöðvar og Atvinnudeildarhúss</b> .....	354
<b>10. Smíða- og áhaldahús Háskólans</b> .....	365
<b>11. Bygging fyrir Félagsstofnun stúdenta</b> .....	370
<b>12. Hjónagarður byggður</b> .....	379

<b>13. Málefni Háskólabókasafns og undirbúningur Þjóðarbókhlöðu</b> .....	392
<b>14. Breytingar á skipan byggingarmála o. fl.</b> .....	400
<b>15. Skipulagstillögur Alvars Aaltos 1975–1976</b> .....	404

## **Priðji hluti: Þróun síðustu ára**

<b>1. Yfirlit</b> .....	413
Almennt um stöðu húsnæðismála og þarfir („Gráa skýrslan“) .....	413
Stjórnskipun byggingarmála .....	447
<b>2. Húsnæðisekla, fjárförf og fjármögnun</b> .....	454
Almennt .....	454
Ágreiningur um ráðstöfun happdrættisfjár, haustið 1989 .....	465
<b>3. Skipulagsmál og háskólalóð</b> .....	479
Endalok skipulagstillögu Aaltos .....	479
Lóðarmörk ákvörðuð .....	484
Staða skipulagsmálanna haustið 1990 .....	485
<b>4. Einstakar byggingar</b> .....	494
Oddi .....	494
VR III og Smyrilsvegur 22 .....	511
Læknagarður .....	522
Skólabær .....	535
Viðbygging Háskólabíós .....	543
Tæknigarður .....	550
Nýbygging Hjónagarða .....	562
Háskólabókasafn og Þjóðarbókhlaða .....	568
<b>5. Á tímamótum:</b> .....	576
Viðtal við dr. Sigmund Guðbjarnason, háskólarektor .....	576
<b>Bókarauki: I.</b> Um fjársöfnun til Stúdentagarðs 1922–1923 og um „Selskinnu“ .....	589
<b>II.</b> Prófteikningar Guðjóns Samúelssonar af háskólabyggingu í Reykjavík .....	596
<b>Nafnaskrá</b> .....	600
<b>Skrá um byggingar, stofnanir o.fl.</b> .....	610
<b>Höfundar eða geymslustaðir mynda og heimildir myndefnis</b> .....	612

# Inngangur

Dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor fór þess á leit við mig, skömmu eftir að ég hafði lokið samningu og útgáfu rits um byggingar- og húsnæðissögu Háskólans fram um 1940, sem út kom á afmælisárinu 1986, að ég héldi áfram með þá sögu fram til líðandi stundar og að út yrði gefið síðara bindi ritsins, sem næði til ársins 1990 en þá eru fimmtíu ár liðin frá vígslu Aðalbyggingar Háskólans (17. júní 1940). Fylgdi hann þeirri ósk sinni eftir og fór svo að ég tók verkið að mér þótt mér væri vel ljóst, að samantekt þessa síðara bindis yrði mun örðugri heldur en þess fyrra. Hefur háskólarektor síðan hvatt mig og stutt til þessa verks, en samningur um það var gerður í marsmánuði 1987. Varð síðar að ráði, að Háskólaútgáfan tæki að sér umsjón með lokafrágangi ritsins og útgáfu þess til prentunar.

Allt frá því að fyrrnefndur samningur var undirritaður hef ég í tómsundum frá aðalstarfi mínu unnið að heimildasöfnun til verksins og undirbúningi þess til útgáfu. Af því tilefni aflaði ég m. a. mikilla heimilda úr Skjalasafni Háskólans, en þar er að sjálf-sögðu að finna margar frumheimildir, sem miklu skipta en eru nú flestum ókunnar.<sup>1</sup> Þegar ég hóf verkið var safnið þó ekki eins aðgengilegt til notkunar og síðar hefur orðið. Margar heimildir hef ég einnig fundið í prentuðu máli, blöðum og tímaritum. Við fjölda manns hef ég tekið viðtöl, sem ég hef hljóðritað á segulband. Hefur texti þeirra hljóðritana síðan verið vélritaður og viðmælendum gefinn kostur á að leiðrétta eða breyta því, sem þar kemur fram. Með þessu móti fengust upplýsingar, sem hvergi var annars staðar að fá, en að sjálf-sögðu er hér einungis birtur lítill hluti þessara viðtala.

Mikil áhersla hefur verið lögð á söfnun myndefnis í ritið, enda eru myndir oft hinar merkustu heimildir. Hér er um að ræða ljósmyndir, sem með einum eða öðrum hætti snerta húsnæðis- og byggingarsöguna, þ. e. myndir af húsum á ýmsum byggingar-stigum, af atburðum eða starfsemi, sem tengst hefur húsunum og nágrenni þeirra, og af mönnum, sem hafa komið við sögu á því sviði. Eiga þær því að gefa nokkra mynd af háskólasamfélaginu. Háskólinn á ekkert skipulegt myndasafn um sögu sína, en að sjálf-sögðu reyndi ég að verða mér úti um allar þær myndir, sem finnanlegar voru innan Háskólans, þótt eftirtekjan væri ekki alltaf mikil. Myndir hafa m. a. verið fengnar úr Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar og frá einstökum ljósmyndurum (úr söfnum ýmissa

<sup>1</sup> Flest skjöl þetta varðandi, en þó ekki öll, má nú finna í Skjalasafni Háskólans í öskjum, er bera númerin BA 2: 19–20 (Byggingarmál Háskólans). Til varðveislustaða annarra skjallegra heimilda er vísað á viðeigandi stöðum í ritinu.



starfandi ljósmyndara og eins þeirra, sem nú eru látnir) og einnig úr myndasafni Þjóðminjasafns. Ég hef farið skipulega yfir myndasöfn allra dagblaðanna og fengið allnokkrar myndir frá þeim flestum, en almennt fundust þar þó ekki sérlega margar myndir, sem tengjast Háskóla Íslands, enda virðast sum dagblöðin hafa þá reglu að fleygja flestum myndum sínum. Tímabreitt var að fara yfir myndasafn Morgunblaðsins frá ca 1950–1965, sem nú er geymt í Þjóðminjasafni, mikið að vöxtum en nálega óflokkað. Allnokkrar myndir hef ég fengið frá einstaklingum, en þó færri en æskilegt væri, auk þess sem ekki þótti ástæða til að birta allar sem ég fékk. Auglýsti ég af því tilefni eftir myndum, í Morgunblaðinu, en sú auglýsing skilaði engri svörum. Allmargar myndir voru teknar vegna útgáfu þessarar bókar og fá þær, sem hér eru birtar, vonandi eitthvert sögulegt gildi. Um ljósmyndir í bókinni skal það annars tekið fram, sem ætti þó vart að þurfa að orðlengja um, að þær hafa orðið til af ýmsu tilefni og við misjafnar aðstæður (og sumar teknar upp af prenti), þannig að því fer fjarri að þær fullnægi hver og ein hinum hæstu faglegu gæðakröfum, þótt allar segi þær sína sögu. Ég lagði mig jafnframt fram um öflun frumteikninga arkitekta af öllum háskólabyggingum, fyrr og síðar, og einnig fann ég allmargar teikningar af fyrirhuguðum byggingum, sem aldrei voru byggðar eða reistar voru um síðir í breyttri mynd. Birti ég raunar nokkurt sýnishorn teikninga af hinni síðar nefndu tegund í Tímariti Háskólans 1988, 1. tbl. 3. árg. (í grein sem ég nefndi „Teiknað í skýin“). Margar þessar teikningar kostuðu mikla leit og fyrirhöfn, enda nær engar þeirra í eigu Háskólans og ýmsir arkitektanna látnir og teikningasöfn þeirra, sem á annað borð hafa fundist, geymd við mismunandi aðstæður hjá ættingjum þeirra eða venslamönnum. Hér er þó um merkar heimildir að ræða, sem verðskulda allan sóma.

Þess skal sérstaklega getið, að við samantekt ritsins var í meginmáli lögð höfuðáhersla á þau hús, sem Háskólinn hefur látið byggja (eða eignast með öðrum hætti eða fengið full yfirráð yfir), auk stúdentabygginga, en ógerningur var, einkum rúmsins vegna, að ræða um leiguhúsnæði Háskólans, nema þá í formi stuttra upplýsinga (t. d. í töflum) um húsrými háskólastarfseminnar á ýmsum tímum. Þá voru heldur ekki tók á að fjalla að neinu ráði um húsnæðismál Atvinnudeildar Háskólans (nema að því er lýtur að beinum samskiptum við Háskólann). Að sjálfsögðu er fjallað um Læknagarð, hús Læknadeildar og Tannlæknadeildar í Vatnsmýri, en hins vegar ekki um verklega aðstöðu, sem tengist Landspítala, og þ. á m. ekki um Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg. Rúmsins vegna er einnig almennt ógerningur að fjalla í meginmáli ritsins um húsnæði einstakra háskóladeilda eða sérstofnana, sem tengjast Háskólanum en eru utan háskólasvæðisins eða jafnvel fjarlægjar því, sbr. t.d. Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. (Um Landspítala og Tilraunastöðina á Keldum hafa verið samin afmælisrit, þar sem m. a. er vikið að byggingarsögu). Undantekning er þó t. d. gerð um Skólabað við Sudurgötu, sem hefur sérstöku og almennu hlutverki að gegna fyrir Háskólann. Úr annmörkum þeim, sem kunna að fylgja þessari óhjákvæmilegu tak-

mörkun á meginefni ritins, var þó reynt að bæta með því að birta myndir (ásamt stuttum skýringartexta) af öllu því húsnæði Háskólans, sem er víðs vegar um borgina, en ekki er fjallað um að öðru leyti í bókinni. Einnig eru birtar myndir af mannlífi í mörgum þessara húsa. Er þar einkum miðað við núverandi húsnæði (í ársbyrjun 1990), eða þá húsnæði, sem Háskólinn hefur notað til skamms tíma, en ógerningur reyndist að elta ólar við öll þau hús í Reykjavík, sem Háskólinn hefur haft til einhverra nota á liðnum áratugum.

Í þessu riti verður ekki rætt um jarðeignir Háskólans né húsakost á þeim jörðum. Háskóli Íslands á, svo sem kunnugt er, jörðina Herdísarvík í Selvogi ásamt íbúðarhúsi Einars skálds Benediktssonar, sem þar stendur, sjá nánar grein mína „Herdísarvík í Selvogi – friðland Háskóla Íslands“ í Tímariti Háskóla Íslands, 1. tbl. 4. árg. 1989.<sup>2</sup> Háskólinn á jafnframt hluta jarðarinnar Halldórsstaða í Laxárdal ásamt nýju húsi, sem Landsvirkjun lét í skiptum fyrir afnot háskólamanna af öðru húsi, sem á jörðinni er. Fyrir og um miðbik þessarar aldar átti Háskólinn einnig um skeið hina fornfrægu hlunnindajörð Hrapsey á Breiðafirði með húsakosti þar.

Efni þessa bindis er skipt í þrjá meginþætti, eftir tímabilum í byggingar- og húsnæðissögu Háskólans. Er fyrsti hlutinn beint framhald hinna síðustu kafla í fyrra bindi, þar sem segir frá vígslu háskólabyggingarinnar 1940 og aðstæðum háskólamanna á hinum fyrstu hernámsárum. Nær hann fram til þess að Háskólabíó var vígt 1961. Má hiklaust kenna þetta tímabil við dr. Alexander Jóhannesson, prófessor og háskólaректор, sem allt til loka þess var, enn sem fyrr, hinn helsti frumkvöðull og forvígismaður í öllum byggingarmálum, sem og öðrum framfaramálum Háskólans. Næsta tímabil, frá 1961–1976, einkennist m. a. af sókn raunvísindagreina og byggingu hæfilegs húsnæðis fyrir þær, og þótti eðlilegt að ljúka þeim þætti með umfjöllun um skipulagstillögur finnska arkitektsins Alvars Aaltos, sem um margt voru djarfar og nýstárlegar, þótt ekki næðu þær fram að ganga. Í síðasta þættinum ræðir um þróun byggingar- og húsnæðismála hin síðustu árin, sem m. a. hafa einkennst af mikilli fjölgun stúdenta í Háskólanum jafnt sem fjölgun kennslugreina og háskólastofnana. Ástæðulaust þótti að láta röð mynda í bókinni fylgja þessum tímabilum að öllu leyti og sama gildir raunar um nokkur atriði í meginmáli bókarinnar.

Þegar litið er til alls þess fimmtíu ára tímabils, sem þetta bindi tekur til, endurspeglast í húsnæðissögu Háskólans – draumsýnum, vonbrigðum, sókn og sigrum – ýmsar þær meginbreytingar er orðið hafa í íslensku þjóðlífi á þeim tíma. Í þessu riti verður ekki rætt um fagurfræðilegt gildi þeirra háskólabygginga, sem reistar voru á því tímabili, sem fjallað er um, en þess eins getið hér, að í þeim virðast birtast margir hinir helstu straumar og stefnur í byggingarmálum, sem komið hafa fram hér á landi hina síðari áratugi. Það sem sérkennir byggingarsögu Háskóla Íslands frá upphafi er hins

2 Að bókasafni Einars skálds í Herdísarvík, sem hann ánaðnaði Háskólanum, er þó vikið í 6. kafla í fyrsta hluta þessa rit.

vegar það, að flest hafa húsin verið reist fyrir *sjálfsaflafé* Háskólans, þ. e. fyrir tekjur af rekstri happdrættis, sem um áratugi hefur notið velvildar og vinsælda meðal almennings. Með þeim hætti hafa byggingarnar verið eins konar „þjóðargjöf“ og óvíst er með öllu hvernig umhorfs væri nú á háskólalóðinni ef hennar hefði ekki notið við. Byggingum stúdenta hefur einnig í ríkum mæli verið komið upp með gjafafé.

Um meðferð efnis er fylgt sömu aðferðum og í fyrra bindi ritsins og vísast um það til þess, sem þar segir, en þó áréttað, að stafsetning og greinarmerkjasetning í rituðum heimildum, sem birtar eru orðréttar, er látin haldast óbreytt nema hvað augljósar ritvillur hafa verið leiðréttar, og reynt er að láta valdar *frumheimildir* tala sínu máli, og geta lesendur þannig, með vissum hætti, heyrt „rödd“ margra hinna helstu frumherja og baráttumanna í húsnæðis- og byggingarmálum Háskólans.

Vart ætti að þurfa að taka fram, að við lestur þess hluta ritsins, sem fjallar um tímabilið fram til 1961, skyldu menn hafa hliðsjón af ýmsu því, sem sagt er í hinu ágæta riti Guðna Jónssonar um sögu Háskólans, sem út var gefið á hálftrar aldar afmæli stofnunarinnar 1961.

Um heimildir húsnæðis- og byggingarsögunnar, að því er varðar efnismörk þessa bindis, skal það einnig tekið fram, að hinar yngstu heimildir eru almennt frá því snemma árs 1990 en hinar síðustu heimildir um skipulagsmál háskólalóðar eru þó frá hausti 1990.

Leitast var við að láta texta og myndefni sýna margvíslega þætti *háskólasamfélagsins* – þ. e. þess mannlífs og þeirrar starfsemi, sem þrífist hefur í háskólabyggingunum – auk þess sem segir um byggingarsöguna í þrengri skilningi. Um fullkomna háskólasögu er hér að sjálfsögðu ekki að ræða, heldur einungis fjallað um afmarkaða þætti hennar. Ýmsir aðrir þættir háskólasögunnar eru vitanlega a. m. k. jafnmerkir þeim, sem hér er fjallað um, og bíða þeir ritunar heildstæðrar háskólasögu í framtíðinni. Rit þetta er því ekki stofnanasaga eða deildasaga Háskólans, en ýmislegt má hins vegar finna á prenti um það efni, auk fyrrnefndrar Háskólasögu Guðna Jónssonar, sbr. t.d. afmælisrit Raunvísindastofnunar, gefið út á tuttugu ára afmæli hennar 1986, ritið „Innsýn í deildir og stofnanir Háskóla Íslands“ eftir Þórð Kristinsson (Rvík 1988, fylgirit Árbókar Háskólans 1986-87) og til nokkurrar hliðsjónar ritið „Viðhorf og markmið – samtöl um Háskóla Íslands“, sem Þórir Kr. Þórðarson ritstýrði (Rvík 1986, fylgirit Árbókar 1982-84).

Allt er það efni, sem birtist í þessu síðara bindi ritverksins (sem og í hinu fyrra), með vissum hætti *svipmyndir*, sem alls ekki er ætlað að gefa tæmandi lýsingu bygginga eða mannlífs innan þeirra, – enda ógerningur! Á þetta vitanlega einkum við um ljósmyndirnar en einnig um meginmál bókarinnar að nokkru leyti. Af þessum sökum veldur það t.d. vonandi engum misskilningi þótt eigi komi fram nöfn eða myndir ýmissa merkismanna (karla og kvenna) sem starfa eða starfað hafa við Háskólann. Þá er heldur ekki leitast við að rekja í smáatriðum alla íverustaði ýmissa stofnana í háskóla-

byggingum á öllu þessu tímabili né flutning ýmisskonar starfsemi milli herbergja – þótt margs þess háttar sé hér vissulega getið.

Við verk mitt hef ég að sjálfsögðu haft náðið samráð við fjölmarga menn, bæði innan Háskólans og utan, og þegið margvísleg ráð frá þeim, auk heimilda og upplýsinga sem þeir hafa látið í té. Má þar m. a., auk núverandi rektors, nefna Magnús Má Lárusson, Guðlaug Þorvaldsson og Guðmund Magnússon, fyrrverandi háskólarektora, dr. Þóri Kr. Þórðarson prófessor, Bergstein Jónsson dósent, Erlu Elíasdóttur aðstoðarháskólaritara, Magnús Guðmundsson núverandi skjalavörð Háskólans, Benedikt Jasonarson fyrrverandi skjalavörð, Magga Jónsson arkitekt og ráðgjafa Háskólans í byggingarmálum, arkitektana Garðar Halldórsson, Gísli Halldórsson, Guðmund Kr. Kristinsson, Jón Haraldsson (sem nú er látinn), Ormar Þór Guðmundsson og Úlrik Arthúrsson, prófessorana Ragnar Ingimarsson og Brynjólf Sigurðsson, sem frá upphafi hafa setið í starfsnefnd háskólaráðs um nýbyggingar, Önnu Guðmundsdóttur húsmæðrakennara, Jóhann Guðmundsson fulltrúa, sem tók fjölmargar myndir fyrir ritið, Ævar Jóhannesson tækjafræðing og Jóhannes Long ljósmyndara, sem einnig tóku myndir vegna útgáfunnar, Halldór J. Jónsson deildarstjóra í Þjóðminjasafni, Friðbert Pálsson forstjóra Háskólabíós, Aðalheiði Ófeigsdóttur fulltrúa, sem tölvusetti ritið, Þórð Kristinsson forstöðumann Háskólaútgáfunnar, Árna Finnsson starfsmann Háskólaútgáfu, sem annaðist umbrot þessa bindis, Jónas Ásmundsson aðalbókara Háskólans, Ólaf Brynjólfsson verkstjóra í Myndamótum h.f. og Jóhannes Halldórsson cand. mag., sem las handrit og prófarkir. Utanríkisráðuneytið hafði að beiðni minni vinsamlega milligöngu um öflun skipulagsuppdráttar af háskólavæðinu frá teiknistofu Alvars og Elissu Aaltos í Helsinki. Fleiri eru þó þeir, sem ekki eru tók á að nafngreina hér, en öllum hjálpar- og velvildarmönnum verksins, nefndum sem ónefndum, skulu færðar hinar bestu þakkir fyrir góða samvinnu.

Á útmánuðum 1990  
Páll Sigurðsson

**FYRSTI HLUTI**  
**Frá stríðsárum og fram um 1961**



# 1

## Yfirlit

Þótt miklum áfanga væri náð með byggingu háskólahússins, sem vígt var snemmsumars 1940, hafa framsýnir menn hlotið að sjá, að þar var síður en svo um neinn lokasigur að tefla. Framtíðin, sem raunar var óviss á þessum þungu stríðsárum, hlaut að kalla á nýjar þarfir, sem krefjast myndu úrlausnar. Um hugmyndir manna og ágreining um fjárþörf Háskólans til byggingarframkvæmda laust eftir 1940 verður bráðlega rætt, en rétt þykir, í upphafi þessa bindis, að birta stutta kafla úr hátíðarræðum nokkurra rektora Háskólans frá því tímabili, er hér um ræðir, en þar koma einkar vel fram hugmyndir þeirra um húsnæðisþarfir háskólastarfseminnar í ljósi þess hlutverks, er þeir töldu Háskólanum ætlað. Áður en lengra er haldið er þó rétt að taka fram, að fáar nýbyggingar voru fullreistar á háskólalóðinni á þessu tímabili – raunar einungis tvær, Nýi Garður 1943 og Íþróttahús 1948 – auk viðbyggingar (stækkunar) Íþróttahúss 1960, en að vísu voru dæmi um öflun húsnæðis til „fjarskyldrar“ starfsemi, sbr. t. d. Tjarnarbíó, og 1961 var raunar einnig lokið nýbyggingu Háskólabíós í námunda við aðrar háskólabyggingar, en Háskólabíó hefur (auk kvikmyndastarfseminnar) allt frá upphafi verið notað til margvíslegra háskólaathafna, og til kennslu hin síðari árin. Athyglisvert er þó, að á þessum árum komu fram forvitnilegar hugmyndir um byggingu nokkurra stórhýsa á vegum Háskólans, sem ekki voru reist (sbr. Íþróttahöll, Háskólabíó í Austurstræti og félagsheimili stúdenta), en um allt þetta ræðir nánar í næstu köflum.

Í ræðu sinni, er haldin var í hátíðarsal Háskólans á háskólahátíð 26. október 1940, sagði þáverandi rektor, *Alexander Jóhannesson*, m. a.:<sup>1</sup>

„Mér er sérstök ánægja að því að bjóða yður velkomna í dag, er hin fyrsta árlega háskólahátíð fer fram í þessari veglegu byggingu. Vér vonum, að hún muni standast storma tímans um langt skeið, og að hér spretti gróður andans í skjóli hinna sterku múra, og að þessi stofnun megi verða höfuðvirki íslenzks sjálfstæðis og menningarlífs. Vér lítum þannig á, að með bygging þessari sé aðeins lokið einum, en mikilvægum, þætti í

---

1 Árbók 1940–41, bls. 3 og áfr.



Cancellarius Magistri Scholares Vniuersitatis Oxoniensis  
Vniuersitatis Islandiae Consilio Salutem

**A**CADEMIAE vestrae, viri doctissimi, litteras, in quibus, aedificium novum ac magnificentum inauguraturi, legatum ad vos mittere, qui rei tam laetae intersit, nos benigne iubetis, scitote nos quidem non sine maximo gaudio accepisse. Praeter enim usitata illa quae homines eidem discendi et docendi studio addictos omnes ubique coniungere solent, sunt propria quaedam necessitudinis quasi vincula, quibus utrique utrisque artissime coniungi videmur. Viget adhuc apud Oxonienses memoria alumni nostri, Friderici Marchionis de Dufferin, qui vestrorum mores et urbes lepidissimo libello olim depinxit, viget memoria Friderici York Powell, Regii apud nos Historiae Professoris, qui litteras et origines vestras tam callide excussit atque expressit. Quin etiam, ut ad recentiora veniamus, Societas rebus Arctois indagandis Oxoniensis iuvenum expeditionem ad insulae vestrae flora et fauna, quae vocant, propius investiganda non unam nuper emisit. Non desunt igitur causae gravissimae cur nos, qui fortunas vestras votis impensissimis alias prosequamur, ipsa potissimum caerimoniarum die a vobis haud omnino abesse cupiamus. In cuius rei testimonium duos e nostris insignissimos viros voluntatis nostrae interpretes delegavimus, alterum vobis, ut opinamur, haudquaquam ignotum, Carolus Howard Smith, praeclari ordinis SS. Michaelis et Georgii socium, ad civitatem vestram a Rege nostro nuper legatum, alterum nobis cum ob doctrinam tum ob insignem rerum atque hominum peritiam spectatissimum, Carolum Reginaldum Schiller Harris, Doctorem in Philosophia. Hi praesentes, ut speramus, et festorum vestrorum sollemnitati intererunt et nostro nomine cum Vniuersitati vestrae nobilissimae tum novae sedi feliciter instaurandae fausta ac secunda omnia exoptabunt atque ominabuntur.

Datum in Domo nostra Convocationis die xxviii<sup>o</sup> mensis Maii  
A.S. MCML.







*Þessi mynd af háskólaráði á fundi í kennarastofu Háskólans í Alþingishúsinu var tekin veturinn 1939–40, þ.e. síðasta veturinn sem skólinn var þar til húsa. F.v.: Pétur Sigurðsson háskólaritari, Ólafur Lárusson prófessor (Lagadeild), Magnús Jónsson prófessor (Guðfræðideild), Alexander Jóhannesson háskólarektor, Jón Hjaltalín Sigurðsson prófessor (Læknadeild) og Sigurður Nordal prófessor (Heimspékideild).*

Því sköpunarverki Háskóla Íslands, er núverandi kynslóð stendur að... Vér fögnum því, að unnt hefur verið að koma upp stúdentagarði, rannsóknarstofu læknadeildar, atvinnudeild og þessari höfuðbyggingu. Þessi verkefni eru nú leyst, en önnur ný taka við, og þau öfl, sem störfuðu að laus þessara mála, munu nú leysast úr læðingi og geta snúið sér að viðfangsefnum framtíðarinnar. Byggingamálin munu nú lögð til hliðar þangað til um hægist, en háskólinn hefur þegar markað stefnu sína á ókomnum árum, m. a. um byggingar kennarabústaða og nýs stúdentagarðs, þegar þörf gerist... Vér fögnum því, að hafin hefur verið kennsla í verkfræði, og bíðum þess, að reynslan skeri



*Úr kennslustofu Heimspékideildar Háskólans í Alþingishúsinu, veturinn 1939–40. Við borðið, sem kennari og stúdentar sátu við í kennslustundum, sitja dr. Einar Ólafur Sveinsson (þá tilsjónarmaður bókakosts Háskólans, en síðar háskólabókavörður og enn seinna prófessor) t.v. og Pétur Sigurðsson háskólaritari. Bækur Heimspékideildar prýða veggi stofunnar en mikinn hluta þeirra hafði Finnur Jónsson, prófessor í Kaupmannahöfn, fært Háskólanum að gjöf.*

úr um framtíð þessarar fræðigreinar við háskólann. Kennsla í viðskiptafræði mun bráðlega verða lögð undir háskólann. Er sú breyting eðlileg og sjálfsgöð, enda eindregin ósk allra stúdenta þeirra, er þessi fræði lesa. Tungumálanám mun þroskast við háskólann á næstu árum og er nú í fyrsta skipti veitt kennsla í suðurlandamálum, í ítölsku og spænsku. Eftir nokkur ár vonum vér, að kennsla í náttúruvísindum verði tekin upp og gert er ráð fyrir kennaradeild, og er því fyrirsjáanlegt, að þessi stofnun mun enn taka miklum breytingum á næstu árum. Ég geri ráð fyrir, að öll þessi mál verði komin í



*Ólafur Lárússon, rektor Háskóla Íslands 1921–22, 1931–32 og 1945–48.*

framkvæmd eftir 10–20 ár og er þá háskólinn fullskipaður. En á þessum árum mun hið innra líf einnig taka breytingum. Samtímis hinni andlegu þjálfun hinna ungu menntamanna mun einnig keppt að því að stæla líkama þeirra með íþróttaiðkunum. Er nú þegar hafinn undirbúningur undir skipulagða íþróttakennslu ...“

Í ræðu sinni 27. október 1945 sagði Ólafur Lárússon rektor m. a.:<sup>2</sup>

„Eins og kunnugt er, var á sínum tíma allt kapp lagt á það, að flýta byggingu háskólans sem mest, og henni var flýtt meira en fjárráð byggingarsjóðs leyfðu. Því var það, að þegar húsið var tekið til afnota 1940, hvíldu allmiklar skuldir á því, en með því að byggja húsið í skuld sparaðist stórfé í byggingarkostnaði. Á síðastliðnu ári voru byggingarskuldurnar greiddar að fullu, og húsið er nú skuldlaus eign háskólans. Að vísu er ýmislegt smávegis ógert innan húss enn, og munar þar mest um innanhússmíði í nokkrum hluta af bókaeymslu bókasafnsins, en að því er komið, að safnið þurfi á þeirri geymslu að halda. Utanhúss er aftur á móti mikið ógert enn, lagfæringin á lóðinni, og hún kostar sennilega æðimikið fé. – Háskólinn hefur einnig önnur byggingaáform. Smíði eins af þeim húsum er nú hafin. Það er leikfímishús fyrir stúdenta, sem nú er að rísa upp hér suðvestan til á lóðinni. Þessa húss er mikil þörf, því vegna húsnæðisskorts hefur til þessa ekki verið hægt að fullnægja nema að nokkru leyti þeim kröfum, sem gera á til leikfímisiðkana stúdenta. Því miður er byggingarkostnaður orðinn mjög hár hér í bænum, og hann hefur hækkað miklu meira en tekjur háskólans af happdrættinu, og má búast við að leikfímishúsið muni kosta a. m. k. þriggja ára tekjur af happdrættinu. Smíði annarra húsa, sem ráðgerð eru, og þá fyrst og fremst húss fyrir náttúrugripasafnið, mun fyrirsjáanlega tefjast af þessum sökum og það lengur en æskilegt væri. – Á síðastliðnu sumri lét brezka herstjórnin lausan stúdentagarðinn eldri, er hún hafði tekið

---

2 Árbók 1945–46, bls. 6–7.

til sinna umráða sumarið 1940 og haldið síðan. Var strax hafizt handa um viðgerð hússins, og hefur nokkur hluti þess þegar verið tekinn til afnota. Við þetta greiðist nokkuð úr húsnæðisvandráðum stúdenta, en þó hvergi nærri til fulls. – Háskólinn hefur nú starfað í 34 ár. Fyrsta ár hans voru skrásettir stúdentar 42 og kennarar 20. Nú eru skrásettir 429 stúdentar og kennararnir eru 53 að öllum aukakennurum meðtöldum. Þetta er ekki lítil vöxtur, og örastur hefur vöxturinn orðið síðustu fimm árin, síðan háskólinn kom í hið nýja húsnæði sitt. Á því tímabili hefur verið bætt við kennslu í verkfræði og í viðskiptafræðum, kennslu fyrir tannlækna, og tungumálakennsla hefur verið aukin stórum. Háskólinn hefur eignast rannsóknarstofur, sem ekki voru til áður, og þar með gefið starfsmönnum sínum betri skilyrði til vísindalegra starfa. Nýrri skipun hefur verið komið á bókasafn háskólans, er bókasöfn deildanna hafa verið sameinuð í eitt safn. Háskólinn hefur tekið sér fyrir hendur ný vísindaleg verkefni, svo sem gerð vísindalegrar orðabókar yfir íslenska tungu, og er það verk þegar hafið. Því verður varla neitað, að það hefur verið gróandi í þessari stofnun síðari árin. Vér, sem störfum við þessa stofnun, vonum, að sá gróandi haldi áfram, að háskólinn eflist á komandi árum, fái fjölbreyttari verkefni við að fást og víðtækara verksvið ...“

Árið eftir, 26. október 1946, farast Ólafi Lárussyni svo orð:<sup>3</sup>

„Verðbólga sú hin mikla og dýrtíð, sem nú er í landinu, hefur bitnað á háskólanum, eins og öðrum, og tafið og torvelað framkvæmd ýmissa verka, er honum var nauðsyn á að láta vinna sem fyrst. Vér höfum vænt þess, að íþróttahús það, sem háskólinn á í smíðum, yrði fullgert nú í haust, svo að íþróttakennsla fyrir stúdenta gæti farið þar fram í vetur. Það er gleðilegt frásagnar, að íþróttahugi hefur glæðzt mjög meðal stúdenta, og eru nú margir ágætir íþróttamenn í þeirra hóp, og hefði verið mikilsvert að geta veitt þeim sem bezta aðstöðu til íþróttaiðkana. En því miður hafa vonir vorar um að geta tekið húsið til afnota í haust, brugðizt, og er um kennt skorti á mannafla við smíðina. Annað nauðsynjaverk, sem enn er óunnið, er lagfæring háskólalóðarinnar. Skipulagsuppráttur hefur nú verið gerður af lóðinni, og var í ráði að byrja á lagfæringu hennar nú í haust, en úr því gat ekki orðið, vegna þess að eigi var unnt að fá nægilegt vinnuafli til þess. Þá er bygging húss yfir náttúrugripasafnið þriðja nauðsynjaverkið. Því máli höfum vér eigi heldur gleymt, þótt minni rekspölur sé á það kominn en skyldi. Húsa-meistari hefur verið ráðinn til að gera upprátt af húsinu, og er það verk unnið í samráði við þrjá náttúrufræðinga, sem stjórn Náttúrufræðifélagsins hefur nefnt til ...“

Árið 1948 var *Alexander Jóhannesson* orðinn rektor enn á ný og á háskólahátíð 23. október það ár segir hann:<sup>4</sup>

3 Árbók 1946–47, bls. 6.

4 Árbók 1948–49, bls. 6–7.



*Alexander Jóhannesson háskólarektor var um margra áratuga skeið hinn helsti forystumaður um byggingarframkvæmdir Háskólans. (Úr Stúdentablaði).*

„Háskólinn hefur hug á því að láta gera síðar, þegar efni standa til, sundlaug í sambandi við íþróttahúsið, og hafa þegar verið gerðir frumdrættir að slíkri byggingu. Þá er enn í undirbúningi að reisa á háskólalóðinni byggingu fyrir náttúrugripasafn ríkisins, og hafa frumdrættir verið samþykktir af háskólaráði. Varð það að samkomulagi, er lögin um happdrætti háskólans voru framlengd til ársins 1959, að háskólinn skyldi af tekjum happdrættisins taka á sig þær fjárhagsbyrðar að láta reisa byggingu yfir náttúrugripasafnið, og verður þessi fyrirhugaða bygging miklu veglegri og stærri en upphaflega var ráðgert, en háskólinn treystir því, að honum muni takast að koma verki þessu í framkvæmd. Hins vegar verður nú ekki sagt, hvenær verkið geti hafizt, því að oss er nú mikil nauðsyn að láta skipuleggja alla háskólalóðina og gera hana þannig úr garði, að hún verði þjóðinni og stofnuninni til sóma. Væntum vér fastlega, að byrjað verði á framkvæmd á vori komanda. Háskólaráð æskti þess, að bygging þjóðminjasafnsins yrði reist á háskólalóðinni, og er þeirri byggingu vel á veg komið. Þegar náttúrugripasafnið bætist við, hafa námsskilyrði íslenzkra stúdenta batnað að stórum mun, því að gera má ráð fyrir, að kennsla í náttúruvísindum verði tekin upp, er skilyrði eru sköpuð, en í

Þjóðminjasafnsbyggingunni verður fyrirlestrasalur, þar sem fluttir verða stöku sinum fyrirlestrar um íslenska fornfræði og menningarsögu. – Hef ég þá í stórum dráttum ... vikið að þeim viðfangsefnum, er lausnar bíða. Ber ég þá sannfæringu í brjósti, að oss muni takast að leiða þessi mál farsællega til lykta og að ekki líði mörg ár áður en þessum framkvæmdum verði lokið. Mun þá verða risið upp háskólahverfi, er sé í nokkru samræmi við þjóðarmetnað Íslendinga, en þar mun þó ekki verða staðar numið, því að eftir því sem menning og þjóðarþroski vex, munu ný viðfangsefni krefjast lausnar, er næstu kynslóðir munu fást við, enda er það eðli og skylda hvers háskóla að standa í fararbroddi um öll þau mál, er aukið geta þekkingu og hagsæld sinnar þjóðar ...“

Í upphafi rektorstíðar sinnar segir *Porkell Jóhannesson*, 23. október 1954:<sup>5</sup>

„Háskólinn er orðinn einn stærsti skóli landsins að nemendafjölda, enda er nú svo komið, að sjálf háskólabyggingin er í raun og veru ofsetin. Að vísu má kalla, að sjálft kennslurýmið sé enn þolanlega mikið, en hins vegar skortir mikið á, að rúm sé í skólanum fyrir ýmsa starfsemi, er kennsluna varðar og stuðla ætti til þess, að nemendur hefði sem fyllst gagn af dvöl sinni hér. Hér vantar tilfinnanlega rúm fyrir verklegar æfingar í flestum greinum með tilheyrandi handbókasafni og öðrum tækjum, þar sem stúdentar undir handleiðslu kennara geta við góð skilyrði leyst af hendi tiltekin verkefni, og það því fremur sem lestrarsalur í bókasafninu er í minna lagi, enda lítt ætlaður til slíkra nota. Það er því sjálfsagt, að auka þarf húsrými skólans, með hverjum hætti sem það verður gert. Vænlegast virðist mér, að byggt yrði nýtt hús handa læknaeild, sem bezt myndi í sveit komið í nágrenni við landspítalann, þar sem séð yrði betur og á fullkomnari hátt fyrir öllum þörfum hennar en raun er á í húsnæði því, sem deildin hefur nú til umráða í háskólabyggingunni. En hvernig sem úr þessu verður ráðið, er hér brýnt verkefni, sem leysa þarf. Næstu árin mun háskólinn að vísu hafa nóg fyrir stafni með að koma upp húsi fyrir náttúrugripasafnið, sem vonandi verður hægt að byrja á á næsta vori. Meðan á því verki stendur, sem taka mun nokkurn tíma, er tóm til að bollaleggja um það, hversu bætt verði úr þörfum háskólans sjálfs um aukið húsrými. En ekki er ráð nema í tíma sé tekið, og því minni ég á þetta hér.“

Þrem árum síðar, haustið 1957 segir *Porkell Jóhannesson*:<sup>6</sup>

„Undanfarin ár hefir háskólinn hvað eftir annað sótt um leyfi til þess að mega hefja smíði húss yfir náttúrugripasafn, en því hefir verið ákveðinn staður við Sudurgötu, við hliðina á íþróttahúsi háskólans. Þegar útséð þótti um það í vor, að leyfið fengist á þessu

5 Árbók 1954–55, bls. 10–11.

6 Árbók 1957–58, bls. 9–12.



*Þorkell Jóhannesson, rektor Háskóla Íslands  
1954-1960.*

ári og mestar horfur á, að málið myndi enn dragast mörg ár, var að því ráði horfið í samráði við forstöðumenn náttúrugripasafnsins og menntamálaráðuneytið að reyna að festa kaup á húsnæði, sem nægt gæti safninu um nokkurt árabíl til nauðsynlegrar aðstöðu við dagleg störf safnvarða og geymslu náttúrugripa og annarra safnmuna, en fyrir hvorugu þessu varð lengur séð til nokkurrar hlítar í núverandi húsakynnum safnsins. Réðst svo, að háskólinn keypti hæð í húsi því, sem kennt hefir verið við Svein Egilsson, inn við Hlemmtorg, og er nú unnið að því að undirbúa nauðsynlega innréttingu í húsnæði þessu ... Háskóli vor er vaxandi stofnun. Hér bætast við nýjar starfsgreinar og hinar fyrri færa út kvíarnar. Þessi þróun er eðlileg í þjóðfélagi, sem sjálft er í örum vexti og á þeirri öld sem gerir æ meiri og fjölpættari kröfur um menntun og sérhæfða þekkingu ... En úr því ég minntist á húsnæðismál, kemst ég ekki hjá því að skýra frá því, hversu ástatt er um þessi efni, húsrýmið í sjálfri háskólabyggingunni. Nú er verið að breyta húsnæði því, sem Húsmæðrakennarskólinn hafði áður, í kennslu- og vinnustofur vegna lífeðlisfræðinnar og lyfjafræði lyfsala. Þegar því er lokið má segja, að engin smuga sé lengur til ónotuð í háskólabyggingunni. Þá er þar svo ástatt, að tannlæknaskólinn býr og hefir búið við svo lítinn húsakost, að hann hefir orðið að takmarka nemendatöluna af þeim sökum miklu meira en annars hefði þurft. Er nú í athugun, hvort unnt sé að búa honum bráðabirgðahúsnæði í nýju landspítala-

byggingunni, því að í sjálfum háskólanum er enginn kostur á auknu húsrými. Ég hefi áður minnt á húsnæðisvanda vegna efnafræði- og eðlisfræðikennslunnar. Fyrir 2–3 árum ræddi ég nokkuð á háskólahátíð um nauðsyn þess að auka húsrými í háskólanum með þeim hætti að reisa sérstakt hús yfir læknadeildina, ef unnt reyndist að búa slíkri byggingu stað á lóð Landspítalans. Sú framkvæmd má ekki dragast lengi, en hún verður að sjálfsögðu geysilega kostnaðarsöm. Hins vegar myndi hún gerbreyta allri aðstöðu við læknakennsluna, en þess er nú hin fyllsta þörf. Jafnframt myndi þá rýmkast stórum um aðrar deildir í háskólanum. Þá vil ég með fáum orðum minnast tillögu þeirrar til þingsályktunar, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, um sameiningu Landsbókasafns og háskólabókasafns. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, en laus þess er undir því komin, að nýrri bókhlóðu verði fundinn hæfilegur staður í nágrenni við háskólann. Háskólahúsið er nú bráðum 20 ára gamalt. Á þessum stutta tíma má kalla, að land það, sem skólanum var afhent af Reykjavíkurbæ og allir töldu þá mjög ríflegt, sé að fullu nýtt. Deila má um það, hversu haganlega eða sparsamlega hafi verið með það farið, en flestum mun sýnast, að þar verði ekki miklu af húsum við bætt, án þess að til skemmda horfi. Háskólahverfið er og verður höfuðprýði þessarar borgar og á að vera það. Eins og byggingum er þar farið og skipulagi öllu, verður að gæta ýtrustu varfærni í öllum framkvæmdum, svo að eigi sé spillt þeim heildarsvip, sem hér hefir þegar markaður verið. En hvað þá um framtíðina? Um þetta hefi ég oft rætt við borgarstjóra Reykjavíkur, Gunnar Thoroddsen, sem hefir fullan skilning á því, hversu mikilvægt það er að tryggja nú þegar verulega stækkun á því landrými, sem háskólanum er ætlað til sinna þarfa í framtíð. Má kalla að nú séu síðustu forvöð að bjarga þessu máli. Hér er um að ræða óbyggt svæði gegnt háskólahverfinu norðan Suðurgötu, frá gatnamótum við Þjóðminjasafnshúsið vestur að loftskeytastöðinni. Af þessu landsvæði myndi hin nýja bókhlaða taka allstóra sneið, því að hana verður að reisa með fullu tilliti til stækkunar, er nægi til langrar framtíðar. En allt um það myndi hér skapast nokkurt olnbogarúm fyrir framtíðina. Ég skal engu um það spá í einstökum atriðum, hvað framtíðin muni bera í skauti sér. Í rauninni þarf hér engra spásagna við. Okkur má öllum ljóst vera af því sem hér hefir gerzt síðan háskólabyggingin reis fyrir tæpum tveim áratugum, að venjuleg framsýni manna, jafnvel spádómar, hrökkva hvergi við hraða þróunarinnar á þessari miklu umbreytinga- og framfaraöld. En af því, sem þegar er fram komið, og vegna þeirra vona, sem við gerum okkur öll um framtíð þjóðar vorrar, framtak og þróun á öld kjarnorku og stórstígrar tækni á öllum sviðum, er það staðföst sannfæring mín og eflaust mjög margra manna annarra, að þáttur vísindastarfs og margháttaðra rannsókna og fræða í atvinnu- og menningarlífi þjóðar vorrar hljóti að verða æ ríkari er tímar líða fram. Hér bíður háskóla vors mikið hlutskipti. Við vitum ekki með hverjum hætti þessi þróun verður, vitum ekki hverjar verða þarfir háskólans í einstökum greinum. En það er skylda okkar að ætla framtíðinni allt það svigrúm, sem við höfum frekast tök og vit á. Þess vegna er máli þessu hreyft, enda ekki seinna vænna.“



## 2

# Byggingarfé – Átök um fjármögnun

Um margra áratuga skeið, eða allt fram um 1970, voru flestar byggingar Háskólans, aðrar en stúdentagarðarnir, einvörðungu reistar fyrir happdrættisfé, þ. e. þann ágóða, sem til Háskólans rann af rekstri Happdrættisins.<sup>7</sup> Á síðari árum var svo um tíma, tvívegis, að ríkissjóður lagði fram byggingarfé til jafns við Happdrættið, en frá því var síðar horfið til þess fyrirkomulags um fjármögnun, sem verið hafði. Þessi sérstæða fjáröflunarleið, sem reynst hefur Háskólanum svo giftudrjúg og til var stofnað af hugviti og djörfung, hefur þó ekki alltaf verið óumdeild og oftar en einu sinni hefur komið til tals í umræðum á Alþingi eða meðal ráðamanna að afnema þennan tekjustofn Háskólans og beina happdrættisfénu í aðra farvegi. Umræður á þingi um málefni Háskólahappdrættis hafa fyrst og fremst orðið í tengslum við umsóknir forsvarsmanna Háskólans um framlengingu „einkaleyfis“ hans til happdrættisreksturs eða varðandi aðrar breytingar á happdrættislögunum, en löggjafinn hefur raunar ætíð orðið við þeim tilmælum þetta varðandi, sem borin hafa verið upp í frumvarpsformi. „Einkaleyfi“ Háskólans rann fyrst út í árslok 1943 og var þá framlengt til þriggja ára. Frá 1. janúar 1947 var það framlengt til 1. janúar 1960 og síðan enn. Í núgildandi lögum um Happdrætti Háskóla Íslands nr. 13/1973 segir, í 2. gr., að dómsmálaráðherra sé heimilt að veita Háskólanum einkaleyfi til rekstrar happdrættis með nánar tilgreindum skilyrðum.

Síðla árs 1943, þegar Alþingi hafði til meðferðar frumvarp til laga um framlengingu „einkaleyfis“ Háskólans, beitti *Jónas Jónsson frá Hriflu*, alþingismaður og fyrrverandi kennslumálaráðherra, sér mjög gegn þeirri ráðstöfun og taldi réttara að happdrættisféð rynni hér eftir til annarra byggingarþarfa hins opinbera, en ýmsir aðrir þingmenn héldu fast við stefnu frumvarpsins og spannst um þetta nokkuð hörð umræða.

Á þingfundi í Efri-deild 9. desember sagði *Magnús Jónsson*, guðfræðiprófessor og alþingismaður, í framsöguræðu um frumvarpið:<sup>8</sup>

„Happdrættið hefur verið rekið af háskólanum í 10 ár, og eru það svo nákvæmlega

7 Um stofnun Háskólahappdrættis vísast til fyrra bindis þessa rits.

8 Alþt. 1943-B, 759–760.



Gömul auglýsing frá Háskólahappdrætti. (Spegillinn 8. maí 1942).

10 ár, að á morgun mun fara fram síðasti dráttur 10. ársins. Ég held, að happdrættið hafi á engan hátt brugðizt vonum manna, það hefur verið notað í því skyni að reisa þau hús, sem háskólinn þarfnast. Aðalbyggingin, háskólahúsið sjálft, er komin upp og sömuleiðis atvinnudeildin. En það er svo langt frá því, að lokið sé því verkefni, sem gert var ráð fyrir að leysa af hendi samkvæmt l. eins og þau voru upphaflega, að reisa hús fyrir háskólann. Alþ. hefur jafnan orðið við óskum háskólaráðs og happdrættisstjórnarinnar, um nauðsynlegar breyt., sem hefur þurft að gera á þessum l., t. d. árið 1940, þá var einkaleyfið framlengt um 3 ár vegna hinnar óvæntu dýrtíðar, því að það var þá sýnilegt, að 10 ára afrakstur gat ekki enzt til þess að ljúka við þau mannvirki, sem þá var verið að koma upp. Sömuleiðis hefur Alþ. tvisvar orðið við óskum happdrættisstj. um að breyta verði á miðum, þegar séð var, að tekjur happdrættisins mundu verða rýrar vegna dýrtíðarinnar, ef haldið yrði sama verði á miðunum. – Þegar litið er á rekstur happdrættisins, þá kemur það í ljós, að hann hefur verið svo að segja óbreyttur hvað starfsfólkið snertir, þrátt fyrir hina miklu veltuaukningu. Kostnaður við rekstur happdrættisins, ef frá eru taldir vinningarnir, sem hafa verið um 70% af rekstrarskostnaðinum, hefur verið: Til umboðsmanna 7% af söluverði miðanna; allur annar kostnaður, stjórn happdrættisins, happdrættisráð, auglýsingar o. s. frv., hefur verið á milli 6 og 7% öll árin, og féð hefur því farið, eins úrgangslítið og unnt hefur verið, til þess að vinna það

Úr lögum nr. 44/1933 um stofnun happdrættis fyrir Ísland:

2. gr.

Pegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. – Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftis því sem til vinnst og þörf krefur.

hlutverk, sem því var ætlað að vinna. Það, sem helzt kemur þá til greina, er það, hvort menn telja rétt að halda happdrættinu áfram og reisa hús á háskólalóðinni, sem ríkið þarf að koma upp, eða hvort heppilegra þyki að fara nú að verja þessu fé til einhvers annars. Nd. hefur einróma fallizt á að halda happdrættinu enn um sinn í sama horfi eins og verið hefur, á meðan nóg verkefni eru fyrir það, svo sem að koma upp leikfímihúsi, náttúrugripasafni og þjóðminjasafni. – Ég vil fyrir hönd fjhn. mælast til þess, að hv. d. afgr. þetta mál sem allra fyrst, og án þess að það skipti nokkru máli vil ég geta þess, að það hefði auðvitað verið mjög skemmtilegt að geta afgr. þetta mál nú, þar sem happdrættið á 10 ára afmæli á morgun. En aðalatriðið er auðvitað, að happdrættið fái þessa framlengingu.“

Af þessu tilefni sagði þá *Jónas Jónsson* m. a.:<sup>9</sup>

„Hv. 1. þm. Reykv. lauk ræðu sinni með því að segja, að það væri aðalatriðið fyrir happdrættið, að þetta frv. yrði samþ. sem fyrst og helzt á morgun. Mér finnst þetta vera nokkuð táknað fyrir meðferð málsins, og það er víst, að þeir menn, sem settu þessi l. fyrir 10 árum, hafa ekki gert ráð fyrir, að þannig yrði á málið litið nú, að það yrði talið aðalatriðið að flaustra málinu svo í gegn, og grunur minn er sá, að mjög margir af þeim hv. þm., sem hafa með málið að gera nú, hafi alls ekki munað eftir því, að það er ákveðin lína í l. nr. 44. frá 1933, sem nú er verið að brjóta. Til þess að gera það alveg ljóst, hvað hér er á ferðinni, ætla ég að segja fáein orð um málið almennt. Þegar afráðið var að láta háskólann fá þetta happdrætti fyrir 10 árum til þess að koma upp þessum byggingum, vissu menn það vel, að hér vantaði stjórnarráðshús og hús fyrir hæstarétt o. fl. Það var gert fyrir háskólann að leggja þetta fé í 10 ár til hans, en jafnframt var

9 Alþt. 1943-B, 760 og áfr.



*Dregið í Háskólahappdrætti 1959. F. v.: Hrafnhildur Björnsdóttir (við stóra hjólið), Páll H. Pálsson skrifstofustjóri, Pétur Sigurðsson háskólaritari og framkvæmdastjóri Happdrættisins, og Helga Pétursdóttir ritari, sitjandi. Katrín Pálsdóttir heitir barnið við litla hjólið. Stóra hjólið hafði að geyma vinningsnúmerin en það litla vinningsupphæðir.*

ákveðið, hvaða byggingar kæmu næst, þegar lokið væri við háskólann, og þess vegna lá það beinast við, að Alþ. ákvæði, að næsta bygging væri stjórnarráðshús. En út af þessu mun ég verja nokkrum orðum til þess að gagnrýna þessa aðferð, sem hér er höfð. – Til þess að það sé rétt að gera það, sem hv. 1. þm. Reykv. mælti með, verðum við að slá því föstu, að það sé meiri nauðsyn að koma upp byggingum á háskólalóðinni heldur en að byggja yfir hæstarétt og stjórnarráðið og menntaskólann. En ég neita því, að þetta sé rétt. Það hefur verið talið, að okkur vantaði peninga til þess að byggja yfir hæstarétt og stjórnarráðið. Áður en málið fer úr hv. d., er hún því spurð um það, hvort eigi heldur að girða háskólalóðina og slétta fyrir þessa peninga eða búa svoleiðis að stjórnarráðinu og hæstarétti og menntaskólanum, að það sé að einhverju leyti frambærileg aðstaða, að maður ekki tali um opinberar byggingar annars staðar á landinu ... Það, sem réttlætti ákvæði laga nr. 44 frá 1933, var það, að sú tekjuöflunarleið var fyrir hendi hér, en ekki notuð hér áður, að reka happdrætti, heldur höfðu útlend lotterí fengið tekjur með því frá Íslendingum um langt skeið. Það var því sjálfsagt að leyfa þeim, sem vildu spila áhættuspil, að gera það hér heima. Og Alþ. ákvað að gera það til þess að stofna sjóð til



*Dregið í Háskólahappdrætti 1959. F. v.: Hallgrímur Jónasson kennari, Anna Árnadóttir ritari, Páll H. Pálsson skrifstofustjóri, Helga Pétursdóttir ritari og Katrín Pálsdóttir.*

Þess að byggja opinberar byggingar til margra þarfa. Svo er háskólinn tekinn og látinn fá tekjur þess til 10 ára. Og þegar dýrtíð gerði það óframkvæmanlegt að ljúka við húsið nema með því að framlengja þessi hlunnindi til háskólans, þá var það gert, og það með fullkomnum höfðingsskap. En nú er búið að fullnægja þeim tilgangi að byggja myndarlegt hús fyrir háskólann, og meira að segja ákaflega myndarlegt hús. Og þar af leiðir, að eftir upprunalega tilganginum með stofnun happdrættisins og þörfum þjóðarinnar á að fara að sinna öðrum málum með þessum tekjum.“


Síðan bar Jónas upp svohljóðandi dagskrártillögu:

„Þar sem háskólabyggingunni er nú lokið, en mikil þörf að nota gróðann af ríkishappdrætti til þess að koma upp nauðsynlegum byggingum handa stjórnarráðinu, Alþingi, hæstarétti og menntaskólanum, samkvæmt l. nr. 44 árið 1933, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

*Bjarni Benediktsson*, alþingismaður og lagaprófessor, svaraði Jónasi m. a. á þessa leið:<sup>10</sup>

„Það er eins og hv. þm. hafi gleymt því, að umhverfið tilheyrir hverri byggingu. Ef

10 Alþt. 1943-B, 770–771.



*Forsvarsmenn Háskólahappdrættis 1959. F. v.: Páll H. Pálsson skrifstofustjóri, Ármann Snævarr prófessor og stjórnarformaður, Pétur Sigurðsson háskólaritari og framkvæmdastjóri Happdrættisins og Alexander Jóhannesson prófessor og stjórnarmaður.*

stórbygging er sett niður í mýri eða holt og ekkert gert fyrir umhverfið, þá verður það að svaði, og ég hygg, að slíkt verði ekki til þess að bæta smekk almennings, eins og þessi hv. þm. hefur þó lagt mikla áherzlu á, að þurfi að gera. Það verður að velja hverri byggingu það umhverfi, sem henni sæmir. Ef á það er litið, þá fer því fjarri, að byggingu háskólans sé lokið, enda vitað, að umhverfið tilheyrði uppdrættinum frá því fyrsta og þar á meðal hin gífurlega skál fyrir framan háskólann og hinn háí veggur, sem á að hlaða í kringum hana, og það er viðbúið, að þetta komi til með að kosta tugi eða hundruð þús. í framkvæmd. Byggingarmeistarinn, sem fyrir þessu stóð, hafði auga fyrir umhverfinu og taldi það hluta af byggingunni, en þetta hefur þessum hv. þm. sézt yfir, en hann viðurkennir þó nú að vísu, að þetta þurfi að gera, en það verði bara að verja til þess öðrum peningum ... Það verður að ganga eins frá háskólanum og ætlazt var til, og það getur kostað ekki tugi heldur hundruð þús., en það verður að gera, ef byggingin á að líta sæmilega út, og það verður að gera eins og til var ætlazt, en þessi kostnaður tilheyrir sjálfri byggingunni, og háskólanum var gefið loforð um það, að happdrættið skyldi standa undir öllum byggingarkostnaðinum ... Þess vegna er nauðsynlegt, að háskólinn hafi happdrættið áfram, því að það er sjálfsögð skylda að ganga eins frá byggingunni og húsameistari lagði til. Til viðbótar þessu hefur reynslan leitt í ljós, að til þess að háskólinn verði fullkominn þarf fleiri byggingar en háskólann sjálfan. Ég vil benda á það, að á meðan á byggingu háskólans stóð, þá var þröngvað upp á hann að hafa hús atvinnudeildarinnar þar á lóðinni. Það má vera, að það hafi verið rétt ráðið, en reynslan hefur sýnt, að það hefur þótt ástæða til þess að tengja fleiri byggingar við hann, og svo



*Jón Hjaltalín Sigurðsson háskólarektor 1942–1945.*

mun verða í framtíðinni. Það verður nauðsynlegt að bæta við náttúrufræðideild í háskólanum, og í sambandi við það verður að koma upp söfnum, og er því hér enn þá ekki farið fram á meira en lofað var í upphafi, er happdrættiseinkaleyfið var veitt.“

Svo sem fyrir segir var aðeins veitt framlengingarleyfi til þriggja ára í þetta sinn, en í umsókn þáverandi háskólarektors til Fjárhagsnefndar Neðri-deildar (sem bar frumvarpið upp á þingi), hafði verið farið fram á „einkaleyfi“ í 15 ár, sem aftur var stytzt í 10 ár í frumvarpinu. Í bréfi háskólarektors, *Jóns Hjaltalíns Sigurðssonar*, sem hér var nefnt, koma fram greinargóðar röksemdir fyrir ósk um framlengingu, en bréfið hljóðar svo:<sup>11</sup>

„Fyrir hönd Háskóla Íslands vil ég hér með óska þess, að framlengt verði um 15 ár einkaleyfi það, sem háskólinn hefur haft til þess að reka happdrætti, en leyfistíminn er á enda í árslok 1946. – Ástæður til þessarar málaleitunar eru þær, að mikið er eftir ógert af byggingum og öðrum framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, til þess að háskólalóðin geti orðið miðstöð vísindaiðkana hér á landi. Til þessa má nefna: – a) Leikfímishús. Nú eru leikfimi og sund skyldunámsgreinar í háskólanum. Verður að leigja húsnæði til kennslunnar, en tíminn er mjög óhentugur stúdentum og rekest á aðra kennslu. Má á það benda, að margir framhaldsskólar hér í bæ eru í mestu vandræðum með húsnæði til leikfímiskennslu, en leikfímishús háskólans mundi bæta mjög úr, því að aðrir skólar mundu geta komizt þar að. Er nú orðin mjög brýn þörf á því, að bætt sé úr vandræðum háskólans og annarra skóla í þessum efnum. – b) Hús fyrir náttúrugripasafn. Þetta safn hefur nú algerlega ófullnægjandi húsnæði og er auk þess landsbókasafninu til mikils óhagræðis. Háskólaráð hefur mikinn áhuga á að koma upp byrjunarkennslu í náttúru-

<sup>11</sup> Bréfið er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu í Alþt. 1943–A, 575.

fræðum, er mundi spara námsmönnum mikið fé og landinu gjaldeyri. Háskólaráð sendi hinu háa Alþingi tillögur sínar í þessu máli s. l. vetur, en fjárveitinganefnd taldi málið ekki nægilega undirbúið, til þess að hægt væri að veita fé til greiðslu stofnkostnaðar kennslunnar, sem er allmikill. Þeim undirbúningi er nú haldið áfram. Í fyrirhuguðu náttúrugripasafnshúsi er gert ráð fyrir kennslustofu og vinnustofum undir þessa kennslu.

– c) Háskóalóðin er mjög stór (um 8 ha), og verður geysimikið verk að koma henni í sæmilegt horf. Girða þarf lóðina vandaðri girðingu, en ummál hennar er á annan kílómetra, flytja mikinn jarðveg til á lóðinni og til hennar, gera grasvelli, gróðursetja blóm og runna, svo að umhverfið verði byggingunum samboðið, og helzt að koma upp lifandi safni allra íslenskra jurta (botanískum garði) á lóðinni. Um kostnað við allt þetta er ekki hægt að gera neina áætlun enn sem komið er, enda hefur ekki verið gengið frá skipulagsuppdrætti lóðarinnar, en víst er, að hann verður geysimikill. Er ætlun háskólaráðs að láta ekki hefja vinnu þessa, meðan eftirspurn er mikil eftir vinnuafli, heldur geyma hana, þangað til að vinnunnar er meiri þörf. – Ýmis önnur verkefni bíða úrlausnar, þó að ekki séu hér talin, sem yfirstjórn kennslumálanna og háskólaráði gæti komið saman um að láta framkvæma á kostnað happdrættis háskólans.“



### 3


## Nýi-Garður reistur 1943 og um líf Garðbúa

Um aðdraganda þess, að Nýi-stúdentagarðurinn var reistur, vísast að mestu til fyrra bindis þessa rits. Í Árbók Háskólans fyrir háskólaárið 1941–1942 er einnig gerð eftirfarandi grein fyrir málinu:<sup>12</sup>


„Svo sem kunnugt er, ríktu og ríkja enn hin mestu húsnæðisvandræði í bænum. Hafa stúdentar ekki farið varhluta, fremur en aðrir, af húsnæðiseklunni, sem mjög er að vonum, þar eð hús það, sem flestir aðkomustúdentar leituðu athvarfs í, Garður, er í hers höndum. Í byrjun þessa starfsárs stúdentaráðsins voru húsnæðisvandræði stúdenta hvað ískyggilegust, þar eð þá var svo komið, að allmargir stúdentar höfðu hvergi húsaskjól. Úr þessu var þó bætt með því að fá þeim stúdentum, sem verst voru staddir, nokkur kjallaraherbergi háskólans til íbúðar. Garðstjórn hafði allt frá haustinu 1940 leitast við að fá Breta til að rýma Garð. Sú viðleitni bar þó ekki árangur; hins vegar hafði brezka herstjórnin ekki tekið því fjarri, að herinn myndi sleppa afnotum af Garði síðasta vetur. Þegar á leið veturinn herti garðstjórn sem mest hún mátti á viðleitni sinni til að fá húsið rýmt, og hét stúdentaráðið henni fulltingi sínu í þeim efnum. Það varð þó brátt ljóst, að Bretar hugðust ekki að hverfa brott af Garði, og var nú mjög um það rætt meðal stúdenta, til hvaða bragða skyldi taka. Stúdentaráðið boðaði til tveggja almennra stúdentafunda um Garðsmálin, m. a. til þess að kynna sér skoðanir stúdenta á málinu. Umræður urðu miklar á báðum þessum fundum og skoðanir nokkuð skiptar um, hvað gera skyldi. Það varð þó æ útbreiddari skoðun meðal stúdenta, þegar horfur versnuðu á því, að samkomulag næðist við brezku herstjórnina um, að Garður yrði rýmdur, að athuga bæri möguleikana á því, hvort ekki myndi reynast kleift að ráðast í byggingu nýs stúdentagarðs. – Hinn 23. marz boðaði svo stúdentaráð til almenns stúdentafundar og bar þar fram tillögu þess efnis, að kosin yrði bygginganefnd hins fyrirhugaða nýja Garðs. Tillagan var samþykkt í einu hljóði, og var þar með ákveðið, að ráðizt yrði í byggingu stúdentagarðs. Þess skal getið, að áður en til þessa fundar kom, hafði Garðstjórn athugað möguleika á útvegum efnis og fjár til byggingarinnar og komizt að

---

12 Tilv. rit, bls. 92–94.




AVSTURHALD



VESTURHALD

*Nýi-Garður*



### *Nýi-Garður.*

þeirri niðurstöðu, að enda þótt miklir erfiðleikar væru á útvegum hvors tveggja, myndu þeir samt ekki reynast óyfirstíganlegir. – Í byggingarnefnd áttu sæti þessir menn, er hún var fullskipuð: Frá háskólaráði þeir próf. dr. Alexander Jóhannesson og próf. dr. Ágúst H. Bjarnason. Frá stúdentaráði þeir stud. jur. Pétur Thorsteinsson og stud. jur. Benedikt Bjarklind. Frá garðstjórn þeir stud. jur. Lárus Pétursson og stud. jur. Ásberg Sigurðsson, og loks skipaður af ríkisstjórninni bankastjóri Ásgeir Ásgeirsson. Síðastliðið vor var svo bygging hafin og unnið af kappi við hana allt síðastliðið sumar. Um miðjan september var nýi Garður kominn undir þak, og útlit er til þess, að hann verði íbúðarhæfur um næstu áramót. – Enda þótt skoðanir stúdenta væru um skeið skiptar um garðsmálin, mun það nú álit flestra, að þeir megi eftir atvikum una vel þessum málalokum. – Til bráðabirgða mun verða hægt að hýsa flesta þá stúdenta, sem mest vanhagar um húsnæði, í skólanum, og síðan, er nýi Garður er íbúðarhæfur, mun hann geta hýst þá flesta eða alla. Fjölmargir stúdentar hafa sýnt hug sinn til hins nýja Garðs með því að greiða fyrir byggingu hans með ýmsum hætti, t. d. fjársöfnun, gjafavinnu o. fl., og er slíkt vissulega góðra gjalda vert. Stúdentaráð hefur og leitazt við eftir mætti að flýta fyrir byggingunni, aðallega með fjársöfnun.“

Í Stúdentablaði 1. desember 1943 segir *Lárus Pétursson* stud. jur. m. a. um Stúdentagarðinn:<sup>13</sup>


13 Tilv. rit, bls. 5–6.

„Smíði Nýja Stúdentagarðsins var lokið að mestu í ágúst síðastliðnum, og hafði Garðurinn þá verið í smíðum rúma 15 mánuði. Fjórum mánuðum fyrr fluttu fyrstu stúdentarnir inn í Garð, en þá var fyrstu hæð hússins að mestu lokið. – Stúdentagarðurinn er þrjár hæðir og kjallari, og er búið í honum öllum nema samkomusal á efsta lofti. Í honum eru 63 íbúðarherbergi, og er hvert herbergi ætlað einum stúdent, en vegna mikillar aðsóknar og brýnnar húsnæðisþarfar búa tveir saman í mörgum herbergjum, og er það að vísu of þröngt. Alls búa nú í Garðinum um 90 stúdentar. Hefur þörf stúdenta á að heimta úr hers höndum Gamla Garð aldrei komið betur í ljós en nú. – Þegar Gamli Garður losnar, er gert ráð fyrir, að þar verði mótuneyti stúdenta fyrir báða garðana, aðalsamkomusalur o. fl., og er Nýi Garður byggður með tilliti til þess. – Fyrir framan hvert herbergi í Garðinum er lítil forstofa, sem aðallega er ætluð til að draga úr hávaða og auka lestrarfrið í herbergjunum. Í forstofunni er handlaug, með heitu og köldu vatni, spegill og hilla og stór skápur fyrir föt og fleira. – Ekki þótti tiltækilegt að láta smíða húsgögn í Garðinn ennþá, og verða stúdentar að leggja þau til sjálfir. – Á hverri hæð hússins er baðherbergi og eldhús, þar sem stúdentar geta hitað sér mat sjálfir. Stigaþrep hússins eru eikarlögð og eikarpanell á stigagangi og anddyri. – Undirtektir þjóðarinnar við byggingu Nýja-Garðs fóru fram úr björtustu vonum byggingarnefndarinnar. Öll herbergi Garðsins hafa verið gefin (að tveim undanteknum), flest af sýslu- eða bæjarfélögum, en mörg af félögum og einstaklingum. Við herbergisgjöfina (kr. 10 þús.) öðlast þessir aðilar rétt til að gefa einu herbergi nafn og veita einum stúdent forgangsrétt að því herbergi. Alþingi sýndi Garðinum einnig þann höfðingsskap að gefa honum 300 þús. kr. og ábyrgjast 150 þús. kr. lán fyrir hann. Alls hafa Garði borizt gjafir að upphæð allt að kr. 1100 þús. – Þótt gjafir færu þannig fram úr öllum vonum, varð samt enginn afgangur af þeim, því að kostnaður fór einnig fram úr áætlun. Byggingarkostnaður Garðsins er ca. 1350 þús. kr. Fyrir mismuninum hefur Garður tekið lán: 150 þús. kr. með ábyrgð ríkissjóðs, og bráðabirgðalán hefur verið tekið fyrir því, sem á vantar. – Eins og sjá má af þessu lauslega yfirliti, vantar enn allmikið á, að byggingarkostnaði Garðs hafi verið að fullu náð.“

*Ásberg Sigurðsson*, fyrrum borgarfrógeti, sem beitti sér mjög fyrir byggingu Nýja-Garðs á námsárum sínum við Háskólann og var m. a. verkstjóri við bygginguna, segir í viðtali við höfund þessa rits:<sup>14</sup>

„Garðsmálið byrjaði eiginlega á því, að haldinn var stúdentafundur þar sem samþykkt var að hefja kröfugöngu að heimili breska sendiherrans til að mótmæla „hernámi“ Stúdentagarðsins. Þegar þetta var birt í blöðunum, voru þeir nefndarmenn, sem kosnir voru til að stjórna og skipuleggja gönguna, ásamt einhverjum úr stúdenta-

14 Viðtalið var tekið í desembermánuði 1987.



*Arkitektarnir Sigurður Guðmundsson (t. h.) og  
Eiríkur Einarsson (t. v.), sem m. a. teiknuðu Nýja-Garð.*

ráði, kallaðir upp í Alþingishús til viðtals við ríkisstjórnina, sátu þar Ólafur Thors og Hermann Jónasson a. m. k., og hellti Ólafur Thors sér yfir fundarmenn með miklu offorsi og sagði að ef gangan yrði gengin yrði lögreglunni sígað á fundarmenn og göngumenn og forystumenn stúdenta tugthúsaðir. Tók Hermann undir þetta. Sló felmtri á fundarmenn og máttu þeir ekki mæla um stund, þar til einn úr hópnum, sem var Lárus Pétursson, nefndarmaður í Garðsstjórn, sagði: „Það er engin leið að afturkalla þessa göngu nema því aðeins að eitthvað nýtt komi til. Ef við getum farið í að byggja nýjan Garð og fengjum aðstoð ríkisvaldsins, þá myndi ég treysta mér til að fá stúdentana til að afturkalla gönguna og samþykkja að byggja.“ Þegar þetta kom fram, lýstu þeir yfir, bæði Hermann og Ólafur, að ríkisstjórnin myndi leggja fram 300 þús. kr. ef göngunni yrði aflýst og farið yrði í byggingu stúdentagarðs. Skömmu síðar var fundur haldinn og var samhljóða samþykkt að hætta göngunni en hefja byggingu stúdentagarðs. Þá kom einnig til, að Bjarni Benediktsson borgarstjóri hét því, að borgin legði fram 150 þús. kr. ef nýtt hús yrði byggt. Var nú hafist handa um undirbúning, arkitekt var valinn Sigurður Guðmundsson, sem einnig hafði hannað og teiknað Gamla-Garð og með honum félagi hans, Eiríkur Einarsson. Voru þeir fljótir að teikna húsið og tóku ekkert fyrir verkið. Einnig var Almenna byggingafélagið, sem þá var stærsta byggingafyrirtæki landsins, mjög hjálplegt, en því stjórnðu Gústaf E. Pálsson, fyrrum garðprófastur, og Árni Snævarr verkfræðingur. Sáu þeir um að skaffa járnateikningar o. fl. Þetta gekk svo fljótt, að 2. maí 1942 hófst vinnan við að grafa fyrir grunni Nýja-Garðs og notuðum við hestvagna við það verk og mun það hafa verið í síðasta skipti sem slík flutningatæki voru notuð við byggingarvinnu í Reykjavík. Stúdentar flyktust til vinnu, lofuðu nokkrum dögum, jafnvel viku, án endurgjalds. Þrátt fyrir að grunnurinn væri mjög erfiður – þetta var mýri – þá tókst að ljúka honum í maímánuði, og var þá farið að steypa upp húsið, og var því lokið fyrir septemberlok. Við húsið unnu aðeins tveir lærðir smiðir og tveir „gervismiðir“ svokallaðir. Auk þess almennir verkamenn, sem allir voru stúdentar. Var þetta óvanalega góður gangur og undruðust menn oft, þegar ein hæð



*Páll Skúlason, síðar lögfræðingur, bjó árum saman á Nýja-Garði, eftir 1960. Hér sést hann (t.v.) afhenda Guðmundi Sigurðssyni stud. med. læknisfræðibækur sínar, í maí 1962, í tilefni af því að Páll hafði þá ákveðið að hætta námi í Læknadeild og hefja nám í Lagadeild. Myndin er tekin á herbergi nr. 13 á Nýja-Garði.*

komst upp á hverjum mánuði. Við notuðum mjög einfaldar vinnuaðferðir, vorum með litla hrærivél, sem við urðum að setja sement í og sand, og jafnvel að keyra steypuna í hjólbörum með járnhjólum upp á fyrstu hæð, en það gátu bara örfáir menn gert af þeim hópi manna, sem unnu þarna, fjórir til fimm strákar, án þess að velta börnunum. Og þegar kom hærra upp, var þetta híft upp með talíu og þá varð að keyra steypuna í þessum gömlu þungu hjólbörum með járnhjólum, sem var ekkert auðvelt mál. Þetta voru yfirleitt duglegir strákar, sem síðar urðu merkismenn. – Ég var ráðinn verkstjóri þarna á vegum stúdenta og mér gekk ágætlega að semja við þessa jafnaldra mína, enda hafði ég áður verið við verkstjórnarstörf og árið áður m. a. hjá Almenna byggingafélaginu við vegarlagningu við Hafravatn, þannig að ég var ekki óvanur að segja fyrir verkum. – Mennt trúðu því alltaf, að verkið myndi stranda á því að peninga vantaði, en svo fór ekki. Ríkið borgaði sinn hlut og bærinn, þannig að þetta gekk sómasamlega. Á miðju ári 1942 hækkuðu almenn laun um 100%. Þá var fyrirsjáanlegt, að við myndum lenda í miklum fjárhagserfiðleikum. Við höfðum skrifað öllum sýslufélögum á landinu og óskað þess, að hvert þeirra keypti a. m. k. eitt herbergi fyrir 10.000 kr., þannig að þau gætu ráðstafað því til nemanda úr sínu byggðarlagi. Þessi fjáröflun gekk mjög vel og velflest sýslufélögin, sem voru um tuttugu talsins, lögðu fram 10.000 kr. eða andvirði eins herbergis.



*Gunnar Karlsson stud. mag. gluggar í bók á Nýja-Garði í janúar 1962.*

Þegar þessi mikla kauphækkun átti sér stað var fyrirsjáanlegt, að vandræði voru framundan, og þá var gripið til þess ráðs að halda útiskemmtun í Hljómskálagarðinum, sem við kölluðum „Tívolf“, og stóð þessi skemmtun yfir í heila viku, öll kvöld. Þetta uppátæki varð vinsælt og græddum við á þessu brúttó um 100.000 kr., en eitthvað fór í kostnað, t. d. í hljómsveitir og annað, sem varð að borga fyrir. Þetta fór fram í stórum tjöldum, sem við höfðum fengið lánuð hjá ameríska hernum, að sjálfsögðu án endurgjalds, en þessi beiðni okkar um tjöldin o. fl. sætti þó mjög gagnrýni, sem ekki var óeðlilegt. En húsið kostaði, að ég hygg, endanlega um 1,3 milljónir og var fjár aflað á þann hátt, að ríkið lagði fram 300.000 og Reykjavíkurborg 150.000. Okkur tókst að fá herbergisgjald fyrir 65 herbergjum eða 650.000 og svo voru peningar fyrir Tívolíið, sem var nálægt 80–100 þús. kr. Þetta eru tæpar 1,2 milljónir kr., þannig að nýi stúdentagarðurinn komst upp fyrir fjáröflun stúdenta, nokkurn veginn skuldlaus að ég hygg. – Byggingin var að fullu uppsteypt hinn 20. september 1942, en snemma næsta vor fóru menn að flytja inn. Þeir, sem voru í prófum, fengu þar aðsetur þó húsið væri ekki að öllu leyti fullfrágengið. – Þegar húsið var uppsteypt, var að sjálfsögðu haldið mikið reisugildi, svo sem venja er. Það fór þó fram í tvennu lagi, þar sem ekki þótti við hæfi á þeim tíma, að verkamenn, ráðherrar og sendiherrar og stórir „forretningismenn“, sem gáfu gjafir, gætu verið undir sama þaki við slíka athöfn. Veislan fyrir ráðherrana og sendiherrana fór því fram í húsakynnum Háskólans, í kennarastofu inn af skrifstofu háskólarektors, en veisla verkamanna fór fram í veitingaskála úti í bæ.“



Í „eldhúsi“ á annarri hæð Nýja-Garðs í desember 1961. Garðbúarfá sér snarl. F.v.: Páll Pétursson stud. phil, Sigurbjörg Jóhannsdóttir stud. phil. og Sigurður Jónsson stud. pharm.



Í gleðskap á herbergi nr. 13 á Nýja-Garði í janúarmánuði 1962. F.v.: Þórir Guðmundsson stud. oecon, Eysteinn Pálsson eðlisfræðinemi við Kaupmannahafnarháskóla, Bragi Steinarsson stud. jur. og Viðar Hjartarson stud. med.





Úr Stúdentblaði.

Nokkrum árum eftir að Nýja-Garður var tekinn í notkun, eða um 1950, var *Meyvant Sigurðsson* á Eiði ráðinn til að vera umsjónarmaður þar ásamt eiginkonu sinni og bjuggu þau á Garðinum. Í endurminningum sínum segir Meyvant um þessi ár sín á Garði:<sup>15</sup>

„Við fengum litla íbúð í kjallara Nýja Garðs og þar bjuggum við næsta áratuginn. Hjá okkur á Garði bjuggu 70 háskólanemar utan af landi. Undantekningarlaust voru þetta hinir beztu menn. Margir þeirra urðu góðir vinir okkar og eru það enn. Ég nafngreini þessa pilta ekki hér, vil ekkert gera upp á milli þeirra í neinu. – Að sjálfsögðu var þetta miklu meira starf fyrir Elísabetu en mig. Hún gat oft og einatt hjálpað þeim í vandræðum sínum. Það var sama hvort þurfti að festa tölu í skyrtu eða sauma rifu á buxum. Þeir sneru sér til Elísabetar og hún var ekki lengi að leysa vanda strákanna. Síðan fengu þeir kannski mjólkursopa eða kaffi og eitthvað heimabakað með. Margir þeirra söknuðu án efa heimila sinna úti á landi og fundu þá hlýju sem frá Elísabetu stafaði. – Margir erlendir stúdentar komu á Garð til dvalar. Þótti mér ævinlega gaman að kynnst þeim og reyna að gera eitthvað fyrir þá og lagði sérstaka rækt við að gera þeim lífið létt. – Á hverjum vetri héldu Nýgerðingar hátíð mikla, sem hófst með borðhaldi á Gamla Garði. Buðu þeir okkur Elísabetu með í veizluna, en það hafði ekki tíðkapt fyrr. Eftir borðhaldið var farið heim á Nýja Garð. Sú regla var viðhöfð að enginn

15 Bóndinn og bílstjórinn Meyvant á Eiði (Jón Birgir Pétursson skráði, Rvík 1975), bls. 148–149.

Ragnar Jóhannesson:

### Lífið á Garði

Það lítur bara vel út með lífið hér á Garði,  
þótt langt sé enn ei starfið né dvölin okkar hér.  
Oss fór að þykja vænt um hann fyr en nokkurn varði  
og finnst hann vera huggulegur, — sem hann líka er.

En margt er hjá oss ennþá, sem mætti betur henta  
og margt er enn, sem vantar, já rétt og satt er það,  
en verst af öllu er þetta; oss vantar kvenstúdenta,  
sem vilja búa hjá oss og prýða þenna stað.

Og það eru skrýtnir fuglar í þessu munkaklaustri,  
en þó held ég að flestir séu allra beztu skinn,  
sumir eru að norðan, úr suðri, vestri og austri  
menn senda hingað piltar. Þeir flykkjast hingað inn.

Menn tigna vín og ástir og gleði eins og gengur,  
það getur skeð, að mórallinn sé laus og klénn í senn,  
en samt í okkar hópi er margur dáða-drengur,  
sem dansar jafnan „ædru” og fær ei timburmenn.

Og líka eru margir, sem lesa eins og hestar  
og láta ekki ginnast af heimsins táli’ og synd,  
og margir þeirra verða líka sjálfsagt sæmdarprestar  
og sýslumenn með prýði, sem lækna fyrirmynd.

Og þegar mosagrónir í embættunum eru,  
mun enginn ræða misfellurnar skólaárum frá,  
og til eru þeir piltar, sem alltof snemma sneru  
við snilld og gleði baki, — og hvað er lífið þá?

— — —

Menn lesa lítið stundum og standa þá „á gati”,  
og stundum verður framgangin hjá prófborðinu klén,  
en þá er bara að taka því með dirfið og „dignitati”  
og dreyma enn um „láðið”, — við hinsta “eksamen”.

Við eigum snjalla stráka og afl og viljann nægan,  
þótt enn sé lítið talað um þenna unga stað,  
en verið bara róleg, við gerum Garðinn frægan,  
að gjörvuleik og dáðum og vizku, — og hver veit  
hvað?

(Úr Stúdentblaði 1935)

mátti bjóða nema einum gesti, pilti eða stúlku. Var stranglega fylgzt með að farið væri eftir þessu. Fór skemmtun þessi alltaf vel fram og aldrei urðu neinir árekstrar eða vandræði af þessum sökum. Þó var vinnsla leyfð en athyglisvert var hversu vel þeir fóru með vínið strákarnir. – Talsvert strangar reglur giltu um gestakomur á Garð á síðkvöldum. Þar átti fólk ekki að hafast við eftir venjulegan háttatíma, nema vera þar búandi. Auðvitað gat maður ekki alltaf verið svo óskaplega strangur, ekki til dæmis þegar strákagreyin voru að koma heim með stúlkurnar sínar. Þá held ég næstum því að ég hafi orðið blindur á báðum augum og heyrnarlaus ekki síður. – Þegar leið að prófum í Háskólanum komu oft áhyggjur og kvíði í stað hins léttu andrúmslofts, sem einkenndi bygginguna okkar. Oft kom það fyrir að þeir báðu um að verða vaktir snemma morguns prófdaginn. Þá var það venja Elísabetar að bjóða þeim niður til okkar í morgunkaffi. Hún kundi lagið á strákunum, róaði þá og áreiðanlega fóru þeir hressari í prófið en ella.“

## 4

# Nánar um húsnæðismál stúdenta og mötuneyti

Meðan Stúdentagardurinn við Hringbraut var stúdentum lokaður vegna afnota hernámshúsnæðisins af honum og áður en Nýi-Garður komst í gagnið, fengu allmargir stúdentar inni í kjallara háskólabýggingarinnar, og var svo í nokkra vetur. Aðbúnaður þar var heldur ófullkominn til langdvalar, þótt betri væri en ekki, en mikil húsnæðisvandræði voru í Reykjavík á þeim árum.

Það, sem einna frásagnarverðast þykir um þessa íbúðarvist í kjallaranum, var, að þar kom upp „reimleiki“, sem allmikið var talað um í hópi stúdenta og víðar! Um þetta segir *Sigurður Nordal* prófessor m. a. í grein, sem hann nefnir „Reimleikinn í háskóla-kjallaranum“ og birtist í Morgunblaðinu 28. maí 1942 (tilvitnuð ummæli eru þó einungis upphaf lengri greinar, þar sem Sigurður notar söguna um „reimleikann“ sem gamansama og tvíræða byrjun hugleiðinga sinna):

„Í vetur neyddust nokkurir stúdentar vegna húsnæðiseklu til þess að leita athvarfs í kjallara háskólans. Húsrúmið var óríflegt og allur búnaður. En annað var verra. Mönnum varð þar ekki svefnsamt. Eitthvað óhreint var þar á sveimi um nætur, óskiljanlegt þrusk, stunur og hósti. Þetta þótti undarlegt í nýju húsi, þar sem ekkert slys hafði viljað til. Reimleikanum ljetti að sögn, þegar á veturinn leið, hvort sem það hefir verið fyrir góðar bænir guðfræðinga eða af því að nóttina stytta. En orsök hans var altaf óljós, og mynduðust um það ýmsar sögur. Ein var sú, að stúdentar, sem lærðir voru í fræðum spíritista, hefðu kannað málið á tilraunafundum og komist að raun um, að þarna væri alls ekki andi framliðins á ferð, heldur einn af „svipum hinna lifandi“, sem þau fræði segja frá. Á þessum fundum var sagt, að inn í einn vegg kjallarans væri múraður blýhólkur og við þann blýhólk væri sál lifandi manns reyrð ósýnilegum böndum, leitaði þangað í erfiðum svefnförum. Þessi skýring styðst við ýmsar þjóðsögur, bæði austrænar og íslenskar – um anda, sem voru lokaðir inni í blýhylkjum, af draugum, sem bundnir voru við stokka eða steina og altaf að snúast um þá.“

Vitað er, að þessi „draugagangur“ var af mannavöldum og munu þar hafa staðið



*Stúdentablaðið 1. des. 1941*

fremstir í flokki tveir læknastúdentar, sem gaman höfðu af því að hrella féлага sína. „Reimleikinn“ lagðist þó þungt á nokkra stúdentar, sem voru auðtrúa og veilir á taugum, og var svo komið, að tveir guðfræðistúdentar fóru á fund biskups og báðu hann að vígja húsnæðið, sem hann hafði góð orð um að gera. Þessu tókst þó að afstýra, enda lagðist „reimleikinn“ af, þegar upphafsmenn hans sáu, hvaða afleiðingar þetta gat haft.<sup>16</sup>

A. m. k. fyrsta veturinn eftir að Nýi-Garður var tekinn í notkun urðu stúdentar enn að leita ásjár háskólayfirvalda um verustað í háskólakjallaranum, sbr. bréf stjórnar stúdentagarðanna til háskólaráðs frá 15. september 1943 (í Skjalasafni Háskólans):

„Stjórn Stúdentagarðanna leyfir sér hér með að endurtaka þá vinsamlegu beiðni sína til háttvirts Háskólaráðs, að það sjái sér fært að veita 15–20 stúdentum húsnæði í Háskólanum í vetur. – Stjórnin hefir gert allt, sem í hennar valdi stendur til þess að útvega þessum stúdentum einhvern samastað, en þær tilraunir hafa engan árangur borið. Opnuð hefir verið skrifstofa til þess að annast útvegum húsnæðis og auglýst hefir verið eftir húsnæði í blöðum bæjarins, en allt hefir reynzt árangurslaust. Er því óhætt að fullyrða, að flestir þessara stúdentar, sem allt eru nýsveinar, muni alls ekki geta stundað nám við Háskólann í vetur, ef Háskólaráð getur ekki hlaupið hér undir bagga. Treystum vér því líka, að þetta verði í síðasta sinn, sem vér þurfum að leita á náðir Háskólaráðs í þessu efni. – Með fullu trausti á vilja yðar til þess að veita þessum bágstöddu stúdentum einhverja úrlausn, biðum vér heiðraðs svars yðar.“


Helst virðist að háskólayfirvöld hafi að einhverju leyti orðið við þessum tilmælum, en rétt er hins vegar að geta þess, að á þessum árum gekkst Stúdentaráð einnig fyrir því að útvega stúdentum herbergi í bænum og varð talsvert ágengt í því efni.

Þegar Stúdentagarðurinn við Hringbraut var „hertekinn“ árið 1940, misstu stúdentar þá mötuneytisaðstöðu, sem þar var. Til að bæta úr þessum vandkvæðum beittu

<sup>16</sup> Upplýsingar úr viðtali við Ásberg Sigurðsson, fyrrum borgarfégeta, í desember 1987.



*Setustofa, sem tengdist mötuneyti stúdenta í suðurkjallara Aðalbyggingar, haustið 1940.*



*Úr mötuneyti stúdenta í suðurkjallara Aðalbyggingar haustið 1940.*



*Úr Stúdentablaði.*

Stúdentaráð og Garðsstjórn sér fyrir því í sameiningu þá um haustið að koma á laggirnar mötuneyti fyrir stúdenta í háskólabýggingunni. Í kjallara í suðurenda hússins voru þá útbúin þrjú vistleg herbergi mötuneytinu til afnota, matstofa og tvær setustofur, þar sem stúdentar gátu setið eftir máltíðir, hlýtt á útvarp, lesið blöð o. fl. Kostnaðurinn við að koma þessu mötuneyti á var greiddur á þann hátt, að Garðsstjórn lagði til hluta af styrk þeim, sem Stúdentagarðurinn fékk úr Sáttmálasjóði, og hluta af fé því, sem hernámsliðið greiddi í leigu fyrir Garð, en það sem á vantaði greiddi Háskólinn af byggingarfé sínu. Bryti mötuneytisins var Óskar Bjarnasen, umsjónarmaður Háskólans.<sup>17</sup>

Þegar Gamli-Garður varð stúdentum frjáls til afnota í stríðslok, fluttist mötuneyti þeirra þangað á ný.

Um miðjan sjötta áratuginn tóku að heyrast raddir um, að þörf væri á byggingu nýs stúdentagarðs, sem tæki mið af þörfum kvæntra stúdenta. Málið fékk þó ekki sérlega góðan byr í fyrstu. Í Árbók Háskólans 1955–1956 segir:<sup>18</sup>

<sup>17</sup> Sbr. Stúdentablaðið, 1. des. 1940, bls. 27.

<sup>18</sup> Tilv. rit, bls. 135.



Úr Stúdentablaði.



„Stúdentaráð samþykkti tillögu um að hefja frumundirbúning að byggingu hjónagarðs. Kaus ráðið 8. desember 1955 fimm manna nefnd til þess að vinna að málinu. Voru þessir stúdentar kjörnir í nefndina: Þór Vilhjálmsson, stud. jur., Matthías Mathiesen, stud. jur., Eberg Elefsen, stud. jur., Vilhjálmur Þórhallsson, stud. jur., og Gunnar Jónsson, stud. med. – Nefndin starfaði lítið á árinu. Þó ræddi formaður hennar við ýmsa aðila um byggingu hjónagarðs. M. a. ræddi hann málið við rektor og Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, formann garðsstjórnar. Tóku þeir heldur þunglega í málið, og formaður garðsstjórnar taldi nær að reyna fyrst að losa þá garða, er fyrir væru, við skuldir sínar, áður en ráðið yrði í byggingu nýrra garða.“

Ekki vildu menn þó gefast upp þá þegar, og í Stúdentablaði 3. maí 1957 segir *Bjarni Beinteinsson* stud. jur. m. a.:<sup>19</sup>

„... vart hefur annað mál verið meira rætt í Stúdentaráði eftir áramót en einmitt hjónagarðsmálið í sambandi við happdrætti það sem áformað er að koma á fót til ágóða fyrir stúdentagarðana. – Saga þessa máls er ... sú, að undanfarin ár hefur verið um það rætt, að nauðsynlegt væri að koma hér upp nýjum stúdentagarði, sem ætlaður væri giftum stúdentum. Allir hafa verið sammála um nauðsyn þessa máls, en hingað til hefur ekkert verið gert í málinu annað en að samþykkja tillögur um að sjálfsagt sé að byggja garðinn. Ein tillagan enn í þessu sambandi var borin fram af fulltrúum Vöku í Stúdentaráði í vetur og samþykkt þar samhljóða. En sá munur er á þessari tillögu og öðrum, sem samþykktar hafa verið um þetta efni í ráðinu á undanförunum árum, að með henni eru ákveðnar *raunhæfar aðgerðir* í málinu. Tillagan fjallar um að Stúdentaráð

<sup>19</sup> Grein hans nefnist "Hjónagarðsmálið" og er á bls. 5 í tilv. riti.





*Úr Stúdentablaði.*

stofni til happdrættis, og verði ágóðanum varið til þess að greiða niður skuldir stúdentagarðanna, sem nú eru mjög miklar. Að baki þessarar tillögu liggur sú skoðun, að tomt mál sé að tala um byggingu nýs stúdentagarðs, fyrr en greiddar hafi verið niður að mestu leyti þær skuldir, er hvíla á gördunum tveimur, sem fyrir eru. – Nefnd var kjörin til þess að vinna að undirbúningi happdrættisins, en störf hennar hafa strandað á algjerri neitun ríkisvaldsins um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir hentugum happdrættisvinningi. Þessi furðulega afstaða yfirvaldanna verður til þess að framkvæmdir allar hljóta að dragast nokkuð, en vonandi kemur að því fyrr en síðar að leyfi fáiist. Á meðan verður tíminn notaður til þess að koma upp dreifingarkerfi fyrir happdrættið. Það verk er að sjálfsögðu hið mikilvægasta og auðveldar mjög alla vinnu, þegar happdrættið loks kemst á fót.“

Draumar stúdenta um hjónagarð urðu þó ekki að veruleika fyrr en eftir allmörg ár, svo sem greint verður frá síðar.


Í nokkrum tengslum við það, sem hér hefur verið sagt um húsnæðismál stúdenta og Stúdentagarðana, er rétt að minnast þess, að sumarið 1958 var stofnað til reksturs sumarhótelis á Görðunum, sem síðan hefur haldist. Um upphaf þessa hótelleksturs segir í Stúdentablaði 7. febrúar 1959:<sup>20</sup>

---

<sup>20</sup> Tilv. rit, bls. 48.



*Mötuneyti stúdenta var um langt skeið rekið í kjallara Gamla-Garðs. Þessi mynd er tekin í borðsalnum þar 1962. Frá hægri m. a.: Þorfinnur Egilsson stud. jur., Hákon Árnason stud. jur., Tómas Sveinsson stud. oecon, Gísli Kolbeinsson og Hreinn Pálsson stud. jur.*



*Frá borðtennisstofu í kjallara Gamla-Garðs.*

„Síðastliðið sumar var ráðizt í það stórvirki að hefja rekstur sumarhótelis á Görðunum á vegum stúdentaráðs, og var sérstök nefnd skipuð á stúdentaráðsfundi 9. marz 1958 til að annast undirbúning. – Þessir voru skipaðir: Jón Böðvarsson, stud. mag., Styrmir Gunnarsson, stud. jur. og Ólafur Egilsson, stud. jur. – Hófu þeir strax undirbúning að samningum við garðstjórn. Tilboð stúdenta um leiguna var 270 þús. krónur, og eftir að á annað hundrað stúdentar höfðu skuldbundið sig til að greiða allt að eitt þús. krónur, ef reksturinn bæri sig ekki, samþykkti garðstjórn 28. marz að leigja stúdentum Garðana til hótelhalds. Þá var fjölgað í nefndinni, og bættust við þeir Njörður P. Njarðvík og Jón Jakobsson. 16. apríl var Hörður Sigurgestsson ráðinn hótelstjóri. Þegar Hótel Garður tók til starfa, var hótelstjórn sett á laggirnar, og var hún skipuð 3 mönnum. Lauk hótelnefnd þá störfum. Reksturinn gekk vel, endanlegar tölur liggja ekki fyrir, en talsverður hagnaður hefur orðið í ár.“



*Horft til háskólahverfisins úr turni Hallgrímskirkju, í nóvember 1989.*

## 5

# Um lóðarmál Háskólans og skyld efni

### *Almennt*

Þegar háskólabyggingin var í smíðum þótti ýmsum hún vera afskekkt og fjarri bæjarlífi og menningarlífi, á mörkum Mela og Vatnsmýrar, utan Hringbrautar. Umhverfi Háskólans var raunar heldur óvistlegt fyrstu árin og kom þar m. a. til, að vegir eða brautir þangað voru enn ekki til, svo heitið gæti, lóðin var í sárum og ófrágengin og hermanskálar (braggar) settu árum saman mikinn svip á umhverfið. Þeir, sem nám stunduðu í Háskólanum á þessum árum, minnst enn forar og eðju, sem þeir urðu að vaða til að komast þangað. Smám saman var bætt úr, en gekk þó hægt, einkum vegna fjárskorts.

Sem dæmi um ástandið má nefna eftirfarandi bréf stjórnar Stúdentagarðanna til háskólaráðs frá 2. nóvember 1942 (í Skjalasafni Háskólans):


„Stjórn Stúdentagarðanna leyfir sér hér með að fara þess á leit við háttvirt Háskólaráð, að það láti sem allra fyrst lagfæra á einhvern hátt götuna frá Nýja Stúdentagarðinum að Háskólanum. – Vegur þessi er nú þannig úr garði gerður, að hann er vart fær stígvélalausum mönnum, þegar úrkomur eru. Auk þess berst aur og leðja bæði inni Garðinn og Háskólann og torveldar mjög alla ræstingu. Er því hér um að ræða sameiginlegt hagsmunamál Háskólans og Garðs. – Athugandi væri að leggja hellugangstétt milli húsanna til bráðabirgða. Ætti það að geta orðið kostnaðarlítið, þar sem taka mætti hellurnar upp og nota þær annars staðar, er endanlega verður gengið frá lóðinni. – Vér treystum því fastlega að Háskólaráð taki með velvild þessu erindi voru og sjái nauðsyn þess, að úr verði bætt hið allra fyrsta.“

Reynt var að bæta nokkuð úr þeim vandkvæðum, sem lýst var í þessu bréfi, en þær framkvæmdir tókust ekki sem skyldi, sbr. bréf umsjónarmanns Háskólans til háskólaráðs frá 21. apríl 1944 (í Skjalasafni Háskólans), þar sem segir m. a.:



*Séð norður yfir háskólasvæðið vorið 1946. Til vinstri sést í Melaveg (síðar Suðurgötu), en þaðan liggur Öskustígur til austurs (sunnan Nýja-Garðs) í átt að Öskjuhlíð, en þangað náði hann áður en flugvöllur var gerður í Vatnsmýrinni. Norðan Öskustígs sést m. a. Íþróttahús Háskólans í byggingu. Í vöruskemmunum tveim sunnan Öskustígs voru bifreiðaverkstæði lögreglunnar í Reykjavík fyrst eftir stríð. Fremst á myndinni, hægra megin, er Trípolibragginn við Melaveg, sem Bandaríkjaher reisti og var notaður sem samkomu- og kvikmyndahús hermanna. Eftir stríð fékk Tónlistarfélag Reykjavíkur braggann til afnota og rak þar kvikmyndahúsið Trípolibíó til 1962, er bragginn var rifinn.*

„Þegar ákveðið var að láta bera ofan í vegina kring um háskólann, sneri ég mér til skrifstofu bæjarverkfræðings – átti tal við hann sjálfan – og bað hann annast verkið. Tók hann því ekki illa og lét síðan einn af verkstjórum bæjarins athuga umhverfið. Var svo um talað að vel yrði frá þessu gengið, fyrst og fremst notaður fyrsta flokks ofaniburður, síðan stráð yfir hann salla og loks allt vætt og þjappað vel með valtara. Á verkinu var svo byrjað seint í janúar 1943. Á fyrsta eða öðrum degi eftir að verkið var hafið, athugaði ég ofaniburðinn og kvartaði um það við þá, er voru að vinna við þetta, að þessi ofaniburður væri ekki góður, taldi ég hann ónothæfan þar sem hann var svo sendinn. Síðar tjáði ég verkstjóranum þessa skoðun mína en hann sagði að þeir hefðu reynslu fyrir þessum ofaniburði og að hann mundi þjappast og verða góður síðar. Eins og öllum, sem til þekkja, er kunnugt varð reyndin sú að ofaniburðurinn reyndist ónýtur og varð að



*Svæðið vestan Háskólans vorið 1946. Í námunda við Loftskýtastöðina og sunnan íþróttavallarins (Melavallar) er bandaríska herskálahverfið Tripoli Camp. Neðst til vinstri sést í breska herskálahverfið Royal Navy Camp.*

moka honum burt síðar og annaðist bærinn hluta af því verki. Það, sem bærinn þannig hefir gert í þessu máli, er að láta bera ofaní vegina algerlega ónothæfan ofaníburð og haldið því áfram þrátt fyrir athugasemdir umsjónarmanns háskólans, umkvartanir hans og óskir um að fá betra efni. Það skal tekið fram, að um líkt leyti var borið ofaní veginn suður í Skerjafjörð annað og betra efni (rauðbrún fín mól). Síðar lét svo bærinn, er ég hafði ítrekað beiðst þess, moka nokkrum hluta þessa ofaníburðar á burt, því mesta er var í hrúgum fyrir framan aðaldyr byggingarinnar ... Háskólinn hafði ekkert annað en tjón af þessu verki. Sandurinn barst mjög inn á gangana og festist ofan í korkið. Ófærð kring um bygginguna var eins eftir sem áður, lagaðist lítið eitt er búið var að moka mestu af ofaníburðinum á burt. Í sem fæstum orðum sagt, hefði það besta verið að verkið aldrei hefði verið unnið.“

Í grein, er þáverandi háskólaektor, *Jón Hjaltalín Sigurðsson*, ritaði í Stúdentablaðið,



*Herskálar vestan Háskólans. Aðalinnkeyrslan í Royal Navy Camp til hægrí á miðri mynd. Myndin er tekin úr Melaskólanum 1945.*

17. júní 1944, segir hann m. a.<sup>21</sup> að eitt hið næsta verkefni háskólaráðs verði „athugun á hvernig girða skuli háskólalóðina. Girðing þarf að vera traust, smekkleig og sem ódýrust, því að þetta er feiknaflæmi. Fyrst þegar gripaheld girðing er komin, má byrja á gróðursetningu runna og plantna.“

Á fyrstu árunum eftir lok hernáms fóru háskólayfirvöld þess iðulega á leit við bæjarstjórn, að fjarlægðir yrðu hermanskálar á lóðinni og var smám saman orðið við því, a. m. k. í næsta nágrenni aðalbyggingar, þótt mikil þyrping hermanskála stæði hins vegar í fjölmörg ár þar í grennd vestan Suðurgötu. Skálar af þessu tagi gátu þó einnig komið háskólanum eða stofnunum, sem honum tengdust, að notum, sbr. t. d. eftirfarandi bréf frá Atvinnudeild Háskólans til háskólaráðs frá 17. október 1945 (í Skjalasafni Háskólans):

„Hérmeð vil ég fara fram á það við háttvirt Háskólaráð, að Atvinnudeild háskólans verði leyft að hafa 4 hermanskála á lóð háskólans, norðan við atvinnudeildina, fram

---

21 Tilv. rit á bls. 8.






*Hér sést yfir syðsta hluta Melanna og Grímsstaðaholt á stríðsárunum síðari eða skömmu eftir stríð. Á svæðinu framan við miðja mynd risu síðar byggingar Verkfræði- og raunvísindadeildar. Stóra húsið nálægt miðri mynd er skemma sú, sem Stefán Þorláksson, síðar hreppstjóri í Mosfellssveit, reisti um 1930 sem bifreiðaskemmu, en hún hefur nú um langt skeið verið notuð sem smíða- og áhaldahús Háskólans, sbr. nánar síðar.*

til næsta hausts. – Á síðustu mánuðunum hafa ýmsir sérfræðingar, sem teptir hafa verið ytra á styrjaldartímanum, komið til landsins. Þetta hefir orsakað það, að starfsemi atvinnudeildarinnar hefir snögglega aukist að miklum mun, og húsnæði það, sem deildin hefir yfir að ráða, er nú algjörlega ófullnægjandi. Hluti af húsnæði deildarinnar hefir verið notaður sem geymslupláss eða vinnustaður fyrir grófgerða vinnu. Ef húsrúm þetta er losað má fá vinnupláss til bráðabirgða fyrir hina nýju sérfræðinga, sem ekki hafa enn getað tekið til starfa hér heima. – Lausn þessi á húsnæðismálum deildarinnar er að sjálfsögðu neyðarlausn. Þörfin fyrir húsnæði hefir aukist örur en ráð var fyrir gert. Ekki hefir verið talið æskilegt að gera stórfelldar breytingar á húsnæði deildarinnar né hefja nýbyggingar, þar sem ríkisstjórnin nú hefir á döfinni frumvarp til breytingar á lögum deildarinnar, sem hafa myndi í för með sér breytingar á starfsháttum hennar. – Öllum er það ljóst, að hermannaskálar þessir eru til óprýðis á lóð háskólans. Hinsvegar virðist það



*Knattspyrnukappleikur á Melavellinum, vestan Suðurgötu. Háskólinn í baksýn.*

sjónarmið eitt ekki mega ráða í máli þessu, þar sem þýðingarmeira má telja, að hinir ungu sérfræðingar, sem hingað koma, geti sem fyrst tekið til starfa. Vitað er og, að miklar byggingarframkvæmdir verða á þessum slóðum næstkomandi sumar, svo ekki verður hægt að hreinsa þennan hluta lóðarinnar fyr en í fyrsta lagi næsta haust.“



*Margir eiga góðar minningar frá Melavellinum gamla við Suðurgötu, sem nú er horfinn. Eftir 1961 var hann á lóðarsvæði Háskólans og síðar reis Þjóðarbókhlaða í næsta nágrenni hans. Hér rifja þeir Bjarni Guðnason, prófessor í Heimspekideild (t. v.), og Halldór Halldórsson, blaðamaður, upp íþróttafrek sín á þeim stað, er áður var Melavöllurinn, en þeir voru báðir kunnir keppnismenn í knattspyrnu á sjötta áratugnum. Myndin er tekin vorið 1989.*

### *Frágangur háskólalóðar*

Á árunum 1949–1952 var unnið af krafti við frágang háskólalóðarinnar og fékk næsta umhverfi aðalbyggingar Háskólans þá það svipmót, sem síðan hefur haldist að mestu, ef frá eru taldar þær byggingar, sem síðan hafa risið.

Þessar framkvæmdir áttu sér nokkurn aðdraganda. Árið 1946 sneri háskólarektor sér til bæjaryfirvalda með ósk um að þau geri skruðgarð framan við háskólabygginguna, sbr. eftirfarandi bréf rektors til bæjarráðs frá 19. ágúst þ. á. (afrit í Skjalasafni Háskólans):

„Eins og hinu heiðraða bæjarráði er kunnugt, var það skipulag haft á lóð Háskólans á Melunum, er háskólinn var byggður, að aðalhúsið var sett á miðja lóðina vestan til á

henni, en austur af því, og niður að hinni fyrirhuguðu götu, sem takmarkar lóðina á þann veginn, var grafin út allstór skeifulaga lægð. Var þetta fyrst og fremst gert til þess að aðalhúsið nyti sín betur og var það í ráði, að gera upp bakka skeifunnar, rækta hana ýmsum gróðri og gera gangstígi um hana. Því miður hefir þessu enn ekki orðið komið í verk og eins og „skeifan“ er nú er hún til mikillar óprýði fyrir umhverfið. Upphaflega var ráðgert að Háskólinn kostaði sjálfur verk þetta af tekjum sínum af happdrættinu. En síðar er sú breyting á orðin að kostnaðurinn myndi nú verða margfalt meiri en hann var um þær mundir, sem Háskólinn var byggður. Tekjurnar af happdrættinu hafa hinsvegar ekki vaxið að sama skapi, og munar þar stórlega miklu. Háskólinn hefir nú í smíðum leikfímishús. Auk þess er hann skuldbundinn til að byggja hús yfir Náttúrugripasafnið og er þörfin á því húsi orðin næsta brýn. Loks þarf óhjákvæmilega að gera sem fyrst götur um háskólalóðina. Allar þessar framkvæmdir verður að kosta af tekjunum af happdrættinu, sem nema aðeins 350–400 þús. kr. á ári, og við öll þessi verk gætir áhrifa dýrtíðarinnar, svo að hinar árlegu tekjur hrökkva þar skammt. Það er augljóst að bagalegur dráttur hlýtur að verða á framkvæmdum þessum. Aðgerð á skeifunni verður að sitja á hakanum fyrir þeim, og það er ekki annað sýnt en að hún verði að dragast í mörg ár enn ef Háskólinn á að kosta hana, og að þessi blettur verði því enn lengi til óprýði fyrir bæinn. – Skrúðgarður í skeifunni ætti að geta orðið mikil bæjarprýði og slíkur garður yrði miklu fremur í þágu alls almennings í bænum, en í þágu borgara Háskólans, því eins og kunnugt er eru fæstir þeirra hér í bænum þann tíma árs, sem garðsins myndi njóta. Það mun í ráði, að stækka Hljómskálagarðinn suður á við, suður á móts við lóð Háskólans. Garðurinn í skeifunni gæti orðið einn hluti af þessum aðalskrúðgarði bæjarins, til afnota fyrir almenning eins og aðrir hlutar garðsins, og það þarf ekki að efa að almenningur myndi njóta þess að dvelja þar. – Fyrir hönd háskólaráðs leyfi ég mér því að fara þess á leit, að bæjarsjóður Reykjavíkur taki að sér að láta gera umræddan skrúðgarð í „skeifunni“. Það hefir enn ekki verið gerður neinn endanlegur skipulagsuppdráttur að garðinum og háskólaráð myndi óska þess að skipulag hans yrði ákveðið í samráði við sig ...“

Málalyktir urðu þá þær, að bæjaryfirvöld gerðu ekki skrúðgarð á þessum slóðum, og var kostnaður við frágang háskólalóðar greiddur af happdrættisfé.


Árið 1947 gerði *Gústaf E. Pálsson* verkfræðingur kostnaðaráætlun vegna gatnagerðar á háskólalóðinni, eftir beiðni rektors, og hljóðaði hún upp á tæplega 268.000 kr., og 26. september 1948 fól Menntamálaráðuneytið skipulagsstjóra ríkisins að hefja þá þegar skipulagningu háskólalóðarinnar í samráði við háskólaráð og skyldi stefnt að því, að undirbúningsvinnu allri væri lokið svo snemma, „að framkvæmd verksins sjálfs geti hafist á vori komanda“ (bæði skjölin eru í Skjalasafni Háskólans). Árið 1949 var síðan farið að vinna við þetta verkefni og skv. uppgjöri frá 28. nóvember það ár var kostnaður við það kominn í tæpar 68.000 kr.

Í viðtali, sem birtist í Stúdentablaði 1. desember 1949, segir þáverandi háskólarektor, *Alexander Jóhannesson*, m. a.:<sup>22</sup>

„Eins og kunnugt er, tók háskólinn til starfa í hinum nýju húsakynnum sínum árið 1940. Síðan hefur ekkert verið gert við lóðina kringum hann, og hefur það verið til mikilla leiðinda fyrir alla, sem þar hafa átt hlut að máli. Það var fyrst í maí síðastl., að þetta verk var hafið, eftir að nauðsynlegum undirbúningi hafði verið lokið. Hörður Bjarnason skipulagsstjóri tók að sér að skipuleggja lóðina, og hefur hann ráðið mestu þar um í samráði við háskólaráð. Almenna byggingafélagið tók að sér að framkvæma verkið, og hefur Gústaf Pálsson, verkfræðingur, haft það með höndum og látið sér mjög annst um, að það gengi fljótt og vel. – Unnið hefir verið að þessu verki í sumar og fram í októberlok í haust. – Var fyrst lögð gangstétt frá háskólanum norður að Hringbraut. Önnur gangstétt var lögð norður með íþróttahúsinu og upp á Melaveg. Þriðja gangstéttin var lögð frá háskólanum suður úr háskólalóðinni. – Lóðin milli íþróttahússins og háskólans var jöfnuð og verður sáð í hana næsta vor. Er fyrirhugað að reisa þar hús fyrir náttúrugripasafn ríkisins. – Mest var unnið í skálinni framan við háskólann. Var barmur hennar hlaðinn upp með hraunhellum neðst, en grasfláa að ofan og gangstétt á milli. Verður þar væntanlega komið fyrir bekkjum beggja megin. Botn skálarinnar var mjög blautur og þurfti að þurrka hann upp með því að leggja þar ótal pípur. Fyrirhugað var að gera allstóra tjörn í miðri skálinni, en þar sem áætlaður kostnaður við það var um 1/2 millj. króna, var horfið frá því, en í þess stað verður gerður breiður vegur frá framlengingu þeirri á Bjarkargötu, sem fyrirhuguð er neðan við lóðina, og upp að framhlið háskólans. Hafa þar verið gerðar breiðar tröppur með 12 stöplum upp með þrepunum, 4 sitt hvoru megin og 4 í miðju, og er því verki lokið að mestu leyti. Ofan á stöplum þessum verða ef til vill gerðar myndir úr steini af 12 merkustu Íslendingum frá því í fornöld og fram á vora daga, svo sem: Ingólfi Arnarsyni, Agli Skallagrímssyni, Ara fróða og Snorra Sturlusyni. Þetta er þó ekki enn fullráðið. – Hellulögð gangstétt hefur verið lögð öðru megin á barmi skálarinnar, og verður samskonar braut lögð hinum megin. Að ofan verða svo lagðar gangstéttir samsíða þessum brautum, og verður malbikaður akvegur á milli. – Grasflöt hefur verið gerð milli háskólans og Þjóðminjasafnsins og önnur neðan við Gamla Stúdentagarðinn, en þar við bætist grasflöt sú, er nefnd var milli háskólans og íþróttahússins og önnur sunnan við íþróttahúsið, en þar er fyrirhugað að hafa sundlaug. Á milli Nýja Stúdentagarðsins og íþróttahússins er eftir að laga lóðina, og er gert ráð fyrir, að þar komi tennisvöllur fyrir stúdenta. Þá hafa verið gerðar tröppur við norðurhlið háskólans upp á Melaveg. – Þótt miklu hafi verið lokið í sumar, er þó mörgu ólokið. T. d. er nauðsynlegt að gera girðingu um lóðina á þrjá vegu, þ. e. sunnan við íþróttahúsið og niður með Nýja Stúdentagarðinum, að vestan með

---

22 Tilv. rit, bls. 1–3.



*Bændahöllin í byggingu 1959. Eftir 1961 var hún við jaðar háskólalóðar. Snemma á áttunda áratugnum kom sú hugmynd fram í viðræðum milli háskólayfirvalda og forstöðumanna HótelSögu í Bændahöllinni, að nýta mætti hótélherbergin sem stúdentabústaði á veturna, þegar færri gista þar en ella. Um svipað leyti var Súlnasalur HótelSögu einnig nokkrum sinnum notaður fyrir skrifleg próf í Háskólanum.*

öllum Melaveginum og að norðan frá Þjóðminjasafninu niður að Gamla Stúdentagarðinum. Að austanverðu er fyrirhuguð framlenging á Bjarkargötu, eins og áður getur. Þegar búið er að girða lóðina, er fyrirhugað að gróðursetja tré alls staðar innan við girðinguna og síðan annars staðar á lóðinni, einkum meðfram gangstéttunum, sem liggja frá norðri til suðurs og e. t. v. niðri í skálinni, en þar verða gerðir grasreitir með gangstéttum á milli. – Vonir standa til, að þessu verki verði haldið áfram næsta sumar, og verður þá lokið eins miklu og kleift verður kostnaðarins vegna ... Síðasta sumar unnu þarna oftast yfir 30 manns og mun meira en helmingur þess hafa verið stúdentar.“

Á árinu 1950 var *Meyvant Sigurðsson* á Eiði ráðinn verkstjóri við framkvæmdirnar á lóðinni, og í endurminningum sínum segir hann svo frá:<sup>23</sup>

„Fyrst í stað var byggingafélag með alla vinnu í lóðinni, en það stóð aðeins eitt sumar. Næsta sumar bað Alexander mig að taka við verkstjórninni, honum fannst það koma betur út fyrir skólann að ráða verkamennina og sjá um verkið, en kaupa aðeins verkfræðiþjónustuna af fyrirtækinu, sem áður hafði séð um framkvæmdir. – Mér var uppálagt að ráða háskólastudenta í verkið, eða láta þá ganga fyrir vinnunni, sem til félli. Að auki hafði ég tvo vana menn við steinahleðslu og einn trésmið að auki. Þá naut ég þekkingar Einars G. Sæmundsens í trjáræktinni og verkfræðiþjónustu Almenna byggingafélagsins. – Þarna var ég kominn með 30 ljónfjöruga háskólastudenta, og

<sup>23</sup> Bóndinn og bflstjórinn Meyvant á Eiði (Jón Birgir Pétursson skráði, Rvík 1975), bls. 145–147.



*Eftir að Bændahöllin var risin, hefur hún, að margra mati, „spilt“ Aðalbyggingu Háskólans. Þegar horft er til háskólahverfisins úr austri.*


verkefni framundan voru drjúg, þriggja sumra vinna áður en skeifan mikla framan við háskólann og trjágöngin fallegu voru orðin að veruleika. – Strákarnir voru flestir hverjir bráðduglegir. Að vísu man ég eftir einum kjaftask, sem þótti víst í meira lagi skemmtilegur. Hann dró hina strákana að sér og tafði þá við vinnuna. Ég vissi strax hvað klukkan sló. Fann ég þá sífellt einhver verkefni handa pilti þar sem hann var einn á afskekktum stað á lóðinni. Ég man ekki betur en að hann hafi fljótlega flosnað upp og hætt í vinnu hjá mér. Að minnsta kosti varð hann ekki til neinna vandræða eftir þetta. – Sá sem mestan dugnaðinn sýndi var áreiðanlega Valtýr lagastúdent Guðmundsson, sem verið hefur sýslumaður á Eskifirði undanfarin ár. Ég bauð honum að hann mætti fá frí, þegar hann hefði lokið við að leggja 100 hellur. Valtýr lagði þessar hellur og var búinn fyrir 3-kaffið. Auðvitað fékk hann það frí, sem ég hafði lofað honum. Ég mátti líka vel við una, því meðalafköst hjá borgarstarfsmönnum voru 60 hellur á dag. Svo vandvirkur var Valtýr að ekki hefur ein hella haggast eftir hann enn þann dag í dag. – Hraunið í hleðsluna í skeifunni var sótt suður undir Kleifarvatn. Þetta var hörkuvinna, því við þurftum að ná í nægilega stórar hellur og erfitt reyndist að ná þeim upp og koma þeim á vörubílan. Þeir Árni Árnason og Sigurður Eyjólfsson, verkamennirnir í flokknum, sáu um steinhleðsluna. Þeir voru báðir frábærir verkamenn, og þá ekki síður smiðurinn okkar, Nikulás Einarsson frá Geldingalæk, sonur Einars Jónssonar alþingismanns. – Alexander fylgdist með okkur af áhuga. Kom hann daglega til okkar, lagði inn sín góðu orð, viðurkenningu og uppörfun til handa sínum mönnum. – Við þessa vinnu lagði ég



*Malbikun vegarins við Skeifuna, líklega 1951.*

mikla alúð, og ég held að vel hafi tekizt til. Mér hefur alltaf þótt vænt um þetta starf okkar, og stundum kemur það fyrir að ég rölti þarna um og skoða þessi handaverk. Get ég ekki annað sagt en ég sé harla ánægður með þau. Neðarlega í skeifunni er nú komin stytta Ásmundar Sveinssonar, Sæmundur á selnum. Þarna átti upphaflega að koma gosbrunnur. Það var hugmynd Alexanders heitins að brunnurinn yrði upplýstur með íslenzku fánalitunum og var öll undirbygging undir gosbrunninn gerð á sínum tíma. – Við lagfæringu á lóðinni var reynt að notast við þau efni, sem fyrir hendi voru. Háskólinn hefur aldrei verið of fjáð stofnun, og ekki veitt af að fara sparlega með fé. Því ákvað ég að losa rotþró, sem þarna var við Nýja Garð og nota sem áburð í botni skeifunnar áður en grasfræi yrði sáð þar. Að loknu dagsverki einn daginn bað ég einn skólapiltinn að vinna með syni mínum, Sverri, við að losa þróna. Jánkaði piltur því og mætti til vinnu næsta morgun. Sverrir kom með hest og vagn ásamt skaftausum til að ausa upp í vagninn. En skólapilturinn var ekki á því að vinna starf sem þetta, þegar hann sá hvers kyns var, taldi það ekki forsvaranlegt að láta sig vinna við slíkt. Ég bauð honum að lána honum samfesting utan yfir föt sín. Þess þurfti þó ekki, því að hann neitaði algjörlega að koma nálægt þessu starfi. Sverrir vann svo að þessu einsamall og lauk starfinu eins og til var ætlazt. – Ég lét unga stúdentinn hætta starfi og fór hann þá til





„Skipulagslíkan“ af háskólahverfinu frá því laust fyrir 1950.

rektors, borgarlæknis og víðar og lagði fram kæru á hendur mér. Ekki varð honum neitt ágengt, ég hafði aldrei nein óþægindi af þessu, en brátt dafnaði grasið í skeifunni og háskólinn þurfti ekki að kosta rándýran áburð á það.“

Laust eftir 1950 var gengið frá nokkrum bifreiðastæðum í námunda við Háskólann og sumarið 1951 var vegurinn fyrir framan Háskólann malbikaður á alllögum kafla. Árið 1952 var malbikað svæðið bak við aðalbygginguna.

### *Samkeppni um útlit og listskreytingu Skeifunnar*

Á vegum Háskólans var efnt til samkeppni um listrænt yfirbragð Skeifunnar, áður en lóðarframkvæmdir hófust fyrir alvöru, en eftir þeim tillögum, sem bárust, var þó ekki farið, þegar til kom. Dómnefnd, sem sett hafði verið á stofn af þessu tilefni, gerði eftirfarandi grein fyrir framkomnum tillögum og úrslitum:


„Svo sem kunnugt er stofnaði Háskóli Íslands á s. l. vetri til samkeppni meðal listamanna, um frágang og skreytingu þess hluta Háskólalóðarinnar, er takmarkast af bogabraut andspænis skólabyggingu og aðalbraut neðan Háskólasvæðis. – Úrslit samkeppninnar urðu þau, að dómnefnd þótti engin þeirra fáu tillagna, sem bárust, hæf til þess að hljóta full þau verðlaun, sem heitið hafði verið fyrir bestu lausn. Hinsvegar var ákveðið að skipta verðlaunaupphæðinni í ákveðnu hlutfalli milli þriggja þátttakenda, sem reyndust vera myndhöggvararnir Ásmundur Sveinsson, Guðmundur Einarsson og Aage Nielsen Edwin. – Um tillögur þessara þriggja listamanna segir svo í dómi nefndarinnar: – „Tillaga merkt „4“ (Ásm. Sv.) þótti besta lausnin sem barst um staðsetningu höggmynda á Háskólalóðinni og skiptingu grasreita og gangstíga í efri hluta skálarinnar. – Tillaga merkt „VII–II“ (G. Ein.) sýnir gott heildarskipulag lóðarinnar.



*Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor.*

Lögun gosbrunna er betri en á tillögu merkt „4“. – Tillaga merkt „Baldursbrá“ (A. N. E.) sýnir skemmtilega hugmynd um gosbrunn, en nefndin telur, að ekki færi vel á myndaskreytingu á tröppum á þann hátt, sem tillagan sýnir. Nefndin lítur þannig á, að rjettara hefði verið að draga fremur úr núverandi gerð og þunga stöpla milli þrepa, heldur en að auka á þunga þeirra með rismiklum höggmyndum. Þó telur nefndin þessa tillögu verðlaunaverða vegna fagurs og góðs frágangs“. – Verðlaun voru veitt í sömu röð, með kr. 5 þús., 3 þús. og 2 þús. – Sú var skoðun dómnefndar, að byggja mætti skipulag lóðarinnar á því, er best þótti í hugmyndum þeirra Ásmundar Sveinssonar og Guðmundar Einarssonar. Þar sem um var að ræða hugmyndasamkeppni, er gaf Háskólanum frjálsar hendur um framkvæmdir, ákvað rektor að fela skipulagsstjóra að gera frekari tillögur um heildarskipulag á grundvelli niðurstöðu dómnefndar og, ef til kæmi, í samráði við hlutaðeigandi listamenn. – Varðandi skreytingu lóðarinnar með myndlist, hafði dómnefnd enga afstöðu tekið til einstakra tillagna, er bárust í þeim efnun. Þótti sjálfsagt að Háskólinn hefði með öllu frjálsar hendur um að velja þau listaverk, sem að hverju sinni í framtíðinni kynnu að verða sett á Háskólalóðina til skreytingar, og ákveða þeim stað. ... Matthías Þórðarson, próf., formaður dómnefndar, Einar Ól. Sveinsson, próf., settur rektor Háskólans, Hörður Bjarnason, skipulagsstjóri.“

Svo sem fyrr segir var ætlun Alexanders Jóhannessonar að á stöllum við tröppurnar miklu í Skeifunni framan við háskólabýgginguna kæmu standmyndir merkra Íslendinga. Beindi háskólaráð þeirri ósk til kennara Háskólans, að þeir bæru fram hugmyndir eða ábendingar um þá menn, sem myndir yrðu gerðar af, og urðu ýmsir þeirra við þeim tilmælum (svör þeirra eru geymd í Skjalasafni Háskólans). Sem sýnishorn þessara tillagna skal hér birt bréf *Steingríms J. Þorsteinssonar*, prófessors í Heimspekideild, dags. 20. október 1952:



*Alexander Jóhannesson háskóla­rektor ætlaði til, að á þessa stöpla við tröppur „Skeifunnar“ kæmu standmyndir hinna helstu andans manna Íslendinga fyrir og síðar, en eigi náðist nægileg eining um þá hugmynd. Voru blómaker þá sett í staðinn! Löngu síðar voru kerin fjarlægð.*

„Sem svar við bréfi háskóla­rektors um fyrirspurnasamþykkt háskóla­ráðs 9. okt. 1952 varðandi skreytingu háskóla­lóðarinnar vil ég taka þetta fram:

1. Þessa sex Íslendinga vel ég, sem gera skuli af standmyndir:

Egil Skallagrímsson,  
Snorra Sturluson,  
Hallgrím Pétursson,  
Bjarna Thorarensen,  
Matthías Jochumsson,  
Einar Benediktsson.

Greinargerð fyrir valinu:

Bókmenntafrömuðir einir eru valdir, þar eð Ísland er stórveldi í heimsbókmenntunum, en kotríki á öllum sviðum öðrum. Frá tíma forn­bókmenntanna eru valdir mesta ljóðskáldið – og þar með fyrsta stórmenni íslenzkra bókmennta – og mesti sagnaritarinn nafngreindi. Síðan er valið höfuðskáldið milli hins forna og nýja tíma. Þessir þremenningar yrðu öðrum megin uppgangsins að háskólanum. Hinum megin yrði næstur sá, sem fyrstur hóf til vegs bókmenntir hins nýja tíma, Bjarni Thorarensen, en síðastur Einar Benediktsson, þar eð með honum lýkur þeirri stórfelldu skáldaöld, er

hófst með Bjarna. Milli þeirra er síðan skipað einu af höfuðskáldum þessara kynslóða, og finnst mér þar bezt til fallinn séra Matthías, að Jónasi Hallgrímssyni frá töldum, en standmynd af honum er þegar fyrir í aðalskrúðgarði bæjarins. – 2. Þar eð standmynd af Jóni Sigurðssyni er á Austurvelli gegnt Alþingishúsinu og brjóstlíkan af honum blasir við í anddyri háskólans, þegar inn er komið, finnst mér ofrausn að hafa hann þar einnig utan dyra. – 3. Ég tel, að myndirnar eigi að gera Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson og *ekki aðrir* þeirra íslenskra myndlistarmanna, sem þegar hafa sýnt getu sína. – 4. Ég tel, að íslenskir listamenn einir eigi að gera þessar myndir.“

Ekki varð af því að standmyndir merkismanna yrðu gerðar, en blómaker, sem Guðmundur Einarsson frá Miðdal smíðaði, voru í staðinn sett upp á stallana við tröppurnar í Skeifunni.

### *Gagnrýni Jónasar Jónssonar frá Hriflu*

Við endanlega gerð Skeifunnar var horfið frá þeirri hugmynd Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, að veggur hennar skyldi vera þverhníptur og úr svörtu bergi (hrafntinnu), en þess í stað mótuðu þeir *Hörður Bjarnason*, þá skipulagsstjóri ríkisins, og *Alexander Jóhannesson*, rektor, það útlit sem Skeifan hefur. Hörður Bjarnason vildi þó nota slípaðan grástein í vegg Skeifunnar, en hraungrýtið, sem varð fyrir valinu, var fremur „óskabarn“ Alexanders.

Hörður Bjarnason fullyrðir, að allar hugmyndir um frágang Skeifunnar hafi verið bornar undir Guðjón Samúelsson og hann gefið góðfúslegt samþykki sitt, en hafi eigi skipt sér af málinu að öðru leyti.<sup>24</sup> – *Jónas Jónsson frá Hriflu*, sem fyrrum hafði látið sér annnt um byggingarmál Háskólans, hélt því hins vegar fram, að háskólayfirvöld hefðu freklega gengið á hlut Guðjóns, er útlit Skeifunnar var ákveðið, og taldi þar hafa verið staðið illa að málum. Lét hann þá þegar skoðun sína á þessu í ljósi við þá, sem að framkvæmdum stóðu, en alllöngu síðar ritaði hann einnig harðorða blaðagrein um málið<sup>25</sup> og sagði þar:

„Háskólabygging sú sem reist var fyrir happdrættispeninga frá 1933 er bezt sett um landrými og stílfeegurð allra íslenskra stórhýsa, en eitt furðulegt lýti fylgir þessu fræga húsi. Stigaprepin upp að fordyri háskólans eru dýrust, ljótust og fáránlegust allra samskonar mannvirkja hér á landi. Fyrrverandi rektor háskólans, Alexander Jóhannesson, ber höfuðábyrgð á þessu einstaka skemmdarverki. – Þegar Guðjón Samúelsson

24 Upplýsingar fengnar í viðtali, sem höfundur þessa rits átti við Hörð Bjarnason, fyrrv. húsameistara ríkisins, í nóvembermánuði 1987.

25 „Stigprep Alexanders“, Mánudagsblaðið 26. febrúar 1962.



*Jónas Jónsson frá Hriflu, fyrrum kennslumálaráðherra, fylgdist ætíð með málefnum Háskólans og hafði m. a. áhyggjur af útliti og skipulagi háskólalóðarinnar, einkum Skeifunnar.*


teiknaði háskólahúsið eins og það lítur nú út var Ásbyrgisskeifa framan við bygginguna ákveðinn hluti mannvirkisins. Grundin framan við háskólann er mun lægri heldur en húsið og var svo til ætlaðt frá upphafi. Grundin var aldrei ætluð til beinna nota heldur til fegurðar og var svo gengið frá þessari sléttu þegar lóðin var skipulögð eftir fyrirsögn húsameistara. En þessi fallega grund átti hins vegar að vera umlykt steinsteypuhamri, klæddum hrafntinnu. Fram af inngangi háskólans gerði húsameistari ráð fyrir sléttum lítið áberandi stigaþrepum frá grundinni upp á hlaðið framan við skólahúsið. Með þessum hætti varð yfirbragð háskólahússins svipmikið og tígulegt. Skemmtigarður Vatnsmýrarinnar, forgarður háskólans, dökkur hamraveggur Ásbyrgisskeifunnar og ofar þessum fagurgerða umbúnaði hvít og háreist stórbygging. – Framkvæmd þessa verks varð að lokum með allt öðrum hætti, heldur en húsameistari hafði ætlaðt til. Sjálf háskólabyggingin var að vísu að mestu fullgerð vorið 1940. Þá var stríðið í algleymingi og aðdrættir erlendar vöru til landsins torveldir sökum kaþbátahættunnar. Háskólaráðið taldi þá rétt eftir atvikum, að fresta að steypa skeifumúrinn um sinn. Liðu svo nokkur ár þannig, að forgarður hússins og skeifan voru flag eitt og rúst. Alltaf var borið við steinlímsleysi. Var þetta þó óþarfi eftir að friður var á kominn, því að einn af helztu skörungum háskólans, Magnús Jónsson guðfræðiprófessor, var formaður í innflutningsnefnd og gat hvenær sem hann vildi heimilað þann litla innflutning byggingarvöru, sem hér var um að ræða. – Þegar Guðjón Samúelsson, hinn mikli velgerðar-

maður háskólans, lá banaleguna hóf fornvinur hans, Alexander Jóhannesson, loka-  
viðgerð háskólalóðarinnar og greip þá til óyndisúrræða. Hann felldi niður hinn litsterka  
Ásbyrgishamar en hélt þó skipulaginu með þeim breytingum að mosabrekka kemur í  
stað hrafntinnuhamarsins. Eftir grasbrekkunni var steinsteypur gangstígur, en fram af  
inngangi háskólans voru lögð hin ferlegu stígaþrep mest úr einkonar þursabergi, svart-  
leitu, klunnalegu og illúðlegu. Tólf stallar eru meðfram stígaþrepunum, þar má koma  
fyrir tólf stytum af skörungum háskólans. Stígaþrepin eru svo breið og viðamikil, líkt  
og væru þau reist fyrir fjölmennar herdeildir, sem ættu að geta hraðað sér af þjóðveg-  
inum til varnar Alexander og stallbræðrum hans, ef skyndilega hættu bæri að höndum.  
– Ekki hafa áætlanir Alexanders og samstarfsmanna hans um þetta nývirki gengið í  
uppfyllingu. Aldrei sést maður ganga sér til hressingar eftir gangbrautinni í mosa-  
brekkunni. Aldrei ganga menn um hin tröllauknu en alóþörfu stígaþrep enda eiga fáir  
leið yfir forgarðinn. Engin stytta hefur enn verið reist á hinum rammgerðu undirstöðum  
við stígaþrepin. Stundum eru sett blóm í krukum á þessa stalla meðan beðið er eftir  
sögulegum minnismerkjum. – Mjög skipti um giftu varðandi störf Guðjóns Samúels-  
sonar og Alexanders á háskólalóðinni. Háskóli Guðjóns er snillibygging til sæmdar  
háskólanum, bænum og landinu. Hins vegar eru steinþrep Alexanders einn hinn  
hörmulegasti blettur á íslenzkri byggingarlist. Þær eru atómljóð eða klessumálverk. Allt  
sem kemur við þessum raunalegu dauðamerktu stígaþrepum er óhagnýtt, smekklaust og  
brot á gerðum ákvörðunum skipulagsnefnda og bæjaryfirvalda í Reykjavík. – Sú  
meinloka, að gera ráð fyrir stytum af prófessorum háskólans á stöllum milli stíga-  
þrepanna verður aldrei fordæmd nógu harðlega. Ekki af því, að nú þegar hafa starfað við  
háskólann nokkrir þeir menn, sem í flestum löndum þykir við eiga að sæma með  
veglegum stytum. Má þar nefna tvo af allmörgum: Björn M. Ólsen og Guðmund  
Magnússon, en engum, hvorki þeim né öðrum mönnum, væri gerður heiður með því að  
raða stytum þeirra eins og fuglahræðum í kös framan við innganginn í háskólann. Ef  
settar væru tólf manngerðir á stalla við hin fordæmdu stígaþrep, myndu þeir minna mest  
á þá uppfestu skrokka, sem Jón Hreggviðsson sá í slæmu geymsluhúsi í Hollandi.  
Landrymi háskólans er svo mikið að þar má finna marga staði sæmilega fyrir listaverk,  
sem minna á starfslið stofnunarinnar og er vel farið ef þau skilyrði verða síðar notuð á  
viðeigandi hátt. En um sjálf stígaþrepin og mosabrekkuna er það að segja, að það er bein  
og skilyrðislaus skylda kennara og nemenda í þessari menntastofnun að krefjast þess að  
háskólahúsið verði fullgert eftir fyrirfram ákveðinni teikningu Guðjóns Samúelssonar  
... Háskólinn er í skuld við þennan dána listamann, sem átti hugmyndina að háskóla-  
húsinu, teiknaði það og stýrði allri húsgerðinni með ógreiddri vinnu áhugamanns. Húsið  
með öllum sínum snillibrag er afrek þessa manns. Og sízt má gleyma því, að það var  
húsameistari ríkisins sem kom með hugmyndina um gullsjóðinn og úrræði til að höndla  
hann til háskólarektors, sem var þá að vonum næstum traustlaus á skjótfengna fjáröflun  
í þessu skyni eftir áratuga ósgra í biðstofum hinna æðstu stjórnarvalda í landinu.”



Háskólahverfið verður eitt  
fegursta svæði borgarinnar.

Efnt til samkeppni um  
skreytingu á lóðinni.






*Háskólinn keypti húseignina Aragötu 9 (hús Ísleifs Árnasonar prófessors) árið 1963 og voru þar lengi síðan lesstofur og félagsaðstaða fyrir laganema og viðskiptafræðinema. Íslensk málstöð hefur nú aðsetur í þessu húsi.*

### *Kennarabústaðir og lóðir fyrir þá*

Meðan háskólabyggingin var í smíðum, fyrir 1940, var nokkur umræða um það meðal háskólakennara, að þeim kennurum, sem þess óskuðu, yrði úthlutað byggingarlóðum fyrir íbúðarhús á svæðinu næst fyrir sunnan háskólalóðina. Tók háskólaráð þetta mál síðar upp á sína arma og árið 1945 og á næstu árum þar á eftir gengu bréf milli háskólayfirvalda og bæjaryfirvalda um þetta mál, sem varðveitt eru í Skjalasafni Háskólans. Í bréfi frá 29. janúar 1945 til háskólaráðs segir þáverandi borgarstjóri, *Bjarni Benediktsson*:

„Í tilefni af bréfi Háskóla Íslands, dags. 19. jan. 1945, þar sem hafnað er tillögum, er ég hafði munnlega borið fram um afhendingu stórrar lóðarspildu til Háskólans, skal þetta tekið fram: Enn hefir bæjarstjórn ekki ákveðið að fá Háskólanum til eignar annað land en það, sem tiltekið er í samþykkt 21. febr. 1936, á þenna veg „sunnan Hringbrautar, á milli Suðurgötu og fyrirhugaðrar framlengingar af Tjarnargötu, suður að vegi gegnt Loftskeytastöðinni“. Þessu til viðbótar heimilaði bæjarstjórn síðan bæjarráði 17. nóv. 1938 „að láta af hendi við Háskóla Íslands, með skilyrðum er bæjarráð setur, byggingarlóðir undir íbúðarhús, fyrir háskólakennara eingöngu, á svæðinu suður af háskólalóðinni, sem bæjarstjórn ákvað á fundi sínum 20. febr. 1936 að ráðstafa ekki um 25 ára skeið án samþykkis stjórnvalda Háskólans, enda séu einstakar lóðir, sem úthlutað verður, eigi stærri en 600–800 fermetrar“. Svo sem kunnugt er hefir eigi orðið af






*Viðskiptafræðinemar á lesstofu sinni að Aragötu 9, en þar deildu þeir lengi húsnæði með laganemum. Hófst það sambýli 1963, en myndin er tekin 1967. Í Hagmálum 1967 er smá pistill um lesstofuna og segir þar m.a.:*

*„Hérna hafa 14 nemar lestraraðstöðu. Aðspurðir, hvort ekki færi vel um þá, segja þeir svo vera, nema hvað helzt til þröngt fyrir þá, sem eitthvað væru við vöxt. Hér hafa nemar mjög frjálssar hendur. Það er enginn sérstakur lestími, heldur hefur hver sinn lykil að kofanum. Umgengni sögðu þeir góða, en viðhald á húsinu mætti vera betra. Hér virðast menn vera í þokkalegu andlegu jafnvægi, enda þótt veggir séu víða klæddir með myndum af þokkadísunum í klæðum frumkonunnar ... Áður en við förum úr, rekumst við á umgengnisreglur lesstofu viðskiptafræðinema og birtum hér örlítið sýnishorn: BANNAD ER: Að setja fæturna upp á borð og fara úr skónum, nema loftþéttir inniskór komi í staðinn. Að sparka í þann, er situr andspænis. Að stela peru úr næstu lömpum. (Þeim skal stela úr lesstofu lögfræðinema). Að leggja beint fyrir framan hliðið, heldur skal leggja fyrir framan brunahanann ...“*

byggingu þessara íbúðarhúsa og hafa lóðir í því skyni aldrei verið látnar í té, þótt þannig sé litið á af bæjarins hálfu, að fyrirheitið um afhendingu þeirra sé enn óhaggað. En þegar rætt var um stærð og skipulag háskólalóðarinnar í þessu sambandi var þetta berum orðum sagt af Háskólans hálfu í bréfi, dags. 18. nóv. 1938: „Loks hefir byggingarnefnd eindregið óskað eftir, að væntanlegar prófessoraíbúðir verði reistar fyrir sunnan þvergötu þá, sem nú er suður af háskólanum, og má gera ráð fyrir á löngum tíma, að þar verði reist 20–30 hús og jafnvel fleiri. Byggingarnefnd gerir yfirleitt ekki ráð fyrir, að á því svæði verði nokkurntíma reistar stórbyggingar“. – Háskólaráð virðist nú alveg horfið frá þessu áformi. Það hefir ákveðið, að ný stórbygging skuli reist ekki aðeins sunnan við þvergötuna, sem nú er niður af loftskýtastöðinni, heldur einnig sunnan við



*Íslensk málstöð er nú til húsa að Aragötu 9. Að þeirri stofnun standa Háskóli Íslands og Íslensk málnefnd. Þessi mynd af starfsfólki Íslenskrar málstöðvar er frá 1988. Frá vinstri: Þórir Óskarsson cand. mag., Jónína M. Guðnadóttir ritstjóri, Magnús Snædal ritstjóri, Tryggvi Edwald og Baldur Jónsson prófessor og forstöðumaður.*

nýja þvergötu, sem mörkuð hefir verið á einhver kort, er bæjarráð hefir aldrei samþykkt og ennþá síður ákvarðað að skuli ráða nokkru um mörk háskólalóðarinnar, því að þau eru enn svo sem áður var sagt hin sömu og tiltekin voru í febrúar 1936. – Bæjarráð hefir að vísu fullan hug á að þrengja í engu að lóð Háskólans, enda hefir reynslan nógsamlega sýnt, hvern hug stjórnarvöld bæjarins bera til Háskólans, en bæjarráði sýnist þó, að er Háskólinn fer fram á stórlega stækkun lóðar sinnar, og gerbreytingu frá því, sem af hans hálfu sjálfs var áður ráðgert, sé ekki ósanngjarn, að hann leggi fram einhverja greinargerð um hagnýtingu lóðar sinnar, bæði þeirrar eldri og viðbótarinnar. Nú hefir háskólaráð hafnað þeim tillögum, sem borgarstjóri bar fram, og byggðar voru á gögnum, sem honum bárust frá trúnaðarmönnum Háskólans, en háskólaráð segir nú, að ekki sé neitt mark takandi á, og treystir bæjarráð sér því eigi til að taka þetta mál til frekari ákvörðunar fyrr en fullnægjandi greinargerð hefir borist frá Háskólanum um það, hvernig stjórnarvöld hans hugsa sér nú, að upphaflega háskólalóðin og væntanlegar viðbætur við hana verði hagnýttar.“



*Húsið að Araðötu 14 var fyrrum í eigu Ásgeirs Ásgeirssonar forseta Íslands, en Háskólinn keypti það 1973. Það er nú einkum notað til þarfa enskukennslu í Heimspekideild.*

Hinn 26. júlí 1946 var háskólaráði tilkynnt, að 25 starfsmenn Háskólans hefðu degi áður stofnað „Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Háskóla Íslands“, og 12. september s. á. ritar *Porkell Jóhannesson* prófessor, formaður félagsins, háskólaráði:

„Stjórn Samvinnubyggingarfélags starfsmanna Háskóla Íslands leyfir sér hér með að fara þess á leit við háskólaráð, að það taki upp samninga við bæjarráð um landsvæðið suður af háskólalóðinni að Fálkagötu, milli Melavegar og framlengingar Bjarkargötu, þannig, að svæði þetta verði eingöngu ætlað undir íbúðarhús fyrir kennara og aðra starfsmenn háskólans. Félagsstjórnin lítur svo á, að það sé höfuðatriði í þessu máli, að háskólaráð geti tryggt það, að svæði þetta verði ekki afhent til annarra byggingarnota en undir íbúðarhús háskólakennara og starfsmanna háskólans, annaðhvort með sérstökum samningi við bæjarráð, að bærinn ætti sjálfur landið og leigði lóðirnar með venjulegum hætti, eða háskólalóðin yrði stækkuð sem umræddu landsvæði nemur.“

Varð háskólaráð vel við þessum tilmælum og á fundi ráðsins 22. nóvember s. á. var samþykkt að mæla með umbedinni lóðaúthlutun við bæjarstjórn, „enda megji eigi án samþykkis háskólaráðs ráðstafa húsum þeim, er á lóðum þessum verða byggð, öðruvísi en fyrir starfsmenn Háskólans eða eftirlifandi maka þeirra.“

Lóðir fengust, en eftir var að fjármagna byggingarframkvæmdir. Í bréfi frá 8. janúar 1947 (í Skjalasafni Háskólans) er háskólaráð beðið ásjár með lánveitingar úr sjóðum Háskólans í þessu augnamiði:

„Byggingarsamvinnufélag starfsmanna háskólans hefir í hyggju, eins og háttvirtu



*Pétur Knútsson, lektor í ensku, í kennara-  
sæti í málveri Heimspékideildar að  
Aragötu 14, í janúar 1990.*



*Pétur Knútsson leiðbeinir nemendum í málverinu að Aragötu 14.*

háskólaráði er kunnugt, að láta reisa allt að 10 íbúðarhús á þessu ári, ef tiltækilegt þykir kostnaðar vegna. Mun það láta bjóða út byggingar þessar innan skamms, þegar fengnar eru lóðir undir húsin. – Samkvæmt lögum um byggingarsamvinnufélög er gert ráð fyrir, að ríkið ábyrgist 75% af byggingarkostnaði húsa, sem reist eru samkvæmt þessum

lögum. Félagið gerir ráð fyrir að húsin, sem það ætlar að láta reisa, kosti tvö hundruð þúsund kr. hvert, og miðar áætlanir sínar við það. Ríkisábyrgð myndi þá ná til 150 þús. kr. af byggingarverði húsanna. Félagið hefir von um að fá allt að 70 þús. kr. á hús úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vantar þá 80 þús. kr. upp á hina ríkistryggðu lánsupphæð til hvers húss. Félagið leyfir sér hér með að snúa sér til háttvirts háskólaráðs um, að athugaðir verði möguleikar á því, að félagið fái þessa upphæð, allt að 800 þús. kr., að láni úr sjóðum þeim, sem háskólaráð hefir umráð yfir, fyrst og fremst sáttmálasjóði. – Eins og högum ýmsra starfsmanna háskólans er nú háttað, má kalla að knýjandi nauðsyn beri til þess, að koma þessari fyrirætlun félagsins í framkvæmd. En á hitt ber einnig að líta, að mjög miklu varðar, að vel takist um hagkvæm lán til framkvæmda. Væntir félagsstjórnin þess, að háskólaráð líti á nauðsyn þessa og athugi við fyrstu hentugleika, hvað það treystist til að gera í þessu efni.“

Háskólinn veitti lánið og Aragata og Oddagata byggðust á næstu árum. Byggingarleyfi voru framan af einskorðuð við starfsmenn Háskólans, en síðar var undantekning gerð um örfá hús syðst við Aragötu.


### *Húsnæðismál Atvinnudeildar Háskólans og hugmynd um hús fyrir fiskirannsóknir*

Þegar Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands, sem frá 1940 nefndist Atvinnudeild Háskólans, tók til starfa 1937 (eftir lögum 97/1935) var í fyrstu gert ráð fyrir því, að tengsl hennar við Háskólann yrðu veruleg. Um hug *Alexanders Jóhannessonar* háskólarektors til þess máls vitna ummæli hans í háskólaræðu 2. október 1934:<sup>26</sup>

„Kennurum Háskólans er það ljóst, að það er æskilegt að þessi æðsta menntastofnun þjóðarinnar geti einnig orðið miðstöð fyrir hagnýta þekkingu, sem atvinnurekendur í landinu geti leitað til og hefði aðstöðu til að geta leyst úr ýmsum vandamálum þjóðarinnar. Aðal­atvinnuvegir vorir, landbúnaður og fiskveiðar, hafa enga vísindastofnun haft, sem hefur haft það markmið að bæta úr þeim þekkingarskortum, sem háir báðum þessum atvinnuvegum ... Vér erum á réttu leið að stofna atvinnudeild við Háskólann. Hvarvetna um heim hafa háskólarnir meir og meir tekið að sér verkefni atvinnulífsins ...“

Háskólinn hafði tekið að sér að reisa hús fyrir stofnunina á háskólalóðinni, sem fyrr var tekið í notkun en sjálf háskólabyggingin. Einkaleyfi Háskólans til happdrættisreksturs, sem hann fékk 1933, var bundið því skilyrði, að einkaleyfisgjald, 20% af

26 Árbók Háskóla Íslands 1934–1935, bls. 5 og áfr.




*Útlitsteikning Halldórs H. Jónssonar arkitekts af fyrirhuguðu húsi Fiski- og fiskiðnaðardeildar Háskólans, frá 1945. Byggingunni var þá um sinn hugaður staður við Skeifuna, þar sem síðar reis Lögberg.*

nettóarði, skyldi renna í ríkissjóð, en eftir að Atvinnudeildin kom til sögunnar var til þess ætlast að þetta einkaleyfisgjald rynni til hennar. Var þá jafnframt ákveðið, að stofnunin skyldi endurgreiða Háskólanum helming einkaleyfisgjaldsins upp í byggingarkostnað, og var það gert til ársins 1943, en síðan þá hefur einkaleyfisgjaldið runnið óskert til rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Í háskólalögum frá 1936 var stofnunin talin ein af deildum Háskólans og var gert ráð fyrir því, að sérfróðir starfsmenn hennar stunduðu jafnframt kennslu við Háskólann í eðlilegum tengslum við aðra kennslu þar. Lítið varð þó úr þeirri kennslu og voru tengsl Atvinnudeildar við Háskólann í raun mjög lítil og vart annað en nafnið tómt. Með háskólalögum frá 1957 var Atvinnudeildin formlega felld niður úr tölu háskóladeilda, en þess þó getið að hún skyldi starfa við Háskólann.

Starfsemi Atvinnudeildarinnar – sem skiptist frá upphafi í Fiskideild, Búnaðardeild og Iðnaðardeild – varð fljótt nokkuð umfangsmikil og varð þá bráðlega ljóst, að hún krafðist aukins húsrýmis, og þá helst á háskólalóðinni.


Árið 1945 starfaði nefnd að því að endurskipuleggja Atvinnudeild Háskólans. Var þá m. a. lagt til, að byggt yrði sérstakt hús fyrir fiski- og fiskiðnaðarrannsóknir, og í



Grunnmynd fyrirhugaðs húss Fiski- og fiskiðnaðardeildar Háskólans, frá 1945.

fyrstu töldu flestir eðlilegt, að sú bygging risi á háskólalóðinni, sunnanvert við Skeifuna gegnt Atvinnudeildarhúsi. Samþykkti háskólaráð brátt að byggingin kæmi á lóðinni „að því tilskildu, að Atvinnudeildin lúti yfirstjórn Háskólans og háskólaráð samþykki staðinn“. Var Halldór H. Jónsson arkitekt fenginn til að teikna byggingu á þessum stað. Síðar, þ. e. 15. mars 1947, ítrekaði háskólaráð samþykki sitt, enda þótt Atvinnudeildin hefði enn eigi verið lögð undir Háskólann. Þetta samþykki háskólaráðs var þó bundið þeim skilyrðum, 1) að háskólaráð ákvæði stað byggingarinnar á lóðinni, 2) að háskólaráð samþykkti teikningar af byggingunni og 3) að eigi yrði byrjað á henni fyrr en það væri tryggt, að hún yrði fullgerð innan hæfilegs tíma.

Í ársbyrjun 1948 hafði Halldór H. Jónsson lokið „undirbúningi uppdráttá“ og mæltist þá byggingarnefnd hússins til þess við háskólaráð, að bygging þessi „verði reist á lóð Háskólans sunnan við Íþróttahúsið upp að Melavegi“. Háskólaráð gaf þó aldrei endanlegt leyfi til þessa og ekkert varð af byggingu hússins á háskólalóðinni. Flutti



*Halldór H. Jónsson arkitekt teiknaði, árið 1948, stórhýsi handa Fiski- og fiskiðnaðardeild Háskólans, sem til greina kom að reist yrði á háskólalóðinni við Suðurgötu, sunnan Íþróttahúss Háskólans. Ekki varð þó úr byggingu hússins þar, heldur var það reist síðar, í breyttri mynd, við Skúlagötu, á lóð, sem Búnaðarfélag Íslands hafði átt þar, en látið í skiptum fyrir lóð undir stórhýsi, er það reisti við Hagatorg.*


Fiskideildin þá í leiguhúsnæði að Borgartúni 7. Var stórbygging, sem m. a. var ætluð til þessara þarfa, síðar reist við Skúlagötu og var Halldór H. Jónsson arkitekt að þeirri byggingu.

Eftir þetta var nokkrum sinnum leitað leyfa frá háskólaráði til stækkunar Atvinnudeildarhúss, en m.a. sökum tregðu háskólayfirvalda við þeim tilmælum aflaði Rannsóknaráð ríkisins lands undir framtíðarstarfsemi á Keldnaholti.

Byggingarannsóknir Iðnaðardeildarinnar fluttu árið 1958 í húsnæði að Lækjarteig 2.

Um 1960 var tekið til við endurskipulagningu rannsókna í þágu atvinnuveganna. Lagði þá Atvinnumálanefnd ríkisins til, að í stað Atvinnudeildar Háskólans,






*Þessi tillaga um lengingu Atvinnudeildarhúss (til norðurs) er frá 1956, en leyfi háskólayfirvalda til stækkunar hússins fékkst ekki.*

Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands og Tilraunaráða búfjárræktar og jarðræktar skyldu koma fjórar rannsóknarstofnanir, þ. e. fyrir byggingariðnað, iðnað, landbúnað og sjávarútveg, og skyldu stofnanir þessar vera sjálfstæðar og óháðar Háskólanum. Síðar var talið réttara, að Rannsóknastofnun sjávarútvegsins skiptist í tvær sjálfstæðar stofnanir, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Í umræðum um þessar tillögur töldu ýmsir málsmetandi menn, að heppilegast væri að allar þessar stofnanir yrðu tengdar Háskólanum, m. a. til þess að sérfróðir starfsmenn stofnananna nýttust til kennslu í Háskólanum. Komu fram áhyggjur sumra yfir því, að allar stofnanirnar flyttust frá háskólalóðinni að Keldnaholti, sem Rannsóknaráð ríkisins hafði þá valið og fengið úthlutað sem framtíðarbyggingarsvæði rannsóknastofnananna. Töldu þeir sömu menn, að nær væri að lóð Háskólans yrði stækkuð, svo að hún mætti rúma þær byggingar fyrir rannsóknarstarfsemi, sem fyrirsjáanlegt var, að reistar yrðu á næstu árum. Þær hugmyndir um skipulag rannsóknastofnananna, sem fyrr voru nefndar, náðu þó fram að ganga og voru staðfestar með lögum 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og voru þar með rofin öll formleg tengsl þeirra við Háskólann, þótt 20% af nettóarði Háskólahappdrættis rynni áfram í byggingarsjóð þeirra.<sup>27</sup> Á Keldnaholti var síðan byggt yfir rannsóknarstofnanir landbúnaðarins, iðnaðarins og byggingariðnaðarins og í framhaldi af því var svo Atvinnudeildarhúsið á háskólalóðinni afhent Háskólanum (svo sem síðar verður nánar vikið að) og nefnist það nú Jarðfræðahús.

Ljóst er, að eftir stækkun háskólalóðarinnar með gjöf Reykjavíkurborgar 1961, sem síðar verður greint frá, hefði átt að skapast aðstaða til að útvega þar byggingarlóðir fyrir Rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, en þegar hér var komið sögu voru áform um

<sup>27</sup> Í umsögn háskólaráðs um frumvarp til þessara laga segir m. a., að ekki sé æskilegt að slitið verði að fullu tengslum Háskólans við rannsóknarstarfsemi atvinnuveganna, en ef tengslin verði formlega rofin muni háskólaráð fara þess á leit, að arður af Háskólahappdrætti verði látinn ganga óskertur til Háskólans.



*Þessi hugmynd um útbyggingu í vestur frá Atvinnudeildarhúsi (frá 1961) hlaut heldur ekki náð fyrir augum ráðamanna Háskólans.*

byggingu rannsóknahverfis á Keldnaholti komnar svo langt áleiðis, að ekki varð auðveldlega aftur snúið, en hitt kom einnig til, að seint og örðuglega gekk að skipuleggja byggð á lóðaraukanum frá 1961, þannig að óvissa ríkti þar lengi um hvar og hvað byggja mætti, og má að sumu leyti kenna háskólayfirvöldum um dauflega stefnumótun í því efni.<sup>28</sup>

### *Þjóðminjasafnsbygging á háskólalóð*


Hinn 16. júní 1944 báru formenn allra þingflokka á Alþingi fram svofellda þings-ályktunartillögu, sem samþykkt var þar samdægurs og samhljóða:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir af ríkisfé þrjár milljónir króna til þess að reisa hús fyrir Þjóðminjasafnið og að hefjast þegar handa um undirbúning byggingarinnar.“

Í umræðum um tillöguna á Alþingi komst *Eysteinn Jónsson* svo að orði, að hús handa Þjóðminjasafninu væri „hæfileg morgungjöf af Alþingis hálfu til lýðveldisins.“

Á þessu sama ári (1944) var byggingarnefnd hússins skipuð og voru arkitektar þess ráðnir þeir *Sigurður Guðmundsson* og *Eiríkur Einarsson*, sem koma víðar við sögu í þessu riti.

28 Ýmsir merkir háskólamenn voru frá upphafi ósáttir við þau málalok, að starfsemi Atvinnudeildar eða Rannsóknarstofnana atvinnuveganna fékk ekki að þróast til frambúðar á háskólasvæðinu, og einn af hinum elstu starfandi prófessorum Háskólans sagði í viðtali við höfund þessa rits, að hann teldi það „hið mesta slys í sögu Háskólans“ er fyrrgreind starfsemi var flutt brott af lóðasvæði Háskólans. Ekki skal þó lagður frekari dómur á þetta mál á þessum vettvangi, enda hefur það vissulega ýmsar hliðar.



*Hugmynd fæðist? Árið 1939 gerði Sigurður Guðmundsson arkitekt útlitsteikningu stórhýsis, sem ekki var reist (og óvíst til hverra nota það var ætlað), en ýmislegt í þessari teikningu virðist „endurspeglast“ í Þjóðminjasafnsbyggingunni, sem honum var fyrst falið að teikna nokkrum árum síðar.*

Eins og að líkum lætur leyfðu háskólayfirvöld *almennt* ekki, hvorki fyrr né síðar, að aðrar byggingar risu á háskólalóðinni en þær, sem beinlínis heyrðu undir Háskólann sjálfan. Sú undantekning var þó gerð árið 1944, að háskólaráð bauð ríkisstjórninni lóð á horni Suðurgötu (Melavegar) og Hringbrautar undir Þjóðminjasafnshús, og var sú ráðstöfun staðfest með ráðherrabréfi frá 15. september þ. á. Hefur þar vafalaust gætt áhrifa *Alexanders Jóhannessonar*, sem beitti sér mjög fyrir byggingu Þjóðminjasafnshússins og var formaður byggingarnefndar þess.

Ályktun háskólaráðs, sem heimilaði byggingu Þjóðminjasafns á háskólalóð, frá 23. júní 1944, er svohljóðandi:

„Háskólaráð telur eðlilegt og æskilegt, að fyrirhuguð bygging fyrir þjóðminjasafnið verði reist á háskólalóðinni af eftirfarandi ástæðum: 1. Þjóðminjasafnið hlýtur að verða nátengt háskólanum, og einkum þeirri deild, heimspekisdeild, er fæst við rannsóknir á sögu þjóðarinnar, bókmenntum, tungu og menningu. Er æskilegt, að forstöðumaður stofnunarinnar verði aukakennari í íslenskri fornfræði og menningarsögu. – 2.



*Bjóðminjasafnshúsið var byggt á háskólalóðinni. Arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson teiknuðu það.*

Forstöðumanni Þjóðminjasafnsins er nauðsynlegt að hafa greiðan aðgang að bókasafni, en háskólabókasafnið leggur kapp á að safna m. a. öllum tímaritum, bókum og ritgerðum um íslenska fornfræði og menningarsögu. – 3. Háskólaráð hefur samþykkt, að náttúrugripasafn ríkisins verði reist á háskólalóðinni, og hefur tekizt samvinna við Náttúrufræðifélagið um þetta og undirbúningur þegar hafinn. Virðist eðlilegt, að þjóðminjasafnið verði tengt heimspekisdeild með hliðstæðum hætti og náttúrugripasafnið fyrirhugaðri náttúrufræðisdeild. – Að þessu athuguðu vill háskólaráð bjóða lóð undir þjóðminjasafnsbyggingu á ágætum stað, fyrir vestan gamla stúdentagarðinn, á mótum Melavegs og Hringbrautar.“

Bygging Þjóðminjasafnshúss hófst 1946 og 22. febrúar 1952 afhenti byggingarnefnd ríkisstjórninni húsið. Bein tengsl Þjóðminjasafns við starfsemi Háskólans hafa orðið minni en ætlunin var, en óbein tengsl í þágu íslenskra þjóðfræða hafa hins vegar verið tölverð. Vígslu Þjóðminjasafnshússins minntust háskólaráð og Heimspekideild m. a. með því að kjósa Matthías Þórðarson, fyrrverandi þjóðminjavörð, heiðursdoktor fyrir störf hans að íslenskum fræðum.

Litið var á háskólalóðina *sem eina heild*, þannig að einstökum byggingum, sem risu á henni, voru ekki sett ákveðin lóðarmörk. Gilti það einnig um Þjóðminjasafnshúsið.

Þess er vert að minnast, að Eðlisfræðistofnun Háskólans flutti undir árslok 1959 í Þjóðminjasafnsbygginguna og var þar um nokkurra ára skeið í herbergjum á jarðhæð vestan megin, þar sem Örnefnastofnun Þjóðminjasafns hefur nú verið til húsa frá 1970 undir stjórn Þórhalls Vilmundarsonar, prófessors í Heimspekideild Háskólans.

## *Annað*

Stærð háskólalóðarinnar, sem Reykjavíkurbær hafði látið af hendi árið 1936, hélst óbreytt þar til hún var stækkuð árið 1961, svo sem síðar greinir nánar frá, en mörk lóðarinnar voru þó lengi ekki nægilega ljós á vissum stöðum og erfðafestulönd einstaklinga inni á lóðinni eða við jaðra hennar ollu þar einnig vissum vandkvæðum, þótt bærinn leitaðist við að létta þeim kvöðum af lóðinni.

Öðru hverju komu fram hugmyndir um, að æskilegt væri, að háskólalóðin yrði stækkuð, sbr. einkum ályktun Stúdentaráðs í þá átt frá árinu 1953, sbr. bréf Stúdentaráðs til háskólaráðs frá 31. október þ. á. (í Skjalasafni Háskólans), en þar segir:

„Á fundi Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem haldinn var 30. okt. s.l., var samþykkt svohljóðandi tillaga samhljóða: „Stúdentaráð samþykkir að beina þeim tilmælum til aðila þeirra, sem hlut eiga að máli, svo sem skipulagsstjóra og ráðamanna Reykjavíkurbæjar, að samþykkja stækkun háskólalóðarinnar allt að Öskjuhlíð, Hringbraut, Melaveg og flugvallarsvæðinu og er þá höfð í huga stækkun háskólans um nána framtíð.“ Flutningsmenn tillögunnar, læknastúdentarnir Emil Als og Frosti Sigurjónsson, lögðu fram með henni svofellda greinargerð: „Tillaga þessi er flutt með hliðsjón af þeirri staðreynd, að sú lóð, er Háskóli Íslands hefur nú umráð yfir, er senn fullbyggð, en fyrirjáanlegt er, að háskólanum munu bætast nýbyggingar með fárra ára millibili um langa framtíð. Háskólinn er í örum vexti, bæði um fjölgun stúdenta og fjölgun verkefna og útfærslu þeirra deilda, sem þegar er komið á fót við atvinnudeildina. Vilja flutningsmenn með tillögu þessari koma í veg fyrir, að örlög Háskóla Íslands verði þau sömu og orðið hafa margra erlendra háskóla, svo sem háskólans í Kaupmannahöfn, að hinar ýmsu deildir og stofnanir háskólans verði dreifðar um bæjarlandið í stað þess að mynda á einum stað háskólahverfi. Landsvæði það, sem hér er lagt til, að fengið verði Háskóla Íslands, hefir ekki svo kunnugt sé, verið ætlað til annars en að mynda óbyggðar eyður umhverfis Reykjavíkflugvöll. En flutningsmenn telja ljóst, að flugvöllur þessi muni lagður niður í náninni framtíð, þó ekki væri vegna annars en þess, að sýnt þykir, að möguleikar hans til stækkunar samsvara ekki þeim kröfum, er til flugvalla munu gerðar í framtíðinni.“

## 6

# Ýmislegt um Aðalbyggingu Háskólans

### *Menntaskólinn fær inni í háskólabyggingunni*

Í fyrra bindi var þess stuttlega getið, að Menntaskólinn í Reykjavík fékk afnot af nokkrum stofum í háskólahúsinu nýja, eftir að breska hernámsliðið hafði tekið hús skólans við Lækjargötu vorið 1940. Þeir menntaskólanemar, sem áttu að ganga undir próf þá um vorið, tóku prófin í Alþingishúsinu, en um haustið fékk hluti af starfsemi Menntaskólans síðan aðstöðu í háskólabyggingunni, aðallega á tveim efstu hæðum norðurálmu, þar til setuliðið rýmdi menntaskólahúsið sumarið 1942. Um þetta segir nánar í „Skýrslu Menntaskólans í Reykjavík skólaárið 1940–1941:“<sup>29</sup>

„Hús skólans við Lækjargötu fékkst ekki úr höndum hins brezka hers, og horfði um skeið óvænlega um það, að skólinn fengi nokkurs staðar inni. Eftir langar ráðagerðir og umleitanir varð niðurstaðan þó sú, að lærdómsdeildin öll var sett niður í húsi háskólans. Voru gerðar þar 6 kennslustofur, kennarastofa og skrifstofa á efstu hæð í norðurenda. Auk þess fengust 2 kennslustofur á miðhæð, en í kjallara var komið fyrir fatageymslu og snyrtiherbergjum. Þar var og útbúin stór stofa, þar sem nemendur gætu matazt og komið saman. Gagnfræðadeildinni var komið fyrir í Alþingishúsinu. Fengust þar tvær stofur, sem háskólinn hafði áður haft, og lítil kennarastofa. Bæði í Alþingishúsinu og háskólanum voru húsakynnin að vísu góð, það sem þau náður, en á hvorugum staðnum fékkst geymslurúm fyrir kennslutæki eða bækur, og voru þessir munir geymdir í „Íþöku“ við mikil þrengsli. Afleiðingin varð sú, að skólinn hafði stórum minni not bóka sinna og kennslutækja en áður. – Leikfimiðhúsið var tekið af skólanum eins og annað, en nokkur not fengust af íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Leikfimikennsla varð þó miklu minni en venjulega. Í húsi Atvinnudeildar háskólans fékkst kennslustofa fyrir verklega eðlisfræði í stærðfræðideild. Skólinn hafðist þannig við á 5 stöðum með eigin sínar og kennslu. Var það furðu mikið óhagræði. – Af flutningi og þeim viðgerðum á húsum háskólans, sem honum voru samfara, leiddi það, að skólinn gat ekki tekið til starfa fyrri en í öndverðum nóvembermánuði, eða 6 vikum síðar en venja er til.“

---

<sup>29</sup> Tilv. rit, bls. 35.



*Erla Elíasdóttir aðstoðarháskólaritari. Myndin er tekin í Aðalskrifstofu Háskólans í desember 1989.*

Um framhald þessa máls segir síðan í skólaskýrslunni fyrir árið 1941–1942:<sup>30</sup>

„Á öndverðu sumri 1941 ritaði rektor háskólans kennslumálaráðuneytinu bréf, þar sem hann færðist fast undan því að hýsa menntaskólann lengur, meðal annars vegna þess, að háskólinn þyrfti að auka við sig húsrúmi til tannlæknakennslu og annarra nýmæla. Síðar á sumrinu kom hitt upp, að skólinn gæti ekki fengið að halda þeim kennslustofum, sem hann hafði í Alþingishúsinu síðasta ár, því að taka yrði þær til annarra nota. Reynt var til hins ítrasta að fá herstjórn Bretla til að skila skólahúsunum, en allar slíkar tilraunir reyndust árangurslausar. Mátti því kalla, að skólinn væri allra hornreka, og virtist um skeið meira en vafasamt, að hann gæti starfað þetta skólaár. En fyrir atfylgi kennslumálaráðherra fengust þó þau málalok, að skólanum var komið fyrir í húsi háskólans. Lærdómsdeildin hélt því húsrúmi, er hún hafði síðasta ár, en gagnfræðadeildin fékk inni í tveim kennslustofum, sem gerðar voru í kjallara hússins. Skólinn var því allur á sama stað og því stórum betur kominn en á síðasta ári, enda þótt húsnæðið væri hvergi nærri nógu mikið.“

<sup>30</sup> Skýrsla skólaárið 1941–1942, bls. 35–36.



*Stefán Sörensson háskólaritari í vinnuherbergi sínu í Aðalbyggingu. Myndin var tekin í desember 1989.*

### *Hús og fólk, fyrir og síðar*<sup>31</sup>

„Stjórnsýsla“ Háskólans var vægast sagt fáliðuð á því tímabili, sem hér um ræðir, einkum ef borið er saman við það, sem nú er orðið.

Sumarið 1949 var auglýst eftir manni í starf aðstoðarmanns Péturs Sigurðssonar háskólaritara, en hann hafði fram til þess starfað einn í skrifstofu Háskólans í tuttugu ár, þar af í níu ár í háskólabyggingunni.<sup>32</sup> Eftir 1940 fór háskólastúdentum ört fjölgandi og

- 31 Hér er að talsverðu leyti stuðst við upplýsingar úr viðtali við Erlu Elíasdóttur aðstoðarháskólaritara, sem bókarhöfundur átti við hana í desember 1989. Lesendum til frekari glöggvunar skal bent á grunnteikningar háskólabyggingarinnar, sem birtar eru í fyrra bindi.
- 32 Ýmsir háskólaborgarar, sem komnir eru yfir miðjan aldur, minnst enn með hlýju Péturs Sigurðssonar háskólaritara, sem jafnframt því aðalstarfi sínu gegndi ýmsum öðrum trúnaðarstörfum fyrir Háskólann, var t. d. framkvæmdastjóri Háskólahappdrættis og veitti einnig kvikmyndahúsi Háskólans forstöðu um skeið. Fræðimaður var hann svo virtur, að háskólaráð veitti honum nafnbót heiðursprofessors. Pétur var þægilegur maður og gamansamur, kvikur og léttur á fæti. Það var algengt að inn í skrifstofuna kæmu háskólakennarar til að rabba við hann og rifja upp margt gamalt og gott. Hann hafði frá mörgu skemmtilegu að segja og hafði lifað margt, m. a. á unga aldri verið einkaritari Einars skálds Benediktssonar. Sjá minningargrein Þóris Kr. Þórðarsonar um Pétur Sigurðsson í Árbók Háskólans 1969–1973, bls. 102–103.





*Þórður Kristinsson, prófstjóri Háskólans og framkvæmdastjóri Háskólaútgáfunnar, í vinnuherbergi sínu í Aðalbyggingu, í nóvember 1989.*

hafði það í för með sér aukið vinnuálag á hann. Laust fyrir 1950 voru stúdentarnir orðnir um 600 og því full þörf fyrir aðstoð við skrifstofustörfin. Erla Elíasdóttir B.A., sem þá hafði nýlokið fráhaldsnámi í ensku og frönsku við Edinborgarháskóla, var nú ráðin til þessa starfs. Hóf hún störf í skrifstofunni 1. september 1949 og hefur hún starfað þar síðan.

Verkefni í skrifstofunni, sem háskólaritari og aðstoðarmaður hans önnuðust, voru mjög fjölbreytt, t.d. greiðsla reikninga, skrásetning stúdenta, útgáfa Árbókar Háskólans og Kennsluskrár. Einnig margvísleg málefni háskóladeildanna, sem þá voru fimm, öll innritun í próf, frágangur prófverkefna og prófskírteina og varðveisla einkunna, sem þá voru handfærðar í sérstakar prófbækur fyrir hverja deild. Háskólaritari sá um allt bók-hald og fjárlagagerð og var ritari háskólaráðs.

Á þessum árum voru mörg próf munnleg, og var því ekki mikið um skrifleg próf-verkefni, a. m. k. ekki löng, nema e. t. v. helst í verkfræðinni (en þar var einungis kennt til fyrrihlutaprófs). Námið til kandidateprófs var þá líka yfirleitt í stórum hlutum, þannig að hver stúdent tók almennt ekki próf á hverju ári. Á munnlegu prófi dró hver nemandi yfirleitt eina spurningu úr mjög stóru námsefni, þannig að það gat verið mikið í húfi. Prófin voru gjarna hátíðleg og stúdentar, kennarar og prófdómendur oftast trúðbúnir,



*Rósa Guðmundsdóttir deildarstjóri við vinnu sína í Aðalbyggingu, í janúar 1990.*



*Perla Kolka, skrifstofustjóri Læknadeildar, í vinnuherbergi sínu í Aðalbyggingu, í janúar 1990.*



*Gunnlaugur Jónsson, fjármálastjóri Háskólans, við störf í Aðalbyggingu, í janúar 1990.*

jafnvel í „kjól og hvít“ og laganemar seinna í silkiskikkjum. Prófin voru „opin“, þannig að hver og einn gat komið og hlustað á það sem fram fór. Nemendur, aðrir en þeir sem verið var að prófa í það skiptið, notfærðu sér þetta dálítið og einstaka sinnum utanaðkomandi menn. Munnlegu prófunum fylgdi oft mikill kvíði, eins og við er að búast, og prófmenn eigruðu oft fram og aftur um gangana, óstyrkir og kvíðafullir á svip. Munnlegu prófin í flestum háskóladeildum fóru fram í I. kennslustofu. Guðfræðinemar voru þó yfirleitt prófaðir í V. kennslustofu, sem var aðalkennslustofa Guðfræðideildar. Að kandidatsprófi loknu voru menn svo ljósmyndaðir í kennarastofunni, oftast með stundaklukkuna í baksýn (sjá síðar). Fjölritunartæki komu ekki í skrifstofu Háskólans fyrr en eftir 1950, þannig að notast var við kalkipappír ef eitthvað þurfti að fjölfalda, eins og t. d. skrifleg prófverkefni. Fyrsti fjölritarinn, sem Háskólinn eignaðist, var notað tæki frá Háskólahappdrættinu og hann var að sjálfsögðu handsnúinn. Kennsluefni frá kennurum var yfirleitt ekki fjölritað í skrifstofunni, heldur var sú þjónusta sótt til fjölritunarstofu Friede P. Briem í Tjarnargötu og einnig eitthvað til Daníels Halldórssonar á Ránargötu.

Pegar Erla Elíasdóttir kom til starfa 1949 var starfandi Upplýsingaskrifstofa stúdenta og jafnframt Bóksala stúdenta og voru báðar reknar „undir einum hatti“. Þessi starfsemi hafði aðstetur í háskólabyggingunni. Jóhann S. Hannesson, síðar skólameistari á Laugarvatni, stóð fyrir upplýsingaþjónustunni, sem eldhuginn Lúðvíg Guðmundsson



*Edda Magnúsdóttir, starfsmannastjóri Háskólans, við vinnu sína í Aðalbyggingu, í janúar 1990.*

hafði stofnað á sínum tíma, og annaðist jafnframt bóksöluna ásamt kennslu í ensku. Sumarið 1950 fluttist Jóhann til Bandaríkjanna, þar sem hann hafði áður verið við nám. Var þá Erla beðin um að taka við þessu starfi hans jafnframt sínu starfi. Bóksöluna hafði hún síðan með höndum til 1959 en var þá áður hætt að starfa við Upplýsingaþjónustuna. Upplýsingaþjónustan og Bóksalan voru til húsa í stofu austan megin í norðurálmú á fyrstu hæð, næst anddyrinu. Bóksalan var ekki stór í sniðum, miðað við það sem síðar varð, en þó fengust þar a. m. k. allar helstu kennslubækur stúdenta, sem á annað borð voru fáanlegar. Afgreiðslu í Bóksölunni var sinnt í frímínútum. Til Upplýsingaþjónustunnar leituðu aðallega þeir stúdentar, sem vildu fræðast um skólavist erlendis eða leituðu eftir námsaðstöðu þar.

Árið 1959 var Bóksalan færð niður í suðurkjallara og var þar í allnokkur ár til húsa í herbergi þar sem nú er mötuneyti starfsfólks. Í innsta (nyrsta) herberginu í suðurkjallara var síðan opnuð kaffistofa stúdenta, við hátíðlega athöfn, í desember 1960. Ármann Snævarr, sem þá var nýlega tekinn við rektorsembætti, hélt ræðu við það tækifæri og afhenti Stúdentaráði kaffistofuna til afnota. Í kjallaraherberginu, sem er beint á móti stiganum, þegar niður kemur, var um sinn staðsett allt „kramið“ úr símanum, eftir að Háskólinn fékk símamiðstöð og skiptiborð 1972. Fyrsti símavörður Háskólans var Perla Kolka. Fram til þess var fátt um símtæki í húsinu og kennarar þeir,



*Stefán Baldursson, aðstoðarmaður háskólarektors, í skrifstofu sinni í Aðalbyggingu, í janúar 1990.*

sem höfðu vinnuherbergi á þriðju hæð, höfðu t. d. ekki síma lengi vel. Sími var í fyrstu í skrifstofunni og annar hjá rektor en þar að auki hafði umsjónarmaðurinn, sem lengst af þessa tímabils var Óskar Bjarnasen, síma í sinni íbúð í suðurkjallara (þar sem síðan hefur alltaf verið húsvardaríbúð) og millisamband í skrifstofu sína, sem var lítið herbergi við hliðina á I. kennslustofu, þar sem gjaldkeri var síðar til húsa og enn síðar símavarslan. Einnig var sími á Háskólabókasafni.

Skrifstofa Háskólans var þá, eins og nú, austan megin við suðurgang á fyrstu hæð, næst anddyri. Árið 1963 hætti Pétur Sigurðsson í háskólaritarastarfinu fyrir aldurs sakir og við því starfi tók Jóhannes L. L. Helgason lögfræðingur. Hinn nýi háskólaritari fékk til umráða það herbergi á norðurgangi, sem fyrrum hýsti Bóksölu stúdenta og Upplýsingaþjónustuna. Árið 1957 bættist við starfsmaður, ritari, í skrifstofuna, en það var Sigríður Kristjánsdóttir húsmæðrakennari, og starfaði hún þar í rúm t. ár. Árið 1960 fékk rektor einkaritara og var fyrsti ritari hans Kristrún Skúladóttir. Næsti ritari kom svo 1964 og gjaldkeri, Ólafur Magnússon, var ráðinn haustið 1966 og fékk hann til umráða herbergi það, sem umsjónarmaðurinn hafði áður haft. Annar háskólamenntaður fulltrúi, auk Erlu Elíasdóttur, kom til starfa í skrifstofunni í októbermánuði 1969, og var það Stefán Sörensson lögfræðingur, síðar háskólaritari (frá 1971).

Næst fyrir innan (sunnan) skrifstofuna var lítið herbergi með einum glugga, sem var biðstofa fyrir framan rektorsskrifstofuna, og þar sat einnig einkaritari rektors eftir 1960.



*Friðrik Sigurbjörnsson lögfræðingur (d. 1986) var fulltrúi í skrifstofu Háskólans 1972–1982 og gegndi m. a. á þeim tíma starfi prófstjóra. Hann var m. a. rithöfundur og kunnur náttúruunnandi. Jafnframt því að vera tómstundamálarí. Hér sést hann, á góðri stund, í Ólafsey á Hvammsfirði.*

Þar fyrir innan kom skrifstofa rektors, allstór með þrem gluggum. Þar stóð m. a. stórt fundarborð með þungum stólum með bláu áklæði (sem Guðjón Samúelsson hafði hvort tveggja hannað sérstaklega), og er það sama borðið og stólarnir og nú eru í rektorsskrifstofu. Við þetta borð í skrifstofu rektors voru allir háskólaráðsfundir haldnir og stundum deildarfundir, en deildarfundir munu annars yfirleitt hafa verið haldnir í kennarastofu nema í Guðfræðideild, sem notaði að jafnaði sína stofu, V. kennslustofu, fyrir deildarfundir. Fundarborðið sneri frá norðri til suðurs í rektorsherberginu. Á þessum árum var að sjálfsögðu enginn „aukagangur“ samhliða aðalgangi. Syðst kom svo kennarastofan. Hún var mjög stórt og fallett herbergi með fimm gluggum. Þar var langt borð í miðju og stólar í kring, á gólfi var einlitt grænt teppi en gluggatjöld voru rústrauð. Sitt í hvorum enda stofunnar voru hringlaga borð og jafnframt bókaskápar úr eik. Stundum var prófað munnlega við þessi hringborð. Við norðurgafli stofunnar stóð forlátá stundaklukka, sem enn er til, en hana gaf Wilhelm Jørgensen, úrsmíðameistari í Kaupmannahöfn, Háskólanum í tilefni af vígslu háskólabýggingarinnar 1940. Gefandinn var ættmenni Jörundar hundadagakonungs og mun Jörundur hafa verið afabróðir hans. Stundaklukkan er frá 18. öld, svokölluð Boule-klukka. Nýútskrifaðir háskólakandidatar voru venjulega ljósmyndaðir fyrir framan þessa klukku, eins og fyrr segir (mynd af henni er í fyrra bindi).



*Kennarar og nemendur Guðfræðideildar í V. kennslustofu vorið 1945. Sitjandi frá vinstri: Andrés Ólafsson stud. theol., Sigurbjörn Einarsson dósent, Ásmundur Guðmundsson prófessor, Magnús Jónsson prófessor og Kristján Bjarnason stud. theol. Miðröð frá vinstri: Þórir Kr. Þórðarson, Sverrir Sverrisson, Þorsteinn Valdimarsson, Emil Björnsson, Geirþrúður Hildur Bernhöft, Þórarinn Þór, Arngrímur Jónsson, Sigurður M. Pétursson, Hermann Gunnarsson. Aftasta röð frá vinstri: Kristinn Hóseasson, Bjartmar Kristjánsson, Leó Júlíusson, Lárus Halldórsson, Jóhann Hlíðar og Guðmundur Sveinsson.*

Rektorskjör fór fram í kennarastofu. Kjörfundir stóðu stutt fyrir á árum, enda fáir sem atkvæðisrétt höfðu (stúdentar t. d. ekki). Síðar (frá 1972) fór kjörfundur að jafnaði fram í hátíðasal Háskólans, en þó í eitt skipti í Tjarnarbíói (1976). Aukakennarar, sem ekki höfðu vinnuáðstöðu í háskólabyggingunni, sátu yfirleitt í kennarastofunni í frímínútum en ýmsir fastir kennarar gengu þá fremur til herbergja sinna á efstu hæð hússins. Í kennarastofunni var engin aðstaða til kaffihitunar. Einstaka sinnum hélt rektor boð í kennarastofunni, og meðan Húsmæðrakennaraskólinn var til húsa í byggingunni (sjá kafla síðar) annaðist fröken Helga Sigurðardóttir skólastýra og nemendur hennar iðulega matargerð og veitingar í því sambandi. Seinna, eftir 1960, hélt rektor stundum boð þar fyrir erlenda stúdenta o. fl. Talsverðar breytingar hafa síðar verið gerðar á skipulagi fyrrnefndra húsakynna, sem óparfi er að tíunda hér nákvæmlega, en þess eins getið að um 1970 var kennarastofan flutt norður fyrir anddyrið þar sem Jóhannes L. L. Helgason hafði verið síðan 1963 (og bóksalan áður), og varð nú kennarastofan minni en áður hafði



*Magnús Jónsson guðfræðiþrófessor við kennslu 1945.*



*Ásmundur Guðmundsson þrófessor á kennarastóli í stofu Guðfræðideildar (V. stofu) vorið 1945.*





Úr stofu Guðfræðideildar, V. kennslustofu, 1957. Fremst frá vinstri: Björn Magnússon prófessor, séra Bjarni Jónsson vígslubiskup (prófdómari við deildina lengst allra manna), séra Óskar J. Þorláksson, Sigurbjörn Einarsson prófessor. Á milli Óskars og Sigurbjörns er Oddur Thorarensen stud. theol., en Jón Bjarman stud. theol. og Björn Björnsson stud. theol., lengst til hægri.

verið. Um leið flutti Jóhannes í herbergi það, sem rektor hafði áður haft, en kennarastofan gamla var stúkuð niður í skrifstofu rektorsritara og rektorsherbergi.

Svo vikið sé að kennslustofum í háskólabýggingunni skal byrjað á I. kennslustofu, sem var mjög stór stofa (með fimm gluggum) við suðurgang fyrstu hæðar, beint á móti kennarastofunni gömlu og undir háskólakapellunni. Þar var löngum kennt fjölmennustu hópunum, t. d. í heimspekilegum forspjallsvísindum, sem var þá skyldugrein flestra byrjenda í háskólanámi. Þar voru einnig haldnir margvíslegir gestafyrirlestrar, sem ekki voru af allra hátíðlegustu gráðu (en þá voru þeir haldnir í hátíðasalnum). Í flestum kennslustofum Háskólans voru föst tréseti, ekki sérlega þægileg, með örmjórrí skrifbrík fyrir framan, en í I. kennslustofu voru þægilegri sæti og rúmaði hún 100 manns. Þar var einnig sérstakt prófborð með innfelledu grænu áklæði, sem mikið var notað við munnleg próf. Þarna var einnig á veggjum komið fyrir hinu stórmerka og dýrmæta kortasafni Þorsteins Schevings Thorsteinssonar, lyfsala í Reykjavíkurapóteki, sem hann gaf Háskólanum nokkru eftir síðari heimsstyrjöldina. Við hlið I. kennslustofu kom lítið herbergi, sem var upphaflega skrifstofa umsjónarmanns, síðar skrifstofa gjaldkera, og nú er þar símavarsla. Þar næst var II. kennslustofa (með fjórum gluggum), á móti aðal-skrifstofunni, og hafði Heimspekideild einkum afnot af henni. Báðar þessar kennslustofur hafa fyrir löngu verið teknar til annarra þarfa.

Á fyrstu hæð í norðurálmú voru lengst af einkum rannsóknarstofur fyrir Læknadeild. Jón Steffensen prófessor (og síðar Hannes Blöndal prófessor) hafði sínar stofur að vestan en prófessorarnir Júlíus Sigurjónsson og Kristinn Stefánsson (síðar Þorkell Jóhannesson prófessor) að austan.

Ekki má gleyma anddyrinu, sem er eitthvert glæsilegasta rými í háskólabýggingunni.



*Að afloknu fyrsta hebreskuprofi í Guðfræðideild í júnímánuði 1960, en guðfræðinemum hafði fram til þess ekki verið kennð hebreska frá því á dögum Bessastaðaskóla. Fremst sitja þeir dr. Bjarni Jónsson vígslubiskup og prófdómari um langt skeið og Þórir Kr. Þórðarson prófessor. Fyrir aftan þá standa, frá vinstri, guðfræðinemarnir Ágúst Sigurðsson, Bragi Benediktsson, Aðalsteinn Eiríksson, Björn Björnsson, Felix Ólafsson og Jón Einarsson.*

Ýmsir atburðir tengjast anddyrinu og snerta raunar bæði gleðilega og sorglega viðburði. Sem dæmi má nefna, að á fyrstu árum háskólabýggingarinnar voru haldnir þar miklir og glæsilegir áramótadansleikir. Þá voru aðaldyrnar inn í anddyrið hafðar læstar, innri hurðirnar hafðar opnar upp á gátt eða teknar af og hljómsveitin var þar í forstofunni og spilaði. Dansað var í sjálfu anddyrinu en fólk sat við borð á efri hæð fyrir framan hátíðasalinn og eins eitthvað í nærliggjandi stofum. Yfirhafnir voru geymdar í suðurkjallara. Á miðnætti var fjölmörgum blöðrum sleppt í anddyrinu og marglitum strimlum fleygt yfir mannfjöldann ofan af efri hæð, yfir handriðið. (Sjá nánar um dansleikina í sérstökum kafla hér á eftir). Þegar dr. Þorkell Jóhannesson háskólarektor andaðist í embætti haustið 1960, gekkst háskólaráð fyrir eins konar húskveðjuathöfn í anddyrinu. Stóð þá líkkistan þar, en kennarar og nemendur stóðu með veggjum og í stigunum upp úr anddyrinu. Ólafur Björnsson prófessor, varaforseti háskólaráðs, flutti kveðjuorð og samkennarar dr. Þorkels báru síðan kistuna úr húsi.



*Úr kennslustund í stjórnlagafræði vorið 1947. Ólafur Jóhannesson prófessor stendur lengst til hægri. Í fremstu röð sitja m. a. Guðmundur Jónsson (lengst til vinstri) og Rannveig Þorsteinsdóttir. Þriðji frá hægri í 2. röð er Friðrik Sigurbjörnsson.*

Á annari hæð voru flestar kennslustofurnar. Háskólakapellan hafði, og hefur enn, sínu sérstaka hlutverki að gegna og er ekki breytt frá upphafi nema hvað áður var orgelið á palli uppi og yfir kapellunni, á kapelluloftinu svokölluðu, þar sem nú er kaffistofa fyrir guðfræðinema, en síðar kom nýtt pípuorgel niðri í sjálfri kapellunni. Á móti kapellunni, syðst í ganginum, var III. kennslustofa, sem Lagadeild hafði til afnota (fyrir kennslu í fyrri hluta). Við hlið hennar var lítil stofa, IV. kennslustofa (með tveim gluggum), sem Heimspekideild hafði (einkum fyrir kennslu í íslenskum fræðum). Þá kom V. kennslustofa, sem var stofa Guðfræðideildar og er enn. Sú stofa er óvenjuleg um búnað allan og híbýlaprýði, með bókasafni, myndum og munum (t. d. Borgundarhólmsklukku, sem verið hafði í Prestaskólanum gamla, og vatnslitamyndum frá Landinu helga eftir Magnús Jónsson prófessor). Í herbergi næst V. kennslustofu og við lyftu og stiga var svo skrifstofa Stúdentaráðs og voru allir fundir þess haldnir þar. Við hlið kapellunnar, þ.e. sömu megin, var VI. kennslustofa, sem Lagadeild notaði (einkum fyrir kennslu í síðari hluta).

Á norðurgangi austan megin, næst anddyri voru fyrst VII. kennslustofa, sem einkum



Frá málfutningsæfingu laganema í I. kennslustofu 24. janúar 1948. Í dómarsæti fyrir miðju er Páll Á. Tryggvason, en málfutningsmennirnir eru Geir Hallgrímsson og Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Til vinstri sitja meðdómendur, talið frá vinstri: Eggert Jónsson, Gísli Einarsson, Yngvi Ólafsson, Sigurður Baldursson og Haukur Jónsson.




Frá málfutningi laganema árið 1948. Á myndinni eru frá vinstri: Gunnar Helgason, Magnús P. Torfason, Sveinn Finnsson, Árni Halldórsson, Ólafur Jóhannesson prófessor, Páll Líndal, Guðmundur Jónsson, Ólafur Lárusson prófessor, Jón P. Emils og Ásgeir Pétursson.



*Frá málfutningsæfingu í I. kennslustofu Háskólans. Ólafur Jóhannesson prófessor lengst til vinstri.*



*Skikkjuklæddir prófessorar og prófdómarar Lagadeildar. F. v. dr. Björn Þórðarson, Ármann Snævarr prófessor, Theodór B. Líndal prófessor, Ólafur Lárusson prófessor, Ólafur Jóhannesson prófessor, Magnús Þ. Torfason prófessor, og Sveinbjörn Jónsson hrl. Myndin er tekin í kennarastofu í Aðalbyggingu..*



Á teiknistofu Verkfræðideildar vorið 1947. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Páll Flygenring, Bragi Guðmundsson, Hjalti Einarsson, Guðmundur Magnússon, Finnbogi Rútur Þorvaldsson prófessor, Sigurhjörtur Pálmason, Þorbjörn Karlsson, Gunnar Sigurðsson, Baldur Sveinsson og Björn Sveinbjörnsson.

var ætluð til viðskiptafræðikennslu, þá VIII., IX. og X. stofa, sem Verkfræðideild hafði til afnota. Beint þar á móti, hinum megin við ganginn, í vesturhluta norðurenda, var XI. kennslustofa, stór stofa með hækkanði sætaröðum (óbreytt enn í dag), þar sem fram fór kennsla í læknisfræði. Þeim megin var einnig líffærasafn og lesstofa Læknadeildar. Það, sem hér hefur verið sagt um notkun kennslustofa, á einkum við um kennslu, sem fram fór árdegis, en síðdegis voru kennslustofur notaðar fyrir kennslu í ýmsum greinum, svo sem fyrir tungumálakennslu í Heimspékideild.

Á þriðju hæð voru í suðurálmum einkum kennararherbergi, allmörg en lítil (hvert með einum glugga), sem nú hafa verið stækkuð. Syðst í röðinni að austan var lengi herbergi Sigurðar Nordals prófessors en nyrst og næst anddyrinu herbergi Alexanders Jóhannessonar háskólarektors. Á norðurgangi að austan voru fyrst teiknistofur Verkfræðideildar (undir umsjá Finnboga Rúts Þorvaldssonar prófessors) og síðan stofa fyrir Orðabók Háskólans nyrst þeim megin. Beint þar á móti (nyrst að vestan) var húsnæði fyrir tannlæknakennslu, sem fyrst var hluti af Læknadeild, en við hlið þess teiknistofa fyrir Verkfræðideild. Eftir að tannlæknakennslan fluttist úr háskólabýggingunni í Landspítalabýggingarnar árið 1960 fékk Orðabókin um sinn húsnæði það, sem tannlæknarnir höfðu áður haft.

Hátíðasalur Háskólans, sem Guðjón Samúelsson hafði hannað af sérstakri nákvæmni



*Nemendur, kennarar og starfsmenn við tannlæknakennslu í kennsluhúsnæði þeirra á efstu hæð (norðurhluta) Aðalbyggingar. Myndin er tekin á síðari hluta sjötta áratugsins. Sitjandi f. v.: Sigrún Tryggvadóttir nemi, Guðmundur Hraundal tannlæknir, Jón Sigtryggsson prófessor, Jóhann Finnsson dósent og Guðrún Gísladóttir nemi. Standandi f. v.: nemarnir Gunnar Dyrset, Sigfús Thorarensen og Sigurður Jónsson, klinikdama (óvíst um nafn), María Ólafsdóttir nemi, nemi (óvíst um nafn), og nemarnir Hörður Sævaldsson, Guðmundur Árnason, Þorgrímur Jónsson, Guðjón Axelsson, Haraldur Dungal og Hafsteinn Ingólfsson.*

og smekkvísi, var lengi stolt háskólastarfsmanna, enda mjög glæsilegur og fagur. Salurinn tók 200 manns í sæti. Stólar voru úr norsku birki, ljósu, með rauðu áklæði og sömuleiðis voru gluggatjöldin rauð (þau eru enn notuð). Þar fóru löngum fram ýmsar meiri háttar athafnir, svo sem háskólahátíðir fyrsta vetrardag (þar sem rektor hélt ræðu, ávarpaði síðan nýstúdenta og afhenti þeim háskólaborgarabréf), athafnir til afhendingar prófskírteina, eftir að sá síður var tekinn upp, að ógleymdri sjálfri vígsluhátíð háskólabyggingarinnar (1940), sem lýst var í fyrra bindi. Fræðimenn, bæði innan og utan Háskólans, fluttu þar sunnudagsfyrirlestra fyrir almenning um öll fræðasvið Háskólans, sem voru mjög vel sóttir og ýmsir merkir gestir, sem sóttu Háskólann heim, fluttu þar fyrirlestra eða lásu úr verkum sínum, t. d. rithöfundurinn William Faulkner og W. H. Auden. Þar komu t. d. konungar Noregs og Danmerkur og U Thant aðalritari Sameinuðu þjóðanna og fluttu ávörp. Ýmsir erlendir ráðamenn heimsóttu einnig Háskólann án þess að koma við í hátíðasalnum, en rektor tók þá á móti þeim í skrifstofu sinni. Af erlendum gestum, sem komu í rektorstíð Ármanns Snævars (1960-1969) má t. d. nefna Lyndon B. Johnson, varaforseta Bandaríkjanna (síðar forseta), Goldu Meir



*Dr. Símon Jóh. Ágústsson prófessor kennir heimspekileg forspjallsvísindi í 1. kennslustofu í októbermánuði 1964.*

og Davíð Ben Gurion, sem bæði voru forsætisráðherrar Ísraelsmanna, og Furtsevu, menntamálaráðherra Sovétríkjanna.

Í sambandi við hátíðasalinn er rétt að minnast á, að á efstu hæð og bak við (vestan við) salinn eru tvö lítil herbergi og er innangengt í þau úr salnum um stiga. Í syðra herberginu hafði Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor vinnuáðstöðu sína í mörg ár. Hann var m. a. allengi prófstjóri Háskólans, og eftir að farið var að nota hátíðasalinn sem prófsal hafði hann umsjón með próftöku þar. Hann hafði einnig umsjón með hljómplötusafni Háskólans, en stofn þess var mikil plötugjöf frá hljómlistarmanninum heimskunna Isaac Stern, og voru plöturnar geymdar í herbergi inn af sviði hátíðasalarins. Stern hafði einnig gefið mikil og vönduð hljómflutningstæki ásamt stórum





*Nemendur í kennslustund hjá Símoni Jóh. Ágústssyni, í október 1964. Á fremsta bekk sitja (f. v.) laganemarnir Þórólfur Beck, Jón Kristjánsson, Björn Bjarnason og Brynjólfur Kjartansson. [D&V]*


hátölurum, sem komið var fyrir í salnum, og var síðan farið að halda þar almenna hljómleika af plötum, á sunnudögum, sem oft voru mjög vel sóttir. Hafði prófessor Steingrímur einnig umsjón með þeim samkomum. Fluttu þá stundum sumir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar kynningarerindi um tónverkin, sem leikin voru, svo sem Páll Ísólfsson tónskáld, Árni Kristjánsson píanóleikari og Róbert Abraham Ottósson, dósent við Guðfræðideild.



*Dr. Halldór Guðjónsson dósent, síðar kennslustjóri Háskólans, kennir stærðfræði í Aðalbyggingu 1974.*



*Eðlisfræðistofnun Háskólans var um skeið í kjallara Aðalbyggingar, tveim samliggjandi herbergjum í suðuvenda. Hér sjást fjórir ungir raunvísindamenn í kaffitíma sumarið 1963. Frá vinstri: Ástvaldur Guðmundsson, Bragi Árnason, Jakob Yngvason og Þorgeir Pálsson.*



*Páll Theodórsson eðlisfræðingur vinnur að þrívætnismælingum á Eðlisfræðistofnuninni.*



*Örn Garðarsson vinnur að hönnun á nýjum segulmæli í húsnæði Eðlisfræðistofnunar í kjallara Aðalbyggingar.*




Lagaprófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Magnús Þ. Torfason lesa upp einkunnir í munnlegum prófum í kennslustofu Lagadeildar 1963.



Kvíðnir prófmenn hafa löngum eignað um ganga Háskólans. Hér bíða skikkjuklæddir laganemar þess að ganga upp í munnlegu prófi, 1963.




Úr lesstofu læknanema á 2. hæð Aðalbyggingar, 1965.




Árni Vilhjálmsson prófessor kennir viðskiptafræðinimum í desembermánuði 1972.



Þórir Kr. Þórðarson prófessor leiðbeinir Lárusi P. Guðmundssyni stud. theol. í kennslustofu Guðfræðideildar (V. stofu) 1962.



Samkvæmi í kennarastofu í Aðalbyggingu, laust eftir 1950. Frá hægri: Gylfi P. Gíslason prófessor, Kristján Eldjárn þjóðminjavörður, Trausti Einarsson prófessor, Halldór Halldórsson dósent, Sigurbjörn Einarsson prófessor, Valtyr Stefnásson ritstjóri, Alexander Jóhannesson rektor, Björn Ólafsson menntamálaráðherra, Birgir Thorlactius ráðuneyttistjóri, Matthías Þórðarson fyrrv. þjóðminjavörður, Jón Jóhannesson prófessor, Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor, Þorbekki Jóhannesson prófessor, Júlíus Sigurjónsson prófessor, Einar Ólafur Sveinsson prófessor, Pétur Sigurðsson háskólanítari. (...?). Þorsteinn Scheving Þorsteinsson lýfsali.



*Doktorsvörn í hátíðasal 10. október 1959. Róbert Abraham Ottósson (t. v.) ver ritgerð sína um Þorlákstíðir. Dr. Bruno Stäblein frá Erlangen, sem var annar andmælenda, flytur tölu sína, en lengst til hægri situr Magnús Már Lárusson prófessor, sem einnig var andmælandi.*

### *Störf umsjónarmanns*

Fyrsti umsjónarmaður háskólabyggingarinnar var *Óskar Bjarnasen* og gegndi hann því starfi til dauðadags, 1957.

Í upphafi starfa Óskars í hinni nýju byggingu var honum sett eftirfarandi erindisbréf auk reglna um afnot hússins:<sup>33</sup>

*„Erindisbréf fyrir umsjónarmann háskólahússins.*

1. gr. Umsjónarmaður skal sjá um, að húsið sé opnað í tæka tíð að morgni, áður en kennsla hefst, og loka því á kvöldin, venjulega kl. 9.
2. gr. Umsjónarmaður skal sjá um ræsting hússins, að stofur allar og anddyri sé hreinsað vandlega eftir þörfum. Hann skal sjá um, að útidyrþrep séu þrifaleg. Hann dregur upp flögg eftir fyrirlagi rektors.

33 Birt í Árbók Háskólans 1940–1941, bls. 82–83.



*Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda fór fram 3. og 4. september 1959 í kennarastofu Háskólans. Jens Otto Kragh, utanríkisráðherra Dana, situr fremst til hægri við borðið.*

3. gr. Umsjónarmaður skal hafa eftirlit með hitun hússins og sjá um, að jafnan sé hæfilegur hiti.
4. gr. Umsjónarmaður hefur eftirlit með húsgögnum og öðrum munum háskólans. Hann skal sjá um, að ljósatæki séu í góðu lagi. Hann annast viðgerðir á húsi og húsmunum eftir þörfum, jafnskjótt sem því verður við komið. Hann sér um, að töflur séu hreinsaðar og að krít og svampur sé í kennslustofum. Enn fremur að jafnan séu hreinar þurrkur, sápa og pappír í ræstingarklefum og salernum.
5. gr. Umsjónarmaður skal sjá um, að hátíðasalur, kapella og söfn háskólans séu lokuð, þegar ekki er verið að nota þau. Hann skal gæta lykla að skráum í húsinu og ekki afhenda þá öðrum en þeim, sem rektor leyfir. Skal hann gera skrá um nöfn þeirra manna, sem hann afhendir lykla, og að hvaða stofum þeir gangi.
6. gr. Umsjónarmaður skal gæta nákvæms sparnaðar í öllum störfum sínum og hafa eftirlit með því, að ekki sé eytt um of kolum, rafmagni né ræstingarvörum. Hann skal framkvæma sjálfur sem mest af minni háttar viðgerðum.
7. gr. Umsjónarmaður skal annast þau störf, sem háskólakennarar biðja hann um í þarfir háskólans.
8. gr. Umsjónarmaður skal leiðbeina þeim, sem eiga erindi í háskólann.





*David Ben Gurion, forsætisráðherra Ísraelsmanna, kom í opinbera heimsókn til Íslands í septembermánuði 1962 og sótti þá m. a. Háskólann heim. Hér ræðir hann (t. v.) við Ármann Snævarr háskólarektor á rektorsskrifstofunni.*

9. gr. Umsjónarmaður má ekki hafa annað starf á hendi, nema með samþykki háskólaráðs.
10. gr. Umsjónarmaður skal ganga eftir því, að reglum um afnot hússins sé fylgt.
11. gr. Nú sýkist dyravörður [svo], eða er fjarverandi með rektorsleyfi, og skal hann þá jafnan setja í sinn stað mann, sem rektor háskólans tekur gildan. Láti dyravörður þetta undir höfuð leggjast, ræður rektor mann í stað hans á hans kostnað, enda hefur háskólaráðið vald til að víkja dyraverðinum frá stöðu hans, ef hann þykir ekki rækja ofangreind störf sín á viðunandi hátt.



*Óskar Bjarnasen, umsjónarmaður Háskólans frá 1940 (d. 1957).*

*Reglur um afnot háskólahússins.*

1. gr. Húsið er að jafnaði opnað kl. 8 að morgni og því lokað kl. 9 að kveldi hvern virkan dag, ef því verður við komið. Á helgum kl. 10–7, og lengur ef þarf.
2. gr. Kennarar, stúdentar og starfsmenn skulu ganga hreinlega um húsið. Þess sé vandlega gætt, að láta ekki ljós loga að óþörfu. Fara skal vel með alla húsmuni og tæki háskólans.
3. gr. Ekki má reykja í kennslustofum, söfnum, hátíðasal né kapellu, og ekki í göngum hússins, nema þar sem steingólf er.
4. gr. Menn skulu forðast að trufla kennslu eða aðra vinnu með háreysti í anddyri og göngum.“

Í Skjalasafni Háskólans eru geymd mörg bréf frá Óskari Bjarnasen, þar sem glöggst sést að hann hefur tekið starf sitt alvarlega og fór hann fram á atbeina rektors eða háskólaráðs við úrlausn ýmissa vandamála, sem snertu bygginguna og notkun hennar. Hafa m. a. varðveist allmargar skýrslur hans um ýmsa notkun hússins.

Sem dæmi um erindi hans af þessu tagi má nefna bréf til háskólaráðs frá 19. febrúar 1954, þar sem segir:

„Ég vil vekja athygli háttvirts háskólaráðs á eftirfarandi: Óhjákvæmilegt er að láta lagfæra hitaleiðslur í háskólanum á komandi sumri. Í kjallara norðurenda (þar sem Húsmæðrakennaraskólinn nú er til húsa) er víða sprungin (tærð) aðalleiðslan og veldur það leka og skemmdum. Til þess að lagfæra þetta verður að rífa upp mikinn hluta eldhúsinnréttingar Húsmæðrakennaraskólans, svo að hægt sé að komast að pípunum. –

Í þessu sambandi vil ég benda á, að nú á Húsmæðrakennaraskólinn, skv. ákvörðun háskólaráðs, að víkja úr þessu húsnæði í vor. Væri því heppilegast, alls vegna, og ekki síst vegna kostnaðarins, að láta þá, að lokinni viðgerð hitakerfisins, ganga frá húsnæði þessu eins og það á að verða í framtíðinni, miðað við þarfir háskólans. Jafnframt tel ég sjálfsagt að ganga frá kjallara undir anddyrinu, en þar er algerlega óinnréttað, en nú að verða þörf á því rúmi handa bókasafninu. Þar (í kjallaranum) er nú aðallega ýmis. dót, er tilheyrir Húsmæðrakennaraskólanum. – Alla glugga byggingarinnar (að utan) þarf að mála. Þeir liggja allvíða undir skemmdum og leka. Víða þarf að mála innanhúss, t. d. kennarastofu, nokkrar kennslustofur, snyrtiherbergi og stigaganga. Þak byggingarinnar þarf að athuga og yfirfara. S. l. vetur hefur orðið vart við leka hér og hvar. – Allar þessar lagfæringar hljóta að taka allmikinn tíma. Væri því mjög æskilegt, ef komizt yrði hjá ýmsum utanaðkomandi átroðningi, mótum og fundarhöldum ýmissa óviðkomandi aðila, sem oft sækja fast að fá hér húsnæði á sumrum til slíkrar starfsemi.“

Annarra bréfa húsvarðar verður síðar getið.

Í viðtali frá 1988<sup>34</sup> segir *dr. Björn Sigfússon*, fyrrverandi háskólabókavörður, m. a. um Óskar:

„Óskar Bjarnasen húsvörður hafði auga fyrir því, hvað væri rétt regla og hvað væri engin regla. Hann var nauðsynlegur maður, svo að einhver vissi þetta þó. Ég minnst hans alltaf með virðingu. Það var í einhverjum revíubrag, sem sunginn var á háskólahátíð, að vikið var að þeim vana Óskars Bjarnasen að yppa öxlum, þegar allt fór úr skorðum: „Bókavörður stigana í stökki einu fer, stórverk vinnur Bjarnasen með öxlunum á sér ...“ Ekki þurfti nema að þessi lágt setti embættismaður Háskólans ypti öxl, þá var það til marks um að það var eitthvað, sem hafði farið úr skorðum. Bjarnasen var svo virðulegur maður í framgöngu, að sumir tóku hann fyrir háskólarektor. Það var eðlilegt, því að það skipti alltaf um rektora en aldrei um Óskar Bjarnasen, til dánardægurs!“

### *Kostnaður og viðhald*

Þótt háskólahúsið þætti glæsilegt og að flestu leyti vel vandað, fór ekki hjá því, að fljótlega kæmu fram einhverjir gallar á því, sem þörfnuðust úrbóta, og er svo oftast um stórbyggingar. Ber í því sambandi að hafa hugfast, að sumt byggingarefnið hafði verið notað í tilraunaskyni.

34 Viðtalið birtist í heimildarmynd um dr. Björn, sem Kynningarnefnd Háskólans lét gera. Viðmælandi dr. Björns var Einar Sigurðsson háskólabókavörður.



*Tveir þjóðkunnir háskólakennarar, þeir prófessorarnir Símón Jóh. Ágústsson og Sigurður Nordal, rabba saman á bókamarkaði. Myndin er væntanlega tekin um 1960.*

Í bréfi háskólarektors til húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúelssonar, frá 5. september 1942 (afrit í Skjalasafni Háskólans) segir:

„Við notkun háskólabyggingarinnar fyrstu 2 árin hafa eftirfarandi gallar komið í ljós:

- I. Vindopin undir gluggum, sem ætluð eru til lofthreinsunar, hafa reynst mjög óheppileg. Einkum hefir borið á þessu á austurhliðinni þegar rok hefir verið og rigning. Hvín þá í þessum rennum svo að vart er hægt að talast við í þeim herbergjum, sem til austurs snúa, en þar eru margar kennslustofur. Hefir það komið fyrir að kennarar hafa orðið að flytja með nemendur sína yfir í vesturstofur. Sama er að segja um norðurhlið lestrarstofunnar og berst einnig allmikið ryk inn um þessi op þótt þau séu lokuð. Ég tel því nauðsynlegt að láta nú þegar múra upp í þessi vindop, a. m. k. á austurhliðinni og norðurhlið lestrarsals.
- II. Kennaraborð í kennslustofum eru of nálægt vegg, svo að erfitt er fyrir gildvaxna kennara að smeygja sér þar á milli og njóta þess rýmis sem hverjum kennara er nauðsynlegt. Þetta er auðvelt að laga með því að flytja kennaraborð nokkuð framar.
- III. Svörtu súlurnar í anddyri hafa vandið miklum vonbrigðum. Eftir að cellulose-lakkið, sem sett var á súlurnar, hefir verið tekið burtu sjást sprungur hingað og þangað um allar súlurnar, sem er til mikillar óprýði og einkum eru samskeytin ljót að sjá. Sú aðgerð er nú fer fram virðist bæta að nokkru úr ágöllum þeim, er ég hefi nefnt, en alls ekki fullnægjandi eða viðunandi í svo glæsilegri byggingu. Mér virðist því athugandi hvort ekki væri rétt að svartmála allar súlurnar til þess að samræma útlitið, þótt hinu verði ekki neitað, að málning ætti í raun og veru ekki að vera á þessum súlum.
- IV. Brúnu hellurnar í anddyri hátíðarsals hafa sömuleiðis reynzt illa. Eftir að cellulose-lakkið hafði flagnað af á mörgum hellum og lakkið að lokum var tekið af í vor, til þess að fitan, sem í ljós kom, gæti horfið, virðist salt hafa komið fram, sem hlýtur að stafa af óhreinum sandi, er notaður hefir verið í hellurnar. Viðgerð sú, er nú fer fram, virðist ekki geta ráðið bót á ágöllum þessum svo að útlitið verði viðunandi. Ég álít því, að til mála geti komið að láta mála brúnu hellurnar til þess að fá betra útlit þótt hins vegar væri mjög æskilegt að geta komist hjá því.
- V. Silfurbergshvelfingin í anddyri, sem gæti verið mjög fögur, ef hún væri uppljómuð á réttan hátt, nýtur sín ekki vegna þess að enn hefir ekki tekist að varpa ljósi á hana svo að kristallarnir glitri. Er því nauðsynlegt að reyna að leysa þetta mál og e. t. v. njóta til þess aðstoðar sérfræðings í ljósbroti.“

Í Skjalasafni Háskólans gefur að finna eftirfarandi sundurliðaðan byggingarreikning Háskólans fyrir árin 1935 (svo) til 1944, sem sendur var húsameistaraembættinu 30. október 1944, og virðist sem þetta hafi verið endanlegt uppgjör byggingarkostnaðar:

### *Gjöld.*

1. Gröftur og utanhúsverk	59.203,71
2. Húsið sjálft	1.145.128,31
3. Raflagnir með búnaði	86.229,24
4. Hita-, hreinlætis- og loftræstingartæki	218.986,75
5. Kork - dúkar - einangrun og veggfóður	74.305,51
6. Málning og vinna	80.079,13
7. Fastir og lausir innanstokksmunir	268.502,90
8. Uppdrættir, eftirlit o. fl.	88.915,90
9. Vextir	<u>131.408,48</u>
	<u>Krónur 2.152.759,93</u>

### *Tekjur*

1. Byggingarsjóður Háskólans	21.967,56
2. Frá Hapdrættinu	<u>2.130.792,37</u>
	<u>Krónur 2.152.759,93</u>

## *Dansskemmtanir stúdenta*

Á stríðsárunum, meðan stúdentar höfðu ekki afnot Stúdentagarðsins við Hringbraut, voru oft haldnir dansleikir í kjallara aðalbyggingar, þar sem þá var einnig mótuneyti stúdenta. Verður ráðið af heimildum, að sumum hafi þótt heldur suksamt á þessum skemmtunum, a. m. k. lagðist umsjónarmaður Háskólans algerlega gegn þeim, sbr. t. d. bréf hans til rektors frá 25. febrúar 1941 (í Skjalasafni Háskólans):

„Þér báðuð mig, herra rektor, að senda yður skýrslu um dansleik stúdenta, sem haldinn var hér í háskólanum 23. þ. m. Skal eg hér minnst á það, sem ég álít að máli skifti í sambandi við dansleik þenna og hegðan alla þar. – Yfirleitt var drykkjuskapur mikill, en þeir, sem kunnir eru þessum dansleikjum, segja þó, að ekki hafi það verið meira en venja er, á dansleikjum stúdenta yfirleitt. Einn hafði þó orð á því, að meira hafi borið á þessum drykkjuskap í þetta sinn en fyrr. Kenni ég þar um húsnæðinu. Allir verða að vera í sömu stofunum, húsrúm yfirleitt lítið og langt frá því að vera eins frjálst og t. d. á Garði. – Spellvirki voru engin framin, aðeins brotin ein rúða, en það var af völdum utanaðkomandi manns, sem kom og bað gott fyrir daginn eftir og greiðir allan kostnað af þessu rúðubroti. – Slagsmál voru engin, aðeins smáryskingar og það síðast. Þó kom það fyrir, að einn stúdent varð fyrir kjaftshöggi af öðrum félaga sínum, sem orsakaði að úr honum hrotu 2 eða 3 tennur og efrivörin sprakk. Varð hann að hætta að skemta sér



vegna þessa. Um orsakir að þessu kjaftshöggi er mér ókunnugt en eg hefi heyrt að sá, er verkið vann, hafi talið hinn ætla að taka undan sér stólinn. Aftur á móti segir sá, er fyrir þessu varð, að hann hafi aðeins beðið um að fá að komast framhjá hinum, sem sat að drykkju með félögum sínum. – Eg stoppaði „musikina“ kl. 3 og óskaði jafnframt eftir að gestir þá færu að hugsa til heimferða. En þrátt fyrir kurteisa ósk og að lokum hótanir, tókst ekki að koma öllum út fyr en undir kl. 5. – Það verður ekki hjá því komist að viðurkenna að drykkjuskapur var þarna fram yfir það, sem kallast getur sæmandi siðuðum mönnum, en hvort slíkt er venja yfirleitt meðal námsmanna er mér ókunnugt og breytir ekkert þeim raunveruleika að þannig var það. – Annars vil ég í þessu sambandi taka fram, að nær er óþolandi fyrir gæslumann hússins og fjölskyldu hans allur sá átroðningur, sem orsakast af þessum dansleikjum hér. Alla nóttina sífellt ráp um hýbýli mín, án tillits til þess að fólk mitt er gengið til hvíldar, til þess að ná í síma. Hávaði mikill og ráp, sem eyðileggur alt, sem kallast heimilisfriður. – Eg skil mæta vel erfiðleika stúdenta síðan Garður var af þeim tekinn, en eg tel ekki sjálfsagt, þótt að háskólinn hafi verið lánaður þeim fyrir matstofur, að lána hann undir dansleiki, sem, vægast sagt, ekki auka á virðingu, hvorki þeirra sjálfra né stofnunarinnar í heild. – Því verður ekki neitað að það er afar leiðinlegt að þurfa, t. d. að kalla á hjálp lögreglunnar til að skakka leikinn á skemtunum innan háskólans. – Eg mæli með þeirri ákvörðun yðar, herra rektor, um að lána ekki húsnæði í háskólanum, hvar sem það er, undir dansleiki.“

Svo virðist helst sem háskólayfirvöld hafi verið tvístígandi í afstöðu sinni til þessara dansleikja; almennt lagst gegn þeim en þó iðulega gefið undanþágu frá meginreglunni.

Þá tóku á þessum fyrstu árum starfseminnar í háskólabyggingunni að tíðkast svokallaðir „áramótadansleikir“ stúdenta, sem haldnir voru í anddyri byggingarinnar. Þeir, sem þar tóku þátt í, minnst þess margir enn hve þar var oft glatt á hjalla og glæsibragur á ýmsu, m. a. sérstakar danssýningar, sem tengdust dansleikjunum. Nokkur



áfengisneysla fylgdi þó þessum skemmtunum og þótti sumum ganga úr hófi fram. Eftir einn dansleikinn gekk háskólarektor, *Jón Hjaltalín Sigurðsson*, um anddyrið og tók þá eftir því, að mikið var um varalít á veggjunum. Varð honum þá að orði: „Aumingja stúlkurnar, að þurfa að kyssa kaldan vegg!“ en hann var hinn mesti hægletismaður og hafði ekki fleiri orð um.<sup>35</sup>

Í Stúdentablaði, októberhefti 1958, ritaði *Sigurður Líndal* stud. jur. grein, er hann nefndi „Áramótafagnaður stúdenta og anddyri Háskólans,“ og segir þar m. a.:

„Árið 1940 var að tilhlutan stúdentaráðs stofnað Skemmtifélag háskólastúdenta, og var tilgangur þess sá að sjá háskólastúdentum fyrir ódýrum og hentugum skemmtunum. Þá eins og nú var eitt helzta vandamálið að finna slíkum samkomum hentugan samastað, en forráðamenn þessa félags unnu sér það til ágætis að leysa þetta vandamál á snjallari og eftirminnilegri hátt en áður hafði tekizt. Lausnin var í því fölginn, að efnt var til áramótafagnaðar í anddyri háskólans á gamlárskvöld 1941. Var framkvæmdastjóri félagsins þáverandi stud. jur. Gunnlaugur Þórðarson og mun hann hafa átt hugmyndina að þessari lausn. Urðu síðan áramótadansleikir þessir fastir liðir í háskólalífinu næstu árin. Er það einróma álit þeirra, sem samkomur þessar sóttu, að þær hafi verið með

---

35 Úr viðtali höfundar við Ásberg Sigurðsson, fyrrum borgarfógeta, í desember 1987.





miklum glæsibrag og farið vel fram, enda urðu þær stúdentum brátt örugg tekjulind. – Ekki stóð þó friðurinn lengi, því að áður en varði voru þau öfl komin á stúfana, sem einhverra hluta vegna hafa kjörið sér það hlutverk að leggja stúdentana í einelti með rógi og illmælum. Þjóðviljinn reið á vaðið 8. janúar 1944 og birti næsta ófagra lýsingu á samkomunni, en „frú ein“ var fyrir frásögninni borin. Fullyrt var, að meginþorri stúdentanna hefði verið svo ölvaður, að hann hefði með öllu gleymt þeirri háttþrýði, sem af stúdentum verður að krefjast og próffessorar hefðu verið þar á sama stigi og ögrað stúdentum til að þreyta drykkjuna sem fastast. „Andstyggilegt fyllirússkrall“ voru ályktarorðin í grein þessari. – Hér var þó ekki látið staðar numið, því að skyndilega bættist þessum siðgæðisvörðum nýr liðsmaður og hann úr hópi háskólastúdentana sjálfra. Samband bindindisfélaga í skólum gekkst fyrir svokölluðu bindindismálakvöldi í útvarpinu 30. janúar þetta ár ... og var áramótadansleiknum lýst sem fullkomnum drykkjuærslum, þar sem fjöldi manna hefði legið ósjálfbjarga í ölvímu, borðum verið velt og önnur hervirki framin. Vegna þessarar ræðu birti stúdentaráð yfirlýsingu, þar sem sögusagnir ræðumanns voru lýstar ýkjur eða hreinn uppspuni, jafnframt því, sem það var harmað, að maður úr hópi háskólastúdentana skyldi ganga fram fyrir skjöldu í því að rýra heiður háskólans og sverta skólafélaga sína í augum landsmanna að ástæðulausu. Þessi yfirlýsing var birt í útvarpi og öllum blöðum fyrstu dagana í febrúar 1944, en Þjóðviljinn endurtók árásir sínar á stúdentana sem svar við yfirlýsingunni ... Skrif

Þjóðviljans urðu ... til þess, að þáverandi menntamálaráðherra, Einar Arnórsson, ritaði háskólaráði bréf og mun það hafa leitt til þess að rannsókn var látin fara fram á því, við hver rök söguburður Þjóðviljans hefði að styðjast. Ekki er mér kunnugt um það, hver niðurstaða þeirrar rannsóknar varð, en hitt er staðreynd, að engin áhrif hafði þessi úlfapytur á framhald dansleikjanna. – Á þessu þriggja ára tímabili, sem áramótadansleikirnir höfðu verið haldnir, kom í ljós, að ýmislegt þurfti að bæta í sambandi við fjárhagslega framkvæmd þeirra, þar sem ágóði var ekki eins mikill og verið gæti. Um mál þetta var haldinn almennur stúdentafundur 25. marz 1944, og voru ýmsar breytingar ákveðnar, meðal annars sú, að stúdentaráðið tæki sjálft að sér framkvæmd dansleikjanna. Með þessari nýju skipan voru dansleikirnir haldnir fjórum sinnum, við áramót 1944–45, 45–46, 46–47, 47–48, en í janúar 1948 hófst rógsherferðin að nýju ... Óhætt er að fullyrða, að það sé sameiginlegt álit stúdenta þeirra, sem samkomur þessar sóttu, að þær hafi í öllum höfuðatriðum farið vel fram og þær hafi verið með meiri myndar- og glæsibrag en nokkrar samkomur stúdenta sennilega fyrr og síðar. Vitanlega mátti finna misfellur, ef vel var að gáð, en í því sambandi ber að hafa eftirfarandi staðreyndir í huga: – Samkomur þessar voru miklu fjölmennari en áður hafði tíðkast, en slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér óþekktu erfiðleika, sem ekki verður ráðið fram úr, nema að fenginni nokkurri reynslu. Og einmitt árin 1943 og 1947 urðu þau mistök, að helzt til mörgum var hleypt inn. Var slíkt að vísu aðfinnsluvert, en gat þó engan veginn réttlætt þau rógskrif, sem viðhöfð voru. Í öðru lagi má benda á það, að jafnan var mikil ásókn ýmissa utanaðkomandi manna, að komast á samkomur þessar, og tókst ekki ávallt að stemma algerlega stigu við nærveru þeirra, þótt af alefli væri reynt, en af þessum mönnum var sjaldnast nein prýði. Þá er og alkunnug sú staðreynd, að í hópi stúdenta sjálfra er einnig nokkur hópur manna, sem sama má segja um, og að sjálfsögðu var ekki algerlega hægt að bægja þeim burt af þessum samkomum fremur en öðrum samkomum stúdenta. Loks má benda á það, að ekki voru þeir, sem fyrir dansleiknum stóðu, alltaf jafn vel vanda sínum vaxnir og varð þeim því ekki öllum jafnvel ágengt í því að láta samkomur þessar fara vel fram. – Þannig gátu þeir, sem gerðu sér sérstakt far um að leita uppi það, sem aflaga fór, ýktu síðan og afskræmdu það, sem þeir sáu, eftir þörfum og geðþótta náð góðum árangri í iðju sinni, svo sem og raun varð á. – Háskólaráð tilkynnti stúdentaráði með bréfi dags. 17. sept. 1948, að anddyri háskólans yrði ekki lánað framvegis og hefur þeirri ákvörðun ekki verið hnikað síðan. – Ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun munu vera sem hér segir: 1. Virðingu háskólans er misboðið með þessari samkomu. 2. Hún veldur sliti á húsi og húsmunum háskólans. 3. Slysahætta í anddyrinu ... Þess hefur hvað eftir annað verið farið á leit við háskólaráð, að það fyrir sitt leyti leyfði dansleikjahald í anddyrinu og yrði ágóðanum þá varið til einhverra nytsamlegra framkvæmda, sem það gæti samþykkt. En öllu hefur verið synjað og án þess að nokkur sérstök rök væru færð fyrir synjuninni og án þess að bent væri á nokkrar hliðstæðar tekjuöflunarleiðir. Er ekki að neita því, að þessi afstaða háskólaráðs hefur valdið

stúdentum allmiklum vonbrigðum, því að vitanlega mundi sá hagnaður, sem hér yrði, koma háskólanum að notum, ekki síður en stúdentum. Við þetta bætist svo það, að stúdentar verða iðulega fyrir aðfinningum ráðamanna háskólans og þeir sakaðir um framtaksleysi og deyfð við að sinna hagsmunamálum sínum ...“

Haustið 1959 samþykkti háskólaráð loks að leyfa áramótafagnað í anddyri Háskólans, en menntamálaráðherra beitti þá valdi sínu og gaf fyrirmæli um, að samkoman færi eigi fram. Olli þetta mikilli reiði meðal margra forystumanna stúdenta.<sup>36</sup> Allmörgum árum síðar var dansleikur þó leyfður í anddyri, svo sem greint verður frá á öðrum stað.

### *Háskólabókasafn*

Háskólabókasafn, sem sérstök háskólastofnun eða vísir að stofnun, tók fyrst til starfa eftir að flutt var í hina nýju byggingu Háskólans og þóttu þá húsakynni þess rúmgóð í fyrstu. Var *dr. Einar Ólafur Sveinsson*, síðar prófessor, ráðinn fyrsti forstöðumaður safnsins og skipaður háskólabókavörður árið 1943. Tveim árum síðar tók *dr. Björn Sigfússon* við því embætti og gegndi hann því um áratuga skeið, fyrst sem hinn eini starfsmaður safnsins en síðar (1964) fékk hann fastan aðstoðarmann (Einar Sigurðsson, síðar háskólabókavörð) og enn síðar fjölgaði starfsmönnum.

Í upphafi starfsemi safnsins setti háskólaráð því eftirfarandi reglur, sem lengi var fylgt í stórum dráttum:<sup>37</sup>

- „1. gr. Lestrarsalurinn er opinn kl. 13–19 hvern virkan dag, en afgreiðsla bóka, sem eru ekki í handbókasafni, verður fyrst um sinn einungis kl. 13–15 og 17–19.
2. gr. Kennurum og nemendum háskólans, svo og kandidötum, er heimilt að nota handrit og bækur bókasafnsins á lestrarsal. Bókaverði er heimilt að leyfa öðrum að nota safnið, enda geri þeir honum nægilega grein fyrir nauðsyn sinni á því.
3. gr. Sérhver gestur á lestrarsal skal rita nafn sitt í gestabók safnsins. Menn skilji töskur og annað því líkt eftir í fatageymslunni, en heimilt er þeim að hafa með sér bækur sínar inn á lestrarsalinn, enda sýni menn þær bókaverði áður en þeir fara út aftur.
4. gr. Á lestrarsal skulu menn hafa hljótt um sig, og er hvers kyns tal bannað.
5. gr. Bækur þær, sem lestrarsalsgestir nota úr handbókasafni, skulu þeir þegar eftir notkun láta á sinn stað. Óski þeir að fá aðrar bækur, skulu þeir fylla þar til gerð eyðublöð. Nú vilja þeir nota sömu bók lengur en einn dag, segi þeir bókaverði

36 Sjá m. a. greinina „Pereat“ í Stúdentablaði, 7. febrúar 1959.

37 Reglurnar eru birtar í Árbók Háskólans 1940–1941, bls. 81–82.

til, og verður hún þá geymd þeim til næsta dags, enda sé það ekki handbók né kennslubók.

6. gr. Bannað er að krotta í bækurnar, brjóta blöð eða skemma þær á annan hátt, og sæta skemmdir skaðabótaskyldu.
7. gr. Mönnum er með öllu óheimilt að hafa með sér bækur safnsins út af lestrarsal, sbr. þó 9. gr. og 10. gr.
8. gr. Bókavörður getur veitt stúdentum leyfi til að sitja á lestrarsal við lestur á morgnana kl. 9–12, enda útvegi stúdentaráðið gæzlumenn sem hann tekur gilda. Er þeim skylt að gæta þess, að settum reglum sé fylgt, og fá þeir um það nákvæmari bendingar frá bókaverði. Gæzlumaður skrifi nafn sitt í þar til ætlaða bók, og sé tiltekið, hvenær hann byrjaði gæzluna og hvenær hann lét af henni.
9. gr. Engar bækur verða lánaðar út úr lestrarsal, nema sérstökum stofnunum háskólans, svo og prófessorum og dócentum, þó ekki bækur úr handbókasafni, nema daglangt. Kennarar mega ekki taka neinar bækur, sem þeir fá að láni, út úr húsinu, enda séu þær tiltækar með hæfilegum fyrirvara, ef þeirra er þörf í lestrarsal.
10. gr. Verði hafðar lestrarstofur fyrir háskólastúdenta annars staðar í húsinu, setur bókavörður um það sérstakar reglur.
11. gr. Bókavörður getur leyft mönnum, sem vinna að sérstökum vísindaverkum, aðgang að sérlestrarstofu, og fylgja því þessi hlunnindi: 1) Þeir fá lykla að lestrarsal og sérlestrarstofu, svo að þeir geti komizt inn á hvaða tíma sem er, frá kl. 8–22 á virkum dögum og kl. 10–19 á helgum, enda er þeim skylt að gæta þess vandlega, að loka jafnan, er þeir ganga um, og óheimilt er þeim að hleypa nokkrum óviðkomandi manni inn með sér. 2) Þeir mega halda þeim bókum, er þeir fá að láni, í viku, en þá verða þeir að skila þeim eða endurnýja þær. Þeim eru heimil afnot handbóka lestrarsals sem öðrum gestum, enda hlíti þeir um þau sömu reglum. Bækur í sérlestrarstofu séu þó tiltækar í lestrarsal, sé þess þörf og sé eigi verið að nota þær þá stund.“

Í viðtali, sem tekið var við *dr. Björn Sigfússon* að tilhlutan Kynningarnefndar Háskólans snemma árs 1988,<sup>38</sup> segir hann m. a. um fyrstu starfsár safnsins:

„Tilkoma Háskólabókasafns var *afleiðing* af tilkomu háskólahúss. Ekki það, að ekki hefði fyrir löngu þurft að stofna bókasafn við Háskólann, en „fyrst eru húsin“, eins og Alexander Jóhannesson sagði ævinlega. Og þegar hér var komið hús, þá var fundið upp nafnið „háskólabókasafn“. Það nafn komst hins vegar hvergi á prent í þeim ritum, sem kostuð voru af opinberu fé, og hvergi í lögum eða reglugerðum, fyrr en Finnur

38 Einar Sigurðsson, háskólabókavörður, var viðmælandi *dr. Björns*, en viðtalið var tekið á myndband.

*Helge Sönneland var fulltrúi norskra stúdenta við 1. desember hátíðahöldin 1967 í boði Stúdentafélags Háskólans. Hér er hann á Háskólabókasafni að fletta í ljósprentuðu handriti fornu ásamt dr. Birni Sigfússyni háskólabókaverði og Böðvari Guðmundssyni stud. mag.*



Sigmundsson tók það inn í lög um Landsbókasafn árið 1949. – Árið 1945 var hér á safninu hreint borð. Og þessu undi fyrirrennari minn, dr. Einar Ólafur Sveinsson, betur en ef hann hefði verið settur í milli margra tækja, sem hann hefði sagt um: „Ég verð að fá konuna mína til þess að vita hvort þetta er í lagi eða hvort það er allt ónýtt“, – en hún var nefnilega verslunarmennuð. Og þegar ég sótti til hans ráðleggingar, einkum fyrstu vikunar eftir að hann varð prófssor en ég settur í bókavardarstarfið, þá voru svör hans m. a. á þessa leið: „Það á enginn sími að vera í bókasafni, hann truflar svo mikið. Það er óþarfi að hafa ritvél í safninu, það er alltaf hægt að láta einhverja stúlku, annað hvort á háskólaskrifstofunni eða úti í bæ, vélrita fyrir sig það, sem þarf að vera vélritað. Það heyrir talsvert í ritvélinni og það truflar gestina. Bókavörðurinn verður að sitja í salnum (í dálitlum krók, sem þar var þá innréttaður) til að hafa auga með lestrargestum. Hann má ekki láta lestrargestina komast upp með það að sitja snögglædda. Það er ekki gert í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn og það er virðulegra að menn sitji í jökkunum. En ritvél kann nú að þurfa einhverntíma, en það liggur ekkert á því.“ Ég fór daginn eftir til rektors og herti á honum með að fá síma eins fljótt og mögulegt væri, því að annað væri ógerningur og óheyrt í veröldinni, að hafa safn símalaust. Svona vorum við alltaf ásáttir um það, við dr. Einar, að hafa sína skoðunina hvor á praktískum hlutum, sem við þekktum báðir vel, hvor frá sínu sjónarmiði. En í þjónustu við safngestina var alveg sama hvor okkar afgreiddi: Notkunin á lestrarsalnum var öll hin sama, þau þrjú árin seinustu, sem hann var bókavörður, og tvö–þrjú fyrstu árin, sem ég var þar. Gagnvart stúdentum vorum við sem einn maður, en í öllu, sem hét tækni, vorum við einhvern veginn óvart sáttir um að hafa alveg andstæðar skoðanir. Hefði ég þá átt kost á miklu meiri tækni, hefði ég að sjálfsögðu sóst eftir henni. Og rektorinn, sem þetta skildi strax, þegar hann kom til sögunnar fáum árum seinna, var Alexander Jóhannesson. Á þessum árum var t. d. erfitt að fá síma og það var langur afgreiðslufrestur. Því það ég



*Hluti bókasafns Einars skálds Benediktssonar í stofunni í Herdísarvík. Þorsteinn Jósefsson tók myndina um 1945, en árið 1950 var bókasafn Einars, sem hann hafði ánafnað Háskólanum, flutt í Háskólabókasafn í Aðalbyggingu.*

Alexander, að hann komst gegn um allar girðingar. Skömmu seinna sagði hann mér, í meira lagi glaðlegur: „Síminn er kominn. Það er sími Þóru, ekkju Jóns Magnússonar forsætisráðherra. Hún þarf ekki lengur símann, þetta er góður sími.“ Ritvélin fékk ég hjá Óskari Bjarnasen húsverði. Ég fékk eina gamla, vel brúklega en ekki góða, sem ég notaði síðan lengi. Þannig var einnig bjargast með því að betla stóla og smábörð hér og þar úr húsakynnum Háskólans. Það var mikið um slíka „sameign“ hluta þegar ekki lágu peningar lausir til að kaupa þá. Og yfirleitt var þetta frumbýlingsbúskapur, sem ekki þarf nánar að lýsa. Það var ekki laust við, að í mér væri sá stráksskapur, að láta sjást óreiðuna og sóðaskapinn, sem átti sína skýringu í fátæktinni, því að ég gat ekki séð að ég fengi neinn stuðning háskólaráðsmanna nema sýna þeim hvað safnið var fyrir neðan allar hellur!“

Nokkrum árum fyrir andlát sitt (1940) hafði *Einar skáld Benediktsson* ánafnað Háskólanum bókasafn sitt, ásamt eignarjörð sinni, Herdísarvík í Selvogi, en þar bjó hann síðustu æviár sín ásamt sambýliskonu sinni, Hlín Johnson, sem annaðist skáldið vel. Seinna var þetta stórmerka bókasafn flutt úr Herdísarvík á Háskólabókasafnið og því komið þar fyrir í sérstöku og rammyggilegu herbergi í kjallara, sem síðan var kallað „Herdísarvík“. Um þessa bókaflutninga segir dr. Björn í fyrrnefndu viðtali:

„Hlín Johnson var furðuleg kona og stóð sig vel. Ég kom ekki inn í hús í Herdísarvík fyrr en 1946, held ég, til að sjá hvernig bókum Einars liði. Hlín varðveitti þær bækur til ársins 1950. Þá dreymdi hana, að Einar skáld, sem hún stóð alltaf í draumasambandi við og ég held vökusambandi líka, þótt ekki væri hún skyggn, kæmi til sín og segði við sig:

„Láttu nú Pétur Sigurðsson sækja bækurnar.“ Þá voru tíu ár liðin frá láti Einars. Einar hafði verið þar svipur þessi tíu ár að hyggja í bækur sínar og fletta þeim upp, sagði Hlín. Ég spurði, fyrir milligöngu Péturs, hvort þetta mætti ekki bíða þar til eftir Góu, því að allra veðra var von og ég vildi ekki bleyta bækurnar. „Nei, Einar sér fyrir því,“ sagði Hlín við Pétur Sigurðsson, vin sinn og Einars. „Má það ekki dragast nokkra daga?“ „Nei, það á að gerast á morgun!“ Pétur skilaði þessum orðum til mín. Ég náði í truck, yfirbyggðan, og einhverjir stúdentar fengu tilmæli um að koma með, þannig að þetta var vel mannaður leiðangur. Við höfðum með nokkra tugi af pappakössum og sóttum bækurnar. Ferðin gekk afbragðsvel, blíðuveður var þangað til nóttina eftir, en þá spilltist veðrið, eins og Einar hafði séð fyrir!“

### *Tónleikar, leiksýningar o. fl.*

Auk opinberra háskólafyrirlestra, sem fluttir voru í hátíðarsal, voru einnig snemma teknir upp háskólatónleikar í salnum og var sú starfsemi uppi í nokkur ár á þeim tímum og var svo tekin upp aftur síðar eftir allnokkurt hlé.

Í hátíðarræðu haustið 1941 sagði þáverandi háskólaректор, *Alexander Jóhannesson*, m. a.:<sup>39</sup>

„Háskólinn tók upp nýja starfsemi, að efna til *hljómleika* fyrir stúdenta og kennara, og miðar starfsemi þessi að því, að auka þekking stúdenta á dásendarverkum sannrar hljómlistar, en hún er bundin órjúfandi lögmálum samstillingar og hreimfalls og opnar heila veröld fegurðar, er allir stúdentar ættu að kynnast. Orðið fegurð merkir samstilling, samhæfing, og þeir, sem drekka í sig anda sannrar hljómlistar og skilja eðli hennar, verða sannari menn og fullkomnari. Þeir munu læra að skynja mismuninn á sannri hljómlist og villimannlegum garganstonum þeim, er nefndir eru „jazz“ og banna ætti í hverju siðuðu þjóðfélagi. Þessi afvegaleidda hljómlist, er æskulýðnum er nú boðin á dansleikjum, á sinn þátt í þeirri spillingu og taumleysi, er þjáir þjóð vora og til glötunar leiðir.“

Svokölluð leiknefnd Stúdentaráðs falaðist nokkrum sinnum eftir hátíðarsalnum til leiksýninga á fyrstu starfsárunum í nýju byggingunni og verður ekki betur séð en að háskólayfirvöld hafi orðið við því. Sem dæmi um bréfaskipti milli Stúdentaráðs og háskólayfirvalda, sem urðu af þessu tilefni, skal hér birtur kafli úr hinu fyrsta erindi Stúdentaráðs frá 26. nóvember 1943 (í Skjalasafni Háskólans), þar sem segir m. a.:

„Stúdentaráð Háskóla Íslands skipaði á fundi sínum 7. nóv. þ. á. undirritaða í nefnd

39 Árbók Háskólans 1941–1942, bls. 12.



*Þorkell Jóhannesson háskóla­rektor féll frá 31. október 1960. Hann er hinn eini háskóla­rektor, til þessa, sem andast hefur meðan hann enn gegndi embætti. Húskveðja fór fram í anddyri Háskólans. Prófessor Ólafur Björnsson, varaforseti háskóla­ráðs, minnst hér hins látna.*





*Kennarar Heimspekideildar ásamt háskólabókaverði bera kistu Þorkels Jóhannessonar úr háskólabýggingunni. Vinstra megin eru prófessorarnir Guðni Jónsson, Hreinn Benediktsson, Halldór Halldórsson og Steingrímur J. Þorsteinsson. Hægra megin: Sigurður Nordal, Símon Jóh. Ágústsson, Matthías Jónasson og Björn Sigfússon háskólabókavörður.*

til að athuga skilyrði fyrir að koma á fót leikstarfsemi innan háskólans. Var það einróma álit stúdentaráðs, að slíkt væri hinn mesti menningarauki. Mun leitun á þeim háskóla, þar sem engin slík starfsemi er um hönd höfð, enda er leiklist víða kennslugrein í hinum stærri þeirra. – Þar eð lítil sem engin reynsla um slíka starfsemi er fyrir hendi meðal stúdenta, þótti nefndinni ráð, að starfsemin væri hafin undir leiðsögn reynds leikstjóra, og helst með æfðum leikendum. Nefndin snéri sér í þessu skyni til frú Soffíu Guðlaugsdóttur, sem skýrði nefndinni frá, að hún hefði um nokkurt skeið haft hug á að koma á svið, hér í bænum, leikritinu „Pygmalion“ eftir Bernard Shaw, í íslenskri þýðingu Boga Ólafssonar yfirkennara. Leikrit þetta er, sem kunnugt er, ótvíræð hvöt til vandaðrar meðferðar tungunnar og mun hún sízt missa marks í hinni ágætu íslensku þýðingu. Kvaðst frúin hafa rætt þessi mál við ýmsa áhugamenn um þau efni, t. d. nokkra af kennurum heimspekideildar háskólans, og hafi þeir verið henni sammála um að víða væri pottur brotinn í þessum efnum, og þörf bráðra aðgerða ef vel á að fara. Tjáði frúin sig fúsa til að aðstoða stúdenta við að koma þessu leikriti á svið í háskólanum þar eð

hvorki hún, að sínu leyti, né stúdentar, hefðu von um húsnæði annarstaðar. Aðal hlutverkin yrðu þá í höndum reyndra leikenda og nemenda frú Soffíu (sem sumir eru stúdentar) en önnur hlutverk í höndum háskólastúdenta sjálfra. Þótti nefndinni hér bera vel í veiði og væntir þess, að háttvirt háskólaráð verði þessu menningarmáli hlynt og veiti því það brautargengi, sem nauðsynlegt er til að það nái fram að ganga. – Vér leyfum oss því hérmeð að fara þess á leit við háttvirt háskólaráð, að það leyfi sýningar á þessu leikriti og öðrum sambærilegum, framvegis, í hátíðasal háskólans og leyfi jafnframt þann viðbúnað, sem af þessu leiðir, enda sé hann gerður undir eftirliti umsjónarmanns háskólans, eða þess manns annars, sem háskólaráð kann þar til að nefna ... – Nefndin álitur, að með því að stofna nú í vetur til leiksýningar slíkrar sem þessarar, og með þeim hætti sem fyrr greinir og þá ekki sízt með því, að koma nú þegar upp nauðsynlegasta leiksviðsútbúnaði í sambandi við hátíðsalinn, sé þyngstu steinunum rutt úr götu leikstarfsemi stúdenta í framtíðinni, enda mun senn verða hafizt handa um stofnun félagsskapar meðal stúdenta í þessu augnamiði.“

Umsjónarmaður Háskólans lýsti sig samþykkan þessari fyrirætlan, en Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, sem beðinn var um umsögn segir í bréfi dags. 2. desember s. á (í Skjalasafni Háskólans):

„Eins og háskólaráði er kunnugt, er skreyting salsins mjög einföld. Af því leiðir, að ef hún mætir nokkru hnjaski ber mjög mikið á því, og væri mjög illa farið ef salurinn misti sitt fegurðargildi, því langt verður að bíða þar til við fáum hjer jafn „fínan“ sal. – Ef háskólaráð fer út á þá braut, að nota salinn til leiksýninga, tel jeg alveg nauðsynlegt að hafa mjög strangt eftirlit með þeim útbúnaði sem setja yrði inn í hann til leiksýninga.“

Hinn 15. janúar 1943 sendi Stúdentaráð háskólaráði eftirfarandi erindi um að málverkum verði komið fyrir í háskólabyggingunni (í Skjalasafni Háskólans):

„Á fundi stúdentaráðsins, sem haldinn var sunnud. 10. þ. m., var samþykkt að skora á háttvirt háskólaráð að beita sér fyrir að útvega hjá menntamálaráði málverk til þess að prýða húsakynni háskólans. – Menntamálaráð hefur á undanförunum árum keypt allmikið af málverkum handa fyrirhuguðu Listasafni ríkisins. Heyrzt hefur, að mörg þessara málverka séu geymd í skúmaskotum í kjöllumur hér og þar, eða hjá borgurum bæjarins. Þar sem ætla má, að það dragist enn um nokkurt skeið að koma upp listasafni, virðist það ekki fjarri að athuga, hvort menntamálaráð vildi ekki eftirláta háskólanum nokkur málverk til geymslu í hinum glæsilegu húsakynnum hans. – Með þessu væru slegnar tvær flugur í einu höggi: málverkunum tryggð örugg geymsla fyrst um sinn og háskólinn prýddur íslenskum listaverkum. Í kennslustofunum mundu málverk njóta sín ágæta vel og jafnframt draga nokkuð úr glym þeirra. – Stúdentaráð er þess albuíð að ljá sitt lið til

að þetta mál komist fram, og munu stúdentar fúslega aðstoða við öflun málverkanna og uppsetningu.“

Ekki fást nú áreiðanlegar upplýsingar um það, hvernig tekið var undir þessa beiðni, en málinu var þó a. m. k. haldið vakandi og 18. júní 1947 ritar *Eysteinn Jónsson*, þáverandi menntamálaráðherra, háskólarektor eftirfarandi bréf (í Skjalasafni Háskólans):

„Ríkisstjórninni hafa borizt að gjöf þær 14 myndir eftir norska listmálarann Edv. Munch, sem greindar eru í meðfylgjandi skrá. – Myndir þessar verða eign listasafns ríkisins, en með skírskotun til samtals ráðuneytisins og háskólarektors í gær, eru háskólanum hér með lánaðar myndirnar og skal þeim fyrst um sinn komið fyrir í háskólabyggingunni:

- I. „Historien“, lithografi, udkast til veggmaleries i Universitetets aula i Oslo.
- II. „Musikk“, lith., Munchs venn pianistinnen Bella Edwards og violinistinnen Eva Madocci.
- III. „Mennesket“, lith.
- IV. „Ved stranden“, radering.
- V. „Sommernatt i Åsgårdsstrand.“
- VI. „Kysset“, tresnitt.
- VII. „Gammel og ung kvinne“, tresnitt.
- VIII. „Tigeren“, lith.
- IX. „Syk pike“, radering.
- X. „Dödsrummet“, lith.
- XI. „Den ensomme“, tresnitt.
- XII. Portrett af Helge Rode, lith.
- XIII. Portrett af fru Munch, rad.
- XIV. „Kvinnen og fisken“, rad.“

Á því tímabili, sem hér um ræðir, eignaðist síðan háskólinn smám saman allnokkur málverk, sem honum voru færð að gjöf af ýmsu tilefni og komið var fyrir í háskólabyggingunni, einkum á kennarastofu og á skrifstofu rektors.

### *Húsmæðrakennaraskólinn*

Árið 1942 heimilaði háskólaráð, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands fengi inni í háskólabyggingunni til bráðabirgða „í norðurkjallara ... í þeim þrem herbergjum, er snúa til austurs.“ Var heimilað að láta höggva dyr á milli stofanna ef ástæða væri til, enda greiddi kennslumálaráðuneytið þann kostnað. Tók skólinn til starfa 6. október það ár og



Háværar raddir eru nú uppi um það, að komið verði á fót sérstakri deild við Háskóla Íslands, sem annist kennslu í æðri matargerð og skyldum fræðum.

*Vor háskóli eflist stöðugt að menntun til munns og handa,  
en matargerð er sú fræði, sem bráðum gnæfir þar efst.  
Því senn á honum að bætast sú námsdeild, sem vel skal vanda,  
og verkefni að tímans kröfu hans fræðimönnum þá gefst.*

*Þeir koma með námsefnið með sér hvern morgun í sínum greinum:  
Einn mjölpoka, sviðakjamma og ef til vill þorsk eða nau.  
Og einn verður lektor í blóðmör og annar dósent í kleinum,  
að ógleymdum prófessorum, sem kennir þar hafragraut.*

*Þá þarf ekki að óttast heldur, að Háskólinn verði ekki sóttur.  
Það hlakkar margur til þess, að sjá hann sem allra fyrst  
í höndum á slíkum rektor sem Helgu Sigurðardóttur,  
svo hér fái loks að þróast hin Íslenska matar-lyst.*

(Úr Morgunblaðinu 14. mars 1954)



*Skólaslit Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1950. Athöfnin fór fram í hátíðasal Háskólans eins og endranær. Skólastjórinn, fröken Helga Sigurðardóttir, sést hér brautskrá nemendur sína.*


starfaði síðan í háskólabýggingunni, undir stjórn fröken Helgu Sigurðardóttur, allt til vors 1956, er hann varð að rýma það húsnæði (aðstaða til lyfjafraeðikennslu kom þar í staðinn).

Um húsnæði skólans á þessum stað segir skólastjórinn í skólaskýrslu Húsmæðrakennaraskólans 1942–1952:<sup>40</sup>

„Háskólakjallarinn var þá [1942] loftvarnarbyrgi fyrir alla í háskólanum, og var sandpokum hlaðið fyrir gluggana, og þannig skyldi það vera á meðan styrjöldin stæði. – Þrátt fyrir þessa anmarka, voru þegar augljósir kostir við það, að skólinn væri til húsa í háskólabýggingunni, því að svo var um samið, að öll bókleg fræðsla færi fram í kennslustofum háskólans og verklegar æfingar í efnafræði yrðu í Atvinnudeild háskólans, en sú aðstaða hefur verið skólanum mikils virði. – Húsnæði það, sem skólinn fékk til umráða til verklegrar kennslu, var stofa, 42 m<sup>2</sup> að stærð. Í henni var komið fyrir eldhúseildum fyrir 3 flokka og bökunarborði. Við endann á eldhúsinu er borðstofa, 32 m<sup>2</sup>, og auk þessa fékk skólinn til umráða lítið skrifstofuherbergi og stóran gang, sem frá byrjun hefur verið reynt að útbúa sem dagstofu. Ennfremur tvö snyrtiherbergi og lítið fataherbergi fyrir nemendur. – Árið 1946 fékk skólinn aukið húsrými, og bættist við lítið eldhús 10 m<sup>2</sup>, þar sem einn nemandi matbýr handa fjórum og reiknar

40 Tilv. rit, bls. 9.





Skólastjóri og nemendur Húsmæðraskólans á Íslandi í tröppum Háskólans á brautskráningardegi voridd 1954.

1. Fröken Helga Sigurðardóttir skólastjóri (d. 1962).
2. Stefánía Árnadóttir, kennari við skólann 1950-1954.
3. Áslaug Sigurgrímsdóttir, síðar kennari á Löngumýri og í Reykjavík.
4. Sigríður Einaradóttir, síðar kennari í Reykjavík.
5. Dorothea Guðmundsdóttir, síðar m. a. kennari á Löngumýri og í Reykjavík.
6. Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir, síðar m. a. kennari á Löngumýri, í Reykjavík og Kópavogi.
7. Jóhanna Ingólfsdóttir, síðar yfirmatsráðskona á Landspítalanum.
8. Erna Helga Þórarinsdóttir, síðar kennari á Ísafirði, í Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ.
9. Sólveig Ásgeirsdóttir, síðar kennari á Ísafirði, í Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ.
10. Hanna Marta Kjeld, síðar kennari á Laugarvatni og í Hafnarfirði.
11. Hjördis Hjörleifsdóttir, síðar kennari á Ísafirði og í Öfundarfirði.
12. Sigríður Kristjánsdóttir, kennari við skólann 1953-1958.



*„Háskólamars!“ Alexander Jóhannesson háskólarektor, sem átti hina bestu samvinnu við kennara og nemendur Húsmæðrakennaraskólans og tók iðulega þátt í veisluþagnaði þeirra, innleiddi „mars“ um ganga og anddyri Háskólans, að loknu borðhaldi, á árshátíð hinna verðandi húsmæðrakennara. Harmonika var í fararbroddi og sungið hástöfum „Öxar við ána.“ Þessi mynd mun tekin 1955-1956, í rektorstíð Þorkels Jóhannessonar.*

út verð og næringargildi máltíðarinnar. Þá fékk skólinn einnig lítið þvottahús og herbergi, þar sem kennsla í hífýlaumgengni fer fram og kennslutækjum skólans, svo sem töflum og sýnishornum, er einnig komið fyrir, svo og lítið herbergi til afnota fyrir nemendur og kennara. Frá byrjun hefur skólinn haft geymslur inn af húsnæði því, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.“

Samskipti voru ætíð góð milli nemenda og starfsfólks þeirra tveggja skóla, sem deildu með sér húsakynnum Háskólans um fjórtán ára skeið, og var Alexander Jóhannesson því m. a. mjög hlynntur, að Húsmæðrakennaraskólinn fengi afnot af háskólabyggingunni, og ýmsir háskólakennarar stunduðu aukakennslu við skólann, lengst Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor, sem kenndi þar íslensku. Í fyrrnefndri skóla-skýrslu segir fröken Helga m. a.:<sup>41</sup> „Rektor og prófessorum háskólans hefur verið boðið til hádegisverðar, að jafnaði annað hvert ár, til þess að sýna lítills háttar þakklaetisvott fyrir margvíslega vinsemd, sem þeir hafa ávallt sýnt skólanum.“

---

41 Tilv. rit, bls. 48.





*Nemendur Húsmæðrakennaraskólans bjuggu iðulega veisluborð, undir handleiðslu fröken Helgu Sigurðardóttur eða annarra kennara sinna, fyrir háskólakennara við sérstök tækifæri, og stundum einnig fyrir rannsóknaræfingar nemenda og kennara í Heimspékideild. Hér sést hlaðið og skreytt borð í kennarastofu Háskólans, sem ber góðan vott um smekkvísi hinna verðandi húsmæðrakennara.*

### *Ýmis önnur afnot hússins*

Sem dæmi um margbreytilega notkun húsrýmis í háskólabýggingunni, sem Háskólinn sjálfur þurfti ekki beinlínis á að halda fyrstu árin, má benda á bréf *Matthíasar Jónasonar* sálfræðings, síðar prófessors, til háskólaráðs frá 4. október 1945 (í Skjalasafni Háskólans):

„Hérmeð leyfi eg mér að snúa mér með eftirfarandi málaleitan til háttvirts Háskólaráðs. – Stjórnarráðið hefir falið mér uppeldisfræðilegar rannsóknir, sem eru mjög umfangsmiklar og taka munu mörg ár. Eg hefi þegar leitað samvinnu um þetta við



*Frá matreiðslusýningu Húsmæðrakennaraskólans, fyrir almenning, í kjallara Aðalbyggingar Háskólans, laust eftir 1950. Þarna eru það nemendurnir Sigurlaug Jónsdóttir (t. v.) og Benný Sigurðardóttir (t. h.) sem sýna nýjungar í bakstri.*

aðra fræðimenn á þessu sviði. En eg hefi ekki fengið neitt húsnæði, sem orðið gæti einskona miðstöð þessara rannsókna og þar sem geyma mætti skriflegt efni, sem safnað verður. Ríkisstjórnin sér engin ráð til þess, eins og nú standa sakir, að leggja mér þetta húsnæði til. – Eg leyfi mér því að fara þess á leit, að háttvirt Háskólaráð láni mér til ofangreindra afnota 1–2 herbergi í kjallarahæð Háskólans og auk þess 1 kennslustofu síðari hluta dagsins.“

Þessu svaraði rektor 15. s. m.:

„Í háskólabyggingunni er öllu húsnæði nú ráðstafað. Hins vegar eru tvö herbergi í suðurkjallara, þar sem áður voru matstofur mötuneytis stúdenta, ætlaðar rannsóknarstofu í eðlisfræði fyrir verkfræðisdeildina, er ekki verða notuð í vetur. Vill háskólaráð leyfa



*Frá sýningu Húsmæðrakennaraskólans í háskólabyggingu. Á þessari sýningu hefur m. a. verið lögð áhersla á niðursuðu matvæla, svo sem sjá má.*

yður afnot þessara herbergja til 14. maí næstkomandi, ef það mætti bæta úr nauðsyn yðar. Gert er ráð fyrir, að rannsóknarstofan verði sett upp sumarið 1946, og verður húsnæðið því að vera laust eins og áður greinir. Herbergin eru án allra húsgagna.“

Um afnot Atvinnudeildar af húsnæði í kjallara háskólabyggingar skal látið nægja að birta eftirfarandi bréf umsjónarmanns til rektors frá 18. nóv. 1948:

„S. I. ár fékk dr. Þórður Þorbjarnarson afnot af húsnæði í kjallara í norðurhluta háskólabyggingarinnar til vítamínsrannsókna. Við þessar rannsóknir eru notaðar rottur, sem aldar eru þarna í hundraðatali. – Strax kom í ljós, að rottum þessum fylgdi mikill ódaunn, sem læsti sig um mikinn hluta byggingarinnar, sérstaklega þó um hátíðarsal og anddyri. Hefir ekki tekizt að útiloka ódaun þenna þrátt fyrir tilraunir mínar. Er nú svo komið, að þegar hita þarf upp salinn er varla unandi þar vegna óþefs, sem virðist frekar



*Áhugasamar reykvískar húsmæður fylgjast með nýjungum á sýningu Húsmæðrakennarskólans.*

vaxa en minka. – Ég tel þetta ástand með öllu óþolandi frá háskólans hendi og vil mælast til að háttvirt háskólaráð geri ráðstafanir til úrbóta, sem ég tel að ekki geti orðið með öðru móti en að losa sig algerlega við rotturnar.“

Endir var þó fyrst bundinn á þetta umkvörtunarefni árið 1954, sbr. eftirfarandi bréf Þorbjörns Sigurgeirssonar f. h. Rannsóknaráðs ríkisins og Atvinnudeildar Háskólans frá 2. mars 1954:

„Hérmeð tilkynnist Háskólanum, að húsnæði það, sem Atvinnudeild háskólans hefur haft til afnota í háskólabyggingunni fyrir rottuhirðingu, mun losna á komandi vori, og verða rotturnar fluttar þaðan eigi síðar en 1. júní. – Einnig tilkynnist yður hérmeð, að Atvinnudeild getur ekki lengur verið án húsnæðis þess, sem háskólinn hefur haft til kennslu í efnafræði í atvinnudeildarhúsinu. Vegna sívaxandi starfsemi verður nauðsynlegt að taka húsnæði þetta í þágu iðnaðardeildar á komandi sumri.“


## Fyrirhugað kvikmyndahús Háskólans í Austurstræti 5

Árið 1939 fór háskólaráð þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún heimilaði Háskólanum að reka kvikmyndahús í Reykjavík, en þess háttar rekstur var þá talinn mjög arðvænlegur. Ekki varð þó af leyfisveitingu né kvikmyndahúsrekstri þá þegar, en leyfi í þessa veru fékkst hins vegar ári síðar, 1940. Nefnd þriggja prófessora, sem háskólaráð hafði skipað, lagði þá til að Háskólinn setti á stofn sitt eigið kvikmyndahús, og féllst háskólaráð á það. Festi þá Háskólinn kaup á eigninni Austurstræti 5 fyrir kr. 215.000. Var ætlunin að reisa þar myndarlegt „Háskólabíó“ og var efnt til samkeppni meðal arkitekta um teikningar að því húsi. En sökum þess, að innflutningsleyfi fyrir byggingarefni fékkst ekki að sinni, varð ekkert úr þessum framkvæmdum. Var þá leigt hús til kvikmyndasýninga, sbr. nánar síðar, en lóðin við Austurstræti 5 seld Búnaðarbanka Íslands nokkrum árum síðar og þar reisti bankinn sér stórhýsi.

Ráðuneyti menntamála var andvígð þessum lóðarkaupum Háskólans og áformum um rekstur kvikmyndahúss þar, sbr. bréf kennslumálaráðherra, *Hermanns Jónassonar*, til háskólaráðs frá 5. mars 1941 (í Skjalasafni Háskólans), þar sem segir:

„Ráðuneytinu er kunnugt um, eftir viðtali við rektor háskólans, að háskólinn hefir ráðist í að kaupa lóð eina ásamt húsi við Austurstræti hér í bæ. Kennslumálaráðherra var mjög mótfallinn þessum kaupum, lét það ákveðið í ljós í viðræðum við rektor og réði eindregið frá kaupunum, enda virtist eign þessi vera keypt of dýru verði og því ekki nægilega arðbær. – Nú hefur ráðuneytið heyrt, að í ráði sé að reisa stórhýsi á lóð þessari og stofna til stórfellds atvinnurekstrar í sambandi við húsið. Með því að ekkert hefir verið um þetta talað við ráðuneytið, er ráðuneytinu ekki fullkomlega ljóst, hvort reka á atvinnufyrirtæki þetta á kostnað og ábyrgð háskólans eða á kostnað og ábyrgð þeirra manna, er fyrir þessari hugmynd standa. Ef sú er meiningin, að það verði rekið á kostnað og ábyrgð háskólans, er háskólaráðið hérmeð beðið að upplýsa ráðuneytið um það, hvaða heimildir það telur sig hafa til þess að leggja fé háskólans í atvinnurekstur, og til að leggja það í áhættu með því að gera vafasöm fasteignakaup.“

Útlitsteikning af Háskólabíói, sem rísa átti í Austurstræti 5. Þessi teikning þeirra Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar er nokkuð öðruvísi en „byggingarnefndarteikning“ sú af sömu hlið hússins, sem hér er einnig birt.




Síðar ítrekaði ráðuneytið spurningar sínar og var þeim svarað, um síðir a. m. k., sbr. bréf rektors til ráðherra frá 6. desember 1943 (afrit í Skjalasafni Háskólans), þar sem segir m. a.:

„Í ófriðarbyrjun, haustið 1939, virtist mörgum kennurum sjóðir háskólans í hættu staddir. Þeir eru nálega að öllu leyti í föstum verðbréfum og fá því ákveðna vexti. Kaupmætti íslenzkrar krónu hrakaði stöðugt, og verðmæti sjóðanna jafnframt, og fyrirjáanlegt, að svo mundi halda áfram, ef styrjöldinni lyki ekki því fyr. Var um það rætt, að leggja nokkuð af sjóðum háskólans í fasteignir, eða arðbær fyrirtæki. Ekki varð þó úr því, að keyptar væru fasteignir til þess að ávaxta sjóðina, enda kom þegar nokkur verðhækkun á fasteignir, en leigutekjur stóðu í stað. Var þá horfið að því ráði, að reyna að fá leyfi bæjarstjórnar Reykjavíkur til kvikmyndahússreksturs. Jafnframt var reynt að festa kaup á Gamla Bíó, sem verið hafði til sölu, en þá hafði það hús nýlega verið selt núverandi eigendum. En bæjarstjórn veitti umbeðið leyfi í desember 1940. Var þá ákveðið að vinna að því að koma upp kvikmyndahúsi og reyna að fá keypta lóð í miðbænum, sem var talinn hentugasti staður fyrir húsið. Í janúar 1941 keypti svo háskólinn fyrir hönd Sáttmálasjóðs eignina Austurstræti 5 fyrir 215000 krónur. Hvort Búnaðarbanki Íslands var að bjóða í sömu eign á sama tíma var oss ekki ljóst, og ekkert lét bankinn háskólann vita um óskir sínar í þessu máli. Háskólaráðið taldi og telur enn lóð þessa vera þá langbeztu fyrir stórt kvikmyndahús, sem völ hefur verið á, enda var þegar hafizt handa strax eftir kaupin og boðið til samkeppni meðal arkitekta um uppdrætti að fögru og stóru kvikmyndahúsi. Var síðan gengið frá uppdráttum og eru þeir




AD AUSTURSTRÆTI




AD HAFNARSTRÆTI

*Háskólabíó í Austurstræti 5. Endanlegar útlitsteikningar Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar.*



SNEIDING C-D  
Háskólabíó í Austurstræti 5. Þversurðarmynd.



Háskólabíó í Austurstræti 5. Grunnmyndir tveggja hæða hússins.



fullbúnir til þess að leggja fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur. Er gert ráð fyrir, að húsið rúmi nálega 800 sæti. Að ekki varð úr byggingunni, stafar fyrst og fremst af því, að oss var algerlega synjað um leyfi til þess að flytja inn nauðsynlegt byggingarefni, og síðan hraðvaxandi dýrtíð í landinu. Það ráð var þá tekið, að leigja hús af Reykjavíkurbæ og breyta því í kvikmyndahús. Var því lokið í ágúst 1942 og hófst starfsemi þess 8. ágúst. Var svo ráð fyrir gert, að síðar yrði reist hús í Austurstræti 5, þegar leigumálinn væri á enda, að 10 árum liðnum.“

Um úrslit samkeppninnar, sem fram fór meðal arkitekta, segir í Morgunblaðinu 27. mars 1941:

„Svo sem kunnugt er ákvað nefnd sú, sem háskólaráð fól framkvæmdir í kvikmyndahússmálinu, að láta fram fara samkeppi um uppdrætti að fyrirhuguðu kvikmyndahúsi Háskólans. – Var heitið þrem verðlaunum fyrir best gerðu uppdrættina, 4000, 2000 og 1000 krónum. Dómnefnd skyldi dæma um uppdrættina. – Uppdrættir skyldu komnir í hendur dómnefndar fyrir 10. þ. m. Síðan hefur dómnefndin haft uppdrættina til athugunar og lauk hún störfum laugardaginn 22. þ. m. Niðurstöður hennar urðu þessar:

1. verðlaun, 4000 kr., hlutu húsameistararnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson.

2. verðlaun, 2000 kr., hlutu byggingameistararnir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson.

3. verðlaun, 1000 kr., hlaut Gunnlaugur Halldórsson húsameistari.

Ennfremur lagði nefndin til, að keypt yrði tiltekin hugmynd í uppdrætti Ágúst Pálssonar húsameistara, fyrir 500 kr. – Dómnefndina skipuðu Einar Sveinsson húsameistari, Árni Pálsson verkfræðingur og Níels Dungal prófessor. Var nefndin að öllu leyti sammála, nema hvað einn nefndarmanna gerði ágreining út af öðrum verðlaununum.“

Í viðtali, sem höfundur þessa rits átti við *Gísli Halldórsson* arkitekt<sup>42</sup> sagðist Gísli hafa vitað til þess, að nokkur átök hafi verið meðal dómnefndarmanna um það hvor tillagan, sem urðu í 1. og 2. sæti, yrði fyrir valinu. Sú var ástæðan, að í tillögunum, sem urðu í 1. og 3. sæti, var gert ráð fyrir því, að kvikmyndasalurinn yrði á götuhæð, en í tillögu þeirra Gísla og Sigvalda var miðað við það, að kvikmyndasalurinn yrði á 2. hæð, en niðri yrði myndarleg forstofa og söluskáli. Mun Alexander Jóhannessyni háskóla- rektor m. a. hafa þótt það betri lausn, en hann var vitaskuld áhrifamaður í þessu máli, þótt ekki væri hann í dómnefndinni.

42 Viðtalið fór fram í nóvember 1987.

## 8

# Tjarnarbíó

Þegar vonir brugðust um, að Háskólinn gæti að sinni reist kvikmyndahús í Austurstræti, var samið við Reykjavíkurbæ um leigu, í þessu skyni, á húsi, sem bærinn átti að Tjarnargötu 10D, en það hafði áður verið notað til ísgeymslu. Var hús þetta síðan innréttað sem kvikmyndahús og þetta fyrirtæki Háskólans eða öllu heldur Sáttmálasjóðs,<sup>43</sup> síðan rekið í mörg ár undir nafninu Tjarnarbíó (fram til þess að Háskólabíó við Hagatorg tók til starfa haustið 1961). Um framkvæmdir við breytingar og búnað hússins segir *Pétur Sigurðsson* háskólaritari í grein, er hann ritaði í Stúdentablaðið 1. desember 1942:<sup>44</sup>

„Hús þetta er í Tjarnargötu og eign Reykjavíkurbæjar. Var það leigt háskólanum til 10 ára við mjög vægri leigu, en háskólinn varð að kosta allar breytingar. – Viðgerð á húsinu gat ekki hafizt fyr en í október, vegna þess, að húsið var ekki fyr laust. Henni var lokið, og öðrum undirbúningi, í ágústbyrjun 1942. Húsið er mjög vistlegt, og eru í því 387 sæti. Uppdrætti að breytingum gerðu arkitektarnir Eiríkur Einarsson og Sigurður Guðmundsson, en Indriði Níelsson húsasmíðameistari stóð fyrir verkinu. Sýningar hófust 7. ágúst 1942. – Breytingin var alldýr og fór langt fram úr áætlun, eins og allt annað um þessar mundir. Rekstur fyrirtækisins hefur hins vegar gengið ágætlega og umfram það, sem ráð hafði verið fyrir gert. Eftir þriggja mánaða starfsemi má fullyrða, að fyrirtækið muni drjúgum auka tekjur Sáttmálasjóðs, jafnframt því, sem allur stofnkostnaður verður greiddur, áður en leigutíminn er á enda, ef engin óvænt óhöpp koma fyrir. – Tjarnarbíó er fyrst og fremst fjáraflafyrirtæki, en forráðamenn þess hafa fullan hug á því, að vanda sem bezt til myndavals. Eins og nú er háttað, er þetta engan veginn auðvelt. Myndir fást nú aðeins úr einni átt, og margar þeirra, sem mest er í borið, eru sniðnar við smekk manna í styrjaldarlandi, en falla oss ekki jafnvel í geð. – Háskólaráð kaus þriggja manna nefnd til þess að hrinda málinu í framkvæmd, prófessorana Bjarna Benediktsson, Jón Hj. Sigurðsson og Níels Dungal, en þegar próf. Bjarni hvarf frá háskólanum, tók próf. Gunnar Thoroddsen sæti í nefndinni. Formaður nefndarinnar

43 Sáttmálasjóður var einnig formlegur eigandi lóðar og húss í Austurstræti 5.

44 Greinin nefnist „Tjarnarbíó“ og er á bls. 31–33 í tilv. riti.



*Niels Dungal, prófessor í Læknadeild, var lengi mikill áhugamaður um ýmis framfaramál Háskólans. Hann beitti sér m. a. fyrir stofnun Tjarnarbíós.*


er próf. Niels Dungal, og hefur hann verið lífið og sálin í þessum framkvæmdum. Nefndin hefur enn ekki skilað af sér störfum, þar sem húsið er ekki enn fullbúið; vantar í það loftræstingar- og hitalögn, sem mun vera á leið hingað til lands, þegar þetta er ritað. Er nefnd þessi jafnframt stjórn fyrirtækisins, meðan hún starfar. Hefur svo verið ráð fyrir gert, að fyrirtækinu verði fyrst um sinn stjórnað með sama hætti, af 3 manna nefnd, sem háskólaráð kys til þess.“

Tjarnarbíó tók formlega til starfa 8. ágúst 1942. Frá ársbyrjun 1943 starfaði þar sérstök stjórn skipuð þrem mönnum, sem kosnir voru af háskólaráði. Fyrsti formaður stjórnar var Niels Dungal prófessor, en meðstjórnendur fyrstu árin voru þeir prófessorarnir Alexander Jóhannesson og Jón Hjaltalín Sigurðsson. Framkvæmdastjóri fyrstu árin (í aukastarfi) var Pétur Sigurðsson háskólaritari, en frá 1949 Friðfinnur Ólafsson.

Sáttmálasjóður hagnaðist vel á rekstri Tjarnarbíós og undir lok þess tímabils, sem hér um ræðir, eða í árslok 1960 hafði hreinn hagnaður af rekstrinum frá upphafi numið 10.2 milljónum króna, og höfðu 4.1 milljón runnið til Sáttmálasjóðs en 5.0 milljónir til byggingarsjóðs nýs kvikmyndahúss.<sup>45</sup>


45 Sbr. Guðni Jónsson, Saga Háskóla Íslands, bls. 244–245.

LANGBÆINDING.



Teikning arkitektanna Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar af sal Tjarnarbíós. Teikningin var gerð í októbermánuði 1941.







Úr jólablaði Spegilsins 1943



Húsið Tjarnarbæ í Tjarnargötu (fyrrum Tjarnarbíó) hefur Háskólinn leigt af Reykjavíkurborg um langt árabíl og hefur salurinn (áður kvikmyndasalur Tjarnarbíós, sem Háskólinn rak) verið notaður til kennslu.



*Ólafur Þ. Harðarson, lektor í stjórnmálafræði, kennir í sal Tjarnarbíós í janúarmánuði 1990.*



*Nemendur í stjórnmálafræði í sal Tjarnarbíós í janúarmánuði 1990.*

## 9

# Íþróttahús Háskólans



### *Höllin, sem ekki var reist*

Íþróttafélag stúdenta hafði starfað frá 1928 og síðan 1932 hafði *Benedikt Jakobsson* unnið á vegum þess sem leiðbeinandi. Hann var ráðinn fastur íþróttakennari Háskólans árið 1942, eftir að íþróttaskylda stúdenta hafði verið lögleidd. *Alexander Jóhannesson*, sem m. a. var háskóla- og rektor 1939–1942, beitti sér mjög fyrir íþróttaiðkunum stúdenta, sem þá fóru að allnokkru leyti fram í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu. Alexander var, ásamt Benedikt Jakobssyni, hinn ötulasti frumkvöðull og baráttumaður fyrir því, að reist yrði sérstakt íþróttahús á vegum Háskólans, en nefnd sem stúdentaráð skipaði í samráði við rektor árið 1940 og gera skyldi tillögur um framtíðarskipan íþróttamála í Háskólanum í samræmi við íþróttalögin nýju frá 1940, taldi einmitt æskilegt að reist yrði gott íþróttahús fyrir stúdenta.<sup>46</sup> Alexander vann einnig að þessu máli af miklum hug og krafti eftir að hann lét af rektorsembætti í það sinn. Í fyrstu fól Alexander *Guðjóni Samúelssyni*, húsameistara ríkisins, að teikna íþróttahús á háskóla-lóðinni en ekki verður nú séð, að Guðjón hafi lokið neinum teikningum. Í fyrstu var ekki gert ráð fyrir því, að íþróttahúsið yrði sérlega stórt og lýsing háskólaritara, f. h. rektors, á rýmispörf í þessu sambandi, sem fram kemur í bréfi til húsameistara frá 9. desember 1942 (afrit í Skjalasafni Háskólans), verður að teljast högvær:

„Í íþróttahúsinu þyrfti að vera: Leikfimisalur 12 x 24 x 6 m. 2 fataherbergi 4 x 11 m. hvort. Steypibað með 20 steypum. 2 herbergi, ekki stór, og eldhús fyrir húsvörð. Herbergi fyrir leikfimiskennara, sem einnig sé notað sem skrifstofa. 4 salerni. 2 pissoir. Ræstitækjaklefi. Áhaldaherbergi 5 x 10 m.“

Nokkru síðar komst Alexander á þá skoðun, að réttast væri að reist yrði mjög stórt

<sup>46</sup> Haft er fyrir satt, að þegar áhugamenn um byggingu íþróttahúss gengu fyrir dr. Alexander og tjáðu honum, að afar örðugt væri, sökum styrjaldarinnar, að útvega efni til þeirrar húsmíði og að í landinu væri lítið um byggingarefni nema helst gler, en nóg væri reyndar til af því, hafi Alexander svarað af bragði: „Allt í lagi, þá byggjum við bara úr gleri!“



Árið 1944 réð Alexander Jóhannesson prófessor, sem var helsti frumkvöðull í byggingarmálum Háskólans, Gísli Halldórsson arkitekt, sem þá var nýlega kominn til starfa eftir nám sitt erlendis, til að teikna geysistöra íþróttahöll, er reisa skyldi á háskólalóðinni nálægt því sem nú standa Íþróttahús og Árnagarður. Skyldi þar m. a. vera rými fyrir mikinn fjölda áhorfenda en eitt af einkennum byggingarinnar átti að vera bogapak mikið, svo sem sjá má á myndinni. Var byggingu þessari ætlað að verða hið helsta íþróttahús hérlendis og jafnt ætlað almenningi sem háskólaborgurum. Ekki náðist samstaða um þessa hugmynd innan Háskólans, auk þess sem vandkvæði hefðu orðið á fjármögnun verksins, og var því fallið frá henni.





*Gísli Halldórsson arkitekt teiknaði m. a. Íþróttahús Háskólans.*

Íþróttahús, miklu stærra en það, sem hér var lýst, og fékk hann þá arkitektana *Gísla Halldórsson* og *Sigvalda Thordarson*, sem störfuðu saman á þeim árum, til að teikna þess háttar byggingu. Hafði Alexander kynnst þeim félögum í tengslum við teikningar þeirra af kvikmyndahúsi í Austurstræti 5, sem áður var rætt um, en Gísli, sem þá var nýlega kominn frá námi, hafði sérstaklega kynnt sér byggingu íþróttahúsa og nýjungar í því sambandi.<sup>47</sup> Lauk stofa þeirra teikningum af íþróttahöll Háskólans sumarið 1944 (í raun var það Gísli einn, sem teiknaði þessi mannvirki), en þegar til kom þótti í of mikið ráðist og urðu menn þá að „lækka seglin“. Um hina fyrirhuguðu íþróttahöll Háskólans segir *Gísli Halldórsson* í viðtali við höfund þessa rits:<sup>48</sup>


„Alexander Jóhannesson og Benedikt Jakobsson höfðu í sameiningu mikinn áhuga á því að láta byggja mjög stórt íþróttahús við Háskólann, sem yrði það langstærsta í landinu. Við íþróttasalinn skyldi vera áhorfendarymi fyrir um 1.500 manns, en slíkt var þá óþekkt við þess háttar sali. Jafnframt átti að nota húsið fyrir stórar samkomur og tónlistarflutning. En fyrst og fremst átti að byggja húsið til þess, að stúdentar gætu verið í fararbroddi, sem bestu íþróttamenn landsins. Dr. Alexander fannst það vera til fyrirmyndar, þar sem stúdentar lögðu alúð við líkamsrækt og voru fremstir í flokki íþróttamanna í sínum heimalöndum, eins og t. d. í Bandaríkjunum og Danmörku, en þar hefur Akademisk Boldklub verið lengi starfandi og félagar í honum verið í fremstu röð

<sup>47</sup> Gísli lauk þó ekki prófi formlega fyrr en 1946, en dvaldi hér heima á stríðsárunum.

<sup>48</sup> Viðtalið fór fram í nóvembermánuði 1987.

íþróttamanna í mörgum greinum. Benedikt studdi þessar tillögur mjög dyggilega. Hann hafði stundað nám í Danmörku og Svíþjóð og þekkti þar vel allar aðstæður fyrir íþróttamenn. Hér átti að vera um alhliða samkomuhús að ræða, þótt íþróttaiðkun háskólanema ætti að sitja í fyrirrúmi. Þess vegna voru salirnir tveir ráðgerðir. Minni salinn átti aldrei að leigja út. Sá stærri átti að tryggja tekjur af húsinu og leigjast út fyrir hvers konar stærri samkomur. – Áhorfendastúkur voru á báðar hliðar í stóra salnum og svo veitingasalur fyrir endanum, og síðan átti, t. d. við hljólmleikahald, að vera hægt að raða upp stólum á gólfinu þannig að allur hinn mikli salur væri þakinn áhorfendum. Á þessum tíma var handknattleikurinn ekki orðinn eins framarlega og ekki eins mikið iðkaður og nú, en var þó iðkaður talsvert. Það var tennis sérstaklega, sem var iðkað mikið hér og um Norðurlönd, og þess vegna var miðað við að þetta væri fyrir alþjóðlega keppnisstærð í tennis, sem er í raun og veru sama stærð og fyrir handknattleik. – Sérstök byggingarnefnd var stofnuð, sem átti að sjá um framgang málsins, þar sem dr. Alexander var formaður, en auk hans voru í nefndinni prófessorarnir Jón Steffensen og Jón Hjaltalín Sigurðsson. Dr. Alexander bar hita og þunga nefndarstarfa, enda var það hann sem vildi drífa framkvæmdir við hið stóra íþróttahús áfram og tryggja að það yrði að veruleika. Slíkt hús, ef risið hefði, væri enn í dag glæsilegt. Það var þó fljótt, sem þessi áform voru lögð til hliðar. Þetta var í lok stríðsins, en efni og vinna hafði þá hækkað mjög mikið. Sennilega var hætt við að byggja húsið vegna þess, að ekki var nægilega tryggt fjármagn til framkvæmda, en einnig var erfitt að útvega vinnuafli til bygginga vegna framkvæmda á vegum hersins, sem þá var hér á landi. Þegar undirbúningur stöðvaðist, var lokið við að gera uppdretti í mælikvarða 1:100 til byggingarnefndar. Nokkru síðar var vinna við teikningar tekin upp að nýju, en þá við mun minna íþróttahús með einum íþróttasal. Það hús var svo byggt á árunum 1946 og 1947. Var það þrátt fyrir allt stærsta íþróttahús landsins. Þegar verið var að vinna við tillögur að minna húsi, var strax í upphafi gert ráð fyrir að stóra húsið kæmi síðar. Var tekið tillit til þess, m. a. að búningsherbergi gætu nýst við bæði húsin. Búningsherbergisálman átti því að tengjast stóra íþróttasalnum þegar hann risi. – Það mun hafa verið háskólaráð, sem tók tillögunum um íþróttahöll ekki nógu vel. Taldi að meira lægi á að byggja kennsluhúsnæði og aðra aðstöðu fyrir stúdenta heldur en svo stórt íþróttahús. Dr. Alexander varð því undir í þessari baráttu. En eftir að farið var að teikna minna húsið, sem byggt var, hvarf það aldrei úr huga hans, að síðar mætti taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og byggja stóra húsið síðar. Hann vildi því að tekið yrði tillit til þess, að bæði húsin gætu síðar myndað eina heild. Þá gæti salur sá, sem byggður var, orðið einskonar „upphitunarsalur“ við stóra salinn, þegar þar færu fram stór íþróttamót. Þessi tvö hús hefðu þá myndað skjólgóðan garð. Í garðinum vildi svo dr. Alexander byggja útisundlaug. – Það mun hafa verið seinni hluta sumars eða um haustið 1944, að háskólaráð tók af skarið um, að íþróttahöllin yrði ekki byggð. Hins vegar mun hafa verið einhugur í byggingarnefndinni um stóra húsið, og sennilega hefur það verið

vegna áhuga dr. Alexanders, því hann virtist falla frá fyrri tillögum með því, að tekið yrði tillit til þess að hér yrði um byrjunarframkvæmdir að ræða. – Það var reiknað með því að Happraætti myndi fyrst og fremst standa straum af fjármögnun til íþróttahallar, en síðan yrði farið út í sérstaka fjáröflun, sem var talið að myndi ganga vel vegna þess að málefnið hafði hljómgrunn víða og sérstaklega var íþróttahreyfingin áhugasöm um að þetta gæti orðið að veruleika. Íþróttamenn höfðu fylgst með þessu og það kom berlega fram, að það var mikill áhugi fyrir byggingunni hjá þeim. – Í megindrátum má segja, að þessar teikningar að íþróttahöllinni væru mitt verk. Ég ólst upp í íþróttahreyfingunni frá barnsaldri og um þetta leyti var ég starfandi í íþróttahreyfingunni í Reykjavík. Þá hafði ég kynnt mér allvel gerð íþróttamannvirkja á námsárum mínum í Kaupmannahöfn. Þegar við áttum kost á sjálfvöldu efni í listaháskólanum, tók ég íþróttamannvirki sem sérgrein og gerði nokkra uppdrætti í skólanum af stórum íþróttahúsum og íþróttavöllum. Nokkur verkaskipting var hjá okkur Sigvalda og af áður greindum ástæðum kom það mest í minn hlut að hafa samband við dr. Alexander og Benedikt Jakobsson, sem einnig tók mikinn þátt í fundarhöldum um húsið. Ég skoðaði nokkur hús í Danmörku og Norður-Þýskalandi, en aðallega voru teikningar skoðaðar af íþróttahúsum á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu. Dr. Alexander hafði áhuga á að ræða um íþróttahús í nágrenni löndunum, enda vildi hann að Háskóli Íslands yrði ekki eftirbátur annarra á íþróttasviðinu. Þar vildi hann veg skólans sem mestan, eins og á öðrum sviðum. – Aðalnýjungin við íþróttahöllina var að ætla að byggja svona stórt hvolfbak úr steinsteypu. Áður höfðu svo til öll þök húsa, sem byggð voru með stórum söllum, verið gerð úr stáli, en fyrir stríð og í stríðinu hafði stál hækkað mjög mikið í verði og þess vegna var farið að nota steinsteypu í þessi þök. Með réttum bogum var hægt að steypa þessi þök mjög þunn, t. d. er þak Laugardalshallarinnar aðeins 12 cm þykkt í toppinn. Þakboginn var settur langs eftir húsinu, vegna þess að það gat gefið betri hljómburð í húsið, en strax í upphafi var tekið tillit til þess, að hljómburður gæti orðið allsæmilegur. En það er viss vandi að ná góðum hljómburði í hús með slíkum þökum. Það voru þá orðnir það færir verkfræðingar og byggingarmenn hér að þeir áttu alveg að geta leyst þessi vandamál. Það var búið að ræða þessi mál nokkuð við Sigurð Thoroddsen verkfræðing, sem taldi að byggingin í heild væri vel framkvæmanleg, en hann teiknaði síðar allar járnateikningar í það hús, sem byggt var. Þar var þakið gert sem bogabak til þess að spara bæði járn og steypu. – Í raun var stóra íþróttahúsið nýjung í heild sinni hér. Öll íþróttahús, sem fyrir voru, voru aðeins ætluð til þess að iðka fimleika í þeim, en nú átti að vera hægt að iðka svo til allar íþróttir og hvers konar keppni átti að geta farið þar fram. Gólfíð átti að vera vandað fjaðrandi trégólf fyrir íþróttir, en þegar t. d. sýningar yrðu í húsinu átti að vera hægt að rúlla yfir það hlífðargólfi, svo það skaddaðist ekki þótt gengið væri á því á götuskóm. – Þessi vinna mín kom mér að góðum notum, er ég síðar teiknaði Laugardalshöllina. Í raun er hún ekki til muna stærri heldur en þetta hús, þó að það sé farið að teikna hana 15 árum seinna. En víska hluti gat



*Íþróttahús það, sem reist var eftir að horfið var frá hugmyndinni um íþróttahöllina miklu, teiknaði Gísli Halldórsson arkitekt.*

ég nú ekki útfært á sama hátt í Laugardalshöllinni, t. d. með áhorfendasvæði. Það var m. a. af þeirri ástæðu, að margir eigendur stóðu að byggingu Laugardalshallarinnar, eins og t. d. Reykjavíkurborg, Sýningarsamtökin og Bandalag æskulýðsfélaga í Reykjavík. Þar voru því gerðar aðrar kröfur, t. d. var biskup Íslands formaður B. Æ. R. og óskaði eftir því, að verulega yrði tekið tillit til messuhalds í húsinu; þá átti einnig að fara fram tónlist og leikstarfsemi. Af þessum ástæðum var óskað eftir því, að allir áhorfendur sneru að leiksviði. En það kom berlega fram þar, að biskup vildi að allir sneru að altarinu, sem átti að vera á leiksviðinu.“

### *Íþróttahús byggt*

Eftir að horfið var frá byggingu stórrar íþróttahallar í grennd við Háskólann, var fljótlega hafist handa um hönnun annars og minna íþróttahúss, sem háskólayfirvöldum þótti betur hæfa þörfum Háskólans og stúdenta.<sup>49</sup> Var *Gísla Halldórssyni* og *Sigvalda Thordar-*

<sup>49</sup> Alexander Jóhannesson mun lengi hafa vonast til þess, að íþróttahús það, sem byggt var, yrði einungis upphaf stórbrotnari byggingarframkvæmda á íþróttasviðinu og mætti síðar gera „tengingu“ yfir í stóra og glæsilega íþróttahöll, sbr. viðtalið við Gísla Halldórsson hér að framan.




*Benedikt Jakobsson (d. 1967) var um langt skeið íþróttakennari Háskólans.*

*syni* einnig falið að teikna það hús. Lágu teikningar þeirra að mestu fyrir 1945 (Gísli Halldórsson teiknaði húsið að mestu einn) og var grunnur grafinn þá um sumarið. Var húsið síðan byggt á árunum 1946–47, en 2. apríl 1948 fór þar fram fyrsta fimleikaæfingin.

Í Skjalasafni Háskólans er varðveitt bréf frá *Benedikt Jakobssyni* fimleikastjóra til byggingarnefndar Íþróttahúss, dagsett 24. júlí 1945, þar sem fram kemur að þá þegar hafi hann verið farinn að huga nákvæmlega að tækjaþörfum og tækjakaupum og skal bréfið birt hér:

„Um leið og ég sendi Byggingarnefnd Íþróttahúss Háskólans lista yfir þau íþróttahöld, sem nauðsynleg eru til starfrækslu íþróttahússins, vil ég benda á að heppilegast er, og í raun og veru mjög nauðsynlegt, að maður með sérþekkingu á þessu sviði fari utan, til Svíþjóðar, og annist kaup á þessum tækjum. Með því er byggt fyrir ranga afgreiðslu og tryggt að tækin verði við hæfi hússins og komi að fullum notum. Vil ég sérstaklega, í þessu sambandi, benda á, að undanfarið hefir verið nær ómögulegt að fá baðtæki af heppilegri gerð, en það er mjög nauðsynlegt að þau öll séu af bestu gerð og



*Úr félagsherbergi Mímis, félags nemenda í íslenskum fræðum, í kjallara Íþróttahúss Háskólans. Myndin er tekin 1965.*

heppileg í notkun. Gæti því sendimaður valið úr erlendis og keypt það besta, er hægt er að fá af því tagi. – Kostnaður við slíka för mundi ekki verða það mikill að ekki mundi borga sig, ef ekki beint þá óbeint. – Það er nauðsynlegt að sem fyrst sé ákveðið með innkaup á þessum tækjum, því sum þeirra þurfa að vera komin á staðinn áður en lokið er að steypa loft í húsið. – LISTI yfir íþróttáhöld fyrir íþróttahús Háskólans: 1. 50 rimlafög. 2. 6–8 slár með vögnum. 3. 12 kaðlar á vögnum. 4. Einn sex-raða lóðstigi. 5. 1 armgangsstigi á vagni. 6. 2 bogalínur. 7. 12–16 sláar-söðlar með lás. 8. 10 bekkir með krókum. 9. 2 hestar á hjólum. 10. 2 kubbar (Hafrar) á hjólum. 11. 2 kistur á hjólum. 12. Tvenn hástöks-„stativ“. 13. 1 tvíslá. 14. 1 svifrú. 15. Tvennir hringir. 16. 8 dýnur, mismunandi stærð. 17. 2 fjaðrapallar. 18. 2 körfu-knattborð. 19. 1 áhaldavagn. 20. Leikjaáhöld, svo sem gjarðir, knettir o. fl. 21. Lág og há „plint“. 22. Áhöld til að mæla hæð, þyngd, brjóstmál, handafl o. fl. 23. Bað- og hreinlætistæki. 24. Ýmislegt annað smávægis, sem ekki er talið hér en sjálfsagt er að fá og best verður valið erlendis.“

Þessi tæki voru þó ekki keypt í það sinn og tók raunar allnokkurn tíma að búa húsið nauðsynlegum tækjum, eftir að það hafði verið tekið í notkun.

Vorið 1948 skilaði byggingarnefnd ípróttahúss af sér, og gerði um leið tillögur um framtíðarrekstur hússins, sbr. bréf nefndarinnar til háskólaráðs, dags. 30. apríl 1948 (í Skjalasafni Háskólans):


„Ípróttahús háskólans hefur verið í smíðum í 3 ár og er nú nálega fullgert. Af happdrættisins hafa alls verið greiddar í byggingarkostnað kr. 1.443.468.40. Fyrirsjáanlegt er, að allur byggingarkostnaður muni verða meira en hálf önnur milljón króna. Byggingarnefndin telur, að starfi hennar sé nú að mestu lokið, og leyfir sér hér með að gera þessar tillögur um rekstur hússins: 1. Sérstök ípróttahússnefnd verði kosin af háskólaráði, er annist yfirstjórn hússins, og 2. endurskoðendur. 2. Ípróttakennari háskólans annist leigu á húsinu, en Óskar Bjarnasen umsjónarmaður bókhald og gjaldkerastörf. 3. Reglugerð verði samin um rekstur hússins og þar kveðið á um verkaskipting milli ípróttakennara og bókhaldara, um daglega umgengni, ræstingu, starfstíma, starfsmenn og annað, er þurfa þykir. Byggingarnefnd hefur leitað sér upplýsinga um rekstur ípróttahússins við Lindargötu og hefur með hliðsjón af þeim gert svofellda áætlun um rekstrarkostnað ípróttahússins:

Einn starfsmaður allt árið	18.000,00
Aðstoðarmaður um annatímamann (9 mán.)	13.500,00
Hreinlætisvörur	3.000,00
Olía, kol	17.000,00
Aðalræsting	3.000,00
Skattar og váttrygging	7.000,00
Reikningshald, óviss útgjöld	<u>10.000,00</u>
	<u>Kr. 74.500,00</u>

Gert er ráð fyrir, að húsið verði kynt með olíu, auk þess sem frárennslisvatn frá háskólanum verður hagnýtt. Verða olíukyndingartæki sett upp í sumar. – Tekjur af leigu hefur ípróttakennarinn áætlað 70.000 kr., og er þá ekki reiknuð leiga fyrir afnot stúdenta af húsinu, er hann áætlar 4 stundir á dag.“

Heildarbyggingarkostnaður ípróttahússins nam tæpum tveim milljónum króna, að meðtöldum áhöldum og búnaði.

Alexander Jóhannesson og fleiri forystumenn um byggingu ípróttahúss töldu æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt að *sundlaug* og aðstöðu tengdri henni yrði komið upp við ípróttahúsið. Af þessu varð þó ekki, væntanlega vegna fjárskorts, en árið 1948 gerði



*Gísli Halldórsson arkitekt hugsaði sér, að byggð yrði sundlaug við Íþróttahús háskólans, sem nú stendur, og var það jafnframt ósk Alexanders Jóhannessonar og ýmissa annarra háskólamanna. Fjárskortur hamlaði framkvæmdum. Hér sjáum við hvernig Gísli hugsaði sér að lauginni yrði fyrir komið, í skjólgóðum krika, og er þá miðað við gerð hússins áður en byggt var við það í þágu kennslurýmis.*

Gísli Halldórsson arkitekt lauslega kostnaðaráætlun „yfir viðbyggingu og sundlaug við íþróttahús Háskólans“, svohljóðandi:


Bílskúr, spennistöð og geymsla	Kr. 88.000,00
Búningsherbergi	“ 182.000,00
Sundlaug	“ 100.000,00
Síur og dælur	“ 55.000,00
Eftirlit, verkstjórn, teikningar o. fl.	“ 60.000,00
	<u>Kr. 485.000,00</u>

Gerði Gísli síðan teikningu af sundlauginni, sem hér er birt.

Allt til þessa dags hefir marga háskólamenn dreymt um sundlaug í krikanum við íþróttahúsið og því máli verið hreyft öðru hvoru.

Í Skjalasafni Háskólans eru geymdar eftirfarandi upplýsingar um þær „stundir,“ er Háskólinn hefur haft afnot af íþróttahúsinu frá 1950–1955 skv. stundaskrá hússins,“ og





*Teikning Gísla Halldórssonar arkitekts af stækkun Íþróttahússins vegna kennslurýmis (1958).*



*Íþróttahús Háskólans 1961.*

eru þar í allir tímar, sem Háskólanum voru ætlaðir til leikfimikennslu, körfubolta og annarra leikja, sem stúdentar hafa iðkað í húsinu:

Árið	1950	15 stundir vikulega			
“	1951	16	“	“	
“	1952	19	“	“	
“	1953	18	“	“	fyrri hluta kennsluársins
“	1953	28	“	“	seinni hluta kennsluársins
“	1954	28	“	“	
“	1955	28	“	“	fyrri hluta kennsluársins

### *Viðbygging Íþróttahúss 1960*

Aðbúnaður til kennslu í eðlis- og efnafræði var með öllu óviðunandi í allnokkur ár þar til úr því var bætt árið 1960. Eðlisfræði var til þess tíma kennd í suðurkjallara háskólabyggingar en efnafræðikennslan fór fram í Atvinnudeildarhúsi, við mikil þrengsli. Ódýrasta ráðið til að bæta úr þessu var talið vera að bæta einni hæð ofan á austurálmú Íþróttahússins og hýsa þar þessa kennslu. Var þá *Gísli Halldórsson* arkitekt fenginn til að teikna þetta húsrými og hófust síðan byggingarframkvæmdir sumarið 1958 en húsnæðið, sem er 310 fermetrar, var tekið í notkun 1960. Í allmörg ár fór þar m. a. fram kennsla í eðlisfræði fyrir verkfræðinema og til B.A. prófs og efnafræðikennsla fyrir læknanema, tannlæknanema, verkfræðinema og til B.A. prófs. Auk þess voru þar vinnustofur kennara í þessum greinum.<sup>50</sup> Á síðari árum hefur húsnæði þetta verið notað til kennslu í lyfjafræði lyfsala og jafnframt er þar vinnuástaða, sem tengist þeirri kennslu.

### *Framtíðarþróun íþróttamála*

Íþróttahús Háskólans er fyrir löngu orðið of lítið og fullnægir ekki lengur þeim kröfum, sem nú eru almennt gerðar til fullkominnar íþróttaaðstöðu. Svo sem vænta má hafa áhuga- og áhrifamenn beitt sér fyrir umbótum í þessu efni.


Í viðtali, sem birtist í Stúdentafréttum, 8. tbl. 1989, segir *Valdimar Örnólfsson*, fimleikastjóri Háskólans:

„Það er svo sannarlega nú þegar þörf á nýju íþróttahúsi, sem uppfyllir allar helstu


50 Sbr. Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, bls. 232-233.




*Í húsneði Lyfjafræðinámsbrautar í Íþróttahúsi. F. v. prófessorarnir Vilhjálmur Skúlason og Þórdís Kristmundsdóttir og Þorgils Baldursson sérfræðingur. Myndin er tekin í desember 1989.*




*Þorsteinn Loftsson, prófessor í lyfjafræði, í vinnuherbergi sínu í Íþróttahúsi.*




*Guðrún Pálsdóttir lyfjafræðinemi við vökvagreini (HPLC) í kennsluhúsnaði Námsbrautar í lyfjafræði. Myndin er tekin veturinn 1986–1987.*



*Ingibjörg Arnardóttir lyfjafræðinemi við bræðslumarkstæki í Íþróttahúsi. Myndin er tekin veturinn 1986–1987.*




*Valdimar Örnólfsson, fimleikastjóri Háskólans síðan 1967. Myndin er tekin í Íþróttahúsi Háskólans í nóvember 1989.*




*Í Íþróttahúsi Háskólans í nóvembermánuði 1989. Fremstur fer Valdimar Örnólfsson, en þar næst Árni Björnsson þjóðháttufræðingur og prófessorarnir Eggert Briem, Þorkell Helgason og Arnljótur Björnsson.*

kröfur um stærð og gerð, eigi íþróttir við Háskólann að geta þróast eðlilega. Þetta er rektor og háskólaráði vel ljóst og er íþróttahúsið nú komið á framkvæmdaáætlun Háskólans. Ákveðið hefur verið að verja 5 milljónum króna í undirbúningsvinnu 1990 og 15 milljónum árið 1992. Sú hugmynd kom fram árið 1987 að byggja stórt íþróttahús með Handknattleikssambandi Íslands og var hugmyndin kynnt rektor og háskólaráði, sem tóku mjög vel í hana. Samt vildu menn ekki einskorða sig við það að byggja með Handknattleikssambandinu. En allir voru sammála eins og fyrr um að þörf væri á nýju húsi. – Þetta var mjög gagnleg umræða og ákveðið var að fela rektor að vinna að því að á háskólasvæðinu risi íþróttamiðstöð. Skipuð var fimm manna nefnd sem í eiga sæti, auk mín, Jónas Hallgrímsson prófessor, Valdimar K. Jónsson prófessor, Þórólfur Þórlindsson prófessor og Ólafur Darri Andrason fulltrúi stúdenta. Fleiri aðilar en HSÍ hafa sýnt áhuga á því að byggja með Háskólanum og eru menn þá alltaf að tala um mjög stórt hús, jafnvel með tveimur sölum. Slíkt hús yrði opið fyrir fleiri en stúdenta en myndi um leið gagnast þeim betur, þar sem mögulegt yrði að æfa svo til allar íþróttir innanhúss. Þegar Handknattleikssambandið fékk vilyrði frá stjórnvöldum um stórt hús þá minnkuðu líkur á samstarfi þess við Háskólann. Það sem síðan hefur gerst er það að Félagsstofnun




*Í blaki, nóvember 1989. F. v.: Arnljótur Björnsson prófessor, Guðmundur G. Haraldsson dósent, Helgi Valdimarsson prófessor, Valdimar Örnólfsson fimleikastjóri, Ólafur Höskuldsson lektor og Sigurður Richter sérfræðingur á Keldum.*




*Í blaki. F.v.: Helgi Valdimarsson prófessor, Guðmundur G. Haraldsson dósent, Eggert Briem prófessor, Þórður Friðjónsson forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Þorgeir Pálsson prófessor og Sigurður Richter sérfræðingur.*



útlit



grunnmynd  
efri hæð



útlit

grunnmynd



stúdenta hefur fengið úthlutað því landi sem við höfðum augastað á. Íþróttamiðstöðvarnefndin stakk þá upp á íþróttasal á flötinni sem er á milli aðalbyggingar og gamla íþróttahússins. Þannig mætti samnýta húsin en um þetta hefur ekki verið tekin nein ákvörðun. Þetta er ekki eins metnaðarfullt verkefni og áður voru hugmyndir um og í raun togast þessar tvær hugmyndir á. – Hvað sem úr verður þá er ljóst að ef ekkert gerist verður stöðnun í íþróttamálum Háskólans. Það yrði mjög bagalegt, þar sem íþróttáhugi fer vaxandi hér við skólann eins og best sést á því að árið 1985, þegar fyrsta íþróttamót Háskólans var haldið, voru þátttakendur um 300 en 1000 nú í ár.“


*Á árinu 1987 kom fram sú hugmynd innan samstarfsnefndar Háskóla Íslands og Handknattleikssambands Íslands, að byggt yrði sameiginlegt íþróttahús fyrir þessa aðila syðst á háskólalóð, austan Hjónagarða. Teiknaði þá Gísli Halldórsson arkitekti, að beiðni nefndarinnar, frumdrög íþróttahallar, sem hér eru sýnd, þar sem gert var ráð fyrir tveim íþróttasölum, sem hvor yrði 23 x 44 m að stærð, ásamt 200 m hlaupabraut. Áhorfendarymi átti að verða við báða salina, alls fyrir 3000 áhorfendur, og færanlegur veggur milli sala, þannig að unnt yrði að nýta báða velli saman ef nauðsyn bæri til. Frá þessari byggingarhugmynd var fallið skömmu síðar.*

## Hugmyndir um og undirbúningur að byggingu Náttúrufræðahúss

Náttúrugripasafnið hefur, svo sem kunnugt er, um langan aldur búið við þröngan húsa-kost og óriflegan hag, sem um margt hefur staðið náttúrufræðirannsóknum fyrir þrifum. Allt frá 1942 og fram undir 1960 voru uppi athyglisverðar hugmyndir um, að Náttúrufræðahús (með safni og rannsóknar- og kennsluadstöðu) yrði byggt á háskólalóðinni, fyrst við Skeifuna gegnt Atvinnudeildarhúsi (á sama stað og Lögberg reis síðar) en seinna ákvað háskólaráð byggingunni stað rétt austan Suðurgötu á milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss. Var það lengi einlæg ósk forystumanna Háskólans, að Náttúrufræðahúsið risi sem fyrst, eins og m. a. má sjá af ummælum allra háskólarektora frá þessu tímabili, sem birt eru í Árbókum Háskólans. Hið íslenska náttúrufræðifélag, sem hrundið hafði þessari hugmynd af stað, hafði ekki af eigin rammleik bolmagn til að koma upp byggingu af þessu tagi og ríkisstjórnin hélt að sér höndum um fjárveitingu til þess. Því varð það að eins konar samkomulagi milli háskólayfirvalda og fjárveitingar-yfirvalda, þegar heimild fékkst til framlengingar einkaleyfis Háskólans til happdrættis til 13 ára frá 1. janúar 1947, að Háskólinn skyldi kosta byggingu Náttúrufræðahúss af happdrættisfé.


Hin fyrsta undirbúningsnefnd þessa máls, sem skipuð var af Náttúrufræðifélaginu og hafði margvísleg samskipti við háskólayfirvöld (svo sem skjöl í safni Háskólans bera með sér), lauk störfum í ársbyrjun 1946 og sendi þá *Árni Friðriksson* fiskifræðingur, formaður nefndarinnar, skýrslu til stjórnar félagsins, sem hér verður birt, því að greinarbæti upplýsingar um forsögu málsins verða ekki fengnar. (Afrit skýrslunnar er geymt í Skjalasafni Háskólans):

„Nefndin var kosin á stjórnarfundi Náttúrufræðifélagsins 15. febr. 1942 og skyldi hún athuga möguleika á því að sjá Náttúrugripasafninu fyrir framtíðar húsakynnum. Í nefndina voru kosnir: *Árni Friðriksson*, mag. scient., *Ásgeir Ásgeirsson*, bankastjóri, *Guðmundur Thoroddsen*, prófessor, *Jóhannes Áskelsson*, jarðfræðingur, og *Ólafur Lárusson*, prófessor. – Formaður Náttúrufræðifélagsins, *Jóhannes Áskelsson*, kallaði nefndina saman á fund 21. febr. 1942 og var *Árni Friðriksson* á þeim fundi kjörinn formaður nefndarinnar. Á fundinum var rakin saga byggingarmálsins og rædd þau



*Sýningarsalur Náttúrugripasafnsins í Safnahúsinu við Hverfisgötu, þar sem safnið var til húsa um langan aldur.*





viðfangsefni, sem framundan voru. Nefndinni þótti rétt að ráða sérstakan ritara og tók dr. Sigurður Pétursson það starf að sér. – Á næsta fundi nefndarinnar, 10. marz 1942, var rætt um, hvort vænlegra væri að afla safninu aukins húsrýmis í Safnahúsinu við Hverfisgötu eða hefjast handa um undirbúning á nýrri byggingu handa því. Voru fundarmenn sammála um það, eins og fundargerðin ber með sér, að fyrri leiðin væri ófær og bæri því að velja hina síðari. Lagði Árni Friðriksson fram frumdrætti að teikningu og var samþykkt að skrifa háskólaráði og biðja það um lóð undir byggingu. Í bréfi þessu skyldi einnig spurzt fyrir um það, hvort háskólaráði þætti æskilegt að náttúrugripasafnið yrði notað sem grundvöllur undir kennslu í náttúrufræði. Nokkru síðar barst nefndinni svar frá háskólaráði (dags. 14. 3. 1942), þar sem heimilað er að hús handa safninu verði reist á lóð háskólans með þeim skilyrðum, að: 1. Háskólaráð samþykki uppdrætti. 2. Gert sé ráð fyrir, að kennsla í náttúruvísindum og vísindaleg vinna geti farið fram í húsinu. 3. Náttúrufræðifélagið ráðstafi ekki húsnæði í byggingunni til annarra þarfa en náttúrugripasafns, nema með samþykki háskólaráðs. – Þegar hér var komið, sneri nefndin sér til kennslumálaráðherra og fór þess á leit, að húsa-meistara ríkisins væri falið að gera uppdrætti að byggingunni og hafa umsjón með smíði hennar, enda var ljóst, að slík ráðstöfun mundi spara byggingunni stórfé. Kennslumálaráðherra varð strax við þessum tilmælum og 28. júní 1942 skrifaði nefndin



Árið 1942 gerði Árni Friðriksson, þáverandi forstöðumaður Náttúrugripasafns, þessi frumdrög teikningar af sérstöku húsi fyrir safnið, sem hann hugsaði sér að yrði 1350 m<sup>2</sup> að flatarmáli (tvær hæðir og kjallari, þar með talin íbúð umsjónarmanns). Nýbyggingu Náttúrugripasafns taldi Árni Friðriksson og aðrir forgöngumenn í þessu máli hentugast að hafa á háskólalóðinni. Teikningin er geymd í Skjalasafni Háskólans.


húsameistara og sendi honum öll þau gögn, sem þá voru til og hægt var að nota til stuðnings við uppdrættina. – Þ. 30. jan. 1943 bárust nefndinni uppdrættir húsameistara, ásamt bréfi dags. 28. s. m., og hélt nefndin fund 6. febrúar, til þess að athuga teikningarnar og ræða þær. Var samþykkt að mæla með allmiklum breytingum og voru uppdrættirnir síðan sendir háskólaráði og stjórn Náttúrufræðifélagsins til umsagnar. Báðir þessir aðiljar mæltu með breytingum á uppdráttunum, eins og sést af bréfi Náttúrufræðifélagsins dags. 8. febr. og bréfi háskólaráðs dags. 12. febr. Háskólaráð vildi þó ekki láta málið frekar til sín taka fyrr en allir aðrir aðiljar væru sammála um útlit og fyrirkomulag byggingarinnar. Var húsameistara samstundis tjáð þetta og hann beðinn að gera nýjan uppdrátt í sem nánustu samræmi við breytingatillögurnar, sem fram höfðu komið. – Nú leið tíminn þangað til í september, er formaður nefndarinnar átti tal við húsameistara. Eftir þann fund skrifaði formaður, samkvæmt tilmælum húsameistara, háskólaráði viðvikjandi útliti hússins (dags. 23. sept.) og barst svar við því bréfi daginn eftir. Formaður þurfti nú að hverfa úr landi, til Englands, og notaði hann tækifærið til þess að setja sig í samband við The Museum Association, London, og fá ráð og

Árið 1927 fór Bjarni Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrugripasafns til 1940, þess á leit við stjórnvöld að byggt yrði hús yfir safnið, sem þá og lengi síðan hjó við of þröngan húsakost. Fékk hann þá Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, til að gera frumdrög teikningar af hentugri byggingu fyrir safnið og sést hluti þeirra frumdraga hér, í eftirmynd eftir Árna Friðriksson (frá 1942). Miðaðist teikning Guðjóns við hús, sem væri 704 m<sup>2</sup> að flatarmáli, með kjallara, en að viðbættri stækkun, sem einnig sést á teikningunni, 1456 m<sup>2</sup>, ef kjallari yrði undir öllu húsinu. Tillaga þessi fékk ekki áheyrn ráðamanna. Teikningin er geymd í Skjalasafni Háskólans.



bendingar viðvíkjandi safninu. Árangur þeirrar heimsóknar varð alllangt bréf frá dr. D. A. Allan, forseta sambandsins með mörgum góðum leiðbeiningum. – Eftir heimkomu formanns frá London skrifaði hann húsameistara bréf (dags. 12. nóv. 1943) og sendi honum afrit af bréfi háskólaráðs. Upp úr næstu áramótum fór formaður í langa ferð til Bandaríkjanna, og tók þá Jóhannes Áskelsson, jarðfræðingur, við formannsstörfum í nefndinni. Nefndin hélt fund 2. febr. 1944, en þá höfðu borizt tillögur húsameistara um breytingar á uppdráttunum. Var enn samþykkt að gera ýmsar breytingar frá tillögum húsameistara og ennfremur að senda uppdrættina til Ameríku til Árna Friðrikssonar og skyldi hann beðinn að athuga, hvort ekki væri hægt að fá uppdrætti gerða í Bandaríkjunum. Sérfræðingar þar vestra töldu það ekki ráðlegt og varð því ekkert úr þeirri ráðagerð. – Eftir heimkomu Árna Friðrikssonar, en hann tók þá aftur sæti í nefndinni sem formaður, var haldinn fundur 2. nóv. 1944. Jóhannes Áskelsson var þá farinn til útlanda og tók dr. Finnur Guðmundsson sæti í nefndinni í fjarveru hans. Á fundi þessum gaf Árni Friðriksson skýrslu um athugun sína á náttúrugripasöfnum í Bandaríkjunum. Rætt var ennfremur um, hvort ekki væri rétt að leita til annars arkitekts en húsameistara um að gera uppdrætti að safninu. Höfðu borizt óskir í þá átt, bæði frá háskólaráði og Náttúrufræðifélaginu. Var samþykkt að leita nánari umsagnar beggja þessara aðilja. – Nokkru síðar, þegar háskólaráð og Náttúrufræðifélagið höfðu staðfest þá ósk, að leitað yrði til annars arkitekts en húsameistara þrátt fyrir þann kostnað, er slík ráðstöfun hefði í för með sér, tilkynnti formaður nefndarinnar húsameistara þetta og varð það þá að samkomulagi að ráða hr. Gunnlaug Halldórsson, arkitekt, til þess að gera uppdrættina. – Á fundi nefndarinnar, sem haldinn var 4. jan. 1946, var litið svo á, að nefndin hefði þegar lokið því hlutverki, sem henni var falið að gegna og því samþykkt eftirfarandi ályktun: „Þar sem byggingarnefnd Náttúrufræðifélagsins hefur tekizt að leggja drög að því, að hús verði byggt handa Náttúrugripasafninu, með því: 1. Að afla slíkrri byggingu lóðar á háskólatorfunni, 2. að ráða hr. arkitekt Gunnlaug Halldórsson til þess að gera uppdrætti að byggingunni og 3. þar sem nú er í ráði að Háskóli Íslands láti byggja hús fyrir náttúrugripasafn þá telur hún sig hafa lokið því ætlunarverki, sem stjórn Náttúrufræðifélagsins fól henni og ályktar að skila af sér störfum.““

Frumteikningar *Guðjóns Samúelssonar* af Náttúrufræðahúsi, sem nefndar voru í skýrslu Árna Friðrikssonar, hafa ekki komið í leitirnar (frumtillaga Guðjóns frá 1927 er hins vegar birt hér), en af ummælum í ýmsum skjölum um málið, sem geymd eru í Skjalasafni Háskólans, verður þó ráðið, að hann hafi gert ráð fyrir húsi, sem að ytra útliti líktist mjög Atvinnudeildarhúsinu.



Grummynd Gunnlaugs Hallgrímssonar arkitekts af 1. hæð Náttúrufræðihúss á háskólalóðinni. Þessi teikning er frá því í marslok 1954, en hugmyndir hans um útlit og skipulag hússins áttu eftir að breytast síðar. Í þá átt, sem líkóttin (sem hér eru einnig sýnd), gefa til kynna.


Um áframhald málsins er bestu heimildina að fá í grein, sem *Trausti Einarsson* prófessor ritaði í *Morgunblaðið* 27. júní 1965,<sup>51</sup> er honum þótti vegið að hlut Háskólans í málefnum Náttúrugripasafnsins. Segir hann þar m. a.:

„Var nú ráðinn arkitekt, Gunnlaugur Halldórsson, og 18. janúar 1946 skipaði háskólaráð nefnd honum til aðstoðar og voru í henni Ólafur Lárusson rektor, Áskell Löve, Finnur Guðmundsson, Sigurður Þórarinsson og Trausti Einarsson. Háskólaráð ákvað, að byggingunni skyldi ætluð lóð við Melaveg, milli háskólabyggingar og íþróttahúss. Háskólinn lagði fram fé til þess að þeir Finnur Guðmundsson og Gunnlaugur Halldórsson gætu í sameiningu kynnt sér hliðstæðar byggingar erlendis. Að þeirri ferð lokinni voru teikningar gerðar og miðaðar við áðurgreinda lóð. Voru stærðir herbergja og sala gerðar eftir tillögum Finns Guðmundssonar. Teikningarnar voru afgreiddar í nóvember 1947 og samþykktar einróma af nefndinni. Skal tekið fram, að mér er af sérstökum ástæðum minnisstætt að þeir Finnur og Sigurður létu í ljósi sérstaka ánægju með teikningarnar. Næst voru teikningarnar samþykktar af háskólaráði 16. apríl 1948, og sendar ráðuneyti og samþykktar af því. Líkan af byggingunni var sýnt opinberlega á sýningu arkitekta, og hlaut mjög lofsamlega dóma hjá fagmönnum. – Á þessum teikningum var gert ráð fyrir tveimur sýningarsölum fyrir almenning, samtals 570 fermetrar, eða nærri sex sinnum meira flatarmál en Eypór Einarsson segir að nú sé verið að koma sýningarsafni fyrir í. Þá voru stórir geymslusalir fyrir vísindalegt birgðasafn með vinnuáðstöðu fyrir vísindamenn. Vinnuherbergi voru fyrir þrjá deildarstjóra, hvert 24 ferm. og sérherbergi fyrir minnst 6 sérfræðinga að auk. Auk bókasafns o. fl. var loks fyrirlestrarsalur og við hann tilraunastofa (laboratorium) og kennslusafn, þannig að þarna var hugsað fyrir háskólakennslu í náttúrufræði. Byggingin var vel við vöxt á margan hátt og dýr miðað við fjárráð háskólans. – Af hálfu háskólans var ákveðið, að þessi bygging skyldi reist er lokið væri frágangi á háskólalóðinni, sem þá var að hefjast. 1952 var komið að þessum byggingaframkvæmdum og 4. apríl þ. á. skipaði háskólinn bygginganefnd, sem í voru Þorkell Jóhannesson formaður, Finnur Guðmundsson, Jón Steffensen, Sigurður Þórarinsson og Trausti Einarsson.<sup>52</sup> – En nú skeðu brátt þau tíðindi, sem kollvörpuðu öllum fyrirætlunum. Háskólaráði og nefndinni barst bréf undirskrifað af þeim Finni Guðmundssyni og Sigurði Þórarinssyni, dags. 9. marz 1953, þar sem þeir lýstu því yfir, að fyrirhuguð bygging væri of lítil. Verulegir hlutar hennar, sér í lagi vinnuherbergi deildarstjóra og tilvonandi starfsmanna, þyrftu að stækka um 50%. – Þetta bréf kom sem reiðarslag yfir háskólaráð og fulltrúa háskólans


51 Grein Trausta nefnist „Athugasemd um byggingamál Náttúrugripasafnsins“. Greinin er rituð sem eins konar svar við tilteknum ummælum Eypórs Einarssonar grasafraeðings í viðtali við hann, sem birtist í *Vísí*, 22. júní 1965.

52 Síðar bættust í nefndina þeir Einar Erendsson húsameistari ríkisins, og Valtýr Stefánsson ritstjóri, tilnefndir af Menntamálaráðuneyti (athugasemd P.S.).






*Líkan Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts af fyrirhuguðu Náttúrufræðahúsi, sem ætlaður var staður við Suðurgötu, milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss. Hér sést austurhlíð hússins.*



*Náttúrufræðahús, séð frá vestri. Líkan Gunnlaugs Halldórssonar.*



*Afstöðumynd Gunnlaugs Halldórssonar af fyrirhuguðu Náttúrufræðahúsi, milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss.*

í byggingarnefnd. Það var ljóst, að ekki aðeins teikningar voru ónýtar, heldur lóðin einnig, og málinu stefnt í tvísýnu. Sú bygging, sem krafa var gerð um, varð að fara út af háskólalóðinni og tengingin við háskólann og kennslu varð þá nokkuð vafasöm. Ég get ekki efast um, að safnbyggingin væri fyrir löngu komin upp og kennsla í náttúrufræðum í háskólanum komin á góðan rekspöl, ef safnmennirnir hefðu ekki tekið þessa afstöðu. – Háskólaráð tók í fyrstu afstöðu gegn verulegum breytingum á hinum samþykktu teikningum, en féllst á nokkra endurskoðun án þess að til brottfærslu af lóðinni þyrfti að koma. Hér kom enn fram, eins og í því sem á undan var gengið, að háskólinn lagði áherzlu á góða samvinnu við safnmennina. En þetta dugði ekki. Eftir nokkurt þóf var hætt við fyrirhugaða lóð og leitað að öðrum lóðum. Horfst var í augu við stórauðinn byggingarkostnað og leitað var til fjárfestingarvaldsins. Loks lentu þessir þrír þættir: heppilegt lóðarstæði, fjárhagsgeta Happdrættisins og fjárfestingarleyfi í hnút, sem að lokum var höggvið á með neitun um fjárfestingu. En háskólinn sleit ekki taugina til starfsmannanna. Hann keypti hæð við Hlemmtorg og lét innréttu þar þær skrifstofur, sem þeir báðu um, og þar hafa þeir unað hag sínum vel, að því er ég best veit. Þeir hafa nú fengið að sleppa safnheitinu úr nafni stofnunarinnar og sóttu það mjög fast. – Mér hefur lengi verið hrein ráðgáta hver væri eiginlega stefna safnmanna og sér í lagi afstaða til háskólans. Vilja þeir stuðla að háskólakennslu með stofnun sinni og tengjast háskólanum, eða vilja þeir eitthvað annað? Vildu þeir lausn byggingamálsins með háskólanum eða vildu þeir hana ekki? Ég hef margar fleiri spurningar til safnsins á takteinum, en sleppi þeim hér. Hitt þarf ekki að spyrja um, að þörfin fyrir náttúrufræðikennslu fer sívaxandi. Þetta er ekki aðeins mál háskólans, heldur miklu fleiri aðila, og væri vel að menn hugleiddu málin og að almenningsálit skapaðist, sem stuðlaði að heilbrigðri lausn þeirra. Fyrir eða síðar verður háskólinn að hugsa fyrir byggingu yfir náttúrufræðikennslu, og tekst þá vonandi betur til en hið fyrra sinni.“



Árið 1957 festi Háskólinn kaup á einni hæð í stórhýsinu Laugavegi 105, við Hlemmtorg, fyrir náttúrugripasafn. Var þessari ráðstöfun ætlað að vera til bráðabirgða meðan beðið væri eftir að reist yrði Náttúrufræðahús á háskólalóðinni, en af því hefur enn ekki orðið. Húsnæðið er enn í eigu Háskólans.

Bréf það, sem dr. Trausti segir að þeir Finnur Guðmundsson og Sigurður Þórarinsson hafi ritað háskólaráði og byggingarnefnd 9. mars 1953, hefur höfundur þessa rits ekki getað fundið í Skjalasafni Háskólans (né heldur afrit þess annars staðar). Hér skal þó ekki vefengt það, sem um efni þess segir, né um áhrif þess á gang mála, en annað kom þar einnig til: Allt frá 1953 og árlega síðan til 1957 sótti byggingarnefndin um fjárfestingarleyfi til fyrirhugaðra byggingarframkvæmda, en fékk ávallt synjun. Árið 1957 barst nefndinni sú yfirlýsing, að fjárfestingarleyfi fengist hvorki fyrir það ár né það næsta, og ákváðu háskólayfirvöld þá að kaupa fyrir happdrættisfé eina hæð í stórhýsinu að Laugavegi 105. Voru arkitektarnir *Gunnlaugur Halldórsson* og *Guðmundur Kr. Kristinsson* ráðnir til að hanna þar hæfilegt húsnæði handa Náttúrufræðisafninu. Hófst undirbúningsvinna 1958 en húsnæðið var eigi tilbúið fyrir en 1960.<sup>53</sup> Húsnæði þessu, sem var 650 fermetrar að stærð, var einungis ætlað bráðabirgðahlutverk, þar til nýtt og glæsilegt náttúrufræðihús risi í grennd við Háskólann, en svo hefur þó enn ekki orðið, þótt oft hafi verið um það talað, sbr. nánar síðar í ritinu, og eru nú horfur á því að svo muni verða gert. Á undanföllum árum hefur starfað áhugamannahópur náttúrufræðinga, sem hefur beitt sér fyrir byggingu Náttúrufræðahúss í námunda við Háskólann (í Vatnsmýri), en sumarið 1989 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að fjalla um byggingu Náttúrufræðahúss.

53 Sbr. Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, bls. 234.

# 11

## Áætlanir um byggingu félagsheimilis stúdenta

Fyrir 1950 fóru að heyrast raddir um það, að æskilegt væri að stúdentar eignuðust félagsheimili. Í Stúdentablaði, 1. desember 1949, ritar *Pétur Þorsteinsson* stud. jur. grein um það efni<sup>54</sup> og segir þar m. a.:

„Einhverjum kynni nú að detta í hug, að ... nú kalli að nauðsynlegri verkefni fyrir ísl. þjóðfélagið en það, að byggja meira en orðið er á háskólalóðinni. – En þó er það nú svo, að til þess að háskólinn sé það, sem hann á að vera og til þess að háskólahverfið fái þann svip í sjón og raun, sem það á og þarf að fá, og síðast en ekki síst til þess að félagslíf og þroski stúdenta verði með þeim blæ, sem æskilegt er, þá vantar ennþá eina byggingu á háskólalóðina, og sú bygging er félagsheimili stúdenta. – Það skal játað, að víða er þörf átaka, en hvort tveggja er, að mörg rök hníga að því, að hér sé um nauðsynjamál að ræða og svo hitt, að óvíst er, að sú hógværð kæmi niður á réttum stað, ef við hyrfum nú frá því ráði að reisa þetta hús vegna þess, að önnur hús væru nauðsynlegri ... Stúdentaráð það, er sat síðasta ár, tók málið upp og lýsti eftir hugmyndum um fyrirkomulag heimilisins, en allt til þessa hafði það nokkuð verið á reiki, hvað menn hugsuðu sér að byggingin ætti að rúma. – Skömmu eftir að ráðið tók til starfa, kvaddi rektor háskólans, próf. Alexander Jóhannesson, ráðið á sinn fund og ræddi þá m. a. þetta mál. – Lýsti hann því yfir, að byggingu sem þessari mundi sennilega verða valinn staður á háskólalóðinni, nærri Melaveginum, næst háskólanum öðru hvorum megin. Samkv. upplýsingum frá rektor síðar, mundi byggingunni að öllum líkindum valinn staður milli háskólans og þjóðminjasafnsins nýja. – Á þessum fundi með rektor var þegar nokkuð rætt um fyrirkomulag byggingarinnar í aðalatriðum. – Voru allir á eitt sáttir um, að jafnframt rúmgóðum samkomusal og fundaherbergjum væri nauðsynlegt að ætla þar rúm fyrir mötuneyti stúdenta. – Hvatti rektor stúdentaráð mjög til framkvæmda í málinu og hét stuðningi sínum. Var einkum áformað að leita til stúdenta, íslenzkra, sem stunda nám við erlenda háskóla, og biðja þá að senda lýsingar og tillögur hér að lútandi. – Árangur í þessu efni varð fremur lítill, enda bæði erfitt að finna rétta menn og fá skjót

---

54 Greinin nefnist „Félagsheimili stúdenta“ og er á bls. 9–11 í nefndu riti.

svör. – Vafalaust verða skiptar skoðanir um fyrirkomulag þessa fyrirhugaða stúdentaheimilis í smærri atriðum, en í stórum dráttum vil ég drepa á þau atriði, sem ég hefi hugleitt og heyrt minnt á í þessu sambandi. ... Ef Stúdentasamband Íslands á eftir að rísa úr gróf sinni, væri þetta heimili og sjálfkjörið heimili þess. – Til þess að gegna þessu hlutverki, er augljóst, að í húsinu þarf að vera stór samkomusalur, sem bæði má nota fyrir stóra fundi og skemmtisamkomur. Með þessu væri ekki einungis orðið við þeirri ósk fjölmargra stúdenta að gefa þeim kost á að koma saman sem flestum einu sinni á ári, heldur væri ráðin veruleg bót á þeirri vöntun, sem nú er á stórum samkomusal í Reykjavík; þetta væri ekki einungis nauðsynjamál stúdenta, heldur og bæjarfélagsins. – Innan háskólans starfa nú allmörg félög. Þurfa þau að mestu að sækja undir högg samkomuhúsa í bænum með starfsemi sína, og þurfa þau einatt að greiða allt upp í kr. 1500.00 í húsaleigu fyrir eina kvöldstund. – Fyrir starfsemi þessara félaga yrðu að vera nokkur herbergi, sem jafnframt mætti leigja út til fundahalda fyrir ýmis félög hér í Rvík, sem nú eru hús villt. Má þar til nefna átthagafélög og margs konar menningarfélög. – Eins og áður er getið, mundi rétt að ætla mötuneyti rúm í húsinu, en það hefur lengst af búið við þröngan húsakost og tekið upp húsrúm, sem stúdentagarðarnir mega ekki án vera. – Enn fremur þyrfti að vera rúmgóð og vistleg setustofa, þar sem stúdentar eldri og yngri, gætu komið og unað við spil, tafl og samræður og aðra skemmtun, í tómsundum sínum. – Þá er næst að geta þess, að komið hefir fram sú skoðun, að rétt væri að heimilið starfrækti veitingasölu að sumrinu. Má vissulega ætla, að þegar háskólahverfið hefir fengið að fullu þann svip, sem nú færast óðum yfir það, að þá yrðu margir til þess að leggja leið sína í morgun- og kvöldkaffi til slíkrar veitingastofu ... Það, sem vantar til að hrinda þessu máli í framkvæmd, eru ekki möguleikar, heldur einungis það, sem var fyrir hendi, þegar Nýi Garður var byggður, þ. e. atorka, einlægur vilji og nokkur hugkvæmni.“

Komst nú skriður á málið og tók háskólaráð að sér að fá hjá bæjaryfirvöldum lóð undir félagsheimili stúdenta. Hinn 20. nóvember 1951 samþykkti bæjarráð „að gefa kost á lóð undir félagsheimilið á svæðinu norðan við Sturlugötu, sunnan íþróttahúss Háskólans, eftir nánari útvísun síðar og með þeim skilmálum, sem bæjarráð setur.“ Var þetta síðan staðfest á fundi bæjarstjórnar 6. desember s. á. (sbr. skjöl þar um í Skjalasafni Háskólans). Um undirbúning málsins að öðru leyti segir *Einar Sverrisson* stud. oecon. m. a. í grein, er hann ritaði í Stúdentablaðið 1. desember 1953:<sup>55</sup>

„Veturinn 1950–1951 var að tilhlutan stúdentaráðs skipuð nefnd í samráði við önnur akademisk félög hér í bæ, sem hafði undirbúning málsins á hendi. Formaður þessarar nefndar var og er prófessor Alexander Jóhannesson, háskólarektor. Nefnd þessi leitaði

55 Greinin nefnist „Félagsstofnun stúdenta“ og er á bls. 31–32 í nefndu riti.

til Ágústs Pálssonar, arkitekts, um að gera teikningar að væntanlegu félagsheimili. Teikningarnar, sem hann hefur gert í samráði við nefndina, eru nú tilbúnar, og geta menn kynnt sér þær á öðrum stað hér í blaðinu. Ber að þakka nefndinni, einkum formanni hennar, vel unnin störf. Eins og menn geta séð af lýsingu á væntanlegu félagsheimili, er gert ráð fyrir fjölbreyttum rekstri, svo sem mótuneyti, samkomu- og hljómleikasal o. s. frv., sem ekki skal rakið hér nánar. – Eftir tillögu byggingarnefndar, einkum formanns hennar, var lagt til að stofnað yrði hlutafélag til að reka félagsheimilið, þar eð sú leið þótti heppilegust til fjáröflunar og var stofnfundur félagsins haldinn í I. kennslustofu háskólans fimmtudaginn 19. nóvember s. l. Hlaut félagið nafnið Félagsheimili stúdenta hf., og voru þar samþykkt lög fyrir félagið. Á næstunni mun verða leitað til allra íslenzkra akademiskra borgara um að kaupa hluti í hlutafélaginu og mun vera svo til ætlazt, að þeir leggi einir fram u. þ. b. 1 millj. króna. Er þeirri fjársöfnun lýkur, verður leitað til annarra um að gerast hluthafar í félaginu, þ. á m. ríkis og Reykjavíkurbæjar og reynt að fá þessa aðila til að leggja fram um 500 þús. kr. hvorn. Það er talið, að akademiskir borgarar á Íslandi séu um 3000. Ef nægilegur skilningur og velvild eru fyrir hendi í garð þessa mikla nauðsynjamáls hjá þessu fólki ætti þessi fyrirætlun auðveldlega að takast. Hlutabréfin eru gefin út sem 500 króna og 1000 kr. bréf og ef hver akademiskur borgari keypti eitt bréf, þótt ekki væri nema 500 kr. bréf, væru þegar fengnar nærri því 1,5 millj. kr. Af þessu sést að fyrirætlunin ætti að takast, þó að stór hluti þessa hóps sé að vísu illa fjáður, þ. e. þeir stúdentar, sem enn eru við nám, en margir þeirra munu þó geta lagt eitthvað af mörkum. – Ég hef rætt um mál þetta sem eitt mesta nauðsynjamál íslenzkra stúdenta. Það má eflaust fullyrða og þarf tæplega að færa rök fyrir þeirri staðhæfingu, það skal þó reynt með örfáum orðum. Það, sem einkum hefur háð þróttmiklu félagsstarfi meðal stúdenta, háskólastúdenta sem annarra, er húsnæðisskortur. Stúdentar hafa jafnan orðið að leigja húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína, svo sem skemmtanir og félagsfundir, í einhverju samkomuhúsanna hér í bænum, oft með ærnum tilkostnaði. Þessi húsnæðisskortur hefur einnig hindrað ýmsa félagsstarfsemi þeirra, t. d. Leikfélags stúdenta og jafnvel karlakórs háskólastúdenta svo dæmi séu nefnd. Má því ljóst vera, að með byggingu félagsheimilisins verður mikil bót ráðin á þessum vandkvæðum. Þar er einnig gert ráð fyrir mótuneyti eins og áður er sagt, þar sem viðskiptavinirnir munu annast afgreiðslu sjálfir, svo sem alþekkt er víða annars staðar. En hér er ekki um að ræða hagsmunamál reykviskra stúdenta einna, heldur ættu þeir stúdentar, sem búsettir eru víða út um land, að láta eitthvað af hendi rakna til þess að flýta fyrir byggingu félagsheimilisins. Það væri óneitanlega ánægjulegt fyrir þá að geta átt skemmtilega samverustund með gömlum skólabræðrum og félögum á þeirra eigin félagsheimili. Hér er því verkefni, sem allir íslenzkir stúdentar eiga almennt að geta sameinazt um að leysa hið bráðasta. – Ég gat þess áðan, að ráðgert væri að leita til annarra en stúdenta um að gerast hluthafar í Félagsheimili stúdenta hf. Í því sambandi mundi ef til vill einhver vilja varpa fram spurningu sem þessari: Hvaða áhuga ættu aðrir

en stúdentar að hafa á byggingu félagsheimilis stúdenta? Þessari spurningu mætti svara með því að nefna nokkur atriði, en hér skal aðeins bent á þetta: Uppdráttur og lýsing væntanlegrar byggingar sýna það ljóslega, að þar getur farið fram umfangsmikil félagsstarfsemi. Þar er hægt að halda mikla og glæsilega dansleiki, almenna fundi auk annarra mannfagnaða og síðast en ekki sízt kabarett- og leiksýningar. Sum þessi atriði geta auðveldlega farið fram samtímis. Gera má ráð fyrir því, að mörg kvöld verði húsið eða hluti þess leigður út fyrir þess háttar samkomur. Hér er því athugunarefni fyrir félög og einstaklinga að taka til rækilegrar íhugunar, hvort ekki væri ráðlegt að leggja eitthvað af mörkum til þess að flýta fyrir byggingu félagsheimilisins með því að kaupa hlutabréf í félaginu, þar sem skortur á rúmgóðu húsnæði til slíkra hluta er tilfinnanlegur hér í bæ.“

Svo sem fram er komið, var *Ágúst Pálsson* arkitekt fenginn til að teikna hið fyrirhugaða félagsheimili og hafði hann lokið því verki að mestu árið 1953. Um skipulag byggingarinnar, eins og hún leit út á teikniborðinu, segir *Ágúst* í viðtali, sem birt er í *Stúdentablaðinu* 1. desember 1953:<sup>56</sup>

„Gert er ráð fyrir, að félagsheimili stúdenta verði reist á lóð Háskólans, sunnan við íþróttahúsið með aðalinngangi frá Suðurgötu. – Á neðri hæð er mötuneyti stúdenta ætlaður staður, með inngangi frá gangbraut þeirri, er liggur beint að Háskóla-byggingunni. Þar er fyrst komið í forstofu með fatageymslu og snyrtiklefum. Þaðan er aðgangur að veitingasal með 100 sætum og einnig að tveim minni fundarsölum, er hvor um sig hefur 60–80 sæti. Þá er framræsluherbergi (svo) ásamt eldhúsi og nauðsynlegum geymslum. Á þessari hæð eru einnig snyrtistofur fyrir starfsfólk, íbúð umsjónarmanns o. fl. – Á efri hæð hússins er samkomusalur, þar sem 500 manns geta setið til borðs í einu. Í sambandi við salinn er leiksvið með nokkru húsrými fyrir leikstarfsemi o. fl. Einnig hugsast leiksviðið notað sem danssalur hússins og af þeirri ástæðu liggja að því tvær breiðar tröppur frá salnum. Á þessari hæð er aðalinngangur, forstofa, fatageymsla og miðasala. Svalir eru á austur- og suðurhliðum hússins. Á millihæð undir leiksviði er billiardsalur og íbúð fyrir starfsmann.“

Enn var unnið að undirbúningi málsins, en brátt varð ljóst, að örðugt yrði að fjármagna bygginguna fyrst um sinn og skapaðist þá biðstaða. Í *Árbók Háskólans 1955–1956* segir *Páll Ásgeir Tryggvason* m. a.:<sup>57</sup>

„Í ljós kom, að bygging, sem fullnægði settum skilyrðum, mundi fullgerð kosta um 8–10 millj. kr. Og um leið komu í ljós ýmsir annmarkar á að byggja hana í áföngum,

56 Viðtalið er þar birt á bls. 30.


57 Bls. 130–132.

en það hefði orðið mikil nauðsyn. Rákust þar verulega á þörfina á húsrými fyrir arðbæra starfsemi og hins vegar fjárhagsþörfina í byggingarkostnað. Uppdrættirnir voru hafðir til rækilegrar athugunar, en um leið var kannað ýtarlega, hvers fjár varð hugsanlega aflað með framlögum, lánum, hlutafjársofnun og almennum fjáröflunarleiðum. Niðurstaðan varð, svo sem vænta mátti, að mjög væri við ramman reip að draga, einkum þegar þess var gætt, að nauðsyn væri að koma a. m. k. hluta byggingarinnar upp með miklum hraða, svo að arðbær rekstur gæti hafizt í henni þegar í stað, nægilegur til að tryggja sjálfstæðan rekstur fyrirtækisins. – Um frumáætlun verksins varð því þegar illilega ljóst, að aldagömul fylgja stúdentsins, fjárskorturinn, mundi verða því fjötur um fót, og bygging á þessum stað, sem fullnægði því að vera þokkalegt félagsheimili stúdenta, en stæði undir sér um leið, mundi eiga langt í land. Stjórn félagsins ákvað því jafnhliða að athuga gaumgæfilega horfur á því að kaupa eign, sem með tiltölulega litlum breytingum gæti tekið við rekstri félagsheimilis að nokkru marki fljótlega. Á grundvelli þeirrar hugsunar tókst stjórninni að fá vilyrði um mjög hagstætt lán, ef heppileg eign yrði fól. Formanni og gjaldkera var falið að athuga möguleika þessa. Hafa þeir átt ýtarlegar viðræður við marga aðila um málin. Á þessu stigi er ekki unnt að skýra frá árangri viðræðnanna, en fyrir 1. apríl n. k. á stjórninni að vera unnt að gefa skýrslu sína um málið. – S. l. ár taldi byggingarnefnd náttúrugripasafns sig þurfa á lóð þeirri að halda, sem félagsheimilið hafði vilyrði um, og sótti fast á. Var hún í nánnum tengslum við stjórn háskólans í þessu efni. Ýmis atvik ollu því að lokum, að stjórn félagsheimilisins var ekki á öðru stætt en láta náttúrugripasafninu eftir lóðina. Má á móti búast við einhverjum stuðningi háskólans við félagsheimilið, en jafnframt mun stjórnin í samráði við skipulagsdeild bæjarins vinna að því að afla framtíðarstaðar fyrir glæsilegt félagsheimili. – Eins og horfir, er vígstaðan þá þessi: Bygging félagsheimilis á lóð þeirri, sem vilyrði var gefið um, mundi verða stúdentum ofviða í fyrirsjáanlegri framtíð, ef heimilið á annars vegar að vera meira en nafnið tómt, en hins vegar að geta staðið undir rekstri sínum. Slík bygging gæti hæglega valdið óbærilegum vandræðum fjárhagslega og raunverulega orðið til þess að seinka stofnun þokkalegs félagsheimilis frekar en þörf er á. Fjárfestingarleyfi í þeim mæli, sem þyrfti, eru torsótt. Hins vegar er fyrir hendi vilyrði um hagstætt lán, sem nota má til kaupa á heppilegri eign. Þá eign yrði að vísu sennilega að leigja út nokkra hríð, en jafnframt er hugsað að koma þar upp vísi að félagsheimili eða stúdentaklúbb. Allt er undir því komið, að fé það, sem félagið hefur vilyrði um, verði ávaxtað tryggilega. Þegar slík eign, slíkur vísir að félagsheimili, er fengin, er grundvöllur orðinn til fyrir víðtækri fjáröflun til heimilisins, – fyrr ekki. Umleitanir til kaupa á slíkri eign standa nú yfir og bera vonandi einhvern árangur, en jafnhliða verður leitazt við að tryggja framtíðarstað fyrir heimilið á ákjósanlegum stað. – Það er trú félagsstjórnarinnar, að þessi leið sé hin skynsamlegasta til fyrstu uppbyggingar glæsilegs félagsheimilis – og raunar hin eina gerlega, eins og sakir standa. Með skynsamlegum rekstri þessa fyrsta vísis, ef af verður, ætti vonin um fullkomið






Snæðing A-B




Snæðing C-D




- I.
- 1 Inngangur
  - 2 Forstofa
  - 3 Fínslarvæðing
  - 4 Snæðing
  - 5 Framm
  - 6 Matastofa
  - 7 Eldhúsi
  - 8 Íbúð umsjónarm.
  - 9 Geymsla



- II.
- 1 Stigah.
  - 2 Hristari
  - 3 Billard.
  - 4 Snæðing
  - 5 Stúfsal




- III.
- 1 Inngangur
  - 2 Forstofa
  - 3 Samkomuvæðing
  - 4 Leikarúð
  - 5 Miðsaala
  - 6 Framm




- III.
- 1 Stigah.
  - 2 Orabrotastofa
  - 3 Snæðing

Laust eftir 1950 réðu forystumenn stúdenta Ágúst Pálsson arkitekt til að hanna félagsheimili fyrir stúdenta, sem þá var talin mikil þörf á en nokkurt fé hafði safnast í þessu augnamiði. Vann Ágúst að þessu verkefni á árunum 1951–1953 og gerði ýmsar tillögur, síðast þær sem hér eru birtar. Hér var um stórhýsi að ræða og var því ætlaður staður fyrir suðurenda trjágangna á háskólalóð, um það híl miðja vegu milli þess sem Oddi og Arnagarður standa nú. Frá byggingu hússins var einkum fallið af fjárhagsástæðum.


Félagshemili háskólastadenta  
M: 1:200




Sudurhlid




Vesturhlid



Norðurhlid



Austurhlid



Astgöngumynd 1:1000

félagsheimili að þokast æ nær. En þess verður að gæta, að jafnvel þetta fyrsta stig, ef vel tekst, er viðamikil fyrirtæki fyrir hin fátæku stúdentasamtök landsins og þarfnast liðsinnis og styrktar allra íslenskra stúdenta. Vonandi gefst þeim bráðlega tækifæri til að sýna, að þeir vilji vinna þessu stóra hagsmunamáli sínu dyggilega.“

Deyfð færðist nú yfir málið um sinn og í Árbók Háskólans 1958–1959 segir:<sup>58</sup>

„Í nokkur ár hefir verið fremur hljótt yfir Félagsheimili stúdenta, sem hugmyndin var að reisa sem samkomustað stúdenta, ungra og gamalla, og eins konar miðstöð alls félagslífs þeirra. Stúdentaráð kynnti sér málið, en treystist ekki til að beita sér fyrir framkvæmdum. Vonandi tekst að finna heppilega lausn á þessu mikilsverða máli í næstu framtíð og ættu háskólastúdentar ekki að láta sinn hlut eftir liggja, til þess að vinna að framgangi þess.“

---


58 Tilv. rit, bls. 105.

## Háskólabíó við Hagatorg – hönnun og framkvæmdir

Á árinu 1954 var fyrir alvöru farið að huga að byggingu framtíðarhúsnæðis handa kvikmyndahúsi Háskólans (en rekstur þess var í eigu Sáttmálasjóðs). Svo sem áður hefur verið greint frá, hafði það fyrirtæki frá upphafi verið rekið í leiguhúsnæði í Tjarnargötu, en leigusamningur um húsið átti að renna út á árinu 1961. Var nú bráðlega skipuð byggingarnefnd í þessu augnamiði og undirbúningur framkvæmda hafinn. Formaður nefndarinnar var *dr. Alexander Jóhannesson* prófessor og er óhætt að segja, að hann barðist fyrir byggingu þessa stórhýsis með sama krafti og sömu hugkvæmni og hann hafði beitt við háskólabygginguna á sínum tíma. Þetta var hið síðasta stórvirki, sem Alexander vann fyrir Háskólann í byggingarmálum. Var hér tekið myndarlega á málum og enginn kotungsbragur á neinu. *Porkell Jóhannesson*, sem var háskólarektor á þessum árum, lagði málinu gott lið, þótt meginþungi skipulagningar og fjármögnunarleiða mæddi á Alexander, auk arkitekta og annarra tæknimanna.

Hinn 27. ágúst 1954 var, að frumkvæði dr. Alexanders, samþykkt í háskólaráði „að fela stjórn Tjarnarbíós að sækja til borgaryfirvalda um leyfi til að reisa nýtt kvikmyndahús og hljómleikasal á háskólalóðinni við Hringbraut, milli Þjóðminjasafns og Garðs.“ Bæjaryfirvöld féllust ekki á þessa umsókn, en löngu síðar var Félagsstofnun stúdenta hins vegar leyft að byggja félagsheimili á lóðinni. Skipulagsnefnd Reykjavíkur var því hins vegar hliðholl að veita lóð fyrir kvikmyndahús við Suðurgötu, rétt sunnan íþróttavallarins, en stjórn Melavallar taldi þá að þar með yrði komið í veg fyrir stækkun vallarins síðar. Gunnar Thoroddsen borgarstjóri gaf síðan, í ágústmánuði 1955, háskólayfirvöldum kost á lóð undir kvikmyndahús við Hagatorg og Dunhaga, og voru byggingarframkvæmdir hafnar þar þrem árum síðar.



Af gerðabókum háskólaráðs og heimildum í Skjalasafni Háskólans kemur fram, að háskólaráð heimilaði hvað eftir annað að fé til byggingar hússins yrði lánað af happdrættisfé og fékkst umtalsverður hluti byggingarkostnaðar til láns með því móti. Háskólaráðsmenn voru ekki alltaf á eitt sáttir um ráðstöfun fjár til byggingarinnar og kom til bókana af því tilefni á háskólaráðsfundum, einkum fyrst eftir að byggingunni hafði verið komið upp.



*Frumlíkan arkitektanna Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar af Háskólabíói. Í útbýggingu til vinstri átti að vera íbúð. Anddyrið tók miklum breytingum síðar.*

Í fróðlegri skýrslu, sem *Alexander Jóhannesson* ritaði háskólarektor (*Ármani Snævarr*) 2. nóvember 1961, eftir að húsið hafði verið tekið í notkun (geymd í Skjalasafni Háskólans) gefur hann eftirfarandi yfirlit um framkvæmdir og fjármögnun:

„1958 var ákveðið að hefjast handa um byggingu háskólabíós, eftir að bæjarstjórn fyrir velvilja þáverandi borgarstjóra hafði úthlutað háskólanum lóð þá, er núverandi háskólabíó stendur á. Hafði háskólinn þá eða stjórn bíósins um langt árabíl leitað að hentugum stað, en án árangurs. Reykjavíkurbær átti Tjarnarbíó (upprunalega íshús, er breytt var í bíó), er var leigt háskólanum um árabíl og leigan síðan framlengd oftari en einu sinni. Háskólinn varð því í framtíðinni að sjá sér fyrir hentugri lóð og láta reisa þar kvikmyndahús. Þótt Tjarnarbíó væri á hentugum stað, var húsið alltof lítið (aðeins 387 sæti), þar eð rekstrarkostnaður var svipaður og hjá stærri bíóum (leiga á myndum, starfsmenn, miðasala og stúlkur til að vísa til sætis). En úr því að ráðizt var í að byggja nýtt hús, var það sammála álit háskólaráðs að reisa hús fyrir allt að 1000 manns eða að minnsta kosti 50 ár fram í tímann. Þá var talið mjög æskilegt að gera húsið þannig úr garði, að hljómburður skyldi svara kröfum tímans og vera fullkomnari en í öllum öðrum húsum. Bygging þessi átti því að verða einn af mátarstólpum menningar í landinu, til



*Frumteikningar arkitektanna Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar af Háskólabíói.*



*Arkitektarnir Guðmundur Kr. Kristinsson (t. v.) og Gunnlaugur Halldórsson á teiknistofu sinni á Laufásvegi, um það leyti sem þeir hönnuðu Háskólabíó við Hagatorg.*

framgangs þróunar æðri tónlistar, enda væri þetta mjög í samræmi við hlutverk háskólans almennt, og myndi þá síður verða hreyft við þeim hlunnindum, er Tjarnarbíó naut, undanþágu frá skemmtanaskatti, er nemur nál. 27,5% af söluverði hvers miða, og myndu þessi hlunnindi, miðuð við 6 millj. kr. umsetningu á ári, nema ca. 1,6 millj. kr. Var ráð fyrir gert, að hús þetta myndi kosta 10–12 millj. króna, en hljómburðarskilyrði (svo) voru metin á 1/2–1 milljón króna auka, og þótti sjálfsagt að gera ráð fyrir þeim. En margt fer öðruvísi en ætlað er, og hefir allur kostnaður orðið rúml. 30 millj. króna. Engum datt í hug, að unnt væri að bjóða út bygginguna, þar eð engar fullkomnar teikningar voru til. Var því ráðinn sérstakur maður til að standa fyrir verkinu, Snorri Halldórsson húsasmíðameistari, er hafði reynzt vel bæði við Þjóðminjasafn Íslands og Íþróttahús háskólans. Voru honum ákveðin laun, 10.000 kr. á mánuði. Myndi það gera 360.000 kr. á 3 árum, en ef einhver byggingameistari hefði tekið að sér verkið og tekið 18% í viðbót við laun verkamanna (en lagt til áhöld), myndi sú upphæð hafa numið miklu. – Við vorum heppnir í byrjun, því að grunnurinn reyndist góður og fljótunninn og því ódýr (á næstu lóð, Bændahöllinni, var hinsvegar grunnurinn mjög harður og því seinunninn og kostaði yfir 3 millj. kr. að vinna hann). Húsið var steipt upp með skriðmótum, og reyndist erfitt að koma þakinu upp í fulla hæð, en tókst þó að lokum. Sökina átti Stapi h.f., er hafði ekki séð fyrir nægilega sterkum lyftingatakjum, en þótt



*Háskólabíó í byggingu.*

kostnaður yrði að þessu og tóf á verkinu, fékk Stapi h.f. aðeins nokkurn hluta þess, er hann hafði krafizt, og var sættzt á það. – Eftir því, sem verkinu miðaði áfram, var augljóst, að það myndi fara langt fram úr áætlun, og voru orsakar þær, er nú skal greina:

1. Innflutningstollar til ríkissjóðs nema vafalaust nokkrum milljónum króna, þar af t. d. tollur á sýningarvélum ca. 1 millj. króna, tollur á hitatækjum ca. 750.000 kr. og tollur á járn og timbri og yfirleitt hverskonar byggingarefni, er flutt hefir verið inn.
2. Verðfall á ísl. krónu varð tvisvar á þessu tímabili, 1959 og 1961, og hafði þetta bæði áhrif á allt efni, er flutt var inn, og kaupgjald allt hækkaði verulega.
3. Þá kom verkfallið 1961 og hafði enn verulega hækkun í för með sér.

Hagstofustjóri telur sennilegt, að hækkun á byggingarkostnaði frá því að verkið var hafið, hafi numið 60–70%. – Yfirleitt voru 2 aukatímar (kl. 5–7) greiddir allan tímann til þess að eiga ekki á hættu að missa menn, enda var þetta í samræmi við það, sem tíðkaðist á vinnumarkaðnum. Við byrjuðum með því að kaupa steypustyrktarjárn og





*Steypuvinna í húsi Háskólabíós.*

timbur fyrir ca. 1 millj. krónur og spöruðum á þessu mikla peninga. Nægði járníð og varð nokkur afgangur, er hefir verið seldur, en timbrið dugði ekki og varð oft að kaupa aukatimbur. – Um öll meiri háttar verk (t. d. loftræstingu, smíði og uppsetningu á þaki o. fl.) var leitað tilboða frá mörgum stöðum og því tilboði venjulega tekið, er lægst var, eins og háskólaráði hefir áður verið skýrt frá. Arkitektarnir réðu öllu um innréttingu, stóru og smáu, enda hafa þeir skapað byggingu, er hlotið hefir lof og viðurkenningu fjölda manna. – Miklum erfiðleikum olli, og varð enda mjög dýrt, að setja plast á þakið (plastefnið eitt kostaði ca. 400.000 ísl. krónur), enda kom hingað upp Engendingur til þess að kenna Íslendingum meðferð á þessu efni. – Um hið háa verð þessarar byggingar (sem er ca. 26.000 teningsmetrar; Háskólinn er ca. 21.000) má hafa í huga samanburð við aðrar byggingar. Byggingin var áætluð um 12–13 millj. kr. í upphafi, eða ca. 500 kr. pr. ten.metra. Þjóðminjasafnsbyggingin var áætluð 4 millj., en varð rúmar 7, og varð þó í samanburði við aðrar byggingar, er reistar voru á sama tíma, mjög ódýr. – Af þessu



*Unnið við byggingu Háskólabíós.*

virðist ljóst, að mjög torvelt er að ráða í kostnað slíkrar byggingar. Sjálfur kom ég svo að segja daglega allan tímann til þess að líta eftir, hvernig gengi, og hefi skrifað upp á alla reikninga ásamt byggingameistararum (að undanskildum örfáum, sem ég vildi ekki viðurkenna). – Það er eðlilegt, að sú spurning vakni: Getur þetta hús borið rúmlega 20 millj. kr. byrði (Byggingarsjóður hefir lagt fram yfir 7 millj. og háskólinn 2 millj.)? Ég svara þessu játandi. Tjarnarbíó hafði árið 1960 ca. 2.500.000 króna umsetningu, en nettó ágóði varð ca. 1.250.000. Ég hefi áætlað umsetningu Háskólabíós 6 millj. á ári (sem er mjög varlegt), eða 500.000 kr. á mánuði (fyrstu 20 dagana komu inn ca. 600.000 krónur). Tilraunir eru nú gerðar til þess að fá 2 millj. króna lán, svo að hægt sé að greiða flestar lausaskuldir og koma öðrum lánnum á betri grundvöll. Tel ég æskilegt, að endur-

skoðun reikninga fari bráðlega fram. – Að lokum skal þess getið, að framkvæmdastjóri Tjarnarbíós, Friðfinnur Ólafsson, hefir unnið ómetanlegt starf við að koma húsinu upp. Þekking hans á öllum hlutum reyndist frábær og áhuginn óbilandi.“

Síðsumars 1961 tók *dr. Alexander* einnig saman eftirfarandi skýrslu um starfsemi byggingarnefndar:


„Nefnd skipuð af háskólaráði 16. des. 1955. Fyrsti fundur haldinn 11. jan. 1956. Alls haldnir 23 fundir. Umsókn um fjárfestingarleyfi 12. jan. 1956. – 25. júní 1956 lagðir fram uppdrættir að fyrirhuguðu „háskólabíói“. Gunnlaugi Halldórssyni og Friðfinni Ólafssyni falið að fara utan til að kynna sér gerð kvikmyndahúsa í nálægum löndum. – 22. ágúst 1956 rætt um uppdrætti. – 15. des. 1956 sama umræðuefni. – 29. des. 1956. Rætt um uppdrætti fyrirhugaðs „Háskólabíós“ og um það, hvort unnt verði, kostnaðarins vegna, að gera húsið þannig, að nota mætti það sem sönghöll. Húsameistarinn hafði gert lauslega athugun um mismun á kostnaði, ef húsið væri aðeins reist sem bíó og ef gert væri ráð fyrir, að jafnframt mætti nota það sem sönghöll. Taldi hann byggingarkostnaðinn myndi hækka um 500.000 kr., ef húsið yrði gert þannig að nota mætti það sem sönghöll. – 21. jan. 1957. Óskað álits *dr. Jordan*, dansks verkfræðings um þá hugmynd að reisa húsið með fullkomnum skilyrðum til hljómleikahalds. – 5. febr. 1958. Skýrt frá undirbúningsstörfum vegna byggingarinnar og byggingaframkvæmda, svo og útvegum ýmissa byggingarefna. – 10. febr. 1958. Samþ. kaup á steypustyrktarjárn. Formanni falið að semja við Snorra Halldórsson um að hafa yfirumsjón með smíði hússins. Form. falið að semja við sérfræðinga um að teikna hitalögn, rafmagnslögn og járnalagnir. – 12. marz 1958. M. a. skýrt frá ráðningu Péturs Pálssonar og Kristjáns Flygenrings til að gera útreikninga og uppdrætti af hitalögn. – 17. nóv. 1958. Skýrt frá m. a., að lokið sé að grafa fyrir undirstöðum hússins. – 15. jan. 1959. Skýrt frá m. a., að steypuplata í grunni hússins sé fullgerð og mót að veggjum sökkuls hafi verið reist að mestu. Lögð fram útboðslýsing á þakgrind úr stáli ásamt uppdráttum. Samþykkt að fela Sindra h.f. að kaupa formjárn og bjóða verkið út. – 4. ágúst 1959. Rætt um efniskaup og vinnu við þakgrind. – Út af þessu útboði á vinnu við stálgrind höfðu verið haldnir fundir 5. febr., 7. febr. og 18. febr. Tilboði Stálsmiðjunnar var tekið. Ennfremur voru á fundi 4. ágúst 1959 lagðar fram tillögur um sviðslýsingu, miðstöðvarhitun og loftræstingu og kostnaðaráætlanir um þessi efni. – 8. okt. 1959. Skýrt frá, að lokið væri að koma þakgrind fyrir á veggjum hússins, og greint var frá mistökum, sem orðið hefðu, þegar þakgrind var lyft með skriðmótum. Lagt fram tilboð Stálsmiðjunnar um sölu gufuketils. Samþykkt að fela formanni að semja við Stálsmiðjuna. Til sýnis voru á fundi nokkrar gerðir af stólum. – 19. marz 1960. Lagðir fram sundurliðaðir reikningar yfir byggingarkostnað pr. 31. des. 1959, og var heildarkostnaður kr. 6.100.175.87. Rætt um stóla í bíóið. Samþykkt að hraða framkvæmdum eins og frekast væri unnt. – 8. júní 1960.



*Salur Háskólabíós nær fullbúinn fáum dögum fyrir afmælishátíðina 1961. Iðnaðarmenn kepptust við að ljúka frágangi innanhúss og lögðu seinast nótt við dag.*

Rætt um sýningarvélur. 3 tilboð bárust, frá Philips, Bauer og Rank. Samþykkt að semja við Philips. Samþykkt að taka tilboði Einarsson og Pálsson um loftræstingartæki. Rætt um stóla og smíði glugga í forsal. Samþykkt að ganga frá pöntun á plasti á þak. – 10. okt. 1960. Heildarkostnaður pr. 10. okt. 1960 talinn kr. 10.939.661.50. Samþykkt að semja við Stálhúsgögn um stóla. – 28. des. 1960. Heildarkostnaður þá talinn kr. 13.389.127.27. Formaður telur, að byggingarframkvæmdum muni ljúka eftir 5–6 mánuði. Form. skýrði frá lauslegri áætlun um kostnað vegna efniskaupa og vinnulauna til að fullgera húsið og búa það tækjum og húsgögnum. Heildarkostnað taldi hann mundi verða um 20 millj. kr. Prof. Finnboga Þorvaldssyni falið að athuga reikninga arkitekta og verkfræðinga. – 10. marz 1961. Ósvaldi Knudsen falin málningarvinna. – 16. marz 1961. Skýrt frá bréfi formanns byggingarnefndar til háskólaráðs frá 15. marz 1961. Lögð fram sundurliðuð áætlun arkitekta um kostnað við að fullgera húsið. Samkv. henni nam viðbótarkostnaður kr. 8.337.598 og heildarkostnaður húss fullgerðs þá um 25 millj. kr. – 13. maí 1961. Rætt um sviðsljós, samþ. að hafa sæti ótölusett. Rætt um nafn bíósins. – 17. ágúst 1961. Heildarkostnaður talinn þá 25 millj. kr. og það, sem eftir var, áætlað að kosti 1 millj. kr. Rætt um galla á steinsteypu í kjallara, kosin matsnefnd til að meta eignir Tjarnarbíós og rætt um nafn kvikmyndahúss.“


*Dr. Alexander Jóhannesson (t. v.) og Snorri B. Arnar, umboðsmaður Philips á Íslandi, í sal Háskólabíós fáum dögum fyrir vígslu hússins.*



Byggingarnefnd fól upphaflega *Gunnlaugi Halldórssyni* arkitekt að teikna kvikmyndahúsið, en hann hafði þá m. a. um nokkurra ára skeið unnið að hönnun Náttúrufræðahúss á háskólalóðinni og jafnframt hafði hann á sínum tíma lagt inn teikningar að fyrirhuguðu kvikmyndahúsi Háskólans í Austurstræti 5, þótt eigi fengi hugmynd hans þá náð fyrir augum dómnefndar, en frá þessu hvoru tveggja hefur áður verið greint. Þar að auki hafði hann verið eftirlitsmaður við byggingu Gamla-Garðs (undir yfirumsjá Sigurðar Guðmundssonar arkitekts) og hefur það væntanlega verið eitt hið fyrsta verkefni hans eftir að hann kom frá námi. Fer ekki milli mála, að Alexander Jóhannesson þekkti vel til verka Gunnlaugs og bar mikið traust til hans sem arkitekts. Gunnlaugur valdi sér hins vegar þegar til samstarfs um þetta verkefni ungan arkitekt, Guðmund Kr. Kristinsson, sem síðan rak vinnustofu með honum í allmörg ár, og unnu þeir sameiginlega að allri hönnun kvikmyndahússins. Í viðtali við höfund þessarar bókar segir *Guðmundur Kr. Kristinsson* m. a.:<sup>59</sup>

„Ég hóf störf hjá Gunnlaugi Halldórssyni skömmu eftir að ég kom heim frá námi í Zürich 1953. Í fyrstu var ég aðstoðarmaður hans, en eftir að leitað hafði verið til hans um að teikna nýtt kvikmyndahús fyrir Háskólann bauð hann mér að gerast samstarfsmaður sinn og þáði ég það. Við rákum síðan stofu saman í mörg ár í húsi

<sup>59</sup> Viðtalið fór fram í desembermánuði 1987.



*Gunnar Þjóðólfsson, starfsmaður Háskólalíós (seinna starfsmaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands) og Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt glíma við glerhimin, sem settur var upp yfir sviðinu í Háskólalíói. Myndin er tekin í september 1962.*

Halldórs Hansens við Laufásveg. Þar teiknuðum við bíóhúsið og unnum það verkefni sameiginlega að öllu leyti nema auðvitað má segja, að vissar hugmyndir hafi fremur komið frá öðrum en hinum. Það voru mörg vandamál, sem blöstu við þegar átti að teikna svona stórt og glæsilegt kvikmyndahús, og höfðum við Gunnlaugur gaman af að glíma við þetta. Yfirleitt leystust vandamálin smám saman, en sumt þurfti að lagfæra eftir að húsið var komið upp, eins og gengur. Við áttum gott samstarf við byggingarnefndina, sem virtist vera sammála um að gera húsið vel úr garði, en mest urðu þó auðvitað samskipti okkar við Alexander Jóhannesson, formann nefndarinnar, sem segja má að hafi verið lífið og sálin í þessum framkvæmdum, þótt hann væri farinn að reskjast. Að vísu var hann nokkuð einráður, fannst mér, en enginn virtist finna að því. Byggingarverkið var ekki boðið út, en Alexander leitaði mikið til manna, sem hann kannaðist við og sem eitthvað höfðu áður unnið fyrir Háskólann, en aðalábyrgðarmaður byggingarinnar var Snorri Halldórsson, sem síðar stofnaði Húsasmiðjuna. Mér þótti Alexander skemmtilegur og ágætur maður. Og hann var alveg óvenjulega stórhuga maður. Ég minnst þess alltaf, að á byggingartímanum, þegar kom að því að ákveða



*Háskólabíó 1961.*

þurfti innréttingar í húsið, þurftum við að fara að hugsa um stóla í bíosalinn. Það varð jú að kaupa um eitt þúsund stóla í húsið og við kviðum því dálítið að þurfa að ræða kostnaðarhliðina á því máli við byggingarnefndina eða formann hennar. Alexander spurði okkur nú, hvað stólarnir myndu kosta, og við urðum að svara, að við vissum það ekki, en það væri hægt að kanna það með því að skrifa til útlanda og fá upplýsingar um svona kvikmyndahúsastóla. „Ja, vitið þið ekki svona cirka af hvaða stærðargráðu þetta er?“ spurði Alexander. „Nei, því miður vitum við það varla enn.“ „Ja, hvað? Eina milljón, tvær eða þrjár,“ sagði gamli maðurinn. Þá þótti mönnum milljónin mikil tala og okkur fannst það vera stórhuga maður, sem byrjaði á því í umræðum um stóla, að nefna eina milljón! Stólarnir voru síðan smíðaðir hérna heima, hjá Stálhúsgögnum. Gunnar Jónasson sá um það, en þeir voru gamlir kunningjar, hann og Alexander, báðir flugáhugamenn. Gunnar fékk þýskan þrúfustól, sem við þróuðum áfram. Þetta urðu að mínum dómi ágætisstólar, vel smíðaðir og hafa enst fram á þennan dag, þótt auðvitað þurfi þeir mikið viðhald. Svo að ég víki að hönnun hússins, þá má segja að hússkrokkurinn sjálfur hafi tekið litlum breytingum frá fyrstu hugmyndum, en hins vegar urðu töluverðar breytingar á anddyrinu. Líklega má segja, að anddyrið hafi fremur verið hugmynd Gunnlaugs en mín, en að ég hafi aftur á móti átt hugmyndina að útliti aðalhússkrokksins, en eitt meginsérkenni hans eru „harmoníkuveggirnir“ og þakið í



*Háskólabíó fullbúið, 1962.*

sama stíl. Ég hafði einmitt stúderað svona veggi meðan ég var við nám erlendis og fannst þetta eiga vel við þarna, bæði vegna útlits og aukins styrkleika. Bíóið er jú gluggalaust, svo það þurfti eitthvað að ske í veggjafloötunum, og í heild minnr þetta dálítið á myndavélarbelg. Þakið átti einnig að vera steipt, en þegar til kom var horfið frá því að ráði verkfræðinga en þess í stað gerð stálgrind fyrir þakið og steipt í að hluta og svo klætt með asbestplötum að innanverðu. Þegar til kom varð okkur ljóst, að þessi „brot“ í veggjunum þjónuðu ágætlega þeim tilgangi að breyta hljómburðinum í húsinu. Við útbjuggum stillanlega fleka innan á veggina, sem breytt er eftir því hvort um hljómleikahald eða kvikmyndasýningu er að ræða. Annað vandamál urðum við hins vegar að leysa: Til þess að hægt væri að koma sífóníuhljómsveit fyrir á sviðinu, varð að vera hægt að fjarlægja sýningartjaldið, því að annars var talin hætta á að þessi stóri og dýri dúkur myndi skemmast. Af þessum sökum urðum við að teikna turn sunnan við „belginn“, aðalsal byggingarinnar, þar sem hægt væri að hífa sýningartjaldið upp. Síðar kom hins vegar í ljós, að þetta „gat“ yfir senunni gleypsti of mikinn hljóm frá hljómsveitinni og urðum við þá að búa til færanlega fleka úr plexíglari, sem varpa hljóðinu fram í salinn, en síðan eru þeir dregnir upp við kvikmyndasýningar. Gólfefnið í salnum var valið eftir ábendingu dr. Jordans, dansks sérfræðings í hljómburði sem við





*Friðfinnur Ólafsson forstjóri Háskólabíós (d. 1980) við miðasölu í verkfalli starfsmanna.*

leituddum til. Þetta var franskur gúmmídúkur með svampi undir. Hann var valinn aðallega vegna þess að okkur fannst leiðinlegt, þegar fólk kom of seint á konserta, að heyra plampið í því inn eftir göngunum. Þetta er mjúkt efni, en við fengum ekki að nota teppi vegna þess að þá hefði salurinn verið of dempaður við hljómleikahald. Dúkurinn átti hins vegar að endurvarpa hljóði vel. Anddyrið var mjög rúmt í fyrstu, en síðar var farið að leigja Landsbankanum húsnæði þar. Við byggingu hússins voru notuð skriðmót eða klifurmót, sem þá var nýjung hér á landi með svo stóra byggingu. Þetta gafst nokkuð vel þarna. Það var bara smíðuð ákveðin hæð af mótum, sem mynduðu þetta form í veggina og þetta var síðan tékkað upp. Þakkonstrúksjóninni var síðan lyft upp með mótunum um leið og veggirnir voru steyptir. Þetta tók mikið skemmri tíma en verið hefði ef slegið hefði verið upp á hefðbundinn hátt.“

## Vígsla Háskólabíós 1961 – 50 ára afmælishátíð Háskólans

Dagana 6. og 7. október 1961 efndi Háskóli Íslands til mikilla og veglegra hátíðarhalda í tilefni af 50 ára afmæli sínu. Fóru meginþættir hátíðarhaldanna fram í hinu nýja og glæsilega samkomu- og kvikmyndahúsi Háskólans við Hagatorg, sem þá var jafnframt vígt með hátíðarathöfnum. Af hálfu Háskólans var allt kapp lagt á að hraða framkvæmdum við lokafrágang hússins, svo að það yrði tilbúið fyrir hátíðina. Tókst það þrátt fyrir langt verkfall sumarið 1961, en fullbúið varð húsið ekki fyrr en 1962. Var almælt, að þetta hús hafi skapað háskólahátíðinni svipmikla umgerð.

Föstudaginn 6. október sátu hátíðarsamkomuna m. a. forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, Dóra Þórhallsdóttir forsetafrú, ríkisstjórn Íslands, fulltrúar erlendra háskóla, ýmsir aðrir gestir, kennarar Háskólans og stúdentar. Samkoman hófst með því, að leikinn var Háskólamars eftir dr. Pál Ísólsson en síðan voru flutt mörg ávörp og erindi.

Á háskólahátíð laugardaginn 7. október voru margir hinir sömu gestir viðstaddir og daginn áður og flutti dr. Sigurður Nordal prófessor þá ítarlegan fyrirlestur, er hann nefndi „Í upphafi var orðið“. Síðan fór fram lýsing á kjöri heiðursdoktora, en þeir voru 24 – ein kona og tuttugu og þrjú karlmenn, en að lokum voru nýstúdentum afhent háskólaborgarabréf. Margar gjafir voru Háskólanum færðar í tilefni afmælisins og honum færð skrautrituð kveðjuávörp frá erlendum háskólum og nokkrum íslenskum stofnunum og félögum.

Að lokinni hátíðarsamkomu 6. október höfðu menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, og kona hans boð fyrir kennara Háskólans og aðra starfsmenn og maka þeirra, erlenda gesti Háskólans og ýmsa fleiri, en að kveldi laugardags 7. október bauð Háskólinn til veislu að Hótel Borg og sátu það boð m. a. forseti Íslands og frú hans, ráðherrar og fyrrverandi menntamálaráðherrar og forsetar Alþingis, borgarstjóri og konur þeirra, kennarar Háskólans og aðrir starfsmenn ásamt konum, svo og erlendir gestir Háskólans.

Ítarleg greinargerð um hátíðarhöld þessi er í Árbók Háskólans 1961-1962, en ekki fer milli mála, að þau treystu mjög tengsli milli Háskóla Íslands og margra erlendra háskóla og vöktu auk þess athygli almennings jafnt sem ráðamanna hér á landi á málefnum Háskólans.



*Frá hátíðinni 1961. Ármann Snævarr háskóla- rektor ræðir við Bjarna Benedikts- son forsætisráðherra, sem Lagadeild sæmdi heiðursdoktorsnafnbót við þetta tækifæri.*


Allt til þessa dags hefur salur Háskólabíós, sem rúmar nálega 1000 manns, verið Háskólanum notadrjúgur fyrir hvers kyns athafnir á hans vegum og til kennslu á síðari árum, en hagnaður af rekstri kvikmyndahússins, er rennur í Sáttmálasjóð sem er jafnframt formlegur eigandi hússins, hefur m. a. gengið til að kosta náms- og kynnisferðir kennara og sérfræðinga Háskólans. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur haldið þar hljómleika að staðaldri, allt frá upphafi, og jafnframt hefur salurinn hýst marg- víslegar ráðstefnur og fundi á vegum fjölmargra aðila.



*Heiðursdoktorar og erlendir gestir Háskólans við afmælishátíðina 1961 heilsa forseta Íslands, herra Ásgeiri Ásgeirssyni, í anddyri Háskólabíós.*



*Frá afmælishátíðinni 1961. Stanislaw Turcki, rektor Varsjárháskóla, afhendir Ármanni Snævarr kveðjuskjal frá háskóla sínum.*




*Nokkrir fulltrúar erlendra háskóla á fremsta bekk við athöfnina 6. október 1961. Frá vinstri Hans Kuhn frá Kiel, Carl Iversen rektor Kaupmannahafnarháskóla, Pierre Dauvre rektor háskólans í Caen, Othmar Kühn rektor Vínarháskóla. Lengst til hægri situr Þórir Kr. Þórðarson prófessor, framkvæmdastjóri afmælishátíðarinnar. Í annarri röð má m. a. sjá Regin Prenter prófessor í Árósum (með prestakraga), honum á vinstri hönd R. Bach rektor Árósháskóla.*



*Frá kvöldverðarboði Háskólans að Hótel Borg 7. október 1961, sem efnit var til fyrir ýmsa embættismenn, erlenda gesti og háskólakennara ásamt mökum þeirra. Ármann Snævarr háskólarektor býður gesti velkomna.*




*Frá afmælishátíðinni 1961. Heiðursdoktorar og erlendir gestir bíða þess að ganga inn í salinn. Fremstir standa deildarforsetarnir og prófessorarnir Kristinn Stefánsson, Matthías Jónasson, Leifur Ásgeirsson og Ólafur Björnsson.*



*Frá háskólahátíð 7. október 1961. Heiðursdóttarar sitja á fremsta bekk. Fyrir miðju sitja Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Alexander Jóhannesson fyrrverandi háskólarektor og Thorbjörn Thoralaksson prófessor við Manitobaháskóla. Forsetahjónin sitja við dyr til hægri.*



*Frá afmælishátíðinni 1961. Ármann Snævarr háskólarektor tekur á móti forsetahjónunum, herra Ásgeiri Ásgeirssyni og frú Dóru Þórhallsdóttur.*



*Frá háskólahátíð í Háskólabíói 7. október 1961. Herra Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands, tekur við heiðursdoktorskjali úr hendi Ármanns Snævarrs háskólarektors. Til hægri stendur Þórir Kr. Þórðarson prófessor, forseti Guðfræðideildar og framkvæmdastjóri afmælishátíðar. Til hægri sitja Ólafur Björnsson forseti Laga- og viðskiptadeildar og Kristinn Stefánsson forseti Læknadeildar.*




*Dr. Sigurður Nordal prófessor flytur erindi á háskólahátíð 7. október 1961.*





Á afmælishátíðinni 1961 var Alexander Jóhannesson, fyrrv. háskólarektor, sæmdur heiðursdoktorsnafnbót frá Lagadeild Háskólans. Í formála að doktorskjöri hans segir m. a.: „Hann var fyrst kjörinn rektor Háskóla Íslands árið 1933 og hefur gegnt rektorsembætti í 12 ár samtals eða miklu lengur en nokkur maður annar. Hann var forgöngumaður að mörgum mannvirkjum háskólans, formaður í byggingarnefndum flestra þeirra og lífið og sálin í þeim framkvæmdum öllum... Hann hefur getið sér frábæran orðstír fyrir dugnað og atorku, stjórnsemi og stjórnsýslu. Hann hefur helgað starfskrafta sína óskipta Háskóla Íslands, og mun hans jafnan verða minnst sem eins hins mesta atkvæðamanns Háskólans.“ Hér sést dr. Alexander hlýða á þennan formála áður en hann tekur við doktorsskjali. Fjær situr Leifur Ásgeirsson prófessor, forseti Verkfræðideildar.



Fundarhamar eftir Ríkarð Jónsson, sem Stúdentaráð gaf Háskólanum í tilefni afmælisins 1961. Hann hefur verið á fundaborði háskólaráðs æ síðan.



Afsteypa hins merka listaverks Ásmundar myndhöggvara Sveinssonar, „Sæmundur á selnum“, prýðir Skeifuna framman við Aðalbyggingu. Stúdentafélag Reykjavíkur gaf Háskóla Íslands þetta myndverk í tilefni 50 ára afmælisins haustið 1961, en það var ekki sett upp fyrr en allnokkrum árum síðar. Á afmælistamkomu Háskólans 6. október 1961 sagði Matthías Johannessen, fulltrúi Stúdentafélags Reykjavíkur, m. a.: „Sæmundur er einn fyrsti stúdent íslenzkur og frægastur af námi sínu við Svarta skóla í París, þar sem stytta Ásmundar er gerð. Hann er ein frægasta þjóðsagnapersóna í íslenskum bókmenntum og eru viðskipti hans og kölska einkum í minnum höfð. Þessi íslenzki Faust gerði oft kaup við höfðingja myrkursins, en fór aldrei halloka í þeim viðskiptum, seldi aldrei sál sína við nokkru verði. Mundi það ekki geta verið okkur, sem nú lifum, í senn hvöt og vegvísir í baráttunni við hið illa? Næst komst kölski þessum íslenska bóndasyni, þegar hann handfesti skugga hans í Svarta skóla. En skuggalaus náði Sæmundur sér síðar niðri á honum, því hann hafði margt gagn af kölska og lét hann

jafnvel moka fyrir sig fjósið í Odda. Slík hjálp yrði áreiðanlega vel þegin á ýmsum bæjum, eins og nú er háttað. – Þegar Sæmundur fór heim til Íslands, samdi hann við myrkrahöfðingjann um að flytja sig, eins og kunnugt er. Ef honum tækist að koma Sæmundi á land á Íslandi án þess að væta kjóllaf hans í sjónum, mátti hann eiga Sæmund. En Sæmundur sá við vélabrögðum hans og rotaði hann með Saltaranum, áður en á land kom. – Þessi þjóðsögn á sérstakt erindi við þá myrkratíma, sem við nú lifum: að djöfuls afl og engils veldi sé af sömu rót og því oft erfitt að greina á milli, en hverjum og einum sé skylt að afla sér þeirrar þekkingar sem ein getur staðízt brögð þeirra myrkraafli, sem sífelldlega sitja um manndóm okkar og heilindi. Það hefir verið trú íslenzku þjóðarinnar um aldaraðir, að í þessari baráttu sé Saltarinn vopna bestur. – Stytta Ásmundar er sérkennileg að því leyti, hve fletir hennar eru köntóttir. Um það hefir listamaðurinn sagt: Við göngum í skóla til að slípa af okkur vankanta skilningsleysis og óþroska, til að veðra agnúa tilverunnar. Þannig er þetta verk hugsað. – Mætti stytta Ásmundar Sveinssonar verða ungum stúdentum við háskólann sífelld áminning um þá hjarföstu trú íslenzku þjóðarinnar, að með Bókinni, og þá ekki aðeins Saltaranum, verði hið illa sigrað.“



## Afmæliskeydja til Háskóla Íslands

Heill Háskóla Íslands fimmtugum!  
Þjóðvæknisfélag Íslendinga í Vestur-  
heimi sendir honum hugheilustukveð-  
jur á þeim merku tímamótum í sögu hans.  
Drumhvinn sem réttist með ólofnun  
sians hefir í vaxandi mæli orðið að ver-  
uleika landi og lýð til ríkulegrar bless-  
unar. Jafnframt hefir háskólinn djúg-  
un aukid hróður þjófbarinnar út á víð.



Ver Íslendingar í Vesturheimi hef-  
tum einnig rötis með mörgum hætti  
ávaxtanna af fræðilegu og menning-  
arlegu starfi hans. Minnugt alls  
þessa vottar Þjóðvæknisfélagid Há-  
skóla Íslands þökk sína og virðingu,  
og óskar honum gæfulegrar framtíðar.

Winnipeg, Manitoba  
1 September, 1961

F.h. Þjóðvæknisfélags  
Íslendinga í Vesturheimi

Richard Ross      *Haraldur Þorsteinsson*





UNIVERSITE DE CAEN

L'Université de Caen

Magnifique réalisation de la nation islandaise et témoignage  
fidèle de l'attachement que porte à la culture et à  
la vie de ce pays le plus d'indépendant peuple d'Europe.

L'Université de Caen

est heureux d'adresser en ces jours de fête un message  
d'amitié fraternelle et de chaleureuses sympathies  
ayant la joie de presider un très important  
Institut d'Etudes Scandinaves et d'être la première Université  
française à accueillir un tel Institut Scandinave  
pour faire mieux connaître à ses étudiants la langue  
nordique et la prestigieuse littérature de l'Islande.

L'Université de Caen

Souhaitant voir se multiplier encore les liens  
et les échanges entre les deux Universités  
et de tout cœur par la présente parvenant à  
sa plus haute autorité et par la présente affectueux de tous ses membres,  
à la fois à la fois de l'Université de Caen  
à l'occasion de son cinquantième anniversaire

Caen, le 20 octobre 1961

L'Recteur  
Hervé de Caen  
de l'Université de  
Caen

A. Steur

Kveðjuávarp frá háskólanum í Caen til Háskóla Íslands í tilefni 50 ára afmælisins 1961.

## Til HÁSKÓLI ÍSLANDS

**D** islandske og dansk videnskab er fra de tidligste tider knyttet sammen med uafslettede bånd.

Allerede Saxo har i sin *Danmarkskrønike* hentet stof fra islandske kilder, og i al forskning over den ældste danske historie har den islandske overlevering været et vigtigt supplement til kildekritiske analyser.

Da den nationale renaissancebevægelse i 16. århundrede nåede til Danmark og vækkede interessen for Nordens oldtid, lykkedes det ved samvirke mellem danske og islandinge at samle og udnytte en række af de vigtigste islandske skrifter. Således skænkede man Europa et billede af det gamle Norden, som blev en kilde til inspiration for videnskabslitteratur og kunst. Så længe interessen for Nordens oldtid er levende, vil Arngrimur Jónssens og Ole Worms navne lyse

som en tvillingstjerne på videnskabens firmament.

Ødem en frugtbart tilskyndelse til fortsat samarbejde skænkede Arni Magnússon Københavns universitet sine berømmelige skatte af oldnordiske håndskrifter. Med kritisk sammenligning af danske og islandske kilder lagde Torfæus grunden til en sandere opfattelse af Danmarks ældste historie.

Indtæt navn mindes dog med en sådan varme både i dansk og i islandsk videnskab som RASMUS RÆTISK. Hans epokegørende indsats i nordisk filologi og sammenlignende sprogvidenskab tog sit udgangspunkt i en dybtgående analyse af det islandske sprogs grammatik. På dette grundlag udførte han den islandske retskrivning som et klart udtryk for sprogets bygning.

Københavns universitet var fra sin grundlæggelse og til 1911 tillige Islands universitet. Over tusind islandske studenter er gennem årene blevet immatrikulerede på Frue Plads

og har ifølge kongeligt privilegium haft forret til kommunaltispændiet og friboelig på Regensen. Halvdelen af dem er rejst tilbage med embedseksamen eller andre akademiske grader, og en række udmærkede islandske forskere har beklædt lærerstole ved vort universitet. Med stolthed og glæde har Alma Mater set sine islandske sønner indtage førende stillinger inden for deres fædrelandets nationale kultur, som formidlere af den store verdens åndelige strømninger.

Fra en beskednen begyndelse har Háskóli Íslands, trods trænge kår i det forløbne halvsækel skabt sig en anset og selvstændig position i nordisk videnskabelig forskning og de sidste årtiers islandske forskning ser man nu ættesagaerne i et nyt lys, som digterværker der bærer vidnesbynd om, hvor levende man på Island har fulgt med i middelalderens europæiske åndslev, og hvilken original skaberkraft der boede i de gamle fortællere.

Det er i oprigtig taknemmelighed over stælles virke i førtiden og med et fast håb om fortsat broderskab, at vi hylder Islands unge og litiskraftige universitet med den gamle akademiske hilsen:

*Vivat, crescat, floreat!*

Københavns universitet, oktober 1961

Carl Jørgensen  
rektor.



Kveðja frá Kaupmannahafnarháskóla á 50 ára afmæli Háskóla Íslands.




AD UNIVERSITATEM ISLANDIAE  
PRIDIE NONAS OCTOBRES ANNO  
MCM LXI DIEM FESTUM CELEBRANTEM

**L**itterarum universitatem in poëtarum  
insula Oceani fluctibus circumdata  
ante hos quinquaginta annos sedem posuisse  
et multum ad humanitatem excolendam  
valuisse gaudens Universitas Turkuensis  
novam annorum senem bonis inchoatam  
auspiciis prosperam sperat evasuram con-  
fisa omnes gentium Borealium eiusdem  
modi artium liberalium sedes coniunctis  
viris eruditioni humanae dignum aliquid  
tribuisse et tributuras.

Rector

*Silvanus Niemelä*



Secretarius Universitatis

*Antti Rönkä*

Kveðjuávarp frá háskólanum í Turku, 1961.



Hátíðarsamkoma í tilefni af 75 ára afmæli Háskóla Íslands var haldin í Háskólabíói 4. október 1986. Hér taka nýstúdentar á mót forseta Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttur, í anddyri, en til hægri standa rektorsbjónni, frú Margrét Þorvaldsdóttir og dr. Sigmundur Guðbjarnason.





Frá hátíðarsamkomunni 4. október 1986. Páll P. Pálsson stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands. Staekkuð mynd háskólafránans nýja í baksvín.



Frá hátíðarsamkomunni 4. október 1986. Á fremsta bekk frá hægri sjást m. a. Páll Sigurðsson framkvæmdastjóri afmælishátíðarinnar og deildarforsetarnir Sveinbjörn Björnsson, Þórólfur Þórlindsson og Guðjón Axelsson.





Á 75 ára afmælishátíðinni 1986. Dr. Höskuldur Þráinsson, varaforseti Heimspekideildar afhendir dr. phil. Önnu Sigurðardóttur heiðursdoktorsskjal. Dr. Anna er ein af fáum konum, sem Háskóli Íslands hefur heiðrað með þessum hætti. Með útgáfu merkra safnríta um störf kvenna fyrr og síðar og stofnun Kvennasögusafns Íslands gerðist dr. Anna brautryðjandi kvennasögurannsókna á Íslandi.

Frá hátíðarsamkomunni 4. október 1986. Á fremsta bekk f. v. sjást m. a. dr. Jón Steffensen prófessor, frú Edda Guðmundsdóttir og Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, frú Gréta Kristjánsdóttir, forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, rektor háskólans, dr. Sigmundur Guðbjarnason og frú Margrét Þorvaldsdóttir, og deildarforsetarnir Jón Sveinbjörnsson, Ásmundur Brekkan, Jónatan Þórmundsson, Höskuldur Þráinsson, Valdimar K. Jónsson og Þórir Einarsson. Á öðrum bekk má m. a. sjá dr. Ólaf Björnsson prófessor, og á þriðja bekk m. a. Magnús Þ. Torfason forseta Hæstaréttar, Pétur Sigurgeirsson biskup Íslands og ráðherrana Jón Helgason og Alexander Stefánsson. Á fjórða bekk lengst til hægri situr dr. Ármann Snævarr fyrrv. háskólarektor.



*Laus handritamálsins í sjónmáli. Dr. Gylfi P. Gíslason menntamálaráðherra afhendir Magnúsi Má Lárussyni háskóla- rektor handrit Flateyjarbókar, nýheimt frá Kaupmannahöfn, á hátíðarsamkomu í Háskólabíói 21. apríl 1971.*



*Eftir að Háskólabíó kom til sögunnar hafa stúdentar haldið þar fullveldishátíð sína 1. desember ár hvert. Þessi mynd er frá fullveldisfagnaði stúdenta 1. desember 1981. Á sviðinu er vísnaflókkurinn Hrími.*



*Fjöldmargir mikilvægir fundir og alþjóðlegar ráðstefnur hafa farið fram í Háskólabíói. Á myndinni til vinstri sést George Shultz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í anddyri Háskólabíós á leið til fundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkja, sem þar var haldinn 11. júní 1987.*



*Míkhail S. Gorbatsjov, aðalritari kommúnistaflokks Sovétríkjanna, ávarpar fréttamenn á blaðamannafundi, er hann efndi til í Háskólabíói 12. október 1986, eftir sögulegan fund hans með Ronald Regan Bandaríkjaforseta um afvopnunarmál, en sá fundur leiðtoganna var haldinn í Höfða í Reykjavík. Á hægri hönd aðalritaranum, á sviði Háskólabíós, situr Sevarnadse utanríkisráðherra, en á vinstri hönd er Arbotov, ráðgjafi aðalritarans í afvopnunarmálum.*



*Ljósmyndarar og sjónvarpsmenn voru önnum kafnir meðan fundur Gorbatsjovs í Háskólabíói stóð yfir.*

# **ANNAR HLUTI**

**Tímabilið 1961–1976**





# 1

## Yfirlit

### *Almennt*

Um og eftir 1960 var talsverð umræða um byggingarmál Háskólans og á næstu árum risu nokkrar byggingar, sem tengdust háskólastarfseminni, auk hins glæsilega Háskólabíós, sem vígt var haustið 1961, svo sem fyrr var getið. Kom það í hlut *Ármanns Snævarrs* að hafa ýmiss konar frumkvæði í þessum málum, en hann varð háskólarektor í nóvembermánuði 1960, eftir fráfall *Porkels Jóhannessonar* rektors, sem andaðist í embætti 31. október það ár. *Magnús Már Lárusson* tók síðar við rektorsembætti af *Ármani* 1969 og gegndi því til 1973, er *Guðlaugur Þorvaldsson* var kjörinn háskólarektor. Þykir rétt að láta því tímabili, er þessi bókarhluti fjallar um, ljúka um 1976, þegar lögð hafði verið fram athyglisverð tillaga um skipulag háskólalóðarinnar eftir finnska arkitektinn *Alvar Aalto* (sem síðar var lengi til athugunar hjá borgaryfirvöldum), en skömmu áður hafði Guðlaugur Þorvaldsson komið á vísí til þeirrar stjórnskipunar í byggingarmálum Háskólans – og á yfirstjórn stofnunarinnar – sem síðan hefur haldist í stórum dráttum. Heimildir um þetta tímabil eru að vonum dreifðar og ósamstæðar, en þó ber að geta þess sérstaklega, að árið 1969 birtist efnismikil og vönduð skýrsla svonefndrar háskólanefndar (undir formennsku *Jónasar Haralz* bankastjóra), sem fjallaði um stöðu og þróun Háskóla Íslands.<sup>1</sup> Í skýrslu þessari (og einkum þó ýmsum álitsgerðum og fylgigögnum henni tengdum) kom m. a. fram miklar og gagnlegar upplýsingar um húsnæðismál Háskólans, byggingaráform og byggingarþarfir. Verður stuðst við suma þætti skýrslunnar í eftirfarandi greinargerð, svo og aðrar skýrslur, sem gerðar hafa verið um húsnæðis- og byggingarmál Háskólans.

Þær háskólabyggingar, sem risu á því tímabili, sem hér um ræðir, voru (ártöl miðuð við upphaf notkunar): Háskólabíó (1961); Hús Raunvísindastofnunar (1966); Árnagarður (1969); Lögberg (1971); VR I (1972) og VR II (1975). Þá má einnig nefna byggingu fyrir Félagsstofnun stúdenta (1970) og Hjónagarða (1977). Norræna húsið var einnig reist á háskólalóðinni (1968), en þar er m. a. vinnuaðstaða fyrir norræna sendikennara við Háskólann. Hús Loftskæptastöðvarinnar var afhent Háskólanum 1963 og

1 Skýrslan nefnist: „Efling Háskóla Íslands – skýrsla háskólanefndar“ og var birt í september 1969.



Atvinnudeildarbyggingin að hluta 1968. Á þessu tímabili komu og fram hugmyndir um ýmiss konar byggingar í þágu háskólastarfseminnar, sem sumar hverjar hafa síðar risið af grunni (sbr. t. d. hús fyrir læknakennslu og Þjóðarþóklöðu, sem m. a. er ætlað að hýsa háskólabókasafn). Verður hér gerð nokkur grein fyrir byggingu þessara húsa og ýmsum hugmyndum í því efni, sem fram komu, auk þess sem birtar verða nokkrar heimildir um húsnæðismál Háskólans að öðru leyti.

### *Viðhorf háskólarektora*

Í háskólaræðu sinni í október 1963 segir *Ármann Snævarr*, þáverandi rektor, m. a.:<sup>2</sup>

„Ég hefi áður minnt á það á háskólahátíð, hver vó er fyrir dyrum um starfsemi Háskólans vegna skorts á húsnæði. Er raunar ekki að kynja, þótt að kreppi, þegar haft er í huga, að nýstúdentar, skráðir í Háskólann haustið 1963, eru einir sér mun fjölmennari en stúdentar Háskólans voru í heild sinni, þegar flutt var í háskóla-bygginguna haustið 1940. Er ógerlegt að hemja starfsemi Háskólans, eins og hún nú er mörkuð, í aðalháskólabyggingunni, og húsnæðishrakið girðir gersamlega fyrir bráð-nauðsynlega aukningu á starfsemi skólans og ýmsar umbætur, sem eru mjög aðkallandi. Var horfið að því ráði í fyrrihaust að fá leiguhúsnæði í grennd við Háskólann fyrir kennslu í ensku. Hefir þar m. a. verið komið fyrir nokkrum bókakosti í þessum greinum, og er uppistaðan bókasöfn brezku og bandarísku sendikennaranna, svo og hin ágæta gjöf kennslutækja, er British Council hefir afhent Háskólanum og hefir bætt mjög aðstöðu til tungumálakennslu. Kann Háskólinn British Council miklar þakkir fyrir þessa ágætu gjöf, sem skólanum er mikill fengur að. – Skortur á húsnæði fyrir Háskólann lýsir sér m. a. í því, að aðeins lítill hluti af stúdentum Háskólans hafa lestraraðstöðu í skólanum, eða u. þ. b. 60 af 900 skrásettum stúdentum. Meðal annars í því skyni að bæta nokkuð úr í þessu efni festi skólinn sumarið 1963 kaup á húseigninni Aragötu 9, og ákvað háskólaráð, að það húsnæði yrði notað til lestrarsala fyrir stúdenta. Eru þar sæti á lestrarsölum fyrir 33 stúdenta og herbergi fyrir stjórnir tveggja deildarféлага. Á fjárlögum er veitt nokkurt fé til úrbóta í sambandi við sérlestrarherbergi fyrir stúdenta, og er sú fyrirgreiðsla mikils metin af hálfu Háskólans ... Mikil þörf er á að hefjast handa um byggingar í þágu læknadeildar til kennslu og rannsókna í læknisfræði, tannlæknisfræði og lyfjafræði lyfsala. Er það vitaskuld mikilvægt í hverju þjóðfélagi að búa vel að þessum fræðigreinum, en kennslu- og rannsóknaraðstöðu í þeim er nú mjög ábótavant. – Þá væri æskilegt að hefja svo fljótt sem tök eru á byggingu Náttúrugripasafns, sem ég tel að ætti að tengja Háskólanum, og yrðu ýmsir starfsmenn þar þá kennarar við Háskólann í náttúruvísindum. Hlýtur það að vera hið mesta keppikefli og metnaðarmál

<sup>2</sup> Árbók Háskólans 1963–1964, bls. 14–15.



*Háskólaráð 1960–1961. Frá vinstri: Kristinn Stefánsson forseti Læknadeildar, Ólafur Björnsson forseti Laga- og viðskiptadeildar, Magnús Már Lárusson forseti Guðfræðideildar, Ármann Snævarr háskólarektor, Pétur Sigurðsson háskólaritari, Guðni Jónsson forseti Heimspekideildar, Þorbjörn Sigurgeirsson forseti Verkfræðideildar og Árni Grétar Finnsson fulltrúi stúdenta.*

fyrir Háskólann, að kennslu verði komið upp í þeim mikilvægu greinum svo fljótt sem verða má...”

Í háskólaræðu sinni næsta ár, 1964, segir Ármann Snævarr einnig m. a.:<sup>3</sup>

„Brýn þörf er á sérstöku húsnæði vegna kennslu í verklegri efnafræði svo og í náttúrufræði frá næsta hausti að telja, að því er vonir standa til, og enn er þess að geta, að tjaldað er til skamms tíma um húsnæði fyrir enskukennslu og almennt tungumálanám. Sú endurskoðun á B.A.-náminu, sem nú er um það bil að ljúka, hefir einnig í för með sér mikla þörf á auknu húsnæði, tækjakosti og kennaraliði, þó að örðugt sé að meta það á þessu stigi. Þá er það einnig orðið mjög bagalegt, hve þröngt er um aðstöðu fyrir skrifstofu Háskólans og stjórn hans og deildarstjórnir. Þarfnast það mál, og í tengslum við það aðstaða til ýmiss konar þjónustu við starfsmenn skólans, ekki sízt

3 Árbók Háskólans 1964–1965, bls. 20–21.



*Magnús Már Lárusson fyrrv. háskólarektor. Myndin er tekin í janúar 1988.*

vélritunar- og fjölritunarþjónustu, úrlausnar sem fyrst. Flestar rannsóknarstofnanir eru ungar hér við Háskólann, en það er einn mikilvægasti þátturinn í þróun síðustu ára, hve stofnanahugmyndin hefir fengið góðan hljómgrunn og þar með viðurkenning á því, að annað meginatriðið í starfsemi Háskólans sé að sinna rannsóknarstarfi. Hér þarf nauðsynlega að skapa aukna rannsóknaraðstöðu og rannsóknarumhverfi, rannsóknarandrúmsloft, og það verður ekki gert nema með því að stórauka stofnanir – institut – svo sem sýnt er af þróuninni í grannlöndum vorum. Minni ég enn í þessu sambandi á læknaeildarbyggingar, náttúrufræðistofnun, byggingar í þágu verkfræðikennslu og hugvísindastofnanir ýmsar.“

Í ræðu sinni á háskólahátíð í októbermánuði 1971 segir *Magnús Már Lárusson* m. a.:<sup>4</sup>

„Húsnæðismál eru eitt meginviðfangsefni háskólastjórnarinnar um þessar mundir. Í haust var húsnæðislagadeildar tekið í notkun að fullu, en nokkur kennsla fór þar fram á síðastliðnum vetri. Hefur húsið hlotið heitið Lögberg. Nokkuð vantar þar enn af innréttingum, og aðalfyrirlestrasalur hússins er enn ófullgerður. Öll starfsemi laga-

4 Árbók Háskólans 1969–1973, bls. 49–50.



*Doktorsvarnir fóru að jafnaði fram í hátíðasal Háskólans, áður en hann var tekinn til bókasafnsnota. Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður varði þar doktorsritgerð sína um Brynjólf Pétursson í septembermánuði 1974. Frá vinstri: Sigurjón Björnsson prófessor og forseti Heimspekideildar, Aðalgeir Kristjánsson og Bergsteinn Jónsson dósent, sem var annar andmælenda.*

deildar er nú flutt í Lögberg. Verið er að koma upp deildarþókasafni. Auk þess fer þar fram nokkur hluti af kennslu heimspekideildar. Aðalfyrirlestraralur hússins kemur að nokkru í stað I. kennslustofu háskólans sem almennur fyrirlestrasalur. – Fyrsta áfanga af húsasamstæðu verkfræði- og raunvísindadeildar var lokið á árinu. Húsið er ætlað til verklegrar kennslu í efnafræði og eðlisfræði. Hófst kennsla þar í upphafi vormisseris. Undirbúningi að öðrum áfanga verður væntanlega lokið um næstu áramót. Í þeim áfanga verður kennsluáðstaða fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, kennaraberggi og lesstofur stúdenta. Á þriðja áfanga er ekki byrjað, en í honum verða stærstu fyrirlestraralirnir. Er mikil nauðsyn, að sem fyrst verði bætt úr húsnaðisþörfum verkfræði- og raunvísindadeildar. Núverandi ástand stendur öllu kennslu- og rannsóknastarfi mjög fyrir þrifum. – Í lok júlímánaðar 1970 tók háskólinn á leigu 3. hæð Grensásvegur 12, 545 fermetra, sem þegar var tekin til innréttingar fyrir kennslu í líffræði í verkfræði- og raunvísindadeild og lífeðlisfræði í læknadeild. Í lok apríl 1971 bættust við 225 fermetrar á 2. hæð hússins, en það húsnaði var innréttað til sömu þarfa. Loks var í nóvemberlok í fyrra ákveðið að taka á leigu alla 2. hæð hússins, og bættust þá við 385 fermetrar. Er þar með allvel séð fyrir þörfum þessarar kennslu um skeið, en leigutími er tryggður til



*Doktorsvörn í Heimspekideild 1. júní 1963. Bjarni Guðnason ver ritgerð sína um Skjöldungasögu. Frá vinstri: Matthías Jónasson prófessor og forseti Heimspekideildar, Bjarni Guðnason, síðar prófessor, og dr. Einar Ólafur Sveinsson prófessor, sem var annar andmælenda.*

30. júní 1980. Þessi síðasta viðbót er nú um það bil að komast í gagnið. Er þar bæði aðstaða til kennslu og vinnuherbergi kennara. Lestraraðstaða er fyrir 50–60 stúdenta. – Húsnæðismál læknadeildar voru mjög til umræðu á árinu, en sú deild hefur átt í miklum vandræðum með kennslu- og rannsóknaraðstöðu að undanfögnu. Ljóst þótti, að þrátt fyrir þann undirbúning, sem hafinn er að framtíðarlausn húsnæðismála læknadeildar, yrði ekki hjá því komist að gera þegar í stað verulegar úrbætur, einkum fyrir tvo stærstu árgangana, 1. og 2. árs læknanema. Leitað var að hentugu leiguhúsnæði. Varð úr, eftir vandlega könnun á óinnréttuðu húsnæði, að teknar voru á leigu 2. og 3. hæð í húsi Nýju blikksmiðjunnar að Ármúla 30, alls 1160 fermetrar. Leigusamningur var gerður 1. nóvember 1971, og gildir hann til 30. júní 1981. Var hönnunarnefnd þegar kosin innan læknadeildar, og starfaði hún í nánú samráði við byggingastjóra háskólans. Nokkuð af húsnæði þessu er nú fullbúið. Þarna er fyrirhugað, að verði kennslu- og lestrarrými fyrir 150 stúdenta á 1. og 2. námsári og tilraunastofur fyrir lífefnafræði og líffærafræði, enn fremur aðstaða til rannsókna fyrir kennara í þessum greinum og vinnuherbergi þeirra





*Ólafur V. Noregskonungur kom í opinbera heimsókn til Íslands sumarið 1961. Hann kom þá m. a. til móttökuathafnar í hátíðasal Háskólans. Þar flutti Davíð Stefánsson frá Fagraskógi konungi drápu að fornum sið og afhenti skáldið síðan konungi kvæðið, svo sem hér má sjá. Hið næsta konungi og skáldinu eru Dóra Þórhallsdóttir forsetafrú og Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands.*

kennara, er annast kennslu á 1. og 2. ári læknánáms. Það hefur vissulega gert nokkurt strik í reikninginn, hve innritun nýstúdentna í læknadeild fór langt fram úr áætlun (170), en vonir standa þó til, að úr rætist með aðstöðu alla. – Háskólinn hafði um nokkurt skeið á leigu húsnæði í Tjarnargötu 44 og nýtti það sem lestrarhúsnæði fyrir læknanema í miðhluta náms. Leigusamningur rann út í nóvemberlok 1971 og fékkst ekki framlengdur. Í árslok bauðst háskólanum til kaups 1. hæð og kjallari hússins Tjarnargötu 39. Er þarna um að ræða allt að 300 fermetra húsnæði. Ráðist var í þessi kaup og lagfæringu húsnæðisins og kaupum á nauðsynlegum húsbúnaði hraðað. Fékkst þar lestraraðstaða fyrir 100–120 stúdentna. Um 80 læknanemar lesa þar nú að staðaldri. – Haldið hefur verið áfram undirbúningi að framtíðarlausn húsnæðismála læknadeildar og tannlæknadeildar. Vandkvæðum læknadeildar hefur að nokkru verið lýst. Vandkvæði tannlæknadeildar eru síst minni. Deildin býr við óviðunandi aðstæður í kjallara Landspítalans. Húsnæði þetta tók háskólinn á leigu 1958, og var samningur gerður til 10 ára. Fékkst samningurinn framlengdur til 1972 og aftur í ár til 1974. Litlar horfur eru taldar á, að frekari framlenging samnings fáiast, þar sem Landspítalinn hefur fulla þörf



*James William Fulbright, öldungadeildarþingmaður frá Bandaríkjunum, flytur ávarp í hátíðasal Háskólans á 10 ára afmæli Fulbrightstofnunarinnar 1967. Til hægri á myndinni sitja James Penfield sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra.*


fyrir þetta húsnæði. Mikið liggur nú við, að gert verði samstillt stóráttak í bygginga-  
málum þessara tveggja deilda. Slíkt áttak er ekki einasta nauðsynlegt háskólanum, heldur  
og heilbrigðisþjónustunni í landinu almennt. Erlendir sérfræðingar voru á sínum tíma  
fengnir til að vinna að frumathugun, einkum könnun á rýmisþörf og almennri skipu-  
lagningu þessara bygginga á Landspítalalóðinni. Vonandi nægir fjárframlag það, sem nú  
er ætlað til þessara framkvæmda á árinu 1973, til að tryggja hvort tveggja, að hafnar  
verði byggingaframkvæmdir við hús tannlæknadeildar og að engin töf verði á undir-  
búningi að húsnæði fyrir læknakennslu. Háskólinn leggur í því sambandi áherslu á, að  
fyrirhugaðar byggingar eru hlutar af stærra byggingaráformi og því verði undirbúningur  
skipulagslega að miðast við heildina og að fundnar verði fjármögnunarleiðir, er tryggi,  
að eðlilegur framkvæmdahraði geti orðið bæði á byggingu tannlæknadeildar og  
byggingum læknadeildar, einkum þeim, sem ætlaðar eru fyrir prae- og parakliníska  
kennslu. Ég vil leyfa mér að beina því sérstaklega til stjórnvalda, að brýna nauðsyn ber  
til að stórauka fjárframlög til þessara framkvæmda á fjárlögum fyrir 1974, ef ekki fyrr.  
Má benda á, að stofnfjárveiting háskólans hefur lítið sem ekkert verið aukin í



*Frá brautskráningu kandidata í hátíðasal 14. júní 1967. Ólafur Jóhannesson, forseti Lagadeildar, afhendir Ásgeiri Thoroddsen cand. jur. prófskrirteini. Til hægri situr Björn Magnússon, forseti Guðfræðideildar.*



*Magnús Már Lárusson háskólarektor brautskráir nemendur í hátíðasal Háskólans í júnímánuði 1973. Hér kveður hann Sigfinn Þorleifsson cand. theol. Til vinstri stendur Björn Björnsson, forseti Guðfræðideildar.*



*Hinn 16. febrúar 1961 var Orator, félagi laganema, afhent herbergi í suðurkjallara háskólabýggingarinnar fyrir félagsstarfsemi sína. Var það gert við hátíðlega athöfn í herberginu, en félagið hafði þá lengi barist fyrir því að fá aðstöðu fyrir starfsemi sína. Viðstaddir voru, auk rektors, sem afhenti herbergið, þáverandi stjórnarmenn Orators og nokkrir fyrrverandi stjórnarmenn auk fáeinna annarra gesta. Frá vinstri: Styrmir Gunnarsson formaður, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrv. formaður, Ármann Snævarr rektor, finnskur laganemi, Jón E. Ragnarsson varaformaður og ritstjóri Úlfjólts, finnskur laganemi, Jóhannes Árnason ritari, Andrés Valdimarsson gjaldkeri og Jakob R. Möller aðstoðarritstjóri.*

fjárlagafrumvarpi ársins 1973, sé miðað við yfirstandandi ár. Sómi háskólans og heilbrigðisþjónustunnar í landinu er í veði. – Gleðileg aukning hefur orðið á lestrarrými stúdenta síðastliðið háskólaár. Í árslok 1971 voru sæti í lesstofum 508, en eru nú orðin 838. Í flestum deildum hafa stúdentar nú fengið lesrými út af fyrir sig. Enn skortir þó nokkuð á, að ástandið sé fullnægjandi í þessum efnunum.“





*Hin glæsilegu sæti í hátíðasal, sem Guðjón Samúelsson hafði hannað, voru tekin brott árið 1966 og nýjum sætum ásamt borðum komið þar fyrir. Var hátíðsalurinn síðan lengi notaður sem lestrarsalur stúdenta að jafnaði, en hátíðlegar athafnir fóru þar þó einnig fram (voru borð þá tekin út en bætt við stólum).*

*Próf í hátíðasal Háskólans í maí 1964. Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor og prófstjóri stendur nærri salarðyrum og fylgist með prófmönnum.*



*Stúdentar hvíla sig eftir lestrartörn á hátíðasal.*

### *Um þróun í húsnæðismálum – úr skýrslu háskólanefndar 1969*

Í skýrslu háskólanefndar 1969 gefur m. a. að finna greinargerð undirnefndar í húsnæðismálum, en formaður hennar var *Ármann Snævarr* háskólarektor. Samdi *Ármann* þessa greinargerð nefndarinnar, sem að sjálfsögðu er of ítarleg til að hún verði birt hér öll, en þar segir m. a. um þróun í húsnæðismálum Háskólans:<sup>5</sup>

„Kennsluhúsnæði Háskólans jókst lítið frá 1940–1969, er *Árnagarður* bætist við. Hæð var þó reist yfir austurálmú Íþróttahúss 1960, og var kennsla þar í efnafræði og eðlisfræði til hausts 1966, en þá flutti eðlisfræðin þaðan. Hefir efnafræðin nú þetta húsnæði til umráða, en kennslustofa þar er þó nýtt til annarra kennsluþarfa. Árið 1963 afhenti samgöngumálaráðherra Háskólanum Loftskýtastöðvarhúsið. Fékk Eðlisfræðistofnun Háskólans það hús til umráða og nokkrir kennarar verkfræðideildar. Haustið 1966, þegar Raunvísindastofnun tók til starfa, fluttist Eðlisfræðistofnun þaðan að mestu

5 Sbr. bls. 2–7 í umræddri skýrslu húsnæðisnefndar.



leyti, en þá fluttist jafnframt kennsla í eðlisfræði þangað. Í þessu húsnæði er enn fremur lítil lestrarstofa fyrir verkfræðistúdenta og nokkur aðstaða fyrir félag þeirra, en það húsnæði er óvistlegt og ekki til frambúðar. – Árið 1963 var tekið á leigu húsnæði í Tjarnargötu 44 fyrir enskukennslu. Eru þar 3 stofur, þar af tvær litlar, í kjallara. Þar hefir lengstum farið fram enskukennsla fyrir 2. og 3. stig, en svo

marginir voru á 1. stigi, að ekki var unnt að koma þeim þar fyrir. Í þessu húsnæði hefir einnig verið lestraraðstaða fyrir stúdenta, u. þ. b. 20 sæti, og hefir það komið að verulegu gagni. Haustið 1967 fluttust enskustúdentar þaðan og í nýtt leiguhúsnæði að Tjarnargötu 26. Það húsnæði er einnig notað í þágu annarrar kennslu, einkum verkfræðikennslu. Lestraraðstaða er þar fyrir u. þ. b. 20 stúdenta og skrifstofa fyrir prófessorinn í ensku. Eftir að enskukennslan fluttist frá Tjarnargötu 44 var þar mynduð lesstofa fyrir stúdenta í II. hluta í læknisfræði. – Kennsla í tannlækningum var allt til 1959 í aðalbyggingu Háskólans. Vegna þrængsla þótti nauðsynlegt að afla húsnæðis til þeirrar kennslu í Landspítalanum. Var gerður sérstakur samningur um þetta húsnæði 13. des. 1958 við stjórn ríkisspítalanna. Lagði Happprætti Háskólans fram óendurkræft 500.000,00 krónur til byggingarsjóðs spítalans og að auki lánaði Happprættið sömu fjárhæð til 10 ára. Leiguafnotum af þessu húsnæði átti að ljúka 1969, en samningur hefir verið framlengdur til 1974. Engar horfur eru á, að framlenging fáiast á leigusamningnum, og húsnæði þetta er ófullnægjandi fyrir tannlækna-kennslu. – Efnafræðikennsla í verkfræðideild hefir verið á hrakhólum með húsnæði. Var það mál leyst til bráðabirgða með samkomulagi við Tækniskóla Íslands, sem lánað hefir húsnæði og aðstöðu gegn sérstakri fyrirgreiðslu, sem látin var í té af Háskólanum í upphafi þessa fyrirkomulags á árinu 1966. Þá hefir verkfræðideild og fengið í tvö ár aðstöðu til nokkurrar teiknikennslu í Iðnskólanum í Reykjavík, en frá hausti 1968 varð sú aðstaða ekki fól lengur vegna húsnæðisþrenginga skólans. Var þá tekið á leigu húsnæði til eins árs, en haustið 1969 fær verkfræðideild til afnota sem teiknistofu húsnæði Orðabókar Háskólans á 3. hæð í aðalbyggingu, en Orðabókin flytur í Árnagarð. – Haustið 1968 fékk








*Stúdentaráð Háskóla Íslands 1960–1961. Frá vinstri: Bjarni Hannesson stud. med., Þorbergur Þorbergsson stud. polyt., Gylfi Baldursson stud. philol., Örn Bjarnason stud. med., Hörður Sigurgestsson stud. oecon. (formaður), Jóhannes L. L. Helgason stud. jur., Björn Björnsson stud. theol., Grétar Br. Kristjánsson stud. jur. og Halldór Halldórsson stud. med.*

Háskólinn til afnota u. þ. b. helming neðstu hæðar í Atvinnudeildarbyggingu. Byggir Háskólinn á því, að það hús allt verði innan skamms afhent Háskólanum til umráða og afnota. – Í sambandi við húsnæði til lestrarsala má minna á, að 1963 keypti Háskólinn húseignina Aragötu 9, og eru þar lestrarsalir fyrir stúdenta í lögfræði og viðskiptafræði, 33 sæti alls. Hátíðasalur Háskólans var tekinn í notkun sem lestrarsalur árið 1966 eftir að hann var búinn nýjum húsgögnum. Eru þar sæti fyrir 50–60 stúdenta, en salurinn er einnig notaður til fundarhalda o. fl. Aukið var húsnæði fyrir lestrarsali læknanema á 2. hæð aðalbyggingar, síðast 1968, og eru þar nú sæti fyrir 59 stúdenta. Árið 1968 var tekið á leigu húsnæði á Eiríksgötu 31. Er þar lestrarsalur fyrir tannlæknanema, alls 23 sæti. Haustið 1969 verður tekið á leigu húsnæði í gagnfræðaskólahúsinu við Vonarstræti, og verða þar væntanlega sæti fyrir 60–80 stúdenta, en auk þess verður þar a. m. k. ein kennslustofa og e. t. v. fleiri. – Alls er nú um 170 sæti á lestrarsölum fyrir stúdenta í aðalbyggingu, ef hátíðasalur er meðtalinn og lestraraðstaða í guðfræðideild, en að auki eru 42 sæti í byggingum, sem Háskólinn á annars staðar. Í leiguhúsnæði verða alls sæti fyrir um 130 stúdenta frá haustinu 1969 að telja. Lestrarsalir Árnagarðs koma til afnota haustið 1969, en þar ættu að rúmast a. m. k. 70 stúdentar. Er samkvæmt þessu rúm á lestrarsölum fyrir rösklega 400 stúdenta, en leggja ber áherzlu á, að rösklega fjórðungur þeirra er í leiguhúsnæði, sem yfirleitt er ekki til frambúðar. – Hvorki húsnæði fyrir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FJÓRÐU STAKYNNIR  
M. 1:100

VERÐIR: A — 650x11' — 7999,40 M<sup>2</sup>  
 B — 185x11' — 1491,40 M<sup>2</sup>  
 ALLT: 9490,80 M<sup>2</sup>

SKIFTING HÖLSNÆÐIS:  
 ÁRSTADAILIÐ: 4975,00 M<sup>2</sup>  
 HÖLSLINN: 9515,70 M<sup>2</sup>

VERÐ D: 650x11' — 7999,40 M<sup>2</sup>  
 C: 185x11' — 1491,40 M<sup>2</sup>  
 ALLT: 9490,80 M<sup>2</sup>

Um og eftir 1960 var farið að huga mjög að úrbótum á húsnæðisvanda Háskólans. Þá kom m.a. fram hugmynd um að byggja miklar viðbótarálmur við Aðalbyggingu, eins og hér er sýnt á uppdrætti, er Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, gerði eftir beiðni Ármanns Svævarr háskólarektors. Svo sem sjá má, var m.a. gert ráð fyrir því á teikningum þessum, að Handritastofnun fengi nokkurn hluta hins nýja húsnæðis. Teikningar þessar eru ekki ársættar, en munu vera frá miðju ári 1963.



*Um skeið voru próf við Háskólann m. a. haldin í Súlnasal Bændahallar. Í janúarmánuði 1974 þreyttu 165 nemendur í Verkfræði- og raunvísindadeild próf þar.*

Náttúrufræðistofnun, keypt 1957, Háskólabíó, lokið 1961, né Raunvísindastofnun Háskólans, lokið 1966, fól í sér úrlausn á þörf á húsnæði fyrir kennslu og lestrarsali eða félagslega aðstöðu fyrir stúdenta. Hins ber að minnast, að þegar Raunvísindastofnun tók til starfa í hinu nýja húsnæði árið 1966, var brotið blað í sögu raunvísindarannsókna hér við Háskólann jafnmikil bylting sem þá varð á allri aðstöðu til rannsókna á þeim mikilvægu vísindasviðum, sem þar er fengizt við, og með hæð þeirri, sem keypt var fyrir Náttúrufræðistofnun, batnaði til muna rannsóknaraðstaða þeirra sérfræðinga, er þar starfa. – Svo sem kunnugt er, verður Árnagarður tekinn til afnota haustið 1969. Hluti Háskólans er um 8000 rúmmetrar eða röskir 2000 fermetrar. Er háskólabygging röskum 2 1/2 sinnum stærri en eignarhluta Háskólans í Árnagarði nemur. Kennslurými Árnagarðs er fram undir það jafnmikið og kennslurýmið í aðalbyggingu. Auk þess verða þar vinnuherbergi fyrir um 15 kennara, Orðabók Háskólans flyzt þangað, svo sem fyrr greinir, og enn verða þar lestrarsalir fyrir um 70 stúdenta. Sérstök ástæða er til að benda á, að í byggingunni verða allmargar stofur fyrir semínaræfingar, og gerir hin nýja bygging kleift að auka til mikilla muna semínarkennsluformið, sem ótvírátt er höfuðþörf á að efla hér við Háskólann. – Háskólaráð ákvað í marz 1969 að reisa skyldi



*Elísabet Jónsdóttir varð húsvörður í Aðalbyggingu 1962 og gegndi því starfi til 1986. Myndin er tekin 1983.*

kennslu- og rannsóknarbyggingu milli Nýja Stúdentagarðsins og aðalbyggingar. Byggingarnefnd undir forystu Jóhannesar L. L. Helgasonar, háskólaritara, hefir starfað að undirbúningi byggingarinnar. Við hönnun hennar skal við það miða, að hún verði til afnota fyrir lagadeild. Verða þar kennslustofur, þ. á m. semínarstofur, og vinnuherbergi fyrir kennara, bókasafnskjarni og lestrarsalir. Stærð hins nýja húss er ekki fyllilega ákveðin, en líklegt er, að hún verði u. þ. b. 1400 til 1800 fermetrar eða 4500 til 5600 rúmmetrar. – Byggingarnefnd læknadeildarbygginga hefir lengi starfað eða síðan 1959. Á vegum læknadeildar og byggingarnefndar hefir verið samið yfirlit yfir þær þarfir, sem fullnægja ber með slíkri byggingu. Er til að dreifa fjölrítuðum bæklingi, sem geymir samtak af óskum kennara um húsnæði. Á eftir að vinna úr því, og auk þess þarf að gefa gaum að fleiri þörfum en þar greinir. – Rektor fól þremur kennurum tannlæknadeildar sumarið 1969 að fara yfir hugmyndir, er fyrir liggja, um húsnæði í þágu tannlæknakennslu, setja fram endurnýjaðar tillögur um þær þarfir, sem fullnægja þarf með byggingum í þágu kennslu og rannsókna í tannlæknisfræði og vinna að endurskoðaðri áætlun um kostnað í samvinnu við byggingarverkfræðing og arkitekt. – Kennarar í verkfræðideild undir forystu deildarforseta hafa í samráði við rektor unnið að könnun á þörfum á húsnæði í þágu deildarinnar. Hefir við það notið atbeina arkitekts. Fjölrítaðar greinargerðir liggja nú fyrir með frumdrögum að teikningum ... Eftir að Félagsstofnun stúdenta tók til starfa vorið 1968 kemur það fyrst og fremst í hlut hennar að beita sér fyrir þeim þýðingarmiklu byggingum er varða félagsaðstöðu stúdenta. Svo sem kunnugt



*Zóphónías Ásgeirsson varð húsvörður í Lögbergi 1979. Árið 1986 tók hann við starfi húsvarðar í Aðalbyggingu af Elísabetu Jónsdóttur en jafnframt hefur hann annast húsvörslu í ýmsum öðrum háskólabyggingum. Myndin er tekin 1983 í þáverandi herbergi húsvarðar á 2. hæð í Lögbergi.*

er, hófust framkvæmdir við byggingu stúdentaheimilisins í júlí 1969. Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um stúdentagarða ... Bent skal á, að Stúdentaráð flyzt í hið nýja stúdentaheimili, og ýmis stúdentafélög fá bækistöð í þeim húsakynnum ... Aðsókn að háskólanámi eykst hröðum skrefum næsta áratuginn, og verður við það miðað hér, að tala stúdenta við Háskólann þrefaldist á þessum áratug. Hér verður þó einnig að hafa í huga fjölda erlendra stúdenta, er hingað munu sækja í vaxandi mæli, og er þessi tala því væntanlega of lág. Svo sem fyrr greinir, hafa verið settir fram ýmsir staðlar erlendis um það húsrými, sem ætla beri á stúdent í mismunandi greinum, og skiptir þar nokkuð í tvö horn eftir því, hvort um raunvísindi er að ræða eða hugvísindi. Eru raunar mismunandi staðlar fyrir einstakar greinir innan þessara meginviða. Húsnæðisnefnd telur brýna þörf á, að festir séu slíkir staðlar hér á landi, bæði með hliðsjón af reynslu erlendis, einkum í Danmörku og Noregi, og svo með tilliti til þess, sem ætla má, að Íslenzkt ríki hafi fjárhagslegt bolmagn til að kljúfa. Þegar nefndin sat að störfum, var ekki við slíka staðla að styðjast og taldi nefndin sér því ekki kleift að setja fram hugmyndir sínar og tillögur á grundvelli þeirra. Rétt er að taka fram, að við hönnun Árnagarðs fékkst veigamikil reynsla, sem sjálfsagt er að menn færi sér í nyt, svo sem um stærð vinnuherbergja



*Kaffistofa í kjallara Aðalbyggingar, fyrir stúdenta og háskólastarfsmenn, var tekin í notkun haustið 1964, en þessi mynd er tekin þar um það leyti. Fyrir miðju til vinstri situr Jakob P. Möller stud. jur.*



*Guðmundur Magnússon prófessor ræðir við viðskiptafræðinema í kaffistofu í kjallara háskólabýggingar. Myndin er tekin 1970.*



*Gunnar Stefánsson stud. philol., síðar kunnur útvarpsmaður, les smásögu á bókmenntakynningu, sem Stúdentafélag Háskólans efndi til í kaffistofu í kjallara Aðalbyggingar 15. mars 1968. Á bak við Gunnar sést í myndir á sýningu Páls Sigurðssonar.*

*Málverkasýningar voru öðru hverju haldnar í kaffistofu stúdenta í kjallara Aðalbyggingar. Í marsmánuði 1968 hélt Páll Sigurðsson stud. jur. þar sýningu á málverkum og teikningum, er hann hafði unnið að jafnhliða laganámi. Hægra megin við hann á þessari mynd sér í mynd hans „Draumaskip“.*



kennara, stærð og lögun semínarstofa, rými hreinlætisherbergja o. m. fl. – Húsnæðisnefnd leggur á það megináherzlu, að næsta áratuginn verði jöfnum höndum fengizt við að tryggja húsnæði fyrir kennslu og ekki síður rannsóknir, en því verður ekki neitað, að mjög illa er búið að rannsóknarstarfsemi við Háskólann, m. a. að því er húsnæði varðar. Nefndin telur, að vinnuskilyrði bæði kennara og stúdenta þurfi að stórbæta, og það fé, sem til þess fer, borgi sig vel frá sjónarmiði þjóðfélagsins. Þá vill nefndin sérstaklega benda á, hve aðstaða stjórnsýslunnar við Háskólann er örðug. Hún býr við allt of þröngan húsnæðiskost og óhentugan. Þá er sérstök ástæða til að hyggja að lestrarsölum, og ber þar til stórauðinn fjöldi stúdenta og svo hitt, að það færist mjög í vöxt, að stúdentar óski að lesa á lestrarsölum. Er það vissulega æskilegt frá sjónarmiði háskólans, þar sem það ætti að stuðla að því að stúdentar færi sér í nyt fræðilegan bókakost, og raunar er mörgum stúdentum brýn þörf á aðstöðu á lestrarsal vegna ritgerða, sem þeir hafa í smíðum, eða vegna annars viðbúnaðar í námi.“

Í skýrslu háskólanefndar er birt eftirfarandi tafla um „húsrymi Háskóla Íslands haustið 1969“ (tafla nr. 23, sem fylgir skýrslunni):

Kennslu- stofur	Ranns- stofur	Vinnuh. herb.ken.	Lestrar- salir	Skrif- stofa	Kennara st. o.fl.	Hátíða- salur	Kapella m <sup>2</sup>	Orðabók	Alls
Aðalbygging	584	473	260	200	118	59	250	91	2035
Árnagarður	620		279	245	42			106	1292
Landspítali	99		48						147
Rannsóknarstofa Háskólans									480
Tannlæknadeild í Landspítala		253							253
Aragata 9				61					61
Íþróttahús	35	129	16						180
Atvinnudeild		68	40						108
Eiríksgrata 31				45					45
Tjarnargata 26	85		18			25			128
Tjarnargata 44				43					43
Gamla lofiskeytastöðin		67	10	32					109
Raunvísindastofnun	980								
Alls m <sup>2</sup>	1423	990	623	674	160	84	250	91	5861



HAARDLI ÍSLANDI



*Hliðarmynd (úr suðri) af fyrirhugaðri viðbyggingu við Aðalbyggingu 1963.*

*Hörður Bjarnason, fyrrv. húsameistari ríkisins. Hann annaðist m. a. skipulag háskólalóðarinnar, um 1950, gerði frumdrög að stækkun Aðalbyggingar (1963) sem ekki komst til framkvæmda, og kom mjög við sögu hönnunar Árnagarðs.*





Háskólastúdentar fengu leyfi til að halda skemmtun („áttadagsgleði“) í anddyri Háskólans um áramótin 1969–70.



Stúdentar virða fyrir sér tilkynningar um einkunnir í anddyri Háskólans 1969.



Í anddyri Háskólans hafa löngum verið hengdar upp auglýsingar af ýmsu tagi, m. a. frá pólitískum félögum stúdenta. Hér berjast Vaka og Verðandi um völdin, í nóvember 1976.



Verkfall læknanema 1973.




Úr anddyri Háskólans 1970.

Í skýrslu háskólanefndar 1969 var lagt til að stofnuð yrði við Háskólann *byggingardeild*, sem skyldi fjalla um byggingar- og skipulagsmál. Hafði háskólaráð þá þegar heimilað rektor að ráða starfslid til slíkrar deildar gegn því að starfsemin yrði kostuð af happdrættisfé. Um þetta segir nánar í skýrslunni:

„Verkefni byggingardeildar væri í fyrsta lagi skipulagning lóðarsvæða háskólans, sem brýn nauðsyn er, að verði hraðað sem mest, eigi byggingarframkvæmdir ekki að tefjast. Þá myndi byggingardeildin vinna að áætlunum um byggingar fram í tímann, ákvörðun staðla og undirbúningi einstakra byggingarframkvæmda. Deildin sæi um útboð framkvæmda, innkaup þeirra vegna og hefði eftirlit með verkum. Náíð samstarf gæti verið með henni og byggingardeild menntamálaráðuneytisins, eða þeirri stofnun, sem tekur við af henni, og einnig með henni og Innkaupastofnun ríkisins. Gæti byggingardeildin að mörgu leyti notið góðs af reynslu þessara stofnana og af þeirri þjónustu, sem þær geta látið í té. Nefndir, skipaðar sérfróðum mönnum á því sviði, sem byggingin á að þjóna, myndu starfa sem ráðunautar við undirbúning bygginga, en þær myndu ekki bera ábyrgð á eða standa fyrir undirbúningi eða framkvæmd bygginga. – Í byggingardeild myndi væntanlega starfa arkitekt og byggingarverkfræðingur auk viðskiptafræðings og aðstoðarfólks ...“

Ekki varð af stofnun þessarar deildar og það var ekki fyrr en nokkrum árum síðar að ráðinn var arkitekt að Háskólanum til ráðgjafar og umsjónar með byggingarmálum.



*Hátíðasalur Háskólans var lengi notaður sem prófsalur. Þessi mynd var tekin 1985.*

### *Erindisbréf handa byggingarnefndum*

Árið 1964 gekk háskólaráð frá svohljóðandi erindisbréfi, sem skyldi gilda almennt um byggingarstarfsemi Háskólans, og var jafnframt ætlað byggingarnefnd Raunvísindastofnunar:<sup>6</sup>

1. Byggingarnefndir eru trúnaðarnefndir háskólaráðs.
2. Verksvið byggingarnefnda er að gera tillögur til háskólaráðs um staðsetningu byggingar og ráðningu arkitekta, en háskólaráð ræður þeim málum endanlega til lykta, og er þá ekki bundið við tillögur byggingarnefnda. Byggingarnefnd fjallar um teikningu byggingar ásamt sérfræðinganefnd, sem kosin kann að vera. Síðan sé gerð ítarleg kostnaðaráætlun um byggingu eða byggingaráfanga og sé kostað kapps um, að hún sé áreiðanleg í hvívetna og bindandi, ef tók eru á. Kostnaðaráætlun svo og áætlun um öflun fjár til byggingar sé lögð fyrir háskólaráð til samþykktar.

6 Birt í Árbók Háskólans 1962–1963, bls. 41–42.



*Danskir sérfræðingar, Elo Höst og Mogens Pedersen, setja upp nýtt pípuorgel í Háskóla-  
kapellu í október 1981.*

3. Um byggingarframkvæmdir sé þeirri reglu fylgt að bjóða út einstök verk og framkvæmdir og vanda til útboðslýsinga hverju sinni.
4. Lögð sé áherzla á, að teikningar séu tilbúnar, áður en hafizt er handa um byggingarframkvæmdir, svo að tryggt sé, að framkvæmdir tefjist ekki fyrir það, að á einstökum teikningum standi.
5. Tryggja skal örugga umsjón með byggingarframkvæmdum, og skal ráða áreiðanlegan, byggingarfróðan umsjónarmann með byggingu. Umsjónarmaður hafi eftirlit með vinnu, þ. á m. að menn mæti stundvíslega og vandað sé til verka. Ennfremur skal umsjónarmaður hafa eftirlit með efnisúttegunum. Hann skal árita ásamt formanni byggingarnefndar alla reikninga.
6. Gerð skal í upphafi rækileg vinnu- eða framkvæmdaráætlun, svo og um einstaka áfanga í byggingarframkvæmdum.
7. Byggingarnefnd skal kosta kapps um að fá sem hagkvæmust kjör um kaup á efnivörum til byggingar, eftir atvikum með útboði. Ennfremur skal hún kanna möguleika á að tryggja sér efnivörur fyrirfram, þegar hætta er á vöruburrð eða hækkun á verði byggingarefna.
8. Örugg bókfærsla skal vera á öllum reikningum og fjárreiðum byggingar. Reikningar eru að jafnaði greiddir í skrifstofu Happprættis Háskólans, og fer bókun á reikningum þar einnig fram, en annan hátt má á hafa, ef háskólaráð samþykkir.




*Í marsmánuði 1986 fór fram hin fyrsta tilraun hérlendis með fjarkennslu í því formi að haft væri gagnvirkt samband í sjónvarpi. Þessi búnaður var í kennslustofu á 2. hæð Aðalbyggingar, en haft var gagnvirkt samband við fólk á Akureyri. Frá hægri: Margrét Björnsdóttir endurmenntunarstjóri Háskólans, Jón Torfi Jónasson dósent og formaður Fjarkennslunefndar, Þuríður Magnúsdóttir forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins. Þá koma tæknimenn frá Pósti og síma og stendur þar í miðju Þorvarður Jónsson yfirverkfræðingur.*

9. Formaður byggingarnefndar er að jafnaði kosinn af háskólaráði. Nefndin velur sér ritara. Formaður kveður nefndina á fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal nefndin í heild sinni fylgjast nákvæmlega með byggingarframkvæmdum. Bóka skal gerðir nefndar í sérstaka gerðabók.
10. Byggingarnefnd starfar í náinni samvinnu við rektor og háskólaráð. Allar meiriháttar tillögur í byggingarnefnd og ákvarðanir skal bera undir rektor, er leitar samþykkis háskólaráðs eftir því sem hann telur við eiga og skylt er, þ. á m. um samþykki á meiri háttar útboðum og ráðningu umsjónarmanns.“



*Skrifstofa Nemendaskrár er til húsa í Aðalbyggingu. Fremst til vinstri er Brynhildur Brynjólfsdóttir deildarstjóri og fjær er Stefánía Lóa Jónsdóttir fulltrúi. Myndin er tekin 1989.*



*Á Rannsóknarstofu í lyfjafræði í Aðalbyggingu. Hafliði Ásgrímsson við tækjabúnað, sem notaður er til að ákvarða hrifspennu og samdrátt í frumum úr hjartavöðva (1986).*





*Aðstaða fyrir verklega kennslu í lyfjafræði lyfsala hefur lengi verið í norðurkjallara Aðalbyggingar. Hér eru lyfjafræðinemarnir Helgi Birgir Schiöth (nær) og John Karel Birgisson í herbergi, sem notað er fyrir kennslu í verklegri lyfjagerðarfræði. Myndin er tekin veturinn 1986–1987.*

## 2

# Fjármögnun bygginga – Háskólahappdrætti

Framan af því tímabili, sem fjallað er um í þessu bindi ritsins, kom fé til nýbygginga eingöngu frá Háskólahappdrætti og fór fjárþörfin vaxandi. Á Alþingi 1962 var til umræðu frumvarp til breytinga á happdrættislögum þar sem lagt var til, að heimilað yrði að gefa út nýjan flokk hlutamiða, og kom þar fram eftirfarandi greinargerð um vaxandi fjárþörf til byggingarmála:<sup>7</sup>

„Með lögum nr. 36 23. maí 1959 var happdrættisleyfi Háskólans framlengt til 1. jan. 1974. Lög þessi gerðu allveigamikla breytingu á fyrri lögum um happdrættið, að því er varðar til hverra þarfa megi verja happdrættisfénu. Í þessum lögum er m. a. gert ráð fyrir, að Háskólinn taki að sér viðhald bygginga Háskólans og verji fé til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofnanir við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Fé til viðhalds háskólabygginga fer mjög vaxandi árlega, og má ætla innan skamms, að ekki þurfi minna en 1–1.5 millj. kr. árlega í þessu skyni. Lóðasvæði Háskólans hafa og stækkað til mikilla muna vegna hinnar rausnarlegu afhendingar Reykjavíkurborgar á lóðum til Háskólans, og kostar garðrækt og umönnun lóða mikið fé. Þá kostar það og stórfé, ef Háskólinn ætti einn að standa straum af því að koma á fót rannsóknarstofnunum við Háskólann samkvæmt þeim áætlunum, sem uppi eru meðal Háskólans manna í þeim efnun, og enn fer mikið og vaxandi fé í tækjakaup. – Til viðbótar kemur svo það, sem frá upphafi hefur verið megintilgangur happdrættisins, að leggja fram fé til að reisa byggingar í þágu skólans. Sú byggingarstarfsemi er orðin mjög brýn. Nauðsyn ber til að reisa hús fyrir læknadeild, styðja með fjárframlögum byggingu Raunvísindastofnunar Háskólans, sem nú er að hefjast á grundvelli myndarlegrar gjafar Bandaríkjustjórnar, stórauka þarf húsrými fyrir einstakar stofnanir Háskólans, bæði þær sem nú hafa hafið starfsemi og aðrar sem í uppsiglingu eru, bæta þarf aðstöðu kennara til rannsókna og vinnu, og skapa þarf stúdentum stórum bætta aðstöðu til lestrar og ýmiss konar félagslegra iðkana. Þá er þess að gæta, að Náttúrugripasafn er enn til húsa í bráðabirgðahúsnæði. Háskólinn hefur lagt fram um það bil 5 millj. kr. til þess

---

7 Sbr. Alþt. 1962-A, bls. 1405.



*Dregið í Háskólahappdrætti, um 1955. F. v.: Kristjana Hilaríusdóttir ritari, Anna Árnadóttir ritari, Magnús Gíslason fyrrv. sýslumaður, Guðríður Pétursdóttir ritari, Vilhjálmur S. Vilhjálmsón frá Skáholti og Hallgrímur Jónasson kennari. Hallgrímur er með útdregin númer og er að innsigla þau.*

húsnæðis. en sýnilegt er, að sú lausn er engan veginn til langframa. – Fjárförf Háskólans er því gífurlega mikil, og eykst hún fyrirsjáanlega mjög eftir því sem Háskólinn eflir rannsóknarstarfsemi sína, en sú hlýtur þróunin að verða næstu árin. Stjórn happdrættisins og háskólaráð hafa því talið tímabært að taka upp nokkra nýbreytni í starfsemi happdrættisins í því skyni að auka tekjur þess.“

Í framhaldi af tillögum háskólanefndar, sem birtust í fyrrnefndri skýrslu frá 1969 – en þar var m. a. farið fram á myndarlegar fjárveitingar frá Alþingi til viðbótar við ráðstöfunarfé frá háskólahappdrætti – var fé veitt til þessa á fjárlögum fyrir 1970 og síðan í nokkur ár. Í svari við fyrirspurn frá þingmanni sagði þáverandi menntamálaráðherra, *dr. Gylfi P. Gíslason*, um það efni:<sup>8</sup>

„N. sú, sem menntmrn. skipaði haustið 1966 til þess að semja áætlun um þróun

8 Alþt. 1969-D, d. 823–824.



*Dregið í Hapdrætti Háskólans í desember 1961. F. v.: Sigríður Snævarr (barnið við litla hjólið), en næst henni Ágústa Ágústsdóttir, síðan Pétur Sigurðsson háskólaritari og framkvæmdastjóri Háskólahapdrættisins og Rannveig Þorsteinsdóttir lögfræðingur (sitjandi við borð). Konan, sem situr við stærra hjólið er Kristjana Hilaríusdóttir ritari, en drengurinn við hjólið er Gísli Pálsson. Fremst til hægri er Hallgrímur Jónasson kennari, sem lengi var í hapdrættisráði.*

Háskóla Íslands á næstu 20 árum, skilaði skýrslu sinni í lok sept. s. l. Í skýrslunni eru, svo sem kunnugt er, sett fram sjónarmið varðandi meginstefnu um eflingu Háskóla Íslands, að mestu miðað við tímabilið fram til 1980. Ríkisstj. fjallaði um skýrsluna þegar eftir að hún barst og samþykkti að beita sér fyrir framkvæmd tillagna n. í aðalatriðum. Í samræmi við þá ákvörðun var þegar í drögum að framkvæmdaáætlun ársins 1970, sem birt var sem fskj. með frv. til fjárl. fyrir árið 1970, gert ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi til byggingar húsnæðis fyrir Háskólann. Er gert ráð fyrir því, að á næstu 4 árum verði 30 millj. kr. framlag á fjárl. árlega til bygginga í þágu Háskólans, og er það í samræmi við þá heildarfjárbörf, sem háskólanefnd gerði ráð fyrir. Jafnframt var skýrsla háskólanefndar með bréfi menntmnr. 21. okt. s. l. send háskólaráði og óskað álits og till. Háskólans um, hvernig unnið skuli að framgangi þeirra málefna, sem felast í niðurstöðum n. Er nú starfað að athugum þessara mála í Háskólanum. Sumar deildir



*Starfsfólk Háskólahappdrættis 1959. Sitjandi, f. v.: ritararnir Anna Árnadóttir, Guðfinna Guðmundsdóttir og Kristjana Hilaríusdóttir. Standandi, f. v.: Jón G. Jónsson gjaldkeri, Pétur Sigurðsson háskólaritari og framkvæmdastjóri, og Páll H. Pálsson skrifstofustjóri.*

Háskólans munu um það bil að ljúka athugunum sínum, en aðrar munu ljúka þeim í síðasta lagi í næsta mánuði. Mun ríkisstj. þá þegar taka till. Háskólans til athugunar og taka afstöðu til þeirra, áður en fjárlagafrv. fyrir árið 1971 verður samið. – Fjárveiting til Háskóla Íslands í fjárlögum 1970 nemur 60.8 millj. kr., og nemur hækkunin frá síðustu fjárl. 12.6 millj. kr. Fjárveiting til læknadeildar einnar hækkar um 2.9 millj. kr., og er tæpur þriðjungur þeirrar hækkunar bein afleiðing af nýjum reglugerðarákvæðum um endurskipun læknanámsins. Af innstæðum Happdrættis Háskóla Íslands við s. 1. áramót eru a. m. k. 20 millj. kr. ráðstöfunarhæfar til nýrra framkvæmda, tækjakaupa og viðhalds. Miðað við sölu happdrættismiða í janúar 1970 og áætlaðar vaxtatekjur happdrættisins má gera ráð fyrir um 50% aukningu brúttótekna á þessu ári. Happdrættið getur því væntanlega lagt til Háskólans 38–40 millj. kr. af tekjum þessa árs, en það er um 10–12 millj. kr. hærrí fjárhæð en var á árinu 1969. Er af þessum upplýsingum augljóst, að séð hefur verið fyrir því fé, sem háskólanefnd taldi nauðsynlegt á næstu 5 árum til bygginga í þágu Háskólans.“

Frumvarpi frá 1972 til laga, sem heimiluðu framlengingu einkaleyfis Háskólans til happdrættisreksturs, fylgdi eftirfarandi fylgiskjal með greinargerð, sem sýnir vel fjárþörf og fjáröflun til bygginga um það leyti:<sup>9</sup>

„Sala happdrættismiða síðustu fimm árin hefur verið þessi, í millj. kr.:

1968	112,5
1969	142,6
1970	212,2
1971	236,3
1972	378,0

Miðað við sölu í janúar 1973 má ætla, að salan í ár verði tæpl. 400 millj. kr. eða allt að 24 millj. kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum. – Hin mikla söluaukning 1970 stafar af stækkun happdrættisins, en þá var bætt við tveim nýjum flokkum, en aukningin 1972 stafar af hækkun á verði miða úr 120 kr. í 200 kr. á mánuði, en það hefur verið venja að hækka miðaverð til samræmis við almennt verðlag í landinu á nokkurra ára fresti jafnhliða breytingu á vinningaskránni. – Hagnaður af hinum eiginlega happdrættisrekstri síðustu fimm árin hefur verið þessi í millj. kr.:

	Hagnaður alls	Hluti Hásk. Ísl.	Hluti ríkissj.
1968	21.3	17.1	4.2
1969	25.9	20.7	5.2
1970	40.8	32.6	8.2
1971	46.6	37.3	9.3
1972 áætl.	74.0	59.2	14.8

Auk þessara tekna hefur Hæddrætti H. Í. haft tekjur af rekstri eigin umboðs og vaxtatekjur, sem nema 5–10 millj. kr. árlega, og renna þær einnig til framkvæmda á vegum Háskólans. – Á fjárlögum fyrir 1973 er gert ráð fyrir 75,6 millj. kr. heildarhagnaði af rekstri Hæddrættis H.Í., en þar af rennur tæpl. 14 millj. kr. í ríkissjóð. Miðað við sölu í janúar og febrúar má ætla, að þessi áætlun sé lítið eitt of lág. – Hagnaður á happdrættisrekstrinum rennur til Háskólans að hluta (80%) og ríkissjóðs að hluta (20%). Hluti Háskólans hefur að langmestu leyti farið til byggingaframkvæmda, en jafnframt til tækjakaupa og viðhalds húsa og lóðar. – Framkvæmdaáætlanir Háskólans árin 1971 og 1972 losuðu 100 millj. kr. hvort árið og nú er gert ráð fyrir því í fjárlögum fyrir árið 1973, að Hæddrætti H. Í. leggi til framkvæmda Háskólans 75,6 millj. kr. og ríkissjóður auk þess 45,3 millj. kr. og er það þriðja árið í röð, sem sérstök

9 Sbr. Alpt. 1972-A, bls. 1291–1292.

fjárveiting úr ríkissjóði er veitt í þessu skyni. – Fjölgun stúdenta við nám í Háskólanum, fjölgun kennara, nýjar deildir og námsbrautir, aukin sókn í læknisfræði, verkfræði og ýmsar aðrar námsgreinar, sem gera kröfu til meiri tækjakosts en aðrar deildir, veldur því, að um ófyrirsjáanlegan tíma verður þörf fyrir meira fé árlega til bygginga, tækjakaupa og viðhalds en hagnaði af væntanlegum rekstri happdrættisins nemur, en þó ætti það að geta staðið undir verulegum hluta framkvæmdakostnaðarins. – Framundan er fyrst bygging húsa í þágu læknadeildar, tannlæknadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar, en jafnframt fyrir aðrar deildir eða einstakar námsgreinar. Viðhald vaxandi eigna Háskólans verður enn fremur sífellt umfangsmeira og kröfur til tækjabúnaðar meiri. Af byggingum sem reistar hafa verið á síðustu árum fyrir happdrættisfé aðallega má nefna Árnagarð, hús fyrir lagadeild, hús fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, innréttingar leiguhúsnæðis fyrir fyrsta hluta læknadeildar og enn fremur húsnæði fyrir líffræðikennslu o. fl. – Frekari upptalning verður ekki gerð hér, en hitt áréttað, sem raunar er alkunnugt, að Happdrætti Háskóla Íslands hefur verið sú lyftistöng, sem öðrum fremur hefur gert þróun Háskóla Íslands frá stofnun þess mögulega. Er það von Háskólans, að hann geti enn treyst á Happdrættið til nauðsynlegs vaxtar og viðgangs.“

### 3

## Skipulag háskólalóðar og skyld efni

### *Lóðin stækkuð – Gjöf Reykjavíkurbæjar 1961*

Í ræðu sinni á háskólahátíð 1960 sagði *Porkell Jóhannesson* háskólarektor m. a.:<sup>10</sup>

„Ég vil óska þess, að háskólabærinn Reykjavík afhendi háskólanum umráðarétt yfir landspildu meðfram Suðurgötu frá Hringbraut vestur undir Grímsstaðaholt, svo breiða sem verða má vegna bygginga þeirra, sem nú eru að rísa og fyrirhugaðar eru við Hagatorg. Ég hefi reyndar farið þess á leit áður og fengið vinsamlegar undirtektir, en úrslitin hafa dregizt til þessa. Landsvæði það, sem hér er um að ræða, er í næsta nágrenni skólans og í rauninni eina opna landsvæðið, sem kalla má að liggi að sjálfu Háskólahverfinu og geti fallið inn í það. Reykjavíkurbær hefir látið sér farast vel við háskólann, en betur má ef duga skal. Okkur Íslendingum er lítt gefið að sjá langt fram í tímann, þar sem um er að ræða byggingar og skipulagsmál. Þar standa ýmsar þjóðir okkur frammar, en samt er ekki ótítt um háskóla, jafnvel í Ameríku, að þá þrýtur svigrúm innan þeirra landamerkjja, sem þeim voru í upphafi sett af mikilli víðsýni og raunsæi, og verða nú að kaupa hús og lóðir í nágrenni sínu til þess að geta komið sér upp nýjum stofnunum og byggingum. Slíkt verður hlutskipti háskóla vors innan ekki mjög langs tíma, ef ekki er að gert og honum tryggðar þær óbyggðu lendur, sem ég nefndi. En með því rausnarbragði af hálfu bæjarins mun ekki þurfa að kvíða neinu um alllanga hríð fram í tímann.“

Á 50 ára afmæli Háskólans ári síðar færði Reykjavíkurbær honum mikinn landauka að gjöf – eða a. m. k. fyrirheit um hann, þótt lóðarmerki væru lengi óljós. Í ávarpi sínu á afmælishátíðinni, er gjöf þessi var kynnt, sagði *Geir Hallgrímsson*, þáverandi borgarstjóri, m. a.:<sup>11</sup>

„Einn mikilvægasti þátturinn í því að gera Reykjavík að aðalstað lands vors var stofnun Háskóla Íslands fyrir 50 árum í 10 þúsund manna bæ. – Háskólinn er nú prýði

10 Sbr. Árbók Háskólans 1960–1961, bls. 15–16.


11 Sbr. Árbók Háskólans 1961–1962, bls. 19–20.





*Ármann Snævarr háskóla­rektor og Geir Hallgrímsson borgarstjóri í Reykjavík ganga frá lóðargjöf Reykjavíkurborgar til Háskólans 1961.*

höfuðborgarinnar, vé innan hennar, en um leið stofnun, er safnað hefir til borgarinnar mætum mönnum til kennslu og náms, sem sett hafa svip sinn á borgina. Kennarar og nemendur hafa tekið virkan þátt í bæjarlífinu og stjórn bæjarmálefna og tvívegis hefir borgarstjórinn í Reykjavík verið valinn úr kennaraliði háskólans. – Eftir því sem betur hefir tekizt að greiða æskumönnum Íslands götu til mennta í háskóla, hefir Reykjavík og þjóðinni allri orðið það hinn mesti styrkur, að háskólinn hefir verið vettvangur æskumanna úr öllum landshlutum og stéttum þjóðfélagsins, þar sem gagnkvæm kynni hafa vaxið. – Reykjavík hefir vissulega notið mikils beint og óbeint af starfsemi háskólans og það er vilji borgarbúa og borgaryfirvalda að sýna þakklæti sitt í verki og búa sem bezt að þessari mikilvægu menntastofnun. – Á bæjarráðsfundi í dag var samþykkt að gefa háskólanum fyrirheit um lóðir, allt að 100 þús. m<sup>2</sup> að stærð, suðaustur af núverandi háskólalóð, svo og vestan Suðurgötu, til þess að greiða fyrir því að efla megi starfsemi Háskóla Íslands í nánum tengslum við aðalstöðvar stofnunarinnar.“



Uppdráttur af lóð þeirri, sem Reykjavíkurbær úthlutaði Háskólanum í tilefni af 50 ára afmælinu 1961. Í Stúdentablaði 1. des. 1962, þar sem þessi uppdráttur er birtur, segir m. a.: „Lóðin er a. m. k. 100 þús. fermetrar að stærð og sýna þétta strikin viðbótarlóðina. Skólinn fær til fullra umráða svæðið milli íbúðarhverfis prófessoranna og háskólalóðarinnar sjálftrar. Ekki verður ráðstafað, án samþykkis háskólans, svæðinu vestan Suðurgötu, frá Hringbraut að Fjallhaga, meðfram honum að Dunhaga. Þó er tekið fram, að óráðið er, hvort eða hvenær unnt verður að leggja knattspyrnuvöllinn niður. — Þá er svæðið fyrir austan Suðurgötu frá Oddagötu og Aragötu, suður undir mörk Skildinganes og svæðið fyrir austan háskólalóðina og Oddagötu, en ekki er nánar tiltekið, hve langt það nær. — Auk þess, sem sést á svæðinu, gaf Reykjavíkurbær fyrirheit um lóð undir læknaeild, sunnan Hringbrautar, gegnt Landspítalanum.“


## *Almennt um skipulagningu lóðasvæða Háskólans*

Um álitafni, sem komu til varðandi staðsetningu einstaka nýbygginga á háskólalóð, vísast til síðari kafla um tilteknar byggingar, en eftirfarandi almenn greinargerð um skipulagsmálin, sem tekin er upp í skýrslu háskólanefndar 1969,<sup>12</sup> segir sína sögu um stöðu mála:

„Undanfarin ár hefir verið unnið mikið starf að skipulagningu lóðasvæða þeirra, sem Háskólinn ræður nú yfir samkv. gjafabréfum Reykjavíkurborgar frá 1936 og 1961. Hefir Gunnlaugur Halldórsson arkitekt einkum unnið að því máli ásamt rektor, en um afmörkuð verkefni hefir embætti húsameistara fjallað. Ber brýna nauðsyn til þess að því verki verði hraðað sem allra mest. Forsendur fyrir því, að verkið ynnist, hafa ekki verið fyrir hendi, fyrr en í fyrsta lagi síðustu mánuði. Ber þar margt til. Óvissa hefir ríkt um það, hvort bókasafnsbygging yrði staðsett á lóðasvæðum Háskólans, en s. l. haust fékkst lausn á því atriði. Um staðsetningu bygginga í þágu læknadeildar hefir einnig verið óvissa og er henni raunar ekki með öllu eytt, þótt góðar vonir standi til þess, að unnt verði að staðsetja byggingar við Hringbraut, svo sem ávallt hefir þótt æskilegt frá sjónarmiði læknadeildar. Þá er einnig óvissa um staðsetningu stúdentagarða, og sækja stúdentar það fast, að a. m. k. nokkur hluti stúdentabyggðar verði á núverandi lóðasvæðum Háskólans. Hefir verið gert model að slíkum byggingum vestanvert við Suðurgötu, en háskólaráð hefir ekki fjallað til fullnustu um málið. Virðist eðlilegt og nauðsynlegt hraðans vegna að halda áfram skipulagningarstarfsemi í því horfi, sem verið hefir, en að auki komi svo byggingardeild Háskólans ... er verði virkt afl í þessu starfi ásamt þeim arkitektum, sem um málið hafa fjallað að undanförmu. Húsnæðisnefnd telur, að mikilvægt sé, að þeir menn, sem um málið fjalli, geti alfarið helgað sig þessu verkefni, því að ella getur svo farið, að skortur á fullnaðarskipulagningu lóðasvæða hamli beinlínis byggingaframkvæmdum, og svo má ekki undir neinum kringumstæðum til takast. Húsnæðisnefnd vekur athygli á þeirri þörf, sem á því er að taka til vandlegrar íhugunar umferðarmálefni háskólahverfisins, og bendir raunar í því sambandi á ályktun háskólaráðs frá 1966 um aðkeyrsluleiðir að og frá háskólahverfinu, og var sú ályktun gerð í tilefni af drögum að allsherjarskipulagi fyrir Reykjavíkurborg. – Af hálfu Háskólans þótti fljótlega eftir 1961 sýnt, að þau lóðasvæði, sem fengust það ár, myndu ekki duga Háskólanum, nema tiltölulega stutt tímabil fram í tímann. Fyrir nokkrum árum var keypt lóðin Lóugata 2 í því skyni að gera lóðasvæðin vestan Suðurgötu samfelld, en þess skal getið, að lóðin syðst þar vestan megin, sem að nokkru liggur að Þrastargötu, hefir ekki verið afhent Háskólanum formlega, þótt forráðamenn Háskólans telji, að ákveðið fyrirheit sé fengið af hálfu ráðamanna Reykjavíkurborgar fyrir þeirri

---

12 Ármann Snævarr rektor samdi greinargerð þessa.



lóð. Þá hafa farið fram viðræður milli borgarstjóra og rektors og borgarverkfræðings um frekari lóðaúthlutun, og hefir þá einkum verið haft í huga svæðið suður og austur af núverandi lóðasvæðum, m. a. hið svonefnda Tívoli-svæði. Á aðalskipulagi er gert ráð fyrir því, að á þessu svæði verði opinberar byggingar, og voru þar einkum hafðir í huga hagsmunir Háskólans. Rétt er einnig að geta þess, að af hálfu Háskólans hefir farið fram athugun á lóðum, sem falar eru beint fyrir sunnan núverandi lóðasvæði Háskólans. Eru þær lóðir í einkaeign. Kemur fastlega til álita að festa kaup á þeim lóðum, en hætt er við, að verð þeirra hækki mjög á næstunni, og er því aðkallandi að taka afstöðu til þess máls. – Í þessu sambandi má geta þess, að háskólaritari og rektor gerðu athugun á því árið 1964, hvaða réttindi einstakra manna hvíli á þeim lóðum, sem Háskólinn fékk 1961 ... Er hér minnt á þetta mál, og er ástæða til að Háskólinn leysi til sín á næstunni þau réttindi, sem þarna er um að ræða. Við áætlanir um byggingarmál Háskólans og byggingarkostnað verður ugglaust að reikna með því, að talsverður kostnaður stafi af lóðakaupum ...“

Á árunum 1968 og 1969 var, á vegum embættis húsameistara ríkisins, unnið nokkuð að skipulagi háskólalóðar, einkum þó nánasta umhverfi aðalbyggingar. Vann *Garðar Halldórsson* arkitekt, sem þá hafði nýlega hafið störf hjá embættinu, einkum að þessu verkefni. Setti hann þá m. a. fram lauslegar hugmyndir um, hvernig mætti þetta byggðina og tengja saman þá byggð, sem fyrir var. Í viðtali við höfund þessarar bókar segir Garðar m. a.:<sup>13</sup>

„Þessi áætlun byggði m. a. á því að byggja á túninu sitt hvoru megin við aðalbygginguna og þróa síðan byggðina til suðurs að Íþróttahúsinu og til austurs fyrir framan Íþróttahúsið og að Nýja Garði og fylla út reitinn, sem nú hefur byggst af Lögbergi og hugvísindahúsinu Odda. Þess vegna byrjuðum við fyrst á heildaryfirliti og vorum þá að sýna byggingarmagn, sem kæmi á túnið sitt hvoru megin við og fyrir aftan Háskólann og vorum þá líka með í huga hugsanlegar tengingar við Háskólabyggð vestan Suðurgötu. Þar minnir mig þó að við höfum fyrst og fremst verið að hugsa um undirgöng. Við hugleiddum m. a. viðbyggingar við aðalbygginguna,<sup>14</sup> en frá þeirri hugmynd var þó fljótlega fallið og einhvern veginn fór það svo, að ekki varð af framhaldi þessarar skipulagsvinnu, sem ég hafði tekið þátt í, eftir að Ármann Snævarr hvarf úr rektorsembætti.“


13 Viðtalið fór fram í desember 1987.

14 Sbr. til hliðsjónar hugmynd Harðar Bjarnasonar um viðbótarálmur, frá sumri 1963, sem teikningar eru birtar af í þessu riti.

Í nóvembermánuði 1970 samdi *Magnús Már Lárusson* rektor skýrslu um lóða- og byggingarmál Háskólans, sem send var menntamálaráðherra og fjármálaráðherra (dags. 11. nóv. 1970, afrit í Skjalasafni Háskólans). Þar segir:

„Á fundi háskólaráðs 2.5. 1968 var frá því skýrt, að lauslegur uppdráttur í þágu félagsvísinda væri í undirbúningi. Samþykkt að halda áfram athugunum á byggingu þeirri milli Háskólans og Nýja Garðs. – Málið var svo rætt í undirnefnd háskólanefndar um húsnæðismál, að hafizt verði handa um undirbúning að nýrri kennslubyggingu, skv. bókun 21.11. 1968. – Hinn 9.1. 1969 lagði rektor fram tillöguuppdrátt að kennslubyggingu þeirri og líkan af hugsanlegu skipulagi í næsta nágrenni aðalbyggingar. Frestað. Frestað var málinu enn 16.1. og 30.1. til að tóm gæfist til umræðu um málið í háskólanefnd eða þeirri undirnefnd, sem fjallar um húsnæðismál. – Hinn 13.2. 1969 er ákveðið, að ráðizt verði í þessa byggingu og fá fram hugmyndir um skipulag lóðar í næsta nágrenni. Enn fremur, að fyrsti áfangi í þágu læknadeildar verði undirbúinn hið fyrsta og að hraðað verði áætlunum um húsnæðisþarfir verkfræðideildar. – Hinn 14.2. 1969 er byggingarnefnd kjörin vegna kennslubyggingar milli Nýja Garðs og Háskólans. – Hinn 13.3. eru tillögur hennar lagðar fram. Frestað til afgreiðslu, svo og hinn 15.3. – Hinn 17.3. 1969 er ákveðið að hefjast handa um byggingu þessa, en fyrirvarar bókaðir af hálfu forseta læknadeildar og viðskiptadeildar. Enn fremur er ákveðið, að hús þetta verði til afnota fyrir lagadeild. – Hinn 31.3., 25.4., 8.4. og 29.5. er frestað að taka afstöðu til skipulags. – Hinn 7. ágúst 1969 er lagt fram bréf verkfræðideildar dags. 19.7. ásamt greinargerð um húsnæðisþörf verkfræðideildar. – Hinn 4. sept. 1969 er lagður fram skipulagsuppdráttur að lóðum Háskólans eftir Gunnlaug Halldórsson arkitekt sem gerður var 1962–63. Tillögur þær hafa mér vitanlega ekki verið lagðar fram fyrir í háskólaráði. Hins vegar voru þær teknar inn á hina prentuðu staðfestu skipulagsuppdrætti að aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-83, enda liggja fyrir skrif milli arkitektsins og próf. Bredsdorff um þau mál. Hafði Gunnlaugur Halldórsson unnið nákvæmnislega að tillögum þeim með hliðsjón af væntanlegri stúdentafjölgun. Hins vegar höfðu háskólayfirvöld ekki treyst sér að taka afstöðu til þeirra. En það hefur í seinni tíð haft örlagaríkar afleiðingar. – Með bréfi frá 7.11. 1969 til háskólaráðs mælist Arkitektafélag Íslands til þess, að engar framkvæmdir verði


*Allt frá því laust eftir 1960 og fram yfir 1970 vann Gunnlaugur Halldórsson arkitekt að áætlunum um framtíðarskipulag háskólasvæðisins, eftir beiðni háskólayfirvalda, en það starf reyndist örðugt af ýmsum ástæðum og skilaði vart beinum árangri. Þó er þess að geta, að mið var haft af ýmsu úr athugunum Gunnlaugs við gerð aðalskipulags Reykjavíkur, sem að mestu var lokið 1965. Árið 1971 skilaði Gunnlaugur skýrslu til Háskólans, sem hann nefndi „Þenslumöguleikar á háskólasvæðinu“, og er þar að finna yfirlit yfir þetta starf hans. Þar birtist m. a. þessi hugmynd hans um byggingarmöguleika á háskólasvæðinu.*




hafnar á lóðasvæðum Háskólans fyrr en að lokinni samkeppni, þar sem lóðasvæðin séu eigi skipulögð. Hinu sama er haldið fram af borgaryfirvöldum. Við þessu gat háskólaráð ekki orðið, þar sem þarfir eru brýnar. – Hinn 28. okt. 1969 var lagt fram bréf verkfræðideildar, dagsett 14.10., um skipun byggingarnefndar. Frestað. – Hinn 28.11. 1969 voru lagðar fram nýjar teikningar að lagadeildarhúsi. Við atkvæðagreiðslu sat forseti læknaeildar hjá með vísun til afstöðu sinnar hinn 17.3. – Á sama fundi var skipuð *hönnunarnefnd verkfræðideildar unz öðruvísi yrði ákveðið*. Reyndar hafði verkfræðideildin starfað að þessum byggingarmálum óslitið síðan snemma sumars, sbr. hina fjölrítuðu greinargerð um húsnæðisþörf. – Hinn 18.12. voru lagðar fram teikningar að tilhlutan nefndarinnar ásamt bréfi dagsettu 17.12. 1969. Frestað. – Hinn 15.1. 1970 var Gunnlaugur Halldórsson endurráðinn ráðunautur í skipulagsmálum, til þess að annars vegar væri hægt að fullnægja brýnustu þörfum, hins vegar að opna möguleika til almennrar samkeppni. – Hinn 5.2. var skipuð *hönnunarnefnd tannlæknadeildar unz öðruvísi yrði ákveðið*. Hins vegar hefur byggingarnefnd læknaeildar verið starfandi síðan 1961 og hefur fyrir rúmri viku lagt fram frumdrög, en Hönnunarnefnd tannlæknadeildar hefur skilað sínum hugmyndum fyrir örfáum dögum. Drög þessi munu væntanlega verða grandskoðuð af enskum sérfræðingi. – Sama dag voru enn rædd lóðamál, þar sem hagsmunir verkfræðideildar og Félagsstofnunar stúdenta rákust á. Til þess að unnt væri að þoka húsnæðisþörfum verkfræðideildar áfram varð að ætla henni rúm sem allra syðst vegna andstöðu borgarinnar, en brýnustu þörfum Félagsstofnunar fullnægt að nokkru með því að leggja til að láta hana fá takmarkaða lóð, ca. 1.9 ha, eftir seinni ákvörðun, undir hjónagarða, á lóð sunnan prófessorabústaða, þar sem Landleiðir eru nú, en hefur verið sagt upp af borginni. – Hinn 30.4. 1970 var tilkynnt, að borgarráð hefði hinn 21.4. ákveðið, „að aukid verði við lóð Háskóla Íslands“ ... – Á sama fundi voru lagðar fram enn nýjar teikningar að lagadeildarhúsi og kostnaðaráætlun dags. 30.4. – Og enn var rætt um lóðamál hjónagarða. Hins vegar var ákveðið að ráðast í l. áfanga verkfræðideildar, þ. e. eðlis- og efnafræðihluta, þar sem ella yrði ekki hægt að sinna

*Árið 1972 birtist þessi tillaga að skipulagi nágrennis Háskólans að austan, þ. e. í Vatnsmýrinni. Í Morgunblaðinu 24. desember 1972 segir m. a.: „Áform eru um að gera samhangandi tjarnarsvæði í dældinni, sem liggur frá Norræna húsinu og út að Hringbraut, þannig að það verði í samhengi við Tjörnina. Í tjörnunum verða hólmar og uppgröftur notaður sem uppfylling á bakkana, þar sem verður gróður og útivistarsvæði. — Í miðri tjörninni, sem er næst Hringbrautinni, á svo að koma fyrir gosbrunni þeim, sem fyrrverandi sendiherra Bandaríkjana, dr. Replogle, ætlar að gefa til Reykjavíkurborgar. Og mun gossúlan koma upp úr tjörninni beint andspenís anddyri Háskóla Íslands. — Skipulagstillögur þessar gerðu garðaarkitektarnir Reynir Vilhjálmsson og Einar Sæmundsson á vegum borgarverkfræðings og í samráði við húsameistara ríkisins, garðyrkjustjóra borgarinnar og menntamálaráðuneytið. Skipulagsnefnd borgarinnar hefur fallið á tillöguna...“ Tillaga þessi komst ekki til framkvæmda og var gosbrunninum, sem átti að koma þar sem ör vísar til á myndinni, m. a. valinn staður í Tjörninni norðan Hringbrautar.*







*Norræna húsið reis á lóð Háskólans í Vatnsmýri.*

kennslu til hlítar í þeim greinum. – Hinn 7.9. var lagt fram bréf borgarlögmanns um stækkun Bændahallarinnar, sem háskólaráð hefur að sinni ekki getað fallið á. Viðræðufundur við aðila hefur farið fram, en málið er nú til umsagnar Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts. – Borgarritari hefur með bréfi 19.10. til háskólaritara gert kröfur á hendur Háskólans ... – Til þess að koma í veg fyrir algera stöðvun á framkvæmdum skrifaði ég borgarstjóra hinn 3.11. – ekki með sérlegri ánægju. Og leit svo á, að greiðsla sú, sem um getur, væri liður í framkvæmd, enda ógerningur að koma öðru við, þrátt fyrir viðleitni. – Mér er kunnugt um, að ætlunin er að láta væntanlega Þjóðarbókhlöðu sæta svipuðum afarkostum og mælist til þess, að ráðuneyti þau, sem í hlut eiga, taki mál þessi bæði til meðferðar. Af hálfu Háskóla Íslands er það æskilegt að fá almenna aðstöðu, hvar sem er í landi borgarinnar, þar sem auðséð er, að starfsemi muni innan skamms fara fram víðsvegar í borginni. – Þessa dagana er verið að ræða við erlenda sérfræðinga um staðsetningu Þjóðarbókhlöðunnar, en stækkun Bændahallarinnar hefur sömu áhrif gagnvart henni og Háskólanum. – Verði stækkun Bændahallarinnar látin fram ganga eftir framlögðum teikningum, þá er norðurhluti svæðisins vestan Suðurgötu genginn undan Háskólanum, þar eð staðsetning Þjóðarbókhlöðunnar gæti haft í för með sér skerðing nyrzt allt til Suðurgötu frá Birkimel. – Ég vil taka það skýrt fram, að í minni embættistíð hafa einvörðungu verið skipaðar hönnunarnefndir með tilliti til þess, að



*Norræna húsið í byggingu.*

hægt sé að leysa þær upp, er þær hafa lokið sínu verki, til þess að sérfræðingar geti tekið við. Ríkir að þessu leyti millibilsástand á málefnum Háskólans og er nauðsynlegt að koma þeim á annan grundvöll, enda beinist meginorkan að því.“

Á fundi háskólaráðs 3. maí 1973 var lögð fram til kynningar tillaga fulltrúa stúdenta um „að efnt verði til samnorrænnar samkeppni um skipulag háskólasvæðisins“. Í greinargerð með tillögunni (í Skjalasafni Háskólans) segir:

„Ekki er ofsagt að skipulagsmál Háskólans hafa verið í miklum ólestri á undanförunum árum. Engin heildarstefna hefur verið ríkjandi og engin tilraun gerð til þess að koma sér niður á að hverju beri að stefna í skipulagningu svæðisins. Hús eru sett

niður eftir hendinni og helzt virðist við það miðað að svæðið líti sem bezt út neðan úr Vatnsmýrinni. Ekkert hugsað um það hvernig niðurröðun húsa samrýmist þeirri starfsemi sem fram fer á svæðinu. – Ekki þarf að tíunda þá ábyrgð sem hvílir á háskólayfirvöldum í þessum efnum. Alltaf er að koma betur og betur í ljós hvað umhverfi hefur mikil áhrif á manninn, starfsgetu hans og vellíðan. Þá má benda á að yfirráðasvæði Háskólans er takmarkað og því Háskólanum lífsnauðsynlegt að nýta það sem bezt. – Fyrir svona samkeppni, eins og við stingum upp á að fari fram, þarf mikla undirbúningsvinnu. Vinna þarf upp útboðsgögn þar sem gripið er á öllum þáttum er áhrif hafa á skipulagninguna. Því gerum við ráð fyrir að næsta ár a. m. k. fari í undirbúningsvinnu. Ráðið verði starfslið til þess að undirbúa samkeppnina. Við teljum að þótt ýmislegt sé óglögg á þessu stigi málsins, t. d. lóðamörk Háskólans, sé af nógu að taka í byrjun, þar sem við teljum að mál þetta þoli enga bið, leggjum við til að tillaga þessi verði samþykkt nú þegar.“

Hinn 24. sama mánaðar var síðan samþykkt í háskólaráði eftirfarandi tillaga frá Þór Vilhjálmsyni prófessor:

„Háskólaráð ályktar að stefna að því, að fram fari samkeppni um skipulag lóða háskólans, og felur rektor að leggja fyrir háskólaráð fyrir 1. júlí n. k. greinargerð tæknimanna í þjónustu háskólans og sína eigin greinargerð, ef hann telur ástæður til, um það, hvernig unnt sé að haga slíkri samkeppni og undirbúningi hennar.“

Ekki varð af þessari samkeppni, en fáum árum síðar var hins vegar kunnum finnskum arkitekt, Alvar Aalto, falið að gera tillögu um skipulag háskólalóðar, sbr. nánar síðar.

### *Norræna húsið byggt á háskólalóðinni*

Norræna húsið reis á háskólalóðinni (án sérstakra lóðarmarka) með fullu samþykki háskólayfirvalda og var tekið í notkun 1968. Hinn kunní finnski arkitekt *Alvar Aalto* teiknaði það, en *Skarphéðinn Jóhannsson* arkitekt var trúnaðarmaður hans við verkið. Umsjón á vinnustað í samráði við Skarphéðin og undir yfirumsjón hans hafði *Maggi Jónsson*, síðar helsti ráðunautur Háskólans í byggingamálum og um tíma byggingastjóri, en byggingameistari hússins var *Magnús Bergsteinsson*, síðar byggingastjóri Háskólans.

*Norræna húsið í byggingu. Maggi Jónsson tæknifræðingur (síðar arkitekt), sem hafði tilsjón með byggingarframkvæmdum, og Ármann Snævarr háskólaректор ræðast við.*





*Frá vígslu Norræna hússins 24. ágúst 1968. Frá vinstri Alvar Aalto arkitekt hússins, Kristján Eldjárn forseti Íslands, Halldóra Eldjárn forsetafrú og Ármann Snævarr háskóla­rektor, sem jafnframt var fyrsti stjórnarformaður hússins.*

Mikil tengsl hafa frá upphafi verið milli Norræna hússins og Háskólans; þar hafa m. a. norrænir sendikennarar vinnuherbergi sín, fjölmargar ráðstefnur og fundir hafa verið haldin þar um málefni, sem snerta hin ýmsu fræðasvið Háskólans og háskólatónleikar hafa farið þar fram að staðaldri. Fullyrða má, að Norræna húsið sé ein helsta stoð menningar­lífs í Reykjavík.

## 4

# Hús Raunvísindastofnunar

Á árunum eftir 1960 var unnið að hönnun og byggingu húss fyrir Raunvísindastofnun Háskólans, sem formlega var komið á fót með gildistöku reglugerðar þar að lútandi, 4. júní 1966. Tók stofnunin til starfa 12. júní þ. á., þótt húsnæðið væri ekki fullbúið.

Í ræðu, sem *Ármann Snævarr* háskóla- rektor flutti við vígslu hússins (12. júní 1966) segir hann m. a. um forsögu málsins:<sup>15</sup>

„Eftir að mér var falið rektorsembættið í nóvember 1960, taldi ég það vera meðal höfuðverkefna minna að beita mér fyrir eflingu að raunvísindarannsóknum innan háskólans. Í ársbyrjun 1961 bað ég sex sérfræðinga að taka sæti í nefnd, til þess að gera tillögur í þessu efni, og var miðað við það, að minnsta kosti í fyrstu, að fjögur svið yrðu sérstaklega eflid: eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og jarðeðlisfræði. Í þessari nefnd áttu sæti prófessorarnir: Magnús Magnússon, Trausti Einarsson, Leifur Ásgeirsson, Steingrímur Baldursson, Þorbjörn Sigurgeirsson svo og dr. Gunnar Böðvarsson. Þeir unnu að verkefninu af mikilli alúð og skiluðu álitserð sýðla vetrar. Tillögur þeirra voru kynntar ríkisstjórn og nokkrum öðrum aðiljum, og urðu þær síðar í megindrátum grundvöllur þeirrar stofnunar, sem nú hefur hafið störf sín. Á afmælishátíð háskólans í október 1961 afhenti svo sendiherra Bandaríkjana James Penfield hina miklu gjöf Bandaríkjastjórnar, 5 milljónir króna, til háskólans í því skyni að liðsinna háskólanum til að hrinda í framkvæmd áætlunum um eflingu rannsókna á þeim sviðum, sem minnst var á áður. Erum við allir sammála um, að þessi mikla og mikilsmetna gjöf Bandaríkjastjórnar hafi ráðið úrslitum um, að unnt var að hefjast handa við byggingaframkvæmdir á sínum tíma. Eftir nokkrar umræður og frekari undirbúning málsins kaus háskólaráð svo byggingarnefnd í desember 1962. Formaður hennar var próf. Þorbjörn Sigurgeirsson, ritari próf. Loftur Þorsteinsson, en aðrir nefndarmenn: Guðmundur Guðmundsson, tryggingafræðingur, Jóhannes Zoëga, hitaveitustjóri og Steingrímur Jónsson, fyrrverandi rafmagnsstjóri. Sérfræðinganefnd þeirri, sem áður var nefnd, var falið að halda áfram störfum og vera til ráðuneytis um ýmis sérfræðileg málefni. Háskólaráð réð ennfremur arkitektana Sigvalda Thordarson og Skarphéðin

<sup>15</sup> Ræðan var hljóðrituð og er upptakan geymd í Raunvísindastofnun. Var ræðan afrituð vegna útgáfu þessa rits og því afriti fylgt hér.



*Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor var lengi meðal helstu forystumanna við uppbyggingu Raunvísindastofnunar Háskólans.*



Jóhannsson. Eftir andlát Sigvalda vorið 1964 hefur Skarphédinn einn verið arkitekt byggingarinnar. Framkvæmdir hófust vorið 1964 eins og formaður byggingarnefndar mun lýsa hér síðar. Byggingarnefnd hefur unnið geysimikið starf og ekki sízt formaður hennar próf. Þorbjörn Sigurgeirsson, sem hefur verið vakinn og sofinn í öllu þessu starfi.




*Magnús Magnússon prófessor var fyrsti forstjóri og stjórnarformaður Raunvísindastofnunar Háskólans.*




Lóð sú, sem Raunvísindastofnun fékk úthlutað.



Gert var ráð fyrir því, að húsnæði Raunvísindastofnunar yrði stækkað síðar í áföngum, svo sem sjá má á þessari teikningu Skarphéðins Jóhannssonar og Sigvalda Thordarsonar frá því í desembermánuði 1963.



*Útlitsteikning af húsi Raunvísindastofnunar, ásamt viðbyggingu í síðari áfanga, eftir arkitektana Skarphéðin Jóhannsson og Sigvalda Thordarson (í ágúst 1963).*



*Líkan af framtíðarbyggingum Raunvísindastofnunar, 1964.*

*Lyndon B. Johnson, þá varaforseti Bandaríkjanna en síðar forseti, kom í opinbera heimsókn til Íslands haustið 1963. Hinn 16. september heimsótti hann Háskóla Íslands og færði þá Raunvísindastofnun bókaþjóf (en Bandaríkjamenn höfðu áður lagt fram verulegt fé til að koma þeirri stofnun á laggirnar). Hér sjást varaforsetinn og Ármann Snævarr háskóla- og universitetsrektor virða fyrir sér líkan af fyrirhuguðu húsi Raunvísindastofnunar. Á myndinni sjást einnig (frá vinstri) James Penfield, sendiherra Bandaríkjanna hérlendis (á bak við Johnson), og prófessorarnir Trausti Einarsson og Leifur Ásgeirsson.*








Rafeindarevknir Háskólans, IBM 1620, sem var gjöf frá Framkvæmdabanka Íslands, var fluttur að húsi Raunvísindastofnunar í desember 1964. Þar var honum komið fyrir í kjallara. Tækið var tekið úr notkun 1977 og afhent Þjóðminjasafni en er nú geymt í VR III. Á myndinni eru frá vinstri: Magnús Magnússon prófessor og forstöðumaður Raunvísindastofnunar, Þórhallur M. Einarsson tækimaður frá IBM og Ragnar Ingimarsson verkfræðingur.

Fyrsta skóflustungan fyrir húsi Raunvísindastofnunar var tekin í janúarmánuði 1964. Frá vinstri: Leifur Ásgeirsson prófessor, Gunnar Böðvarsson verkfræðingur, Loftur Þorsteinsson prófessor, Kr. Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, annar maður þar frá Ármann Snævarr háskóla rektor og síðan James Penfield sendiherra Bandaríkjanna og Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor. Lengst til hægri er Trausti Einarsson prófessor, en þriðji maður frá hægri er Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt.




*Upphaf „tölvualdar“ á Íslandi. Rafeindareiknirinn kominn á sinn stað í Raunvísindastofnun, í desember 1964. Frá vinstri: Þórhallur M. Einarsson, tækniamaður hjá IBM á Íslandi, Ragnar Ingimarsson verkfræðingur, Helgi Sigvaldason verkfræðingur, Oddur Benediktsson verkfræðingur og Magnús Magnússon prófessor. Ragnar, Helgi og Oddur störfuðu við rafeindareikninn eitt eða tvö fyrstu árin.*

Flyt ég byggingarnefnd alúðarpakkir háskólans fyrir ágæt störf, og ég vil einnig flytja arkitekt og öllum þeim, sem starfað hafa að byggingunni, miklar þakkir háskólans fyrir hlut þeirra að henni. Byggingunni er nú nær fulllokið, þó ýmislegt sé ófengið, það er til búnaðar heyrir. En fjár til hennar hefur verið aflað, svo sem hér segir: 6 milljónir króna eru gjöf frá Bandaríkjastjórn,\* 6,4 milljónir eru framlag frá ríkissjóði og 7.5 milljónir er fjárveiting frá Hapdrætti háskólans.“

---


\* Upphæðin var þessi með reiknuðum vöxtum, P. S.



*Tæpum aldarfjórðungi síðar: Grímur Laxdal framkvæmdastjóri Radióbúðarinnar hf. afhendir dr. Sigmundi Guðbjarnasyni rektor Háskólans og Jóhanni P. Malmquist prófessor í tölvunarfræði fyrstu Macintosh SE tölvuna af 140, sem Háskólinn keypti vorið 1987.*



*Hús Raunvísindastofnunar í októbermánuði 1986.*




*Gagnger viðgerð fór fram á húsi Raunvísindastofnunar veturinn 1987–88. Risþak var m. a. sett á húsið og það var klætt með vönduðum plötum, svo sem sjá má á þessari mynd, sem tekin var vorið 1988.*

Í ræðu sinni við sama tækifæri sagði *Þorbjörn Sigurgeirsson* prófessor, formaður byggingarnefndar hússins, m. a.:<sup>16</sup>

„Framkvæmdir við byggingu Raunvísindastofnunar Háskólans hófust vorið 1964, og hafði þá byggingarnefndin unnið að undirbúningi í rúmt ár, ásamt arkitektunum *Sigvalda Thordarsyni* og *Skarphéðni Jóhannssyni*. Almenna byggingafélagið h/f annaðist verkfræðileg ráðuneyttisstörf og unnu að þeim auk forstjórans, *Árna Snævarrs*, verkfr., *Ögmundur Jónsson*, *Móses Aðalsteinsson*, *Bragi Sigurþórsson* og *Jóhann Indriðason*. Verkið var boðið út og samið við *Verklegar framkvæmdir h/f* um að ganga frá húsinu foheldu með einangrun og hitalögn. Áfanga þessum skyldi lokið í des. 1964, en framkvæmdir drógust á langinn og í apríl 1965 tók byggingarnefnd við verkinu, án þess að útboðsáfanganum væri lokið að fullu. Þá var síðari hluti byggingarframkvæmdanna einnig boðinn út, en ekkert viðunandi tilboð fékkst í þann áfanga. Var þá horfið að því ráði að ráða mann til að stjórna verkinu, og var *Magnús Vigfússon*


16 Um varðveislu og afritun ræðunnar vísast til þess, sem sagt var um ræðu rektors.





*Unnið við matvælarannsóknir á Rauvísindastofnun í júnimánuði 1973.*


húsasmíðameistari fenginn til þess starfs. Maggi Jónsson tæknifræðingur hefur haft umsjón með öllum byggingarframkvæmdum. Enda þótt ekki tækist að bjóða út annan áfanga byggingarframkvæmdanna, hafa einstakir hlutar verksins verið boðnir út, eftir því sem við varð komið, svo sem innréttingar, lofttræstikerfi, ljósaútbúnaður og fleira. Alls er byggingin 544 fermetrar að grunnfleti, tvær hæðir og kjallari. Rúmmál byggingarinnar er 5490 rúmmetrar. Upphaflega var gert ráð fyrir, að í kjallara væri aðallega verkstæði og geymslur, en á meðan á byggingu stóð, var ákveðið að innrétta þar húsnæði fyrir rafreikni háskólans, sem hefur nú starfað þar hátt á annað ár. Á fyrstu hæð hússins eru rannsóknarstofur fyrir eðlis- og efnafræði og auk þess 9 smærri vinnustofur fyrir sérfræðinga. Á efri hæðinni er húsnæði fyrir skrifstofur, bókasafn, sameinaða kaffistofu og fundarherbergi og 15 vinnustofur fyrir sérfræðinga. Byggingarkostnaður fram til þessa er alls um 20 millj. krónur, en enn er eftir að ganga frá nokkrum atriðum, einkum uppsetningu innréttinga í efnafræðistofum. Er viðbótarkostnaður áætlaður um 700 þús. krónur. Hér eru meðreiknaðar allar fastar innréttingar í rannsóknarstofur, en ekki laus húsbúnaður. – Lóðin umhverfis bygginguna hefur verið skipulögð þannig, að þegar þörf krefur, má reisa aðra byggingu nokkuð stærri í tengslum við þessa, og þriðju rannsóknarbyggingunni er einnig ætlaður staður hér skammt frá.“



Frá „Opnu húsi“ í byggingu Raunvísindastofnunar 19. október 1986. Sigurður Magnússon líffræðingur (nær) og Jón Bragi Bjarnason prófessor (fjær) við greiningu aminosýruinnihalds próteína.

Byggingarnefnd óskaði þess í fyrstu að mjög rífllegt lóðasvæði fengist til fyrirhugaðra framkvæmda, sbr. bréf hennar til háskólaráðs, dags. 20. desember 1962 (í Skjalasafni Háskólans), þar sem segir m. a.:


„Hvað staðsetningu snertir, álitur nefndin að stofnunin sé bezt sett á lóð háskólans, ef unnt er að tryggja þar landrými, sem nægi vexti hennar næstu 30–40 árin, svo og athafnasvæði fyrir aðra skylda starfsemi, þ. e. a. s. alla kennslu og rannsóknastarfsemi háskólans í verkfræði og raunvísindalegum greinum, í jafnlangan tíma. Við álitum, að ekki megi ætla starfsemi þessari minna land en 4–6 ha, ef það á að nægja til næstu aldamóta. – Þá verður að teljast mjög æskilegt, að háskólinn gæti jafnframt boðið land undir rannsóknir í þágu iðnaðarins, þar sem raunvísindastofnuninni væri styrkur að nábylí við þá rannsóknastarfsemi, auk þess sem það gæti haft mikla þýðingu fyrir kennslu í verkfræðideild. – Við höfum skoðað land það, sem háskólanum hefur verið heitið af borgarráði, og álitum að með hliðsjón af stærð og byggingarhæfni komi ekki annað til greina en svæðið vestan Sudurgötu og yrði allt þetta svæði ætlað raunvísindastarfsemi háskólans. – Ef ekki er unnt að tryggja þetta svæði teljum við nauðsynlegt að ætla starfseminni stað utan bæjarins, þar sem landrými er nóg. – Að því




*Frá „Opnu húsi“ í byggingu Raunvísindastofnunar 19. október 1986. Jón Sveinsson raftækni-fræðingur við jarðskjálftamæla í kjallara hússins.*



*Helgi Hermann Hannesson líffræðingur við efna greiningar áfitusýrum í húsi Raunvísindastofnunar 1986.*



*Páll Theodorsson sérfræðingur. Myndin er tekin í húsi Raunvísindastofnunar, í janúar 1990.*



*Guðmundur G. Haraldsson dósent í herbergi sínu í húsi Raunvísindastofnunar, í janúar 1990.*



*Jón Bragi Bjarnason prófessor við vinnu sína í húsi Raunvísindastofnunar, 1986.*



*Ágústa Guðmundsdóttir, dósent í matvælaefnafræði, í vinnuherbergi sínu í húsi Raunvísindastofnunar, í janúar 1990.*

tilskildu að unnt sé að fullnægja framangreindum skilyrðum, leitar nefndin samþykkis háskólaráðs til að staðsetja bygginguna við Suðurgötu í nágrenni loftskeyta-stöðvarinnar.“

Þegar til kom var fyrirhuguðu húsi markaður staður vestarlega á „landauka“ Háskólans vestan Suðurgötu, sbr. samþykkt háskólaráðs frá 31. janúar 1963, þar sem segir m. a.: „Háskólaráð ályktar, að bygging fyrir raunvísindastofnun Háskólans verði reist á lóð fyrir sunnan Háskólabíó, og ákvarðist lóðin að austan af línu, sem dregin sé í suður í framhaldi af austurhlið bændabyggingar, en að sunnan, norðan og vestan af mörkum lóðarinnar, svo sem þau eru dregin á uppdrátt borgarráðs frá 6. okt. 1961.“ Við ályktun þessa var gerður eftirfarandi fyrirvari, sem 5 háskólaráðsmenn tjáðu sig samþykka, en einn sat hjá: „Í framangreindri tillögu felst ekki neitt vilyrði um stærri lóð til handa stofnuninni, og hafi háskólaráð óbundnar hendur um skipulagningu lóðasvæða skólans, miðað við heildarþarfir hans.“

Lóðin, sem Raunvísindastofnun fékk, var raunar allstór og gerðu arkitektar og byggingarnefnd ráð fyrir því, að bæta þar við húsrými síðar meir. Í upphafi starfs byggingarnefndar var hins vegar ráðgast um það, hvort heppilegra væri að byggja húsið „á tveim hæðum ... um kjarna með leiðslum, stigahúsi o. fl.“ eða „á einni hæð byggt um garð í miðju“, en arkitektarnir lögðu fram frumdrög að báðum kostum. Var hin síðarnefnda tillagan (þ. e. hús á einni hæð auk kjallara) „talin öllu álitlegri, ef um verulegan kostnaðarmun væri ekki að ræða“, eins og segir í fundargerð byggingarnefndar 19. febrúar 1963,<sup>17</sup> en þegar á reyndi varð þó úr að byggt skyldi á tveim hæðum auk kjallara.

---

<sup>17</sup> Fundargerðir byggingarnefndar eru geymdar á Raunvísindastofnun.

## 5

# Árnagarður

Hinn 24. mars 1961 samþykkti háskólaráð að fallast í meginráttum á erindi Heim-  
spekideildar um stofnun í íslenskum fræðum. Með bréfi háskólarektors frá 28. sama  
mánaðar var þess farið á leit við ríkisstjórnina að hún gæfi fyrirheit um að koma á fót  
Handritastofnun í tengslum við afmæli Háskólans. Á fyrrnefndri hátíðarsamkomu vegna  
50 ára afmælis Háskólans, 6. október 1961, lýsti þáverandi menntamálaráðherra, *dr.*  
*Gylfi Þ. Gíslason*, því yfir, að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því, að stofnuninni yrði  
komið á fót og að tryggð yrðu fjárframlög í því skyni. Hinn 18. apríl 1962 voru síðan  
sett lög um Handritastofnun Íslands (lög nr. 36 þ. á.).


Þetta mál átti sér allangan og merkan aðdraganda, sem hér skal ekki rakinn,<sup>18</sup> nema  
þess eins getið, að þegar hér var komið sögu hafði töluvert fé safnast til byggingar  
„handritahúss“ (í kjölfar tillagna og umræðna um handritamálið á Alþingi 1950). Um  
þá söfnun segir *Einar Ólafur Sveinsson* prófessor í grein um Handritastofnun Íslands, en  
Einar var hinn fyrsti forstöðumaður stofnunarinnar:<sup>19</sup>

„Næst gerist það tíðinda, haustið 1951, að Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði berst í  
pósti bréf, sem í voru eitt hundrað krónur, og fylgdu þau orð, að þetta ætti að vera fyrsti  
vísir að söfnun fjár til handritahúss. Sendandi gaf sig fram síðar, og var hann Björn  
Guðmundsson frá Indriðastöðum. Þjóðminjavörður setti smágrein í blað, þar sem hann  
gat um þessa sendingu. Þetta hafði þegar þau áhrif, að honum bárust töluverðar gjafir,  
stórar og smáar; alls munu þetta hafa verið um 20 þúsund kr. Þá var Páll Ásgeir  
Tryggvason, nú sendiráðunautur í Kaupmannahöfn, formaður Stúdentafélags  
Reykjavíkur, og greip hann við hugmyndinni og mælti með henni í ræðu og riti. Var sett  
á stofn söfnunarnefnd, sem hann var formaður fyrir. Um starf annarra manna er mér  
miður kunnugt, en að sjálfsögðu komu þarna miklu fleiri menn við sögu. Safnaðist  
töluvert fé, og er það nú í vörzlu próf. Péturs Sigurðssonar háskólaritara, og segir hann  
mér, að það sé nú<sup>20</sup> rúmlega hálf milljón króna.“

18 Sbr. t. d. grein Einars Ólafs Sveinssonar „Handritastofnun Íslands – Forsaga og aðdragandi“  
í Skími 1963, bls. 15–28.

19 Tilv. grein, á bls. 20.

20 Grein Einar Ólafs Sveinssonar er að stofni til erindi, er hann flutti 10. desember 1962.



Á árunum 1964–65 vann Jón Haraldsson arkitekt, sem þá var nýlega kominn frá námi og starfadi við embætti húsameistara ríkisins, við gerð tillöguuppráttta ef húsi fyrir starfsemi Handritastofnunar Íslands á vegum húsameistararæmbættisins. Var þá húsinu eittlaður staður á lóðinni þar sem nú stendur Lögberg. Árið 1964 urðu til þær grunmyndir af Handritahúsi, sem hér eru birtar (jörðhæð og 1. hæð) en ári síðar höfðu óskir og hugmyndir um gerð hússins breyst verulega og gerði þá Jón m. a. útlitstekningu um gerð hússins, sem hér er sýnd. Skömmu síðar hvarf Jón frá verkinu og frá starfi hjá húsameistara ríkisins og aðrir menn hönnuðu nokkru stærra hús, Árnagard, á öðrum byggingarstað en upphaflega höfði verið ráðgert. Var öll gerð þess mjög ólík því, sem fram kom á frumdráttum Jóns Haraldssonar. Á þessari mynd er sýnd 1. hæð hins fyrrihugaða húss.








Útlitsmynd eftir Jón Haraldsson af fyrirhuguðu Handritahúsi, 1965.

Í fyrrnefndu erindi eða tillögum Heimspékideildar frá 1961 segir m. a.:<sup>21</sup>

„Stofnuninni sé til bráðabirgða fengið húsnæði í Landsbókasafni eða á öðrum stað, sem hentugastur þykir til þess, en til frambúðar verði stofnuninni fenginn staður í nýju húsi fyrir Landsbókasafn, sem reist mun verða á næstunni. Reynt verði að haga safnhúsi svo, þegar það verður reist, að rannsóknarstofnunin verði sérstök álma þess og byrjað verði á að reisa hana. – Stofnunin sé í sem nánustum tengslum við handritasöfn þau, sem í vörzlu Landsbókasafns eru. Þegar til skila kemur á íslenskum handritum, sem nú eru í Kaupmannahöfn, verði þau varðveitt í framangreindri handritastofnun, en sérstakar reglur verði þó settar um þau, svo að þau komi að sem mestum notum. Stofnuninni sé fengið viðhlítandi handbókasafn, en auk þess eigi hún greiðan aðgang að bókum Landsbókasafns. – Stefnt skal að því, að stofnunin hafi lestrarsal, svo og minni herbergi, t. d. sérherbergi fyrir forstöðumann og fasta starfsmenn, herbergi til samlestrar, vélritunar o. s. frv. svo og herbergi fyrir örnefnasafn og þjóðfræðasafn. Tæki séu til lestrar, þar á meðal lampi með útfjólubláu ljósi, svo og tæki til ljósmyndunar.“

Varð sú raunin á, að Handritastofnun fékk inni í Landsbókasafnhúsi fyrstu árin. Ljóst var þó, að það húsnæði yrði einungis til bráðabirgða en langt að bíða þjóðarbókljóðu. Var því ekki nema eðlilegt að hugað væri að sérstakri byggingu fyrir stofnunina. Hinn 21. mars 1963 lýsti háskólaráð yfir því, að það væri reiðubúið að láta Handritastofnun í té lóð á lóðarsvæði Háskólans, ef að því ráði yrði horfið að reisa sérstaka byggingu fyrir hana. Þó þannig að ekki bryti í bág við eðlilega skipulagningu á þeim svæðum, en á fjárfögum fyrir 1964 voru veittar 3 milljónir kr. til byggingar húss handa stofnuninni. Bygðist þessi heimild frá háskólaráði einkum á þeirri forsendu, að Háskólinn gæti jafnframt haft not af húsi þessu, en mjög var þá farið að þrengja að starfsemi Háskólans. Í greinargerð, sem samín var í desembermánuði 1963 um

21 Tillögurnar eru prentaðar í Árbók Háskólans 1961–62, bls. 114–116.



*Teikning af Arnagarði, frá því í nóvember 1966 (austurhlíð). Kjartan Sigurðsson arkitekt, sem frá starfandi hjó embætti húsnæðisráðs ríkisins, gerði teikningar í náinn samvinnu við Hörð Bjarnásson, húsnæðisráðs ríkisins. Þarna er gert ráð fyrir steinhleðslu neðst á veggjum, sem átti að sögn Heiðar Bjarnássonar að minna á hin þjóðlegu fræði, sem byggingin átti að hýsa og þann trausta grunn, sem þau fræði byggðust á, en síðar var horfið frá þeirri hleðslu.*


Húsnæðismál Háskólans með sérstöku tilliti til væntanlegrar byggingar fyrir Háskólann og Handritastofnun í næsta nágrenni við háskólabyggingu, segir **Ármann Snævarr** rektor m. a.:<sup>22</sup>

„Atlugun hefir allengi átt sér stað á þessum málum og hefir verið litið þar á margra möguleika til úrlausnar. M. a. var háskólaráði kynnt sú hugmynd á s. l. sumri að leysa þetta mál með nýjum álmum við háskólabyggingu. Frá þeirri lausn hefir verið horfið þegar af þeirri ástæðu, að sú lausn sé svo fjárfrek, að ekki er líklegt, að til þeirra framkvæmda fái fé. Menn hafa einnig virt mjög fyrir sér möguleika á að reisa sérstakar byggingar, sem séu í næsta nágrenni háskólabyggingar án þess að vera í tengslum við hana. Því meir sem mál þetta hefir verið kannað, því sterkari rök virðast hafa verið að því færð, að sú staðsetning byggingar, sem heppilegust sé – ekki sízt frá hreinu skipulagssjónarmiði, – sé að velja byggingunni stað hliðstætt við Atvinnudeild, á milli Nýja Stúdentagarðs og háskólabyggingar. Er ég fyrir mitt leyti sammála þeirri niðurstöðu, Bindur sú staðsetning í engu hendur manna um frambúðarskipulagningu lóðar, og má raunar segja, að með byggingunni sé fyllt upp í skarð, sem opið sé og fylla þurfi skipulagsins vegna, úr því að Atvinnudeildin var staðsett þar sem raun ber vitni. Hefir alla stund verið á því byggt, að hús yrði reist, sem væri hliðstætt við þá byggingu. Hér kemur það og til, að bygging á þessum stað myndi henta vel til frambúðar vegna náninna staðarlegra tengsla við háskólabyggingu, og einnig er það kostur, að bygging á þeim stað veldur ekki erfiðleikum í umferð um gömlu háskólalóðina, sem svo er nú farið að nefna. Að sjálfsgöðu er það verkefni háskólaráðs að fjalla endanlega um þessa

<sup>22</sup> Greinargerð þessi er geymd í Skjalasafni Háskólans.



*Frankvæmdir hafnar við grunn Árnagarðs, í júní 1967. Frá vinstri: Ólafur Halldórsson handritafræðingur, Jónas Krisjánsson handritafræðingur, Karl Guðmundsson verkfræðingur, Einar Ólafur Sveinsson prófessor, Kjartan Sigurðsson arkitekti, Pálmi Lárusson verkfræðingur. (....?), Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins og Ármann Snævarr háskólaarkitekti.*



*Árnagarður.*

staðsetningu. – Gert hefir verið ráð fyrir, að unnt sé að reisa byggingu u. þ. b. 600 fermetra að flatarmáli á þessari lóð, og frá skipulagslegu sjónarmiði mun best þykja fara á, að hún verði tvær hæðir og kjallari, sbr. Atvinnudeildarhúsið, en þó þarf hin nýja bygging ekki að vera á neinn hátt með sama hætti útlits og hvorki Atvinnudeildarhús né háskólabygging. Útlitið þarf þó að vera þannig, að vel hæfi þeim meginramma, sem markast af þeim byggingum, sem þegar eru fyrir hendi. – Út frá þessum forsendum er byggt á því, að Handritastofnun fái eina hæð hússins til sinna umráða ásamt hlutdeild í kjallara. Ríkissjóður hefir talið sér skylt að standa straum af byggingarkostnaði þess hluta hússins, sem notaður verður í þarfir Handritastofnunar. Hinn hluti hússins – fyrst og fremst önnur aðalhæðin og svo verulegur hluti kjallara – ætti þá að koma í hlut háskólans, enda er skólanum margföld þörf á því húsnæði. Er það tillaga mín, að leitað sé eftir fyrirgreiðslu hjá ríkisvaldi til þess að standa straum af þeim byggingarkostnaði að svo miklu leyti sem happdrætti Háskólans getur ekki staðið undir honum. – Ef fallizt verður á það sjónarmið, að Háskólinn fái í sinn hlut u. þ. b. 600 ferm. hæð og hluta kjallara (en kjallari hlyti að nokkru leyti að fara til sameiginlegra þarfa, e. t. v. yrði nauðsynlegt að hafa þar húsvardaríbúð), þá er nauðsynlegt að hyggja að því, hverjar séu hinar brýnustu þarfir skólans, sem heppilegt er og gerlegt að leysa með þessu nýja



*Einar Ólafur Sveinsson prófessor var hinn fyrsti forstöðumaður Handritastofnunar Íslands (síðar Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi), en sú stofnun var fyrst til húsa í Landsbókasafnshúsinu, áður en hún flutti í Árnagarð. Einar lét af starfi forstöðumanns í árslok 1970, en hélt þó mikilli tryggd við stofnunina til dauðadags (1984). Hér er hann, ásamt Kristjönu Þorsteinsdóttur eiginkonu sinni, við kaffidrykkju í „málstofu“ í Árnagarði, er þau voru þar í heimsókn allnokkrum árum eftir að Einar lét af störfum.*

húsnæði ... – Ef við það er miðað, að byggingin verði að flatarmáli 600 ferm. og hæðir þrjár, þ. e. kjallari, sem yrði nálega allur ofan jarðar, og tvær aðalhæðir, má ætla, að byggingarkostnaður verði í grennd við 17 millj. kr. Af því kæmi í hlut Handritastofnunar ein hæð ásamt hlutdeild í kjallara, aðallega geymslurúm. Fjárhagslega myndi láta nærri, að 6–7 millj. kr. kæmi í hlut Handritastofnunar, en 10–11 millj. kr. í hlut Háskólans. Sjálfsgagt væri að halda öllum búnaði byggingar aðskildum frá aðalbyggingarreikningi, og sæi hvor aðili um sig um kostnað við búnað húsnæðis síns. Á árinu 1963 hefir tekið að nýju að safnast í sjóði happdrættisins. Jafnvel þótt svo fari, sem líklegast er, að happdrættið þurfi enn að leggja nokkrar millj. kr. af mörkum til blósins (væntanlega ca. 4 millj.) til þess að koma lánamálum þess á fastan grundvöll, virðist mér afkoma



*Handritafræðingar virða fyrir sér blöð úr Konungsbók Eddukvæða, einhverju merkasta skinnhandriti norrænu, í tilefni af væntanlegri útgáfu handritsins (á vegum Lögbergs, útgáfufyrirtækis Sverris Kristinssonar bókaútgefanda) tengdri 75 ára afmæli Háskólans 1986. Er myndin tekin á því ári. Frá vinstri: Jón Samsonarson, Ólafur Halldórsson, Stefán Karlsson og Jónas Kristjánsson.*

happdrættisins vera svo góð nú og horfur jafnframt góðar vegna hinnar miklu eflingar happdrættisins á árinu 1964, að fullkomlega sé forsvaranlegt að leggja í þessar byggingarframkvæmdir, enda er mikill velvilji fyrir hendi hjá ríkisstjórninni í þessu máli. Ég fæ heldur ekki betur séð en að Háskólinn komist í algert strand með kennslustarfsemi sína haustið 1965 eða a. m. k. haustið 1966, ef ekki er hafizt handa um aukningu hæsnæðis þegar í stað ...”

Í ræðu sinni á háskólahátíð 24. október 1964, sagði háskólarektor m. a. :<sup>23</sup>

„Byggingarmálefni [Handritastofnunar Íslands] hafa nú skiptzt svo, að ráðið er að reisa hús fyrir hana í samlögum við Háskólann á háskólasvæðinu eldra.<sup>24</sup> Rætt hefir

23 Árbók Háskólans 1964–1965, bls. 8–9.

24 Hér er byggt á samþykkt háskólaráðs frá 12. mars 1964, þar sem gert er ráð fyrir að Háskólinn reisi hús „í samlögum“ við Handritastofnun Íslands „mílli Nýja Stúdentagarðsins og aðalbyggingar Háskólans“ (þ. e. á þeim stað er Lögberg var síðar byggt).




*Jónas Kristjánsson prófessor tók við forstöðu Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi af Einari Ólafi Sveinssyni í ársbyrjun 1971. Hér er hann við vinnu sína í Árnagarði 1988.*

verið um, að hús þetta verði 6–700 fermetrar að stærð, kjallari og þrjár aðalhæðir. Fær Handritastofnun væntanlega eina aðalhæð og u. þ. b. helming kjallara, en til afnota fyrir Háskólann verða þá tvær aðalhæðir og hálfur kjallari. Hefir háskólaráð ákveðið í meginráttum, að í húshluta Háskólans verði vinnuherbergi fyrir prófessora, og verða flest þeirra fyrir prófessora í íslenskum fræðum, og auk þess fyrirlestrasalir, semínarherbergi og lestrarsalir fyrir um 60 stúdenta. Stefnt er að því, að öll kennsla í íslenskum fræðum fari fram í hinni nýju byggingu, og eiga lestrarsalir að verða fyrst og fremst til afnota fyrir stúdenta í þeim fræðum. Hins vegar er einnig lögð áherzla á, að þetta húsrými verði nýtt til hlítar, og verður það því einnig til nytja fyrir aðrar fræðigreinar, og á það við um kennslustofur, vinnuherbergi, semínarherbergi og lestrarsali. Þá kemur einnig mjög til greina að ætla Orðabók Háskólans húsnæði í þessari byggingu. Vona ég, að þessi nýja bækistöð íslenskra fræða, þar sem stefnt er að stofnunum í þeim fræðum, verði þeim til mikils gagns og styrktar. Hitt er og ljóst, að þetta hús mun greiða verulega úr húsnæðisvandræðum Háskólans í heild, þar sem hvort tveggja er, að húsnæði losnar í aðalbyggingu við það, að íslensk fræði flytjast í hið nýja hús, og auk þess mun hið nýja hús verða öðrum deildum beint og óbeint til gagnsemdar. Byggingarkostnaður hins nýja húss skiptist svo, að ríkisstjórn mun leggja Handrita- stofnun til 10 millj. kr., og að auki framlag vegna hækkunar á byggingarvísitölu, en gert



*Stefán Karlsson handritafræðingur við vinnu sína í Stofnun Árna Magnússonar í Árnagarði, 1985.*



er ráð fyrir, að byggingarkostnaður vegna hlutdeildar Háskólans í byggingu verði greiddur af happdrættisfé. – Byggingarnefnd hins nýja húss er skipuð fimm mönnum. Er dr. Jóhannes Nordal formaður og próf. Guðlaugur Þorvaldsson varaformaður, báðir skipaðir af menntamálaráðherra, Svavar Pálsson dósent og Valgeir Björnsson hafnarstjóri, skipaðir af háskólaráði, og dr. Einar Ólafur Sveinsson og Valgarð Thoroddsen slökkviliðsstjóri, tilnefndir af stjórnarnefnd Handritastofnunar. Byggingarnefnd hefir þegar hafið starf, og verður öllum undirbúningi hraðað svo sem föng eru á.“

Hinn fyrsti fundur byggingarnefndar var haldinn 15. október 1964 (afrit fundargerða eru varðveitt í Skjalasafni Háskólans). Á þeim fundi upplýsti háskólarektor m. a., að háskólaráð hefði hafnað tillögu um að hafa hugmyndasamkeppni um gerð hússins og að gengið væri út frá því, að húsameistari ríkisins yrði arkitekt byggingarinnar. Húsameistari ríkisins fól fljótlega *Jóni Haraldssyni* arkitekt, sem þá var nýlega kominn heim frá námi sínu erlendis og starfaði hjá embætti húsameistara, að gera teikningar af húsinu, sem og hann gerði. Eftir þeim teikningum var þó ekki byggt. Í árslok 1965 hætti *Jón* störfum hjá húsameistara ríkisins og eftir að háskólaráð hafði fáið frá fyrri hugmyndum um byggingarstað milli aðalbyggingar og Nýja-Garðs og vísað á þann stað þar sem síðar var byggt,<sup>25</sup> fól húsameistari *Kjartani Sigurðssyni* arkitekt, sem starfaði

25 Í gerðabók háskólaráðs frá 3. febrúar 1966 segir: „Komið hefur í ljós, að vegna stærðar hússins verður því naumast valinn staður milli háskólans og Nýja Garðs, svo sem fyrirhugað var. Byggingarnefnd leggur til, að húsinu verði valinn staður milli íþróttahúss og kennarabyggingar. Háskólaráð feilst á þessa tillögu byggingarnefndar og felur henni að vinna að málinu á þeim grundvelli og láta gera model af byggingunni á hinum nýja stað.“





*Tveir verkamenn í vínagarði þjóðlegra fræða, þeir Ólafur Halldórsson handritafræðingur og Eiríkur Þormóðsson cand. mag. og styrkþegi, fá sér í nefið. Myndin er tekin í Árnagarði snemma á áttunda áratugnum.*


við embætti hans, að gera teikningar að húsi á þeim stað. *Garðari Halldórssyni* arkitekt, sem hóf störf hjá embætti húsameistara í apríl 1968, var falið það sem fyrsta verkefni þar að vera Kjartani Sigurðssyni til aðstoðar, og undir lok byggingartímans tók Garðar við hönnunareftirliti byggingarinnar og hönnun á innri frágangi, eftir að Kjartan hafði látið af störfum við embætti húsameistara.

Sem að líkum lætur voru kunnáttu- og áhugamenn í fyrstu ekki á eitt sáttir um gerð og skipan hins nýja húss. Sem dæmi um ábendingar, sem fram komu vegna sérþarfa Handritastofnunar, skulu hér birt ummæli *Magnúsar Más Lárussonar*, fyrirverandi háskólarektors, úr viðtali við höfund þessarar bókar:<sup>26</sup>

„Ég hafði áður en ég varð rektor komið svolítið við sögu byggingamála hér. Einar Ólafur Sveinsson prófessor leitaði ráða hjá mér í sambandi við Handritastofnunina. Mér fannst ekki rétt að hafa Handritastofnunina algjörlega inni í byggingunni, sem átti að fara að reisa, heldur vildi hafa stofnunina í álmu út frá Árnagarði. Starfsemin yrði þá

*Þjóðhöfðingjar erlendra ríkja og aðrir fyrirmenn hafa iðulega heimsótt Stofnun Árna Magnússonar í Árnagarði og skoðað þar forn handrit undir leiðsögn sérfræðinga stofnunarinnar. Hér virðir Ólafur V. Noregskonungur fyrir sér handrit í sýningarstofu ásamt Ólafi Halldórssyni (1988).*

<sup>26</sup> Viðtalið fór fram í janúar 1988.



*Einar Gunnar Pétursson cand. mag., styrkþegi við Stofnun Árna Magnússonar, við vinnu sína í Kvennagarði 1974.*

algjörlega aðskilin. Ég var einmitt að hugsa um, að besti lestrarsalur sem til er í bókasafni, sem ég kannast við, er lestrarsalur Landsbókasafns, vegna þess að þar kemur ljósið rétt inn, eins og hjá listamanni, það kemur frá norðri, og fyrir t. d. skinnbækur og skinnhandrit skiptir miklu máli að þau mishitni ekki. Ég upplifði það einu sinni í 18° frosti, að einhver fábjáni hafði farið á karlklósettið uppi á efstu hæð í Aðalbyggingu Háskólans og opnað glugga með þeim afleiðingum að ofninn sprakk um nóttina og vatnið fossaði niður stigana alla leið, en ekki nóg með það, heldur hljóp vatnið inn í rafmagnsleiðslurnar og eitt mesta vatnstjónið varð á skrifstofu rektors. Það fór vatn í

*Dr. Jakob Benediktsson, forstöðumaður Orðabókar Háskólans, með handrit orðabókar Jóns Gunnarssonar. Myndin er tekin 1974.*





*Orðabók Háskólans er til húsa í Árnagarði. Árið 1983 var hafist handa við tölvuvinnslu orðasafnsins og var þessi mynd tekin af því tilefni. Hér situr Jörgen Pind orðabókarritstjóri við skjáinn en Jón Aðalsteinn Jónsson, forstöðumaður Orðabókar (fjær), og Jón Friðjónsson, dósent og formaður stjórnar Orðabókar, fylgjast með starfi hans.*

rafmagnsleiðslur í loftljósunum og vatnið bunaði niður óspart. Það var „moment“, sem mér fannst skipta máli í sambandi við varðveislu skjala, að forðast þessa hættu sem stafar af vatni; nú í dag er eldurinn ekki sama vandamál eins og vatn annars vegar og ofþornun hins vegar. Þannig að ég taldi á allan hátt heppilegra að þessi Handritastofnun, eins og hún hét þá, yrði algjörlega skilin frá kennsluhúsnæðinu og þannig að maður gæti verið sæmilega öruggur með öll geymsluskilyrði. Og gluggar lestarsals sneru í norður. – Einari Ólafi fannst þetta vel koma til greina, að sinni hyggju, og væri eiginlega mjög góð lausn á vissum vandállum, sem gætu komið upp, bæði við það að hafa frið í stofnuninni og eins með geymsluskilyrði, en arkitektinn vildi það ekki. Þó fékk ég það í gegn, að engar leiðslur, vatnsleiðslur, væru í kringum geymsluhólfið fyrir handritin, sem er í kjallara. Það var farið að mínum ráðum um að hækka gólfíð þar um hálf tann



*María Jóhannsdóttir skrifstofustjóri og Þór Whitehead prófessor og deildarforseti á skrifstofu Heimspékideildar í Árnagarði, í janúar 1990.*

fet miðað við gólfhlötinn utan við og voru þrjú niðurföll sérstök úti fyrir til þess að mæta þessum vatnsvanda, og þar að auki var líka farið að mínum ráðum með raflögn, þannig að hún er ekki stillt inn, heldur utanálggjandi.“

Bygging Árnagarðs<sup>27</sup> hófst á árinu 1967, en haustið 1969 var hann tekinn í notkun. Fór vígsla hússins fram sunnudaginn 21. desember þ. á. og stóðu fyrir þeirri athöfn *Magnús Már Lárusson* háskólarektor og *Einar Ólafur Sveinsson* forstöðumaður Handritastofnunar (síðar Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi).

---

27 Á fundi í byggingarnefnd 18. mars 1967 var m. a. skýrt frá því, að samþykkt hafi verið „af húsbyggjendum og skipulagsnefnd Reykjavíkur, að húsinu skuli gefið nafnið Árnagarður.“

## 6 Lögberg

Í marsmánuði 1969 ákvað háskólaráð að reist yrði bygging milli Nýja-Garðs og Aðalbyggingar og var kosin byggingarnefnd undir formennsku *Jóhannesar L. L. Helgasonar* háskólaritara. Frá 18. nóvember 1970 var *Þór Vilhjálmsson* prófessor formaður nefndarinnar. Við hönnun byggingarinnar skyldi við það miða, að hún yrði fyrst og fremst til afnota fyrir Lagadeild, en yrði þó notuð til hins ítrasta í þágu annarra deilda. Í upphafi var ráðgert, að byggingin myndi kosta 40 milljónir en búnaður hennar 5 milljónir.

Teikningar voru unnar af *Garðari Halldórssyni* arkitekt, undir stjórn Harðar Bjarnasonar, þáverandi húsameistara ríkisins.

Byggingarframkvæmdir hófust sumarið 1970; fyrsta hæð hússins var tekin í notkun haustið 1971, en húsið allt 1972, þótt frágangi væri þá enn ekki lokið.

Í Stúdentablaði, apríl–maí 1970, segir um fyrirhugaða byggingu m. a.:


„Með byggingu Lagadeildarhúss mun húsrými Háskólans aukast verulega. Bæði er að húsnaði mun losna í „gamla“ skólanum, svo og að ætla má, að Lagadeild muni ekki takast að fullnýta fjögurra hæða hús, sem fyrirhugað er að reisa, án „aðstoðar“ annarra deilda. Er því gert ráð fyrir slíkri „aðstoð“, á meðan Lagadeild hefur enn ekki þörf fyrir fullnýtingu húsnaðis síns. Engu að síður er húsið byggt með þarfir Lagadeildar að öllu leyti fyrir augum ... – Á fyrstu hæð verða tvær 55 sæta kennslustofur, auk 90 sæta fyrirlestrasalar. Fatageymslur, snyrtiherbergi, eldhús og setuskáli munu verða á fyrstu hæð. Í kjallara hússins verða geymslur fyrir allan skólann. Á annarri hæð verður 80 sæta lessalur fyrir stúdenta og fjórar 20–25 sæta seminarstofur. Einnig verður vélritunarherbergi stúdenta á þessari hæð. Bókasafn deildarinnar, nokkurs konar útibú

*Árið 1969 var embætti húsameistara ríkisins fallið að teikna nýbyggingu á háskótalóðinni, sem ánkum væri ætluð handa Lagadeild Háskólans. Fól þáverandi húsameistari ríkisins, Harðu Þjarnason, Garðari Halldórssyni arkitekt, sem þá hafði hafið störf við embættið (og síðar tók við forstöðu þess), að annast teikningar hússins. Urðu þá til ýmsar tillögur, sem í fyrstu voru mjög frábrugðnar því húsi sem að lokum var byggt. Lögbergi. Hér sést fyrsta tillaga Garðars, af jarðhæð hússins, frá því í apríl 1968.*









*Á tímabili velti Garðar Halldórsson fyrir sér þessu útliti Lagadeildarbyggingar. Þessi blýantsteikning hans ber hvorki dagsetningu né ártal.*

frá Háskólabókasafni, fær allgott rými í norðurenda þriðju hæðar hússins. Ekki verður nein lestraraðstaða þar, því að hér er um útlánabókasafn að ræða. Í safninu verður þó setkrókur, þar sem tímarit munu liggja frammi. „Orator“, félag laganema, fær einnig ágæta aðstöðu hér, um fjörutú fermetra herbergi. Syðri hlutar þriðju og fjórðu hæðar verða eins í stórum dráttum. Á hvorri hæð verða fjögur herbergi fyrir prófessora, auk seminarherbergja og „rannsóknaherbergja“. Í norðurhluta fjórðu hæðar verður skrifstofa deildarinnar, kaffistofa prófessora og tvö herbergi fyrir kennara. Auk þess verður þarna 25 manna seminarherbergi, sem jafnframt verður fundarherbergi deildarinnar. Á hverri hæð verður rúmgóður setskáli, líkt og í Árnagarði.“

Í minnisblaði frá Þór Vilhjálmsyni, formanni byggingarnefndar, dags. 14. janúar 1971 (í Skjalasafni Háskólans), segir m. a.:

„Byggingarnefnd Reykjavíkur samþykkti teikningar að lagadeildarhúsi 9. júlí 1970, sbr. bókun á fundi lagadeildar 10. júlí. Teikningarnar voru gerðar hjá húsameistara ríkisins. Mest unnu að þeim Garðar Halldórsson arkitekt og sem helzti aðstoðarmaður

*Garðar Halldórsson endurskoðaði hvað eftir annað teikningar sínar affyrirhuguðu húsi Lagadeildar. Hér er birt grunnmynd jarðhæðar frá því í október 1969 og er þar gert ráð fyrir mjög umfangsmikilli hæð að flatarmáli (efri hæðir áttu að vera minni) með mörgum kennslustofum og sumum þeirra mjög stórum á mælikvarða þess tíma (sú stærsta með 176 sæti). Var þessum stóru stofum ætlað að þjóna þörfum annarra háskóladeilda, sem þá þörfuðust stórra kennslusala. Þessi hugmynd um stóra kennslusali á háskólalóðinni hefur síðan verið uppi og er nú fyrst orðin að veruleika í viðbyggingu Háskólabíós.*



*Garðar Halldórsson, húsameistari ríkisins, teiknaði m. a. Lögberg. Myndin er tekin 1988.*

hans Kristinn Sveinbjörnsson tæknifræðingur. Burðarþolsútreikningar og teikningar að járnalögn og hreinlætislögnum gerðu starfsmenn Almenna byggingafélagsins h/f. Teikningar að hita- og loftræstikerfi og snjóbræðslukerfi voru gerðar hjá Fjarhitun h/f. Rasteikningar gerði Jóhann Indriðason verkfræðingur. – Rúmmál hússins er  $9.166 \text{ m}^3$ , flatarmál kjallara er  $503 \text{ m}^2$  og flatarmál annarra hæða hveðrar um sig  $552 \text{ m}^2$ . – Samið var við Miðfell h/f um jarðvinnu við grunn hússins. Innkaupastofnun ríkisins hefur með höndum útboð á framkvæmdum við húsið, svo og innkaup, þar sem verktakar annast þau ekki. Skal hér sagt frá þeim samningum, sem gerðir hafa verið: – *Aðalsamningur* um að steypa húsið upp og ganga frá því undir tréverk. Tilboð voru opnuð 12. ágúst, en sama dag skýrði lægstbjóðandi, Byggingaver h/f, frá því, að ekki yrði unnt að standa við tilboðið óbreytt. Byggingarnefnd ákvað að efna til útboðs að nýju. Tilboð voru opnuð 2. september, og var síðan samið við lægstbjóðendur. Verktakar: Gunnar Sv. Jónsson og Hafsteinn Júlíusson. Samningsfjárhæð kr. 26.637.000 – fyrir vinnu svo og efni skv. nánari samningsákvæðum. Skilafrestur: 1. hæð 20. júlí 1971, aðrar hæðir 10. ágúst

Til byggingarnefndar Lögbergs.

Við undirritaðir stúdentar, sem vinnum í lesstofu og á  
rannsóknarstofum í Lögbergi, förum þess eindregið á leit við  
byggingarnefnd, að hún samþykki nú þegar að setja opnanlega  
glugga á þessar vinnustofur. Við teljum brýna nauðsyn bera til  
þess að hata þegar í stað úr óvildunandi ástandi að því er varðar  
loftræstingu í hásinu.

Reykjavík, 13. september 1973.

Guðm. Sævarsson  
Þórir Ólafur Hálgumsson  
Halpar Gunnarsson.

**Heiðinn Björnsson.**

Guðni Ólafsson  
Ólafur Skúli  
Hjartur Ragnarsson.  
Pjetur Guðmundsson

Skúli Þoroddsson

Palmi J. Þorsson.

Ragnar Þ. Ragnarsson

Einarr J. Halldórsson

Þorsteinn Arnarson

Helgi Ó. Helgason

Tullius Þorsson

Daði U. S. Músson.

Pjetur Gunnarsson  
Ólafur Guðmundsson

St. Vagnarson

Birni Stefánsson

Arnar Sigmundsson

Guðni Lárusson

Ólafur Pétursson

Ólafur Þorvaldsson

Björn Helgason

Ólafur Þorsson


Sigmundur Sigmundsson

Ólafur Guðmundsson

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur S. Alfreðsson.

Ólafur Ólafsson



*Lögberg, hús Lagadeildar. Myndin er tekin 1978.*

1971, verkið að fullu 15. september 1971. – *Raflagnir*. Verktaki: Myllan h/f. Samningsfjárhæð kr. 1.974.000. Auk vinnu er innifalið margs konar efni, þó ekki lampar. – *Pípulagnir*. Verktaki: Geislahitun h/f. Samningsfjárhæð kr. 1.406.000. Auk vinnu við að koma fyrir miðstöð og hreinlætistækjum er innifalið margs konar efni, þó hvorki ofnar né hreinlætistæki. – *Loftræstikerfi*. Verktaki: J. B. Pétursson. Samningsfjárhæð kr. 934.177. Innifaldir eru loftræstistokkar og uppsetning þeirra o. fl... – Áætlað heildarverð hússins með húsgögnum er 55.000.000 króna skv. áætlun Garðars Halldórssonar og Karls Ómars Jónssonar 4. desember 1970. – Í byggingarnefnd lagadeildarhúss eiga nú sæti Þór Vilhjálmsson (formaður), Gaukur Jörundsson, Jón G. Zoëga (ritari) og Loftur Þorsteinsson. Á fundum nefndarinnar mæta einnig Garðar Halldórsson arkitekt og Karl Ómar Jónsson verkfræðingur, sem ráðinn hefur verið til starfa að byggingarmálum fyrir Háskólann ... Umsjónarmaður með framkvæmdum við húsið er Magnús Vigfússon húsasmíðameistari. – Skv. upplýsingum Ólafs Magnússonar gjaldkera Háskólans var 1. janúar 1971 búið að greiða af happdrættisfé vegna lagadeildarhúss kr. 9.990.532,10. Í bókhaldi Háskólans eru húsinu færðar til tekna kr. 1.760,00 vegna sölu á túnþökum.“




*Fundur um dómsmál á vegum Orators í janúarmánuði 1980, í stofu 101 í Lögbergi. Frummælandi er Vilundur Gylfason, þáverandi dómsmálaráðherra.*

Sammæli flestra var, að almennt hafi verið vel staðið að byggingu Lögbergs (það nafn var húsinu gefið á fundi háskólaráðs 1. júní 1972)<sup>28</sup> og þótti þar margt vera með glæsibrag. Þó verða þeir, sem um eiga að fjalla eða byggingu eiga að nota, sjaldan sammála um öll atriði og svo var einnig um Lögberg. Upp komu kvartanir lagakennara og nemenda vegna lélegs loftræstibúnaðar, sem þeir töldu vera. Varð þetta jafnvel fjölmiðlaefni, sbr. grein í Þjóðviljanum 11. nóvember 1973, þar sem segir m. a.:

„Það finnst kannski sumum furðulegt að mönnum skuli detta í hug að byggja stórhýsi og það skólahús þannig að ekki sé gert ráð fyrir að hægt sé að opna einn einasta glugga. Þetta gerðu nú samt ekki óvitrari menn en forráðamenn Lagadeildar Háskóla Íslands. Hið nýbyggða hús Lagadeildar, sem hlotið hefur nafnið Lögberg, er svona byggt. Enginn gluggi er opnanlegur, heldur er glerið fellt í steypuna; ekki einu sinni gluggakarmar. Og þess vegna verður að treysta á tvöfalt loftræstingarkerfi hússins og einmitt það hefur brugðist. – Miklar kvartanir hafa borist til hússtjórnar um að

28 Lagadeild hafði áður samþykkt á deildarfundum, með sex atkvæðum gegn einu, að húsið skyldi nefnast „Úlfhljótsgarður“. Þór Vilhjálmsson, varaforseti Lagadeildar, bar fram tillögu um nafnið „Lögberg“ á fyrrnefndum fundi háskólaráðs, þar sem hún var samþykkt.



*Í árslok 1975 var Lagadeild afhent myndverkið „Innan vébanda“ eftir Jón Benediktsson til minningar um Ármann Sveinsson stud. jur., sem andaðist 1968. Myndverkinu var komið fyrir í kaffistofu á jarðhæð Lögbergs. Frá vinstri: Sigurður Línadal prófessor og þáverandi forseti Lagadeildar, listamaðurinn og Friðrik Sophusson lögfræðingur (síðar alþingismaður og ráðherra), sem afhenti listaverkið fyrir hönd Minningarsjóðs um Ármann Sveinsson.*

loftræsting væri alls ófullnægjandi og ennfremur hafa borist óskir um að breyta gluggum þannig í nokkrum herbergjum hússins að hægt sé að opna þá. – Þór Vilhjálmsson formaður byggingarnefndar hússins staðfesti þetta í viðtali við Þjóðviljann fyrir skömmu, en gerði heldur lítið úr bilun loftræstingarkerfisins. Sagði hann að leitað hefði verið til verkfræðiskrifstofunnar sem hannaði kerfið og hún hefði gert tillögur til úrbóta, sem komið hefði verið í kring. Hefði síðan dregið úr kvörtunum. Þór sagði að einkum hefði verið kvartað yfir loftræstingu í lestrarsal hússins en nú væri hún komin í lag. – Um það hvort settir yrðu opnanlegir gluggar í húsið sagði Þór að slíkt kæmi vart til greina vegna kostnaðarins. Gerð hefði verið kostnaðaráætlun um hvað það myndi kosta og nemur það tugum þúsunda á hvern glugga sem gerður yrði opnanlegur.“

Byggingarnefnd beitti sér þó fyrir því, þrátt fyrir mikinn kostnað, að sett voru opnanleg fög í nokkra glugga í kennslustofum og lesstofum, en ekki þögnuðu þar með allar óánægjuraddir þeirra, sem vildu meira „lífsloft“!

Byggingarnefnd hlutaðist til um, að Lögberg yrði prýtt myndverkum góðra





Frá deildarfundi í Lagadæild haustið 1983. Frá vinstri: Arnljótur Björnsson prófessor, Páli Sigurðsson dósent, Georg Kr. Lárússon stud. jur., Elvar Örn Unnsteinsson stud. jur., Guðrún Ásta Sigurðardóttir stud. jur., Björn Þ. Guðmundsson prófessor (deildarforseti), Guðrún Erlendsdóttir dósent, Jónatan Þórmundsson prófessor og Gaukur Jörundsson prófessor.

listamanna. Voru þau *dr. Selma Jónsdóttir*, forstöðumaður Listasafns Íslands, og *Steinþór Sigurðsson* listmálari fengin til að vera nefndinni til ráðuneytis um listskreytingu hússins. Lögðu þau til, á fundi með byggingarnefnd og arkitekt 17 desember 1971, að *Sigurjón Ólafsson* myndhöggvari yrði ráðinn til að gera veggmynd í hátíðarsal, *Jóhannes Jóhannesson* til veggskreytingar í kaffistofu stúdenta og *Kristján Davíðsson* til veggskreytingar í anddyri. Var þessi ráðstöfun samþykkt í háskólaráði 8. febrúar 1973 og tekið fram, að verja mætti einni milljón króna til þessara listskreytinga. Jafnframt samþykkti háskólaráð, í hið sama sinn, „að verja árlega hlutfallslega sömu upphæð til listskreytinga háskólabygginga meðan fjárhagur leyfir.“

Í viðtali við höfund þessarar bókar segir *Garðar Halldórsson* arkitekt, núverandi húsameistari ríkisins, um hönnun Lögbergs, sem hann annaðist um:<sup>29</sup>

„Fyrstu hugmyndir mínar um byggingar milli Nýja-Garðs og Aðalbyggingar voru á þann veg, að þar yrði samfelld og lág byggð á nokkuð stóru svæði, en síðan kæmu upp


<sup>29</sup> Viðtalið fór fram í desembermánuði 1987.




*Ingibjörg Sæmundsdóttir, bókaforður lögfræðibókasafns í Lögbergi, 1983.*



*Guðríður H. Magnúsdóttir skrifstofustjóri (t. v.) og Ásta Jónsdóttir deildarfulltrúi á skrifstofu Lagadeildar í Lögbergi, í janúar 1990.*



Laganemar á 2. námsári í kennslustund í stofu 103 í Lögbergi haustið 1983: 1) Jón Ingvar Pálsson, 2) Þórhallur Vilhjálmsson, 3) Vilborg Þ. Hauksdóttir, 4) Ebba Urbancic, 5) Krístrún Kristmundsdóttir, 6) Úlfar Lúðvíksson, 7) Þuríður Árnadóttir, 8) Helga Jóna Benediktsdóttir, 9) Áslaug Guðjónsdóttir, 10) Jóhannes A. Sævarsson, 11) Sigrún Kristmannsdóttir, 12) Jóhann Benediktsson, 13) Halldór Halldórsson, 14) Ingihjörg K. Þorsteinsdóttir, 15) Ragnheiður Matthíasdóttir, 16) Þuríður Halldórsdóttir, 17) Bergþór Magnússon, 18) Bergþóra Sigmundsdóttir, 19) Edda Símonardóttir, 20) Jón H. Hauksson, 21) Halldór E. Sigurbjörnsson, 22) (...?), 23) Hanna Lára Helgadóttir og 24) Jónas Guðmundsson.



*Orator, félag laganema, hefur um árabil staðið að ókæpis lögfræðiaðstoð við almenning. Fer sú ráðgjöf fram símleidis og er starfsaðstaðan í herbergi í kjallara Lögbergs. Þessi mynd er tekin þar í nóvembermánuði 1987. Frá vinstri: laganemarnir Steinunn Guðbjartsdóttir, Sigríður Logadóttir, Þórey Aðalsteinsdóttir, Sigurður Gunnarsson og Björn Ólafur Hallgrímsson, lögfræðingur og leiðbeinandi.*

úr þessari einnar hæðar byggingu eitt eða tvö institut, sem í væru þá skrifstofur kennara og annað, sem tilheyrði meira einstökum deildum, en nýbyggingin væri annars sameiginlegt svæði Háskólans. – Það hafði alltaf áður verið og var ennþá inni í myndinni að sú bygging, sem kæmi þarna upp úr, skyldi mynda „symmetríu“ við Atvinnudeildina og það var nú eflaust líka ein af ástæðunum fyrir því, að við vildum byggja svona lágt og flatt, því að þá ætluðum við að fela þessa lágu „köku“ þarna, en reisa upp úr henni álmu, sem hæfði í stærðarhlutföllum við Atvinnudeildarbygginguna. Síðan þróaðist þessi hugmynd í að mönnum fannst þetta of stór áfangi, og það væri réttara að byrja bara á hreinni Lagadeild og því, sem henni tilheyrir, og það var skorið af þessari upphaflegu hugmynd. Upp úr því verður svo til teikningin af Lögbergi eins og það er í dag, en hönnun Lögbergs var samt að hluta til við það miðuð ennþá, að það mætti halda áfram með svona þróun, eins og fyrst hafði verið byrjað á. Síðan hefur þróunin auðvitað orðið önnur; það er búið að byggja hugvísindahús og setja þarna bílastæði á milli hugvísindahússins og Lagadeildar og þar með má segja, að búið sé að



Slappað af í kaffistofu Lögbergs 1988. Frá vinstri: laganemarnir Guðrún Sveinsdóttir, Alma V. Sverrisdóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Inga Þöll Þórgnýsdóttir.



Gudný Skúladóttir hefur annast ræstingar í Lögbergi frá því að húsið var tekið í notkun eða í hart nær tuttugu ár. Í þessu ritverki er birt mynd hennar sem „fulltrúa“ allra þeirra kvenna, sem séð hafa um þrif háskólabygginga fyrr og síðar. Myndin er tekin í desember 1989.

ganga þannig frá landi þar, að þessi gamla áætlun sé ekki lengur í gildi. Í sambandi við hugmyndina um lágu bygginguna má geta þess, að menn vildu koma upp á einum stað þrem eða fjórum fyrirlestrasölum, sem ætlaðir væru til almennra kennsluþarfa – það sama og nú á loks að gera með viðbyggingu við Háskólabíó. Svo vikið sé að Lögbergi, þá var kannski meginhugsunin á bak við þá byggingu, að ná „symmetríu“ við Atvinnudeildarhúsið hinum megin við Skeifuna. Þó er Lögberg heldur stærri bygging. Hún er einni hæð hærri, vegna þess að þarna er landið lægra, en til þess að draga úr því er sett skyggni að austanverðu við Lögberg til þess að gefa þar lárétta línu. Útlitið formast svo af því að vera frekar látlaus en húsið er byggt í mátkerfi og það mátkerfi er látið sjást í úthliðinni. Svo kemur reglubundin gluggaskipting mjög sterkt í ljós, en hlutföll hennar eru tekin sem viðmiðun úr háskólabyggingunni. Það eru frekar háir og mjóir gluggar í hlutföllum, ekki liggjandi gluggabönd t. d., sem þá var farið að verða algengt í byggingum, þannig að svipurinn að utan var „stíliseraður“ við Háskólann, en „móðerniseraður“ um leið, tákni þess tíma sem húsið er byggt á. Það, sem leitast var við að ná fram, var að byggingin yrði látlaus og drægi ekki frá Háskólanum. Hún kæmi þarna eins og hún hefði alltaf verið í þessari Skeifu, en væri þó sjáanlega tákni síns tíma. Steinsteypa er auðvitað mjög ríkjandi í byggingunni og það eina, sem er gert til þess að hafa áhrif á útlitið fyrir utan þetta mátkerfi, sem ég sagði frá áðan, er það að gluggarnir eru settir frekar djúpt inn í hliðarnar. Nú, að innan má segja að ráðandi sé steinsteypuarkitektúr, þ. e. a. s. það er mikið um það að steypan sé notuð beint úr mótunum, súlur eru sléttaðar en ekki pússaðar og göt í súlunum eftir loftbólur úr steypunni. Veggir eru þarna að hluta til með „brotinni“ áferð, þ. e. a. s. settir listar í mótin, síðan höggvin steypan og lakkað yfir. Ég vil nú segja, að þetta sé bara venjulegur evrópskur arkitektúr eins og hann var á þeim tíma, eflaust áhrif frá mínu námi í Þýskalandi að einhverju leyti, en það var að minnsta kosti á þeim tíma og er ennþá vinsælt bæði á Norðurlöndum og Mið-Þýskalandi, og jafnvel í Ameríku, að meðhöndla steypu svona með „brotinni“ áferð. Það er mjög praktískt að hafa þessa „brotnu“ áferð vegna viðhalds; menn nugga sér ekki utan í þetta og áferðin er gjarnan valin í stigahús og þar sem áníðsla er mikil. Þetta kemur kannski í staðinn fyrir það að klæða veggj upp í hurðarhæð með náttúrusteini eða panel eða einhverju öðru.“


## 7

# Byggingar fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild

Snemma árs 1969 var, fyrir forgöngu háskólarektors, sett á laggirnar nefnd til að kanna húsnæðisþarfir Verkfræðideildar til frambúðar. Formaður nefndarinnar var *Loftur Þorsteinsson* prófessor. Var þá *Skarphéðinn Jóhannsson* arkitekt fenginn til að gera frumdrög að byggingu, sem hentað gæti og væri fullnægjandi fyrstu árin. Sumarið 1969 lagði hann fram frumdrög að nýbyggingu, sem ætlaður var staður nálægt Suðurgötu, austur af Háskólabíói (þar sem nú er bifreiðastæði Háskólans). Er þeirri hugmynd að byggingu lýst svo í greinargerð nefndarinnar, sem tekin var upp í skýrslu háskólanefndar, sem lögð var fyrir menntamálaráðherra í septembermánuði 1969:

„Gert er ráð fyrir, að verkleg kennsla í eðlis- og efnafræði verði í sérstakri byggingu, sem er ein hæð. Bygging þessi þarf að vera í góðum tengslum við aðalbyggingu, þannig að greiður aðgangur skapist að fyrirlestrarsölum, bókasafni, lesstofu og kaffistofu. Jafnframt er haft í huga að lengja megi bygginguna til suðurs, þegar þörf krefur. Í þessum hluta hússins eru 2 eðlisfræðistofur og 4 efnafræðistofur auk herbergja fyrir kennara og tæki, geymsluherbergja o. fl. – Aðalbyggingin er þrjár hæðir og mætti reisa hana í tveimur áföngum þannig að suðurendi ásamt stigahúsi yrði byggður fyrst. Í aðalbyggingu eru 7 teiknistofur, sem auk þess eru ætlaðar til reikniæfinga og umræðufunda, tvær kennslustofur með 72 sætum, þrjár með 36 sætum og þrjár með 18 sætum. Kennara- og tækjaherbergi er milli hverra tveggja stofa. Jafnframt eru í aðalbyggingu vinnuherbergi fastra kennara, skrifstofa, bókasafn ásamt lesstofu, kaffistofa með eldhúsi, herbergi fyrir félagsstarfsemi stúdenta o. fl. – Í krikanum milli aðalbyggingar og eðlis- og efnafræðibyggingar er fyrirlestrarstofa með 150 sætum og fylgir henni sérstakur kvikmyndasýningaklefi með filmugeymslu. Millibygging þessi er ein hæð með hallandi gólfi. Salurinn er miðsvæðis með greiðri aðkomu bæði að utan og að öðrum hlutum hússins. Hugsanlega má reisa hann sem sérstakan áfanga.“

Um staðarval og þróunarhorfur segir síðan m. a. í greinargerð nefndarinnar:




Árið 1969 fór fram sérstök athugun á húsnæðisþörf Verkfræðideildar á næstu árum. Annaðist nefnd á vegum deildarinnar það verk og skilaði álitsgerð þar að lútandi. Fékk nefndin Skarphéðin Jóhannsson arkitekt til að gera frumtillöguupprætti af 1. áfanga nýbyggingar fyrir deildina og var byggingunni þá ætlaður staður austur frá Háskólabíói, nálægt Suðurgötu (þar sem nú er bifreiðastæði Háskólans). Gert var ráð fyrir því, að verkleg kennsla í eðlis- og efnafræði færi fram í sérstakri byggingu, sem væri á einni hæð en tengd við þriggja hæða aðalbyggingu, svo sem hér má sjá. Þessari teikningu var þó ekki fylgt þegar til kastanna kom, hvorki um útlit, innri skipan né um staðsetningu.





*Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt, sem m. a. teiknaði hús Raunvísindastofnunar (ásamt Sigvalda Thordarsyni) og gerði frumdrög að húsnæði Verkfræðideildar, sem þó var ekki byggt eftir. Hann andaðist 1970.*


„Eins og kunnugt er, var Raunvísindastofnun Háskólans valinn staður sunnan Háskólabíós á þeim hluta Háskólalóðarinnar, sem að vestan takmarkast af Dunhaga, að sunnan af fyrirhuguðum gangstíg milli Dunhaga og Suðurgötu norðan við sambylíshús við Hjarðarhaga og að austan af framlengdri línu austurhliðar Búnaðarfélagshúss (Hótel Sögu). Fyrsti áfangi Raunvísindastofnunar var fullbyggður árið 1966. Vegna eðlilegra tengsla Raunvísindastofnunar og verkfræðideildar liggur beint við að ætla verkfræðideildarbyggingum stað í grennd við Raunvísindastofnun. Til greina kemur sá hluti háskólalóðar, sem takmarkast af Suðurgötu að austan og áður nefndum gangstíg að sunnan ... Svæði þetta, sem nær að Hringbraut til norðurs, er um 6 ha að meðtaldri lóð Raunvísindastofnunar. – Nefndin hefur reynt að gera sér hugmynd um, hve stóra lóð þyrfti til að fullnægja þörfum verkfræðideildar allt fram til ársins 1990. Athuganir þessar, sem að sjálfsögðu eru mjög ófullkomnar, benda til þess, að áður nefnt svæði muni nægja til þess tíma. Áætlaður heildargrunnflötur kennsluhúsnæðis er um 20 þús. m<sup>2</sup> við lok þessa tímabils, en að auki koma svo núverandi og fyrirhugaðar byggingar Raunvísindastofnunar með rannsóknarstofum í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðvísindum. Þá hefur nefndin gert ráð fyrir, að á nyrta hluta lóðarinnar við Hringbraut rísi hús Náttúrufræðistofnunar, þar sem til húsa verði náttúrugripasafn auk rannsóknastofa



Vorlefræðideild Háskólans  
R. 5. 8. 69  
E. Jónsson


Athugasemdir og blýantsteikningar Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts, frá hausti 1969, varðandi fyrirhugað húsnæði Verkfræðideildar. Hér hugleiðir hann þarfir teikni- og æfingastofu, þ. á m. teiknihorð.

Í grasa- og dýrafræði, enda má reikna með, að Náttúrufræðistofnunin tengist H. Í., áður en langt um líður. Á hinn bóginn hefur verið reiknað með, að þær rannsóknir í lífeðlisfræði, lífefnafræði og skyldum greinum, sem tengdar verða deildinni, myndu fá aðsetur utan Háskólans. Hið sama á við um verkfræðilegar rannsóknir. Þessar rannsóknir yrði eðlilegt að byggja upp í tengslum við þá starfsemi, sem fyrir er eða fyrirhuguð á Keldnaholti og að Keldum í Mosfellssveit. Óhjákvæmilega mun hluti kennslustarfsins í vaxandi mæli þurfa að fara fram í tengslum við síðast taldar stofnanir, eins og nú þegar á sér stað varðandi verklega kennslu í efnisfræði, sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast ... Áður en langt um líður, má gera ráð fyrir, að verkfræðideild skiptist í skorir eftir kennslugreinum. Miðað við núverandi kennslu liggja fyrir tillögur um skiptingu í stærðfræði-, eðlisfræði-, verkfræði- og náttúrufræðiskor, en með aukinni kennslu mun án efa verða frekari skipting, t. d. þannig að verkfræðiskor skiptist í byggingar-, véla-, rafmagns- og efnaverkfræði og náttúrufræðiskor í líffræði- og jarðfræðiskor. Við hönnun einstakra kennslubygginga þarf að hafa þessa skiptingu í huga, og meginstefnan hlýtur að verða sú, að hver skor fái sína byggingu til umræða.“



*Frumhugmynd um staðsetningu nýbyggingar fyrir Verkfraeðideild.*


Hinn 20. nóvember 1969 ályktaði háskólaráð, „að raunhæf staðsetning Verkfraeði- og raunvísindadeildar hljóti að vera samsvæðis við Rauvísindastofnun Háskólans, en sjálf staðsetningin verði athuguð vendilega með tilliti til skipulagningar svæðisins að því er snertir akbrautir, bifreiðastæði og annað, er hlýtur að vera óhjákvæmilegt að hafa hliðsjón af.“ Þegar til kom, féllust skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar ekki á staðsetningu byggingarinnar norður frá Loftskeytastöðinni, þar sem áður þyrftu að liggja fyrir tillögur um skipulag lóðasvæða Háskólans í heild. Var þess þá farið á leit, að leyfð yrði staðsetning „austan við sambýlishús við Hjarðarhaga, þ. e. við suðurmörk lóðasvæðis Háskólans vestan Súðurgötu.“ Leyfi til byggingar á þeim slóðum fékkst að lokum, og voru endanlegir byggingarupprættir miðaðir við það. Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt andaðist 13. mars 1970 eftir allanga sjúkralegu, en lét sér mjög annt um byggingarmál Verkfraeði- og raunvísindadeildar allt til dauðadags. Var það *Úlrik (Stahr) Arthúrsson* arkitekt, sem hannaði endurskoðaða gerð bygginganna, en hann hafði þá starfað á teiknistofu Skarphéðins um nokkurt árabíl. Höfðu hugmyndir og tillögur nú breyst nokkuð frá því sem fyrst var, og í bréfi þeirra Þorbjörns




*Úlrik Arthúrssón arkitekt á vinnustofu sinni að Bræðraborgarstíg 7, Reykjavík. Á borðinu er líkan af byggingum Verkfræði- og Raunvísindadeilda. Myndin er tekin í nóvember 1987.*

Sigurgeirssonar, forseta Verkfræði- og raunvísindadeildar, og Lofts Þorsteinssonar, formanns hönnunarnefndar, til háskólarektors, dags. 15. maí 1970 (í Skjalasafni Háskólans) er byggingunni lýst svo:

„Eins og yður er kunnugt hefur undanfarið verið unnið að endanlegum tillögu-uppdráttum af húsi verkfræði- og raunvísindadeildar, sem fullnægja á þörfum deildarinnar fyrir kennsluhúsnæði annað en húsnæði til verklegrar kennslu í náttúrufræðigreinum fram til kennsluársins 1974–75. Er nú lokið við málsetta heildarupprætti í mælikvarða 1:100 á alls 10 blöðum, sem lögð hafa verið fyrir byggingarnefnd Reykjavíkurborgar ásamt umsókn um byggingarleyfi á hornlóð við Hjarðarhaga og Suðurgötu. Teikningar þessar hafa verið gerðar á Teiknistofu Skarphéðins Jóhannssonar ... *Ráðgert er að húsið verði reist sem þrjár samliggjandi hlutar. Syðsti og stærsti hlutinn, hér á eftir nefndur 2. áfangi, er á þremur hæðum samtals um 3270 m<sup>2</sup> að gólfflatarmáli. Í þessum hluta verði á jarðhæð lesstofur ásamt bókasafni, félagsherbergi stúdenta, geymslum o. fl. Á 1. hæð eru fyrirlestrarstofur með 18–36 sætum, æfingastofur, þ. e. teiknistofur, sem einnig eru ætlaðar til dæmaæfinga og umræðufunda, og skrifstofa deildarinnar með herbergjum deildarforseta og deildarfulltrúa ásamt fundarherbergi,*




Teikning Úlriks Arthúrssonar arkitekts frá því í maí 1970, af fyrirhuguðum byggingum Verkfræðideildar nálægt mótum Hjarðarhaga og Suðurgötu. Þarna var m. a. gert ráð fyrir tengibyggingu með miklum fyrirlestasölum, sem nota mætti fyrir almennar kennsluþarfir Háskólans.



*Frumlíkan Úlriks Arthúrssónar arkitekts af VR-byggingunum.*



*Húsið Klöpp er í næsta nágrenni tæknimanna í VR-byggingunum og stendur nálægt gatnamótum Suðurgötu og Hjarðarhaga. Myndin er tekin vorið 1988. Mörgum þykir þetta gamla hús fara vel í grennd við hinar nýttiskulegu byggingar.*




VR I. Myndin er tekin 1986.

fjölrítunaraðstöðu o. fl. Á 2. hæð verða æfingastofur og herbergi fastráðinna kennara. Milli hvorra tveggja kennslustofa eru yfirleitt sérstök herbergi ætluð til undirbúnings að kennslu og gagnageymslu, en jafnframt fá lausráðnir kennarar aðsetur í þeim. – Sérstakur hluti, hér á eftir nefndur 1. áfangi, er ætlaður til verklegrar kennslu í eðlis- og efnafræði. Sá hluti er tvær hæðir samtals um 1660 m<sup>2</sup> að gólfflatarmáli. – Þessir fyrstu tveir áfangar verða síðan tengdir með tveggja hæða millibyggingu, 3. áfanga, sem er alls um 1990 m<sup>2</sup> að gólfflatarmáli. Á jarðhæð eru gangar með fatageymslum, kaffistofur og aðstaða til félagsstarfsemi, en á efri hæð er aðalinngangur byggingarinnar ásamt þremur stórum fyrirlestrarsölum með aðstöðu til sýnikennslu. – Samkvæmt meðfylgjandi kostnaðaráætlun verður stofnkostnaður hinna einstöku byggingaráfanga:

1. áfangi um	34,8 Mkr
2. áfangi um	58,6 Mkr
3. áfangi um	<u>38,5 Mkr</u>
Samtals um	<u>131,9 Mkr</u>

Eins og kunnugt er, eru þarfir deildarinnar fyrir húsnæði til verklegrar kennslu í eðlis- og efnafræði mjög brýnar, og er í framkvæmdaáætlun gert ráð fyrir, að sá hluti, 1. áfangi, verði fullgerður haustið 1971, enda verði hægt að hefja byggingu hans í ágústmánuði þessa árs. Þá er ráðgert að hefja framkvæmdir við 2. áfanga vorið 1971 og verði honum lokið haustið 1972 og loks verði 3. áfangi reistur á tímabilinu frá apríl 1972 til ágúst 1973 ...“




Útlitstekning og sneidmynd af VR II frá 1973.



VR II.



*Bókasafn og lestrarsalur í VR II. Myndin er tekin 1978.*



*Sjaldgæf sjón á Íslandi. Kennsla í Verkfræði- og raunvísindadeild fer fram utan dyra í góðviðri snemma vors 1978.*

Um lóðina við Hjarðarhaga, sem fékkst undir byggingar Verkfræði- og raunvísindadeildar, segir *Magnús Már Lárusson*, fyrrverandi háskólarektor, í viðtali við höfund þessarar bókar:<sup>30</sup>

„Lóðin var ekki inni í gjöf Reykjavíkurborgar og það var búið að gefa Kvennaskólanum fyrirheit um lóð þarna, en frú Guðrún Helgadóttir vildi breyta „Kvennó“ í menntaskóla og byggja þar. En einhvern veginn tókst mér að klófesta lóðina frá Guðrúnu Helgadóttur frænku minni, svona með hægðinni og „kafbátahætti“. Þarna lét ég taka grunn fyrir efnafræðihúsið, sem var aldýrasta húsið, sem þurfti að reisa, af því að það þurfti að ganga svo vandilega frá öllum pípulögnum o. þ. h. Þetta þarf að vera sýrufast. Ég lét sem sagt taka grunninn og fékk, sem mér fannst afskaplega eðlilegt í sjálfu sér, reikning frá borginni upp á 2 millj. kr. fyrir gatnagerðargjöld. Ég sá nú ekkert hættulegt við það. Ég sá ekki betur en Háskólinn væri lögaðili eins og aðrir, og sagði við Jóhannes L. L. Helgason háskólaritara: „Heyrðu, útbúðu nú tékka handa Geir

<sup>30</sup> Viðtalið fór fram í janúarmánuði 1988.



*Aðstaða Reiknistofnunar Háskólans var á tímabili m. a. í VR I. Tölvubúnaðurinn fyrir enda stofnunar er af gerðinni Vax 11/780 og var hann keyptur árið 1980 (hin fyrsta Vax-tölva hérlendis), en síðar fluttur í Tæknigarð.*

borgarstjóra, og við skulum hafa bréfið eitthvað á þá lund, að þetta sé gjald upp í gatnagerðargjöld og/eða lóð“, sem er náttúrulega lymaskulegt orðalag, þegar maður setur skástrik þarna á milli! Þá ætlaði allt að verða vitlaust í ráðuneytinu. Ráðherra hringdi í mig og ég fékk eina myndarlega gusu, en ég bara hló og sagði: „Þú getur dregið mig fyrir hvaða dómstól sem er, þetta er fullkomlega réttmæt athöfn hjá mér. Ef þetta verður ekki gert núna, þá dregst það a. m. k. í tvö ár og hvað á þá að gera við þessa deild, sem þú er búinn að stofna?“ Það vildi svo skemmtilega til að Magnús Jónsson frá Mel, fjármálaráðherra, gaf líka Geir borgarstjóra eina laglega dýfu í símann, svo við Geir mæltum okkur mót, þjáningarbræðurnir, og fengum okkur „lunch“ saman. Síðan leystist þetta allt saman vel.“

Í viðtali við höfund þessa rits segir *Úlrik Arthúrs*son arkitekt m. a.:<sup>31</sup>

„Hingað til lands kom ég árið 1964 og fór að vinna á teiknistofu Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts. Þá hafði ég lokið námi í arkitektúr í ættlandi mínu, Þýskalandi,

31 Viðtalið fór fram í nóvember 1987.



*Guðmundur Friðjónsson vinnur við segulbandsstöð á Reiknistofnun í VR I 1985.*

og síðan unnið eitt ár í Svíþjóð. Ég vann síðan á stofu Skarphéðins þar til hún var leyst upp eftir dauða hans 1970. Þar vann ég m. a. við að teikna Menntaskólann við Hamrahlíð, Veðurstofu Íslands og Heyrnleysingjaskólann, svo eitthvað sé nefnt, en síðasta stóra verkefnið, sem ég byrjaði á hjá Skarphéðni, voru byggingar fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild Háskólans. Á þeim tíma mátti ég helst ekki leggja inn teikningar til Byggingarnefndar Reykjavíkur undir eigin nafni, því að ég var enn ekki orðinn íslenskur ríkisborgari. Arkitektafélag Íslands var því a. m. k. mótfallið; þeir sáu þarna vissa hættu á að Efnahagsbandalagið gæti komið á eftir mér inn í landið! – Haustið 1969 þurfti Skarphéðinn að leita sér lækninga erlendis og bað hann mig þá að



*Sigmundur Guðbjarnason prófessor leiðbeinir nemanda í verklegri kennslu, 1974.*

vinna að breytingum teikninga hans að verkfræðideildarbyggingum, sem hann hafði þá gert skömmu áður. Gerði ég það, en bráðlega kom í ljós, að skipulagsnefnd Reykjavíkur vildi ekki láta byggja á þeim stað á háskólalóðinni, sem fyrirhugaður var, þ. e. norðan Loftskeytastöðvar, og taldi að það myndi skerða of mikið framtíðarþróun á þessu svæði. Það varð til þess, að allri byggingu var ýtt til suðurs að Hjarðarhaga og teiknaði ég húsin þar. Þetta var í sjálfu sér skynsamleg ráðstöfun. Þarna er þó vandasamt að byggja svo að vel fari og þar eru m. a. klappir með göngustígum, sem ekki má skemma. Síðan var byrjað á því að byggja álmu A eða fyrsta áfanga, sem heitir reyndar nú á teikningum VR I, og í þeirri álmu eru kennslustofur fyrir eðlis- og efnafræði. Nokkrum árum síðar var byrjað á álmu B, sem heitir nú VR II. Í því húsi voru og eru kennslustofur.



*Björn Kristinsson verkfræðiprófessor (t. h.) og Oddur Borgar Björnsson verkfræðinemi við tækjabúnað í VR I. Myndin er væntanlega tekin 1974*

kennaraherbergi, bókasafn og tveir stærri fyrirlestrasalir með hallandi gólfi. Inngangar í þessi hús, aðalinngangar í dag, eru hugsaðir sem hálfgerðir neyðarútgangar, það vantar sem sagt allan heildarsvip ennþá á þessa þyrpingu, sem hefur risið þarna, og er að rísa, þangað til tengibyggingin kemur, sem á að tengja öll þessi hús saman. Nú tala ég líka um þriðja áfangann sem er í byggingu, en þar eru tilraunaskálar og þjónustumiðstöð Háskólans. Á meðan tengiálman er ekki komin, þá erum við með skemmu, við erum með hús sem Verkfræðistofnun er í, við erum með alls konar bráðabirgðainnganga, bráðabirgðalokun á útveggjum, við erum með tréhús, sem var reist sunnan við gafl álmu, sem hýsir Reiknistofnun til bráðabirgða, sem sagt alls konar bráðabirgðarádstafanir, sem setja svona frekar óskemmtilegan svip á heildarmyndina, og fólk er ekki farið að átta sig á því hvernig lokaútlit og aðkoman muni verða í framtíðinni. Því miður óttast ég að þess verði langt að bíða að tengibyggingin verði reist, en fyrr kemst sem sagt ekki heildarsvipur á þessar byggingar, sem ég hef teiknað. Kannski fær maður aldrei að sjá þetta í endanlegri mynd. – Ég fór einu sinni, á eigin kostnað, í kynnisferð um Mið-



*Verkfræðiprófessorarnir Gísli Jónsson og Einar B. Pálsson virða fyrir sér vélakost fyrir verkfræðikemslu. Myndin er tekin í nóvember 1977.*



*Sigurður V. Friðþjófsson (t. v.) og Pálmi Jóhannesson, skrifstofustjórar Verkfræði- og Raunvísindadeilda, í skrifstofu deildanna í VR II, í janúar 1990.*

Evrópu og skoðaði ýmsa háskóla og það var mjög fróðlegt. Þar sá maður m. a. mörg smáatriði, sem gott var að vita um, t. d. í sambandi við eðlis- og efnafræðihús, og tæknilegar aðferðir. Það er einfaldara að byggja hús fyrir bóklega kennslu. – Um húsin sjálf vil ég segja þetta: Það er meiningin að láta það efni, sem húsin eru byggð úr, njóta sín og það er þá fyrst og fremst steypan, sem við köllum „sýnilega“ steypu, þ. e. a. s. hún er ekki múrhúðuð. Það var lögð talsverð vinna í það að gera hana svolítið aðlaðandi. Það eru mismunandi áferðir á yfirborði steypunnar: við súlur voru notuð slétt mót og koma þannig úr mótum, veggir eru víða með liggjandi borðaklæðningu. Mótaborðin í þeim veggjum voru sandblásin, það lætur strúktur viðarins koma skemmtilega fram og þetta hefur tekist ágætlega. Síðan var þessi steypa máluð með þunnri steinmálningu, sem ekki þekur steypuna heldur lætur strúkturinn halda sér. Á gólfinu eru brenndar flísar, og bilunum á milli súlna var lokað með hleðslusteinum, liggjandi steinum frá Jóni Loftssyni, máthellum úr hraunmassa. Þetta gefur húsinu svolítið sérstakan blæ og mörgum útlendingum, sem hafa komið þarna og ég hef farið með inn í húsið, hefur fundist þetta mjög athyglisvert. Þetta er allt íslenskt efni nema steinninn á gólfinu. Þetta tókst nú ekki alveg eins vel í fyrsta áfanganum og síðar varð. Veggir eru þar ekki alveg nógu vel hlaðnir, maður hefði hiklaust átt að fara fram á að láta rífa þetta niður og láta gera það upp á nýtt, en þá var maður ekki nógu harður við eftirlitið. Síðan er haldið áfram með þessa sömu aðferð og þessi hleðsla tekst eiginlega alltaf betur og betur með hverri byggingu. Á móti þessum frekar hráu efnum eru hurðir málaðar í sterkum litum, rauðum, bláum og gulum og gefur það húsinu svolítið skemmtilegan svip. Yfirleitt hefur þetta mælst vel fyrir, en einhverjir prófessorar vildu þó síður hafa beran mátsteininn og fannst jafnvel vond lykt af honum. Þrátt fyrir allt hefur mér fundist gaman að vinna að þessu verkefni, en það má segja að það sé erfitt að teikna yfir verkfræðinga!“

Fyrsti áfangi, sem gengur undir nafninu VR I, var tekinn í notkun 1972, en næsta bygging, VR II, þrem árum síðar.



## 8

# Undirbúningur húsnæðis fyrir Læknadeild og Tannlæknadeild

Aðdragandi byggingarframkvæmda fyrir þessar deildir er orðinn mjög langur.<sup>32</sup> Má segja, að formleg athugun á húsnæðisþörf *Læknadeildar* hefjist um 1960 og var unnið að athugun þess máls á næstu árum. Um þetta segir *Ármann Snævarr* háskólarektor í minnisblaði „um öflun húsnæðis fyrir læknadeild,“ dags. 19. febrúar 1966 (í *Skjalasafni Háskólans*):

„Á fundi háskólaráðs hinn 14. marz 1960 var kosin byggingarnefnd læknadeildarhúss. Í nefndinni áttu sæti prófessorarnir Kristinn Stefánsson, formaður, Jón Steffensen og Júlíus Sigurjónsson, rektor og maður tilnefndur af menntamálaráðherra. Ráðherra tilnefndi húsameistara Hörð Bjarnason. Eftir andlát fyrrv. rektors tók núverandi rektor sæti í nefndinni. – Byggingarnefnd og þáverandi rektor réðu Gunnlaug Halldórsson arkitekt til þess að teikna læknadeildarhúsið og vera arkitekt byggingarinnar. Hefir hann síðan unnið að þessum málum og kynnt sér hliðstæðar byggingar erlendis. – Um 1960 var gerð nokkur athugun á þörf læknadeildar á húsnæði til kennslu og rannsókna. Vann arkitektinn úr þeim áætlunum einstakra kennara. – Ýmis lóðasvæði hafa komið til athugunar undir byggingu fyrir læknadeild. Munu menn upphaflega hafa haft augastað á Grænuborgarlóð, en hurfu frá því fyrst og fremst vegna tillits til flugvallarins. Þá var athuguð lóð sú í grennd við Umferðarmiðstöð, sem gefin var Háskólanum 1961 í þessu skyni. Bygging þar reyndist kostnaðarsöm, þar eð bærinn setti fram þá kröfu, að manngeng göng yrðu gerð undir Hringbraut, og yrði sú framkvæmd kostuð af Háskólanum (áætlað 1 millj. kr. í jan. 1962). Þá kom það einnig til, að af hálfu flugmálastjórnar voru settar fram kröfur um hámarkshæð byggingar, sem

---

32 Þess má geta hér, að þegar farið var að undirbúa byggingu háskólahússins, á fjórða áratug aldarinnar, töldu ýmsir málsmetandi læknar, að ekki væri ráðlegt að læknakennsla færi fram þar sökum þess að hætt væri við að með því yrði hún slitin úr eðlilegum tengslum við verklegu kennsluna á Landspítalanum. Töldu þeir því réttara að byggt yrði yfir læknakennsluna í nánnum tengslum við Landspítalann. Var *Niels Dungal* læknaprófessor m. a. á þessari skoðun. Eftir að læknakennsla hófst í háskólabyggingunni heyrðust alltaf öðru hverju raddir í framangreinda átt úr röðum lækna. *Porkell Jóhannesson* tók þetta mál upp í byrjun rekstorstíðar sinnar 1954 og lýsti yfir vilja sínum til að byggt yrði yfir læknakennsluna sérstaklega, ef unnt yrði að gera það á landspítalalóðinni.

skapaði verulega örðugleika. – Enn var nokkur athugun gerð á hinu nýja lóðasvæði Háskólans vestan Suðurgötu. Læknadeild taldi flestar greinar læknisfræði ekki vel í sveit settar þar, enda væri höfuðþörf á nánnum tengslum við Landspítalann. – Eftir þessar athuganir er það einróma álit læknadeildar, að nýjar kennslu- og rannsóknarstofnanir í þágu deildarinnar beri að tengja Landspítalanum, sem er kennsluspítali Háskólans, eins náíð og frekast er unnt. Á grundvelli þessa var þess síðan óskað, að læknadeild ætti fulltrúa í byggingarnefnd Landspítalans, sbr. bréf 31. okt. 1964, og var á það fallið. Tók formaður byggingarnefndar læknadeildarhúss, próf. Kristinn Stefánsson, sæti í þeirri nefnd. – Ný könnun fór fram á s. l. ári á þörfum læknadeildar á húsnaði til kennslu og rannsókna. Var skýrt frá niðurstöðum þeirrar könnunar á byggingarnefndarfundum 5. apríl s. l. Segir þar svo: – „Samkvæmt lauslegri áætlun læknadeildar telst svo til, að stærð (gólfflötur) væntanl. húsakosts f. læknadeild verði um 11.232 m<sup>2</sup>, hér með þó ekki talið: veggir, gangar, fatageymslur, W.C. etc. Heldur ekki bókasafn eða dýrahús að fullu. Þetta nær til efnafræði, anatomíu, biokemi, physiologi, pathologi, lyfjafræði, heilbrigðisfræði, tannlæknisfræði og lyfjafræði lyfsala.“ – Á grundvelli þessa var húsameistara falið að halda áfram athugunum á því, hvað af þessum byggingum myndi rúmast á landspítalalóð. – Á fundi byggingarnefndar 10. jan. s. l. var skýrt frá niðurstöðum bráðabirgðaathugana á þessum málum, og segir þar svo: – „Formaður skýrði frá því, að eins og nú horfði væri ekki sýnilegt að unnt verði að fá stað fyrir eina byggingu af þeirri stærð, sem lauslega hefir verið áætlað fyrir húsakost læknadeildar (sbr. síðustu fundargerð) á lóð Landspítalans. Ekki ólíklegt að koma mætti fyrir einni byggingu t. d. fyrir pathologíu, anatomíu, experim. chirurgi og annarri eða öðrum fyrir nokkrar aðrar deildir, sem þó kæmi til mála að hafa í sambyggingu fyrir sjálfan Landspítalann.“ – Þar sem málið hefir nú tekið þá stefnu að tengja byggingar læknadeildar sem mest við byggingar Landspítala og með því að húsameistari fjallar um byggingu Landspítala, taldi byggingarnefnd nauðsynlegt að ræða sérstaklega um þá spurningu, hvaða arkitekt ætti að fela þetta verk til frambúðar. Ljóst er, að miklum vandkvæðum er bundið, að tveir arkitektar fjalli um eina og sömu byggingu. Á fundi byggingarnefndar 10. jan. s. l. er bókað eftirfarandi um þetta atriði: – „Með tilliti til breytts viðhorfs, sem þetta mundi hafa í för með sér, lítur nefndin svo á að fela verði húsameistara ríkisins að gera teikningu að þeim húsakosti, sem yrði í nánnum byggingartengslum við Landspítalann, enda er það í fullu samkomulagi við Gunnlaug Halldórsson arkitekt, sem þó er fús til að vera nefndinni til ráðuneytis þar um. Rétt þykir að taka fram, að engar líkur eru til þess, að byggingar fyrir efnafræði og tannlæknadeild muni rúmast á lóð Landspítalans.“ – Byggingarnefnd hefir óskað, áður en frekar er unnið að málinu, að þróun þess sé kynnt

*Hugmyndir breskra sérfræðinga (frá 1972) um framtíðarhúsnaði Læknadeildar og Tannlæknadeildar sunnan Landspítalans og um tengingu háskólabygginganna við Landspítala.*





FIGURE 4

DEVELOPMENT PLAN









*Hugmyndir um framúðarskipulag og byggingar Læknadeildar, Tannlæknadeildar og Landspítala koma fram í þessari teikningu arkitektanna Garðars Halldórssonar, Sigurðar Gíslasonar, Svavars Þorvarðssonar og Kristins Sveinbjörnssonar frá 1975.*

háskólaráði, og jafnframt séu borin undir háskólaráð eftirfarandi atriði: 1) Óskað er staðfestingar á ákvörðun byggingarnefndar um arkitekta bygginganna. Í því felst, að húsameistari ríkisins sé arkitekt þeirra bygginga, sem reistar séu á Landspítalalóð, en Gunnlaugur Halldórsson annarra bygginga. 2) Óskað er staðfestingar á því, að jafnmikill hluti af byggingum í þágu læknadeildar og kostur er á sé staðsettur á Landspítalalóð.



Ljóst er, að ef fallizt verður á tillögur þær, er að framan greinir, mun til þess koma, að húsnæðis fyrir læknadeild verði aflað sem sambygginga við byggingu Landspítala. Þarf þá til að koma tryggileg samningsgerð við ríkisvald um þær sambyggingar og einnig um rekstur þeirra, svo og búnað, tæki o. fl. – Á þessu stigi er ekki til nein fjárhagsáætlun um byggingarstarfsemina, en ljóst er, að byggingar þessar verða reistar í áföngum, og þarf þá einnig til að koma áætlun um það, í hvaða röð fullnægja eigi þessum þörfum, miðað við þær fjárveitingar, sem Háskólanum eru tiltækilegar. Ljóst er

*Árið 1974 voru þessar hugmyndir, sem hér eru birtar, uppi um æskilegt húsnæði fyrir Tannlæknadeild.*



1. deildartannlæknar
2. tannlæknastofur
3. kennarastofa
4. rannsóknir
5. sýnikennsla
6. röntgen
7. röntgen
8. formfræði
9. lesstofa
10. klíníksalir
11. tækník
12. þreklíník
13. kennslustofur
14. móttaka
15. kaffiástaða
16. tannsmíðir
17. yfirklínikdama
18. ljósmyndun
19. viðgerðarmaður
20. umsjónarmaður
21. F.I.T.
22. efnageymslur
23. söttþreinsun
24. þvíld







*Framkvæmdir við byggingu húss Læknadeildar og Tannlæknadeildar í ágúst 1978.*

einnig, að til þarf að koma atbeini ríkisvalds um fjárveitingar; happdrættisféð verður ónógt, og hefir núverandi rektor allt frá 1962 hamrað á þeirri staðreynd í háskólaræðum, að á næstunni hljóti að koma til stórkostlegra fjárveitinga til byggingarframkvæmda af ríkisfé – happdrættið sé þess hvergi nærri umkomið að standa undir byggingarframkvæmdum Háskólans.“

Í greinargerð um byggingar í þágu Læknadeildar, sem *Ármann Snævarr* ritaði í ágúst 1968 og tekin var upp í skýrslu háskólanefndar 1969, segir m. a.: „Telja má, að nú sé staðsetning læknadeildarbygginga ráðin, og er þeim ætlaður staður austan við umferðarmiðstöð við Hringbraut. Á næstunni verður endurnýjuð byggingarnefnd þessara bygginga og reynt að halda áfram undirbúningsvinnu. Alla fjármögnunarspurninguna verður að taka til rækilegrar athugunar og að kanna færar leiðir til að reisa þessar byggingar í áföngum ... Þessa byggingarstarfsemi þarf að hefja hið fyrsta, enda

*Teikningar af Læknagarði, húsi Læknadeildar og Tannlæknadeildar að Vatnsmýrarvegi 16 („Byggingu 7“, svokallaðri, á Landspítalalóð), frá 1977. Teikningar voru unnar hjá embætti húsameistara ríkisins og undir þær rita arkitektarnir Garðar Halldórsson, Sigurður Gíslason og Magnús Sigurjónsson.*



telur læknadeild ekki annars úrkosta en að takmarka aðgang að deildinni, ef ekki fást úrbætur í byggingarmálum deildarinnar.“

Í sömu skýrslu segir einnig: – „Samkvæmt upplýsingum frá húsameistara ríkisins er stærð laboratoría og þess, sem þeim fylgir, alls 12.000 fermetrar eða 48.000 rúmmetrar og stærð fyrirlestrasala (auditoría) alls 800 fermetrar eða 4.800 rúmmetrar. Samtals ætti því stærðin að vera 52.000 rúmmetrar. Byggingarkostnaður einn mun nema 260 millj. kr. eftir nógildandi verðlagi, en að auki er svo kostnaður við búnað en hann er vitaskuld mjög mikill, ekki sízt að því er varðar tækjakost og búnað á laboratoríum. – Þær greinar, sem gert er ráð fyrir að byggt verði yfir í þessum áætlunum, eru: Patología, anatómía, eksperimental kirurgía, patológísk bíókemía, heilbrigðisfræði, blóðbanki, hæmatología, bakteriológía, fysiología, lyfjafræði (farmakológía), toxikología, lyfjafræði lyfsala. Athugandi er, að hér er ekki gert ráð fyrir laboratoríum fyrir efnafræðikennslu, og ætla ég, að prófessor Steingrímur Baldursson telji, að heppilegast sé að hafa sérstaka byggingu eða álmu (fremur lága) fyrir húsakynni til laboratoría í efnafræði. Ekki liggja að svo stöddu fyrir áætlanir um húsakynni fyrir þessa grein, þ. e. stærð þeirra. – Rétt er að vekja athygli á, að hugsað er fyrir kennslurými fyrir fræðilega kennslu í efnafræði





í fyrirlestrasölum læknadeildar. Þá er einnig athyglisvert, að ekki er hér gert ráð fyrir fullnægjandi aðstöðu til lestrar fyrir læknanema, þó að e. t. v. verði unnt að nota fyrirlestrasali að einhverju leyti í þessu skyni. – Mönnum hefir að sjálfsögðu verið það ljóst, að engar líkur eru á, að þessar byggingar allar verði reistar í senn. Alveg er ljóst, að hið mikla aðstreymi í læknisfræðinám veldur því, að mjög er brýnt að hefjast handa um hluta af þessum byggingaráætlunum hið fyrsta. Ella er óumflýjanlegt að takmarka aðgang að deildinni, en það er neyðarúrræði frá sjónarmiði Háskólaráðs.“

Framtíðarhúsnæði fyrir *tannlæknakennslu* var einnig mjög til umræðu á þessum árum. Í greinargerð um kennslu- og húsnæðismál tannlæknakennslu, sem *Ármann Snævarr* tók saman í júlí 1968 og birt er í skýrslu háskólanefndar 1969, segir m. a.:

„Tannlæknakennsla hér við Háskólann hófst haustið 1945 ... Í fyrstu var kennslan til húsa í háskólabyggingunni, en haustið 1960 fékk Háskólinn inni í Landspítala-byggingu fyrir þessa kennslu. Var um það gerður samningur 13. des. 1958 við ríkisspítalana og samkv. honum lagði Háskólinn fram 500.000 kr. sem óendurkræft framlag til byggingarsjóðs Landspítalans og lánaði aðrar 500.000 kr. til 10 ára, og var það lán vaxtalaust. Þetta húsnæði tók Háskólinn á leigu til 10 ára, en fyrir atbeina menntamálaráðherra fékkst framlenging á þessum tíma til 1972. Engar horfur eru á, að frekari framlenging verði veitt. Er óhjákvæmilegt að hefjast handa um úrræði til húsnæðisöflunar þegar á þessu ári ... – Í greinargerð kennara í tannlækningum, sem er fylgiskjal með þessari greinargerð, er talið, að við mat á húsnæðisþörf fyrir tannlæknakennslu sé yfirleitt reiknað með 30–40 fermetrum á stúdent, og er tekið mið af upplýsingum frá fjórum tannlækna háskólum á Norðurlöndum. Ef 70–80 stúdentar yrðu í deildinni, væri húsrýmisþörfin samkv. þessu um 2000 fermetrar. Mér virðist við nánari úrvinnslu æskilegt að rannsaka það annars vegar, hver húsnæðisþörf muni vera fyrir klínísku greinarnar, þ. e. fyrir 30 stúdentar, sem þær stunda, og hins vegar fyrir teoretísku greinarnar, sem 30–50 stúdentar stunda, og þyrfti þá að gefa sérstakan gaum að því, hvort unnt væri að hagnýta saman fyrirlestrastofur fyrir læknastúdentar og tannlækna-stúdentar, miðað við að tannlæknakennslu væri ætlað húsnæði í tengslum við húsakynni fyrir læknisfræði. Hér í háskólabyggingu eru yfirleitt ekki fyrirlestrarsalir fyrir hverja einstaka grein heldur fyrir allar greinar, sem nýtast þá betur en ella væri, og er sjálfsagt að kanna þá möguleika einnig, að því er varðar læknisfræði, tannlæknisfræði og lyfjafræði lyfsala ... – Ef miðað er við stærðina 2000 fermetrar, er líklegt, að byggingarkostnaður verði 36 millj., en tækjakostnaður og búnaður verða mjög dýrir liðir, þótt ýmislegt megi nota úr því húsnæði, sem deildin er í nú. Verður sá liður tæpast minni en 6–8 millj. – Í áætlunum um staðsetningu bygginga í þágu læknakennslu er við það miðað, að húsnæði fyrir tannlæknakennslu verði í nánnum tengslum við byggingar í þágu læknakennslu sunnanvert við Hringbraut. Er margt, sem mælir með þeirri lausn, þ. á m.

sameiginleg not af fyrirlestrarsölum og möguleikar á sameiginlegri kennslu í greinum, t. d. efnafræði, auk þess sem kennarar í læknisfræði kenna stúdentum í tannlækningum og vice versa. Við teikningar allar yrði að gæta þess að sjá fyrir eðlilegri þenslu í starfsemi deildarinnar og gera ráð fyrir stækkunarmöguleikum. Einnig þarf að gaumgæfa, hvort ekki sé unnt að byggja það húsnæði, sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. 3000 fermetrar, í áföngum. Húsnæðið, sem deildin hefir nú til umráða, er aðeins röskir 300 fermetrar. Bent skal á, að á einu stigi var gert ráð fyrir, að hægt yrði að koma kennslu fyrir í 1400 fermetra húsnæði (fyrir 8 stúdentu á ári), og er áætlaður byggingarkostnaður þá 25 millj. kr. Enn skal á það minnzt, að í bréfi Háskólans til menntamálaráðherra frá 30. júní 1966 var rætt um þann möguleika að leigja eða festa kaup á húsnæði í þágu tannlækna-kennslu, sem þá yrði til bráðabirgða. Er það ugglaut óheppileg lausn frá fjárhagslegu sjónarmiði, því að innréttingar eru dýrar og færi mikið fé í súginn, ef flytja ætti úr slíku húsnæði eftir skamman tíma.“

Skipulagsmál læknadeildarbygginga þróuðust nú þannig, að *Sigurður Sigurðsson* landlæknir, þáverandi formaður byggingarnefndar Landspítalans, kom því til leiðar, með fullu samþykki Magnúsar Más Lárussonar háskólarektors, að kunnri breskri arkitektastofu, *Llewelyn, Davies Week Forestier – Walker & Bor*, var falið að gera framtíðaráætlun um þarfir Læknadeildar Háskólans og Landspítalans, en fyrirtæki þetta hafði m. a. sérhæft sig í húsnæðismálum heilbrigðisþjónustu. Var gerður samningur við bresku arkitektana 1. apríl 1971 (af hálfu ráðuneyta menntamála og heilbrigðismála, afrit í Skjalasafni Háskólans), þar sem m. a. segir:

„The professional services to be provided by the Consultants shall be:

- a. To prepare in respect of the University Medical School and State Hospital a strategic development plan which shall provide accommodation for a complete curriculum in the Medical Faculty in association with the hospital and this plan shall be embodied in a report which will be prepared by the Consultants and delivered to the Client in Reykjavík.
- b. To examine town planning requirements and to discuss them with the relevant authorities. To study road access and car parking and make proposals.
- c. To study the topology of the sites so that best advantage can be taken of slopes and orientation.
- d. To indicate on plans the major circulation paths and departmental areas according to the agreed space programme but not to provide detailed plans.
- e. To advise on methods of staging the development of the project.“

Var embætti húsameistara ríkisins jafnframt fengið til aðstoðar við þetta starf, en umsjón með starfinu höfðu byggingarnefndir Landspítala og Læknadeildar.

Í janúarmánuði 1972 skilaði hið breska fyrirtæki ítarlegri greinargerð um viðfangsefni sitt („University of Iceland Medical Faculty and State Hospital, Reykjavik, January 1972“). Í skýrslu þessari er fjallað um grunngreinar (pre-klínískar greinar) og þjónusturannsóknir (para-klínískar greinar) svo og kennsluáðstöðu í þessum greinum. Nánar tiltekið var efni skýrslunnar: 1) Byggingar og þróunaráætlun fyrir allar kennslugreinar Læknadeildar í tengslum við Landspítalann, þar sem fjallað er um stærðir og staðsetningu húsnæðis fyrir hinar ýmsu greinar starfseminnar og 2) Lýsing og könnun á byggingarsvæði þar sem tekið er mið af skipulagsmálum borgarinnar og umferðarvandamálum. Í skýrslu þessari er m. a. tekið fram, að tryggja verði samhæfingu kennslu, rannsókna og þjónustu í hinum einstöku deildum og að jafnframt verði að tryggja sem nánust starfstengsl milli deilda. Í maímánuði 1972 samþykkti síðan Menntamálaráðuneytið, að tillögur hinna bresku sérfræðinga varðandi skipulag og staðsetningu nýbygginga á lóð Landspítala og Læknadeildar yrðu lagðar fyrir skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar. Stóð það mál síðan í járnum um allnokkurn tíma, en þess má geta, að síðla árs 1972 var komið á svokallaðri „yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð“ (undir formennsku *Jónasar Haralz*, bankastjóra), þar sem Háskólinn átti m. a. fulltrúa. Skipulagsnefnd Reykjavíkur samþykkti að vísu umræddar tillögur, en bið varð á framkvæmdum. Í Morgunblaðinu 10. ágúst 1972 segir m. a. (undir fyrrsögninni „Nýtt læknadeildarhús á Landspítalalóðinni og annað sunnan Hringbrautar“):

„Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar hefur nýlega samþykkt frumdrög að hönnun og staðsetningu nýs húsnæðis fyrir læknadeild og tannlæknadeild H. Í., sem brezkir sérfræðingar hafa unnið á undanförunum mánuðum. Er samkvæmt þeim gert ráð fyrir að hið nýja húsnæði deildanna verði staðsett á Landspítalalóðinni auk þess sem hluti húsnæðisins verður neðan við Hringbrautina, en göngubrú tengir hlutana saman. – Rektor Háskólans, Magnús Már Lárusson, sagði í viðtali við Mbl. fyrir skömmu, að samkvæmt þessum frumdrögum væri gert ráð fyrir að meginhluti kennslu í fyrsta hluta námsins færi fram í byggingunni neðan við Hringbrautina, þar yrði einnig tannlæknadeildin til húsa. Í seinni hlutum námsins færi kennslan fram í húsnæðinu á Landspítalalóðinni, þar sem læknadeildin veitti heilbrigðismálunum jafnframt ýmsa þjónustu í sambandi við spítalana. – Hér er um mjög stóra framkvæmd að ræða, sagði rektor, sem ugglaut tekur a. m. k. áratug. Til þess að fleyta læknadeildinni í millibilsástandinu hefur verið tekið allverulegt húsnæði á leigu og hefur Háskólinn þar notið mikils skilnings fyrrverandi og núverandi ríkisstjórna. – Hvað er gert ráð fyrir að hægt verði að útskrifa marga lækna árlega með tilkomu þessa húsnæðis? – Samkvæmt þessum frumdrögum er gert ráð fyrir að hægt verði að útskrifa milli 40 og 50 lækna á ári. Á seinni árum námstímabilsins munu stúdentarnir vera í nánnum tengslum við spítalann, og það er ótvíræð stefna mín, að aðrir spítalar verði beðnir um aðstoð á ýmsum sérsviðum. Það er mjög mikilvægt t. a. m. að læknadeildarstúdentar skuli geta

verið á námskeiðum á slysadeild Borgarspítalans, þar sem þeir sjá allt, sem fyrir getur komið í lífi læknis, og taka þarf ákvarðanir upp á líf og dauða. Aðrir spítalar ættu að mínu mati einnig að láta slíka aðstöðu í té, t. d. Landakotsspítalinn, þar sem eina starfandi augndeildin er á landinu, auk þess, sem önnur mjög mikilvæg sérfræðiþjónusta er þar fyrir hendi.“

Í júlímánuði 1972 féllst Menntamálaráðuneytið á að leitað yrði til embættis húsameistara ríkisins og Virkis hf. um að annast áætlanagerð byggingar fyrir *tannlæknakennslu* og var þá miðað við áætlun breska arkitektafirmans, þar sem gert var ráð fyrir 2038 m<sup>2</sup> gólfleti nettó á þrem hæðum fyrir tannlæknakennsluna og væri það fyrsti áfangi byggingarsamstæðu, sem rúma átti kennsluástöðu í grundvallargreinum læknisfræðinnar auk tannlæknakennslunnar. Hinn 25. ágúst s. á. samþykkti háskólaráð að fresta ákvörðun um tannlæknadeildarhús þar til fyrir lægi umsögn byggingarnefndar heildarbyggingarframkvæmda á landspítalalóð. Með bréfi frá 1. september s. á. upplýsti byggingarnefnd Landspítalans, að hún hefði ekkert á móti því, að hafist yrði handa við byggingu fyrir Tannlæknadeild, ef það tefði ekki aðrar áætlanir um framkvæmdir. Hinn 12. sama mánaðar upplýsti deildarforseti Tannlæknadeildar á fundi í háskólaráði, að aldrei hefði verið kallaður saman fundur í hönnunarnefnd sem kosin var á fundi háskólaráðs 5. febrúar 1970 (undir forystu Jóns Sigtryggssonar prófessors). Samþykkti þá háskólaráð samhljóða að leggja áherslu á „að haldið verði áfram áætlunargerð að byggingu fyrir klíniska kennslu í tannlæknadeild,“ jafnframt því sem „byggingarframkvæmdir læknadeildar verði hafnar hið fyrsta“. Á fundi háskólaráðs 9. nóvember 1972 var síðan eftirfarandi samþykkt:

„1. Háskólaráð ítrekar fyrri samþykkt sína frá 12. sept. 1972 um byggingaframkvæmdir læknadeildar og tannlæknadeildar og leggur ríka áherzlu á nauðsyn þess, að fundnar verði fjármögnunarleiðir, er tryggja, að undirbúningur og framkvæmdir við hús tannlæknadeildar og húsnæði læknadeildar fyrir prae- og paraklíniska kennslu haldi samtímis áfram með eðlilegum framkvæmdahraða og þannig að framkvæmdir þessar tefji ekki hvor aðra. Óhjákvæmilegt er, að húsi tannlæknadeildar og fyrsta áfanga húsnæðis fyrir prae- og paraklínískar greinar í læknisfræði sé að verulegu leyti lokið haustið 1974. – 2. Háskólaráð samþykkir að heimila rektor að undirrita samning um áætlanagerð vegna nýbyggingar fyrir tannlæknakennslu Háskóla Íslands að því tilskildu að ráðherrar menntamála og heilbrigðismála gefi vilyrði fyrir því að tryggja, að nauðsynlegar fjárveitingar fái til framkvæmda við byggingar lækna- og tannlækna-deildar, svo sem nánar er lýst í 1. lið. – 3. Háskólaráð felur rektor og forsetum lækna-deildar og tannlæknadeildar að fylgjast að staðaldri með og vinna að nauðsynlegri fjármagnsöflun og eðlilegum framkvæmdahraða við byggingar læknadeildar og tannlæknadeildar.“

Fyrst um sinn voru þó þessi byggingarmál í nokkurri biðstöðu. Á næstu árum unnu starfsmenn embættis húsameistara ríkisins að frekari þróun þeirra tillagna, sem breska ráðgjafarfyritækið hafði lagt fram. Störfuðu einkum við það verkefni *Garðar Halldórsson, Svavar Þorvarðsson, Sigurður Gíslason og Kristinn Sveinbjörnsson*. Skiluðu þeir tillögum í ágústmánuði 1975.

Í fyrrnefndri áætlun frá 1972 var gert ráð fyrir að Læknadeild og Tannlæknadeild fengju framtíðarhúsnæði sitt í *tveim* tengdum byggingum, en síðar mótaðist sú hugmynd, sem komst til framkvæmda, að stefnt skyldi að því, í fyrsta áfanga, að reisa *eina* byggingu, sem ætluð væri báðum deildunum, um sinn a. m. k., sbr. nánar síðar. Um skeið var þó ekki samstaða meðal ýmissa háskólamanna um þá tilhögun.

## Háskólinn fær umráð Loftskæptastöðvar og Atvinnudeildarhúss

Með bréfi 14. nóvember 1961 tilkynnti *Ingólfur Jónsson* samgöngumálaráðherra Háskólanum, að ríkisstjórnin hefði ákveðið að afhenda Háskólanum til eignar og umráða hús *Loftskæptastöðvarinnar*, sem stendur á lóðasvæði því, sem Reykjavíkurborg afhenti Háskólanum 1961. Afhending hússins fór síðan fram 1963. Fékk Eðlisfræðistofnun Háskólans það til umráða í fyrstu og einnig höfðu nokkrir kennarar Verkfræðideildar þar vinnuástöðu. Haustið 1966, þegar Raunvísindastofnun tók til starfa, fluttist starfsemi Eðlisfræðistofnunar að mestu úr Loftskæptastöð, en húsnæði þar var í staðinn notað fyrir kennslu í eðlisfræði. Síðan hefur húsið verið notað til ýmissa háskólaþarfa, á síðari árum í þágu Verkfræðideildar og Raunvísindadeildar.

Eftir 1970 kom til ágreinings milli Námsbrautar í Þjóðfélagsfræðum og Verkfræði- og raunvísindadeildar um afnot af húsinu. Á fundi háskólaráðs 30. nóvember 1972 var samþykkt samhljóða tillaga frá Magnúsi Magnússyni prófessor um „þjóðfélagsfræðinámsbraut fái til afnota til 30. júní 1973 þau þrjú herbergi á efri hæð Loftskæptastöðvar, sem hún notar nú, og auk þess herbergi, þar sem nú er steinasafn dr. Trausta Einarssonar prófessors, en annað húsnæði í húsinu verði nýtt af Verkfræði- og raunvísindadeild og Raunvísindastofnun.“

Háskóli Íslands leyfði á sínum tíma byggingu *Atvinnudeildarhúss* á háskólalóð og var bygging hússins kostuð af happdrættisfé þótt það tefði byggingu háskólahússins. Var þetta upphaflega gert á þeirri forsendu að bygging þessi og starfsemi þar skyldi verða í raunverulegu sambandi við háskólastarfsemina svo fljótt sem kostur væri, en þau tengsl urðu aldrei eins mikil og sumir höfðu bundið vonir við. Í lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965 var tekið upp svofellt ákvæði í 56. gr.: „Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans ráðstafar ríkisstjórnin í þágu íslenskrar vísindastarfsemi.“ Þegar séð varð, að sú starfsemi, sem verið hafði í húsinu, myndi flytjast þaðan áður en langt um liði, fóru forsvarsmenn Háskólans að renna hýru auga til hússins. Í bréfi *Ármanns Snævarrs* háskólarektors til menntamálaráðherra frá 10. júlí 1966 (afrit í *Skjalasafni Háskólans*) segir m. a.:



*Loftskýptastöðin. Þetta hús, sem hefur nú þjónað Háskólanum í mörg ár, var tekið í notkun 1918. Loftskýptastengurnar við húsið voru lengi hæstu mannvirki í Reykjavík, 77 m á hæð, en þær voru teknar niður 1953. Á stríðsárum síðari var hér ein hin helsta stjórnstöð hernaðarumsvifa Bandamanna á Norður-Atlantshafi.*

„Í reikningum Hapdrættis Háskólans er byggingin færð upp með 200.000 krónum ... – Byggingarkostnaður var „endurgreiddur“, ef svo má að orði kveða, með þeim hætti, að hapdrættið greiddi 50% af einkaleyfisgjaldi til ríkissjóðs (þ. e. 10% af ágóða), en hinum 50% var haldið eftir (þ. e. 10% af ágóða) – einkaleyfisgjald var og er 20% af nettóágóða. Var þessari endurgreiðslu lokið 1964. Nam þessi fjárhæð samkv. reikningum hapdrættis alls kr. 252.242.20. Réttilega hefir verið bent á af hálfu háskólaráðs, að lóð var látin af hendi endurgjaldslausu. Raunar er ekki sýnilegt, að um lóðarréttindi hafi verið samið, og hefir Háskólinn í mörg ár látið hirða lóðarsvæði hið næsta byggingunni Atvinnudeild að kostnaðarlausu (blóm og trjágróður eru hér þó ekki talin með). Hefði ýmislegt farið betur í háskólabyggingu, ef sú fjárhæð hefði verið til ráðstöfunar, sem rann til byggingar Atvinnudeildarhúss, þar eð sakir þessa var háskólabygging mun dýrari en ella, enda hækkaði verðlag þegar eftir upphaf styrjalda. Hefði þá og verið hægt að byggja miklu stærri álmu fyrir háskólabókasafn, svo sem próf. Alexander Jóhannesson benti oft réttilega á, þegar þessi mál bar á góma. – Hapdrætti Háskólans hefir lengstum verið eina hapdrættið, sem tekið hefir verið af einkaleyfisgjald. Þegar það er virt, er sýnilegt, að endurgreiðsla þessi er nokkuð sérstaks



*Loftskeytastöð fyrir viðgerð.*

eðlis. – Núverandi rektor Háskólans hefir fleirsinnis látið í ljós þá von, að bygging Atvinnudeildar verði afhent Háskólanum, þegar núverandi starfsemi flyzt þaðan. Einkaleyfisgjald Háskólans hefir alls numið kr. 14.975.861 (1934–1965), og á síðustu 5 árum, að því er ætla verður, hefir það runnið beint í byggingarsjóð fyrir Atvinnudeild. Hafa framlög á þeim tíma (1961–1965) numið kr. 9.694.981, sem munu renna til byggingar húsnæðis fyrir rannsóknarstofnun landbúnaðarins. – Þegar það tvennt er haft í huga, 1. hvernig byggingarsögu Atvinnudeildarhúss er háttað og 2. áframhaldandi framlög happdrættisins til nýrrar byggingar, þá virðist öll sanngirmi mæla með því, að umrædd bygging renni til Háskóla Íslands á grundvelli ... 56. gr. laga nr. 64, 1965. Ég vek athygli á, að það virðist felast í greininni, að heimilt sé að afhenda bygginguna án sérstaks endurgjalds – að því er a. m. k. ekki vikið berlega og er það eðlileg niðurstaða miðað við að Háskólinn fái húsið til umráða. – Þörf Háskólans á auknu húsnæði er svo yfirþyrmandi, að öll greinargerð um hana er óþörf. Er nú svo komið högum skólans, að stefnir í fullkomið óefni, og þarf að leita húsnæðis í æ ríkara mæli utan skólans. Ef nefna skyldi eina þörf öðrum fremur í sambandi við bygginguna, vil ég benda á, að hin ágæta aðstaða til starfsemi, sem tengd er efnafræði, í byggingunni, gerir það eðlilegt að nota húsið til kennslustarfsemi, sem byggist á efnafræði, en margar greinir hvíla á efnafræðikennslu. Ég vil einnig vekja alveg sérstaklega athygli á náttúrufræðikennslu,







*Fálkaskjaldarmerkið gamla, áður skjaldarmerki Íslands, hefur staðið yfir aðaldyrum Loftskjástöðvar allt frá því að húsið var tekið í notkun 1918.*




*Unnið við viðgerðir á Loftskjástöðinni.*




*Um nokkurt árabíl var gamla Loftskýta-  
stöðin notuð sem húsnæði fyrir jarðeðlis-  
fræðirannsóknir. Trausti Einarsson  
prófessor, sem stjórnaði þeirri starfsemi, er  
hér, ásamt Braga Árnasyni, að kvarða aðferð  
til að meta seigju í rennandi hraunkviku.  
Myndin er tekin 1965.*



*Porkell Helgason prófessor í vinnuherbergi sínu í Loftskýtastöð, í janúar 1990.*



*Hús Atvinnudeildar Háskólans (nú Jarðfræðahús), sem tekið var í notkun 1937, var byggt fyrir happdrættisfé.*




*Minnismerki um hinn kunna franska náttúruvísindamann dr. Jean Baptiste Charcot stendur við suðurvegg Jarðfræðahúss.*




*Gestir á „Opnu húsi“ í Jarðfræðahúsi 19. október 1986.*



*Niels Óskarsson sérfræðingur við massagreini í Norrænu eldfjallastöðinni í Jarðfræðahúsi. Myndin er tekin í nóvember 1989.*



*Sigurður Steinþórsson prófessor við vinnu sína í Jarðfræðahúsi. Myndin var tekin í nóvember 1989.*




*Anna María Ágústsdóttir jarðfræðingur við röntgentæki til efna- og kristalgreiningar í Jarðfræðahúsi. Myndin var tekin í nóvember 1989.*



*Dr. Sigurður Þórarinnsson, prófessor í jarðfræði og einn kunnasti vísindamaður þjóðarinnar, starfaði í Jarðfræðahúsi. Í tilefni af sjötugsafmæli hans í janúarmánuði 1982 gengust ýmis félög fyrir útgáfu afmælisrits honum til heiðurs, sem Sögufélag gaf út. Bókin hlaut nafnið „Eldur er í norðri“. Myndin sýnir afhendingu bókarinnar í Jarðfræðahúsi. F. v.: Sigurður Steinþórsson prófessor. Sigurður Þórarinnsson, Kristján Eldjárn forseti Íslands og Einar Laxness sagnfræðingur.*


og tel ég, að húsið væri að mörgu leyti tilvalið fyrir hana. Má svo lengi telja. Ekki mun húsnæði þetta henta vel fyrir tannlæknakennslu að tali kunnáttumanna. – Það er eindregin ósk Háskólans, að hæstvirtur menntamálaráðherra hlutist til um, að hæstvirt ríkisstjórn gefi yfirlýsingu þess efnis, að Háskólanum verði afhent Atvinnudeildarhúsið jafnskjótt og núverandi starfsemi flyzt þaðan og á þeim grundvelli, sem að framan greinir. Vegna framtíðaráætlana um lausn á hinni geigvænlegu húsnæðisþörf Háskólans, er Háskólanum brýn þörf á að fá vitneskju um afstöðu hæstvirtrar ríkisstjórnar til ofangreindrar málaleitunar hið allra fyrsta. Fulltreystir Háskólinn því, að hæstvirt ríkisstjórn meti málið af skilningi og velvild. – Rétt þykir að áréttu, að gengið er út frá því, að rannsóknarstofnun iðnaðarins fái fullnægjandi húsnæði.“

Árið 1968 fékk Háskólinn svo fyrst til afnota um það bil helming neðstu hæðar hússins, en síðar það allt, þó þannig að Norræna eldfjallastöðin, sem raunar hefur tengsl



*Sigurður Örn Gíslason, sérfræðingur á Raunvísindastofnun, við vinnu sína í Jarðfræðahúsi. Myndin var tekin í nóvember 1989.*

við Háskólann og kalla má háskólastofnun, hefur starfað á efstu hæðinni frá 1973. Aðrir hlutar hússins hafa nú um mörg ár verið notaðir fyrir kennslu og rannsóknir í jarðfræði, landafræði og skyldum greinum, á vegum Háskólans. Nefnist byggingin nú *Jarðfræðahús*.



*Sigurður Jakobsson, sérfræðingur á Raunvísindastofnun, við bergfræðitilraunir við háan hita og þrýsting, í Jarðfræðahúsi (nóvember 1989).*



*Ævar Jóhannesson, tækjafreðingur á Raunvísindastofnun, við vinnu sína í Jarðfræðahúsi (desember 1989). Tækið, sem Ævar heldur á, smíðaði hann sjálfur, og er því ætlað að mæla loftbólur í heitu vatni og vera liður í rannsóknum, sem miða að því að sjá fyrir jarðskjálfta.*



## 10

### Smíða- og áhaldahús Háskólans

Smíða- og áhaldahús Háskólans að Lóugötu 2 stendur hið næsta VR-byggingunum. Þessa stóru skemmu reisti *Stefán Þorláksson* bifreiðastjóri, síðar bóndi í Reykjahlíð í Mosfellssveit og hreppstjóri, um 1930 sem bifreiðageymsluhús. Skemman tengist „heimsbókmenntunum“ á þann veg, að *Halldór Laxness* vísar að henni í bókinni „Innansveitarkroniku“ (Rvík 1970), en þar er Stefán ein helsta söguhetjan. Segir þar m. a.:<sup>33</sup>

„Fyrir arf sinn reisti Stefán Þorláksson bifreiðahöll handa höfuðborginni suðr á Grímsstaðaholti með einhverjum þeim þykkustu sementsveggjum sem til eru hérlendis og gólflötur meiri en önnur hús höfðu haft á landinu framtil þess tíma. Þar gátu bifreiðaeigendur geymt bifreiðar sínar í skjóli fyrir veðri og vindum árið um í kríng, en átt jafnan aðgáang að þeim þurum og hreinum í höll þessari ef þeir vildu aka út að skemta sér til að mynda á Sumardaginn Fyrsta eða á Fridag Verslunarmanna. Líka gátu þeir farið til og strokið bifreiðarnar og fægt og farið í grópin með tannstaungli þegar þeim gafst tími til, ellegar einfaldlega horft á þær; einnig lagst undir þær og gera við þær ef þeir höfðu laungun til. Við betri aðhlynníngu bifreiða snaróx fjöldi þeirra í höfuðborginni þau árin.“

Síðar var þar bifreiðaverkstæði og enn seinna birgðageymsla á vegum ýmissa aðila áður en Háskólinn eignaðist húsið og jafnvel fyrst um sinn þar á eftir. Viðbyggingin við austurhlið hússins, þar sem nú er smíðaverkstæðið, var á tímabili notuð til íbúðar. Þar bjó m. a. um skeið Helgi Tryggvason, bókbindari og kunnur bókasafnari. Eitthvað mun hafa verið brotið af suðurenda Skemmunnar þegar Hjarðarhaginn var lagður. Skemmunna ásamt lóð mun Háskólinn hafa eignast um 1965, en ekki fundust gögn um þau kaup í Skjalasafni Háskólans og í veðmálabókum Reykjavíkur eru engar upplýsingar um þinglesinn eiganda byggingar eða lóðar að Lóugötu 2. Smíðaverkstæði Háskólans var komið fyrir í viðbyggingu Skemmunnar um 1972, en sjálft skemmuhúsið hefur lengi verið notað sem áhaldageymsla. Langt er síðan borgaryfirvöld tóku að krefjast þess, að

---

33 Tilv. rit, bls. 163–164.




Smíða- og áhaldahús Háskólans („Skemman“) að Lóugötu 2. Myndin er tekin vorið 1988.



Stefán Þorláksson ekur hér bifreið sinni, Chevrolet árg. 1927, á túnbletti í Vatnsmýrinni (síðar háskólalóðinni), líklega laust fyrir 1930, eða um svipað leyti og hann byggði bifreiðaskemmu sína (nú smíða- og áhaldahús Háskólans) þar í nánd. Þarna notar Stefán bifreiðina til að draga saman hey.



Sigursteinn Árnason, yfirsmiður Háskólans um langt skeið, við vinnu sína í smíðahúsi í Skemmunni að Lóugötu 2. Myndin er tekin í desember 1987.



*Úr áhaldahúsi Háskólans í Skemmuni að Lóugötu 2, í desember 1987.*

Skemman, ásamt viðbyggingu, yrði rifin, enda stafar m. a. af henni brunahætta fyrir nálægar byggingar, en þeirri starfsemi, sem þar er nú, er ætlað að flytjast í nýja skála við VR III, er þeir hafa verið reistir.

*Tæknimenn og iðnaðarmenn, sem starfa á vegum Háskólans, ásamt byggingarráðgjafa, í kaffistofu í „Skemmuni“ í desember 1987. Frá vinstri: Sigursteinn Árnason yfirsmiður, dr. Maggi Jónsson arkitekt, Magnús Gissurarson rafvirkjameistari, Magnús S. Magnússon húsassmiður, Páll Melsteð garðyrkjustjóri, Sigurberg M. Sigurðsson húsassmiður, Sveinn Teitsson húsassmiður og húsamálari og Magnús Bergsteinsson byggingastjóri.*




## Bygging fyrir Félagsstofnun stúdentu


Eins og fyrr hefur verið lýst, hafði Stúdentaráð kannað möguleika á byggingu félagsheimilis fyrir stúdentu, látið kunnan arkitekt gera teikningar að slíku húsi og fengið vilyrði fyrir lóð á háskólasvæðinu. Fjármagn skorti þó til framkvæmda við nýbyggingu en sérstök nefnd, sem sett hafði verið á laggirnar af þessu tilefni, lagði þá um sinn allt kapp á að reyna að ná hagkvæmum kaupum á húsi nálægt miðju bæjarins, sem breyta mætti og nota sem félagsheimili, en jafnframt renta. Í Stúdentablaði, maí 1961, segir m. a.: „Hefur stjórnin haft augastað á nokkrum húsum í miðbænum, þ. á m. gert ítrekaðar tilraunir til að festa kaup á Fríkirkjuvegi 11. Af engum kaupum hefur þó orðið og situr við sama í dag.“ Haustið 1962 var, fyrir forgöngu Stúdentaráðs, boðað til fundar um málefni félagsheimilis. Hafði *Jón E. Ragnarsson* stud. jur. forystu í því efni fyrir hönd ráðsins, en fundinn sátu m. a. fulltrúar frá háskólaráði, Stúdentafélagi Reykjavíkur og Bandalagi háskólamanna. Varð árangur af fundi þessum góður.<sup>34</sup> Á síðari viðræðufundum sömu aðilja kom í ljós, að Stúdentafélagið og Bandalag háskólamanna töldu sig að vísu ekki hafa bolmagn til að ráðast í slíka byggingu, en kváðu sig hins vegar fús til hvers konar aðstoðar og óbeinnar aðildar. *Ármann Snævarr* háskólarektor, sem sat fundi þessa, sýndi málinu skilning og áhuga. Sú hugmynd fékk einróma stuðning, að hentugast væri að byggja félagsheimili í tengslum við Gamla-Garð. Var leitað til *Jóns Haraldssonar* arkitekts, sem gerði frumdrög að félagsheimilisbyggingu á þeim stað og voru þær frumteikningar, ásamt greinargerð um stærð hússins, skipulag þess og áætlaðan kostnað, tilbúnar í júlímánuði 1963. Sendi síðan háskólarektor Menntamálaráðuneyti umsókn um fjárveitingu til byrjunarframkvæmda.<sup>35</sup> Veitti Alþingi þá 500.000 kr. á fjárlögum til byggingarinnar. Vorið 1964 var stofnuð sérstök félagsheimilisnefnd til þess að vinna að byggingarmálum og var fyrsti formaður hennar *Stefán Hilmarsson*, tilnefndur af menntamálaráðherra. Aðrir í nefndinni voru í upphafi dr. Þórir Kr. Þórðarson prófessor, Loftur Þorsteinsson prófessor, Ellert B. Schram stud. jur. og Björn Teitsson stud. mag. Þar að auki starfaði sérstök fjáröflunarnefnd félagsheimilisins. Hinn 11. nóvember 1965 fjallaði Háskólaráð um bréf félagsheimilisnefndar og voru lögð fram frumdrög að teikningum hússins. Heimilaði Háskólaráð nefndinni að ráða *Jón*

34 Sbr. Stúdentablað, 1. desember 1962, bls. 22.


35 Sbr. Stúdentablað, október 1963, bls. 3.



Frumhugmynd Jóns Haraldssonar arkitekts af neðri hæð Félagsheimilis stúdenta, 1963. Þessi hugmynd var síðan gerbreytt.



Frumhugmynd Jóns Haraldssonar arkitekts af fundarsal í væntanlegu Félagsheimili stúdenta.



*Frumteikning Jóns Haraldssonar af Félagsheimili stúdenta (nordurhlið).*



*Jón Haraldsson arkitekt teiknaði m. a. Félagsheimili stúdenta. Myndin er tekin á vinnustofu Jóns 1988.*

*Haraldsson arkitekt og halda áfram störfum á þeim grundvelli, að stúdentahéimilið yrði byggt í tengslum við Gamla-Garð, enda kæmu teikningar síðar til fullnaðarafgreiðslu ráðsins. Enn varð þó bið á framkvæmdum og þær hófust ekki fyrr en árið 1969, en þá hafði Félagsstofnun stúdenta verið sett á fót. Í Stúdentablaði, desember 1968, segir m. a.:<sup>36</sup>*

36 Tilv. rit, bls. 1.








Háskólaræktor og Kynningarnefnd Háskólans efndu til kynningarfundar með alþingismönnum, fréttamönnum og fulltrúum atvinnufyrirtækja í borðsal Félagsheimilis stúdenta 18. október 1986. Var það gert í tilefni af 75 ára afmæli Háskólans. Að fundi loknum heimsóttu gestir nokkrar háskólabýggingar. Hér sést Hörður Filippusson dósent kynna starfsemi Læknadeildar fyrir fundarmönnum.



*Bóksala stúdenta í húsi Félagsstofnunar stúdenta, eftir breytingar, sem gerðar voru á húsnæði Bóksölnunnar um áramótin 1987/1988. Hér var áður borðsalurinn.*

Þeir eru allir verkfræðingar og mikilvægir aðstandendur byggingarframkvæmdanna ásamt arkitektinum Jóni Haraldssyni. – Samkvæmt upplýsingum sem Stúdentablað aflaði sér er gert ráð fyrir að félagsheimilið muni kosta milli 25–28 milljónir króna. Kostnaðaráætlanir, sem gerðar voru í vor, hækkuðu eldri áætlanir verulega eða frá 17 milljónum króna upp í 25 milljónir en síðan hefur gengisfelling komið til sögunnar og er áætlað að hún valdi 10% hækkun kostnaðar. Þegar síðari kostnaðaráætlunin kom fram rak menn í rokastans og var fljótlega skipuð fjögurra manna nefnd til að athuga teikningar til að kanna hvort ekki væri unnt að spara eitthvað. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um slíkt væri tæpast að ræða, en benti þó á einstök atriði en lagði ekki sérstaka áherslu á þau. Nefndina skipuðu fulltrúar frá Félagsstofnun stúdenta, fjármálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu og háskólaráði. Hún gerir ráð fyrir að teikningin verði óbreytt. – Áður en kostnaðurinn var tekinn til endurskoðunar þótti sýnt að búið var að afla fjár til byggingarinnar að langmestu leyti. Þá voru komnar fjórar milljónir í sjóð frá ríkinu, fimm milljónir frá háskólaráði og loforð um fimm milljóna króna framlag frá ríkinu eða 14 milljónir en afganginn átti að taka að láni til bráðabirgða. Auk þess er til um ein milljón í ýmsum sjóðum. Þá vantar kringum 10–13 milljónir samkvæmt síðustu kostnaðaráætlunum. Nokkrar umræður hafa farið fram um



*Sumarið 1989 flutti Háskólafljölritun sig um set innan veggja Félagsheimilis stúdenta. Hafði hún þá verið starfrækt á 2. hæð í 18 ár, við talsverð þrengsli, en fékk nú nýtt og rúmgott húsnæði á 1. hæð, þar sem fyrrum var eldhús Stúdentamötuneytis. Myndin er tekin á nýja staðnum. Frá vinstri: Þórður Bergmann, Júlía Jóhannesdóttir og Sólrún Ólafsdóttir, forstöðumaður Háskólafljölritunar. Haustið 1989 tók Þórður Bergmann Háskólafljölritun á leigu.*

Það hvernig þess fjár verði aflað. Hafa formælendur ríkis og háskólaráð tekið vel í tilmæli um aukin fjárframlög t. d. á þann veg að þessir tveir aðilar skipti á milli sín því sem á vantar. – Nauðsynlegt er að byggingarframkvæmdir geti haldið viðstöðulaust áfram og strandi a. m. k. ekki í lengri tíma vegna fjárskorts. Er gengið út frá því í undirbúningsstörfum að ekkert lát verði á framkvæmdum. Arkitektinn lauk nýlega við teikningar, sem lagðar voru fyrir Bygginganefnd Reykjavíkurborgar og hafa þær verið samþykktar með smávægilegum breytingum. Boranir hafa farið fram á lóðinni sem sýna að hún er tiltölulega ódýr í grunnvinnslu, stutt niður á fasta undirstöðu. Lokið er við frumdrög að lagnateikningum og burðarþolsútreikningum og vinnuteikningar að hefjast. Framundan er að gera útboðslýsingar, sem eiga að vera tilbúnar ásamt vinnuteikningum um áramótin. – Arkitektinn á eftir að teikna innréttingar í bygginguna og eftir er að



*Stjórn Stúdentaráðs 1988–1989 í húsakynnum Stúdentaráðs á 2. hæð í Stúdentahéimilinu við Hringbraut. Frá vinstri: Inga Dóra Sigfúsdóttir stud. sociol., Sveinn Sveinsson stud. jur. (formaður), Vilhjálmur Jens Árnason stud. phil., Ásdís Halla Bragadóttir stud. sociol. og Lilja Stefánsdóttir hjúkrunarnemi (varaformaður). Á myndina vantar einn stjórnarmann: Magnús Mát Magnússon stud. phil.*



*Kosið til stúdenta- og háskólaráðs í marsmánuði 1981.*

ákveða nokkur atriði í innra skipulagi byggingarinnar, alla vega má breyta þeim að nokkru leyti frá því sem arkitektinn leggur til í frumdrögum sínum. Raunar hefur sú breyting verið þegar gerð að bóksalan er sett við anddyri í stað þess að verða á efri hæð ... – Það er enginn vafi á því að Félagsheimilið verður glæsileg bygging. Meginhlutar hennar verða úr járnbentri steinsteypu. Hún verður ekki dýrari en hliðstæðar byggingar t. d. samkomuhús og skrifstofubyggingar. – Bygginganefnd Félagsheimilisins skipa dr. Ragnar Ingimarsson, form., prófessorarnir Loftur Þorsteinsson og Árni Vilhjálmsson og Jóhann Heiðar stud. med. Auk þeirra situr Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri Félagsstofnunarinnar fundi nefndarinnar. Formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta er Þorvaldur Búason.“

Þegar framkvæmdir áttu að hefjast vorið 1969 var fjármagn enn ekki tryggt og töfðust framkvæmdirnar af þeim sökum. Þegar Ríkissjóður, Háskólahappdrætti og bankar höfðu lofað 29 milljónum vantaði enn 2 milljónir til að ná áætluðum kostnaði. Leystist þá málið á þann veg, að Stúdentaráð lofaði að ábyrgjast allt, sem færi yfir 29 milljónir.<sup>37</sup> Varð húsið fókheld um næstu áramót, neðri hæðin tekin í notkun haustið 1970 en fullgert mátti húsið heita á árinu 1971.

---

37 Sbr. Stúdentablað, 27. nóvember 1969, bls. 5.

## Hjónagarður byggður


Eftir að Félagsstofnun stúdenta komst á laggirnar fór stjórn hennar að beita sér markvisst fyrir úrbótum í húsnæðismálum stúdenta. Þörf var fyrir aukið íbúðarrými, sbr. eftirfarandi ummæli í skýrslu háskólanefndar 1969:

„Við háskólann eru nú tveir stúdentagarðar, teknir í notkun 1934 og 1943. Er þar rúm fyrir 115 stúdenta (8% skráðra stúdenta 1968/1969), og hefur eftirspurn eftir garðrými ekki verið fullnægt síðustu árin. Af 805 stúdentum, öðrum en nýstúdentum, sem upplýsingar fengust um haustið 1968, bjuggu 405, eða 50%, í leiguhúsnæði, þ. á m. aðeins 66 (8%) á stúdentagörðunum. Í eigin húsnæði bjuggu 100, en 300 í foreldrahúsum. Þar sem stúdentar framvegis munu að jafnaði verða nokkru yngri að árum en nú er, launuð vinna þeirra væntanlega minni og aðhald í námi meira, er varla unnt að gera ráð fyrir, að það færist í vöxt næstu áratugi, að stúdentar búi í eigin húsnæði. Bætt menntunaraðstaða í dreifbýli mun leiða til þess, að vaxandi hluti stúdenta eigi heimili fjarri Reykjavík. Því er við því að búast, að tiltölulega færri stúdentar geti búið í foreldrahúsum. Stúdentar hljóta áfram að búa mest, og líklega í vaxandi mæli, í leiguhúsnæði. – Að því ber að stefna, að þörf stúdenta fyrir leiguíbúðir verði leyst sérstaklega með byggingu stúdentagarða, bæði fyrir einhleypinga og fjölskyldur. Reyna þarf að búa svo um hnútana, að húsnæði stúdenta sé mun ódýrara en á almennum markaði, bæði vegna þess, að aðstaða þeirra til tekjuöflunar er öll önnur en þeirra, sem stunda launuð störf, og vegna þess að það jafnar að nokkru aðstöðumun þeirra, sem geta búið hjá vandamönnum, og hinna, er verða að leigja húsnæði.“

Í Árbók Háskólans 1968–69, segir um undirbúning aðgerða:<sup>38</sup>

„Í október 1968 hófust markvissar aðgerðir stjórnar félagsstofnunar til undirbúnings byggingar nýrra garða. Varð fljótlega verkaskipting við undirbúning. Stjórnin skipaði sérstaka nefnd til að kanna tæknilega hlið málsins. Var fullgengið frá nefndarskipun og erindisbréfi hennar 28. janúar 1969. Erindisbréf nefndarinnar er svohljóðandi: – „Stjórn


38 Tilv. rit. bls. 198—199.



Garðar Halldórsson arkitekt gerði þessa tillögu að staðsetningu og húsaskipan nýrra stúdentagarða (hjónagarða) í janúarmánuði 1969. Var þeim þá ætlaður staður á horni Suðurgötu og Hjarðarhaga. Síðar var horfið frá þeim stað og eftir til samkeppni um hönnun hjónagarða austan Suðurgötu.

Félagsstofnunar stúdenta hefur kjörið Allan V. Magnússon, stud. jur., Hilmar Ólafsson, arkitekt, Hörð Sigurgestsson, viðskiptafræðing, Odd Benediktsson, stærðfræðing, og Valdimar Kristinsson, viðskiptafræðing, í nefnd til að marka nokkur grundvallarsjónarmið um undirbúning nýs stúdentagarðs í nágrenni Háskóla Íslands, einkum þau er hér greinir: – 1. Hve mikillar aukningar sé þörf á leiguhúsnæði fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, hvort heldur eru hjónaíbúðir eða einstaklingsherbergi, miðað við núverandi aðstæður og séð nokkurt árábil fram í tímann. – 2. Hvern fjölda íbúðaeininga sé hagkvæmt að byggja í einum (fyrsta) áfanga, með það m. a. í huga, að til greina komi a. m. k. fyrst í stað að leigja nokkuð af þessu húsnæði á almennum námsmannamarkaði, ef þörf gerist, – og hvort hagkvæmt sé að byggja undir sama þaki hjónaíbúðir og einstaklingshúsnæði og í hvaða hlutfalli. – 3. Hvort gerlegt sé og æskilegt að nýta húsnæði í nýjum stúdentagarði til hótélrekstrar á sumrin og að hvaða marki; hvers þurfi sérstaklega að gæta í undirbúningi stúdentagarðs með tilliti til hótélrekstrar þar. – 4. Hvaða húsgerð (týpa) henti best, svo sem stíghús, hótélgangahús, svalagangahús eða annað, sem til greina kynni að koma. – 5. Hve há húsaleigan þyrfti að vera miðað við tiltekna hlutfallstölu lánsfjármagns í byggingarkostnaði. – 6. Hvaða félagsleg aðstaða





*Afstöðumynd hjónagarða við Sudurgötu eftir Hrafnkel Thorlacius arkitekt. Síðari áfangar urðu með öðrum hætti en hér er sýnt. Teikningin er frá því í ágúst 1976.*

og þjónustustarfsemi skuli vera tengd nýjum stúdentagarði, svo sem fundarsalur, lestrarsalur, þvottahús, mötuneyti, barnagæzla, verðslanir o. s. frv. – Erindi sínu skal nefndin ljúka fyrir 15. apríl n. k. – Skal hún afhenda álit sitt stjórn Félagsstofnunar stúdenta þannig frá gengið, að unnt sé að leggja það beint fyrir arkitekta þá, er falið verður að teikna stúdentagarð ...“ Í ljós kom að nefndin þurfti lengri tíma til að skila áliti sínu, sem lá fyrir 16. júlí 1969 ...<sup>39</sup> Hyggst félagsstofnunin efna til ráðstefnu um málið


39 Fram kom m. a., að samkvæmt könnun, sem fram fór haustið 1968, hefðu 250 gíftir stúdentar kosið að dvelja á hjónagarði. Aths. mín. P. S.



*Upphaf framkvæmda við grunn Hjónagarða í október 1972.*

með forvígismönnum stúdenta og háskólans. – Stjórn félagsstofnunarinnar, einkum formaður hennar, hefur fjallað um staðsetningu nýrra stúdentagarða. Var rætt við þáverandi háskólarektor, Ármann Snævarr, prófessor, um skipulag háskólalóðarinnar. Háskólaráði voru send bréf með fyrirspurn um það, hvort stúdentabyggð væri markaður staður á háskólalóðinni. Málið var einnig reifað við formann háskólanefndar, Jónas Haralz. Kröfur voru settar fram um það, að skipulagningu háskólalóðarinnar væri hraðað. Í ársbyrjun 1969 höfðu ekki fengið ákveðin svör við fyrirspurnum. Stjórn félagsstofnunar hefur einkum augastað á lóð Háskólans á horni Hjarðarhaga og Suðurgötu.<sup>40</sup> Fékk sú hugmynd góðar undirtektir hjá forráðamönnum Háskólans vorið 1969. Einnig hafa komið fram hugmyndir um stað austan Oddagötu eða þar sem Landleiðir hf. hafa nú bækistöð á Grímsstaðaholtinu. Málið hefur ekki enn verið endanlega leyst. Háskólaráð samþykkti í nóvember s. l. þá meginstefnu, að stúdentabyggð yrði ætlaður staður á háskólalóðinni. Hinn 18. desember 1969 sendi stjórn félagsstofnunar háskólaráði greinargerð um lóðamál nýrra stúdentagarða. – Félagsmálaráðherra var skrifað haustið 1968, og var hann beðinn um að hlutast til um það, að lögum yrði breytt á þann veg, að unnt yrði að fá lán frá húsnæðismálastjórn til

<sup>40</sup> Einnig heyrðust raddir um það, að hentugt myndi að hafa nýjan stúdentagarð í Vatnsmýrinni milli Njarðargötu og Oddagötu eða á svæðinu austan Njarðargötu, þar sem Tívolí var staðsett. Aths. mín. P. S.




*Hrafnkell Thorlacius arkitekt vann samkeppni um hönnun Hjónagarða. Þetta „perspektív“ úr innigarði og anddyri fylgdi uppdráttum þeim, er hann sendi í samkeppnina.*

byggingar stúdentagarða. Kannaðir voru möguleikar á lánum úr Byggingarsjóði Reykjavíkur til byggingar stúdentagarða. Undirtektir framangreindra aðila voru jákvæðar. Ákveðið hefur verið að ljúka endanlega teikningum nýrra garða, áður en hafizt verður handa um markvissa fjáröflun.“

Niðurstaðan varð sú, að reistir skyldu hjónagarðar og efnt var til samkeppni um teikningar. Varð *Hrafnkell Thorlacius* arkitekt hlutskarpastur. Var byggingum valinn staður á Grímsstaðaholti sunnan Aragötu. Hinn 9. september 1971 voru teikningar af hjónagörðum samþykktar í háskólaráði. Í fyrsta áfanga skyldu vera 57 íbúðir en með síðari áföngum (tveimur) mætti þrefalda þá tölu. Fjár til byggingar var aflað með ýmsu móti, m. a. með framlögum frá ríkisfyrirtækjum, samtökum og sveitarfélögum. Háskólaráð veitti einnig fé til hjónagarða, sbr. eftirfarandi samþykkt ráðsins 27. ágúst 1970 (Flutningsmenn tillögunnar voru Magnús Már Lárusson háskólarektor og Guðlaugur Þorvaldsson prófessor):

„Háskólaráð samþykkir að veita Félagsstofnun stúdenta 5 milljóna króna framlag af happdrættisfé til byggingar hjónagarðs. Framlag þetta skal tengt minningu



forsætisráðherrahjónanna, Bjarna Benediktssonar og Sigríðar Björnsdóttur, og dóttursonar þeirra samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs í samráði við Félagsstofnun stúdenta. Greiðsla framlagsins fari fram á þremur næstu árum, hin fyrsta, 2 millj. króna í janúar 1971.“

Á fundi háskólaráðs 4. mars 1976 var einróma samþykkt svofelld tillaga: „Háskóli Íslands veitir Félagsstofnun framlag til byggingar hjónagarða af framkvæmdafé sínu að upphæð kr. 20 milljónir. Framlagið er háð því skilyrði, að Háskólinn fái, ef hann kann að óska þess, ráðstöfunarrétt tveggja íbúða, aðra án leigugjalds, hina gegn greiðslu þeirrar leigu, sem ákveðin verður almennt af íbúðum hjónagarða.“ Hefur Háskólinn síðan notað íbúðir þessar fyrir gesti sína, erlenda gistikennara o. þ. h.

Ekki voru allir sammála í upphafi um staðsetningu Hjónagarða, þótt ekki yrði þetta tilefni langvarandi sundurþykkju. Á fundi Háskólaráðs 5. febrúar 1970 var eftirfarandi



*Hjónagarðar í byggingu. Torfbærinn smái við nýbygginguna hét Litla-Brekka og mun hafa verið byggður um 1890. Þar hjó lengi Eðvarð Sigurðsson alþingismaður, formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Litla-Brekka var rifin 1981.*

tillaga samþykkt með 8 atkvæðum (en tveir sátu hjá): „Háskólaráð ályktar, að verkfræði- og raunvísindadeild fái til afnota lóð á horni Suðurgötu og Hjarðarhaga, syðst á lóðasvæðum Háskólans vestan Suðurgötu. Enn fremur ályktar háskólaráð, að lóð verði látin undir hjónagarð á Grímsstaðaholti sunnan við íbúðarhverfi prófessora. Háskólaráð óskar að fá staðsetningar þessar staðfestar af yfirvöldum borgarinnar.“ – Fulltrúar stúdenta, Þorsteinn Ingólfsson stud. jur. og Helgi Skúli Kjartansson stud. phil. óskuðu eftir svofelldri bókun: „Félagsstofnun stúdenta var af hálfu háskólayfirvalda gefið slíkt vilyrði fyrir lóð á horni Hjarðarhaga og Suðurgötu, að hún hlaut að treysta því. Nú, nær ári síðar, er þeirri ákvöun breytt án eðlilegs samráðs við stjórn Félagsstofnunarinnar. – Við mótmælum því, að tilviljunarkennd neyðarúrræði vegna skipulagsleysis lóðamála verkfræði- og raunvísindadeildar og Háskólans í heild séu látin hindra skipulegt starf Félagsstofnunar stúdenta að uppbyggingu stúdentabyggðar. – Meðferð þessa máls undirstrikar að okkar álitu nauðsyn þess að Félagsstofnun stúdenta fái hlut að skipulagi háskólalóðarinnar.“

Undirbúningsframkvæmdir við bygginguna hófust haustið 1972, fokheld varð hún í ágúst 1975, en vígsla hússins fór fram í desembermánuði 1977. Fjárhagsörðugleikar töfðu þó stundum framkvæmdir. Í Stúdentablaði 20. desember 1974 segir:

„Félagsstofnun stúdenta virðist ætla að ganga soldið lengi með óskabarn sitt, hjónagarðana. Sunnan við prófessorabústaðina er risinn upp heljarmikill steinkumbaldi,



*Litla-Brekka austan Suðurgötu, andspænis gatnamótum Suðurgötu og Grímshaga, var góður „nágranni“ háskólamanna uns bærinn var rifinn 1981 (síðasti torfbær í Reykjavík, sem húið var í). Þessi mynd var tekin á 6. áratugnum.*

en samkvæmt nýjustu fréttum skortir allt fjármagn til að halda áfram og gera íbúðarhæf hús úr honum. Eru stúdentar nú farnir að tala um að panta íbúðir handa börnum sínum nýfæddum eða óbornum, ef ske kynni að smíðinni yrði lokið um næstu aldamót ... Þrátt fyrir mótmæli ýmissa stúdentahópa, sem bentu á hættu á einangrun stúdenta, sá brátt dagsins ljós teikning, sem gerði ráð fyrir um 180 íbúðum, ásamt dagheimili og gæsluvelli. Fyrir u. þ. b. tveim árum hófust framkvæmdir, en á þær komst fyrst verulegar skriður á þessu ári, þegar hafist var handa um að steypa upp fyrsta áfanga hjónagarðanna, þar sem verða 57 íbúðir. – Nú virðast framkvæmdir munu stranda algerlega á fjárskorti. Þegar hafa verið lagðar 100 milljónir til þeirra, til að fullgera þennan fyrsta áfanga þarf 70–100 milljónir til viðbótar, og þær fyrirfinnast hvergi.“

*Brynjólfur Sigurðsson* prófessor, sem var í byggingarnefnd Hjónagarða og framkvæmdastjóri nefndarinnar, segir í viðtali við höfund þessarar bókar:<sup>41</sup>

„Kjarni þess fjár, sem safnast hafði í byggingarsjóð, var gjafafé sem myndaðist eftir fráfall Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra. Alþingi gaf andvirði 10 íbúða. Bankarnir

41 Viðtalið fór fram í janúar 1988.

*Gjafir til hjónagarða*

Við fráfall dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, eiginkonu hans Sigríðar Björnsdóttur og dóttursonar þeirra Benedikts Vílmundarsonar

bárust minningargjafir frá

Alþingi

Seðlabanka Íslands

Landsbanka Íslands

Búnaðarbanka Íslands

Útvegsbanka Íslands

Verslunarbanka Íslands

Iðnaðarbanka Íslands

Samvinnubanka Íslands

Háskóla Íslands

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Heklu h.f.

Stúdentar þakka hlýhug í sinn garð, sem fylgdi gjöfum þessum auk fyrstu gjafarinnar til hjónagarða frá velunnara íslenskra námsmanna

Guðrúnu Brunborg

og gjafa á byggingartíma frá

Reykjavíkurborg

Akureyrarkaupstað

Vestmannaeyjakaupstað

Sambandi Ísl. Samvinnufélaga

B. M. Vallá og

gömlum Dalamanni.

Iðnmeisturum hússins er þakkað framlag til smíðinnar.

(Texti steintöflu, sem komið hefur verið fyrir í Hjónagörðum)



*Frá vísgu Hjórnagarða í desember 1977. Frá vinstri á fremsta bekk: Matthías Á. Mathiesen fjármálaráðherra, Geir Hallgrímsson forsetisráðherra, Kristján Eldjárn forseti Íslands, Halldóra Eldjárn forsetafrú, Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson fyrrv. menntamálaráðherra, og Gylfi Þ. Gíslason fyrrv. menntamálaráðherra.*

tóku sig líka saman um að gefa. Seðlabankinn gaf 3 íbúðir og viðskiptabankarnir með Landsbanka Íslands í broddi fylkingar 2 íbúðir. Þá gaf Háskóli Íslands 5 milljónir króna. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Hekla hf. gáfu einnig minningargjafir. Á byggingartímanum var farið á stúfana og leitað til sveitarfélaga og fyrirtækja. Reykjavíkurborg hafði gefið loforð um lán úr Byggingarsjóði Reykjavíkurborgar, 100.000 krónur á hverja íbúð, en þarna var um að ræða 57 íbúðir. Það tókst að ná því fé inn, en síðan var þetta fé veitt sem styrkur eða sem gjöf og bætt við 5 milljónum króna til viðbótar, þannig að það má segja, að þeir hafi staðið vel við sitt loforð. Akureyrarkaupstaður og Vestmannaeyjakaupstaður létu einnig nokkurt fé af hendi rakna. Samband Íslenskra samvinnufélaga gaf andvirði einnar íbúðar og Steypustöðin B. M. Vallá gaf ríflegan afslátt á steypu. Þá eru mér minnisstæðar gjafir frá tveimur einstaklingum. Annar þeirra var Guðrún Brunborg í Ósló, sem var velunnari íslenskra stúenta um áratuga skeið. Hinn vildi ekki láta nafns síns getið en gekk undir nafninu





*Hjónagarðar við Suðurgötu.*

„gamall Dalamaður“. Hann gaf andvirði einnar íbúðar. – Eftir að búið var að teikna var efnt til útboðs á grundvelli teikninganna. Það komu tvö tilboð. Þau voru bæði talsvert hærri en við höfðum átt von á og jafnframt hærri en við réðum við. Fjármögnunaráform, sem höfðu verið uppi, dugðu ekki lengur, þar sem verðbólgan var komin á meira skrið en áður var. Það leiddi síðan til þess að við fórum þá braut að reyna að semja við annan þeirra, sem boðið hafði í verkið, Guðbjörn Guðmundsson. Samningar tókust við hann um að reisa húsið í reikningsvinnu. Verðbólgan hafði frá stríðsárum verið að meðaltali um 10%, en einmitt þarna í kringum 1971 og 1972 tók hún kipp, og enn frekar við Vestmannaeyjagosið og olúkreppluna 1973, því að þá rauk hún upp í 50%. Þannig hrundi hreinlega fjármögnunin á þessu verki, enda var gert ráð fyrir upphaflega, að hver íbúð kostaði um 1 milljón króna, en áður en yfir lauk var kostnaðarverðið yfir 4 milljónir króna á þágildandi verðlagi. Þá var leitað ýmissa ráða til þess að ná í fé. Húsnæðisstofnun ríkisins var okkur innan handar. Fyrst höfðum við fengið lán frá Húsnæðisstofnun en með því að fá síðan aðra til þess að kaupa bréf af Húsnæðisstofnun, þá tókst okkur að fá viðbótarlán. Þannig má segja að það hafi verið fjármálaráðherra og hans embættismenn, sem hafi séð til þess að þetta var framkvæmanlegt, en að jafnaði

þó ekki fyrir en í verulegar nauðir rak. – Mér er ofarlega í huga hversu mikilvægt það er, að stöðugleiki sé fyrir hendi við undirbúning og stjórnun stórrar húsbyggingar. Stúdentaráð hafði áður verið með undirbúning hjónagarðs á sinni könnu, en aðdragandi svona framkvæmda er langur og Stúdentaráð bara kosið til eins árs í senn. Ég minnst þess, að farið var að ræða um félagsheimili stúdenta og Hjónagarða, þegar ég var nemandi í Háskólanum en það varð bara aldrei neitt úr því, vegna þess að það var eins og hlutirnir kæmust ekki nógu langt á þessu undirbúningsstigi, sökum stöðugra mannaskipta. Síðan kom Félagsstofnun stúdenta, sem var sett á laggirnar 1968, og þá var starfstími stjórnar hennar ákveðinn tvö ár. Þannig eiga sér ekki stað mannaskipti nema á tveggja ára fresti – og þá fór þetta allt í gang, þ. e. félagsheimili og undirbúningur að byggingu Hjónagarða. Þetta voru miklir róstutímar í rauninni, þegar „hippaaldan“ gekk yfir. Einmitt á byggingartímanum áttu sér stað stjórnarskipti í Félagsstofnun stúdenta og þá varð ég var við, að áhugi nýrrar stjórnar var ekki eins mikill fyrir því að koma þessu húsi upp eins og hann hafði verið áður. Þá voru komin ný viðhorf eins og t. d. þau, að það væri óhollt fyrir stúdenta að vera svona mikið saman. Þeir ættu að blandast úti í þjóðfélaginu en það ætti ekki að safna þeim saman í hóp. Í stað þess að byggja stúdentagarða ætti frekar að kaupa íbúðir, t. d. í verkamannabústöðum, til þess að dreifa stúdentum um bæinn. Það er út af fyrir sig sjónarmið. Þetta gekk yfir á vissu tímabili og það má líka segja það, að einmitt á þessum tíma hafi verið talsvert bil á viðhorfum stúdenta og svo hins vegar almennings í landinu gagnvart stúdentum. Allt annar hugsunarháttur var kominn upp meðal ungs fólks og önnur „norm“, sem almenningur átti erfitt með að meta og sætta sig við. Ég held að allt þetta hafi leitt til þess að það hafi verið dálítið erfiðara um fjáröflun heldur en ella hefði þurft að vera. Sérstaklega er mér minnisstætt, að ég hafði á tilfinningunni, að byggingarnefndin væri orðin allt að því ein á báti við að koma húsinu upp. Þeir aðilar, sem verið var að reisa húsið fyrir, héldu því margir fram, að þetta væri ekki það sem þeir vildu. – Þetta hús ber dálítinn keim af andanum, sem þá var hjá ungu fólki. Allir skyldu vera góðir vinir og allir skyldu hjálpa öllum; þetta var „kommúnútíminn“. Það leiddi m. a. til þess, að talsvert stór hluti í húsinu var hugsaður fyrir sameiginlegt rými, bæði í sambandi við barnagæslu og annað. Þarna var t. d. innigarður með blómum. Um leið og íbúarnir fluttust í húsið kom strax fram, að sameiginlega rýmið var ekki notað eins mikið og vonast var til. Menn höfðu séð fyrir sér, að fjölskyldur myndu skiptast á um að gæta barnanna í sameiginlega rýminu, en slíkt kerfi held ég að hafi aldrei komist á meðal íbúanna. Sérstakt hús fyrir barnaheimili átti að rísa þarna síðar – og var gert ráð fyrir því ásamt síðari áföngum Hjónagarða – en barnaheimilið var aldrei byggt, né heldur síðari áfangar Garðanna í þeirri mynd, sem ráðgert hafði verið.“

Þess skal hér getið að lokum, að *Guðlaugur Þorvaldsson*, fyrrverandi háskóla- rektor, hefur sagt höfundu þessarar bókar, að á rektorsárum sínum hafi *Konráð*

*Íbúð á Hjónagörðum.*



*Guðmundsson*, framkvæmdastjóri Hótel Sögu, haft frumkvæði að viðræðum um möguleika þess, að hluti af gistirými hótelsins yrði notaður fyrir stúdentabústaði á vetrum, þegar færri er um ferðamenn en ella, en úr framkvæmdum varð ekki.

## Málefni Háskólabókasafns og undirbúningur Þjóðarbókhöðu

Sú hugmynd að sameina Háskólabókasafn og Landsbókasafn í einni byggingu er orðin áratugagömul og var síður en svo ný af nálinni árið 1956, þegar *dr. Gylfi P. Gíslason*, þáverandi menntamálaráðherra, skipaði nefnd til að athuga, „hvort fjárhagslega og skipulagslega muni eigi hagkvæmt að sameina Háskólabókasafnið og Landsbókasafn að einhverju eða öllu leyti, þannig að Háskólabókasafn yrði framvegis handbókasafn fyrir Háskólann, en Landsbókasafn tæki við öðrum hlutverkum þess.“ Í nefnd þessari áttu m. a. sæti tveir fulltrúar Háskólans, þeir *Björn Sigfússon* háskólabókavörður og *Porkell Jóhannesson* háskólarektor, sem var formaður nefndarinnar. Nefnd þessi skilaði álit í janúarmánuði 1957 og taldi m. a., að ekki væri „unnt að leysa bókaþörf Háskólans í heild sinni með sameiningu við Landsbókasafnið á viðunandi hátt og til frambúðar með öðru móti en því að reisa nýtt safnhús fyrir Landsbókasafnið í næsta nágrenni við háskólabygginguna. Að þessu bæri því að stefna og flýta þessu máli sem allra mest.“ Þá um vorið hafði menntamálaráðherra forgöngu um að samþykkt var á Alþingi svofelld þingsályktunartillaga (sem byggð var á fyrrnefndu nefndarálit): „Alþingi ályktar: – 1. að sameina beri Háskólabókasafn Landsbókasafni eins fljótt og unnt er á næstu árum, þannig að Landsbókasafn verði aðalsafn, en í Háskólabókasafni sé sá þáttur starfseminnar, sem miðast við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir kennara; – 2. að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessa átt; – 3. að nú þegar verði svo náð samstarf upp tekið milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns sem við verður komið að álit forráðamanna þeirra og hliðsjón höfð af væntanlegri sameining safnanna.“

Hinn 22. október 1960 sagði *Porkell Jóhannesson* háskólarektor í háttíðarræðu (rúmri viku áður en hann andaðist):<sup>42</sup>

„Ég vil bera fram [þá] ósk, og henni beini ég til háttvirtrar ríkisstjórnar og hins háa Alþingis, ... að nú þegar á næsta ári verði fé veitt til þess að reisa nýtt hús yfir

42 Sbr. Árbók Háskólans 1960—1961, bls. 16.



*Síðan haustið 1986 hefur hátíðasalur Háskólans verið notaður sem handbóka- og lestrarsalur. Sú ráðstöfun er hugsuð til bráðabirgða þar til Háskólabókasafn flýst í Þjóðarbókhöðdu.*

Landsbókasafnið og Þjóðskjalasafnið, þar sem þessar stofnanir verði sameinaðar háskólabókasafninu, svo sem lög gera nú ráð fyrir, og verði hið nýja safnhús reist við Suðurgötu ... Hér er um að ræða mikilsháttar framkvæmd, sem taka mun nokkur ár að fullgera, og því nauðsynlegt að byrjað verði sem fyrst. Af ýmsum vanhögum skólans er sá ekki minnstur, að hann skortir bókakost og húsrúm fyrir stúdentana til lestrar og vinnu, sem m. a. sést af því, að lestrarsalurinn í bókasafni skólans tekur aðeins 40 menn í sæti. Ég hef áður lýst þeirri fátíðlegu staðreynd, að um nær 40 ár hefir ríkið ekki fengið til að verja einum eyri til bókakaupa handa sjálfum háskólanum. Mun þetta vera heimsmet. Það er von mín, að þegar hið nýja safnhús er risið af grunni, muni bókakostur og starfskraftar safnanna nýtast betur en áður, líka fyrir háskólann, og svo þeir fjármunir, sem til bókaöflunar verða veittir, enda verði þá aflétt þeirri fjármálastefnu, sem telur fjármunum ríkisins til alls annars betur varið en til kaupa á fræðiritum til þarfa æðstu menntastofnunar landsins.“



Í Háskólabókasafni 1986.

Það varð þó bið á framkvæmdum.<sup>43</sup> Árið 1966 skipaði *Gylfi P. Gíslason* menntamálaráðherra nefnd til að kanna framtíðarskipulag vísindalegra bókasafna. Skilaði sú nefnd álití sama ár og mælti með því að þingsályktuninni frá 1957 yrði framfylgt og bókasafnshús reist í nágrenni Háskólans. Ári síðar var stofnaður „byggingarsjóður safnhúss“, síðar kallaður „Byggingarsjóður Þjóðarbókhöðu“, en sá sjóður var eigi digur til að byrja með. Í ágústmánuði 1968 skýrði menntamálaráðherra frá því, að nýju bókasafnshúsi hefði verið ákveðinn staður á svæði við Birkimel nálægt Hringbraut (rétt utan marka háskólalóðar), en borgaryfirvöld höfðu tilkynnt að endanleg lóðarmörk yrðu ákveðin síðar, þegar fyrir lægi greinargerð um stærð og gerð fyrirhugaðs húss.


43 Á þessum árum bar Þórir Kr. Þórðarson prófessor fram þá tillögu til lausnar á vanda Háskólabókasafns „að byggja bókaturm fyrir aftan útbygginguna í vestur frá aðalálmunni og hafa þar í framtíðarhúsnæði vísindalegs bókasafns á Íslandi, Háskólabókasafns, að fyrirmynd (um bókaturm) ýmissa erlendra háskóla. Yrði þá hátíðarsalur lestrarsalur þess bókasafns.“ eins og segir í óprentaðri greinargerð („hugleiðingum“) um byggingarsögu Háskólans, sem dr. Þórir tók saman að beiðni höfundar þessa rits í marsmánuði 1989. Þar segir hann jafnframt um þetta mál: „Þetta fékk meðbyr í háskólaráði, en samt voru margir efaagjarnir. Á einum fundi var ég mjög ósáttur við Leif Ásgeirsson, sem mælti gegn þessari hugmynd. Sem betur fer, getur maður sagt er maður lítur til baka, var þessi hugmynd ekki framkvæmd.“



*Einar Sigurðsson háskólabókavörður í vinnuherbergi sínu í Aðalbyggingu. Á vegg hanga myndir af mönnum, er gefið hafa safninu stórgjafir, svo og fyrrverandi háskólabókavörðum, þeim Einari Ólafi Sveinssyni og Birni Sigfússyni. Einar Sigurðsson var ráðinn bókavörður við safnið 1964 en háskólabókavörður hefur hann verið síðan 1974. Myndin er tekin 1980.*

Framkvæmdir voru þó ekki á döfinni fyrst um sinn, en í kjölfar nýrra laga um Landsbókasafn Íslands, frá 1969, komst hins vegar meiri festa á undirbúning málsins. Í skýrslu háskólanefndar frá 1969 segir m. a.:

„Háskólanefnd tekur eindregið undir þær hugmyndir, sem fram hafa komið, um nauðsyn þess að tengja saman eftir því sem auðið er Landsbókasafn og háskólabókasafn. Verður afl þeirra safna sameinaðra ólíkt meira en tveggja lítilla safna og vanmegnugra. Bókakostur nýtist betur, starfslið og húsnæðisrými og bókakaup verða þá samræmdari en ella. – Með nýsettum lögum um Landsbókasafn Íslands nr. 38, 7. maí 1969 er nokkur stefna mörkuð í þessu efni, og var fylgt tillögum háskólaráðs í því efni. Kemur þessi stefnumörkun einkum fram í 8. gr. laganna, en þar segir m. a. svo: „Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavardar, er ný þjóðarbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir háskólans hafa söfn í sinni vörzlu. – Öflun erlendra rita og þjónusta í háskólaþarfir skal fara fram sameiginlega í samræmi við 2. tölulið 2. gr. auk 6., 7., 12. og 14. gr. Miðist starfræksla þessi við handbóka- og námsþarfir stúdenta, kennsluundirbúning og rannsóknir innan háskólans. Skal undirbúningur þessa fyrirkomulags þegar hafinn.“ Þá er í 13. gr. mælt



*Óskar Árni Óskarsson, bókavörður og ljóðskáld, við afgreiðslu á Háskólabókasafni, en þar hefur hann starfað síðan 1972. Myndin er tekin 1986.*

fyrir um, að reglugerð verði sett um samstarf háskólabókasafns og Landsbókasafns, svo og um þjónustu við Háskóla Íslands og stofnanir hans. – Með hinum nýju lagaákvæðum er vitanlega aðeins mörkuð almenn stefna, og þarf mál þetta mikillar athugunar í einstökum eignum, áður en til framkvæmda kemur. Hér verður m. a. að hafa í huga, eins og vikið er að í 8. gr. laganna, að hinar einstöku stofnanir háskólans þurfa á sérþókasöfnum að halda, sem verði þó skráð með meginbókasafninu, svo og að hinum einstöku lestrarsölum fyrir stúdenta verður að sjá fyrir viðhlítandi bókakosti. Leggur háskólanefnd mikla áherzlu á síðargreinda atriðið. Af hálfu háskólans hefir verið óskað eftir sérstökum fjárveitingum gagngert í því skyni að útvega bókakost til lestrarstofa stúdenta, og munu gerðar tillögur um nokkra fjárveitingu í þessu skyni í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1970. Hefir rektor skipað sérstakar nefndir í hverri deild til að kanna málið og setja fram hugmyndir og tillögur til úrbóta í þessum eignum. – Þótt mikilvægt sé að marka heildarstefnu um náðið samstarf háskólabókasafns og Landsbókasafns, svo sem nú hefir verið gert, verða vandamál háskólabókasafns í nánustu framtíð eftir sem áður óleyst. Geymslurými safnsins er á þrotum og lestrarsalir eru ónógir, miðað við þær þarfir, sem nú þegar eru fyrir hendi. Þegar við bætist mikil fjölgun stúdenta á næstu árum er ljóst, að ekki verður hjá því komizt að útvega húsnæði í þarfir bókasafnsins, þá ekki sízt vegna lestrarsala, áður en ný bygging fyrir bókasöfnin



tvö verður reist. Hugsa mætti sér að taka á leigu húsnæði eða jafnvel kaupa til að leysa þessi vandamál til bráðabirgða, þótt það sé ýmum vandkvæðum bundið. Þá kæmi einnig til greina að reisa byggingu í grennd við háskólann, gagnert til þess að útvega þar húsnæði fyrir lestrarsali stúdenta, er síðar yrði hægt að breyta í kennslustofur, ef ástæða þætti til. – Öllum vinnubrögðum í háskólabókasafni er nauðsynlegt hér eftir að haga á þann hátt, að sú nána samvinna milli Landsbókasafns og háskólabókasafns, sem nú er ráðin, verði sem fyrst virk. Er æskilegt, að skipulegt samstarf milli þessara tveggja stofnana, sem þegar er hafið, megi eflast, ekki sízt um samræmd ritakaup og ýmiss konar þjónustu, og einnig verði lagður grundvöllur að sérfræðilegri könnun þess, hvernig samstarfið verði nánar, þegar háskólabókasafn flyzt í byggingu fyrir Landsbókasafn ... – Engum verulegum umbótum verður komið fram í málum vísindabókasafna hér á landi, nema bráður bugur verði undinn að því að reisa byggingu fyrir söfnin tvö. Er það mikilvægt, að menntamálaráðherra lýsti yfir því, hinn 28. ágúst 1968, að lóð sé tryggð við Birkimel fyrir þetta safnhús og að nokkur byggingarsjóður verði nú myndaður. Háskólanefnd hvetur eindregið til þess, að þegar í stað verði hafinn undirbúningur að byggingu þessari og að einskis verði látið ófrestað til að gera hana svo úr garði, að hún geti gegnt sem bezt hlutverki sínu í þágu safnanna tveggja. Þurfa hér til að koma ráð sérfróðra manna, innlendra og erlendra, og athuganir á ýmsum nýjum söfnum í nágrannalöndunum, enda hefur UNESCO veitt stuðning til undirbúnings verksins. Háskólanefnd vill taka undir þær hugmyndir, sem fram hafa komið um, að þessi safnbygging verði reist í minningu ellefu alda byggðar á landi hér. Jafnframt vill háskólanefnd vekja athygli á umsögn háskólaráðs um frumvarp til Landsbókasafnslaga s. l. vetur, en þar batt háskólaráð fylgi sitt við frumvarpið þeirri forsendu, að í fyrsta áfanga byggingarinnar verði sérstaklega höfð í huga þörfin á lestrarsölum fyrir stúdenta.“

Alþingi hafði, árið 1966, skipað „Þjóðhátíðarnefnd“ til að gera tillögur um það hvernig Íslendingar skyldu minnast ellefu alda afmælis Íslandsbyggðar 1974 og mótaði nefndin snemma þá hugmynd, að Þjóðarbókhlaða (er hýsti Landsbókasafn og Háskólabókasafn) yrði reist sem minnisvarði þeirra tímamóta („þjóðargjöf“). Aflaði nefndin því máli stuðnings meðal ráðamanna, en jafnframt sendi Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hingað sérfræðinga til ráðuneytis vegna undirbúnings byggingar Þjóðarbókhlaðu (1969).

Vorið 1970 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktun, að frumkvæði *Gylfa Þ. Gíslasonar* menntamálaráðherra: „Alþingi ályktar, að í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist Þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.“ Skömmu síðar skipaði menntamálaráðherra byggingarnefnd Þjóðarbókhlaðu undir formennsku *Finnboga Guðmundssonar* landsbókavardar, en í nefndinni áttu jafnframt sæti Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins og Magnús Már



*Frá opnun sýningar á mikilli og merkri bókgjöf frá Blackwell Scientific Publications í Oxford í anddyfri Aðalbyggingar  
vorið 1985. Frá vinstri: Per Saugman forstjóri BSP, frá Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands, Einar Sigurðsson  
háskólabókaforður. Þessi gjöf til Háskólabókasafns var veitt til þess að minnst komu forseta Íslands til Oxford í  
febrúarmánuði 1982.*

Lárusson háskólarektor. Árið 1973 tók Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor sæti Magnúsar Más Lárussonar í nefndinni og síðari háskólarektorar hafa síðan átt þar sæti. Borgarráð samþykkti, árið 1971, stærð fyrrnefndrar lóðar við Birkimel, allt að 20.000 m<sup>2</sup>. Ári síðar voru þeir *Manfred Vilhjálmsson* og *Þorvaldur S. Þorvaldsson* ráðnir arkitektar byggingarinnar, en sem sérstakur ráðunautur byggingarnefndar var ráðinn enskur arkitekt, *H. Faulkner Brown*. Eigi reyndist unnt að hefja byggingarframkvæmdir á Þjóðhátíðarárinu 1974, svo sem vonir höfðu verið bundnar við, og ollu því m. a. tafir vegna samningsgerðar við Reykjavíkurborg um lóðina. Hlutu teikningar Þjóðarbókhliðu raunar ekki opinbert samþykki fyrr en 1977.

## Breytingar á skipan byggingarmála o. fl.

Lengi vel var vart um að ræða samræmda stjórn á byggingar- og húsnæðismálum Háskólans, nema hvað háskólarektor hlaut auðvitað að vaka yfir þeim málum sem öðrum.


Í júlímánuði 1967 var fastráðinn reyndur trésmíðameistari, *Sigursteinn Arnason* (f. 1905), til að annast viðhald háskólahúsnæðis og á húsbúnaði og húsgögnum. Hefur hann síðan verið í fullu starfi við það verkefni. Lengi var hann einn í þessu starfi, bæði við úti- og innivinnu, en eftir að smíðum fjölgaði hefur hann mestmegnis unnið innivinnu sem yfirsmíður í verkstæði Háskólans við Lóugötu (í „Skemmunni“). Áður en hann réðst til Háskólans hafði hann m. a. lengi unnið hjá Timburverzlun Árna Jónssonar, en síðar rekið eigið húsgagnaverkstæði í Reykjavík (við heimili sitt). Hefur Sigursteinn bæði réttindi í húsgagnasmíði og húsasmíði. Fyrstu árin hjá Háskólanum hafði hann (lélegt) afdrep í kjallara Aðalbyggingar, en ef hann þurfti að smíða eitthvað sem heitið gæti, gerði hann það á verkstæði sínu. Um 1972 seldi hann Háskólanum vélar sínar og voru þær þá fluttar í verkstæði, sem komið var upp í Skemmunni við Lóugötu.

Á þessum árum var *Magnús Vigfússon* byggingameistari (f. 1906, d. 1976) bygg- ingaefirtirlitsmaður við nýbyggingar Háskólans, en hann átti þá að baki langa reynslu í byggingamálum, einkum sem sjálfstæður verktaki. Magnús starfaði, a. m. k. um allnokkur ár, formlega á vegum Innkaupastofnunar ríkisins, en viðurkenndi sig í raun aldrei sem starfsmann þeirrar stofnunar, heldur taldi sig alltaf vera hagsmunagæslumann Háskólans, og stóð sig með ágætum í því starfi.<sup>44</sup>

Fljótlega eftir að *Guðlaugur Þorvaldsson* hafði tekið við rektorsembætti (1973) fór hann að vinna að endurbótum á yfirstjórn Háskólans, er hann hafði reyndar áður undirbúið sem formaður „stjórnsýslunefndar“. Þeirri skipan var nú komið á, 1974, að *háskólaritari* væri eins konar fjármála- og rekstrarstjóri Háskólans, *kennslustjóri* bæri ábyrgð á samræmingu og skipan kennslu og kennsluhúsnæðis og *byggingastjóri* sæi um húsnæðismálin í heild, þ. m. t. ráðgjöf til rektors og háskólayfirvalda í þeim efnun, samskipti við Innkaupastofnun ríkisins, sem lengst af hafði formlega stjórn á og umsjón með nýbyggingum Háskólans (þ. e. meðan þær voru í smíðum, sbr. l. 63/1970), umsjón með fasteignum, rekstri þeirra og viðhaldi, efniskaupum, mannráðningum á því sviði

<sup>44</sup> Hér er haft eftir dr. Magga Jónssyni arkitekt.

*Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor  
(1973–1979).*



og samþykkt reikninga. Var nú *dr. Maggi Jónsson* arkitekt ráðinn í starf byggingastjóra, eftir að hann kom heim að loknu doktorsprófi í arkitektúr í Bandaríkjunum, í janúarmánuði 1974. Áður hafði hann gegnt byggingarráðgjöf í tengslum við nokkrar háskólabyggingar, svo sem hús Raunvísindastofnunar, en síðar við byggingu Norræna hússins. Á rektorsárum Magnúsar Más Lárussonar starfaði Maggi töluvert fyrir Háskólann um skeið, en meðan hann vann erlendis við lokaáfangann í framhaldsnámi sínu, gegndi *Karl Ómar Jónsson* verkfræðingur því ráðgjafarstarfi (en rak þó jafnframt verkfræðistofu). Maggi Jónsson var ráðinn byggingastjóri Háskólans í hlutastarfi og varð þar aldrei um fullt starf hans að ræða. Stofnsetti hann sína eigin teiknistofu og hefur rekið hana síðan, jafnframt starfi sínu fyrir Háskólann. Þegar kom að byggingu Odda, allnokkrum árum síðar, lét Maggi af starfi byggingastjóra, en við tók *Magnús Bergsteinsson* byggingameistari (f. 1915), sem síðan hefur annast stjórn daglegs reksturs og viðhalds háskólahúsnæðis, en Maggi tók við ráðgefandi starfi í bygginga- og húsnæðismálum Háskólans, sem hann hefur gegnt síðan, jafnhliða almennum arkitektsstörfum. Hefur hann m. a. teiknað byggingar fyrir Háskólann, svo sem síðar verður nánar getið, auk þess sem hann hefur hannað margar aðrar byggingar, svo sem



*Guðlaugur Þorvaldsson háskólaþekktur í ræðustól við brautskráningu nemenda. Til hliðar sitja (frá hægri) deildarforsetarnir: Arnljótur Björnsson, Páll Skúlason, Sigmundur Guðbjarnason, Þórir Einarsson og Sigurjón Björnsson.*

skólahús víðsvegar um landið. Áður en Magnús Bergsteinsson, núverandi byggingastjóri, tók við föstu starfi fyrir Háskólann hafði hann um skeið unnið þar ýmis störf við viðhald bygginga og breytingar húsa (t. d. Loftskývastöðvar) sem verktaki með sinn vinnuflokk, en áður hafði hann um fjölda ára staðið fyrir húsbyggingum í Reykjavík og víðar, þar á meðal stórbygginga svo sem Búnaðarbankans í Austurstræti 5, Almennra trygginga í Pósthússtræti 9, Iðnaðarbankans í Lækjargötu 12, Bókhöfuð á Bessastöðum, Læknahúss við Egilsgötu, Morgunblaðshússins í Aðalstræti 6 og Norræna hússins.

Hinn 16. janúar 1975 lagði *Guðlaugur Þorvaldsson* rektor fram í háskólaráði tillögu um tilnefningu manna í tvær nefndir, er starfa skyldu undir formennsku byggingastjóra að könnun á húsnæðisþörf Háskólans, aðstöðu einstakra greina og hverra viðbóta væri þörf í fyrirsjáanlegri framtíð. Skyldi könnun þessi taka jafnt til kennslu, rannsókna, aðstöðu fyrir kennara, stjórnunar og aðstöðu fyrir stúdenta. Var tillaga þessi samþykkt samhljóða. Hófst nú undirbúningur þessa viðamikla starfs, en síðar var ákveðið að setja á stofn eina nefnd í þessu augnamiði og hinn 18. mars 1976 samþykkti háskólaráð einróma, að skipa „ráðgjafarnefnd háskólaráðs um nýbyggingar á háskólalóð 1977–1980“, undir formennsku byggingastjóra. Í nefndina voru kjörnir, auk Magga Jónssonar byggingastjóra, prófessorarnir Guðmundur K. Magnússon, Ragnar Ingimarsson.

Sigurjón Björnsson og Sveinbjörn Björnsson. Páll Skúlason prófessor var ráðinn ritari nefndarinnar en Sigurður P. Gíslason viðskiptafræðingur var ráðinn starfsmaður hennar. Í júnímánuði 1977 skilaði nefndin viðamikilli skýrslu um „húsnæðisþarfir Háskólans 1977 til 1981“ („Gráu skýrslunni,“ svonefndri), og verður efnis hennar síðar getið.

## Skipulagstillögur Alvars Aaltos 1975–1976

Eitt af fyrstu verkum *Guðlaugs Þorvaldssonar*, eftir að hann varð háskólarektor, var að koma á bættri stjórn í húsnæðismálum Háskólans, svo sem fyrr var lýst, en einnig gerði hann sér fljótt grein fyrir því að forsenda markvissra framkvæmda við nýbyggingar og húsnæðisbætur hlaut að vera nothæft *skipulag* lóðasvæða Háskólans, sem þá var ekki fyrir hendi. Framkvæmdanna var þó skammt að bíða og gekk rektor rösklega fram í málinu, með dr. Magga Jónsson byggingastjóra sér við hlið. Fljótlega eftir að Maggi var ráðinn að Háskólanum (1974) fóru þeir rektor saman í kynnisferðir til ýmissa háskóla á Norðurlöndum og víðar og kynntu sér fyrirkomulag og skipulag háskólabygginga.

Í viðtali við höfund þessa rits<sup>45</sup> segir *Guðlaugur Þorvaldsson*:

„Eitt hið fyrsta, sem mér fannst vera mjög stórt vandamál sem þyrfti að taka á, þegar ég var kjörinn rektor, var hin brýna þörf á þremur byggingum. Það vantaði mjög fljótlega viðbótarhús fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild, það vantaði mjög hús fyrir húmanísku fræðin og var þá sérstaklega talað um Viðskiptadeild, Félagsvísindadeild og hluta Heimspekideildar, og sömuleiðis var talin mjög brýn þörf á því að hefjast handa um byggingar á Landspítalalóðinni, – þar sem var sérstök stjórn yfir mannvirkjagerðinni, – bæði fyrir Læknadeild og Tannlæknadeild. Þegar ég fór að huga að þessu, þá var í fyrsta lagi ljóst, að Reykjavíkurborg var ekki tilbúin til þess að veita leyfi til þessara bygginga á Háskólalóðinni sjálfri, fyrr en fyrir lægju ítarlegar skipulags-hugmyndir um lóðina, og í öðru lagi var þegar ljóst, að peningar frá Happraðttinu voru ekki nægjanlegir til þess að byggja þessar þrjár byggingar á þeim tíma, sem talin var þörf á. Spurningin var: hvað átti að gera? Þá var það líka ljóst að takast þyrfti á um forgangsröðun bygginganna og að það yrðu átök þarna og þau töluvert mikil. Ég man, að ég sat á þessum tíma marga fundi í Læknadeild, gerði það sem rektor, og sömuleiðis með stjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, og það var oft heitt í kolunum á þessum fundum. Sömuleiðis sat ég fundi með Verkfræði- og raunvísindadeild um þessi mál. Áður en hafist yrði handa um þessar framkvæmdir varð þó að gera eitthvað í skipulagsmálunum. Ég hafði vissulega nokkrar áhyggjur af því, hvernig ætti að taka á því


45 Viðtalið fór fram í janúarmánuði 1988.




*Alvar Aalto, hinn kunnifinnski arkitekt, vann að skipulagi háskólalóðar, sem sýnt var almenningi 1976.*



máli. Gunnlaugur Halldórsson arkitekt hafði fram til þessa séð um alla skipulagningu á Háskólalóðinni, en hann var þá orðinn fullorðinn og Magnús Már, forveri minn í starfi, hafði sagt að það væri mjög erfitt að fá hann til að vinna frekar að þessum málum, svo ég kallaði Gunnlaug á minn fund, gerði endanlega upp við hann, það sem talið var að hann ætti inni, og við skildum í fullri vinsemd þannig að við gætum gert það sem okkur sýndist í framtíðinni varðandi skipulag án þess að hann myndi nokkuð móðgast út af því. Vitaskuld hefði það verið lýðræðislegast og mér mest að skapi að fara með þessi mál inn á háskólaráðsfund og ræða um það, hvernig ætti að standa að því að undirbúa samkeppni eða annað, en þetta mál var svo brýnt að ég ákvað það í samráði við Magga Jónsson – og ég játa, að það er kannski það ólýðræðislegasta sem ég tel mig hafa gert í minni rektorstíð, en jafnframt það nauðsynlegasta. Alvar Aalto, arkitekt að Norræna húsinu, þekkti lóðina vel, svo við fórum á hans fund í Helsinki og spurðum hann að því, óskuldbindandi, hvort hann hefði áhuga á því að setja fram hugmyndir um skipulag háskólalóðarinnar. Við sátum hjá honum heilan eftirmiðdag og hann var mjög ánægður með þessa heimsókn og samþykkti á þessum fundi að gera þetta og það yrði forgangsverkefni hjá honum. Þetta var mjög skemmtilegur fundur, sem ég gleymi aldrei. Ég man það, að þegar við vorum að ræða við Alvar Aalto, var það ofarlega í hans huga að skýla Háskólalóðinni fyrir norðanstrengnum. Eitt af því, sem kom fram í þessum umræðum, var það, að þrátt fyrir þrengsli um Félagsstofnun stúdenta þarna, þá væri gott að setja upp í vindgatið í norðri. Það var hugmynd Aaltos að þrengja Skeifuna að norðan. Hún væri alltaf tóm. „Aðeins gæsir, en aldrei neinn maður!“ sagði hann.“



*Stipulagslíkan Alvars Aaltos frá 1976. Háskólasvæðið séð úr norð-austri.*




*Forráðamenn Háskólans gengust fyrir kynningu á skipulagstillögu Alvars Aaltos í nóvembermánuði 1976. Við skipulagslíkanið standa f.v. Stefán Sörensson háskólaritari, Guðlaugur Þorvaldsson háskóla- rektor og dr. Maggi Jónsson arkitekt, ráðgjafi Háskólans í byggingarmálum.*

Aalto, sem á þessum tíma var í hópi hinna kunnustu arkitekta heims, hófst nú handa við gerð skipulagsins, en Maggi Jónsson annaðist viðamikla forvinnu og gagnasöfnun í því sambandi.<sup>46</sup> Í nóvembermánuði 1975 hafði Aalto lokið vönduðum uppdraetti, sem hann endurskoðaði raunar og breytti nokkru síðar. Í febrúarmánuði 1976 voru tillögur Aaltos kynntar í háskólaráði og í sama mánuði kynntar skipulagsyfirvöldum Reykjavíkurborgar, þar sem þeim var í fyrstu vel tekið. Í ágústmánuði sama ár skýrði rektor frá því í háskólaráði, að samið hefði verið við skrifstofu Alvars Aaltos (sem andast hafði þá um vorið) um gerð líkans í samræmi við þær skipulagstillögur háskólalóðar, sem hann hafði gert fyrir á árinu og kynntar höfðu verið.

<sup>46</sup> Verkefni Aaltos beindist einkum að því að kanna hverjir þróunarmöguleikar Háskólans væru á miðsvæðinu miðað við, að kjarni háskólasvæðisins yrði Aðalbyggingin og umhverfi hennar. Hugmyndir manna á þessum tíma voru, að í framtíðarháskólahverfi þyrfti að vera öflugur miðkjarni.

Í nóvembermánuði 1976 var líkan þetta, ásamt teikningum, síðan haft til sýnis fyrir almenning í fundaherbergi háskólaráðs í Aðalbyggingu og einnig boðað til blaðamannafundar af því tilefni. Í Morgunblaðinu, 23. nóvember 1976, birtist ítarleg frásögn af þessari kynningu tillagnanna, svohljóðandi:

„Tillögur um skipulag háskólalóðarinnar hafa nú litið dagsins ljós. Af því tilefni boðaði rektor Háskóla Íslands til blaðamannafundar, þar sem skýrt var frá hugmyndum skipulagsins bæði á teikningum og á líkani. Tillögur þessar voru einnig, að sögn rektors, lagðar formlega fyrir skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar á fundi í gær. Auk Guðlaugs Þorvaldssonar háskólarektors voru viðstaddir kynningu hins nýja skipulags þeir Maggi Jónsson, arkitekt, ráðgjafi HÍ í byggingarmálum, Halldór Guðjónsson, kennslustjóri háskólans, og Stefán Sörensson, háskólaritari. – Það er finnski arkitektinn Alvar Aalto, sem á heildurinn af hinu nýja skipulagi, en Aalto lést sem kunnugt er síðastliðið vor. Alvar Aalto var, að sögn rektors, mjög kunnugur aðstæðum á háskólalóðinni, en hann teiknaði Norræna húsið á sínum tíma. Sagði rektor, að skipulagið miðaði allt að því að sami miðkjarninn héldist. Það er frumkjarni Háskólans, sem er aðalbyggingin, héldi áfram að vera það og við það væri framtíðarskipulagið miðað. Í núverandi skipulagi er fullmikið ónotað svæði á milli bygginga á háskólalóðinni. Er þar helzt um að ræða hina svokölluðu Skeifu, sem er grassvæðið fyrir framan aðalbygginguna, og er hún algerlega ónothæft útirými, opin fyrir veðri og vindum. Í skipulagi Alvars Aaltos ... er gert ráð fyrir að á áðurnefndri Skeifu verði byggt við aðalbygginguna – og verði í þeim byggingum kennslustofur fyrir húmanískt fræði. Þessar byggingar koma til með að afmarka háskólalóðina frá umferðinni á Hringbraut. Hins vegar kemur fram á teikningum að svæðið milli núverandi bygginga á háskólalóðinni nægir ekki fyrir framtíðarskipulagið, þannig að reynt verður að fullnýta svæðið norður af aðalbyggingunni – mýrarnar, sem í framtíðinni verða aðalbyggingarsvæðið. Verður núverandi aðalgata um háskólalóðina færð niður að Umferðarmiðstöðinni. – Þróunin miðar sem sé að því, að aðalbygging háskólans verði áfram í nánnum tengslum við akademískar deildir sínar, rannsóknarstofur og nemendur, þótt ekki sé gert ráð fyrir öllum deildum háskólans á háskólalóðinni. Til dæmis mun læknaeildin koma til með að verða á Landspítalalóðinni þegar tímar líða, að því er rektor sagði. Að frátöldu skipulagi háskólalóðarinnar, sem ekki kemur til með að nægja, er gert ráð fyrir byggingum vestan Suðurgötu, fáist leyfi borgaryfirvalda. – Sagði Maggi Jónsson arkitekt, að með því að mynda áframhaldandi miðkjarna, væru öll umhverfissjónarmið höfð í heiðri og það hefði Aalto haft í huga. Í teikningum Aaltos kemur miðhverfið út sem eins konar óxull milli Háskólans og Norræna hússins. Gert er ráð fyrir fyrirlestrahúsi fyrir allt háskólahverfið á milli Nýja Garðs og Norræna hússins. Einnig hugsanlega Náttúrugripasafni, hægra megin við fyrirlestrahúsið. Aðalinnkeyrsla inn á háskólalóðina verður á milli trjáganga meðfram Félagsstofnuninni og Þjóðminjasafninu. Við Suðurgötu er gert ráð fyrir bílastæði Háskólans. Í skipulaginu eru




UNIVERSITY OF ICELAND / REYKJAVIK 1/1000

HELSINKI 7.11.1975

ALVAR AALTO ARCHITECT

*Að tilhlutan Guðlaugs Þorvaldssonar háskólarektors var Alvar Aalto, arkitekt í Helsinki júlíð að gera tillögur að nýju skipulagi háskólalóðarinnar. Gerði hann fyrsta tillöguupprátt síun sem hér er birtur, síðla árs 1975, en þar koma m.a. fram hugmyndir Aaltos um ýmsar nýjar háskólabyggingar og umtalsverðar breytingar á miðbiki háskólalóðar.*



*Þessa mynd tók Maggi Jónsson arkitekt á vinnustofu Alvars Aaltos í Munkkiniemi í Helsinki, meðan teiknistofa Aaltos vann að skipulagsverkefningu fyrir Háskóla Íslands. Í forgrunni er líkan það af háskólalóðinni í Reykjavík, sem gert var fyrir Háskólann. Yfir því má sjá líkan af kirkju, sem reist var á Ítalíu, en fjær á myndinni sést í skipulagslíkan Aaltos af hverfinu Töölöviken í miðborg Helsinki (umhverfis Finlandia-húsið, sem Aalto teiknaði).*

umhverfissjónarmið höfð í huga, t. d. með því að gangandi umferð er ekki gleymt og gert er ráð fyrir auðum svæðum með göngugötum, einnig svæðum fyrir trjárækt og útilistaverk. – Þróunarskipulagið miðar að því að halda gamla miðkjarnanum á sínum stað næstu áratugina. Fyrstu drög að skipulagi háskólalóðarinnar komu fram 1962, en stækkuð háskólalóð varð til fyrir gjafabréf Reykjavíkurborgar, árið 1961. Sagði rektor að mikil óvissa hefði ríkt um framtíðarbyggingar á háskólalóðinni og hvort leyfi fengist fyrir þeim. Af því tilefni hafði hann kynnt sér skipulag háskóla annars staðar á Norðurlöndum og rætt við marga frammámenn í þeim efnum, er hann heimsótti háskólana 1974. – „Alvar Aalto var arkitekt á heimsmaelikvarða,“ sagði rektor. „Með þessu skipulagi hefur hann undirstrikað hinn gamla, vinsæla miðkjarna. Það er brýn nauðsyn að stjórnysla háskólans sé í nánnum tengslum við kennslu og rannsóknir. Verði þetta skipulag háskólalóðarinnar samþykkt, vonumst við til að fá færustu íslenska arkitekta og skipulagsfræðinga í lið með okkur, til að hrinda áætlunum í framkvæmd,“ sagði Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor að lokum.“

Í fyrrnefndu viðtali við bókarhöfund segir *Guðlaugur Þorvaldsson* nánar um tillögu Aaltos:

„Hugmynd Aaltos var að þrengja Skeifuna og mynda með því skjólgarð fyrir norðanveðrinu, það var grunnþátturinn í hugmynd hans. Síðan átti að skipuleggja háskólalóðina í suður og suðaustur út í mýrina. Fyrir sunnan Norræna húsið skyldi vera svæði fyrir náttúruvísindin og þar fyrir sunnan fyrir íþróttaaðstöðu, því það var ljóst að íþróttavöllurinn á Melunum yrði að hverfa. Hugmyndin var að íþróttasvæðið yrði syðst og reynt að hafa það sameiginlegt með borginni þegar Melavöllurinn færi. Síðan yrði byggt yfir náttúruvísindin, en að öðru leyti var það nú þrengingin á Skeifunni sem olli mestri gagnrýni og sérstaklega tengingin við aðalbygginguna, það skil ég vel. Gamla háskólabyggingin og Skeifan eru svo helgar í augum almennings að þar virðist fáu mega haggja. Ég held að þessi hugmynd Alvars Aaltos hafi að því leyti verið góð, að hún ýtti við öllu. Bæði þeir, sem voru með gagnrýni, og hinir, sem voru með hugmyndinni, gerðu sér þegar ljóst að það var mjög brýnt að taka ákvörðun um skipulag háskólalóðarinnar. Reykjavíkurborg var ekki tilbúin til þess að samþykkja þetta skipulag strax, heldur lenti málið í biðstöðu, en þetta varð þó til þess að borgin samþykkti, að meðan þessi mál væru skoðuð betur innan Háskólans yrði veitt leyfi til þess að byggja eitt hús á verkfræðideildarlóðinni og eitt þar sem Oddi stendur núna. Ég held að forsendan fyrir því að við fengum leyfi til að byggja þessi hús, skipulagslega séð, hafi verið sú, að við vorum búnir að leika okkar leik í skipulagsmálunum, og það stóð þá á öðrum að svara því, og m. t. t. þessa þá held ég að þetta hafi verið nauðsynlegur leikur í smávegis tafla. – Viðbrögð manna við tillögum Aaltos urðu annars misjöfn. Sumir urðu allt frá því að vera særðir upp í það að vera hrifnir, en sjálfur verð ég að segja, að þessi tenging við Aðalbygginguna „stakk mig“ svolítið, en ég féll að mörgu leyti fyrir þeim röksemdum Alvars Aaltos, að það þyrfti að þetta byggðina þarna og skýla fyrir norðangarranum. En í mínum huga var það fyrst og fremst, sem ég sagði áðan, að reyna að leita einhverra skjótra leiða, þar sem það stóð upp á Háskólann að segja eitthvað í skipulagsmálum áður en við fengjum leyfi til að byggja næsta hús, og mér fannst að það væri besti leikurinn í stöðunni að fá mann, sem þekkti lóðina – það var Alvar Aalto – og fyrst hann var reiðubúinn til þess með mjög skjótum hætti að setja fram hugmyndir, þá fannst mér það ekki skaða, og ég er enn þeirrar skoðunar að þetta hafi ýtt málinu af stað. En ég get aldrei sagt, að ég hafi innst í hjarta mínu verið fullkomlega sáttur við þetta skipulag, það verð ég að segja eins og er; hins vegar lagði ég til að það yrði lagt fyrir Reykjavíkurborg og auðvitað vissi ég að það myndi fá faglega meðferð þar líka.“

Skipulagstillaga Aaltos náði ekki fram að ganga. Hún var að vísu endurskoðuð nokkrum árum síðar en að lokum höfnuðu skipulagsyfirvöld í Reykjavík henni formlega, svo sem nánar verður skýrt frá síðar.

# ÞRIÐJI HLUTI

Þróun síðustu ára





# 1

## Yfirlit

### *Almennt um stöðu húsnæðismála og þarfir („Gráa skýrslan“)*

Þess hefur áður verið getið, að háskólaráð skipaði, í marsmánuði 1976, ráðgjafarnefnd um nýbyggingar á háskólalóð, undir formennsku *Magga Jónssonar* byggingastjóra. Skilaði nefndin viðamikilli skýrslu um það mál í júnímánuði 1977, „Gráa skýrslunni“ svokölluðu. Samkvæmt erindisbréfi var nefndinni ætlað að leysa tvö verkefni: að lýsa húsnæðisaðstöðu Háskólans á háskólalóð og brýnustu þörfum næstu fimm árin, og að benda á leiðir til að fullnægja húsnæðisþörfum Háskólans „innan ramma fjárveitinga til nýbygginga, sem samþykktar var í háskólaráði 1975“. Hvað síðara atriðið varðar segir í niðurstöðum nefndarinnar:


„Meginniðurstaða nefndarinnar af þessari gagnasöfnun og úrvinnslu er ótvíræð: húsnæðisþörfum háskólans verður ekki fullnægt með því fé sem háskólinn hefur til ráðstöfunar ... Þess er enginn kostur að benda á leiðir til að fullnægja húsnæðisþörfum háskólans með því fé sem háskólinn hefur til ráðstöfunar að óbreyttu ástandi – slíkar leiðir eru ekki til. – Í því skyni að rækja að nokkru erindi sitt, þrátt fyrir brostnar forsendur, varð nefndin sammála um að benda á hagkvæma stærð byggingaráfanga og setja fram nokkra kosti um niðurröðun starfsemi með hliðsjón af sameiginlegum þörfum einstakra þátta skólastarfseminnar. Nefndarmenn komu sér einnig saman um að vinsa úr þann kost sem þeim þótti bestur. Formaður nefndarinnar tók ekki afstöðu í því máli.“

Í skýrslu nefndarinnar eru m. a. settar fram eftirfarandi upplýsingar og tillögur um framkvæmdir á háskólalóð:

	„Fé til ráðstöfunar á verðlagi 1977 (millj. kr.)	Samsvarar m <sup>2</sup> á verðlagi 1977
1977	74,0	493
1978	97,6	651
1979	95,8	639
1980	93,8	625
1981	91,7	611
Samtals		3.019 m <sup>2</sup>



*Lofmynd af háskólasvæðinu, tekin í nóvember 1989.*



*Hluti Háskólahverfisins 1982.*



*Nýmæli í menntunarmálum. Stórt átak var gert í starfsmenntunarmálum fiskvinnslufólks í tengslum við kjarasamninga 1986 og hafa þúsundir útskrifast af þeim námskeiðum. Myndin er tekin þegar stór hópur frá Granda h.f. í Reykjavík útskrifaðist 1988, en námskeiðið var haldið í húsakynnum Háskóla Íslands. Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra er í hópi þeirra fremstu á myndinni.*

### Byggingaráfangar

Til að nýta fjármagn á sem hagkvæmastan hátt, er heppilegt að byggja í áföngum sem svari til eins árs byggingargetu. Segja má að eðlilegur byggingartími sé um tvö ár. Á fyrsta árinu yrði unnið fyrir um hálfis árs fjárframlag, en eftir það yrði helmingi fjármagnsins á hverju ári varið til að ljúka áfanga frá árinu áður, og helmingi til að hefja byggingu nýs áfanga. Þannig yrðu ávallt tveir áfangar í byggingu, og á hverju hausti, eftir fyrsta haust, yrði unnt að taka í notkun áfanga sem svarar til ársfjárframlags. Skv. ofangreindri fjárhagsáætlun virðist unnt að miða við áfanga sem séu rúmlega 600 m<sup>2</sup>. Sú stærð er þó of lítil og óhagkvæm og er óhjákvæmilegt að miða við 1200–1500 m<sup>2</sup> áfanga sem smæstu byggingaráfanga.

Með hliðsjón af þessu er hér sett fram tillaga að eftirfarandi byggingaráætlun:

#### Skipting í byggingaráfanga

	1978	1979	1980	1981	
	108 <sup>1</sup>	130	32		
		1800 m <sup>2</sup>			
		28	64	88	
			1200 m <sup>2</sup>		
	108	158	96	88	
Greiðslust.					
um áramót	+74,0	+63,6	+1,4	-0,8	+2,9

<sup>1</sup> Til greiðslu á árinu í millj. kr.


Sumarið 1978 gæti hafist bygging um 1800 m<sup>2</sup> áfanga. Þar sem nokkurt fé frá árinu 1977 verður til ráðstöfunar, væri hagkvæmt að hafa þennan áfanga nokkru stærri en síðari áfangann. Árið 1979 yrði haldið áfram framkvæmdum við áfanga frá 1978, en samhliða hafin bygging nýs áfanga, um 1200 m<sup>2</sup>. Árið 1980 yrði svo enn unnið að áfanga frá 1978 og honum lokið eigi síðar en í júlí. Samhliða yrði unnið allt árið að áfanga frá 1979. Æskilegt væri að hefja framkvæmdir á nýjum áfanga um sumarið 1980, en miðað við þá fjárhagsáætlun sem fyrir liggur er slíkt ekki framkvæmanlegt. Í lok árs 1981 yrði lokið við áfanga sem hafin var vinna við 1979. Samhliða yrði unnið að hönnun nýs áfanga, um 1200 m<sup>2</sup>, er framkvæmdir hefjist við árið 1982. – Samkvæmt framansögðu geta því orðið tilbúnir til notkunar sumarið 1980 um 1800 m<sup>2</sup>, og í lok árs 1981 um 1200 m<sup>2</sup>. Til ráðstöfunar yrðu því í lok skipulagstímabilsins fullbúnir um 3000 m<sup>2</sup>.

Miðað við að allt leiguhúsnaði, sem nú er í notkun, verði það áfram, en slíkt mun ekki raunhæft í öllum tilfellum eins og áður var bent á, er unnt að fullnægja um 40%



*Í Ármúla 1A er Rannsóknastofa Háskólans í veirufræði til húsa. Starfsemi rannsóknastofunnar hófst árið 1974 í bráðabirgðahúsnæði á landspítalalóð, en fluttist á miðju ári 1988 í rúmgot, nýinnréttad húsnæði á tveimur neðri hæðum hússins í Ármúla 1A. Húsnæðið er í eigu og rekstri Ríkisspítala, eins og bráðabirgðahúsnæðið á landspítalalóð var, en Háskólinn hefur frá upphafi starfseminnar tekið virkan þátt í rekstrinum að öðru leyti og lagt rannsóknastofunni til allan tækjakost, annan en þann, sem notaður er við eyðni- og lífrarbólgurannsóknir á sérstakri áhætturannsóknadeild, sem Ríkisspítalar reka einir í hluta af húsnæði rannsóknastofunnar. Verklef kennsla í veirufræði á vegum Læknadeildar fer fram í Ármúla 1A. Einnig koma þangað nemendur úr öðrum deildum og meinatekninemar úr Tækniskóla Íslands. Ráðgert er að Örverufræðistofa Líffræðiskorar flytjist vorið 1990 í húsið. Ármúli 1A mun þannig hýsa hinar ýmsu stofnanir í örverufræði.*

þarfanna með nýbyggingum á tímabilinu. – Þegar þessar tölur eru skoðaðar, kemur í ljós, að verði haldið áfram byggingum á svipuðum hraða við lok skipulagstímabilsins, þ. e. byggðir að jafnaði um 500 m<sup>2</sup> á ári, mun bil milli þess húsnæðis sem til umráða er og lágmarksþarfa breikka óðfluga. Samkvæmt spá er gert ráð fyrir að nokkuð muni hægja á fjölgun nemenda eftir 1980, og að hún verði nánast engin næstu 10 árin eftir 1985. Með þetta í huga og að óbreyttum forsendum má því gera ráð fyrir að næstu 10 árin, þ. e. umrætt skipulagstímabil, og 5 ár þar á eftir, verði erfiðust að því er tekur til húsnæðisskorts innan stofnunarinnar. Hins vegar ber að hafa ríkt í huga að sterkar líkur eru á að þær breytingar, sem nú eru að verða í skólakerfinu, muni raska forsendum spárinnar og opna mun fleiri leiðir að námi í háskólanum. – Sú staðreynd blasir því við, að háskólinn mun ekki geta sinnt með nýbyggingum nema 40% af viðbótarþörf fyrir húsnæði á næstu árum, nema mjög auknar fjárveitingar fái til framkvæmda. – Af framansögðu leiðir, að innan þess fjárhagsramma, sem að ofan er getið, verður háskólanum ekki séð fyrir því lágmarkshúsnæði sem þarf til að tryggja að unnt verði að



*Margrét Guðnadóttir prófessor er forstöðumaður Rannsóknarstofu Háskólans í veirufræði í Ármúla 1A. Myndin er tekin á vinnustað hennar í desember 1989.*



*Í Ármúla 1A. Kristín Anna Ólafsdóttir líffræðingur vinnur frumur úr nefkoksogi úr ungbörnum til að leita að öndunarferasýkingum. Öryggisbúnaður er viðhafður vegna sýkingarhættu. Myndin er tekin í desember 1989.*



Að Skaftahlíð 24, þar sem lengi var rekinn skemmtistaðurinn Lídó, og síðar Tónabær, leigði Háskólinn árum saman húsnæði vegna kennslu í stórum nemendahópum, m. a. laganema á 1. námsári.

halda uppi óbreyttri kennslu fyrir þann fjölda nemenda sem gert er ráð fyrir. – Með hliðsjón af þessu er hér sett fram tillaga að framkvæmdaáætlun er annars vegar miðast við að reynt verði að tryggja áframhaldandi starfsemi með svipuðu sniði og verið hefur, og hins vegar við hagkvæmstu nýtingu fjár með tilliti til byggingaraðstæðna og að lágmarksfé verði bundið í ófullgerðum húsum á hverjum tíma.

#### Byggingaráætlun

1978	1979	1980	1981	1982
108 <sup>1</sup>	130			
	1800	m <sup>2</sup>		
	108	130	32	
		1800 m <sup>2</sup>		
		108	130	32
			1800 m <sup>2</sup>	
			108	130
				1800 m <sup>2</sup>
108	238	272	272	Árleg fjár- þörf í m.kr.“

<sup>1</sup> Til greiðslu á árinu í millj. kr.






*Að Þingholtsstræti 29 er Stofnun Sigurðar Nordals til húsa.*



*Hellusund I. Skólahús þetta var lengi í eigu Verzlunarskóla Íslands, en komst síðar í eigu Ríkissjóðs. Háskólinn hefur haft það á leigu síðan 1986. Það hefur bæði verið notað til kennslu og prófa.*



*Háskólanemar í prófi í sal fyrrverandi húss Verslunarskólans að Hellusundi 1, í janúar 1990.*

Síðan ber nefndin fram eftirfarandi ábendingar um leiðir til ráðstöfunar framkvæmdafjár:

„Til viðmiðunar fyrir háskólaráð og með hliðsjón af flokkun húsnæðisparfa í skýrslu þessari, vill nefndin benda á nokkrar leiðir sem henni sýnist að helst komi til álita, eigi að taka mið af því takmarkaða fé sem háskólinn hefur nú til ráðstöfunar á umræddu tímabili (þ. e. til að byggja um 3000 m<sup>2</sup>). Nefndin gerir þá ráð fyrir að aflað verði 4500 m<sup>2</sup> viðbótarrýmis á sama tíma, en telur ekki hlutverk sitt að gera tillögur um hvernig að því skuli staðið. – 1. Sú leið sem kæmist næst því að fullnægja húsnæðisþörfunum, miðað við fjárráðin, er sú að byggja ekkert, en leigja eingöngu. En jafnvel þessi leið útheimtir mjög auknar fjárveitingar til að standa straum af húsaleigu. Auk þess hefði þessi leið svo afdrifarík áhrif á framtíð stofnunarinnar, að nefndin telur hana ekki koma til greina, því að gera yrði ráð fyrir að megnið af leiguhúsnæðinu yrði dreift alllangt frá háskólalóðinni. – 2. Að byggðir verði 3000 m<sup>2</sup> fyrir verkfræði- og raunvísindagreinar. Þannig yrði að verulegu leyti leyst úr þörfum þeirra greina sem hafa verið í mjög örum vexti á síðustu árum. Þó yrðu umtalsverðir þættir í starfsemi verkfræði- og raunvísindadeildar að bíða. Jafnframt er ljóst, að stöðnun og samdráttur yrði í annarri starfsemi háskólans og öðrum deildum yrði ókleift að gegna hlutverki sínu, nema þarfir þeirra verði leystar á samsvarandi hátt. – 3. Að byggðir verði 3000 m<sup>2</sup> vegna hugvísindagreina. Þessi leið hefði í för með sér að leita þyrfti annarra leiða til að leysa



Háskóli Íslands hefur annast rekstur Reykjavíkur Apóteks síðan 1982 (lyfsöluleyfi á nafn Háskólans var gefið út það ár, en kaupsamningur um fyrirtækið af Sigurði Ólafssyni, fráfarandi lyfsala, var gerður 1981). Frá 1930 hefur Reykjavíkur Apótek verið í leiguhúsnæði að Austurstræti 16 og hefur nú jarðhæð hússins, kjallara og hluta 4. hæðar. Skrifstofur borgarstjóra eru í sama húsi. Apótekið mun vera elsta fyrirtæki á Íslandi, sem enn er starfrækt, stofnsett 1760, opnað í Nesstofu á Seltjarnarnesi 1763 en flutt til Reykjavíkur 1833. Þar fer nú m. a. fram hluti af verklegri kennslu lyfjafræðinema.



Úr afgreiðslusal Reykjavíkur Apóteks.



*Í leiguhúsnæði að Grensásvegi 12 hefur Háskólinn haft „útibú“ síðan 1970, en í fyrstu var aðeins leigður hluti þess húsnæðis, sem Háskólinn hefur síðar fengið til umráða þar. Húsnæði þetta hafa Líffræðiskor og Líffræðistofnun Háskólans til afnota.*



*Agnar Ingólfsson prófessor rannsakar þarasýni vegna könnunar á mengun frá álveri á þaragróður. Myndin er tekin í húsnæði Háskólans að Grensásvegi 12 (bakhúsi), í janúar 1990.*



*Jörundur Svavarsson dósent rannsakar smásjárýni í húsnæði Háskólans að Grensásvegi 12 (bakhúsi). Myndin er tekin í janúar 1990.*

þarfir verkfræði- og raunvísindadeildar, en þar vantar með öllu aðstöðu í sumum greinum, einkum verklegri kennslu. Hins vegar yrði unnt að bæta að nokkru úr brýnustu þörfum annarrar starfsemi á háskólalóð. – 4. Að byggðir verði 1800 m<sup>2</sup> vegna líffræði, en 1200 m<sup>2</sup> vegna annarra þarfa. Nefndin telur þessa leið ekki færa. Ef nú yrði byggt yfir líffræðina þyrfti háskólinn að taka álíka stórt húsnæði á leigu til annarra nota og kosta þar til nýrra innréttinga. – 5. Að byggðir verði 1800 m<sup>2</sup> vegna annarra þarfa en verkfræði- og raunvísindagreina, en 1200 m<sup>2</sup> vegna þarfa hinna síðarnefndu. Er þá gert ráð fyrir að annar áfangi yrði austan Suðurgötu, en hinn vestan hennar. Þannig yrði kleift að leysa hluta þeirra þarfa, sem flokkaðar eru undir lið A, en það eru þær þarfir sem fullnægja verður, eigi háskólinn að halda áfram að innrita nemendur með svipuðu sniði og verið hefur. – 6. Að byggðir verði tveir 1200 m<sup>2</sup> áfangar, annar vegna verkfræði- og raunvísindagreina, hinn vegna hugvísindagreina, en jafnframt yrði tekið á leigu 1200 m<sup>2</sup> húsnæði vegna hugvísindagreina. Talið er að andvirði 600 m<sup>2</sup> í nýbyggingu samsvari kostnaði við innréttingu um 1200 m<sup>2</sup> leiguhúsnæðis. Um þessa leið gilda sömu rök og um leið 5, nema með þessu móti væri hugsanlegt að fá 600 m<sup>2</sup> húsnæði til viðbótar með sama fjármagni. – Þessar tvær síðasttöldu leiðir telur nefndin skárri en hinar þrjár fyrrnefndu, og hefur því reynt að gera sér nokkra grein fyrir því hvernig þær mættu best fara ...“



*Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor við vinnu sína að Grensásvegi 12 (bakhúsi), í janúar 1990.*



*Grensásvegur 11. Á efri hæð hússins hefur Háskólinn leigt húsnæði fyrir Líffræðiskor Raunvísindadeildar síðan 1982.*



*Gísli Már Gíslason prófessor á vinnustað sínum að Grensásvegi 11, í janúar 1990.*

Starf nefndar þessarar hafði margvísleg áhrif við skipulagningu bygginga og nýtingu byggingarfjár á næstu árum, svo sem síðar verður greint frá.

Hinn 3. nóvember 1977 ályktaði háskólaráð um húsnæðismál Háskólans (málið hafði einnig verið rætt ítarlega í ráðinu á fundi 27. október sama ár), og byggði þá allmjög á fyrrnefndri skýrslu. Í stórum dráttum var kveðið á um eftirfarandi: – 1. Byggður yrði áfangi austan Suðurgötu. Miðað yrði við að u. þ. b. þriðjungur rýmis færi undir kennslustofur, umræðu- og æfingaherbergi, þriðjungur a. m. k. undir kennaraherbergi og þriðjungur undir rannsóknadstöðu og málver. Sérstök not félagsvísindadeildar og viðskiptadeildar voru nefnd. – 2. Byggður yrði áfangi vestan Suðurgötu. Miðað yrði við að brýnustu þörfum verkfræði- og raunvísindagreina, annarra en líffræðigreina, yrði sinnt. – 3. Byggður yrði áfangi til að leysa vanda líffræðigreina, bæði að því er varðar kennslu og rannsóknir. – 4. Byggður yrði áfangi í þágu hugvísinda (félagsvísindadeildar, guðfræðideildar, heimspekideildar og viðskiptadeildar). – Ekki var kveðið á um hvor síðastnefndu áfanganna yrði byggður fyrr, en þó sagt að á þessu stigi væri við það miðað að líffræðiáfanginn kæmi fyrst. – Háskólaráð ályktaði jafnframt, að í framhaldi af ofangreindum áföngum yrðu byggðir tveir viðbótaráfangar, annar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, en hinn í þágu hugvísinda. – Viðbótarályktun var gerð um nýja skemmu fyrir birgðastöð og verkstæði.

Árangur þessarar ályktunar skýrist í því, sem síðar verður sagt.



*Áð Ármúla 30 hefur Háskólinn leigt húsnæði síðan 1971. Frá ársbyrjun 1989 hefur þar verið til húsa Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði (í Læknadeild), sem áður var í Aðalbyggingu. Þar áður og frá upphafi var í Ármúla 30 kennsluaðstaða fyrir líffærafræði og lífefnafræði í Læknadeild.*



*Úr húsakynnum Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði í Ármúla 30. Þorkell Jóhannesson, prófessor og forstöðumaður stofnunarinnar, við massaskynjara, sem greinir eiturog mengunarefni niður í trilljónasta hluta úr gramma. Myndin er tekin í desember 1989.*






*Haflíði Ásgrímsson líffræðingur og Magnús Jóhannsson prófessor í rannsóknarstofu í Ármúla 30, í desember 1989.*


Í erindi, sem *Ragnar Ingimarsson*, formaður starfsnefndar um nýbyggingar Háskólans, flutti á fundi í Félagi háskólakennara í marsmánuði 1985, segir hann um þáverandi ástand húsnæðis- og byggingamála og um framkvæmdamöguleika:<sup>1</sup>

„Útlit í húsnæðimálum háskólans er dökkt. Hvert sem litið er, er mikill skortur á húsnæði, starfsemin er dreifð út um allan bæ og það er óvissa um hvort leiguafnot fáiast framlengd þar sem slíku er til að dreifa. – Hvað er til ráða ef ekki á að draga starfsemina saman – takmarka innstreymi í skólann eða draga úr gæðum kennslu og rannsókna? – Þær raddir heyrast að lausnin sé sú að koma upp bráðabirgðahúsnæði. Að vísu virðist að þeir, sem þetta hugtak nota, eigi ekki allir við það sama – sumir eiga við nánast flytjanlegar smáeiningar, en aðrir eiga við húsnæði, sem gert væri úr ódýrum efnum sem fljótlegt væri að byggja úr. Að mínu mati yrðu það dapurleg örlög ef lóðin hér fylltist af smáhýsum og gefist yrði upp á því að koma frambærilegu húsnæði upp – húsnæði sem bæði hentaði kennslu og rannsóknum og skapaði það umhverfi sem slíkri starfsemi er nauðsynlegt. – Hin hugmyndin, það er, að til séu þau efni og byggingaraðferðir sem gæfu okkur kost á nothæfu húsnæði, fljótt og fyrir miklu minna fé en nú er eytt í hverja

<sup>1</sup> Erindið er birt í Fréttabréfi Háskóla Íslands, 3. tbl. 1985.




*Hildigunnur Hliðar aðstoðarlyfjafræðingur rannsakar hér morfín og kókaín í þvagi. Myndin er tekin í Ármúla 30 í desember 1989.*




*Kristín Ólafsdóttir sérfræðingur og Jakob Kristinsson dósent við massagreini í Ármúla 30. Myndin er tekin í desember 1989.*



„Sumarhöll“ vestan Tæknigarðs var tekin í notkun vorið 1984 (var áður afgreiðsla Húsasmiðjunnar við Súðavog). Þar voru skrifstofur Reiknistofnunar Háskólans til húsa frá 1984 til 1988, er stofnunin flutti, ásamt tækjakosti, er áður var í VR I og „Sumarhúsi“, í Tæknigarð. Nú eru þar vinnuherbergi kennara og annarra starfsmanna Háskólans.




„Vetrarhöll“, vestan Tæknigarðs. Húsið var reist fyrir tölvunám.



Í „Sumarhúsi“, sem stendur við suðurvegg VR I, hafði Reiknistofnun Háskólans aðstöðu þar til 1988. Nú er þar m.a. aðstaða fyrir starfsmenn verkstæðis og fyrir nemendur í verkfræði, efnafraeði og matvælafræði.



*Sigtún 1. Háskólinn hafði efri hæð hússins á leigu frá 1976, en með gjafabréfi dags. 8. júlí 1987 afhentu hjónin Sigurgeir Svanbergsson og Margrét Finnbogadóttir (eigendur Bílaleigunnar Vegaleiða) Háskólanum eignarhluta þess fyrirtækis í húsinu. Á efri hæð hússins hefur Læknadeild aðstoðu fyrir kennslu í heilbrigðisfræði, félagslækningum og heimilislækningum, en jafnframt er þar til húsa Örverufræðistofa Líffræðiskorar, sem atlað er að flytja þaðan vorið 1990.*



*Guðni Alfreðsson prófessor við rannsóknarsmásjá með myndatökubúnaði, í húsæði Örverufræðistofu Líffræðiskorar í Sigtúni 1. Myndin er tekin í janúar 1990.*

## *Um Háskólabæ í Reykjavík*

Sagan sýnir að hagkvæmt og eftirsóknarvert er talið að háskóli hafi umhverfi fyrir sjálfan sig (campus).

Hótel Saga var talin hagkvæmur og eftirsóknarverður samastaður bænda í höfuðborgarheimsóknum (villa).

Telji bændur enn hlutverk sitt að halda gisti- og gleðihús í borginni þarf það ekki endilega að vera á þessum stað.

Háskólinn er í stöðugu húsnæðishraki og vantar olnbogaráými hið næsta sér og þar er Hótel Saga fyrir honum.

Á þessu vandamáli er sú einfalda lausn að háskólinn eignist Hótel Sögu og bændur sitt hús í alfaraleið nýja miðbæjarins. Þannig gætu báðir aðilar unað glaðir við sitt symposium.

Með þessu gæti m. a. eftirfarandi unnist til nokkurrar frambúðar:

1. að til yrði vísisr að háskólabæ í höfuðborg landsins, svo sem víða er með alvörubjóðum
2. að háskólinn hefði frjálsar hendur um eigin uppbyggingu og skipulag
3. að vel yrði búið að yfirstjórn skólans í aðalbyggingunni, tákni háskólabæjarins
4. að til reiðu væru nægilega stórir fyrirlestrasalir fyrir sfaukinn fjölda námsmanna
5. að bætt yrði úr húsnæðisvandamálum stúdenta í og utan sambúðar
6. að allir kennarar hefðu sæmilega vinnuáðstöðu
7. að háskólinn hefði yfir að ráða sómasamlegu mótuneyti fyrir stúdenta og kennara
8. að hægt væri að hýsa gesti á hagkvæman hátt og halda boðlegar veislur
9. að borgið yrði hug- og líkamsrækt stúdenta og kennara
10. að háskólinn yrði sjálfum sér nægri í menningar- og veraldlegri þjónustu

Með þessu væri m. a. hægt að stofna og/eða starfrækja á einum stað:

1. Háskólahappdrætti, sem fengi að auki einkaleyfi á bingóhaldi þjóðarinnar (Háskólabingó)
2. Háskólaapótek, sem hefði einkaleyfi á tiltekinni lyfjaframleiðslu
3. Háskólasparisjóð, sem tæki yfir launareikninga allra kennara og stúdenta, þ. á m. lánaþjóð og lífeyri, happdrættið og aðrar háskólastofnanir

4. Háskólaforlag, sem hefði m. a. sýnisbókasafn á staðnum, en enga prentsmiðju

5. Háskólaferðaskrifstofu, sem m. a. annaðist ferðalög kennara og stúdenta, innlendra og erlendra til landsins og frá því

6. Háskólabar, sem hefði einkaleyfi til að selja sterkan íslenskan bjór framleiddan af apótekinu og verkfræðideild

7. Háskólamensu, sem seldi stúdentum og kennurum og gestum þeirra niðurgreiddan mat í þakklætisskyni við bændur

8. Háskólasaunu, þar sem einnig væri snyrtistofa, nuddstofa, sjúkraþjálfun o. s. frv.

9. Háskólaleikhús í tengslum við veitingasölu (restaurant-theater)

10. Háskólahótel, sem rekið yrði á sumrin, þegar bændur komast ekki í bæinn. Stúdentar, einkum á lokastigum náms, hefðu forgang til launaðrar vinnu við reksturinn, hver á sínu sviði, og fengju þannig jafnframt praktíska reynslu (viðskiptafræðanemar, lögfræðinemar, lyfjafræðinemar, sjúkraþjálfarar, matvælafræðinemar, bókasafnsfræðinemar o. s. frv.)


Kostir þessarar lausnar eru augljósir. Helstu veraldlegu vandamál háskólans yrðu leyst á einu bretti og hægt að stinga fjárfestingaráætlunum niður í skúffu. Þar sem eins víst er að einhverjum dytti í hug að spyrja hvernig ætti að fara að þessu sakar ekki að geta þess að í því efni er ekki um vandamál að ræða að öðru leyti en því að velja á milli tveggja kosta:

1. að þiggja Hótel Sögu að gjöf frá bændasamtökunum til háskólans til minningar um bændamenninguna og/eða sem arftaka hennar.

2. að fallast á að ríkið kaupi Hótel Sögu handa háskólanum gegn loforði hans um að fyrirgefa ráðamönnum í eitt skipti fyrir öll þá mismunun að hafa byggt yfir alla skóla landsins, aðra en æðstu menntastofnunina.


Annars er bara að taka erlent lán með ríkisábyrgð og veði í öllu heila klabbinu og láta svo guð og lúkkuna ráða, eins og ríkisstjórnir gera.

Björn Þ. Guðmundsson  
(Úr Fréttabréfi Háskóla Íslands,  
5. tbl. 1984)



*Hrafn Tulinius prófessor í vinnuherbergi sínu í Sigtúni 1, í janúarmánuði 1990.*

flatareiningu, byggir á misskilningi. Ég sagði miklu minna fé. Að sjálfsögðu væri hægt að fórna nokkrum gæðum – íburði ef menn vilja kalla það svo – og byggja nokkru ódýrara. Það er hætt við að slíkur sparnaður kæmi fljótt fram í auknu viðhaldi, auk þess sem ýmsum þætti húsnæðinu ábótavant. Við erum að tala um frávik í byggingarkostnaði um nokkur prósent. – Hvað um byggingarhraða? – Miðað við að framkvæmdir gangi eðlilega, t. d. eins og við sjáum nú vestan Suðurgötu, og að ekki þurfi að stöðva þær vegna fjárskorts, þá er ég viss um, að ekki er kostur á hagkvæmari og fljótlegri byggingaraðferð en þar er beitt. Gleymum ekki, að við erum að hluta að byggja yfir sérhæfða starfsemi og getum ekki byggt eins og um íbúðarblokk væri að ræða. – Ef við snúum okkur aftur að undirbúningnum og framkvæmdum, sem unnt yrði að hefja í náiinni framtíð, þá stendur dæmið svona: – Unnt væri að halda framkvæmdum áfram við byggingu 7 á Landspítalalóð. Með norðurkjarna þess húss þyrfti u. þ. b. 100 millj. kr. auk tækjafjár. Að sjálfsögðu mætti innréttu hluta húsnæðisins fyrir minna fé. Eins og áður er sagt, er þetta húsnæði ætlað læknadeild. – Ekkert væri því til fyrirstöðu að drífa VRD áfangann vestan Suðurgötu áfram. Til að ljúka honum þarf u. þ. b. 100 millj. kr. auk tækjafjár. – Unnt væri að byggja síðari hluta svonefnds Hugvísindahúss strax. Í þann áfanga þarf u. þ. b. 30 millj. kr. Áfanginn er að mestu leyti kennara- og sérfræðingaherbergi. – Forskrift svonefnds Líffræðihúss er á lokastigi. Ætla má að unnt



*Geymsluhúsnæði Háskólans að Skemmuvegi 42 í Kópavogi hefur m. a. verið notað sem bóka- og blaðageymsla fyrir Háskólabókasafn. Háskólinn hefur haft húsnæðið á leigu síðan 1985.*

væri að hefja framkvæmdir innan tveggja ára. Í þessa framkvæmd má ætla að þurfi 100 millj. kr. auk tækjafjár. Það má skjóta því hér inn, að töluvert er rætt um þann möguleika að byggja yfir Náttúrufræðistofnun í tengslum við þessa byggingu. – Nú er undirbúningur að viðgerð og stækkun húss Raunvísindastofnunar kominn af stað. Ætlunin er að bæta einni hæð ofan á húsið auk viðgerða. Þessi hæð er u. þ. b. 500 m<sup>2</sup>. Með framlagi af fé Hapdrættis Háskólans, 4–5 millj. kr., auk 7 millj. kr. sem stofninin á sjálf, má ætla að tryggt sé fé til helmings framkvæmdarinnar. Fyrirhugað er að reyna að hefja framkvæmdir um mitt ár. – Þá er forskrift fyrir nýja kvikmyndasali við Háskólabíó – kvikmyndasali, sem jafnframt mætti nota til fyrirlestrahalds, að mestu lokið og hönnunarvinna að hefjast. Ef allt gengur að óskum væri hugsanlegt að salirnir kæmust í notkun haustið 1987. Ekki er miðað við að á næstu þrem árum þyrfti að fá neitt framlag frá Hapdrættinu í þessa framkvæmd.“

Í erindi, sem Ragnar flutti á fundi í Félagi háskólakennara 26. október 1989 segir hann m. a. um þáverandi stöðu mála og framtíðarhorfur:<sup>2</sup>

„Áætlað [var] 1977 að þörf fyrir viðbótarhúsnæði fyrir árslok 1981 væri um 7500 m<sup>2</sup>. Þetta miðaðist við að stúdentafjöldi við háskólann yrði um 3400 árið 1981. – Ef tekst að ljúka framkvæmdum við hugvísindahús og Háskólabíó á næsta ári má segja að aukið hafi verið við rannsókn- og kennsluhúsnæði á lóð háskólans sem svarar 8200 m<sup>2</sup> (3000 + 2000 + 1000 + 3600/3 + 690 + 325). Þessi viðbót hefur orðið á 12 ára tímabili eða sem svarar til um 700 m<sup>2</sup> á ári. Á þessu sama tímabili hefur háskólanemendum fjölgað úr u. þ. b. 2800 í u. þ. b. 4800 (væntanleg skráning um miðjan vetur) og

2 Erindið er birt í Fréttabréfi Háskóla Íslands, 8. tbl. 1989.





*Að Nóatúni 17 hefur Háskólinn leigt húsnæði síðan 1982. Þar hafði Endurmenntunarnefnd Háskólans aðstöðu þar til sú starfsemi var flutt í Tæknigarð og kennsla í matvælafræði fór á tímabili fram í þessu húsi. Nú er þar m. a. Mannfræðistofnun Háskólans og lesstofur fyrir læknanema og nemendur í félagsvísindum.*



*Á 1. hæð og í kjallara að Tjarnargötu 39 voru m. a. lengi lesstofur fyrir læknanema. Háskólinn seldi húsið 1988.*



*Húsið að Bjarkargötu 6 hefur verið í eigu Háskólans síðan 1969. Þar hafa lengi verið lesstofur viðskiptafræðinema, en jafnframt hafa nokkrir háskóla kennarar vinnuherbergi þar.*

hlutfallsleg fjölgun fastra starfsmanna hefur ekki verið minni. – Að því er varðar hús lækna- og tannlæknadeilda á Landspítalalóð er rétt að vekja athygli á því að í upphaflegri áætlun um húsnæðisþarfir þessara deilda (Weeks-áætlun) var talið nauðsynlegt að reisa fyrrnefndan norðurkjarna auk þess sem nú hefur verið reist. Ekki fer þó á milli mála að ástand í húsnæðismálum þessara tveggja deilda hefur mjög lagast á síðasta áratug þar eð um 5300 m<sup>2</sup> húsnæðis hefur verið tekið í notkun í hinu nýja húsi. Hluti af þeirri starfsemi sem nú er í þessari byggingu flytur úr óhentugu leiguhúsnæði annars staðar í borginni og hluti flytur úr húsnæði á háskólaalóð (óverulegt í fermetrum talið). – Það má ljóst vera að tal um mikla og óþarfa aukningu á húsnæði háskólans er út í hött. Verður ekki betur séð en að ástand í húsnæðismálum t. d. á háskólaalóðinni sé mun lakara nú en það var 1977/78. – Víða um lönd eru til staðlar er segja til um hæfilega stærð húsnæðis vegna starfsemi háskóla. Útreiknuð húsnæðisþörf byggir á fjölda stúdenta og dreifingu þeirra á hin ýmsu fræðasvið. Breskir staðlar gera hvað minnstar kröfur til rýmis, en á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og í Þýskalandi eru kröfurnar meiri. – Ef reiknað er á grundvelli bresku staðlanna fæst að núverandi húsnæðisþörf Háskóla Íslands er um 55.000 m<sup>2</sup>, að viðbættu húsnæði fyrir félagsaðstöðu og íþróttir.



*Eirberg, áður hús Hjúkrunarskóla Íslands, er í eigu Háskólans. Menntamálaráðuneytið afhenti Háskólanum húsið með bréfi dags. 19. júní 1986. Þar hefur Námsbraut í hjúkrunarfræði aðsetur sitt. Landspítalinn hefur leigunot af kjallara og 1. hæð aðalálmu fyrir bókasafn. Nýi hjúkrunarskólinn, sem sá um framhaldsmenntun hjúkrunarfræðinga, leigði húsnæði á 2. hæð í nokkur ár, þar til hann var lagður niður 31. desember 1989, en þá yfirtók Háskólinn starfsemi hans.*



*Herdís Sveinsdóttir lektor kennir hjúkrunarfræðinemum í Eirbergi (stærstu kennslustofu) í janúarmánuði 1990.*




*Hjúkrunarfræðinemar í kennslustund í Eirbergi, í janúarmánuði 1990.*

– Þegar nýir fyrirlestrasalir í Háskólabíói, síðari hluti Odda og óinnréttað húsnæði í byggingu 7 hefur verið tekið í notkun, væntanlega á næsta ári, verður sérhannað húsnæði háskólans samtals um 34.000 m<sup>2</sup>. Annað húsnæði í eigu háskólans verður um 4500 m<sup>2</sup>, leiguhúsnæði um 5000 m<sup>2</sup>. Að teknu tilliti til notagildis jafngilda þessir síðastnefndu 9500 m<sup>2</sup> vart meira en 6–7000 m<sup>2</sup> í sérhönnuðu háskólahúsnæði, og má því segja að til umráða séu 40–41000 m<sup>2</sup>. – Samkvæmt því sem að ofan er rakið vantar Háskóla Íslands nú um 14–15000 m<sup>2</sup> húsnæðis til að fullnægja lágmarksstöðlum. – Það er mjög mikilvægt að ekkert hlé verði nú á byggingarframkvæmdum. Það er betri kostur að auka jafnt og sígandi við húsnæðiskost háskólans en að gera slíkt með rykkjum. Starfsnefndin hefur leitast við að undirbúa þær framkvæmdir sem von hefur verið í að mætti koma eitthvað áleiðis í fyrirsjáanlegri framtíð og enn aðrar sem lengra er í hafa verið lauslega áætlaðar. Helstu nýbyggingaframkvæmdir sem fyrirhugaðar hafa verið eru þessar: *Oddi, síðari áfangi*. Vegna fjáskorts hefur ekki reynst unnt að ljúka við innréttingu þessa áfanga. Í áfanganum verða yfir fjörutíu ný herbergi sem mjög munu bæta úr brýnni þörf fyrir kennara- og sérfræðingaherbergi. Áætlað er að um 25 m. kr. þurfi til að ljúka framkvæmdinni og búa húsið innanstokksmunum. – *Háskólabíó*. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum að mestu við þessa byggingu á næsta ári. Starfsnefndin telur óhjákvæmilegt að háskólinn verði að veita nokkru fjármagni til



*Að Vitastíg 8 hefur Námsbraut í sjúkrabjálfun aðsetur sitt í húsnæði, sem Háskólinn hefur haft á leigu síðan 1983.*

Þessara framkvæmda umfram það sem þegar hefur verið gert. Áætlaðar eru 30–40 m. kr. í verkið. – *Bygging 7* (á Landspítalalóð). Enn er ólokið innréttingavinnu í hluta þessa húsnæðis. Á fyrstu hæð er ólokið við 950 m<sup>2</sup>, á annarri hæð (suðurkjarna) er ólokið við 450 m<sup>2</sup> og á þriðju hæð (suðurkjarni) eru 350 m<sup>2</sup> óinnréttaðir. Áætlað er að 40–50 m. kr. þurfi til að ljúka þessum framkvæmdum. – Upphafleg áætlun fyrir lækna- og tannlæknadeildir gerði ráð fyrir að byggður yrði svonefndur norðurkjarni til afnota fyrir deildirnar. Stærð norðurkjarnans sem þegar hefur verið hannaður að hluta er um 3400 m<sup>2</sup>. Lauslega má áætla að framkvæmdin kosti 320–340 m. kr. Botnplata er þegar steipt. – *VR-III*. VR-III er þriðji áfangi í byggingu húsnæðis fyrir verkfræðideild og raunvísindadeild. Áfanginn skiptist í þrjár álmu, álmu D, sem eru þrjár sambyggðir skálar vegna rannsókna og verkkenngu í verkfræðigreinum, álmu E, sem eru tveir



*Úr verklegri kennslu í sjúkrahjálfun, 1986.*

sambyggðir skálar fyrir þjónustumiðstöð háskólans, og álmu C, sem er hús með kennslustofum, kennaraherbergjum og vinnustofum. Álma D hefur þegar verið reist og er að mestu komin í notkun. Búið er að steypa botnplötu í álmu E og er álman tilbúin til lokaútboðs. Vegna kvaða Reykjavíkurborgar um að verkstæðisskemma háskólans við Hjarðarhaga verði rifin af öryggisástæðum er brýnt að ljúka E-álmunni til að rýma megi skemmuna. Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd er milli 50 og 60 m. kr. – Búið er að steypa botnplötu í álmu C, en verið er að athuga möguleika á að bæta hæð ofan á fyrirhugaðar tvær hæðir þessa húss. Til greina kemur að öll starfsemi verkfræðideildar sem nú er í VR-II (tekið í notkun 1975) verði flutt í álmu C, en þá yrði nauðsynlegt að stækka þá álmu. Rými sem losnaði í VR-II yrði væntanlega notað í þágu stærðfræði og eðlisfræði. Miðað við að þriggja hæða hús, samtals um 2700 m<sup>2</sup>, verði reist á núverandi grunni má reikna með framkvæmd sem kosta muni milli 160 og 180 m. kr. – VR-IV. VR-IV er fjórði og síðasti áfangi í byggingu húsnæðis fyrir verkfræðideild og raunvísindadeild. Þessi áfangi er í raun tengibygging milli VR-I, VR-II og VR-III. Áfanginn hefur ekki verið hannaður í endanlegri mynd. Ljóst er þó að í honum verður töluvert af þjónusturými (fatahengi, anddyri, snyrtingar, breiðgangar) auk fyrirlestrasala, kennslustofa og skrifstofa. Frumhönnun gerir ráð fyrir 3600 m<sup>2</sup> húsi og gróft áætlað má



*Sjúkrahjálfanemarnir Hólmfríður Sigurðardóttir, Harpa Sigurðardóttir og Anna Margrét Guðmundsdóttir niðursokknar í taugalíffærafæði, 1989.*



*Kristbjörg Helgadóttir og Lárus Jón Guðmundsson sjúkrahjálfanemar, 1989.*



*Skjalasafn Háskólans hefur aðstöðu á efri hæð þessa húss, sem er hluti gömlu Mjólkurstöðvarbygginganna að Laugavegi 162, þar sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur nú fengið aðsetur til frambúðar.*

gera ráð fyrir kostnaði milli 230 og 250 m. kr. – *Jarðvísindahús.* Mjög þrengir nú að þeirri starfsemi sem er til húsa í gamla Atvinnudeildarhúsinu (Jarðfræðahús) þ. e. a. s. jarð- og landfræðiskor og Norrænu eldfjallastöðinni. Lögð hefur verið fram frumáætlun um hús fyrir þessa starfsemi. Gert er ráð fyrir húsi sem yrði um 5000 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Sýnt þykir að miða verði við að húsið verði byggt í tveim áföngum. Þegar liggur fyrir loforð frá ríkisstjórn um framlag til þessarar byggingar að upphæð sem næst 50 m. kr. Miðað við að byggingaráfangar yrðu á móta stórir má reikna með að kostnaður við hvorn áfanga yrði um 150 m. kr. Heildarfjárþörf umfram nefndar 50 m. kr. yrði um 250 m. kr. – *Líffræðihús.* Sem kunnugt er eru líffræðiskor og Líffræðistofnun til húsa við Grensásveg eða í allmikilli fjarlægð frá meginathafnasvæði raunvísindadeildar, sem hún tilheyrir. Þessi einangrun líffræðistarfseminnar hefur verið talin mjög óheppileg. Á undanförunum árum hefur því verið undirbúin hönnun nýrrar byggingar fyrir líffræðigreinar og við það miðað að hún yrði reist á lóð háskólans við Suðurgötu. Nú lítur aftur á móti út fyrir að betra verði að reisa þessa byggingu á austurhluta háskólalóðarinnar, þar sem rýmra yrði um hana. Til tals hefur komið að náþýli við fyrirhuguð Jarðvísindahús og Náttúrufræðihús gæti verið æskilegt. Forskrift fyrir hið nýja hús liggur nú fyrir og er miðað við að húsið verði tæpir 2900 m<sup>2</sup> að flatarmáli. **Reikna má** með kostnaði við þetta hús að upphæð 180–200 m kr. – *Lyfjafraðihús.* **Byggingu** þeirri sem hér um ræðir er ætlað að hýsa framleiðsludeild Reykjavíkur **Apóteks** (í eigu H. Í.), auk þess sem kennsla í lyfjafraði mun fara fram í henni. Hönnun er vel á veg komin og væri unnt að hefja framkvæmdir nú þegar. Sem stendur starfar framleiðsludeildin á undanþágum þar eð núverandi húsnæði deildarinnar er talið alls ófullnægjandi og verður ekki komist hjá því að koma upp nýrri aðstöðu fyrir hana. Húsið verður 2400 m<sup>2</sup> að stærð og er áætlaður kostnaður við það um 160 m. kr. – *Heimspékideild – Orðabók.* Fyrir liggur að mjög þrengir að starfsemi þess hluta heimspékideildar, ásamt Orðabók háskólans, sem nú er til húsa í Árnagarði.





*Magnús Guðmundsson skjalavörður Háskólans við störf í Skjalasafninu að Laugavegi 162, í janúar 1990.*

Nauðsynlegt er að fara nú að hyggja að framtíðarhúsnæði fyrir þessa starfsemi. Í frumáætlun sem unnin hefur verið innan heimspekideildar og samþykkt þar er niðurstaðan sú að um 4500 m<sup>2</sup> hús myndi koma til móts við þarfir deildarinnar. Áætla má lauslega að kostnaður við hús fyrir þessa starfsemi yrði um 280–300 m. kr. – Íþróttahús. Íþróttahús háskólans er fyrir löngu orðið of lítið fyrir hinn mikla fjölda starfsmanna og nemenda sem eru við skólann. Þetta kemur sjálfsgagt engum á óvart sem fylgst hefur með hinum öru breytingum síðustu áratuga. Lauslegt mat á stækkunarþörf íþróttamannvirkja Háskólans bendir til þess að 2500–3000 m<sup>2</sup> húsnæði þurfi til að fullnægja þeim kröfum sem nútíminn gerir til slíkra mannvirkja. Áætla má að kostnaður við íþróttahús gæti verið um 250 m. kr.“

Í skýrslu um „hús Háskóla Íslands 1987/1988“, sem Jóhann Guðmundsson tók saman undir umsjá Magga Jónssonar, gefur að finna eftirfarandi upplýsingar um þáverandi húsnæði (bæði eigið húsnæði og leiguhúsnæði):

*Eigið húsnæði Háskóla Íslands 1987/1988*

	Heildargrunnflötur brúttó	
1. Aðalbygging	5.334 m <sup>2</sup>	
2. Aragata 9	202 m <sup>2</sup>	
3. Aragata 14	374 m <sup>2</sup>	
4. Árnagarður (70%)	2.427 m <sup>2</sup>	(allt 3.468 m <sup>2</sup> )
5. Bjarkargata 6	338 m <sup>2</sup>	
6. Bygging 7	2.015 m <sup>2</sup>	(allt 7.290 m <sup>2</sup> )
7. Háskólabíó	3.041 m <sup>2</sup>	
8. Hjúkrunarskólinn, Eirberg	3.928 m <sup>2</sup>	(allt 4.203 m <sup>2</sup> )
9. Íþróttahús háskólans	1.120 m <sup>2</sup>	
10. Jarðfræðahús (33,3%)	380 m <sup>2</sup>	(1.140 m <sup>2</sup> )
11. Loftskýtastöðin	372 m <sup>2</sup>	
12. Lógata 2	1.020 m <sup>2</sup>	
13. Lögberg	2.787 m <sup>2</sup>	
14. Oddi	2.970 m <sup>2</sup>	
15. Reiknistofnun - Sumarhús	120 m <sup>2</sup>	
16. Reiknistofnun - Sumarhöll	188 m <sup>2</sup>	
17. Reiknistofnun - Vetrarhöll	266 m <sup>2</sup>	
18. Sigtún 1	386 m <sup>2</sup>	
19. Skólabær Suðurgötu	100 m <sup>2</sup>	
20. Smyrilsvegur 22	183 m <sup>2</sup>	
21. Suðurgata 26	276 m <sup>2</sup>	
22. Tjarnargata 39	263 m <sup>2</sup>	
23. VR I	1.850 m <sup>2</sup>	
24. VR II	3.645 m <sup>2</sup>	
25. VR III	<u>2.010 m<sup>2</sup></u>	
	35.686 m <sup>2</sup>	

*Leiguhúsnæði Háskóla Íslands 1987/1988*

26. Ármúli 30	1.160 m <sup>2</sup>
27. Ásvallagata 54	100 m <sup>2</sup>
28. Grensásvegur 11	179 m <sup>2</sup>
29. Grensásvegur 12 og bakhús	1.500 m <sup>2</sup>
30. Hellusund 1	865 m <sup>2</sup>
31. Nóatún 17	479 m <sup>2</sup>
32. Skemmuvegur 42, Kóp.	300 m <sup>2</sup>
33. Tjarnarbær	468 m <sup>2</sup>
34. Vitastígur 8	<u>516 m<sup>2</sup></u>
	5.567 m <sup>2</sup>

## „Þófar“

„Þófar“ (púfferar, dúar) í efnakerfum valda því, að heimurinn gengur sinn gang áfallalítið: þófar stýra efnasamsetningu hafsins, samsetningu blóðsins í æðum – ef þeir væru ekki fyrir hendi mundi óhollur matur eða heimskuleg hegðun ganga af manni dauðum á skömmum tíma, og lífríkið yrði að etja við stórar sveiflur í umhverfi sínu, sem jafnast út eða hverfa fyrir tilstilli þófanna. Þófinn virðist vera grundvallaratriði í lífríkinu, bæði lífinu sjálfu og í umhverfi þess. Þau kerfi, sem ekki hafa þennan eiginleika, eru þess vegna vond og ólífvænleg. – Nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað stórkostlega á undanförunum árum. Þessari fjölgun hefur ekki verið unnt að mæta með sambærilegri rýmkun húsnæðis, svo sem rektor og fleiri hafa rækilega lýst í Fréttabréfi Háskólans og víðar. Í stað þess hefur verið brugðizt við með því að troða fleirum og fleirum í sama húsnæði, unz til algers ófarnaðar horfir. Nú síðast lýstu þessum vandræðum tveir stundatöflugerðarmenn Verkfræði- og raunvísindadeildar í bréfi til deildarráðs. Bréfinu fylgir yfirlit yfir nýtingu 10 kennslustofa deildarinnar, og reynist hún vera 45 tímar á viku að meðaltali. Í bréfinu segir á einum stað: – „Ljóst er að á komandi hausti mun skapast neyðarástand að óbreyttu. Stofur munu vera fullnýttar frá 8:00 til 19:00 (hádegi meðtalið) og frá 8:00 til 16:00 á laugardögum. – Þessi stofuskortur veldur að sjálfsögðu sundurslitinni stundatöflu hjá nemendum og hlaupum fram og aftur um háskólasvæðið, og almennt er erfitt að uppfylla kröfur manna um töflu. Hlýtur þetta að koma niður á gæðum kennslu við deildina almennt.“ – Höfundar benda á ráð til úrbóta, en telja þann kost langbeztan að reisa timburhús á lóðinni, t. d. norðan við VR II eða vestan við Loftskýtastöð, með 2 kennslustofum, 10 og 40 manna. – Verkfræði- og raunvísindadeild er alls ekki eina deildin, sem stödd er í vanda í þessu efni, t. d. mun stefna í algert óefni hjá Viðskiptadeild vegna þess hve stórir árgangar eru þar orðnir, þannig að í raun og veru þyrfti að tvöfalda kennsluna þar að talsverðu leyti. – Nú er það ljóst, að stórbyggingar Háskólans muni mjakast upp með tímanum, og að stúdentum muni ekki fjölga svo sem verið hefur. Ófremdarástandinu í Háskólanum veldur sá veikleiki kerfisins að í það vantar þófan – og hvarvetna eru bráðabirgðahús notuð í þessum tilgangi. T. d. er Open University í Bretlandi, sem vaxið hefur á fáum árum upp í það að vera einn merkasti og mesti háskóli þess lands, að verulegu leyti í slíku húsnæði. Og kannski verður svo um ófyrirsjáanlega framtíð, sem þó gerir minna til en að rannsókn- og kennslustarfið sé bæklað svo árum eða áratugum skipti vegna þess að stjórnendur ganga með drauma um 1000 ára ríki í maganum og vilja fórna nútíðinni fyrir framtíðina. Einn byggingamefndarmanna sagði raunar við mig, að betra væri að vera húsnæðislaus en í bráðabirgðahúsi, auk þess sem sífellt er á því hamrað að bráðabirgðahús séu „dýr lausn“. Ennþá dýrari lausn er samt hin, að kennsla og rannsóknir við Háskóla Íslands fari fram við ófullnægjandi aðstæður svo árum skipti – eða er þetta kannski allt saman leikur einn að stráum? – Réttla lausnin nú er að taka sköpunarverkið til fyrirmyndar og byggja þófa inn í húsnæðiskerfi Háskólans: reisa bráðabirgðahús til að taka við flóðöldunni þegar hún ríður yfir, en halda áfram að byggja varanlegar hallir, og flytja síðan bráðabirgðahúsin í burt þegar þar að kemur að aðstæður leyfa ...

Sigurður Steinþórsson

(Úr Fréttabréfi Háskóla Íslands 3. tbl. 1984)

Síðan þessi skýrsla var gerð hefur húsnæði Háskólans í Tjarnargötu 39 (þar sem áður voru lesstofur læknanema) verið selt (1988), en við eignarhúsnæði Háskólans hefur bæst Tæknigarður (að hluta í eigu skólans) og Efna- og líftæknihús á Keldnaholti (að hálfu í eigu Háskólans). Þá hefur Háskólinn afnot af húsnæði í Ármúla 1A (fyrir Rannsóknarstofu í veirufræði og bráðlega einnig fyrir Örverufræðistofu Líffræðiskorar). Þá ber þess að geta, að Háskólinn hefur síðan 1957 átt hæð í stórhýsinu að Laugavegi 105, sem hýsir Náttúrufræðistofnun (sem hefur að vísu ekki formleg tengsl við Háskólann), og einnig hefur Háskólinn síðan 1982 rekið Reykjavíkur Apótek í leiguhúsnæði í Austurstræti 16. Þessara tveggja síðastnefndu húsa er ekki getið í fyrrgreindri skýrslu né heldur húsnæðis fyrir Skjalasafn Háskólans í húsi Þjóðskjalasafns að Laugavegi 162. Minnt skal á viðbyggingar við Odda og Háskólabíó, sem nú eru í smíðum. Þá má að lokum nefna, að Stofnun Sigurðar Nordals (sem telst vera háskólastofnun) starfar í Þingholtsstræti 29 og í húsi, sem er í eigu ríkisins en Háskólinn hefur lagt fé til.

Í nokkrum tengslum við það, sem hér hefur verið sagt um háskólabyggingar og annað háskólahúsnæði, skal þess og getið, að með erfðaskrá dags. 22. júní 1982 lýsti dr. Jón Steffensen prófessor þeim vilja sínum og eiginkonu sinnar, frú Kristínar Björnsdóttur Steffensen, sem þá var látin fyrir nokkrum árum, að húseign þeirra hjóna að Aragötu 3 ásamt hinu mikla bókasafni um sögu læknisfræðinnar og skyld efni, sem Jón hefur safnað um áratuga skeið, skyldu verða eign Háskólabókasafns eftir daga Jóns. Sá skilmáli fylgdi þeim gerningi, að safnið yrði sérdeild í Þjóðarbókhöfðu, þegar þar að kæmi, og skyldi andvirði húseignarinnar m. a. ganga til viðhalds og eflingar þeirrar sérdeildar. Mynd af dr. Jóni í bókastofu sinni er í bókarauka fyrra bindis þessa ritverks.

### *Stjórnskipun byggingarmála*

Hinn 11. maí 1978 lagði Guðlaugur Þorvaldsson rektor þá tillögu fyrir háskólaráð, að kosin yrði hönnunarnefnd fyrir tvær næstu byggingar á háskólalóð, en hann taldi rétt, að sama nefndin fjallaði um báðar byggingarnar. Í hönnunarnefndina voru kosnir prófessorarnir Ragnar Ingimarsson, Sigurjón Björnsson og Sveinbjörn Björnsson, Brynjólfur Sigurðsson dósent og Kristinn Ág. Friðfinnsson stud. theol. Var *Ragnar Ingimarsson* (og er enn) formaður nefndarinnar, er fékk skipun sína síðar framlengda og starfssvið víkkað sem starfsnefnd Háskólaráðs, þannig að hún hefur nú, fyrir hönd Háskólans, yfirumsjón með öllum nýbyggingum á háskólalóðinni, og það eins þótt sérstakar byggingarnefndir hafi stundum verið skipaðar fyrir einstök hús, sem byggja átti. Urðu ekki breytingar á mönnun nefndarinnar í hartnær tíu ár frá stofnun hennar, nema hvað skipt var um fulltrúa stúdenta eins og gefur að skilja. Nú (haustið 1989) skipa nefndina prófessorarnir Ragnar Ingimarsson (formaður), Brynjólfur Sigurðsson (varaformaður), Sigurjón Björnsson, Örn Helgason, Höskuldur Þráinsson og Kristinn Jens Sigurðrson stud. theol.



*Starfsnefnd háskólaráðs um nýbyggingar á háskólalóð, ásamt háskólarektor og byggingarráðgjafa, á fundi í háskólaráðsherbergi í Aðalbyggingu 2. apríl 1982, eftir að tekin hafði verið fyrsta skóflustunga að VR III. Frá vinstri: Haraldur Kristjánsson stud. theol., og síðan prófessorarnir Sigurjón Björnsson, Páll Skúlason og Sveinbjörn Björnsson, Maggi Jónsson arkitekt, Ragnar Ingimarsson prófessor, Guðmundur Magnússon rektor og Brynjólfur Sigurðsson prófessor.*

Nefndin hefur ekki haft með höndum öflun fjármuna til bygginga og útboð og val verktaka, fjármálastjórn og eftirlit hefur lengstum verið í höndum *Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins*.

Í viðtali, sem höfundur þessa rits átti við nefndarmennina *Ragnar Ingimarsson* og *Brynjólf Sigurðsson*,<sup>3</sup> sögðu þeir m. a.:

(R. I.): Í nefndina voru skipaðir fimm menn. Það var skýrt tekið fram, að þeir væru ekki beinlínis fulltrúar þeirra deilda, sem þeir störfuðu við, og þeim væri ekki ætlað að berjast fyrir hagsmunum sinna deilda. Frekar var þetta talið vera eðlileg dreifing, þ. e. að menn kæmu úr þeim deildum sem fyrirsjáanlegt væri, að yrði byggt yfir á næstu árum. Það má nefna Viðskiptadeild, það var Brynjólfur sem kom þaðan, Sigurjón Björnsson kom úr Félagsvísindadeild, Páll Skúlason úr Heimspékideild. Sveinbjörn Björnsson og ég úr Verkfræði- og raunvísindadeild, en ástæðan fyrir því að þarna voru tveir menn var sú, að þetta var talin mjög stór deild og hins vegar að ekki væri óeðlilegt að nefndin tengdist Raunvísindastofnun (í gegnum Sveinbjörn) að einhverju marki, af því að hún átti þarna hagsmuna að gæta, varðandi framtíðarbyggingar. – (B. S.): Ég held líka, að undir niðri hafi þetta verið niðurstaða af annarri hugsun, sem var í gangi áður en nefndin

3 Viðtalið fór fram í janúarmánuði 1988.



*Prófessorarnir Ragnar Ingimarsson og Brynjólfur Sigurðsson hafa starfað lengi að byggingarmálum Háskólans, m. a. við byggingu Hjónagarða á áttunda áratugnum og síðan 1978 í starfsnefnd háskólaráðs um nýbyggingar á háskólalóð. Myndin er tekin í fundaherbergi háskólaráðs í Aðalbyggingu í júní 1989.*

var skipuð, og hún var sú, að það skyldu vera tvær nefndir, önnur fyrir raunvísindagreinir og hin fyrir hugvísindagreinir. Nú vorum við Ragnar búnir að vera saman með byggingu Hjónagarðanna, og sitja í raun og veru í um 7 ár vikulega á fundum og ég held að Guðlaugur hafi séð í okkur formennina fyrir hvora nefndina um sig. Við frekari umræður og íhugun, þá varð það niðurstaðan að hafa þetta eina nefnd. Það held ég að hafi verið mikið gæfuspor, vegna þess að við hitt fyrirkomulagið hefði verið miklu meiri hætta á að það hefðu komið upp einhvers konar flokkadrættir hér á lóðinni, vegna þess að það eru peningarnir sem ráða byggingarhraða einstakra bygginga þegar öllu er á botninn hvolft. Þá hefði orðið togstreita milli aðila um að ná peningum í sína framkvæmd, en það held ég einmitt að sé mjög merkilegt við starfsnefndina, hve eindrægnin hefur verið mikil innan nefndarinnar og hvað hún hefur verið samstiga í því að koma byggingunum áfram. – (R. I.): Þarna voru, sem sagt, komnir menn úr þeim deildum, sem var fyrirhugað að byggja fyrir, en Guðfræðideild var hvergi með í myndinni. Það var nú kannski ekki beinlínis fyrirhugað að byggja yfir Guðfræðideild, en fyrst það átti að vera stúdent sem fulltrúi í nefndinni, þá fannst okkur það alveg tilvalið að hann kæmi úr Guðfræðideild. Það myndi passa alveg ágætlega; þá væri búið að setja inn menn úr flestum deildum hér á svæðinu, öðrum en Lagadeild, sem var þá



Á háskólalóð vestan Suðurgötu, í námunda við Loftskýtastöð, stendur smáhýsi eitt rautt að lit, almennt kallað „Rauða myllan“. Þar hefur um nokkurra ára skeið verið eins konar „stjórnstöð“ byggingarframkvæmda á vegum Háskólans, t. d. haldnir þar verkfundir o. þ. h. Á þessari mynd sitja nokkrir nefndarmenn úr starfsnefnd háskólaráðs um nýbyggingar, ásamt eftirlitsmanni, og skeggræða um teikningar af VR III, sem þá var í smíðum. F. v.: prófessorarnir Sveinhjörn Björnsson, Brynjólfur Sigurðsson, Ragnar Ingimarsson (formaður) og Sigurjón Björnsson og Gunnar Torfason verkfræðingur, sem var eftirlitsmaður við byggingu VR III. Á veggnum hangir mynd af skemmtistaðnum fræga, „Rauðu myllunni“ í París.

nýlega búin að fá byggt yfir sig, og við vissum að þeir myndu ekki fara fram á það að byggt yrði yfir þá neitt í bili, og Læknadeild, sem aftur var annars staðar og þess vegna komu þeir ekki inn í þessa mynd. En af því að Brynjólfur var að tala um þá eindrægni, sem var í nefndinni, þá rifjuðum við það upp á fundi nýlega, að það hefði aldrei á þessu tæplega 10 ára tímabili komið til atkvæðagreiðslu innan nefndarinnar. Það má segja, að það hafi ekki verið nema einu sinni, sem menn voru kannski ekki alfarið sammála um málefni. Það mál snerist um það að breyta hönnun, sem raunverulega var á lokastigi. Það var smátt og smátt fallið frá því að gera nokkrar breytingar og það var aldrei gengið til atkvæðagreiðslu; menn sáu að það væri líklega best að leyfa þessu að vera óbreyttu. Þetta var vegna Odda, og spurningin var um það hvort við ættum að stækka salinn, sem er nr. 101, en það var búíð að hanna hann. Ef hönnunin hefði verið „tekin upp,“ þá hefði mátt segja að það hefði þurft að stækka húsið á þrem hæðum, þetta var vissulega gerlegt en mönnum fannst það nú ekki ráðlegt.“



*Guðmundur Magnússon háskólarektor, 1979–1985.*

Í grein um byggingarmál Háskólans, er *Guðmundur Magnússon* háskólarektor ritaði í Fréttabréf Háskóla Íslands, 7. tbl. 1983, segir hann m. a.:

„Því miður er Háskólinn sjálfur ekki framkvæmdaraðili að byggingum sínum, þótt ég hafi ítrekað reynt að fá því framgengt og aðrir á undan mér. – Tilhögun framkvæmda fer eftir lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Samkvæmt 21. gr. laganna fer Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins (F.I.Ř.) með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, þegar um opinbera framkvæmd er að ræða, en opinber framkvæmd er skilgreind í 1. gr. laganna. Lögin taka til byggingaframkvæmda á vegum Háskóla Íslands. Samkvæmt 13. gr. skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, en Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka og F.I.Ř. undirbýr sammingsgerð



við verktaka (sbr. 14. gr.). F.I.R. gerir tillögur um það, hverju þeirra tilboða, sem berast, skuli tekið (sbr. 15. gr.) og samningur við verktaka er undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti (sbr. 16. gr.). Hinn formlegi verkkaupi er því menntamálaráðuneytið, þegar um er að ræða byggingaframtækni á vegum Háskóla Íslands.“

Síðan þetta var ritað, hefur Háskólinn smátt og smátt fengið aukið forræði yfir ýmsum þáttum byggingarmála sinna, þótt eigi hafi hann þar algert sjálfstæði.

## Drög að hugmynd um MENNINGARMÍÐSTÖÐ HÁSKÓLANS

Þörfum fyrir slíka miðstöð má skipta til hægðarauka í tvo flokka: „Innri þarfir“ háskólamanna og „ytri þarfir“ þjóðfélagsins fyrir aukna þjónustu.

### A. „Innri þarfir“:

- (1) Þörf er á að efla daglegt samneyti háskólamanna og fá samastað fyrir ýmsa félagslega og menningarlega starfsemi, svo sem háskólakór, nemendaleikhús, listasafn, – auk almennrar starfsemi Félags háskólakennara (sem hefur bráðabirgðaaðstöðu í Skólalabæ).
- (2) Þörf er á húsnæði til að kenna stórum hópum, 180-250 manna.
- (3) Þörf er á húsnæði sem hentaði fyrir ráðstefnuhald af ýmsu tagi, en engin viðunandi aðstaða er fyrir slíkt, hvorki á háskólalóð né annars staðar í borginni.

### B. „Ytri þarfir“:

- (1) Þörf er á aðstöðu til að laða almenning að háskólanum, en til að svo megi verða þarf að hafa veitingastað sem opinn er á kvöldin í tengslum við ýmsa starfsemi, svo sem leiksýningar, kvikmyndasýningar, fyrirlestrahald, hljótleika eða annað sem fram færi á vegum háskólans.
- (2) Þörf er á smærri kvikmyndasýningasölum ef rekstur Háskólalabíós á að ganga vel fyrir sig, sbr. bréf frá stjórn bíósins þar að lútandi.
- (3) Þörf er á sérstakri aðstöðu til að mæta eftirspurn eftir fullorðinsfræðslu, símenntun og sérstöku námskeiðahaldi sem fram færi að kvöldlagi. Slík starfsemi fer nú þegar fram við vöndar aðstaður, einkum í aðalbyggingu háskólans, sem er engan veginn í stakk búin til að gegna þessari þjónustu.

Tvær almennar athugasemdir varðandi miðstöð af þessu tagi:

1. Hún þarf að vera staðsett nálægt aðalbyggingu og sem næst miðju háskólasvæðisins. Hún þarf að vera sem næst Háskólalabíói og jafnframt í námunda við Þjóðarbókhöfðu, sem ætla má að margir eigi erindi til. (Gera yrði ráð fyrir einni eða fleiri verslunum í miðstöðinni).

2. Hlutverk miðstöðvarinnar væri að tengja saman, eftir því sem kostur er, starfsemi sem fram fer á háskólasvæðinu; hún væri þjónustumiðstöð, sem margir ættu daglega erindi til. Til að gegna þessu þjónustuhlutverki á sem látlausastan hátt þyrfti bygging miðstöðvarinnar að vera lágreist og eins lítil um sig og kostur er.

Meginatriði í gagnrýni á þessa hugmynd:

Þjónustan, sem þessari miðstöð er ætlað að veita, er þegar veitt á háskólalóð, einkum af Félagsstofnun stúdenta. – Nokkur sannleikur er í þessu, en því fer þó víðs fjarri að þessi þjónusta sé viðunandi eða náí að gegna því hlutverki sem þessari miðstöð er ætlað.

Páll Skúflason  
(Úr Fréttabréfi Háskóla Íslands  
3. tbl. 1983)

## 2

# Húsnæðisekla, fjárþörf og fjármögnun

### *Almennt*

Á þessu síðasta tímabili byggingarsögunnar hefur happdrættisfé, enn sem fyrr, verið burðarás þess fjármagns, sem runnið hefur til byggingarmála Háskólans, og verið hið eina fjármagn sem treysta mátti eða reikna með til lengri tíma. Á síðari árum varð talsverð aukning á byggingarfé frá Háskólahappdrætti eftir að tekin var upp sala „Happþrennunnar“ svokölluðu (skafmiða), sem gaf mjög góða raun, einkum í fyrstu en hefur einnig dugað vel síðan. Frá ríkissjóði hafa einnig komið framlög til háskólabygginga eða viðhalds sum árin, en þó verið stopul. Verður sú samskiptasaga við ríkisvaldið ekki rakin hér í smáatriðum en þess þó getið sérstaklega, að árið 1979 ákvað Fjárveitinganefnd Alþingis að beita sér fyrir því, að ríkissjóður veitti 300 milljónir kr., á verðlagi októbermánaðar 1978, til byggingarþarfa Háskólans á hverju ári í næstu þrjú ár (í fyrsta sinn á fjárlögum 1980). Við þetta stóðu stjórnvöld á endanum, þótt töluverður dráttur yrði á greiðslum (þ. e. þær komu á lengra tímabili en ráðgert var). Kom sér vel fyrir Háskólann að hafa til ráðstöfunar nokkurt fé til nýbygginga, umfram happdrættisfé. Á þessum árum varð nokkur töf á sumum byggingarframkvæmdum á háskólalóðinni sjálfri og þótti því eðlilegt að lána hluta af því byggingarfé, sem fara skyldi til framkvæmda á háskólalóð, í framkvæmdir á landspítalalóð. Var þar um verðtryggt lán að ræða.

Forsaga fyrrnefndrar fjárveitingar úr ríkissjóði er í stuttu máli þessi: Á fundi í háskólaráði 23. nóvember 1978 var lagt fram bréf menntamálaráðherra, dags. 17. sama mánaðar, um að ríkisstjórnin hefði ákveðið, að myndaður yrði samráðshópur, er endurmæti stöðuna, hvað varðar framkvæmdir á vegum Háskóla Íslands og á landspítalalóð, og gerði tillögur um fjárveitingar ríkissjóðs á næstu tveim árum. Í þessum samráðshópi skyldu vera eftirgreindir: Rektor Háskóla Íslands, ráðuneytisstjóri Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, deildarstjóri háskóla- og alþjóðadeildar Menntamálaráðuneytis, hagsýslustjóri, formaður Fjárveitinganefndar Alþingis og formaður samstarfsnefndar um framkvæmdir á landspítalalóð.

Starfaði nefnd þessi undir forystu háskólarektors og aflaði ýmissa gagna, sem hún síðan byggði tillögur sínar á. Samdi nefndin m. a. svofellda áætlun um fjárþörf til

háskólabýgginga næstu árin, og hvernig kostnaði skyldi skipt milli ríkissjóðs og Háskólahappdrættis, sem fyrrgreindar fjárveitingar úr ríkissjóði byggðust síðan á:

*Af rekstrarhagnaði Happprættis Háskóla Íslands:*

Árið 1979	550 <sup>1</sup>	millj. kr.	
Árið 1980	343	millj. kr.	Á verðlagi miðs árs 1979
Árið 1981	343	millj. kr.	
Árið 1982	<u>343</u>	<u>millj. kr.</u>	
Alls	1579	millj. kr.	Á verðlagi okt. 1978 = 1263 millj. kr.

<sup>1</sup> Þar af 207 millj. kr. geymdar frá 1978.

*Frá ríkissjóði til viðbótar á fjárlögum 1980–1982:*

Árið 1980	300	millj. kr.	
Árið 1981	300	millj. kr.	Á verðlagi okt. 1978
Árið 1982	<u>300</u>	<u>millj. kr.</u>	
Alls	900	millj. kr.	

*Samtals til ráðstöfunar 1263 millj. kr. + 900 millj. kr. = 2163 millj. kr.*  
(á verðlagi október 1978).

*Áætlaður kostnaður við framkvæmdir*

*Landspítalalóð:*

Lota 1	420	millj. kr.	
Lota 2	425	millj. kr.	(þar af búnaður 284)
Lota 3	<u>446</u>	<u>millj. kr.</u>	(þar af búnaður 120)
Alls	1291	millj. kr.	


*Háskólalóð:*

Hús 1	417	millj. kr.	
Hús 2	<u>455</u>	<u>millj. kr.</u>	
Alls	872	millj. kr.	

*Samtals byggingarkostnaður 1291 + 872 = 2163 millj. kr.*  
(á verðlagi október 1978).

Á fundi háskólaráðs 7. desember sama ár ræddi *Guðlaugur Þorvaldsson* horfur á sviði fjármála. Taldi hann engar líkur til þess, að viðbótarframlag fengist úr ríkissjóði til byggingarframkvæmda Háskóla Íslands á næstu árum nema algjör samstaða yrði innan Háskólans um væntanlegar framkvæmdir. Gerði hann síðan grein fyrir fjárþörf úr

## Nemendafjöldi við Háskóla Íslands 1911-1990





ríkissjóði til ársloka 1982 með hliðsjón af áður gerðum byggingaáætlunum og taldi, að um væri að ræða kr. 900 milljónir á verðlagi októbermánaðar 1978. Var þar að sjálfsgöðu haft verulegt mið af skýrslu starfsnefndarinnar frá því 1977 („Gráu skýrslunni“), sem áður hefur verið greint frá.

Svofeld tillaga var samþykkt einróma:

„Háskólaráð lýsir eindregnum stuðningi við þá hugmynd, að framkvæmdum við byggingu nr. 7 á Landspítalalóð verði skipt í áfanga eða lotur. Telur ráðið nauðsynlegt, að þremur fyrstu lotunum verði lokið eigi síðar en í árslok 1982. – Jafnframt ítrekar ráðið fyrri samþykktir um byggingu tveggja húsa á háskólalóð, annars austan Suðurgötu en hins vestan götunnar og leggur ríka áherslu á nauðsyn þess, að bæði húsin verði byggð á tímabilinu 1979–1982. Forsendu þess, að ofangreindum áföngum megi ná, telur háskólaráð það, að á árunum 1980–1982 komi framlag úr ríkissjóði til viðbótar tekjum af Happsdrætti Háskóla Íslands að fjárhæð a. m. k. 300 milljónir króna hvert árinna miðað við verðlag októbermánaðar 1978.“





Háskóli Íslands 1989-10-31/GHJ/JÁ		Höstu framlög til fjármunamyndunar Á verðlagi hvers árs, í þúsundum króna.											H.Í. 1978-1990		TAFLA 1
Ár.	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Samtals	
Framlag Happprættis H.	3000	4050	10000	14000	37500	50372	73507	62500	89195	250468	330300	240000	102700	1267592	
Framlag ríkissjófs	550			6413	10100	13700	21500		9311					61574	
Annað (sala eigna)	233	134	296	367	262	149	111	2708	4616	274	5599	0	0	14749	
Samtals	3783	4184	10296	20780	47862	64221	95118	65208	103122	250742	335899	240000	102700	1343915	
Visitala byggingarkostna	4.49	6.58	10.20	15.56	24.16	41.27	50.89	66.60	83.92	89.69	116.40	141.6	170		
		Höstu framlög til fjármunamyndunar Á áætlötu verðlagi ársins 1989, í milljónum króna.													
Ár.	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Samtals	
Framlag Happprættis H.	95	87	139	127	220	173	205	133	151	395	402	240	86	2451	
Framlag ríkissjófs	17	0	0	58	59	47	60	0	16	0	0	0	0	257	
Annað (sala eigna)	7	3	4	3	2	1	0	6	8	0	7	0	0	41	
Samtals	119	90	143	189	281	220	265	139	174	396	409	240	86	2750	

Í viðtali við höfund þessarar bókar<sup>4</sup> sagði *Guðlaugur Þorvaldsson* nánar um þetta:

„Það var ljóst, að það þyrfti strax að byggja hús, þar sem Oddi er núna, og síðan nýtt hús á Verkfræðideildar- og raunvísindadeildarlóðinni, en menn voru jafnframt sammála um, að það væri ekki hægt að bíða lengur með að fullgera hluta af húsinu, sem var fohelt á landspítalalóðinni, fyrir Tannlæknadeildina og síðan fyrir vissa þætti Læknadeildar. Þetta var hins vegar ekki hægt nema að fá meiri peninga. Ég man eftir því, að ég ræddi við menntamálaráðherra um þetta og hann sagði þá við mig: „Ja, er ekki best að skipa bara strax nefnd, sem tjáir sig um þetta, þannig að ég hafi eitthvað í höndunum.“ Ég var skipaður formaður þessarar nefndar, frá landspítalalóðinni voru Jónas Haralz, sem var formaður stjórnar mannvirkjagerðar á landspítalalóð, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Geir Gunnarsson, sem var formaður Fjárveitinganefndar, Árni Gunnarsson deildarstjóri frá Menntamálaráðuneytinu og Gísli Blöndal hagsýslustjóri. Við hófum störf þegar í stað, söfnuðum saman öllum gögnum og það var eiginlega ekki nema einn alvörufundur, dálítið stormasamur en endaði með algjörum friði og við lögðum til að farið yrði í öll þessi þrjú hús. Til þess að hægt væri að gera það, þá þyrfti ríkið næstu árin að leggja til jafnmikla upphæð í framkvæmdafjárætlun Háskólans eins og Happprættið veitir. Geir Gunnarsson fór með þetta inn í Fjárveitinganefnd og þar var samþykkt *viljayfirlýsing* – Fjárveitinganefnd gat ekki skuldbundið nefndina til næstu ára – um að þetta yrði gert. Þetta

4 Viðtalið fór fram í janúarmánuði 1988.



Háskóli Íslands  
1989-10-31/GHJ/JÁ

Ráðstöfun framkvæmdafjár H.Í. 1978-1990  
Á verðlagi hvers árs, í þúsundum króna.

TAFLA 2

Ár.	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Samtals
Viðhald fasteigna	780	800	1273	2549	4069	6681	8364	12213	22898	32818	40591	60000	30000	223036
Nýbyggingar o.fl.	2478	2325	9448	16691	54246	41980	92928	51590	38202	139199	262680	160000	42700	914467
Húsgögn og búnaður	175	96	247	480	1043	1899	4583	3666	14640	4565	14245	3400	5000	54039
Tækjakaup	686	662	1053	1881	2871	5071	5011	9530	10062	18287	32923	35000	25000	148037
Samtals	4119	3883	12021	21601	62229	55631	110886	76999	85802	194869	350439	258400	102700	1339579

Visitala byggingarkostna: 4.49 6.58 10.20 15.56 24.16 41.27 50.89 66.60 83.92 89.69 116.40 141.6 170

Ráðstöfun framkvæmdafjár H.Í. 1978-1990  
Á áætlðu verðlagi ársins 1989, í milljónum króna.

Ár.	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Samtals
Viðhald fasteigna	25	17	18	23	24	23	23	26	39	52	49	60	25	404
Nýbyggingar o.fl.	78	50	131	152	318	144	259	110	64	220	320	160	36	2041
Húsgögn og búnaður	6	2	3	4	6	7	13	8	25	7	17	3	4	105
Tækjakaup	22	14	15	17	17	17	14	20	17	29	40	35	21	278
Samtals	130	34	167	197	365	191	309	164	145	308	426	258	86	2827

Háskóli Íslands  
1989-10-31/GHJ/JÁ

Ráðstöfun framkvæmdafjár H.Í. 1978-1990  
Á verðlagi hvers árs, í þúsundum króna.

TAFLA 3

Ár.	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Samtals
Læknagarður	1573	2051	8131	9811	43445	19851	26901	7319	3655	45975	100953	45000		314665
VR-II	303	60		749	4280	1111								6503
ODDI fyrri áfangi			64	1048	5382	5616	19501	54794	23914	8456				118775
Oddi seinni áfangi										2623	20891	25000		48514
VR-III							9640	18592	22144	81832	13998	6000		152206
Tæknigarður										48209	4556			52765
Háskólabíó										37000	45000			82000
Hjónagarðar										4392	11224	6000		21616
Umsjón og önnur verk	602	150	269	749	905	1517	1593	1765	3947	4377	30405	28444	42700	117423
Samtals	2478	2325	9448	16691	54246	41980	92928	51590	38202	139199	262680	160000	42700	914467

Ráðstöfun nýbyggingafjár H.Í. 1978-1990  
Á áætlðu verðlagi ársins 1989, í milljónum króna.

Ár.	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Samtals
Læknagarður	50	44	113	89	255	68	75	16	6	73	123	45	0	956
VR-II	10	1	0	7	25	4	0	0	0	0	0	0	0	47
ODDI fyrri áfangi	0	1	15	49	33	67	152	51	14	0	0	0	0	382
Oddi seinni áfangi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	25	25	0	55
VR-III	0	0	0	0	0	0	27	40	37	129	17	6	0	256
Tæknigarður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	59	5	0	63
Háskólabíó	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	45	45	0	90
Hjónagarðar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	14	6	0	27
Umsjón og önnur verk	19	3	4	7	5	5	4	4	7	7	37	28	36	166
Samtals	78	50	131	152	318	144	259	110	64	220	320	160	36	2041



*Fréttamenn og stjórnarmenn Happraættis Háskólans virða fyrir sér nýjan tæknibúnað (tölvu), sem annast númeradrátt í stað hinnar hefðbundnu aðferðar, er áður hafði tíðkast. Myndin er tekin í janúarbyrjun 1979, í húsnæði Reiknistofnunar Háskólans í VR I. Frá hægri: Ragnar Ingimarsson prófessor (í stjórn Háskólahappraættis), Guðlaugur Þorvaldsson rektor (formaður happraættisstjórnar), Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri og eftirlitsmaður Dómsmálaráðuneytis, Páll Jensson forstöðumaður Reiknistofnunar. Lengst til vinstri á myndinni er Björn Björnsson prófessor (í happraættisstjórn).*

var, mér vitanlega, í fyrsta skipti sem ríkið hefur skuldbundið sig til að leggja fram viðbótarfjármagn til Háskólans með þessum hætti – þótt aðeins væri í formi viljayfirlýsingar. Þegar ég hugsa til baka, þá finnst mér að þessi eini fundur, sem við höldum í þessari nefnd,<sup>5</sup> hafi kannski verið sá afdrifaríkasti, sem ég hélt á öllum mínum ferli sem rektor, þótt þarna væri að vísu ekki tryggt fé til mjög langs tíma. Það er þó rétt og skylt að geta þess, að Læknadeild og Tannlæknadeild hafa notið góðs af fjárveitingum úr ríkissjóði til framkvæmda á landspítalalóðinni og víðar, enda eru fjárhagsleg landamæri milli deildanna og sjúkrahússins óljós. – Á meðan við vorum í þessari biðstöðu, reyndu menn að vinna að skipulagsmálunum og byggingamálunum í friði og taka á forgangsverkefnum í staðinn fyrir að rífast endalaust. Fyrir vikið varð því að leita margra bráðabirgðalausna í húsnæðismálum og skal ég tíunda þær helstu: Hús

5 Hér hefur Guðlaugur Þorvaldsson í huga þann mikilvæga fund samráðsnefndarinnar, þegar samkomulag náðist, en í grein um byggingamál, er hann ritaði í Fréttabréf Háskóla Íslands, 1. tbl. 1979, segir hann að nefndin hafi haldið fjóra fundi.

var leigt í Sigtúni fyrir Læknadeildina, Ármúlahúsið var útfært ennþá meira fyrir Læknadeildina og Grensásvegurinn fyrir líffræðina. Hús Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu var leigt fyrir sjúkráþjálfunina, stór salur í Hjúkrunarskólanum upp á landspítalalóð var fenginn sem lestrarsalur fyrir læknadeildarstúdentana, vestur á Grímsstaðaholti var fengið hús fyrir Félagsvísindadeild, heldur tvö en eitt. Loftskeyta-stöðin var tekin í gegn og endurinnréttuð algjörlega, sérstaklega kjallarinn; þá var ákveðið með Reykjavíkur Apótek, þó að það yrði ekki framkvæmt fyrr en síðar, að það yrði hluti af Háskólanum og lyfjafræðinni, og hús var leigt á Skólabrúnni fyrir kennara í Félagsvísindadeild. Það varð að leita alls konar svona lausna, og er náttúrlega enn í dag sem þetta er gert, en mikið af starfstíma mínum í sambandi við húsnæðismálin fóru einmitt í svona „reddingar“.

Hinn 19. desember 1986 birtist í Morgunblaðinu viðtal við *Ragnar Ingimarsson* prófessor um húsnæðiseklu og fjárhagsvanda Háskólans. Í grein þessari segir m. a.:

„Húsnæðisvanda Háskóla Íslands hefur á undanförmum misserum æ oftast borið á góma og ekki að ástæðulausu því síðustu 16 árin hefur nemendafjöldi þrefaldast án þess að aðstæður til kennslu og rannsókna hafi aukist að sama skapi. Í fjárlagafrumvarpi ríkisins fyrir næsta ár hefur ekki verið gert ráð fyrir að veita neinum fjármunum í byggingaframkvæmdir á vegum Háskólans en til þess að nauðsynlegum framkvæmda-hraða við nýbyggingar verði haldið er áætlað að um 75 milljónir þurfi að renna árlega úr ríkissjóði til slíkra verkefna. – Prófessor Ragnar Ingimarsson, verkfræðingur, er formaður starfsnefndar Háskólaráðs vegna nýbygginga á vegum Háskólans og í viðtali sem Morgunblaðið átti við hann vegna húsnæðismála hans, sagði Ragnar að sem dæmi um þann húsnæðisvanda sem Háskólinn stæði frammi fyrir mætti nefna að stærstu nemendahóparnir rúmuðust ekki lengur fyrir í fyrirlestrarsölum Háskólans og að um þessar mundir væri notast við sýningarsal Háskólabíós í því skyni að kenna þeim, auk þess sem ráðið hafði verið fram úr brýnasta húsnæðisvandanum í haust með því að leigja hluta gamla Verzlunarskólans. Þá kvað hann aðstöðu Háskólabókasafns hafa verið orðna svo bágborna að það hefði ekki getað sinnt hlutverki sínu nema að takmörkuðu leyti, en því hefði verið úthlutaður Hátíðarsalur Háskólans, sem fram til þessa hefur þjónað hlutverki sem kennslustofa fyrir stóra nemendahópa. – Í ágúst árið 1984 skilaði Þróunarnefnd, skipuð af Háskólaráði, skýrslu sinni um stöðu Háskólans, væntanlega þróun og greiningu á þeim vandamálum sem við blöstu. „Var niðurstaða hennar meðal annars sú að húsnæði Háskólans dygði engan veginn til að taka við fyrirsjáanlegum nemendafjölda á sómasamlegan hátt,“ sagði Ragnar. „Að vísu hefur ein ný bygging verið tekin í notkun síðan skýrslan sú sá dagsins ljós, Oddi, sem ætluð hefur verið kennslu í hugvísindagreinum. Með tilkomu Odda vænkaðist hagur nokkurra greina en því er samt þannig farið að fjöldi annarra kennslugreina býr við kröpp kjör. Einsýnt er



*Ragnar Ingimarsson prófessor í tilraunastofu Byggingarverkfræðiskorar, 1986.*

að þessi mikli húsnæðisvandi verði ekki leystur nema með þeim byggingaframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru, en til þess þarf auðvitað fjárveitingu.“ – *En hefur Hapdrætti Háskólans ekki verið ætlað það hlutverk að fjármagna byggingarkostnað Háskólans?* – „Jú, það er rétt að Háskólahapdrættið hefur þetta hlutverk með höndum, en það má hins vegar ekki gleyma því að fjármunir hapdrættisins standa undir kostnaði af viðhaldi þeirra bygginga sem fyrir eru (þær eru nú rúmlega 20 talsins), svo og tækjakaupum vegna kennslu, svo nokkuð sé nefnt. Það er alveg greinilegt að eigi Háskólinn að geta sinnt hlutverki sínu sem skyldi í nútíð og framtíð þarf að koma til veruleg fjárveiting til nýbygginga. Árið 1979 samþykkti fjárveitinganefnd áætlun til nokkurra ára þar sem gert var ráð fyrir að ríkisvaldið legði til töluverða fjármuni á móti því sem kæmi frá Háskólahapdrættinu. Þessar fjárveitingar komu sér mjög vel. En nú er svo komið að ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þessa mjög svo brýna verkefnis. Menn verða að átta sig á að til að Háskóli Íslands geti mætt þeim auknu kröfum sem gera verður til hans sem æðstu mennta- og vísindastofnunar þjóðarinnar verður að leggja til fjármagn til nýbygginga og gera starfsaðstöðu þannig úr garði að þar sé hægt að takast á við verkefni sem við hæfi eru. Við Háskóla Íslands er fjöldi vel menntaðra vísindamanna sem árum saman hefur unnið við mjög erfið skilyrði en lifað í voninni um að aðstaða vænkaðist fljótlega. Starfsævi þessara manna styttest óðum og hætta er á að fyrir ýmsa komi verulega bætt vinnuaðstaða of seint.“ – *Hvaða byggingaframkvæmdir eru það sem brýnast er að veita fjármagni til?* – „Það er einna brýnast að fá fjárveitingu til að ljúka við uppsteypt húsnæði Læknadeildar á Landspítalalóð, svo og að flýta byggingu Verkfræði- og Raunvísindadeilda við

Suðurgötu. Læknarnir hafa látið mjög illa yfir því húsnæðisleysi sem þá hefur hrjád og hafa lagt áherslu á að framkvæmdum við læknaeildarhúsið ljúki sem fyrst. Mjög brýnt er að vandi Verkfræðideildar og Raunvísindaeildar verði leystur, en þessar tvær deildir búa nú þegar við ákaflega þröngan kost, auk þess sem sníða hefur þurft námið í þeim á allt annan hátt er gert hefur verið erlendis vegna þess að nauðsynleg aðstaða til rannsókna hefur ekki verið fyrir hendi. Ég get þó sem betur fer sagt að það hefur miðað svolítið í þá átt að bæta úr þessum vanda og ef einhverjar fjárveitingar fást getur Verkfræðideildin fljótlega tekið í gagnið húsnæði þar sem komið hefur verið upp sérstökum tækjum sem ætluð eru til kennslu og rannsókna í byggingaverkfræði og vélaverkfræði. Það er hins vegar fyrirsjáanlegt að auka þarf kennslurými verulega, og eins og sakir standa er hver einasti fermetri kennsluhúsnæðis Verkfræði- og Raunvísindaeilda nýttur til fullnustu. Ef við berum saman þann fermetrafjöld, sem er á hvern nemanda í Háskóla Íslands og í háskólum víðast hvar erlendis, kemur í ljós að samanburðurinn er okkur mjög óhagstæður, því erlendis er fermetrafjöldinn um það bil helmingi meiri.“ – Ragnar rakti síðan í stórum dráttum þau framkvæmdaáform sem fyrirhuguð eru á næstunni, en þau taka mið af þeirri nauðsyn að ljúka húsi læknaeildar og húsi verkfræðideildar (VR-III) sem fyrst, eins og þegar hefur verið rakið, en því næst koma allmörg verkefni sem ráðast verður í þar á eftir. Nefndi hann viðbyggingu við Háskólabíó þar sem gert verður ráð fyrir þremur fyrirlestrasölum sem jafnframt verður hægt að nýta sem kvikmyndasýningasali, seinni hluta Odda, hæð byggða ofan á Raunvísindastofnun, byggingu náttúruvísindahúss sem hýsa myndi líffræði- og jarðvísindagreinar, og fyrsta áfanga lyfjafræðihúss, sem jafnframt yrði framleiðsludeild Reykjavíkur Apóteks. – *Hver er svo fjárþörf Háskólans til að unnt verði að ráðast í þessar framkvæmdir á skikkanlegum tíma?* – „Til að halda nauðsynlegum framkvæmdahraða er mikilvægt að Alþingi veiti á fjárlögum næstu fjögur árin, 1987–1990, fjármagni sem samsvari framlagi Happpdrættis Háskólans,“ sagði Ragnar. „Við höfum áætlað fjárþörfina um 150 milljónir á ári, 75 milljónir frá Háskólahapppdrættinu og sömu upphæð úr ríkissjóði. Þá hefur háskólarektor einnig farið þess á leit við fjárveitingavaldið að Háskólanum verði veittar 25 milljónir á ári í viðhaldskostnað. – Háskólinn átti 75 ára afmæli á þessu ári og af því tilefni var reynt að gefa almenningi kost á að kynna sér starfsemi hans, það var meðal annars gert með svokölluðu „opnu húsi“ í október, og orðu margir til að notfæra sér það tækifæri til að sjá að hverju unnið væri í þessari ædstu menntastofnun þjóðarinnar. Það gladdi okkur hér í Háskólanum mjög mikið að sjá þennan áhuga, en ég er hræddur um að margir hafi orðið til að fá eftirþanka og óttast að „opna húsið“ hafi gefið til kynna að starfsaðstaðan væri mun betri en hún í raun er,“ sagði Ragnar að lokum.“




Úr afgreiðslusal aðalumboðs Háskólahappdrættis við Tjarnargötu, 1986. Fremst til vinstri er Ingunn Sigurðardóttir en fjær er Guðlaug Einarsdóttir, báðar starfsmenn Happpdrættis.

### Ágreiningur um ráðstöfun happdrættisfjár, haustið 1989

Haustið 1989 kom upp mikill ágreiningur milli háskólayfirvalda og yfirvalda ríkisfjármála um ráðstöfun tekna Háskólahappdrættis og var þar tekist á um sjálfstæði eða sjálfsákvörðunarrétt Háskólans á því sviði. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1990, sem lagt var fyrir Alþingi um haustið, var m. a. gert ráð fyrir því, að 87.5 milljónum króna af tekjum Happpdrættis Háskólans yrði ráðstafað á annan veg en Háskólinn hafði sjálfur ætlað. Samkvæmt frumvarpinu skyldu 60 milljónir renna til framkvæmda við Þjóðarþóklhöðu, 15 milljónum skyldi varið til bóka- og tímaritakaupa Háskólabókasafns – sem fram til þess höfðu verið kostuð af fjárveitingum úr ríkissjóði – en 12.5 milljónir skyldu renna til tækjakaupa stofnana, sem hafa sjálfstæðan fjárhag óháðan Háskólanum. Áætlaðar tekjur Happpdrættisins árið 1990 voru kr. 1.360.620.000, en heildargjöld áætluð kr. 1.141.620.000 – og hagnaður samkvæmt því áætlaður kr. 219 milljónir. Þegar greitt hefði verið af þeirri upphæð svokallað einkaleyfisgjald til ríkissjóðs, 20% eða 43.8 milljónir, ætti hlutur Háskólans af hagnaðinum að verða um 175.2 milljónir króna, en

H A P P A Þ R E N N A H H Í



**500.000 kr.  
fyrir  
fimmtíu kall?**



Happaprennan hefur svo sannarlega slegið í ögn, enda ein-  
faldu og æsaspennandi leikur sem hefur gætt getur fært þér  
hálfa milljón krona!  
Útselt radast strax, þú þarft einungis að skafa af glugginum  
og séu 3 tölur eins, færðu vinning! Lægn vinninganna færðu  
greidda samstundis, á solustað H.H.I. Tjarnargötu 4, Reykjavík  
sæktu þú á aðalskrifstofu H.H.I. 16  
sem er opin kl. 10 - 16  
50% af soluverði Happaprennunnar fara í vinninga, tugir og  
upp í hundruð þúsunda í hvern viku. Vertu með og veidu þér  
Happaprennu!

**Auðvelt að spila. Auðvelt að vinna.**

*Nýleg auglýsing frá Happarættu Haskotans.*

af því vildi ríkisvaldið taka 87.5 milljónir til ráðstöfunar svo sem fyrir segir. Gat ekki hjá því farið að þessi ráðstöfun raskaði mjög öllum framtíðaráformum háskólayfirvalda í byggingarmálum, ef að lögum yrði, en bygging hvers konar háskólahúsnæðis er að sjálfsögðu skipulögð langt fram í tímann. Sú fyrirætlun fjármálayfirvalda, sem hér var lýst, var m. a. rökstudd með því, að Háskólanum væri mikill og augljós hagur að því, að Þjóðarbókhlaðan kæmist sem fyrst í gagnid, en háskólaráð, Þróunarnefnd Háskólans, Félag háskólakennara, Stúdentaráð og ýmis samtök mótmæltu þessari ráðagerð harðlega og töldu felast í henni árás á sjálfstæði Háskólans, auk þess sem illa – og jafnvel ólöglega – væri staðið að málinu að öðru leyti. Mjög var fjallað um þetta hitamál í fjölmiðlum.

Hinn 24. október birti Þjóðviljinn viðtal við *Ólaf Ragnar Grímsson* fjármálaráðherra, þar sem segir m. a.:

„Ég þarf ekki að láta neinn innan háskólans segja mér hver eru brýnustu verkefni í húsnæðismálum háskólans. Þau þekki ég vel af eigin raun eftir 20 ára starf við Háskóla Íslands, sagði Ólafur Ragnar Grímsson, fjármálaráðherra, vegna mótmæla háskólaráðs ... gegn því að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi að 60 milljónir af tekjum Hapdrættis háskólans fari til byggingar Þjóðarbókhöðu. Ekki hafi verið kvartað eins mikið undan neinu einu atriði innan háskólans og skorti á viðunandi húsnæði fyrir háskólabókasafn og skorti á nútíma bókasafnsaðstöðu og lesaðstöðu fyrir hundruð nemenda. Ólafur Ragnar sagði að ekkert eitt hús myndi valda eins miklum tímamótum í húsnæðismálum háskólans og Þjóðarbókhlaðan .... Í samtali við Þjóðviljann sagði Ólafur Ragnar að vinir hans í háskólanum segðust vilja ákveða í hvað peningarnir færu. Það hefði verið ánægjulegt ef háskólaráð hefði haft frumkvæði og víðsýni til að skilja og ákveða að hagsmunum háskólans væri best þjónað með því að Þjóðarbókhlaðan kæmi sem fyrst til starfa. Sér hefði skilist að háskólaráð vildi frekar setja peningana í húsnæði tannlæknadeildar, Tanngarð. „Ég spyr sjálfan mig og aðra, hvort þjónar betur húsnæðismálum háskólans í heild, að Þjóðarbókhöðunni verði lokið sem fyrst eða að Tanngarðinum á Landsspítalalóðinni miði eitthvað áfram,“ sagði Ólafur Ragnar. – Þegar Þjóðarbókhlaðan hefur verið tekin í gagnid munu að sögn ráðherrans losna á bilinu 1–2.000 fermetrar í núverandi húsnæði háskólans. Þjóðarbókhlaðan muni því ekki eingöngu bæta aðstöðu háskólabókasafns og nemenda til mikilla muna, heldur líka losa um mikið af húsnæði fyrir skólann. Í Þjóðarbókhöðu verði fullkomnasta tenging við alþjóðlega gagnabanka og rannsóknarbókasöfn. Ólafur sagðist harma að háskólaráð skyldi kjósa að gera úr þessu deilumál og spurningu um sjálfstæði háskólans. Málið hefði ekkert með sjálfstæði háskólans að gera. Sjálfstæði háskólans snérist um menningarlegt og vísindalegt starf, sjálfstæða hugsun og þekkingarsköpun, en ekki húsnæðismál. – Ekkert eitt í starfsemi háskóla er eins mikill grundvöllur að efnislegu sjálfstæði hans í vísindum, umræðum og þekkingarsköpun og fullkomið bókasafn eins





*Jóhannes L.L. Helgason, forstjóri Hapdrættis Háskólans. Myndin er tekin í vinnuherbergi hans í húsnæði Hapdrættisins að Tjarnargötu 4, í nóvember 1989.*

og Þjóðarbókhlaðan, að mati Ólafs Ragnars. Hún væri þess vegna hornsteinn í sjálfstæði hans og meira en innantóm orð.“

Í ræðu sinni við brautskráningu kandiata í Háskólabíói 21. október ræddi *Sigmundur Guðbjarnason* háskóla rektor af fullum þunga um þetta mál og sagði m. a.:<sup>6</sup>

[„Alvarleg] er sú fyrirætlan fjármálaráðherra að svipta bæði Háskóla Íslands og Þjóðarbókhlaðuna eigin tekjustofnum og lama þannig uppbyggingu þessara stofnana. Framkvæmdafé Háskólans er nú eingöngu hagnaður af rekstri Hapdrættis Háskólans sem stofnað var að frumkvæði Háskólans og tók til starfa í janúar 1934. – Hapdrætti Háskólans hefur fjármagnað nær alla uppbyggingu Háskólans í meira en hálfa öld. Ríkissjóður hefur þó lagt Háskólanum til byggingafé á ýmsum tímum og síðast til byggingar Læknadeildahúss. Íslendingar hafa fúsir stutt Háskólann með kaupum á hapdrættismiðum og þeir eru og mega vera stoltir af Háskóla sínum, sem þeir hafa byggt með þessum einstæða hætti, í raun með frjálsum framlögum. Háskóli Íslands er



6 Birt í Fréttabréfi Háskóla Íslands, 8. tbl. 1989.

vissulega háskóli allra landsmanna, viðleitni hans er að bæta lífið í landinu með því að veita menntun og virkja vísindin í þágu þjóðarinnar. – Því væri það reiðarslag ef svipta á Háskóla Íslands ráðstöfunarrétti á eigin tekjum, svipta hann þessu fjárhagslega sjálf-ræði. Háskóli Íslands býður, eins og raunar öll þjóðin, eftir því að byggingu Þjóðarbókhlöðu ljúki. Bókhlaðan á að vera gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín í tilefni ellefu alda búsetu í landinu og fjármagnast með sérstökum eignaskatti. Skattur þessi hefur verið lagður á landsmenn en aðeins hluta hans hefur verið skilað í byggingasjóð Þjóðarbókhlöðunnar. Þessi atлага að tekjustofni Þjóðarbókhlöðu og tekjustofni Háskóla Íslands er í senn lögbrot og lítilsvirðing við landsmenn. Með slíku gerræði er bygging Bókhlöðunnar tafin fram yfir aldamót og frekari þróun og uppbygging Háskólans stöðvuð. Við það verður ekki unað án andspyrnu. – Löggjafinn hefur á undanförunum árum valið þá leið að marka ákveðnar tekjur tilteknum framkvæmdum á ýmsum sviðum. Slíkir verndaðir tekjustofnar hafa átt að tryggja fé til verðugra verkefna að mati Alþingis. Nú ber að breyta þessu fyrirkomulagi, segir í fjárlagafrumvarpinu og leggja þessa tekjustofna beint undir fjármálaráðuneytið, en tilgreindir eru vegasjóður, framkvæmdasjóður fatlaðra og aldraðra, lottótekjur og Happpdrætti Háskóla Íslands, o. fl. – Happpdrætti Háskóla Íslands er í raun eitt af fyrirtækjum Háskólans sem greiðir 20% af hagnaði í ríkissjóð sem einkaleyfisgjald. Vart geta fyrirtækin flokkast með sama hætti og tilteknar skatttekjur, sem markaðar eru tilteknum verkefnum. – Bókhlaðan mun hýsa bæði Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Með sameiningu Háskólabókasafns og Landsbókasafns myndast öflugra þjóðbókasafn sem þjóna á allri rannsókn- og fræðslustarfsemi í landinu. Með slíkum hætti tekur Háskólabókasafn á sig nýjar og meiri skyldur gagnvart þjóðinni. Háskólabókasafn mun eftir sem áður verða í mörgum deildarbókasöfnum, t. d. í Odda, Lögbergi, Árnagarði og húsi verkfræði- og raun-vísindadeilda en heilbrigðisgreinum verður þjónað af bókasafni, sem er til húsa í Eirbergi, húsi gamla Hjúkrunarskólans. Húsnæði það sem losnar við flutning Háskólabókasafnsins er einkum í Aðalbyggingu Háskólans, það lesrými sem losnar er aðallega í leiguhúsnæði. – Þótt ávinningur Háskólans af aðstöðu í Þjóðarbókhlöðunni sé augljós og mikilvægur þá eru jafnvel brýnni þarfir fyrir framkvæmdaféð við uppbyggingu á annarri starfsaðstöðu fyrir kennara og nemendur. Brýnustu verkefni á byggingaáætlun Háskólans eru að ljúka við þær byggingar sem eru í smíðum svo sem byggingu Læknadeildahúss í Vatnsmýrinni, en áratugur er liðinn síðan framkvæmdir hófust við þessa byggingu, sem oftast er nefnd Tanngarður. Þá er ólokið við hug-vísindahúsið Odda en í þessum áfanga sem ljúka skal verða einkum vinnuherbergi kennara. – Á liðnum árum hafa margir kennarar verið og eru ennþá án vinnuaðstöðu í Háskólanum, hafa þeir ýmist unnið heima eða húsnæði hefur verið leigt fyrir þá. Aðstaða stúdenta til starfa, til verkefnavinnu og samstarfs er algjörlega ófullnægjandi en stefnt er að úrbótum í þessum efnunum. – Nauðsynlegt er að byggja fyrirlestrasali fyrir fjölmenna hópa sem njóta sameiginlegrar kennslu og er þess vænst að viðbyggingu við

Háskólabíó ljúki að mestu á næsta ári. Að þessum verkefnum loknum bíður húsgrunnur fyrir verkstæði og annar fyrir verkfræðideild. Þá er áformað að byggja yfir líffræðigreinar og flytja þær úr leiguhúsnæði á Grensásvegi á háskólasvæðið. Verkefni eru mörg og brýn og tekur meir en 10 ár að ná settu marki með fjármögnun af happdrættishagnaði einum saman. – Viðhald húsa verður stöðugt fjárfrekara eftir því sem byggingarnar eldast. Viðgerðir á Aðalbyggingu, Árnagarði, gömlu Atvinnudeildinni og gamla Hjúkrunarskólanum eru á næsta leiti en þessar byggingar hafa samt ekki verið vanræktar. Ekki getum við sætt okkur við að háskólabyggingarnar grotni niður með sama hætti og Þjóðminjasafn, Þjóðleikhús eða aðrar byggingar sem sækja viðhaldsfé í ríkissjóð. – Samkvæmt lögum ber að verja hagnaði af Hapdrætti Háskólans til bygginga á vegum Háskóla Íslands, til viðhalds húsa og lóða og til kaupa á tækjum til kennslu og rannsókna. Það fyrirfinnst vart annar ríkisrekinn háskóli sem með sjálfsaflafé reisir háskólabyggingarnar og greiðir sjálfur allt viðhald og fjármagnar einnig eigin tækjakaup. – Öll þróun og uppbygging Háskóla Íslands er og hefur verið háð þessari fjármögnun með tekjum Hapdrættis Háskólans. Auknar tekjur Hapdrættis Háskóla Íslands á síðustu árum hafa komið til vegna eigin frumkvæðis og nýmæla, en ekki að frumkvæði ríkisvaldsins. – Það er skammsýni að ætla að stöðva uppbyggingu og þróun Háskóla Íslands þegar við höldum á vit framtíðar sem krefst meiri þekkingar og færni á öllum sviðum tækni og vísinda. Háskóli Íslands veitir forystu í umbóta-viðleitni á sviði menntunar og vísindarannsókna í landinu. Slík skammsýni mun stöðva og brjóta jafnvel niður þann eldmóð, dug og kraft sem býr í þeirri stofnun sem færir okkur nær þekkingarþjóðfélagi framtíðarinnar, þessi skammsýni má ekki hefta okkur og halda í fortíðinni. – Ríkisstjórnir koma og ríkisstjórnir fara en sumar þeirra lifa í minningu þjóðarinnar fyrir sérstök heilla- og framfaraspor. Við verðum að treysta því að Alþingi láti ekki fótum troða Háskóla Íslands og Þjóðarbókhöðuna og lítilsvirða þjóðina með þessum hætti. Þurfum við stuðning ykkar, kæru kandidatar, og annarra landsmanna sem gera sér grein fyrir mikilvægi öflugs háskóla í þjóðfélagsþróuninni, hvort sem þeir starfa að menntamálum, heilbrigðismálum eða atvinnumálum.“

Síðar í ræðunni sagði háskólarektor:

„Mér hefur orðið tíðrætt um aðför fjármálaráðherra að Háskóla Íslands og Þjóðarbókhöðu. Með því að svipta Háskólann þeirri tekjulind sem verið hefur aflgjafi uppbyggingar hans stöðvast þróun hans. Stöðvast þá einnig sú viðleitni að vera þátttakandi í atvinnuþróun og uppbyggingu nýrra fyrirtækja sem skilað gætu nýjum störfum, nýjum afurðum og auknum tekjum í þjóðarbuíð. Ef Háskólinn fær ekki að njóta afraksturs eigin frumkvæðis og árangurs þá verður árangurinn eftir því, svo einfalt er það.“



Líkan af fyrirhuguðu húsi fyrir Hapdrætti Háskólans, er dr. Maggi Jónsson arkitekt hannaði á lóð Hapdrættisins, sem afmarkast af Tjarnargötu, Vonarstræti og Suðurgötu. Á horni Vonarstrætis og Suðurgötu er eitt elsta og merkasta tré bæjarins, hlynur, sem gróðursettur var laust eftir síðustu aldamót. Ákveðið hefur verið að friða hlyninn og tekur hönnun hússins mið af því, svo sem sjá má. Í kjallara hússins er gert ráð fyrir bifreiðastæðum, en á fyrstu hæð verður afgreiðsla aðalumboðs og útborgun vinninga. Á annarri hæð eru síðan ráðgerðar skrifstofur Hapdrættisins. Húsnæði á 3. og 4. hæð hefur ekki verið ráðstafað og hefur verið rétt um að það verði selt, þegar þar að kemur.

Á fjölsóttum fundi í Félagi háskólakennara, sem haldinn var í Odda 26. október, var umræðuefnið: „Ásælni fjárveitingavaldsins í sjálfsaflafé Háskólans.“ Einn frummælenda, Páll Skúlason prófessor, sagði þar í ræðu sinni:<sup>7</sup>

„Samkvæmt núgildandi lögum um fjármögnun Þjóðarbókhlaðu eiga að renna til byggingar hennar á árinu 1990 um 270 milljónir króna. Heildarkostnaður við þær framkvæmdir sem eftir eru er áætlaður um 900 milljónir. Verði lögunum fylgt svo sem gert er í réttarríki þar sem stjórnad er með lögum og að lögum yrði Þjóðarbókhlaða að veruleika á árinu 1994. – Svo að ekkert fari milli mála skal vitnað til laga nr. 83, frá 1. júní 1989:

I. gr.

Myndaður skal sjóður sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. Þá skal verja sjóðnum í upphafi til þess að ljúka byggingu Þjóðarbókhlaðunnar. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til byggingu Þjóðarbókhlaðu er lokið skal sérstakur eignarskattur samkvæmt lögum þessum renna til þeirrar framkvæmdar eftir því sem þörf krefur.

(Úr lögum um Þjóðarbókhlaðu og endurbætur menningarbygginga.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir 1990 bregður svo undarlega við að ákvæði laganna frá 1. júní virðast hafa gleymst, því að þar stendur: „Tekjur af eignarskattsaukanum á árinu 1990 eru áætlaðar um 270 m. kr. Eins og gildir um önnur fjárfestingarframlög er miðað við að þau verði dregin saman um nálega fjórðung vegna hins alvarlega ástands í efnahagsmálum og ríkisfjármálum en að öðru leyti verði fénu varið til framkvæmda við þær byggingar sem lögin geta tekið til. Er þar um að ræða 215 m. kr. sem ráðstafað er þannig: Þjóðleikhús 125 m. kr., Þjóðarbókhlaða 60 m. kr., Þjóðskjalasafn 10 m. kr., Þjóðminjasafn 13 m. kr. og óráðstafað 7. m. kr.“ – Þegar þannig er búið að skerða fjárveitinguna til Þjóðarbókhlaðunnar um 210 milljónir er gert ráð fyrir að teknar verði 60 m. kr. frá Happraetti Háskóla Íslands og 120 m. kr. varið til Þjóðarbókhlaðunnar á næsta ári. Með svipuðu áframhaldi yrði byggingu hennar lokið á árinu 1997. – Þetta mál allt vekur ýmsar spurningar. Ég ætla einungis að nefna eina spurningu: Er málið sem hér er til umræðu dæmigert fyrir vinnubrögð við fjárlagagerð íslenska ríkisins? – Ég vona sannarlega að svo sé ekki, hér hafi orðið mistök eins og

7 Birt í Fréttabréfi Háskóla Íslands, 8. tbl. 1989, ásamt ræðum annarra frummælenda.



*Jónas Fr. Jónsson, formaður Stúdentaráðs, afhendir, 9. nóvember 1989, Guðrúnu Helgadóttur, forseta sameinaðs Alþingis, undirskriftalista með nöfnum 2.648 stúdenta, sem mótmæltu „freaklegri ásælni ríkisvaldsins í sjálfsafslafé Háskólans“. Var þetta liður í mótmælaaðgerðum háskólamanna gegn áformum í fjárlagafrumvarpi um að taka drjúgan hlut af tekjum Happraættis Háskólans og láta hann ganga til byggingar Þjóðarbókhlaðu.*

gerist á bestu bæjum. Mér virðist raunar að það sem haft er eftir fjármálaráðherra á forsíðu Þjóðviljans á þriðjudaginn bendi til þess. Þar er eftir honum haft: „Ekkert eitt í starfsemi háskóla er eins mikill grundvöllur að efnislegu sjálfstæði hans í vísindum, umræðum og þekkingarsköpun og fullkomið bókasafn eins og Þjóðarbókhlaðan. [...] Hún væri þess vegna hornsteinn í sjálfstæði hans og meira en innantóm orð.“ – Fjármálaráðherra veit og skilur að bókasafn er hjarta háskóla og hann vill veg þess sem mestan og bestan og þar með veg og sjálfstæði Háskóla Íslands líka. Honum eða starfsmönnum hans virðast því hafa orðið á mistök. Með tillögum sínum og vinnubrögðum gera þeir hvort tveggja í senn að vinna gegn hagsmunum Þjóðbókasafns og háskólans og brjóta lög um Þjóðarbókhlaðuna og um Happraætti háskólans. – Hljótum við ekki að vænta þess að mistökin verði leiðrétt? Ég er ekki viss um að þeir sem að þessu standa séu fúsir til þess, og mig langar að skýra ofurlítið hvers vegna. –

Höfuðrök þeirra og hugsunarhátt virðist mér að megi draga saman í orðin: „Nauðsyn brýtur lög.“ Ástand efnahagsmála nú og ástand ýmissa þjóðarbygginga réttlæta, að þeirra dómi, að lög séu brotin eftir því sem nauðsyn krefur. Neyðin kenndi naktri konu að spinna og neyðin kennir stjórnámálönnum að brjóta lög. – Þessi hugsunarháttur skín í gegnum alla umræðu stjórn mála á okkar dögum. Og fólk fellur fyrir honum, því að allt sem ráðamenn gera gera þeir í góðu skyni til að tryggja velferð og hamingju sem allra flestra – en með takmörkuðum gæðum, og þess vegna fá ekki allir allt sem þeir vilja. Jafnvel enginn. Allir eiga því að vera hógværir og taka því með þökkum sem að þeim er rétt. Annað er frekja, yfirgangur og hroki. Á þessum erfiðu tímum verðum við ... o. s. frv. – Þessi hugsunarháttur stangast á við meginreglur nútímaréttarríkis, þar sem stjórn skal með lögum og að lögum, en ekki brjóta lög eða breyta þeim eftir geðþótta. Setningin „nauðsyn brýtur lög“ merkir að frá lögum getur einungis verið heimilt að víkja ef ljóst er að réttlætið nær ekki fram að ganga nema lögin víki. Nauðsyn merkir hér neyðarrétt sem kallar á örþrifarád í baráttu gegn löghelguðu ranglæti. Mennt geta til að mynda neyðst til borgaralegrar óhlýðni við stjórnvöld þegar fremja skal á þeim ranglæti í nafni settra laga. – Í ríkjandi hugsunarhætti stjórnámálanna virðist á hinn bóginn mega setja ýmislegt annað en neyðarrétt í stað nauðsynjar í setningunni „nauðsyn brýtur lög“. Mennt gætu alveg eins sagt: „velferð brýtur lög“, „hagsmunir brjóta lög“, „geðþótti brýtur lög“. Og sé þetta gagnrýnt, þá fá menn að heyra – eins og ég hef nýheyrt frá ráðamanni – „þá breytum við bara lögum“. Þar með eru lög og réttur orðin öldungis marklaus. Og þá stendur ógn af stjórnvöldum, því að enginn getur vitað hverju þau finna upp á næst. – Þess vegna er þetta mál, sem við erum hér að ræða, miklu alvarlegra en kann að virðast ef litið er á það eingöngu sem hagsmunamál háskólans og allrar fræðilegrar starfsemi í landinu. Það er ekki aðeins sjálfstæði háskólans sem er ógnað. Með vinnubrögðum af þessu tagi er verið að höggva að rótum þess réttarríkis sem flestir landsmenn vilja vonandi að hér fái að rísa.“

*Þórir Kr. Þórðarson* prófessor ritar í Morgunblaðið, 26. október:

„Starfsmenn fjármálaráðuneytisins eru í vandræðum með gjaldahliðina í ríkisfjármálunum á þessum erfiðu tímum og telja sig hafa fundið upp heillarád: Að taka til sín drjúgan skerf af tekjum Happraættis Háskólans, sem almenningur spilar í til þess að efla þekkingarleit og dómgreind í þjóðfélaginu og til að bæta skilyrði sona sinna og dætra sem vilja fara þá leið. Alþingismenn munu áreiðanlega grípa í taumana, því þeim hefur aldrei dottið það þjóðráð í hug að éta útsæðið í kartöfluleysisári. – Allir vita að sérhver þjóð þarf að búa við traustar stofnanir. Það vissi Gandhi. Þegar hann barðist fyrir stofnun fullvalda ríkis á Indlandi sagði hann það hornstein hvers þjóðfélags að hafa traustar stofnanir svo sem dómstóla, þing, skóla og háskóla. Ef menn vilja drýgja tekjur ríkissjóðs í erfiðu árferði með því að taka til sín sjálfsaflafé Háskóla Íslands, sem hann



*Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor og Svavar Gestsson menntamálaráðherra undirrita samning, sem gerður var 21. nóvember 1989 og fól í sér sáttargerð í deilu háskólayfirvalda og ríkisstjórnvalda um ráðstöfun þess fjár, sem Háskólinn fær frá Happraætti Háskólans.*

hefur aflað sér af framsýni Alexanders Jóhannessonar, Jónasar Jónssonar frá Hriflu og annarra mætra manna, er stigið fyrsta skrefið í átt að hengifluginu. Sú leið má vonandi löng teljast, en fyrsta skrefið markar stefnuna. – Tekjur happdrættisins munu hrynja ef almenningur fær það á tilfinninguna að það sé að styrkja ríkissjóð fremur en eftirlættisstofnun sína, sem fólkið hefur styrkt með milljarðaframlögum á núgengi í liðlega hálfari öld. Og þá yrði Háskólinn kyrktur, einmitt nú er þingmenn ræða sem oftast nýlundur í atvinnumálum og andlegu lífi þjóðarinnar ... – Þjóðarbókhöfðunni er m. a. ætlað að verða Háskólanum e. k. verstöð þekkingar, einn af hornsteinum háskólaálfsins. Skattur sem almenningur greiðir vegna hennar á að renna óskiptur til framkvæmda. – Sagt hefur verið að Háskólinn fái geysimikla aukningu húsrýmis og „aðstöðu“ með byggingu Þjóðarbókhöfðunnar, og því sé það eðlilegur hlutur að skera af framlögum almennings til byggingarsjóðs hans. En ég spyr: Hver er sú þjóð sem ekki telur sér skyld að verja sameiginlegum skattpeningi til skóla og háskóla sinna, ekki aðeins til rekstrar heldur einnig til bygginga? Hver er sú þjóð? Hún er hvergi til, og Íslendingar vilja vart verða fyrstir til að stofna flokk óþjóða í álfunni. Ríkissjóði ber skylda til að efla byggingarsjóð Háskólans og koma til móts við framlög almennings í landinu, en þá



skyldu hefur hann ekki rækt vegna slæms árferðis væntanlega. En nú eru uppi tillögur um að snúa dæminu við. Hefur verðbólgan valdið verðhjöðnun siðferðisins? Þetta er flokksmál. Allir flokkar á þingi munu láta það til sín taka.“

Áður en fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar var tekið fyrir á Alþingi til endanlegrar meðferðar, náðust sættir í þessu ágreiningsefni milli háskólayfirvalda og ríkisstjórnvalda. Hinn 21. nóvember undirrituðu *Sigmundur Guðbjarnason* háskólarektor og *Svavar Gestsson* menntamálaráðherra samkomulag, sem hér er birt. Í Morgunblaðinu, daginn eftir (22. nóvember) er eftirfarandi haft eftir þeim:

„Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, sagði að með þessu samkomulagi væri sjálfstæði Háskólans staðfest. „Þetta var sú lausn sem við gátum fallist á og tryggir áframhaldandi sjálfstæði Háskólans. Við fáum að ráða í hvað við notum peningana í stað þess að fjárveitingavaldið úthluti fénu beint. Ég geri hinsvegar ráð fyrir að það verði deildar meiningar um þessa samþykkt en við töldum þetta farsælla en að eiga í erfiðu stríði við stjórnvöld,“ sagði Sigmundur. – Svavar Gestsson, menntamálaráðherra, sagði að hann teldi að þessu deilumáli væri nú lokið með fullum sóma beggja aðila. „Ég tel að þetta mál geri mönnum betur grein fyrir mikilvægi Háskólans og eigi eftir að styrkja hann,“ sagði Svavar.“

**Samkomulag milli menntamálaráðuneytisins  
og Háskóla Íslands  
um ráðstöfun happdrættisfjár**

**1. Háskólaráð gerir áætlun um ráðstöfun** tekna af Hæppdrætti Háskóla Íslands **til nokkurra ára í senn** og ákveður hvernig fénu er varið á hverju ári **áð höfðu samráði** við menntamálaráðuneytið.

2. Háskólinn tekur þátt í kostnaði húsbúnaðar og þjónustutækja í Þjóðbókasafni svo sem nánar verður skilgreint í samkomulagi milli Háskólans og menntamálaráðuneytis.

3. Raunvísindastofnun Háskólans á jafnan rétt til styrkja úr sjóðum Háskólans og aðrar rannsóknastofnanir, sem eru undir nafni Háskólans á fjárlögum, enda veitir stofnunin kennurum Háskólans aðstöðu til kennslu og rannsókna á starfssviði stofnunarinnar og greiðir gjald af þjónustuverkefnum í Rannsóknasjóð Háskólans.

4. Tilraunastöð Háskólans að Keldum og Háskóli Íslands gera með sér samning um nánari samvinnu, aðstöðu til kennslu og rannsókna, og rétt Tilraunastöðvarinnar til styrkja úr sjóðum Háskólans.

Reykjavík, 21. nóvember 1989.

F. h. menntamálaráðuneytisins  
Svavar Gestsson (sign.)

F. h. Háskóla Íslands  
Sigmundur Guðbjarnason (sign.).

Samkomulag milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands  
um framlag Háskólans til greiðslu stofnkostnaðar í  
Þjóðarbókhöfðu, sbr. 2. tölulið samkomulags 21. nóvember  
1989 um ráðstöfun happdrættisfjár.

1. Háskóli Íslands tekur að sér að greiða, af happdrættisfé, stofnkostnað vegna tölvubúnaðar í Þjóðarbókhöfðu, svo og kostnað vegna tölvunets um háskólasvæðið til nýtingar tölvubúnaðar bókhöfundunnar, en netið verður einnig nýtanlegt fyrir aðila utan svæðisins um símalínur. Kostnaður við tölvubúnaðinn er nú áætlaður 35-45 millj. kr. og við frágang tölvunetsins rúmlega 8 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að verulegur hluti þess kostnaðar falli til á árinu 1990.

Í samræmi við þetta er miðað við, að í fjárlögum fyrir árið 1990 verði á lið Háskóla Íslands gert ráð fyrir 53 millj. kr. framlagi til Þjóðarbókhöfðu vegna tölvubúnaðar og komi fram í athugasemdum, að framlagið komi til greiðslu eftir því sem kostnaður vegna þessa þáttar falli til.

2. Jafnframt tekur Háskóli Íslands að sér að greiða, af happdrættisfé, hluta húsbúnaðar í lestrarrýmum Þjóðarbókhöfðu samkvæmt nánari skilgreiningu er samið verði um þegar ýtarlegri kostnaðaráætlun um þann þátt liggur fyrir.

Reykjavík, 21. nóvember 1989

F. h. menntamálaráðuneytisins  
Svavar Gestsson (sign.)

F. h. Háskóla Íslands  
Sigmundur Guðbjarnason (sign.)

### 3


## Skipulagsmál og háskólalóð

### *Endalok skipulagstillögu Aaltos*

Hinn 17. maí 1979 samþykkti háskólaráð, með samhljóða atkvæðum, svofellda ályktun:

„Skipuð verði sjö manna nefnd til að vinna í umboði háskólaráðs að undirbúningi og gerð tillagna um skipulag háskólalóðar. Rektor verði formaður nefndarinnar, en varaforseti háskólaráðs varamaður hans. Tveir menn og varamenn þeirra skulu kosnir til þriggja ára í senn, en jafnframt kjósi háskólaráð aðra tvo menn í nefndina og varamenn þeirra til eins árs í senn. Þá skal Félag háskólakennara og stúdentar tilnefna sinn fulltrúann hvor aðili (ásamt varamönnum) til eins, tveggja eða þriggja ára. – Nefndin skal gefa háskólaráði yfirlit um störf sín eigi sjaldnar en tvisvar á ári, og allar meiriháttar tillögur hennar um skipulag svæðisins eða um það, hvernig að því skuli unnið í aðalatriðum, skulu öðlast samþykki háskólaráðs. Nefndinni er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra og leita sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem hún telur ástæðu til. – Meðal fyrstu verkefna nefndarinnar skal vera að undirbúa tillögu til háskólaráðs um það, hvernig standa skuli að frekari úrvinnslu skipulagshugmynda Alvars Aalto, sem háskólaráð lagði fyrir skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar, með tilliti til athugasemda skipulagsnefndar og annarra atriða, sem nefndin telur eðlilegt, að skoðuð verði. Nefndin kanni m. a. og geri tillögu um, hvort eða að hve miklu leyti sé fýsilegt að efna til hugmyndasamkeppni með hliðsjón af vitneskju um framtíðarþróun háskólans og þeirri skipulagsvinnu, sem þegar hefur verið unnin, eða þá hvort fela eigi stofu Alvars Aalto eða tilteknum innlendum sérfræðingum í skipulagsmálum að útfæra einstök atriði skipulagsins.“

Samþykkt var með 10 atkvæðum gegn 3, að fulltrúar stúdenta verði tilnefndir af „stúdentum“ í stað „Stúdentaráði“, eins og upphaflega hafði verið lagt til. – Í nefndina voru kjörnir til þriggja ára Arnljótur Björnsson prófessor, og varamaður hans Stefán Már Stefánsson prófessor, einnig Óttar P. Halldórsson prófessor, og varamaður hans Ragnar Ingimarsson prófessor. – Til eins árs voru kjörnir Sigurjón Björnsson prófessor og Þórir Einarsson prófessor. Fyrsti varamaður til eins árs var kjörinn Páll Skúlason prófessor og



UNIVERSITY OF ICELAND / REYKJAVIK  
1/1000 HELSINKI 22,12,1980 ELISSA AND ALVAR AALTO ARCHITECTS

annar varamaður Þór Magnússon þjóðminjavörður. – Félag háskólakennara tilnefndi Þorstein Gylfason lektor fulltrúa sinn í skipulagsnefnd háskólaráðs og Þorkel Helgason dósent til vara.

Sökum þess að skipulagstillaga Aaltos frá 1976 hafði ekki hlotið náð fyrir augum borgaryfirvalda,<sup>8</sup> ákvað Skipulagsnefnd Háskólans á fundi sínum 19. febrúar 1980 að óska eftir því við teiknistofu Alvars Aaltos í Helsinki, að hún tæki að sér endurskoðun skipulagstillagna fyrir miðsvæði Háskólans. *Elissa Aalto*, ekkja Alvars (sem andast hafði vorið 1976) og einnig kunnur arkitekt, vann einkum að þessu starfi eftir ábendingum frá skipulagsnefnd Reykjavíkur og háskólayfirvöldum, m. a. fyrir milligöngu Magga Jónssonar arkitekts. Var brátt lokið við uppdrátt og líkan af svæðinu, þar sem m. a. var gert ráð fyrir því, að rofin yrðu þau beinu byggingartengsl við norðurálmu Aðalbyggingar, sem Alvar Aalto hafði lagt til, og jafnframt að fyrirhuguð húsaröð í norðaustur frá Aðalbyggingu yrði stytt. Á fundi háskólaráðs 19. febrúar 1981 fór fram kynning á þessum nýju skipulagstillögum. Maggi Jónsson arkitekt kom á fundinn af því tilefni og annaðist kynninguna ásamt háskólarektor. Lögð var fram og samþykkt (með 10 atkvæðum gegn 1) svofelld tillaga frá Skipulagsnefnd Háskólans, sem háskólarektor var falið að framfylgja:

„Endurskoðuð skipulagstillaga að miðsvæði háskólalóðar liggur nú fyrir. Hefur upphaflegri tillögu verið breytt í samræmi við ábendingar skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar. – Ráðgjafarnefnd háskólaráðs um skipulag háskólalóðar leggur til við háskólaráð, að leitað verði samþykkis borgaryfirvalda á þessari endurskoðuðu tillögu þannig að unnt verði að vinna að frekari útfærslu á skipulagi svæðisins og til að tafir verði ekki á framkvæmdum á háskólalóð. – Nefndin telur að athuguðu máli að upphafleg tillaga sé hagkvæmari fyrir háskólann. Þó telur nefndin eðlilegt að virt sé það sjónarmið að aðalbygging háskólans standi sem frjálust.“

*Árið 1980 birtist nýr og endurskoðaður skipulagsuppdráttur frá teiknistofu Alvars Aaltos í Helsinki, eftir að borgaryfirvöld í Reykjavík höfðu í reynd hafnað tillögunni frá 1976. Voru nú m. a. rofin tengsl nýrrar húsaraðar við Aðalbyggingu. Alvar Aalto var fallinn frá, er hér var komið sögu, en ekkja hans, Elissa, sem einnig er kunnur arkitekt, annaðist þessa tillögugerð, sem borgaryfirvöld gátu að vísu heldur ekki fallist á.*

8 Athugasemdir borgaryfirvalda á þessu stigi tóku einungis til tengsla húsaraðar við Aðalbyggingu og að húsaröðin þótti ná of langt til austurs og þannig skerma um of háskólasvæðið frá Tjarnarsvæði.



*Endurskoðuð gerð skipulagslíkans Aaltos, frá 1980-1981. M. a. hafa verið rofin tengsl Aðalbyggingar og fyrirhugaðrar húsaráðar norð-  
austanmegin hennar.*

Lagt var fram á fundinum bréf *Sigmundar Guðbjarnasonar* prófessors, dags. 9. sama mánaðar, þar sem hann lagði til, að hin endurskoðaða tillaga yrði send þremur hæfum arkitektum til umsagnar, áður en háskólaráð tæki ákvörðun sína. Tillaga Sigmundar var borin undir atkvæði og felld með 11 atkvæðum gegn 3.

Borgaryfirvöld fóru hægt í sakirnar við afgreiðslu þessa erindis frá Háskólanum. Af því tilefni sagði *Guðmundur Magnússon* háskólarektor í ræðu sinni á háskólahátíð í júnímánuði 1982:

„Enn er beðið eftir ákvörðun borgaryfirvalda um skipulagstillögu Háskólans á miðsvæði háskólalóðar. Ekki virðast afköstin hafa verið mikil á bænum þeim í þessum efnum, og er vonandi, að hinir nýju vendir sópi betur. Þess má geta, að tillaga Háskólans er upphaflega unnin af prófessor Alvar Aalto, sem skipulagði fleiri háskóla en nokkur annar maður í heiminum“.<sup>9</sup>

Enn var langt að bíða formlegra ákvarðana skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar í þessu máli og stóð málið í þófi árum saman. Það var svo loks árið 1986, að skipulagsnefnd borgarinnar og borgarráð *höfnuðu* umræddri skipulagstillögu formlega, þótt ekki liggi fyrir beinar heimildir um það á hvaða forsendum borgaryfirvöld féllust ekki á beiðni háskólayfirvalda um samþykkt skipulagsins. Á fundi skipulagsnefndar 21. apríl það ár var tillagan tekin til afgreiðslu þar og er eftirfarandi bókað í gerðabók nefndarinnar:

„Lagður fram uppráttur Elissu og Alvars Aalto, m 1:1000, dags. 22.12. 1980 að deiliskipulagi á landi Háskólans. Ennfremur eldri bréf og teikningar Borgarskipulags. Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu að bókun: – „Háskóli Íslands og borgarstjórn hafa gert samkomulag um stofnun samstarfsnefndar um skipulag háskólalóðarinnar. Afmörkun háskólalóðar var samþykkt í skipulagsnefnd 10.09. '84 og í borgarráði 11.09. '84. Tillögur Alvars Aalto frá 1980 voru innlegg í umræður um möguleika á uppbyggingu miðsvæðisins og verða það áfram, en með hliðsjón af því undirbúningsstarfi að skipulagsvinnu háskólasvæðisins, sem stefnt er að með samstarfsnefndinni, getur skipulagsnefnd ekki fallist á tillögur Aaltos og bendir á möguleika að efna til samkeppni um miðsvæðið, þegar forögn nefndarinnar liggur fyrir. Miðsvæðið er kjarni háskólabyggðarinnar og viðkvæmt vegna frumhugmynda að uppbyggingu þess og um leið áberandi kjarni í borgarmyndinni.“ Bókunin samþykkt með 5 samhljóða atkvæðum.“

Deigi síðar var þessi afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest í borgarráði.<sup>10</sup>

9 Árbók Háskóla Íslands 1981–1982, bls. 14.

10 Gögn þetta varðandi eru varðveitt á Borgarskjalasafni.



## Lóðarmörk ákvörðuð

Það hafði lengi staðið skipulagsmálum á háskólasvæðinu fyrir þrifum, að mörk háskólalóðar höfðu ekki verið nægilega vel skilgreind. Í tengslum við samningsgerð milli Háskólans og Reykjavíkurborgar um makaskipti landa þessara aðilja á Keldum 1982–1983 gáfu forsvarsmenn borgarinnar formlega yfirlýsingu um skipulags- og lóðarmál Háskólans, þar sem sagði m. a. um afmörkun lóðar og skyld efni:

„Reykjavíkurborg láti nú þegar gera nákvæman uppdrátt af háskólalóðinni og verði lóðin afmörkuð á grundvelli tillögu borgarverkfræðings, sbr. bréf hans til rektors háskólans, dags. 24. júlí 1973, ásamt meðfylgjandi uppdrætti, sbr. þó lið hér á eftir. Í þessu sambandi athugist afmörkun friðlands fugla norðan og austan Norræna hússins. Aðilar eru sammála um að stefna skuli að gerð ípróttaaðstöðu í Vatnsmýri í stað Melavallarins. – Vestan Suðurgötu á horni hennar og Hjarðarhaga er búið að byggja Verkfræðihús 1 og 2 og hafin bygging 3ja áfanga. Þessar byggingar eru á landi, sem er utan lóðarfyrirheits bæjarráðs dags. 6. okt. 1961, en er hér með ráðstafað til Háskóla Íslands. – Á landinu stendur skemma sem H.Í. á að 77.5% en borgarsjóður að 22.5%, og mun H.Í. rífa skemmu þessa alla borgarsjóði að kostnaðarlausu. – H.Í. greiðir ekki gatnagerðargjald af þeim byggingum, sem byggingarleyfi hefur verið veitt fyrir, en endurgreiðir borgarsjóði kaupverð húseignarinnar Klappar við Suðurgötu, sem borgarsjóður keypti á árinu 1982 og er á landi þessu.“

Árið 1984 voru lóðarmörkin síðan formlega ákvörðuð, til samræmis við þessa yfirlýsingu. – Í frétt um skipulagsmálin, sem *Guðmundur Magnússon* rektor birti í Fréttabréfi Háskóla Íslands, 6. tbl. 1984, segir hann m. a. af því tilefni:

„Lóðarmörk Háskóla Íslands voru ákveðin af borgarráði á fundi þess 24. september sl. Er þá 20 ára baráttu Háskólans lokið. Jafnframt verður eftirleikurinn auðveldari, en borgaryfirvöld höfðu lýst því yfir að ekki yrðu leyfðar frekari nýbyggingar á lóðinni fyrr en mörk hennar hefðu verið ákveðin ... Í stórum dráttum afmarkast land Háskólans af Hringbraut frá Birkimel að Njarðargötu, Njarðargötu til móts við suðurenda Fluggarða, línu þaðan að mótum Suðurgötu og Starhaga, Suðurgötu að Hjarðarhaga, Hjarðarhaga vestur fyrir VR-II, frá norðurenda VR-II að Dunhaga, Dunhaga að Hagatorgi, fyrir suðurenda Bændahallar að Ípróttavelli, Ípróttavelli og lóð Þjóðarbókhlaðu. – Byggingarmagn er áætlað 0,5 á svæðinu. Undanskilinn er reitur sá, sem Þjóðarbókhlaðan stendur á; þar miðast byggingarmagnið við samþykktu uppdrætti að bókhlaðunni. – Gert er ráð fyrir að bílastæðafjöldi á háskólalóð vestan Suðurgötu verði ekki undir 750 að stæðum Þjóðarbókhlaðu meðtöldum og að á lóð Bændahallarinnar verði ekki undir 350 stæðum. Gengið er út frá samnýtingu bifreiðastæða Háskólans (Þjóðarbókhlaðu) og

Bændahallar. – Ekki er endanlega tímasett hvenær Melavöllur verður lagður niður. – Við deiliskipulagningu háskólalóðar skal taka fullt tillit til friðlands í Vatnsmýri, sem er á Náttúruminjaskrá 1981 og 1984. – Mörk við gatnamót Njarðargötu og Hringbrautar getur þurft að endurskoða vegna endanlegrar útfærslu umferðarmannvirkja. – Lóð Norræna hússins hefur ekki verið afmörkuð sérstaklega. Gert er ráð fyrir samráði Háskólans við Norræna húsið um landþörf þess og bílastæði. – Austan við núverandi Hjónagarða eru Skildinganesbólarnir, sem borgaryfirvöld hafa samþykkt að óska friðlýsingar á.“

### *Staða skipulagsmálanna haustið 1990*

Um svipað leyti og Reykjavíkurborg hafnaði skipulagstillögu Aaltos árið 1986, svo sem fyrr var getið um, var komið á samstarfsnefnd Háskólans og Reykjavíkurborgar um skipulag háskólalóðar, sem síðan hefur starfað. Í nefndinni voru síðast (1990): prófessorarnir Júlíus Sólnes (formaður), Þorkell Helgason, Gísli Már Gíslason og Sigmundur Guðbjarnason rektor, og frá Reykjavíkurborg þeir Stefán Hermannsson aðstoðarborgarverkfræðingur og Þorvaldur S. Þorvaldsson forstöðumaður Borgarskipulags.

Skömmu áður en samstarfsnefndinni var komið á hafði verið ákveðið, að tveir arkitektar skyldu starfa við skipulag háskólalóðar og voru það þeir *Ormar Þór Guðmundsson* og *dr. Maggi Jónsson*. Var verkinu skipt þannig, að sá fyrirnefndi skyldi annast tillögur að skipulagi á svæðinu vestan Suðurgötu en hinn á háskólalóð austan götunnar, og var síðan unnið að þeim verkefnum undir umsjá samstarfsnefndarinnar. Nefndin lauk starfi sínu vorið 1990 og náðist fullt samkomulag innan hennar um skipulagstillögu. Á 32. fundi nefndarinnar, sem jafnframt var síðasti fundur hennar og haldinn var 2. maí þ.á., var m.a. eftirfarandi bókað:

„1. Ormar Þór Guðmundsson, arkitekt, lagði fram tvær gerðir af tillögu sinni um skipulag vesturlóðar. Samstarfsnefndin er sammála um að endanlegt skipulag vesturlóðar skuli vera í samræmi við þá gerð tillögunnar sem merkt er A og dags. 2. maí 1990. Er þar gert ráð fyrir þremur nýbyggingum. Ein þeirra er beint austan við Hótel Sögu. Á þeirri lóð er gert ráð fyrir niðurgrafinni bílageymslu er rúmi hluta af bílastæðum hótelsins. – Samþykki nefndarinnar tekur til gatnakerfis, byggingarsvæða og byggingarmagns, staðsetningu húsa og fjölda hæða, opinna svæða og bílastæða, höfuðgönguleiða, helstu gróðursvæða svo og tengingu við austurlóð. Tengingar þessar eru:

- (a) Aðkoma að Sturlugötu frá Suðurgötu úr báðum áttum.
- (b) Aðkoma frá Suðurgötu að bílastæði milli aðalbyggingar Háskólans og Þjóðminjasafns af eystri akrein.

- (c) Aðkoma frá Suðurgötu að götu milli hótelsins og Þjóðarbókhöfuðs af vestari akrein.
- (d) Aðkoma frá Suðurgötu að götu sunnan Hótels Sögu úr báðum áttum.
- (e) Aðkoma frá Suðurgötu að Eggertsgötu úr báðum áttum.
- (f) Göngustígar undir Suðurgötu sitt hvoru megin við bílageymslukjallarann.

Teikningar Ormars Þórs sýna lóðarmörk Hótels Sögu. Nefndin tekur ekki afstöðu til þeirra en telur nauðsynlegt að gengið verði frá samningum um lóðarmörk og frágang bílastæða.

2. Samstarfsnefndin hefur nú um allan tíð skeið haft til athugunar tillögur Magga Jónssonar, arkitekts, að skipulagi austurlóðar. Í samræmi við 6. lið fundargerðar 31. fundar þann 23. febrúar 1990 er nefndin sammála um að endanlegt skipulag austurlóðar skuli vera í samræmi við tillögur Magga Jónssonar, sem nú liggja fyrir. – Samþykki nefndarinnar tekur til gatnakervis, byggingasvæða og byggingarmagns, staðsetningu húsa og fjölda hæða, opinna svæða og bílastæða, höfuðgönguleiða svo og afmörkun borgarverndarsvæðis. Jafnframt er ítrekuð samþykkt á 31. fundi 23. febrúar 1990 um skipan starfshóps til að gera tillögur um þetta svæði. Borginni er heimilað að bæta við manni í hópinn.

3. Samstarfsnefndin er sammála um að láta nú þegar ganga frá lokauppráttum og öðrum nauðsynlegum fylgigögnum og leggja tillögurnar fyrir skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar og Háskólaráð til samþykktar hið fyrsta. – Nefndin telur að eftirfarandi gögn þurfi að liggja fyrir til að hægt sé að staðfesta skipulag lóðarinnar:

- (a) Yfirlitskort yfir alla lóðina, austur- og vesturhluta, í mkv. 1:2000, er sýni landnotkun og hnitpunkta svæðisins. Á kortinu komi fram götur, byggingarsvæði, bílastæði, opin og friðuð svæði og gönguleiðir. (Vinnist af Reykjavíkurborg).
- (b) Endanlegt kort af austurlóð og vesturlóð í mkv. 1:1000, sem sýni götur, byggingasvæði, bílastæði, göngustíga, helstu gróðursvæði og hnitpunkta. (Vinnist af viðkomandi arkitektum.)
- (c) Skipulagsskilmálar, sem taki til eftirfarandi atriða:
  - i. Landnotkunar og eðli þeirrar starfsemi, sem fer fram á hinum mismunandi svæðum.
  - ii. Stærðar byggingasvæða og bygginga á hverjum reit.
  - iii. Hæðafjöldi bygginga og kvótasetningar á hámarkshæð bygginga.
  - iv. Fjölda bílastæða og stærð þeirra.
  - v. Vatnsbúskapar fyrir austurlóð.
- (d) Líkan í mælikvarða 1:2000, sem til er, verði aðlagð þessum samþykktum. Stefnt verði að því að gera líkan í mælikvarða 1:1000.“

Þetta samkomulag nefndarmanna var síðan staðfest í Skólábæ 1. júní 1990.

Í septembermánuði s.á. samþykktu borgaryfirvöld í Reykjavík umrædda tillögu að skipulagi háskólalóðar, óbreytta, en skömmu áður hafði háskólaráð fallist á hana fyrir sitt leyti.

Í viðtali við höfund þessa rits segir *Ormar Þór Guðmundsson* m. a. um starf sitt að skipulagi háskólalóðar vestan Suðurgötu:<sup>11</sup>

„Upphaf skipulagsins vestan Suðurgötu má rekja til þess, að ég var á miðju ári 1984 ráðinn til að gera húsrýmisforsögn fyrir viðbyggingu við Háskólabíó og kanna skipulagsleg áhrif slíkrar byggingar. Í framhaldi af þessari vinnu var mér svo, á fyrri hluta árs 1985, falið af þáverandi rektor, Guðmundi Magnússyni og Reykjavíkurborg, að skipuleggja allt háskólasvæðið vestan Suðurgötu. Það, sem m. a. blasti við mér við upphaf þessa skipulagsstarfs, var, að það átti að leggja niður Melavöllinn en þar að auki voru uppi byggingaráform vegna Tæknigarðs, en mér hafði þá enn ekki verið falið það verkefni að hanna hann. Meginviðfangsefnið var að reyna að átta sig á því hvernig þetta svæði, háskólalóðin vestan Suðurgötu, yrði nýtt til frambúðar, þótt fáar upplýsingar lægju fyrir um fyrirhugaðar framkvæmdir þar utan þess, sem fyrr sagði. Almennt lá, sem sagt, ekki fyrir nein forsögn um það, hvað ætti að vera þarna á svæðinu né hvaða starfsemi ætti að fara fram í þeim byggingum, sem reynt yrði að finna stað þar. Það var einnig ljóst frá upphafi, að hafa yrði hliðsjón af þeim byggingum, sem eru austan Suðurgötunnar. Það var m. a. hlutverk mitt að leitast við að sýna fram á, hversu margar byggingar mætti byggja á svæðinu, þ. e. byggingar sem gætu farið vel í þessu umhverfi og þjónað vel Háskólanum. – Það byggingamagn, sem þarna kemur til greina, ræðst að töluverðu leyti af ákvörðunum um bílastæði, sem þjóni þessum byggingum, bæði nýbyggingum og þeim, sem fyrir eru, en sumar þeirra hafa mjög mikla þörf fyrir bílastæði. Ég hafði frá upphafi samstarf við forstöðumenn og arkitekta Þjóðarbókhöðu, Hótel Sögu, Háskólabíós og Verkfræði- og Raunvísindadeildahúsa, og leitaðist við að skapa heildarskipulag fyrir allt svæðið, þar sem m. a. væri tekið tillit til þarfa allra þessara aðila og samræmis gætt. Svo sem fyrr segir, ræðst magn nýbygginga mjög mikið af úrlausn bílastæðavandamálsins og það gat vissulega verið freistandi að byggja bílastæði þarna að hluta til neðanjarðar til að nýta landrýmið eins vel og unnt er, og þá t. d. þannig að nota hæðarmuninn, sem verður um Suðurgötuna, svo að menn gætu keyrt inn á jafnsléttu austan megin frá og verið með bílastæðin neðanjarðar vestan megin við götuna og húsin risu síðan þar af. Með þeim hætti gætu skapast mjög góð tengsl milli svæðanna, sem nú eru hins vegar varla fyrir hendi, því að þessi bílastæði myndu þá að

11 Viðtalið fór fram í júnflok 1989.

sjálfsögðu einnig þjóna byggingum austan Suðurgötu, þar sem nú skortir bílastæði. Þessi möguleiki getur alltaf komið til athugunar síðar, en þó er nú ekki beinlínis gert ráð fyrir honum í þeim skipulagstillögum mínum, sem urðu ofan á, heldur er þar reiknað með að öll bílastæði séu ofanjarðar. Á tímabili var gert ráð fyrir, að tveggja hæða bílageymsluhús yrði reist þar sem nú er hringtorgið framan við Bændahöllina (Hagatorg), og önnur svipuð bílageymsla kæmi síðan milli Bændahallar og Þjóðarbókhlöðu, sem hvort tveggja má sjá á skipulagsuppdraetti mínum frá 1987. Hugmyndina um bílastæði og fyrirkomulag umferðar fyrir framan Bændahöllina tók ég reyndar „í arfi“ frá Gunnari Inga Ragnarssyni verkfræðingi, sem unnið hafði að athugunum á umferðarmálum fyrir Reykjavíkurborg. Frá þessari hugmynd hefur nú verið horfið, og er nú gert ráð fyrir því, að Hagatorg fái að standa sem hringtorg, en hringurinn verði minnkaður mikið frá því sem nú er og fjölmörg bílastæði komist einnig þar fyrir. – Á skipulagsuppdraettinum hef ég gert ráð fyrir röð bygginga nálægt Suðurgötu, sem ekki yrðu hærri en tvær til þrjár hæðir og heldur ekki mjög stórar um sig, en eins og fyrr segir er ekki skilgreint nú til hvaða háskólaþarfa þær byggingar séu. Við tillögur um stærð þessara bygginga hafði ég m. a. hliðsjón af byggingunum austan Suðurgötu og því, að þessar nýbyggingar mynduðu eðlilegan og smekklegan bakgrunn Aðalbyggingar Háskólans, gagnstætt því sem nú er um Bændahöllina, sem skemmir Háskólann þegar horft er til hans úr vissri átt. Það hefði í sjálfu sér verið hægt að gera þarna ráð fyrir hærri byggingum með minni grunnfleti, sem gæfi þá einnig möguleika á fleiri bílastæðum, en bæði er að það hefði að mínum dómi farið illa á þessu svæði og svo hitt að tiltölulega langar og lágar byggingar gefa mun betra skjól en hinar, sem ekki veitir víst af á þessu svæði. – Svo vikið sé nánar að grundvallarhugmyndinni, sem liggur að baki skipulagstekningar minnar, þá er gert ráð fyrir því að byggingarnar liggja um eins konar „ás“ eða hrygglangju, sem gangi eftir hverfinu frá suðri til norðurs, allt frá Verkfræði- og Raunvísindadeildahúsum að Þjóðarbókhlöðu (sem einnig verður að líta á sem háskólabyggingu). Á þessum ás er gert ráð fyrir innri umferðaræð í hverfinu, bæði fyrir bifreiðar og gangandi menn, og við hann verði síðan m. a. þessar fyrirhuguðu nýbyggingar. Þvert á ásinn komi síðan leiðir og a. m. k. með einum göngum undir Suðurgötu, norðan Íþróttahúss, en raunar væri einnig æskilegt að hafa önnur undirgöng norðar, a. m. k. eftir að Þjóðarbókhlaða kemst í gagnið. – Hugmynd mín er sú, að mikill gróður verði á þessu svæði öllu, þegar á heildina er litið, og síðan tel ég að mjög vel komi til greina að byggja með plasti yfir helstu gönguleiðirnar á svæðinu og hafa þar einnig hita í stéttum. Dæmi um slíkt hef ég m. a. frá háskólanum í York í Englandi þar sem þetta fyrirkomulag gagnast vel, og þó er rokið þar ekki alveg jafnmikið og hér. Það væri virkilega freistandi að prófa þetta hér á landi. – Þessar skipulagstillögur mínar hafa ekki fengið formlega staðfestingu neinna yfirvalda, en þó tel ég að í raun hafi tekist allgott samkomulag um þær og þess hefur verið gætt að haga framkvæmdum á svæðinu til samræmis við þær eða a. m. k. að gera þar ekkert, sem gengur í berhöggi við þær.

### SAMSETT YFIRLITSKORT

Skipulagstillögurnar eru:

Háskóli Íslands/Skipulag  
austan Suðurgötu  
dags. 2. maí 1990.

Arkitekt: Maggi Jónsson

Skipulag Háskólasvæðis og  
nágrennis vestan Suðurgötu  
dags. 17. júlí 1989, breytt  
1. apríl 1990.

Arkitekt: Ormar Þór Guðmundsson

Félagsstöfnun Stúdenta  
dags. 5. janúar 1990.

Arkitekt: Teiknistofan Tungötu 3.

### BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR


Borgartúni 3 - 105 Reykjavík, s. 26102


M. 1:1000 - st.gr. 1.5 og 1.6 - dags. 18. maí 1990.

Götuhefti sett inn á - dags. 4. júlí 1990.

R. Ingólfed. arkitekt.

Byggt  
Óbyggt





Tillaga Ormars Þórs Guðmundssonar arkitekts að skipulagi háskólalóðar vestan Suðurgötu.  
Teikningin var gerð í aprilmánuði 1987.

SKIPULAG HÁSKÓLASVÉÐIS OG NÁGRENNIS VESTAN SUÐURGÖTU			
SKALA	1:1000	TEYMA	1:1000
TEIÐINGAR	ARÞÓÐURVIND	TEIÐINGAR	300
TEIÐINGAR	ARÞÓÐUR	TEIÐINGAR	300
TEIÐINGAR		TEIÐINGAR	300

**oo** **ARKITECTASTOFAN SF**  
 ORMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON OG ORNÓLFUR HALL ARKITEKTAR FAI  
 BORGARTÚN 17, REYKJAVÍK 101  
 Sími 2922

Leyfi ég mér því að vona að þær hafi komið að nokkru gagni. – Mér finnst gamla Aðalbyggingin vera „hjarta“ Háskólans og það er að mínu mati nauðsynlegt að „styrkja“ umhverfi hennar með byggingum, sem fara þar vel. Vel heppnaðar byggingar geta einmitt orðið til að framhefja gömlu bygginguna sem aðalatriði í heildarmynd háskólasvæðisins.“

Höfundur átti jafnframt viðtal við *dr. Magga Jónsson* arkitekt<sup>12</sup> um þær meginhugmyndir, sem fram koma í skipulagsteikningu hans fyrir háskólalóðina austan Suðurgötu, sem samþykkt var (ásamt skipulagsteikningu Ormars Þórs Guðmundssonar) á fundi samstarfsnefndarinnar 2. maí 1990 og staðfest á fundi í Skólabaæ 1. júní 1990. Í viðtalinu segir dr. Maggi m.a.:

„Frá því að samstarfsnefnd um skipulagsmál á háskólasvæðinu var mynduð, starfaði ég með henni að tillögugerð um skipulag svæðisins. Nefndin náði að lokum samstöðu um að leggja þennan uppdrátt, sem hér er sýndur, fram til samþykktar. Starf nefndarinnar – og um leið mitt starf – hefur tekið verulegan tíma, en lengi vel var töf á að unnt væri að setja fram raunhæfar skipulagshugmyndir þar eð ekki lágu fyrir fullmótuð áform borgaryfirvalda um tenginu háskólasvæðisins við samgönguæðar borgarinnar. Eftir að ákvarðanir lágu fyrir í því efni var unnt að móta lausnir að skipulagi á háskólalóðinni. Mjög margar og ólíkar hugmyndir um nýtingu svæðisins voru settar fram á fundum nefndarinnar. Var ýmsum hugmyndum hafnað, eins og gengur, áður en endanleg niðurstaða fékkst. Þau mál verða ekki rakin í smáatriðum umfram það sem dregið er á hér á eftir. – Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að mikilvægt væri, að á nýju skipulagi háskólasvæðisins yrði gert ráð fyrir „sterkum“ miðkjarna, þar sem m.a. væri komið fyrir ýmiss konar þjónustu, sem margir háskólastarfsmenn og stúdentar þurfa oft að nota. Staðsetning þess miðkjarna réði síðan afstöðu og staðsetningu ýmissrar annarar starfsemi og mannvirkja, sem á svæðið kæmu. Ég var einnig frá upphafi þeirrar skoðunar, að umferð að þessum kjarna ætti að vera sem beinust, frá Hringbrautinni, og styst og augljósust. Þetta er í raun sú hugmynd sem einnig er burðarás í skipulagsuppdraetti Aaltos frá 1976 og endurskoðuðum skipulagstillögum frá vinnustofu hans frá 1980. Í ljósi þessa voru fjölmargar tillögur gerðar, sem ræddar voru í nefndinni, en lengi vel náðist ekki samstaða um neina þeirra, sem m.a. stafaði af því, að ekki lágu fyrir nægjanlegar ytri forsendur varðandi umferðarmálin, eins og ég hef áður getið. Af hálfu borgarinnar komu að vísu fram nokkrar tillögur að aðkomu og tengingum við aðalumferðaræðar hér austan við

---

12 Viðtalið fór fram í júlíbyrjun 1990. Þess skal getið að haft var samráð við Júlíus Sólnes prófessor og umhverfisráðherra, hvað varðar frásögn af störfum samstarfsnefndarinnar, en Júlíus var formaður þeirrar nefndar.



háskólasvæðið, nálægt Umferðarmiðstöðinni þar sem saman koma stórar götur inn til miðbæjarins, en lengi vel voru borgaryfirvöld ekki þeirrar skoðunar að leyfa ætti umferð inn á háskólasvæðið af Hringbrautinni. Skipulag þessara umferðaræða var mjög lengi í vinnslu á vegum borgarinnar og þar kom, að kallaðir voru til erlendir sérfræðingar til ráðgjafar. Í kjölfar þessa urðu til nýjar tillögur. Þá var einnig ákveðið að „endurvekja“ Njarðargötuna og að af henni kæmi síðan aðaltenging háskólasvæðisins en þessi hugmynd hafði komið fram stuttu eftir að nefndin hóf störf sín. Þetta hefði haft í för með sér, að umferðartenging þessa stóra svæðis hefði verið mjög takmörkuð og gátu fulltrúar Háskólans í samstarfsnefndinni illa sætt sig við það. Óskuðu þeir eindregið eftir beinni tengingu frá Hringbrautinni.

Um síðir náðist samkomulag um að tenging yrði við Hringbraut og ekið um undirgöng frá austri inn á Sturlugötu. Einnig varð samkomulag um aðaladkomu að svæðinu frá Njarðargötu. Síðan var einnig ákveðin tenging bílastæðis milli Þjóðminjasafns og Aðalbyggingar H.Í. við eystri akrein Suðurgötu. – Frá áramótum 1987/1988 tók dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólaþingur reglubundinn þátt í störfum nefndarinnar og sat alla fundi hennar síðan. Í upphafi þess árs var tekin ákvörðun um tilteknar forsendur skipulagsins, sem var áreiðanlega ein veigamesta ákvörðun í öllu nefndarstarfinu, þ.e. ákveðið var að friða Skeifuna framan við Aðalbyggingu Háskólans og þar með var lega Sæmundargötu milli Nýja-Garðs og Gamla-Garðs fest. Þá var einnig í byrjun árs 1988 ákveðið að falla frá fyrri áformum um að koma fyrir íþróttavelli á háskólasvæðinu, en að hins vegar yrði gert ráð fyrir íþróttahúsi sunnarlega á lóðinni. Haustið 1988 ákváðu háskólafyrirvöld, að all stórt svæði skyldi tekið frá fyrir stúdentabyggð austan núverandi stúdentagarða syðst á háskólasvæðinu. Meðal annarra veigamikilla ytri forsendna var kvæð um 4.8 ha. friðland fyrir fuglavarp á svæði austan frá Njarðargötu frá Norræna húsinu að Hringbraut. – Eins og áður segir var efst í huga skipulagshöfundar að skapa sterkan miðkjarna fyrir háskólasvæðið. Til þess að unnt yrði að koma fyrir slíkum miðkjarna var ljóst, að hann yrði að koma í námunda við Aðalbygginguna og jafnframt að Skeifan yrði þá skert í einhverjum mæli. Sá kostur að byggja nýjan miðkjarna úti í mýrinni suð-vestan við Norræna húsið, virtist ekki sérlega raunhæf eða æskileg leið. Eftir að sú ákvörðun hafði verið tekin, að friða skyldi Skeifuna, var um leið girt fyrir að unnt yrði að byggja þar viðunandi miðkjarna, en um leið skýrðust ýmsar forsendur fyrir frekara skipulagi. Þá þurfti m.a. að taka afstöðu til þess, hvernig yrði komið fyrir því ca. 5 ha. friðlandi í mýrinni, sem Reykjavíkurborg hafði frá upphafi gert að skilyrði á þessu svæði.

Við gáfum okkur þá forsendu, að á háskólasvæðinu yrði byggð, sem hýst gæti háskóla með allt að 8000 stúdentum og var því ljóst að um allmiklar byggingar yrði að ræða á austursvæðinu. Austan Suðurgötu þyrfti því að gera ráð fyrir nýbyggingum, sem væru 30–40.000 fermetrar að stærð. Niðurstaðan varð sú, þótt annað hefði e.t.v. verið æskilegra, að lögð verður gata svert yfir mýrina, vestur frá Njarðargötu, sunnan við



HÁSKÓLI ÍSLANDS/SKIPULAG 1:1000  
RAGGI JÓNSSON ARKITEKT, 1939

© HAI 1980



*Líkan af skipulagi háskólasvæðisins.*

Norræna húsið, og tengist hún Sæmundargötu í litlu hringtorgi. Burðarásinn í skipulagstillöggunni er sá, að halda opnu frá „Skeifusvæðinu“ inn á þetta nýja svæði, milli Norræna hússins og Nýja-Garðs, þannig að bein sjóntensl verði inn á opið svæði, sem verður í miðri mýrinni. Byggingunum er síðan í stórum dráttum raðað í kring um það opna svæði. Grunnhugmyndin er sú, að sem flestar byggingar standi við opið svæði öðrum megin, en sé þjónað með götu og aðkomu frá hinni hliðinni. Þetta nýja opna rými er e.t.v. eins konar „tilbrigði“ við Skeifuna, þótt Skeifan sé öðruvísi í formi og rými og opnari en nýja rýmið. Jafnframt er hugmyndin sú, skv. skipulaginu, að flytja tjarnirnar, sem eru norðan við Norræna húsið, nær Skeifunni og gera þar úr eina stærri tjörn. Þannig verður Skeifan á vissan hátt afmörkuð að austan með vatnsfleti, sem ég tel vera mjög heppilegt. Við þetta nýtist friðaða landið milli Norræna hússins og Hringbrautarinnar betur en nú er og austan Norræna hússins verður unnt að byggja nokkur hús. Norræna húsið verður þá eins konar endir á byggingarröð. Þær byggingar sem þar um ræðir eru, talið frá Norræna húsinu til austurs: Jarðfræðihús, Líffræðihús, og síðan Náttúrufræðihús (sem reyndar er að mestum hluta utan hinnar eiginlegu háskólalóðar). Friðlandið milli Norræna hússins og Hringbrautar verður umlukt skurði eða síki, sem á að verja það fyrir ágangi. Utan varptíma eru áformaðar göngubrýr yfir friðlandið. Í friðlandinu er einungis gert ráð fyrir villtum gróðri en utan þess svæðis verður ræktað og hirt land. Miðað er við að haga framkvæmdum þannig, að grunnvatn lækki ekki í mýrinni og svæðið þorni ekki. Þá er æskilegt að regnvatni af götum og þökum verði veitt í tjörnina eða síkið. – Skeifan og þetta fyrirnefnda opna svæði í mýrinni verða síðan

tengd saman með göngustígum. Lagt er til, að meðfram þeim komi runnar og trjágróður svo og lýsing. Þá er einnig hugsað fyrir gönguleiðum milli húsa meðfram opna svæðinu og er álitlegt að þær gönguleiðir verði yfirbyggðar. – Byggingarsvæðum er þannig fyrir komið að unnt verður að velja um að byggja sjálfstæðar byggingar frá 2000–3000 fermetrum að grunnfleti í hverri byggingu eða stærri byggingarsamstæður yfir 10.000 fermetra að grunnfleti. – Allar nýbyggingar verði 2–3 hæðir auk kjallara þar sem þörf krefur. Byggingar þær, sem sýndar eru á uppdráttum, ber að skoða sem tákni en útlínur byggingarreita eru að mestu bindandi. – Það er skoðun höfundar að með þessum tillögum sé svæðið hóflega byggt og í þeim felist kostir á að skapa lifandi frjálst og opið háskólasvæði þar sem miklir möguleikar gefist til að gera umhverfi með lifandi samspili milli opinna svæða og byggingar. Svæði þar sem gatnakerfi er haldið í lágmarki sem þjónustusvæðum að byggðinni.“

## 4

# Einstakar byggingar

## *Oddi*

Þegar komið var fram á áttunda áratuginn var orðið ljóst, að nauðsyn bar til að byggt yrði yfir ýmsa starfsemi hugvísindagreina. Kom áætlun um það m. a. fram í „Gráu skýrslunni“ fyrrnefndu frá 1977, en þess má einnig geta, að 4. apríl 1974 hafði verið lagt fram í háskólaráði bréf Viðskiptadeildar um húsnæðisþörf deildarinnar, þar sem því var haldið fram, að fyllsta ástæða væri til þess að þá þegar yrði hafinn undirbúningur að byggingu húsnæðis fyrir deildina á háskólalóðinni. Árið 1980 var hafist handa við byggingu „hugvísindahúss“, sem síðar hlaut nafnið Oddi. Hafði *dr. Maggi Jónsson* verið ráðinn sem arkitekt hússins. Sjálf bygging þessa glæsilega stórhýsis gekk ekki áfallalaust, svo sem nánar er lýst í skýrslu *Brynjólfs Sigurðssonar*, varaformanns starfsnefndar um nýbyggingar á háskólalóð, sem lögð var fyrir háskólaráð 3. desember 1983 (í Skjalasafni Háskólans). Þar segir:

„Ákveðið var að bjóða út uppsteypu á fyrri hluta „Hugvísindahúss“ í tvennu lagi. Hönnunargögn að undirstöðum og kjallara hússins voru send F.I.R. í maímánuði 1980. Framkvæmdir hófust hins vegar ekki fyrr en í ágúst, og um áramótin 1980/81 varð verktakinn gjaldþrota. Nýr verktaki var ráðinn til verksins, en sá hafði boðið næstlægst í verkið. Framkvæmdahraði var mun minni en gert hafði verið ráð fyrir, og var verkþættinum ekki lokið fyrr en haustið 1981. – Hinn 14. júlí 1981 voru opnuð tilboð í síðari hluta á uppsteypu „Hugvísindahúss“. Tilboði náði ennfremur til frágangs á þaki og fullnaðarfrágangi að öðru leyti utanhúss. Tilboði *Reynis h.f.* var tekið og boðinn skiladagur á foheldu húsi var 15. janúar 1982. – Þótt eftirlit með framkvæmdum sé í höndum F.I.R. sbr. 17. gr. 1. nr. 63/1970 fer ekki hjá því, að hönnuðir eigi leið um byggingarstað, þegar um er að ræða framkvæmd af þeirri stærð, sem „Hugvísindahúsið“ er. Hönnuðir hafa ekkert skipunarvald gagnvart verktaka, en á verkfundum eiga þeir þess kost að láta álit sitt á framkvæmdunum í ljós. – Fljótlega fór að bera á því að mikið skorti á, að vinnugæði verktaka væru í samræmi við útboðsgögn, að dómi arkitekts og verkfræðilegra hönnuða. Starfsnefndin fór á byggingarstað og sannfærðist um, að




*Dr. Maggi Jónsson, arkitekt og byggingaráðgjafi Háskólans, í vinnuherbergi sínu á 2. hæð Aðalbyggingar. 1989. Dr. Maggi teiknaði m.a. Odda.*

athugasemdir hönnuða ættu við rök að styðjast. Bæði formlegar og óformlegar viðræður áttu sér stað milli forstöðumanns F.I.R. og starfsnefndarinnar til að koma á bættum vinnubrögðum á byggingarstað. Starfsnefndin fór þess jafnframt á leit við hönnuði, að þeir ykju verulega sitt eftirlit með framkvæmdum, svo að komist yrði hjá óbætanlegu tjóni. – Reyni h.f. tókst ekki að standa við tímamörk sín. Þá kom einnig í ljós, að verktakar tóku lítt tillit til athugasemda hönnuða og eftirlitsmanna, þegar fundið var að frágangi, t. d. við mótauppslátt. – Hinn 24. maí 1982 lagði arkitekt til að uppsteypa hússins yrði stöðvuð, þar til gerðar yrðu ráðstafanir til að framkvæmd yrði í samræmi við útboðsgögn. F.I.R. sendi verktakanum aðvörunarbréf um riftun samningsins. Verktakinn bauðst til að bæta vinnubrögðin, skipta að hluta um smíði og bæta verkstjórn. – Starfsnefndin leitaði auk þess lögfræðilegs álits á riftun verksamningsins. Þótt ákvörðun um að rifta verksamningnum hafi alfarið verið í höndum F.I.R., þá var meiri hluti starfsnefndarinnar einnig þeirrar skoðunar, að ekki væri rétt að rifta samningnum á þessum tíma, þ. e. vorið 1982. Til þess lágu þrjár meginástæður: a) Verktakinn lofaði bættum vinnubrögðum. b) Yrði verksamningi rift þá yrði útilokað, að þak kæmist á húsið fyrir haustið 1982, en talið var að það myndi leiða til, að ekki yrði unnt að vinna í húsinu yfir vetrarmánuðina. c) Ef verkkaupi rifti samningnum var ekki útilokað, að verktaki höfðaði skaðabótamál á hendur verkkaupa. Það yrði háð mati



*Guðmundur Magnússon háskólaþekkingarfræðingur tekur fyrstu skóflustungu að Odda 11. desember 1980. Bak við hann standa, frá vinstri: Haraldur Þorsteinsson eftirlitsmaður Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, Skúli Guðmundsson forstöðumaður Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar, Jóhann Þorkelsson húsvörður í háskólabýggingum, Guðmundur Halldórsson verkfræðingur, Daði Ágústsson verkfræðingur, Jóhannes Guðmundsson verkfræðingur, Ragnar Ingimarsson prófessor, Maggi Jónsson arkitekt hússins, Kristinn Ágúst Friðfinnsson stud. theol., og prófessorarnir Páll Skúlason, Sigurjón Björnsson og Sveinbjörn Björnsson.*


dómstóla, hvort vanefndir yrðu metnar verulegar. Þeir gallar, sem þá þegar höfðu komið fram á húsinu, voru bæt看legir. Aftur á móti hafði starfsnefndin áhyggjur af, að í hönd fóru verkþættir, þar sem gallar yrðu ekki bæt看legir. Ef rifta á verki á grundvelli fyrirframvanefndar, þarf að liggja fyrir, að verkið verði örugglega illa gert og riftunarhæft fyrir verklok. Í þannig tilfellum hvílir mikil sönnunarbyrði á verkkaupa. – Í lok september óskaði verktaki eftir að verða leystur frá verksamningnum. Samningsviðræður þar að lútandi hófust. Skömmu síðar „sneri verktakinn við blaðinu“ og höfðaði mál á hendur verkkaupa og krafðist skaðabóta. Að framan var þess getið að hinn lögformlegi verkkaupi er menntamálaráðuneytið, en mál af þessu tagi eru rekin fyrir þess hönd af eignadeild fjármálaráðuneytisins. Starfsnefndin fór þess á leit við Jóhannes L. L. Helgason, lögfræðing, að hann fylgdist með málaundirbúningi öllum, svo að hagsmuna Háskóla Íslands yrði sem best gætt. – Í byrjun október 1982 hófust samningar við Guðna Sigfússon, trésmíðameistara, um að hann lyki þeim verkáfanga sem Reynir h.f. hafði tekið að sér. Þá var sá háttur tekinn upp, að formaður starfsnefndarinnar sæti alla verkfundi á byggingarstað. Síðan hafa framkvæmdir gengið




GRUNNMYND 1HÆÐ 1100

Grunnmynd Magga Jónssonar af 1. hæð í Odda.






Frumhugmynd Magga Jónssonar að kennaraherbergi í Odða.




Hugmynd að innra skipulagi í Odða verður til á teikniborðinu.

*Form norðurhliðar Odda fæðist.*



*Meðan Oddi var á hönnunarstigi gerði Maggi Jónsson m.a. vönduð og nákvæm líkөн af húsinu og einstökum hlutum þess. Hér sést forsalurinn, 1. hæð.*



Sumum háskólakennurum og öðrum fræðimönnum, sem störfuðu í Árnagarði, hugnaðist miður sú ákvörðun háskólayfirvalda að reisa stórhýsi (Odda) rétt austan við þeirra hús og töldu að hið nýja hús myndi byrgja þeim útsýn og skyggja á fegurð Vatnsmýrar og fjallahringsins. Kölluðu ýmsir nýbygginguna „Skuggabjörg“. Meðan Oddi var í byggingu urðu til stökur af því tilefni, einkum í kaffistofu Stofnunar Árna Magnússonar að því er sumir segja, en gluggar þeirrar stofu vita að Odda.

Sagt er að maður hafi gengið fram hjá Árnagarði síðla kvelds og heyrð kveðið út um glugga:


Með átján hornum allt í kring,  
eru það nýir siðir,  
skeyta saman skakkhyrning  
Skuggabjargasmíðir.

Ef gái ég út um gluggann minn  
gneyp fyrir sjónum manna  
skyggir á hálfan himininn  
heimsmynd vísindanna.

Er þetta varð heyrinkunnugt svaraði aðstandandi „Skuggabjarga“ með þessari stöku:

Sérstæð verða sjónarmið  
sumra gáfumanna,  
ef að þeir hugsa hornrétt við  
heimsmynd vísindanna.

(Fyrri vísunar tvær eru eftir Ólaf Halldórsson handritafræðing en hin síðasta eftir Sigurjón Björnsson prófessor)



*Byggingarframkvæmdir að Odda hafnar.*

með eðlilegum hraða og er vænst, að fyrri áfanga „Hugvísindahúss“ verði að fullu lokið haustið 1984. Hönnun síðari áfanga hússins er lokið.“


Í viðtali við höfund þessa rits<sup>13</sup> segir arkitekt hússins, *dr. Maggi Jónsson*, m. a. um hönnun þess:

„Hönnun húsa af þessu tagi er ávallt samspil ákvarðana byggjanda og arkitekts, er byggir á tiltrú beggja á sjónarmiði hins. Með umboð byggjandans við byggingu Hugvísindahússins fór starfsnefnd háskólaráðs um nýbyggingar á háskólalóð og sérstök byggingarnefnd var ekki skipuð. Í nefndinni sátu þá prófessorarnir Ragnar Ingimarsson formaður, Brynjólfur Sigurðsson, Páll Skúlason, Sigurjón Björnsson og Sveinbjörn Björnsson ásamt Kristni Ágústi Friðfinnssyni stud. theol. – Staðsetning hússins lá fyrir. Menn voru almennt á því, að miðað við allar aðstæður á lóðinni, þá væri þetta álitlegasti staðurinn og æskilegt að fá starfsempungann þarna, því að menn treystu sér þá ekki til að byggja nær Skeifunni. Þó skipulag svæðisins lægi ekki fyrir virtist a. m. k. vera ljóst, að þarna kæmi hús, hvernig svo sem skipulagslausnir að öllu öðru leyti yrðu. Æskilegt virtist að reyna að mynda einhvers konar hóp úr húsunum, sem eru þarna í kring, þ. e. Nýja-Garði, Lögbergi, Árnagarði og Íþróttahúsi. Til þess að ná því markmiði

13 Viðtalið fór fram í janúar 1988.



*Oddi í byggingu, september 1982.*



*Norðurhlið Odda.*

varð mér fljótlega ljóst, að það var nauðsynlegt að snúa húsinu öðruvísi en þeim húsum, því áframhaldandi endurtekning á norður-suður stefnunni myndi ekki ganga. Ég vildi fá þessi hús til að mynda heild. – Fyrsta skref við hönnun hússins var gerð forskriftar í samráði við starfsnefndina og var markmiðið að fá hana svo nákvæma sem unnt var áður en hafist væri handa um að teikna bygginguna. Ákveða skyldi hvaða herbergi ættu að vera í húsinu og til hverra nota. Það voru þrjár greinar eða greinaflokkar, sem áttu að



*Nemendur vinna að verkefni í Odda 1986.*

fara inn í húsið. Í fyrsta lagi átti Félagsvísindadeild öll, eins og hún var þá (þ. e. sálarfræðin, félagsfræðin, uppeldisfræðin, mannfræðin, félagsráðgjöfin, stjórnmálafræðin og bókasafnsfræðin), að fara þangað. Þá var það Viðskiptadeild (þ. e. vinnuherbergi kennara og rannsóknarmanna og kennslurými eftir því sem við yrði komið). Þriðji greinahópurinn, sem átti að fara þarna inn, var úr Heimspékideild og þá fyrst og fremst tungumálakennslan. Húsið skyldi því þjóna þessum þremur einingum, sem hver skyldi hafa visst sjálfstæði, t. d. að kennarar hefðu sér-kennarastofu, þar sem fastráðnir kennarar og stundakennarar gætu hist, og annað slíkt. Þá var jafnframt ákveðin stærð og fjöldi kennaraherbergja. Einnig var ákvarðað um stærð og fjölda kennsluhópa en rannsóknir sýndu, að það var fyrst og fremst þörf fyrir frekar litla en jafnframt misstóra hópa. Þessi forsenda hússins byggði á þeirri skoðun manna, sem þá var, að það væri ekki æskilegt að kenna í of stórum hópum. Þegar hópar næðu vissri stærð þá bæri að kljúfa þá fremur en að taka allan árganginn saman. – Ég held að kennslulega séð sé alveg ljóst, að sumum hópum er að skaðlausu hægt að kenna stórum, en í mörgum tilvikum fara gæði kennslunnar að verulegu leyti eftir hópstærðinni. Einkum á þetta við þar sem þarf að rúma fyrirspurnir og hafa beint samband við einstaka nemendur, að þar er stærð hópsins mjög tengd gæðum kennslunnar og álagi á kennarann. – Fyrir utan kennaraherbergi og kennslurými átti að vera í húsinu deildabókasafn fyrir þessar deildir og sameiginleg vinnuaðstaða til rannsókna tengd því. Það rými þurfti að hafa mikinn sveigjanleika, því að skipting milli deilda var óljós. Eins virtust ekki vera forsendur til að gera endanlega skiptingu á umfangi bókasafnsins eða markalínunni á milli bókasafnsins og rannsóknarrýmisins. Menn sáu þetta rannsóknarrými að verulegu leyti tengt bókasafninu, og að sérfræðingar, sem störfuðu þarna, þyrftu að hafa aðgang að



*Björn Th. Björnsson listfræðingur flytur erindi um málverkið „Eld orðsins“ eftir Jóhannes Kjarval í starfsmannabóði háskólarektors í Odda. Háskólinn lét gera eftirmynd af málverki þessu, sem íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn gáfu Háskólanum á sínum tíma í „tannfé“ í tilefni af stofnun hans, og voru eintök þeirrar eftirprentunar gefin starfsmönnum Háskólans í tilefni 75 ára afmælis skólans haustið 1986. Í baksýn sjást m. a., frá vinstri: Jón Friðjónsson dósent, Guðlaugur Tryggvi Karlsson háskólastarfsmaður og blaðamaður, Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor, Margrét Þorvaldsdóttir rektorsfrú, Sigurjón Björnsson prófessor og Hörður Filippusson dósent.*

handbókasafni. Það voru engar forsendur til að taka á því, hvort bókasafnið ætti að vera 50 fermetrunum minna eða stærra og ransóknarrýmið þá samsvarandi minna eða stærra. Markmiðin lágu sem sagt fyrir í forskriftinni áður en farið var að teikna, og ég lagði mikla áherslu á að menn tækju ákvarðanir um allt, sem hægt væri, um forsendur áður en sjálf hönnun hússins hæfist. Það var því ítarlega rætt um eðli starfseininga, fjölda notenda, umferð, innbyrðis tengsl, aðskilnað milli starfsþátta og jafnvel minna áþreifanlega hluti svo sem æskilegan andblæ. – Fyrirkomulag og form hússins réðst að miklu af eðli þeirra rýma sem í því eru. Aðallega eru þar tvenns konar rými. Annars vegar lítil rými, sem eru vinnuherbergi 15–20 fermetrar, og hins vegar kennslurými, sem eru frá 30 m<sup>2</sup> til 100 m<sup>2</sup>. Algengt er, að í háskólabyggingum (eins og sjá má dæmi um í Háskóla Íslands) séu þessi rými sett saman í jafnbreið hús með gangi eftir miðju og þá haft beggja megin við



*Dr. Gylfi Þ. Gíslason, prófessor í Viðskiptadeild, í vinnuherbergi sínu í Odda, 1985. Dr. Gylfi var um langt skeið menntamálaráðherra og hafði í því embætti margvísleg afskipti af æðstu stjórn háskólamálefna, þ. á m. bygginga- og húsnæðismála, en það hafði hann einnig sem háskólakennari í áratugi.*





*Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir skrifstofustjóri Félagsvísindadeildar (t.h.) og Inga Þórisdóttir fulltrúi á skrifstofu Félagsvísindadeildar í Odda. Myndin er tekin 1988.*

ganginn báðar gerðir af herbergjum sem þá leiðir til þess að ef stóra rýmið fær nokkurn veginn næga dýpt fyrir hagstæð hlutföll, þá verður litla rýmið langt og mjótt. Þetta hefur verið reynt að leysa með því að setja öll stóru rýmin öðrum megin við ganginn og litlu rýmin hinum megin við hann og hafa ganginn þá ekki í miðju hússins. Þá eru kennslustofurnar öðrum megin í stórum dráttum og kennaraherbergin hinum megin. Dæmi um þetta er t. d. VR II. Þá er einnig það vandamál, að stóru rýmin þurfa að hafa meiri lofthæð heldur en þau litlu og verður að gera stóru rýmin tiltölulega há með tilliti til töflu o. fl., sem leiðir til að kennaraherbergin verða of há. Til að leysa þann mismun er mjög algengt að setja fölsk loft í kennaraherbergin og loka þar af hluta af rýminu. Ég setti mér sem markmið að reyna að hafa öll herbergi í sem æskilegustum hlutföllum, bæði lengd, breidd og hæð, án þess þó að hafa neitt í pokahorninu um hvernig slíkt yrði gert. Það hefur oft gefist mér vel að setja markmið, án þess að vita þá hvernig þau verði uppfyllt, en reyna síðan að glíma við þau og sjá hvort eitthvað reki á fjörunar, sem geti leitt til lausnar. Ég sat samsagt uppi með það vandamál að hafa hlutföll í herbergjunum tiltölulega góð, þ. e. að hafa þau ekki mjög þröng miðað við dýpt. Vegna þess að kennslurýmið áttu að verða misstór, var mjög heppilegt að hafa mislangt frá inngöngustað eða gangveg út að útvegg til þess að geta haldið innbyrðis hlutföllunum í herbergjunum í heiðri. Það er ein af ástæðunum fyrir því að norðurveggurinn er „beiglaður“ og ekki samsíða vegg að miðrými. Fjöldi lítilla herbergja kallaði á mjög langa útveggi, ef nýta ætti dagsljós sem mest, en það var eitt af markmiðunum, sem



*Mikael Tal stórmeistari („galdramaðurinn frá Riga“) teflir fjöltefli við þrjátíu háskólastúdenta í Odda 27. febrúar 1987. Hér teflir Tal við Kristín Jens Sigurþórsson stud. theol., sem var einn þeirra átta stúdenta, sem gerðu jafntefli við heimsmeistarann fyrrverandi.*

samstaða var um. Það varð því að finna leið til þess að fá sem lengsta útveggi. Valin var sú leið að koma öllum kennaraherbergjum fyrir í beinni röð í tiltölulega langri byggingu, og svo, fyrir miðri þeirri byggingu, að brjóta út miðjuna og koma þar fyrir samgöngurýmum, sem tengdust inn í aðalsamgönguæð kennaraherbergjanna og raða svo, eins þétt og unnt væri, kennslurýmum í kringum þau samgöngurými. Það er þetta, sem gefur húsinu lögun. Þetta hafði það líka í för með sér að ég þurfti ekki að grípa til fölsku loftanna, sem ég nefndi, heldur gat ég raðað kennaraherbergjunum hverju ofan á annað og tekið svo hæðarmismuninn, sem myndaðist, upp í stigum á mótum samgöngurýmanna og kennaraherbergjaálmunnar. Þannig næst meiri lofthæð í húsið kennslurýmamegin að norðanverðu, en minni lofthæð að sunnanverðu. Eins eru öll kennslurýmin lögð í norður með tilliti til hitaálags frá sól; það er mjög æskilegt að hafa kennslustofur þannig, því þá fá þær jafnari hita og birtu. – Svo að ég víki aftur að sameiginlega rýminu, þá var 3. hæð hugsuð sem bókasafn og rannsóknarrými og hugmyndin að rannsóknarrýmið byggðist fyrst og fremst á svokölluðu landslags-skrifstofu eða „office landscape“ fyrirkomulagi, þar sem rýmið er raunverulega opinn og órofinn grunnflötur. „Vinnuherbergi“ (herbergi til fundahalda, viðtala og annars) verður þá til með því að hagræða húsgögnum og skermum í kringum þau. Sérstaklega






*Forsalur í Odda, 1. hæð.*

*Listasafn Háskóla Íslands, sem að stofni til er gjöf Sverris Sigurðssonar forstjóra, hefur geymslurými í Odda og sýningaraðstöðu á efstu hæð hússins. Myndin er tekin á efstu hæð Odda.*

var þetta talið álitlegt í félagsvísindum, þar sem oft eru unnin tiltölulega stór verkefni á skömmum tíma og af mörgum mönnum. Þá var hugmyndin, að þarna væri hægt að setja upp þess háttar rannsóknarstöð, hún stæði í nokkra mánuði á meðan verkefnið væri í gangi og síðan væri hún tekin niður. Þessi leið hefur víða gefist allvel og er t. d. mjög vel útfærð í Stanford-háskóla en þar er stór félagsvísindabygging, sem er alfarið „opin“ með þessum hætti. Ég gerði mér hins vegar grein fyrir því, að þetta væri viss áhætta og óvíst að menn myndu kunna við þetta hér eða vilja nota. Þetta virtist hins vegar hafa yfirgnæfandi kosti þarna, í ljósi þess, að menn vissu ekki hve stórt rannsóknarrýmið eða bókasafnið ætti að vera og hve unnt væri að koma mörgum fyrir á litlu svæði. En þetta er einungis hluti af rannsóknarrýminu, því í seinni áfanganum er fjöldi lokaðra herbergja fyrir rannsóknarmenn. Í þessu sameiginlega rými eru lagnir í gólfi og unnt að sækja síma, tölvutengingar, rafmagn og annað slíkt nánast hvar sem er. Síðar, með tilkomu listasafnsins, voru gerðar breytingar og komið fyrir gólfestingum fyrir sýningaskerma. Á gólf í samgöngurýmum var talið hentugast að nota stein, vegna slits og þrifa. Keyptur var ljós ítalskur marmari, sem reyndist síst dýrari en önnur gólfefni, sem til álita komu, en sumir, sem ekki vissu betur, töldu þetta vera mesta bruðl. Eftir að húsið þokaðist upp og menn fóru að átta sig á óvenjulegu lagi þess, héldu líka margir að það yrði óhóflega dýrt. Við uppgjör kom í ljós, að fermetraverð í Odda var, framreiknað, nánast það sama og í öðrum húsum Háskólans, svo sem í Lögbergi og Verkfræðideildarhúsum. Nýting hússins hefur verið afar mikil og lætur nærri að þar sé starfsvettvangur 500–700 manns við nám og önnur störf frá morgni til kvölds alla virka daga. Þá hefur húsið undanfarin ár verið nýtt fyrir hin vinsælu misserislegu kaffiboð rektors.“

Þess skal að lokum getið, að stærsta kennslustofan í Odda hefur, auk kennslunnar, mjög mikið verið notuð til hvers konar funda- og ráðstefnuhalds hin síðari árin. Þegar þetta er ritað (í ársbyrjun 1990), er ráðgert að síðari áfangi Odda, þ. e. austurálma hússins (með vinnuherbergjum) verið tekin í notkun áður en langt um líður.




*Núverandi líkan Úlriks Arthúrssonar arkitekts af VR-byggingunum.*

### *VR III og Smyrilsvegur 22*

Fyrir hefur verið greint frá byggingu VR I og VR II, sem *Úlrik Arthúrsson* teiknaði. Hefur hann síðan unnið áfram að hönnun húsnæðis fyrir Verkfræðideild og Raunvísindadeild. Hluti þeirrar viðbótar, í svokallaðri VR III, var tekinn í notkun (óformlega) haustið 1987, en áfanginn er alls um 2000 m<sup>2</sup>. Fyrsta skóflustunga vegna þessa áfanga var tekin 2. apríl 1982. Í byggingu þeirri, sem reist hefur verið og er í megindráttum þrjár skálar, er einkum aðstaða til verklegrar kennslu og rannsókna. Norðan skálanna hefur verið steipt plata undir viðbótarskála, sem eiga að hýsa verkstæði Háskólans og áhaldageymslu, en sunnan skála þeirra, sem þegar hafa verið byggðir, mun í framtíðinni rísa allmikil bygging, ætluð Verkfræðideild. Er þá ekki ósennilegt, að Raunvísindadeild fái VR II til sinna nota eingöngu. Ráðgert er, að síðar verði allar VR-byggingarnar tengdar saman með mikilli tengiálmu, svo sem sjá má á meðfylgjandi teikningum. Er nú tekið að kalla þá byggingu VR IV, en þar verður m. a. margvíslegt þjónusturými.


Í fyrrverandi íbúðarhúsi að Smyrilsvegi 22, sem er í næsta nágrenni VR bygginganna, hefur nú Verkfræðistofnun Háskólans stjórnstöð sína og skrifstofu. Þar höfðu áður um skeið m. a. kennarar í sálarfræði vinnuadstöðu sína, en fluttu síðan í Odda, er hann var tekinn í notkun.




FRÁ SUDURGÖTU — SUDAUSTUR —

Teikning Úrliks Arthúrssonar arkitekts, frá 1981, af byggingum Verkfræði- og raunvísindadeildar, ásamt fyrrihugðri tengibyggingu.


Grannmynd Úlriks Arthúrs-  
sonar af byggingum Verk-  
fræði- og Raunvísinda-  
deilda, frá 1980. Á  
teikningunni sést m. a.  
fyrirhuguð tengitalma.









Hugleiðingar um byggingarþarfir Verkfræði- og raunvísindadeildar koma fram á þessari blýantsteikningu Úlriks Arthúrssonar frá 1979.



Á tímabili kom til greina, að við Suðurgötu risi bygging fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild, sem væri svipuð útlits og VR II, sem þá var nýlega byggð. Frá þessu var þó horfið og byggðir skálar þeir, sem nú kallast einu nafni VR III. Þessi blýantsteikning Úlriks Arthúrssonar frá því um 1970 geymir frumdrög fjyrrnefnds húss, sem ekki var reist.



*Blýantsteikning Úlriks Arthúrssonar, frá því um 1980, af byggingum á háskólalóð vestan Suðurgötu, ásamt gönguleið um svæðið.*



*VR III og grunnur þjónustumiðstöðvar Háskólans, vorið 1988.*




*Guðmundur Magnússon háskólarektor tekur fyrstu skóflustungu að VR III, 2. apríl 1982. Aftan við hann standa, frá vinstri: prófessorarnir Ragnar Ingimarsson og Sigurjón Björnsson, Haraldur Kristjánsson stud. theol., og prófessorarnir Sveinbjörn Björnsson, Páll Skúlason og Brynjólfur Sigurðsson, allir í starfsnefnd um nýbyggingar á háskólalóð. Í baksýn er VR I.*



*VR III (1988).*



*VR III í byggingu.*



*Sigfús Björnsson prófessor við vinnu sína í VR III, í janúar 1990.*



*Þorsteinn I. Sigfússon prófessor í skrifstofu sinni í VR III, í janúar 1990.*



*Axel Sölvason tækjavörður Verkfræði- og Raunvísindadeilda, við störf á vinnustofu sinni í VR III. Hér gerir hann við stundaklukku þá hina miklu og veglegu, sem Jørgensen úrsmíðameistari í Kaupmannahöfn (ættmenni Jörundar hundadagakonungs) gaf Háskóla Íslands í tilefni vígslu háskólabýggingarinnar 1940. Myndin er tekin í september 1989.*



Í VR III starfar m. a. rannsóknahópur í eðlisfræði þéttfnis frá Eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar. Frá vinstri: Aðalbjörn Þórólfsson aðstoðarmaður, Jón Pétursson sérfræðingur, Hafliði P. Gíslason prófessor, Viðar Guðmundsson sérfræðingur, Hans Sigg gistisérfræðingur frá V-Þýskalandi, Jón Matthíasson aðstoðarmaður, Þorsteinn I. Sigfússon prófessor og Gunnar H. Gylfason aðstoðarmaður. Myndin er tekin í syðsta skála VR III, efri hæð, í janúar 1990.



Að Smyrilsvegi 22 hefur Verkfræðistofnun Háskólans höfuðbækistöðvar sínar. Háskólinn keypti húsið 1982, en hafði áður haft það á leigu síðan 1979.



*Gísli Jónsson prófessor, formaður stjórnar Verkfræðistofnunar (í miðið), ásamt Ragnari Síghjörnssyni, framkvæmdastjóra stofnunarinnar, og Ólu Helgu Sigfinnsdóttur, sem gegnir framkvæmdastjórastarfi þar tímabundið í leyfi Ragnars. Myndin var tekin í húsi stofnunarinnar að Smyrilsvegi 22 í nóvember 1989.*



*Verkfræðistofnun Háskólans hefur aðalaðsetur sitt í húsi að Smyrilsvegi 22, í næsta nágrenni VR-byggingana, en í þeim fer einnig fram margvísleg starfsemi stofnunarinnar. Verkfræðingarnir Gunnar Baldvinsson (sitjandi) og Óðinn Þórarinnsson eru hér að störfum við þríasá sterkhreðunarmæli, sem tengist jarðskjálftamælinganeti Verkfræðistofnunar. Sams konar mælum, sem ætlað er að mæla hröðun, sem mannvirki verða fyrir við jarðskjálftaálag, hefur m. a. verið komið fyrir við Óseyrarbrú í Árnassýslu og í Húsi verslunarinnar í Reykjavík. Myndin var tekin í húsnæði Verkfræðistofnunar að Smyrilsvegi 22 í nóvember 1989.*



## Læknagarður

Forsaga þessarar byggingar hefur áður verið rakin.


Í Fréttabréfi Háskóla Íslands, aprílhefti 1979, ritar *Hörður Filippusson* dósent um byggingamál Læknadeildar og Tannlæknadeildar og segir þar m. a.:

„Senn líður að því að hafnar verði á ný framkvæmdir við byggingu 7 á sameiginlegu lóðasvæði Landspítalans og Háskóla Íslands. Grunnur hússins var gerður á árinu 1978, en byggingarvinna hefur legið niðri allengi. – Í eldri gerð byggingaráætlunarinnar (1972) var gert ráð fyrir að tannlæknadeild og læknadeild yrðu staðsettar í tveimur tengdum byggingum, en eftir endurskoðun áætlunarinnar hefur verið rætt um eina byggingu, sem hýsi báðar deildirnar. Það hús, sem valið var að byggja fyrst, var á skipulagsuppráttum auðkennt með tölunni 7, og er enn rætt um það sem „byggingu nr. 7“. – Bygging nr. 7 verður fimm hæðir og 41.300 rúmmetrar, heildargólfplatarmál verður 10.775 fermetrar brúttó, en nettódeildarrými, þ. e. húsnæði utan sameiginlegs rýmis, stiga, ganga o. þ. h., er 6.500 fermetrar. – Áætlun Weeks (1972) gerir ráð fyrir, að flestar byggingar á svæðinu verði staðlaðar að gerð, meginbyggingar tengdar saman með tengihúsum. Í tengihúsunum verði ýmis sameiginleg aðstaða, en eingöngu deildarrými í meginbyggingum. Gerð meginbygginga verður þannig háttáð, að sem auðveldast verði að breyta herbergjaskipan, eftir því sem þróun starfseminnar krefst. Byggt er 16,80 m breitt hús með 2,40 m breiðum miðgangi. Með 3,60 m bili meðfram ganginum liggja leiðslustokkar upp í gegnum húsið, þar sem komast má í allar leiðslur, vatn, rafmagn, frárennsli o. þ. h. Rýmið milli gangs og útveggjar, sem er 7,20 m breitt, er skipulagt í 3,60 metra sneiðum, þannig að hver skipulagseining verður 26 fermetrar og stærðir herbergja verða margfeldi af þessari einingastærð. Þó má skipta einingunum, t. d. í 13 fermetra skrifstofuherbergi og 13 fermetra gluggalaust herbergi. – Gert er ráð fyrir, að léttir veggir skilji að herbergi og innréttingar, t. d. í rannsóknastofum, verði staðlaðar og færanlegar, þannig að aðlaga megi húsnæði breyttum aðstæðum án múrbrots eða niðurrifs. Hér er um mikilvægt atriði að ræða, sem væntanlega mun í framtíðinni auðvelda tilflutning á starfsemi á lóðinni, ef þurfa þykir, þar sem nær allt húsnæði verður í grundvallaratriðum eins, hvort sem því er í upphafi ætlað að hýsa rannsóknastofur, sjúkrahússtofur eða skrifstofur. – Bygging 7 samanstendur af einni meginbyggingu og tveim tengihúsum. Tengihúsin verða í fyrstu notuð sem deildarrými, þó að þeim sé síðar meir ætlað að vera þjónustubyggingar fyrir fleiri meginbyggingar. – Endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um hvaða greinar verða hýstar í byggingu 7, né í hvaða röð þeim verður þar fyrir komið, en búast má við, að auk tannlæknadeildar verði flestum eða öllum preklinískum kennslugreinum læknadeildar



*Mannfjöldi streymdi inn í „Opið hús“, sem haldið var í húsi Læknadeildar og Tannlæknadeildar að Vatnsmýrarvegi 16 hinn 12. mars 1989. Auk þeirrar starfsemi, sem fyrir var í húsinu, kynntu fulltrúar allra háskóladeilda og margra háskólastofnana starfsemi þeirra, en þar að auki bauð Háskólinn fulltrúum flestra æðri sérskóla í landinu að kynna þar starfsemi sína. Mörg þúsund manns komu í húsið þennan dag, þ. á m. margir framhaldsskólanemendur og aðstandendur þeirra. Fremst á myndinni blaktir háskólafáninn, sem fyrst var dreginn að húni 4. október 1986, er minnst var 75 ára afmælis Háskólans. Þessi hvítblái fáni ber stílfærða vangamynd af menntagyðjunni Pallas Aþenu eða Mínervu, sem verið hefur innsíglismerki Háskólans síðan 1911.*

búin þar aðstaða, svo og öðrum greinum, sem ekki eiga samastað á sjúkrahúsum. Hér er m. a. um að ræða líffærafræði, lífeðlisfræði, lífefnafræði, lyfjafræði, sýklafræði, ónæmisfræði, heilbrigðisfræði, félagslæknisfræði, lyfjafræði lyfsala og fleira. Þessi starfsemi er nú til húsa víða um bæinn, mestmegnis í leiguhúsnæði, t. d. í Aðalbyggingu Háskólans, að Sigtúni 1, Ármúla 30, Grensásvegi 12, þvottahúsi og Aðalbyggingu Landspítalans. Flestar þessar greinar voru teknar með í upphaflegum rýmisáætlunum Weeks. Rætt hefur verið um, að í fyrstu fái hver deild eða grein þó aðeins um 60% af



*Dr. Jóhann Axelsson, prófessor í Læknadeild, er einn þeirra, sem hafa starfsaðstöðu í nýbyggingunni að Vatnsmýrarvegi 16. Hér vinnur hann að þrekmælingum.*



*Úr Læknagarði. Kristmundur Sigmundsson rannsóknarmaður mælir eggjahvítu í rannsóknastofu Læknadeildar í lífefnafræði, sumarið 1989.*



*Kennslustofa í lífefnafræði Læknadeildar í Læknagarði, sumarið 1989.*

Því rými, sem þeim er ætlað í áætlunum Weeks, og er það gert til að sem flestar greinar fái nokkra úrlausn sem fyrst, þó að nokkru þrengra verði þá búið en ella. Sú aðlögunarhæfni bygginganna, sem áður er nefnd, mun auðvelda stækkun og tilflutning deilda síðar, er meira húsrými fæst. Auk þessara greina má nefna námsbrautir í hjúkrun og sjúkraþjálfun, sem sækja mjög til læknadeildar um kennslu. – Gera má ráð fyrir, að 400–500 stúdentar séu við nám í þessum greinum á hverjum tíma. – Á verðlagi í nóvember 1978 var gert ráð fyrir að bygging nr. 7 frágengin, en án innréttinga, mundi kosta 1.805 m.kr., en með öllum búnaði, þar með talinn tækjakostur tannlæknadeildar, sem er mjög dýr, 3.081 m.kr. – Sú ákvörðun, sem nú hefur verið tekin, þ. e. að byggja húsið í áföngum, mun hafa talsverðan aukakostnað í för með sér, líklega 2–300 m.kr.“

Framkvæmdir við „Byggingu 7“ hafa skipst í byggingaráfanga sem hér segir:<sup>14</sup>


*Útboðsverk I.* Jarðvinna. Verktaki: Ýtutækni hf. Verktími: Nóv. 1976 – okt. 1977.  
*Útboðsverk II.* Uppsteypa sökkla, leiðslugangs miðhluta og kjallara suðurkjarna, frárennslis- og drenlagnir, steypt botnplata alls hússins. Verktaki: Húsatækni hf. Verktími: 5. des. 1977 – 2. okt. 1978.  
*Útboðsverk III.* Uppsteypa miðhluta ásamt

<sup>14</sup> *Samúel Örn Erlingsson*, arkitekt hjá embætti húsameistara ríkisins, sem á síðari árum hefur annast umsjón byggingarframkvæmda að Vatnsmýrarvegi 16, lét þessar upplýsingar í té.

## *Tanngarður - Hrafnseyri*

Húsið að Vatnsmýrarvegi 16 (lengi „Bygging 7“ á máli skipulagsyfirvalda en nú Læknagarður) var löngum manna á meðal kallað „Tanngarður“, með vísan til starfseminnar þar og nafna Árnagarðs og stúdentagarða Háskólans, Gamla-Garðs, Nýja-Garðs og Hjónagarða, en sú nafngift mæltist þó misjafnlega fyrir. Í febrúarmánuði 1989 töldu sumir að kominn væri tími til að finna húsinu „endanlegt“ nafn í stað „Tanngarðs“, en þar reyndist vera úr vöndu að ráða. Lagði Læknadeild til, að húsið fengi nafnið Hrafnseyri, en Tannlæknadeild vildi að Tanngarðsnafnið héldist áfram. Háskólaráð lagði til, að því sinni, að Heimspekideild velti nafngifti hússins fyrir sér.

Í frétt í Morgunblaðinu 16. febrúar 1989 segir um „Tanngarð“:  
„Þetta nafn er smellið, en ekki jafn virðulegt og nöfn annarra bygginga háskólans,“ sagði Þórður Harðarson, forseti Læknadeildar. „Þar sem Læknadeildin er einnig til húsa þar vildi hún hafa eitthvað um nafnið að segja og efndi til samkeppni. Fjölmargar tillögur bárust og Læknadeild samþykkti að mæla með nafninu Hrafnseyri.“ – Hrafnseyrarnafnið vísar til Hrafns Sveinbjarnarsonar, goðorðsmanns á Eyri við Arnarfjörð. Hann var uppi á síðari hluta 12. aldar og fram á þá 13. og gat sér frægðarorð fyrir að vera læknir góður. „Hrafn er án efa frægastur allra íslenskra lækna að fornu og nýju,“ sagði Þórður. „Félagar okkar í Tannlæknadeildinni voru ekki vissir um að Hrafn hefði verið eins mikill tannlæknir og hann var almennur læknir, en við bentum þeim á að á þeim tímum var ekki um sérgreiningu að ræða. Þá vísuðum við einnig til frásagnar í Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar hinni sérstöku, þar sem segir frá því er Hrafn náði tönnum úr rostungi, sem rak á land. Tennurnar, sem þóttu mikil gersemi, fór hann með til Kantaraborgar í Englandi og gaf þær Tómasi Beckett, síðar dýrlingi. Það er varla hægt að sýna tönnum og tanndrætti öllu meiri virðingu en Hrafn Sveinbjarnarson gerði með þessum hætti,“ sagði Þórður Harðarson.“




*Frá „Opnu húsi“ Læknadeildar í ófullgerðu húsnæði hennar, að Vatnsmýrarvegi 16, 19. október 1986.*



*Örn Bjartmars Pétursson prófessor í húsnæði Tannlæknadeildar. Myndin er tekin í júní 1989.*

vörumóttöku og neyðarstiga, gluggar m. gleri, frágangur á einangrun og klæðning útveggja. Verktaki: Steinborg hf. Verktími 15. júlí 1979 – sept. 1982. *Samningsverk*. Uppsteypa suðurkjarna, gluggar m. gleri. Frágangur á þaki m. lyftuhúsi og veggjum utanhúss. Lögn hitakerfis, einangrun og klæðning útveggja. Verktaki: Steinborg hf. Verktími: 1. júlí 1980 – 15. nóv. 1982. *Útboðsverk IV*. Innanhússfrágangur á 2. og 3. hæð ásamt hluta úr 1. hæð, vörumóttöku og neyðarstiga, allar lagnir ásamt tilheyrandi lögnum í leiðslukjallara. Verktaki: Steinborg hf. Verktími: 1. okt. 1981 – 15. nóv. 1982. *Samningsverk*. Uppsetning gangaveggja að stigahúsi á 2. og 3. hæð í suðurhluta og snyrtinga á þeim hæðum ásamt frágangi aðalinngangs. Verktaki: Steinborg hf. Verktími: 1. febr. 1982 – 15. nóv. 1982. *Sérst. útboð*. Loftræstivélar, loftstokkar í þakrými ásamt stofnstokkum niður að 3. hæð. Verktaki: Blikksmiðjan Funi hf. Verktími: Júlí 1982 – jan. 1983. *Útboðsverk V*. Innanhússfrágangur á 4. og 5. hæð miðhluta og suðurkjarna. Allar stofnlagnir. Tilbúið húsrými án innréttinga. Verktaki: Ármannsfell hf. Verktími: Júní 1987 – sept. 1988. *Sérst. útboð*. Innréttingar og húsbúnaður fyrir 4. og 5. hæð. *Sérst. útboð*. Lyftur suðurkjarna. Verktaki: Björgvin Kristófersson hf. Verktími: Sept. 1988 – mars 1989. *Útboðsverk*. Innanhússfrágangur á 1., 2. og 3. hæð suðurkjarna ásamt hluta úr 1. hæð miðhluta, ásamt tilheyrandi lögnum. Ekki lokið (haustið 1989) nema hluti áfangans, sem er kennslustofa o. fl. herbergi til samnýtingar beggja deildanna á 3. hæð.



*W. Peter Holbrook dósent (t. h.) við rannsóknir á bakteríum, sem valda tannáttu, í rannsóknastofu Tannlæknadeildar í Læknagarði. Anna Margrét Thoroddsen tannlæknanemi stendur fjær. Myndin er tekin sumarið 1989.*

en Ármannsfell hf. annaðist það verk. *Útboðsverk*. Uppsteypa norðurhluta, gluggar m. gleri, frágangur á þaki m. lyftuhúsi, frágangur á veggjum utanhúss. Lögn hitakerfis. Einangrun og klæðning útveggja. Ekki lokið (haustið 1989). *Útboðsverk*. Innanhússfrágangur á öllum hæðum norðurkjarna, ásamt öllum tilheyrandi lögnum. Ekki lokið (haustið 1989).

Tannlæknadeild flutti starfsemi sína í bygginguna haustið 1982, en Læknadeild fyrsta hluta sinnar starfsemi vorið 1988. Stórir hlutar hússins eru þó enn óinnréttaðir, er þetta er ritað (í árslok 1989).

Haustið 1989 ákváðu háskólayfirvöld að gefa byggingu Læknadeildar og Tannlæknadeildar að Vatnsmýrarvegi 16 nafnið *Læknagarður*.






*Sigríður Sigfúsdóttir, yfirkínikdama í Tannlæknadeild, gengur frá áhöldum til sóttþreinsunar í sóttþreinsunarherbergi. Myndin er tekin sumarið 1989.*



*Frá „opnu húsi“ Tannlæknadeildar að Vatnsmýrarvegi 16, 19. október 1986.*



*Í húsneði Tannlæknaeildar 1983.*

„Læknagarður, hús lækna- og tannlæknadeilda, hefur tekið óratíma í byggingu og verið ákaflega dýrt. Nú þegar það er loks að komast í notkun hafa menn fundið á því mikla galla, sem sumir eru taldir valda stórhættu. Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir húsið ekki sem vinnustað, og jafnframt hefur fjöldi athugasemda verið gerður af hálfu Rafmagnseftirlitsins og Brunamálastofnunar. Einn þeirra, sem nú vinnur að lausn vegna þessara athugasemda, er Örn Bjartmars, forseti tannlæknadeildar.

„Það er rétt, að það hafa verið gerðar athugasemdir varðandi húsið og Vinnueftirlitið hefur ekki samþykkt það sem vinnustað,“ segir Örn. „Ég láí þeim það ekki. Húsið er meingallað og ljóst að alvarleg mistök hafa átt sér stað við hönnun þess. Dæmin eru mýmörg, en ég held ég láti nægja, að nefna fjögur atriði, sem bæði við og Vinnueftirlitið erum óánægðir með.“

Örn nefnir í fyrsta lagi, að gasleiðslur í húsinu liggja víða samhliða rafmagnsleiðslunum. „Það sér hver maður, hvaða hættu slíkt býður heim. Kannski má líkja þessu við að hafa kveikjuþráð um allt húsið, sem liggur að lokum í sjálfa púðurtunnuna, 1.300 lítra gaskúta. Í raun má þakka fyrir að húsið skuli ekki þegar vera sprungið í loft upp. Jafnframt er frágangurinn á gaskútunum kolólöglegur. Samkvæmt reglugerð eiga þeir að vera kirfilega skorðaðir í sérhönnuðu húsi í ákveðinni fjarlægð frá kennslubyggingunni, en þeir liggja í lausum gámi hér við húsið. Ofan á allt þetta bætist, að gasleiðslurnar eru steyptar fastar í veggjum hússins, sem út af fyrir sig er ólöglegt, en það þýðir, að til þess að gera nauðsynlegar breytingar þarf að brjóta marga veggi og það kostar líklega tugi milljóna.“

„Í öðru lagi má nefna mistök, sem eru ekki síður alvarleg, en sem betur fer tókst okkur að koma í veg fyrir mistök, þar sem við áttuðum okkur á gallanum áður en allt var um seinan. Við tannlækningar er notað mikið af þrýstilofti, meðal annars til að blása burt óhreinindum úr holum, eftir að búíð er að bora. Mistökkin voru þau, að loftinntakið fyrir þjöppuna sem framleiðir þrýstiloftið, var staðsett við hliðina á útblástursopi „stinkskápanna“, en þar eru framkvæmdar efnafræðitilraunir með hættuleg efni eins og eter og formalín, sem ekki er hægt að meðhöndla á hefðbundinn hátt. Ef við hefðum ekki komið auga á þennan alvarlega galla, værum við núna að blása baneitruðum lofttegundum upp í grandalausa sjúklinga. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda, hvað orðið hefði ef við hefðum ekki uppgötvað þetta strax. Lagfæringar á þessu kostuðu stórfé og voru greiddar af Háskólanum, en við ætlum að vinna að kröfu um skaðabætur.““...

(Úr Vökublaðinu, 4. tbl. 1989)


„... Að sögn Hallgríms Snorrasonar formanns Yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, hafa þegar farið fram nokkrar úrbætur. Þá liggja fyrir tillögur að breytingum sem fallist hefur verið á af hálfu notenda og vinnueftirliti og hefjast þær framkvæmdir á næstunni. Heildarkostnaður er áætlaður tæpar 6 milljónir króna. – „Það eru ýmsir ágallar á byggingunni enda hefur töluverðum tíma verið eytt í það undanfarna mánuði að fara yfir þessar umkvartanir og ábendingar.“ sagði Hallgrímur. Meðal atriða sem bent hefur verið á er að gasleiðslur liggi samhliða rafmagnsleiðslum, ryk falli úr lofti og að gólfdukur á göngum sé úr ósléttu efni og því ekki hægt að aka viðkvæmum tækjum á milli herbergja. „Sum þessara mála eru gamalkunn úr umræðunni um tannlæknadeildina og hafa verið tekin til meðferðar áður en verið afgreidd með þeim hætti sem tannlæknum hefur ekki líkað. Á það sérstaklega við um gólfdukin og plöturnar í loftinu en gaslekinn og loftinntakið kom ekki til umfjöllunar fyrr en á þessu ári.“ – Hallgrímur benti á að byggingin er hönnuð á árunum eftir 1970 og miðuð við þá staðla sem þá voru í gildi en eru ekki lengur. „Byggingartíminn hefur reynst langur og eins og oft er um opinberar byggingar þá eru þær teknar í notkun smátt og smátt en ekki flutt inn í fullbúið hús,“ sagði Hallgrímur. „Byggingin er því enn í smíðum og hefur ekki verið tekin endanlega út. Þau atriði sem talað er um sem hönnunargalla eru það í raun ekki, heldur er fyrst og fremst um að ræða auknar kröfur miðað við þær sem farið var eftir þegar byggingin var hönnuð.“... – Samkvæmt kostnaðaráætlun sem gerð hefur verið er gert ráð fyrir að kostnaður vegna breytinga á loftræsikerfi verði kr. 277 þús., kostnaður vegna þrýstiloftskerfis verði rúm 1,6 milljón, kostnaður vegna gaslagna rúmar 2,5 milljónir, vegna rafkerfis kr. 350 þús., kostnaður við nýjan dúk 1,1 milljón og málning á loftplötur kr. 50 þús.“

(Úr Morgunblaðinu, 15. desember 1989)

.... Mesta kátínu á ... hönnunarsaga Tanngarðs eftir að vekja meðal komandi kynslóða. – Jafnvel hætt við að Bakkabræðrasagan „Faðir vor kallar kútinn“ falli í skuggann af gaskútunum í Tanngarði Háskóla Íslands. – Gæti svo sem byrjað svona: Einu sinni fóru hönnuðir húsameistara að hanna tanngarð og unnu verið af svo miklu kappi en lífelli forsja að úr varð hús sem ekki var brúklegt sem tanngarður eða tanngarður sem ekki var brúklegt sem hús. Voru nú góð ráð dýr ... o. s. frv. – Það er einsog fólk geri sér ekki ljóst að auðvitað er hönnunin á þessum furðulega Tanngarði öðru fremur til að halda fólki í góðu skapi. – Viðtölin við Hallgrím Snorrason, formann yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, og húsameistara ríkisins í Morgunblaðinu á dögnum hafa áreiðanlega orðið til þess að slá á skammdegissvartsýni margra. – Það þarf nú minna til að breyta dimmunni í dagsljós. – Formaður yfirstjórnar mannvirkjagerðar bendir á að ekki sé um hönnunargalla að ræða á þessu merkilega húsi. – Það sé að vísu rétt að erfitt sé að komast leiðar sinnar um gangana vegna karga í gólfdukknum, ryk sáldrist linnulaust úr loftinu uppí þá sem eru að máta nýja tanngarða og gasleiðslur liggja þar sem eldhættan er mest. – Að dómi formannsins er hér ekki um hönnunargalla að ræða, heldur hafa hönnunarkröfurnar breyst frá því í gamla daga. – Líklega þegar reiðingur var notaður í þekjuna. – Afturámóti segir Hallgrímur að gaslekinn hafi ekki komið til umfjöllunar fyrr en á þessu ári og má af þessu skilja að nú séu kröfurnar orðnar það strangar að ekki sé talið við hæfi að gasleiðslur séu lekar og síst þar sem neistar mikið af rafmagni. – Húsameistari ríkisins segir afturámóti orðrétt: Áður en húsið er hannað eru menn yfirleitt með gaskútana inní húsunum en síðan verður stefnubreyting og við hönnun hússins vildu menn vanda sig ... – Ég býst við að íslenska þjóðin ætti að þakka guði og forsóninni fyrir það ef hús á Íslandi verða ekki einsog þau eru áður en hönnuðirnir hanna þau. – Og þó. Kanska gætu slíkar byggingar komið manni í enn betra skap en hinar sem taka breytingu á hraða ljóssins, á byggingarskeiðinu, eða í hvert skipti sem upp kemst um alvarlega hönnunargalla. – Sumir álíta að misvitir hönnuðir séu búnir að kosta íslensku þjóðina fullmikið á undanförunum árum. – En það gerir ekkert til ef þeir geta komið almenningi í gott skap með því að hanna nýja brandara. – Og svo eru þeir endalaust svo ótrúlega ráðagóðir. – En það er bara þetta með góðu ráðin einsog segir svo oft í sögunum af Bakkabræðrum: Nú eru góð ráð dýr.“

Flosi Ólafsson  
(Í Pressunni 29. des. 1989)

*Skólabær við Suðurgötu.*



### *Skólabær*

Hjónin *Jón E. Ólafsson* hæstaréttarlögmaður (f. 1893, d. 1982) og *Margrét Jónsdóttir* (f. 1890, d. 1965) ákváðu á sínum tíma að gefa Háskólanum húseign sína Skólabæ, vandað íbúðarhús að Suðurgötu 26 ásamt gömlu timburhúsi, sem stendur á sömu lóð. Er gjafabréf frá hendi Jóns dagsett 12. janúar 1972. Jón Ólafsson var kunnur borgari í Reykjavík á sinni tíð, austfirskur að uppruna. Hann lauk lögfræðiprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1923, síðastur íslenskra lagamanna, starfaði við lögfræðistörf í Kaupmannahöfn um hríð, en í Reykjavík frá 1926. Hann var lengi forstjóri líftryggingafélagsins Andvöku og forstjóri Samvinnutrygginga 1954–1958. Margrét kona hans var dóttir síðustu ábúenda í Skólabæ í Reykjavík, hjónanna Jóns Valdasonar og Sigríðar Jónsdóttur.

Eftir að biskupsstóll og skóli var lagður niður í Skálholti var reist hús fyrir lærðan skóla í Reykjavík. Var í fyrstu ætlunin að reisa það á Austurvelli, en frá því var horfið sökum þess hve jarðvegur þar þótti múrlendur og var húsið byggt efst á svokölluðum *Hólavelli*, í námunda við gamlar hjáleigur frá Vík, Hólakot og Melshús, sem stóðu í



*Jón E. Ólafsson hæstaréttarlögmaður.*



*Hólavallarskóli. Myndin er eftir Jón Helgason biskup.*

brekkunni vestur af Tjörminni, en voru nú lagðar undir skólann. Stóð skólahúsið þar sem nú er húsið Suðurgata 20, bak við megin-húsalmuna (það hús reisti dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður árið 1903). Hólavallarskóli tók til starfa 1786. Skólahald þar gekk afar illa, svo sem kunnugt er, og húsið hélt hvorki vatni né vindi. Skóli var lagður niður þar 1804 en fluttur til Bessastaða árið eftir. Í húsi Hólavallarskóla fór m. a. fram fyrsta leiksýning í Reykjavík 1791 (er var upphaf Herranætur, sem nú er kennd við Menntaskólann í Reykjavík), þar hélt Alþingi hið forna síðustu fundi sína 1799 og 1800, áður en það var lagt niður, og Landsyfirréttur hafðist þar síðan við til 1807, er hann fékk



Frá athöfn í Skólalæ, þegar þar var tekin í notkun félagsaðstaða fyrir háskólakennara 17. október 1981. Frá vinstri: Logi Jónsson dósent, Elín Ólafsdóttir lífefnafræðingur, Gunnar G. Schram prófessor og þáverandi formaður Félags háskólakennara, Jón Adalsteinn Jónsson forstjórnari Orðabókar Háskólans, Ingi Sigurðsson dósent, Gylfi Þ. Gíslason prófessor og Ólafur Bjarnason prófessor.



Í setustofu Skólalæjar vorið 1988, fáum dögum áður en mótuneyti háskólakennara þar var lagt niður. Frá vinstri: Páll Sigurðsson prófessor, Bergsteinn Jónsson dósent og Hörður Filippusson dósent.





*Í setustofu Skólábæjar vorið 1988. Matargestirnir eru Ingi Sigurðsson dósent, og prófessorarnir Hreinn Benediktsson og Gísli Jónsson.*



*Í mótuneyti háskóla kennara í Skólábæ vorið 1988. Frá vinstri: Sæmundur Óskarsson prófessor og dósentarnir Arnór Hannibalsson og Jón Friðjónsson.*



*Húsgögn Einars skálds Benediktssonar, sem hann notaði seinast í Herdísarvík, eignaðist Háskólinn á sínum tíma ásamt þeirri jörð og bókasafni skáldsins. Húsgögnin eru nú varðveitt í Skólabæ. Hægindastóll Einars, sem hér sést, er nú klæddur nautshúð en áður var hann með vísundaskinni, sem og önnur stofuhúsgögn Einars.*

annað húsnæði, en það ár var skólahúsið á Hólavelli einnig rifið. Skömmu síðar var reistur bær, tómthúsbýli, syðst á lóð skólans og nefndist það býli *Skólabær* (kennt við skólann). Þar var búið fram á þessa öld og var þar stundum tvíbýli. Frá 1830 til 1880 stóð þar í grennd kornmylla, sem setti mikinn svip á umhverfið.

Um 1930 reistu síðan Margrét Jónsdóttir úr Skólabæ og Jón E. Ólafsson, sem gengu í hjónaband 1928, myndarlegt steinhús á lóð Skólabæjar og ber það einnig Skólabæjarnafnið. Þar bjuggu þau hjónin meðan bæði lifðu og Jón síðan á rishæð hússins til dauðadags, þótt það væri þá áður komið í vörslu Háskólans. Um 1980 réðust háskólayfirvöld í gagngera viðgerð og endurnýjun á miðhæð (aðalhæð) hússins og frá hausti 1981 hefur sú hæð verið notuð sem móttöku- eða risnuhúsnæði Háskólans, auk þess sem Félag háskólakennara hefur iðulega gengist fyrir samkomum þar. Frá sama tíma og fram til vors 1988 var þar einnig rekið mötuneyti háskólakennara, sem síðar var flutt í Tæknigarð (haustið 1988). Í mötuneytinu var einungis um hádegisverð að ræða. *Guðrún Kristjánsdóttir* var matráðskona í Skólabæ allan þann tíma – og er raunar enn – og bjó hún á rishæð hússins eftir að Jón E. Ólafsson andaðist. Í bakhúsinu (timburhúsinu) hafði Jón E. Ólafsson vinnustofu fram til síðustu æviára og um skeið höfðu nokkrir háskólakennarar þar einnig vinnuherbergi sín. Þar hefur nú Félag læknanema m. a. aðstöðu.

16.05.88

Rektor Háskóla Íslands  
Dr. Sigmundur Guðbjarnason  
Prófessor  
Háskóla Íslands  
v/Suðurgötu

v/Mötuneytið í Skólábæ.

Við undirritaðir starfsmenn Háskóla Íslands höfum á undanförnum árum að staðaldri borðað hádegismat í mötuneyti Háskólans í Skólábæ. Okkur hefur nú borist til eyrna að fyrirhugað sé að loka mötuneytinu að fullu. Af því tilefni skal á það minnt, að til mötuneytisins í Skólábæ var upphaflega stofnað með samkomulagi milli rektors, Fjármálaráðuneytis og Félags háskólakennara.

Við leggjumst eindregið gegn öllum áformum um að hætta starfrækslu mötuneytis í Skólábæ og bendum á í því sambandi, að þar hefur myndast samfélag háskólakennara úr mörgum greinum sem vart á sér sinn líka innan Háskólans. Þar við bætist, að fæstir okkar hafa í önnur hús að venda ef mötuneytinu í Skólábæ verður lokað.

Virðingarfyllt

*Þreinn Þorvaldsson*  
*Bergsteinnur Jónsson*  
*Táll Sigurðsson*  
*unnur Jónsson*  
*Semundur Óskarsson*  
*Ainbr Hammitabson*  
*Jón Friðjónsson*  
*Ingi Sigurðsson*  
*Gunnar G. Skirans.*  
*Frostján Árnason*  
*Ólafur Þórsson*  
*Sniólfur Ólafur*  
*Kristján Lóuasson*  
*Svein P. Sigurðsson*



*Frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, óskar Elfari Aðalsteinssyni verkfræðinema til hamingju með viðurkenningu til hans úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar, við hátíðlega athöfn í Skólalæ 21. desember 1988.*


*Bænaraskjal háskólakennara, sem mötuðust að staðaldri í Skólalæ, er sent var háskólarektor fáum dögum áður en mötuneytinu þar var lokað endanlega, vorið 1988. Ekki var orðið við ákalli þessu! Þá um haustið var hins vegar opnaður stór og vistlegur matsalur í Tæknigarði fyrir alla háskólastarfsmenn.*



*Guðrún Kristjánsdóttir, matráðskona í Skólabað, við störf sín, í desember 1988.*



*Bakhúsið við Suðurgötu 26 er í eigu Háskólans. Þar hefur nú Félag læknanema m. a. bækistöðvar sínar.*




Líkan Háskólabíós ásamt viðbyggingunni.

### Viðbygging Háskólabíós

Svo sem fyrr hefur verið rakið, hafa iðulega verið uppi hugmyndir um að byggja nokkra stóra fyrirlestrasali á háskólalóðinni, sem einkum væru ætlaðir stórum nemendahópum en hentuðu jafnframt vel fyrir ráðstefnur o. þ. h. Var á sinni tíð talað um að tengja þess háttar sali við hús Lagadeildar og síðar Verkfræðideildarhús, og fleiri staðir hafa komið til álita (sbr. hugmynd Aaltos frá 1976 um stórt fyrirlestrahús austan Nýja-Garðs), en nú (snemma árs 1990) er þessi hugmynd fyrst að verða að veruleika í viðbyggingu við Háskólabíó, sem er í smíðum. Þar er gert ráð fyrir þremur misstórum sölum, svo sem meðfylgjandi grunnteikning sýnir, sem rúma 328 sæti, 224 sæti og 159 sæti (auk 92 sæta salar í kjallara). Er hugmyndin sú, að Háskólinn muni nýta salina til kennslu að morgni og fram eftir degi, en síðan taki við kvikmyndasýningar frá síðdegi og fram eftir kvöldi. Tónleikahald og ráðstefnuhald kemur þar einnig til greina. Anddyri hússins hefur verið stækkað og nýttist m. a. sameiginlega af öllum sölunum. Útibú Landsbanka Íslands færir úr stað og fær stærra rými í anddyrinu. Grunnflötur viðbyggingarinnar er 1850 fermetrar. Arkitektar voru *Guðmundur Kr. Kristinsson*, sem teiknaði Háskólabíó á sínum tíma ásamt *Gunnlaugi Halldórssyni*, og *Ferdinand Alfreðsson*.

Þess skal getið, að hin síðustu ár hefur farið fram töluverð kennsla í Háskólabíó (fyrri hluta dags áður en kvikmyndasýningar hefjast). Hefur sú kennsla að sjálfsögðu verið miðuð við fjölmenna nemendahópa, t. d. viðskiptafræðinema á fyrsta námsári. Er þess fremur að vænta, að þessi kennsla í stóra salnum leggist niður eftir að hinir nýju salir verða teknir í notkun.




Skýgilding  
 Gagnrýsing  
 Gagnrýsing  
 Gagnrýsing

GRUNNVIND. 1. HÆÐ  
 M. 1:100  
 1948

MÁÓLÓÐIÐ ÞÉÐ MÓÐTÖÐA, VINDVÖÐIÐ  
 GRUNNVIND. 1. HÆÐ  
 1948

Grunnmynd Guðmundar Kr. Kristinssonar af 1. hæð vöðbyggingar Háskólabíós.



Útlitsteikning af austurhlíð Háskólabíós með viðbyggingunni.



Dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor tekur fyrstu skóflustungu að viðbyggingu Háskólabíós 27. ágúst 1987. Aðrir á myndinni eru m. a. (frá hægri): Þórir Einarsson prófessor (stjórnarformaður Háskólabíós og formaður byggingarnefndar vegna viðbyggingarinnar), Stefán Sörensson háskólaritari (bak við Þóri), Jón Júlíus Sigurðsson útibússtjóri Vesturbæjarútibús Landsbankans, Friðbert Pálsson forstjóri Háskólabíós, Ragnar Ingimarsson prófessor, Bragi Þorsteinsson verkfræðingur. Fjórði maður frá honum (í dökkum fötum) er Konráð Guðmundsson hóteltjóri á Hótel Sögu, annar maður frá honum (í frakka) er Magnús Jónsson eftirlitsmaður með byggingafrankvæmdum Háskólabíós, og lengst til vinstri (í dökkum fötum) Ásgeir Jónsson, fulltrúi stúdenta í stjórn Háskólabíós.






*Farið að örla á nýbyggingunni. Myndin er tekin snemma í nóvembermánuði 1988.*

Í viðbyggingunni mun m. a. skapast bætt aðstaða fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Um það eru skiptar skoðanir, hvenær hugmyndin að stækkun Háskólabíós varð til, en víst er a. m. k. að hún var orðin nokkuð mótuð á árinu 1984 og í febrúar 1985 var byggingarnefnd skipuð og hönnuðir ráðnir síðar á því ári. Nokkurt þóf var um þetta mál í fyrstu (sem hér verður ekki nánar rakið) en mótmælaraddir þögnuðu þó fljótlega. Eftir að grunnur hafði verið grafinn 1987 lágu framkvæmdir niðri í 10 mánuði af fjárhagsástæðum, en uppsteypa hússins hófst síðan 1. ágúst 1988 og hefur verkinu miðað vel síðan. *Jónatan Þórmundsson* prófessor var fyrsti formaður byggingarnefndar en síðar tók *Þórir Einarsson* prófessor við því starfi. Með honum sitja í nefndinni *Brynjólfur Sigurðsson* prófessor, *Friðbert Pálsson* forstjóri Háskólabíós og *Karl Bergmann Guðmundsson*, sem Landsbankinn tilnefndi sem fulltrúa sinn í nefndina. Hagvirki hf. annaðist grunngröft og stofnlagnir en *Byggðaverk hf.* sá um uppsteypu, frágang að utan og hluta innréttinga, en fjölmargir verktakar um aðra byggingarþætti.

Í ávarpi, sem *Þórir Einarsson* hélt við opnun þess salar viðbyggingarinnar, sem fyrstur var tekinn í notkun, 24. janúar 1990, sagði hann m. a.:


„Með þessari viðbyggingu eru sameinaðar hugmyndir þriggja aðila um aukið húsrými. – Fyrsti aðilinn er Háskólinn. Hann hefur lengi skort tilfinnanlega



*Viðbyggingunni miðar áfram. Myndin er tekin í apríl 1989.*



*Hinn 24. janúar 1990 fór fram vígsluathöfn þess salar í viðbyggingu Háskólabíós, sem fyrstur var tekinn í notkun (minnsta salarins á jarðhæð), en að kvöldi þess sama dags fór fyrsta kvikmyndasýningin fram í þeim sal. Á þessari mynd, sem tekin var í salnum að lokinni vígsluathöfninni, eru f. v.: Friðbert Pálsson, forstjóri Háskólabíós, Þórir Einarsson prófessor (formaður byggingarnefndar viðbyggingarinnar) og Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra.*



*Kennsla í viðbyggingu Háskólabíós (minnsta sal á jarðhæð) hófst að morgni 25. janúar 1990. Þann dag kenndi þar m. a. Guðrún Þ. Garðarsdóttir verkfræðingur nemendum í Verkfræðideild teiknfræði.*

kennsluhúsnæði fyrir stóra stúdentahópa á fyrsta og öðru ári í fjölmennum deildum. Í þessu efni hefur neyðarástand ríkt. Kennslustofur hafa verið yfirfylltar og húsnæði eins og Tjarnarbær, sem er undir öllum stöðlum um vistarverur, hefur verið notaður um árabíl. – Annar aðilinn er Háskólabíó, en eins og kunnugt er er Bíóið í eigu Sáttmálasjóðs, sem er sjálfseignarstofnun í vörslu Háskólans. Bíóið hefur í rekstri sínum átt undir högg að sækja vegna þess að fjölsalir hafa reynst hagkvæmari rekstrareiningar en einn salur. Úr því hefur verið bætt með samstarfi við önnur bíó en til langframa getur Háskólabíó aðeins haldið velli að það hafi yfir að ráða fleiri sölum á heimavelli. – Þriðji aðilinn, sem hér kemur við sögu, er Landsbanki Íslands. Hann hefur leigt hjá Bíóinu frá upphafi og hefur samstarfið verið gott. Mikil gróska hefur verið í viðskiptum útibúsins og hefur ekki verið hægt að fullnægja óskum þess um aukið húsnæði nema að hluta. – ... Í þessu húsi mun alla daga allan ársins hring vera iðandi mannlíf – fólk í leit að fræðslu, listsköpun og afþreyingu – sjálfsagt stærsta menningarmiðstöð landsins.“



Verkfræðinemar í kennslustund í teiknifræði í viðbyggingu Háskólabíós 25. janúar 1990.

### Innan fjölskyldunnar

Bráðfyndin gamanmynd um alvarleg málefni. Þau eiga heilmikið sameiginlegt. Konan hans sefur hjá manninum hennar. Innan fjölskyldunnar er kvikmynd sem fjallar á skemmtilegan hátt um hin ýmsu fjölskyldumál. Mynd fyrir fólk á öllum aldri.

Aðalhlutv.: Ted Danson, Sean Yong, Isabella Rossilini.

Leikstj. Joel Schumacher.

Sýnd kl. 9 og 11.

Í dag opnar Háskólabíó einn af sínum stórglæsilegu söllum. Þessi **salur** tekur 158 manns í sæti og er allur sérstaklega þægilegur fyrir áhorfendur, **sætin** mjög góð og bil á milli sætaraða meira en við eigum að venjast. **Salurinn er** búinn öllum þeim fullkomnustu tækjum sem völ er á þar með **talið Dolby** stereo hljómflytningstækjum.


(Auglýsing frá Háskólabíói  
í D&V 24. janúar 1990)



*Fultrúar þeirra, sem stóðu að stofnun Tæknigarðs h.f. Frá vinstri: Guðmundur Magnússon prófessor, Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Ólafur Davíðsson, formaður Þróunarfélags Íslands h.f., Davíð Oddsson borgarstjóri og Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands. Myndin er tekin í Skólaláti í Skólaláti í aprílmánuði 1987.*


## Tæknigarður

Vorið 1984 ræddi háskólaráð tillögu Guðmundar Magnússonar rektors um aðild Háskólans að eflingu hátækniönaðar í landinu og stofnun þróunarfyrirtækis. Var þessari tillögu rektors vel tekið og fékk Háskólinn heimild í lögum til að taka þátt í stofnun hlutfélaga, sem vinna að rannsóknum og þróunarstarfsemi. Tækniþróun hf. var síðan stofnuð í framhaldi þessa (1985) og átti Háskólinn þriðjung hlutfjár, en félagið hefur að markmiði að styrkja rannsóknarverkefni við Háskólann með það fyrir augum að þau verði markaðshæf og skapi atvinnu. Sumarið 1986 kannaði stjórn Tækniþróunar hf. möguleika á að reisa „tæknigarð“ á háskólalóðinni og fékk sú hugmynd góðar undirtektir. Hinn 15. apríl 1987 var síðan stofnað hlutfélag um að reisa og reka hús, Tæknigarð, fyrir rafeinda-, tölvu- og upplýsingatækni, og var húsi þessu ætlaður staður á háskólalóðinni, vestan Suðurgötu í næsta nágrenni við aðrar raungreinabyggingar. Hluthafar og stofnendur félagsins, Tæknigarðs hf., voru Þróunarfélag Íslands hf. (hlutfé 2 milljónir), Reykjavíkurborg (1 milljón), Háskóli Íslands (1 milljón), Tækniþróun hf. (750 þús.) og Félag íslenskra iðnrekenda (250 þús.). Að auki samþykkti



VESTURHLIÐ

*Tæknigarður (vesturhlið).*




*Hugmynd arkitektsins um skjólbrautir umhverfis Tæknigarð.*

Reykjavíkurborg að lána allt að 49 milljónum kr. til byggingar hússins gegn því að aðrir aðilar í atvinnulífi legðu fram lánsfé allt að 16 milljónum kr.

Í stjórn Tæknigarðs hf. eru nú (eftir nýskipun stjórnar sumarið 1989): Hákon Björnsson (formaður), Jóna Gróa Sigurðardóttir (varaformaður), Ragnar Ingimarsson (sem áður var formaður), Rögnvaldur Ólafsson og Páll Kr. Pálsson, en stjórnin hafði yfirumsjón með byggingu hússins. Arkitekt var *Ormar Þór Guðmundsson*.

DUNHAGI 5



BÚSÞEYKA-ER MIÐVITT MÁSMÁKINGI  
 ÞAR ER EKKI EFTIRSEKINGI, STADNAÐUR  
 SÉLF OG LOTI ERU ÚR FÖRSKANTUM  
 AÐALDÖTUM, NEMANNESTA GÓLF, SÆRFR  
 KAFI, STÓLA, GOLF, LITLUND  
 KAFI, STÓLA, GOLF, SÆLF  
 MEÐ SALV, MÍL ÚRÍÐ, BRÁÐHÖNNA  
 VÆÐINGI ERU ÚR KÖRÞEYTINGUM  
 ENNINGUM MEÐ LÖDNUM  
 MERMARASÁLLA Á VÆÐINGI  
 SÚSSER OG NÚÐUR ERU ÚR LITLUU SÁL,  
 SEM OG LETTIR KLÆÐNINGAR  
 MÍL, LÖDNUM OG NEMANNESTA  
 ÚTAFERÐER ERU EKKI LIGGA ÁÐ  
 ÚTAFERÐER ERU EKKI LIGGA ÁÐ  
 48/196



TEKNIGARÐUR

TITILL	1. LÖG
LIÐIÐUR	300.8
LIÐIÐUR	105
LIÐIÐUR	105
LIÐIÐUR	105
LIÐIÐUR	105

1. HÆD	867.0 m <sup>2</sup>
2. HÆD	819.0 m <sup>2</sup>
3. HÆD	819.0 m <sup>2</sup>
LIÐIÐUR	867.0 m <sup>2</sup>
LIÐIÐUR	867.0 m <sup>2</sup>
LIÐIÐUR	867.0 m <sup>2</sup>
LIÐIÐUR	867.0 m <sup>2</sup>

**ARKITEKTASTOFAN S**  
 GEMMA VON HÖGNSSON OG HÖGNSSON  
 BORGARTUNN 17, REYKJAVÍK  
 SIMN 401

Grummynd 1. hæðar Teknigarðs.



*Ormar Þór Guðmundsson arkitekt, sem hannaði m. a. Tæknigarð, á vinnustofu sinni að Borgartúni 17. Fyrir framan sig hefur hann skipulagsteikningu sína af háskólasvæðinu vestan Suðurgötu. Myndin er tekin í janúar 1990.*



*Fyrsta skóflustunga við Tæknigarð undirbúin á byggingarstaðnum 16. nóvember 1987. F. v.: Páll Sigurjónsson forstjóri Ístaks hf., Jóhann Malmquist prófessor og stjórnarformaður Reiknistofnunar Háskólans, Guðmundur Magnússon prófessor og stjórnarformaður Tæknipróunar hf., Jón Bragi Bjarnason prófessor og stjórnarformaður Raunvísindastofnunar Háskólans, Stefán Sörensson háskólaritari, Davíð Oddsson borgarstjóri, Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor, Jóna Gróa Sigurðardóttir varastjórnarformaður Tæknigarðs hf. og Ragnar Ingimarsson prófessor og stjórnarformaður Tæknigarðs hf. Í baksýn eru stórvirk tæki frá Ístaki hf., sem bíða framkvæmdanna.*





*Jóna Gróa Sigurðardóttir, formaður Atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar og stjórnarmaður í Tæknigarði hf., tekur fyrstu skóflustunguna fyrir húsi Tæknigarðs hf. 16. nóvember 1987.*


Fyrsta skóflustunga var tekin 16. nóvember 1987, en húsið var formlega opnað 5. nóvember 1988.

Í Árbók Háskólans 1985-1987 segir:<sup>15</sup>

„Í húsinu verður komið upp sambýli stofnana er vinna á þeim sviðum sem hér um ræðir. Verður hluti hússins leigður fyrirtækjum á sviði upplýsingaiðnaðar, rafeindatækni og tölvutækni. Einnig mun Reiknistofnun háskólans fá þar inni ásamt öðrum rannsóknastofnunum og þjónustustofnunum háskólans á upplýsingasviði. Þá mun ráðgjafþjónusta Iðntæknistofnunar á rafeinda- og tölvusviði verða boðin þar aðstaða. Rekstur Tæknigarðs verður með þeim hætti að allir sem þar vistast munu greiða leigu. Þann hluta stofnkostnaðar sem tekjur félagsins hrökkva ekki fyrir mun háskólinn greiða, og mun hann því að lyktum eignast húsið á hagstæðum kjörum. Verkfræðideild og Raunvísindadeild hefur skort húsnæði fyrir þá viðbót á rannsóknarstarfsemi og þróunarstarfsemi sem orðið hefur á liðnum árum. Hefur þurft að leigja húsnæði í nálægum húsum fyrir þróun á kerfum fyrir útgerð og fiskvinnslu. Með byggingu Tæknigarðs mun rætast úr þessu. Þá er þess vænst að fyrirtæki sem vilja nýta sér tæki og sérfræðiþjónustu háskólans vilji fá inni í Tæknigarði.“

---

15 Tilv. rit, bls. 146.



*Tæknigarður í byggingu vorið 1988.*



*Tæknigarður í byggingu vorið 1988. Séð inn í miðbik hússins.*



*Tæknigarður á vígludaginn 4. nóvember 1988.*

Í byggingarlýsingu, sem *Ormar Þór Guðmundsson*, arkitekt hússins, tók saman, segir m. a.:

„Tæknigarður liggur milli húss Raunvísindastofnunar og bygginga Verkfræði- og Raunvísindadeilda og lokar þannig sjónrænt háskólasvæðinu til suðvesturs. Reiknað er með, að góð tengsl verði milli ofangreindra húsa með upphituðum gangstígum og e. t. v. yfirbyggðum. Bifreiðastæði eru aðallega vestan við húsið og sameiginleg með öðrum nálægum húsum. – Tæknigarði er ætlað að hýsa margs konar vísinda- og tæknistarfsemi, sem þarfnast mismunandi stórra herbergja og salarkynna. Með tilliti til þessa var grunneining í mátkerfi burðarvirkja og gluggasetningar valin 1.35 m. Breidd minnsta herbergis verður þannig, að frádreginni veggjabykkt, um 2.60 m. Næstu mögulegar breiddir herbergja eru 3.95, 5.30 o. s. frv. Lengd herbergja eða dýpt, þ. e. fjarlægð frá útvegg að innvegg, er frá 4.70 m upp í 8.80 m. Húsið er fremur breitt miðað við lengd, 24.25 x 36.38 m, þriggja hæða. Herbergi og salir liggja að öllum útveggjum, en í miðju húsi er opið rými upp í gegnum allar hæðir og stór þakgluggi yfir. Þetta miðrými, sem bæði aðgreinir og sameinar starfsemi í húsinu, má kallast einkennandi fyrir það. Á jarðhæð er í miðrými „torg“, sem inngangar hússins frá austri og vestri og stigar, lyfta og kaffistofa liggja að. Það á því að verða félagslegur miðdepill hússins, svipað torgi í litlum bæ. – Burðarvirki er þrívítt rammavirki úr forsteyptum einingum. Bitar eru eftirspenntir á staðnum. Gólf og loft eru úr forspenntum holplötum, nema neðsta gólf, sem er staðsteypt á fyllingu. Þak er stólað á efstu plötu. – Val byggingarefna utanhúss



*Úr anddyri Tæknigarðs, sem gefur byggingunni sérstæðan svip.*




*Úr borðsal á jarðhæð Tæknigarðs, þar sem mötuneyti háskólastarfsmanna hefur verið rekið síðan í nóvember 1988. Myndin er tekin í júní 1988.*



*Fyrsta stjórn Tæknigarðs hf. Fremst t. v. er Ragnar Ingimarsson stjórnarformaður en við hlið hans Jóna Gróa Sigurðardóttir varaformaður. Fyrir aftan standa f. v. Jafet Ólafsson viðskiptafræðingur, Rögnvaldur Ólafsson dósent og Hákon Björnsson forstjóri. Myndin er tekin í anddyri Tæknigarðs sumarið 1989.*

rédst af því sjónarmiði, að yfirbragð hússins félli vel að öðrum byggingum Háskólans og að viðhald yrði í lágmarki. Útveggir eru úr forsteyptum einingum með ytra byrði úr ljósum marmarasalla. Gluggar, hurðir, þakkantar og niðurföll eru úr áli. Þak og klæðningar milli glugga eru úr galvaniseruðu, lökkuðu stáli. Í útliti hússins er endurspeglad burðarvirki þess, með löngum gluggum fyrir framan hverja súlu, en láréttum gluggaböndum þar á milli. – Hengiloft eru hljóðdeyfiplötur úr pressaðri steinull, stærð 60 x 60 sm. Innveggir eru í 90 sm mátkerfi. Þeir eru gerðir úr stáluppistöðum, klæddum með gipsplötum og fylltir með steinull. Veggir milli herbergja eru 12 sm þykkir með hljóðeinangrunargildi 52 dB, en veggir að göngum 10 sm þykkir, 44 dB. Á gólfum er línóleum nema í forstofum, þar sem eru brenndar leirflísar. – Öll vinnuherbergi liggja að útvegg og eru loftræst um opnanlega glugga, sem eru einn á hverjum 1.35 m. Snyrtiherbergi, geymslur o. fl., sem ekki liggja að útvegg, eru loftræst vélrænt. – Áhersla er lögð á, að dagsbirtu njóti sem víðast og ríkulegast í húsinu, með

*Anna Soffía Hauksdóttir prófessor við rauntímahermi af orkuverinu á Nesjavöllum. Myndin er tekin í Tæknigarði í janúar 1990.*



*Hellen M. Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsóknahjónustu Háskólans, við vinnu sína í Tæknigarði, í janúar 1990.*



*Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur í vinnuherbergi sínu í Tæknigarði, í janúar 1990.*

samfelldum gluggum á útveggjum og stórum þakglugga yfir miðrymi og stigahúsi. Raflýsing er flúrlýsing á vinnusvæðum, en glóðarperulýsing í kaffistofu og miðrymi.“

Tæknigarður er 867 fermetrar að grunnflatarmáli á þremur hæðum eða alls 2601 fermetri. Heildarrúmmál er 8900 rúmmetrar. Kostnaðaráætlun verkkaupa við upphaf verks var um kr. 123.000.000. Greiðslur til alverktaka voru um kr. 112.000.000, sem samsvarar 43.060 kr. á fermetra. Heildarkostnaður verkkaupa með opinberum gjöldum og stjórnunarkostnaði var um kr. 125.000.000. Kostnaðaráætlun verkkaupa, sem gerð var við undirritun samnings, stóðst.

Ístak hf. vann verkið sem „alverktaki“, þ. e. annaðist alla hönnun og framkvæmd og skilaði húsinu tilbúnu til notkunar innan árs frá undirritun samnings. Enginn ágreiningur varð vegna túlkunar verksamnings og teikninga.




*Endurmenntunarnefnd Háskólans, sem býður upp á fjölda námskeiða á ári hverju, hefur aðstöðu í Tæknigarði. Hér sitja verkefnastjórn og skipuleggjendur nýs námskeiðs um undirstöðuatriði hagfræði og rekstrar á fundi í desember 1989. F. v. Páll Jensson prófessor, Bolli Héðinsson hagfræðingur, Margrét S. Björnsdóttir endurmenntunarstjóri, Pétur K. Maack prófessor og Gísli S. Arason lektor.*



*Helgi Þórsson, forstöðumaður Reiknistofnunar Háskólans, í vinnuherbergi sínu í Tæknigarði, í janúar 1990.*





Líkan af nýbyggingu hjónagarða.


### *Nýbygging Hjósnagarða*

Fyrsta skóflustunga að nýjum Hjósnagörðum var tekin í desembermánuði 1986, en fyrsti áfangi þeirra var tekinn í notkun í septembermánuði 1988. Hinn 4. febrúar 1988 efndu Háskólinn og Félagsstofnun stúdenta til kynningar á byggingunni, sem þá var í smíðum, og jafnframt var kynnt söfnunaráttak Byggingarsjóðs stúdenta til að standa straum af kostnaði við nýbygginguna. Við athöfn, sem haldin var af því tilefni í 1. áfanga byggingarinnar, flutti *Birgir Ísleifur Gunnarsson* menntamálaráðherra ávarp og *Valdimar K. Jónsson*, formaður byggingarnefndar, lýsti byggingunni fyrir gestum. Í Morgunblaðinu, 16. febrúar 1988, segir í frétt af þessu tilefni:

„Byggingarsjóður stúdenta fær lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 85% af byggingarkostnaði og stúdentar fjármagna síðan 15% sjálfir. Það gera þeir að hluta með fjórðungi af innritunargjöldum stúdenta og framlagi frá Háskóla Íslands. Nú fer Byggingarsjóðurinn nýjar leiðir til þess að afla þess fjár sem á vantar, með því að senda sveitarfélögum og fyrirtækjum beiðni um framlög. Höfðað er til þeirrar fjárfestingar, sem felst í menntun fyrir alla og að Hjósnagarðar séu liður í því, að jafna aðstöðu fólks til náms við Háskólann. Fjárframlög séu því fjárfesting til framtíðar. – *Birgir Ísleifur Gunnarsson* sagði í ávarpi sínu, að það væri einkar ánægjulegt að stúdentar sýndu þetta

ARHITEKTUR  
STUDIO 6  
Landslagsbyggingar  
1985

STADARVIÐ  
274 08  
Landslagsbyggingar  
1985  
Höfudmálaráðgjafi  
H. S. Þorsteinsson



A-3  
studentagarðar, í ötungi  
Höfuðmálaráðgjafi  
H. S. Þorsteinsson  
1985  
Landslagsbyggingar

654/86

Grummynd nýbyggingar Hjónaagarða.



*Dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor tekur fyrstu skóflustungu að nýbyggingu Hjóanagarða 1. desember 1986.*



*Byrjað á nýjum hjóanagörðum. Eldri hjóanagarðsbyggingin í baksýn.*



*Frá kynningu á byggingu nýrra Hjónagarða 4. febrúar 1988. Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt, Valdimar K. Jónsson prófessor, Eiríkur Ingólfsson, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, og Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, við líkan af nýbyggingunni.*

framtak og lýsti yfir heilshugar stuðningi sínum og ríkisstjórnarinnar við fyrirhugað söfnunarátak. Hann kvaðst vona, að vel yrði brugðist við málaleitan um stuðning við framkvæmdirnar, og minnti á, að þótt í fyrstu fengi ekki stór hluti stúdenta inni á hinum nýju hjónagörðum, þá kæmu fleiri kynslóðir, hér væri um góða fjárfestingu til framtíðar að ræða. – Valdimar K. Jónsson lýsti byggingunni og undirbúningi framkvæmda. 1984 var ákveðið að ráðast í þessar framkvæmdir og þá tekin ákvörðun um að stofna Byggingasjóð stúdenta til að standa straum af kostnaðarhlut stúdenta við verkið. Eftt var til samkeppni um hönnun hússins og í framhaldi af henni var samið við arkitektana Guðmund Gunnlaugsson og Pétur Jónsson um hönnun. Verkfræðistofan Ferill hannaði burðarvirki og verkfræðistofan Raftækning lagnir. Hönnunarvinna hófst 1985. Eftirlit með byggingarframkvæmdum annast Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar hf. Byggingarframkvæmdir hófust í apríl 1987 og verktaki er Sigurður K. Eggertsson. – Stefnt er að því, að taka fyrsta áfanga garðanna í notkun í september næstkomandi. Í fyrsta áfanganum eru tuttugu íbúðir, en alls munu verða 93 íbúðir í byggingunni. Þar verða tvær lesstofur, samkomusalur, aðstaða til barnagæslu, verslun og þvottaaðstaða. Áætluð verklok eru árið 1990 og heildarkostnaður áætlaður 280 milljónir króna. Kostnaður við þessa byggingu er svipaður á hvern fermetra og í verkamannabústöðum, eða nálægt 37 þúsund krónum. Áformað er, að síðar verði reistur framhaldsáfangi þessara garða með 60 íbúðum. – Nemendur við Háskóla Íslands eru nú 4.230. Á núverandi stúdentagörðum búa 186 manns, eða um 4% stúdenta. Með þessum nýju hjónagörðum bætast við 150 til 170 manns og verður þá hægt að hýsa á stúdentagörðum




*Nýbygging Hjórnagarða vígð 27. ágúst 1988. Dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor klippir á borða og lýsir þar með fyrstu íbúð nýrra hjórnagarða formlega tekna í notkun.*

7 til 8% stúdenta. Enn er þó langt í land með það, að hægt sé að bjóða öllum sem það þurfa húsnæði á stúdentagörðum. U. þ. b. helmingur allra stúdenta býr nú í leiguhúsnæði. Hlutverk Byggingasjóðs stúdenta er að vinna að því, á næstu árum, að fleiri geti fengið inni á stúdentagörðum. – Stúdentar vonast til, að sveitarfélög og fyrirtæki bregðist vel við söfnunarátaki Byggingasjóðsins og stuðli með því að bættum aðbúnaði stúdenta við Háskóla Íslands í framtíðinni. Fyrsta framlagið barst strax á fimmtudag, þegar Búnaðarbanki Íslands gaf 100.000 krónur og gíróseðlana, sem sendir verða út.“



Nýbygging Hjónagarða 1988. Fyrsta skóflustunga var tekin 1. desember 1986 og jarðvinna hófst í febrúar 1987. Fyrsti áfangi Hjónagarðanna var vígður 27. ágúst 1988.



Haustið 1989 samþykkti háskólaráð að úthluta Félagsstofnun stúdenta lóð undir Stúdentagarða við hlið nýju Hjónagarðanna. Svæðið má sjá á meðfylgjandi mynd og afmarkast af skyggða svæðinu. Talið er, að þetta svæði nægi til að byggja 200–300 íbúdir auk þess sem aðstaða fyrir félagsstarf skapast. Með uppbyggingu þessa svæðis fyrir stúdentagarða væri hlutfall húsnæðis á stúdentagörðum fyrir háskólanema 12–14%. Það væri þá farið að nálgast það hlutfall, sem víða þekktist í háskólaborgum Evrópu.




*Fyrsta skóflustunga tekin fyrir húsi Þjóðarbókhöðu 28. janúar 1978. Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra býr sig undir embættisverkið. Frá vinstri: Tómas Helgason húsvörður á Landsbókasafni (með rekuna til taks), Vilhjálmur Hjálmarsson, Einar Sigurðsson háskólabókavörður, Björn Sigfússon, fyrrv. háskólabókavörður, Finnboði Guðmundsson landsbókavörður, Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður (sést óglögg) og Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor.*

### *Háskólabókasafn og Þjóðarbókhlaða*

Fáar opinberar byggingar hér á landi hafa verið lengur í smíðum en Þjóðarbókhlaðan og var aðdragandi byrjunarframkvæmda einnig mjög langur, svo sem fyrr hefur verið lýst. Veldur þar mestu, að ríkisvaldið hefur margsinnis gengið á gefin loforð um útvegum nægilegs byggingarfjár, en ekki verður sú raunasaga rakin hér.

*Vilhjálmur Hjálmarsson* menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna 28. janúar 1978 og var þá þegar farið að grafa fyrir Bókhöðunni. Þokaðist byggingin síðan upp, en þó oft með hléum. *Vigdís Finnbogadóttir*, forseti Íslands, lagði hornstein að byggingunni 23. september 1981 á 740. ártíðardegi Snorra Sturlusonar, en þegar þetta er ritað (árslok 1989) er enn óvíst hvenær húsið verður tekið í notkun, enda enn langt frá því að það sé fullgert. Um skeið (fram til hausts 1989) var miðað við að húsið gæti verið komið í gagnið árið 1992, en nú er ljóst að sú áætlun mun alls ekki standast og



*Líkan af Þjóðarbókhlaðu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útliti hússins frá því sem er á líkaninu.*

ræða yfirvöld menntamála nú um ártalið 1994 í þessu sambandi. Þessi dráttur hefur m. a. komið Háskólanum illa og fer því fjarri að Háskólabókasafn valdi hlutverki sínu við núverandi húsakost og aðbúnað.

Í grein, er *Sveinbjörn Björnsson* prófessor (varaformaður bókasafnsnefndar Háskólans) ritaði í Morgunblaðið, 10. febrúar 1989, segir hann m. a.:

„Enn stendur Þjóðarbókhlaðan tóm á Melunum. Við förum að líta á hana sem minnisvarða þeirrar kynslóðar, sem var svo hugfangin af veraldlegum gæðum, að hún missti sjónar á gildi andlegra efna. Ytra borðið er fágað og slétt en hið innra er tomt. Grafhýsi hugsjónanna eins og Páll Skúlason, prófessor, komst nýlega að orði ... Þegar vonleysi ríkti um framkvæmdina setti Alþingi lög vorið 1986 um „þjóðaráttak“ til að ljúka smíði hússins, og þjóðin hefur borgað þann skatt möglunarlaust. Samt á bókhlaðan nú jafnlangt í land og talið var þegar löggin voru sett. Ráðamenn hafa lagst á féð og talið það betur komið í sjóði en í byggingunni. Þeir sem mest bundu vonir við Þjóðarbókhlaðu og væntu þess að hún gæti hafið starfsemi á næsta ári, eru svo gáttaðir á þessu háttalagi að þeim fallast orð og hendur. Hvernig má það vera að menn telji húsið best geymt fokhelt og skattinn í sjóði? ... En það er ekki bara við stjórnámálamenn að sakast. Háskólamenn hafa verið furðu sinnulausir um framgang bókhlaðunnar, þótt hún verði fáum meiri ávinningur, jafnt í atvinnulífi sem við háskólann sjálfan. Þetta sinnuleysi nær einnig til Háskólabókasafns. Það hefur verið utanveltu í þróun háskólans allt fram til vorsins 1986, að háskólaráð markaði stefnu um viðreisn þess. – Aukin aðsókn nemenda að háskólanum hefur leitt til fjölgunar námsgreina og kennara, en



„Árið 1970 ákvað Alþingi að íslenska þjóðin skyldi reisa sér hús sem yrði miðstöð upplýsingar og andlegs lífs í landinu. Þar yrði starfsaðstaða fyrir um átta hundruð gesti til að sinna andlegum efnum. Allt markvert sem hefði verið hugsað, sagt og skrifað um náttúruna, söguna, atvinnuhættina, lögin, stjórn málin, viðskiptin, listirnar, tæknina og trúarbrögðin – skjótt frá að segja: tilveruna alla saman – yrði þar gert aðgengilegt almenningi, námsmönnum og fræðimönnum til athugunar og úrvinnslu. Þetta hús skyldi verða sannkölluð uppeldismiðstöð íslensku þjóðarinnar, ræktunarstöð þeirrar þekkingar sem gerir fólk hæft til að takast á við þau lífsverkefni sem blasa við: afla lífsgæða og skipta þeim á milli sín, leysa sameiginleg hagsmunamál, móta samlíf sitt í háskalegum heimi. – Nú stendur þetta hús fullbúið að utan en tómt að innan á Melunum þar sem fólk hrópaði fyrir skömmu hvatningarorð til knattspyrnumanna. Þessi tótleiki hefur nú þegar vakið djúpstæðar efasemdir í brjóstum fólks. Það er ekkert líf og fjör á melnum; þar er ekkert um að vera. Völlurinn, þar sem átti að heyja baráttuna fyrir viðreisn andlegs lífs í landinu, er ekki orðinn að veruleika, umgjörðin ein er risin. Og hún hýsir aðeins eitt: tótleikann í þjóðarsálinni. – Tótleikinn lýsir sér fyrst og fremst í leiðindum; og leiðindin brjótast fram í hvers kyns uppátækjum og vitleysu sem valda ómældri þjáningu, sektarkennd og jafnvel örvæntingu... – Tótleikinn felur í sér andlegan dauða. Hann er grafhýsi hugsjónanna sem eiga að lýsa upp veruleikann og sýna okkur hvað er raunverulega þess virði að gera... – Andleg viðreisn felst í því að sigrast á leiðindunum, fylla tómarúmið af því sem gerir lífið raunverulega spennandi og skemmtilegt og kennir okkur að takast á við verkefni hversdagsins af öllum lífs- og sálarkröftum – í anda þeirra dygða sem þurfa að prýða einstakling og þjóð, eigi þeim vel að farnast: hófsemi, hugrekkis, sanngirni og visku. – Erum við menn til að lifa eftir þessum sjálfsögðu sannindum – eða ætlum við að láta leiðindin enn um stund draga okkur á asnaeyrunum og veifa framan í okkur þeirri blekkingu að við höfum ekki efni á því að veita okkur það sem við þörfum mest svo að andlegt líf megi blómstra í landinu, nefnilega Þjóðbókasafn?“

Páll Skúlason  
(Úr grein hans í Morgunblaðinu  
25. janúar 1989)



*Þjóðarbókhláða í byggingu.*



*Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, leggur hornstein að Þjóðarbókhöllu 23. september 1981. Við hlið forsetans stendur Diðrik Helgason byggingaefirlitsmaður.*



*Frá kynningarfundum um Þjóðbókasafn, sem efnt var til í Þjóðarbóklöðu 10. febrúar 1989. Frá hægri: Páll Skúlason prófessor og formaður stjórnar Háskólabókasafns, Árni Gunnarsson skrifstofustjóri í Menntamálaráðuneyti, Svavar Gestsson menntamálaráðherra, Þorgrímur Gestsson fréttamaður hjá Ríkisútvarpi, Silja Aðalsteinsdóttir ritstjóri Þjóðviljans, Alexander Stefánsson alþingismaður (bak við Silju), Ólafur G. Einarsson alþingismaður, Guðrún Ágústsdóttir aðstoðarmaður menntamálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður.*

safnið hefur setið eftir með rýran bókakost, fámennt starfslíð og óviðunandi húsnæði. Kennslu hefur verið hagað svo, að nemendur kæmst af með fáar bækur, sem þeir keyptu sjálfir. Slíkir kennsluhættir eru fráleitir, því að háskólinn á að þjálfa nemendur í rannsóknum og sjálfstæðri vinnu. – Kennarar og sérfræðingar hafa heldur ekki treyst á safnið í rannsóknum. Þeir hafa komið sér upp eigin bókum og tímaritum á sínu sérsviði og gert sér ferðir í bókasöfn erlendis. Háskólamenn í atvinnulífi hafa leitað sömu úrræða og talið sig eiga lítið til safnsins að sækja. Margar rannsóknarstofnanir hafa hins vegar komið sér upp allgóðum söfnum á sínu sérsviði, en þau eru dreifð og hafa yfirleitt þann annmarka að vera ekki aðgengileg öðrum en starfsmönnum stofnananna. – Hirðuleysi háskólamanna um málefni og hag safnsins hefur orðið til þess að rekstur og bókakostur



*Hinn 11. mars 1990 gekkst Kynningarnefnd Háskólans fyrir „opnu húsi“ í háskólabyggingum vestan Suðurgötu, en jafnframt fór hluti kynningarinnar fram í Þjóðarbókhöfðubyggingunni á Melunum, sem í framtíðinni á m.a. að hýsa háskólabókasafn. Á þeirri hæð hússins, sem hefur að mestu gler í útveggja stað, var komið fyrir fjölmörgum básum og borðum og fór þar fram kynning á öllum deildum og flestum stofnunum Háskólans, auk margra „sérskóla“. Mikill mannfjöldi kom í húsið þennan dag, en þetta var í fyrsta sinn, sem almenningi gafst kostur á að skoða þetta hús, sem svo lengi hefur verið í byggingu, og jafnframt var þetta fyrsta notkun hússins.*

standast engan samanburð við söfn erlendra háskóla og eru langt neðan við þau mörk, sem sett eru við háskóla, vilji þeir teljast marktækir í rannsóknum. Ennfremur nýta stúdentar bókakost safnsins mun minna en almennt tíðkast við erlenda skóla. Þar ráða þeir afbrigðilegu kennsluhættir sem þróast hafa í fátæktinni. – Viðhorf til Háskólabókasafns eru þó að breytast. Eftir áherslu á fjölgun námsgreina og uppbyggingu stutts háskólanáms undanfarin 15 ár, stefna margar deildir nú að lengingu námsins og auknum hlut rannsókna á efstu námsstigum. Þá duga ekki einkasöfn sérfræðinga heldur verður að auka almennan bókakost á breiðum rannsóknasviðum. – Kennsluhættir hljóta einnig að breytast í venjulegra horf með minni tímasetu og aukinni safnnotkun nemenda. Fækkun kennslustunda í öllu námi hefði í för með sér verulega lækkun kostnaðar við stundakennslu auk þess sem álag á kennsluhúsnæði yrði minna. – Í ljósi þessara viðhorfa markaði háskólaráð þá stefnu vorið 1986 að beina nemendum að aukinni safnnotkun með fækkun kennslustunda, tvöfalda rekstrarfé safnsins á næstu árum með tilfærslu fjármuna og þrefalda bókakaupafé. Þessi áætlun hefur mætt velvilja stjórnvalda og gengið að mestu eftir. Hins vegar er ljóst að veruleg aukning á notkun



*Frá „opnu húsi“ í Þjóðarbókhöðdu 11. mars 1990.*

safnsins samfara nýjum bókakosti og bættri þjónustu við kennslu, rannsóknir, atvinnulíf og fróðleikslitandi almenning er ekki gerleg fyrir en rætist úr húsnæðisþrengslum. Samþykkt Alþingis um „þjóðaráttak“ til að ljúka Þjóðarbókhöðdu fyllti menn bjartsýni um að Þjóðbókasafn gæti hafið starfsemi sína árið 1990 en þær vonir hafa nú brugðist ...“



Frá „opnu húsi“ í Þjóðarbókhöfðu 11. mars 1990. Einsöngvari skemmtir gestum. Framarlega til vinstri á myndinni situr dr. Gylfi Þ. Gíslason prófessor og fyrrum menntamálaráðherra.



Frá „opnu húsi“ í Þjóðarbókhöfðu 11. mars 1990. Einar Sigurðsson háskólabókavörður (t.h.) ræðir við tvo fyrrverandi ráðherra, þá Jón Helgason (t.v.) og Vilhjálm Hjálmarsson fyrrverandi menntamálaráðherra.

## 5

# Á tímamótum

*Viðtal við dr. Sigmund Guðbjarnason háskólarektor<sup>16</sup>*

Það er sjálfsagt siður í landi hér að líta frekar á það, sem ekki hefur gengið heldur en hitt sem gengið hefur undan. Það er ekki minn háttur; ég kýs frekar að líta á það, sem tekist hefur, heldur en hitt sem hefur tekist miður. Þegar ég lít til baka yfir síðustu fjögur árin þá verð ég að segja það, að byggingaframkvæmdir hafa gengið vel, ef maður horfir yfir tímabilið í heild sinni, og ástæðan fyrir því er einfaldlega sú, að tekjur Happraættisins tvöfölduðust á árinu 1987 og héldust svo í sama dúr 1988. Við höfðum haft mun meira fé til ráðstöfunar til nýbygginga og framkvæmda heldur en verið hefur um langan tíma. Fyrir einum fjórum árum lagði ríkið fram ákveðna upphæð til viðhalds húsa og lóða en hætti því gjörsamlega, þegar sjálfsaflafé Háskólans jókst. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að ljúka nýju húsi Verkfræði- og Raunvísindadeilda, VR III. Það var lokið við það hús á síðasta ári og var flutt inn í það 1987. Það er mjög góð aðstaða, sem þar hefur skapast. Að vísu er eftir að byggja við til beggja enda. Að sunnanverðu á eftir að rísa þriggja hæða hús, sem mun hýsa skrifstofur og starfsaðstöðu verkfræðiprófessoranna og annarra kennara, og að norðanverðu munu rísa skálar eða skemmur, verkstæði og annað, sem lýtur að byggingaframkvæmdum, trésmíðaverkstæði og annað í þeim dúr, og aðstaða fyrir garðyrkjumann Háskólans og þann búnað, sem honum fylgir. – Það hefur einnig verið lögð mikið áhersla á að koma húsi læknadeildanna í full not. Þá á ég við það, að við höfum lagt áherslu á að innrétta fjórðu og fimmtu hæð í húsi læknadeildanna, sem lengst af hefur verið kallað „Tanngarður“, og fjórða og fimmta hæðin voru teknar í notkun á síðasta ári. Enn er eftir að ganga frá suðurkjarna svokölluðum, það er önnur og þriðja hæð í suðurkjarnanum, og svo er eftir að ganga frá kjallaranum öllum. Þar verður aðstaða fyrir stúdenta og mótuneyti og sitthvað, sem skapar mönnum betri aðstöðu, þeim sem vinna í þessu húsi. Það er ljóst, að það mun taka nokkur ár að fullgera húsið þó svo að við leggjum á það höfuðáherslu nú að fá í gagnið lesstofur fyrir stúdenta og kennslustofur. Á þessu ári er lögð áhersla á að ljúka við að minnsta kosti eina af þessum lesstofum og kennslustofu á þriðju hæðinni. Það er ljóst, að landspítalalóðin mun verða þurftarfrek í framtíðinni,

<sup>16</sup> Viðtal þetta, sem höfundur átti við rektor, fór fram í júnímánuði 1989.




*Sigmundur Guðbjarnason háskólafekkur.*




Því það er tvímælaust margt sem þar er eftir að byggja á komandi árum. Ef við komum aðeins nær Aðalbyggingu Háskólans, þá er rétt að líta á viðbygginguna við Odda, sem rís nú, og þar er að koma upp vinnuástaða fyrir kennara, sem verða fyrst um sinn kennarar í hug- og félagsvísindagreinum. Þarna er áformað að bæta aðstöðuna enn frekar, bæði fyrir Félagsvísindadeild, fyrir Viðskipta- og hagfræðideild og einnig fá kennarar úr Heimspékideild aðstöðu þar fyrst um sinn, þar til sérstakt hús verður reist fyrir starfsemi Heimspékideildar, sem er farið að undirbúa, þó svo að byggingarfrankvæmdir verði ekki alveg á næstu árum. Þá er mikið kapp lagt á að hraða framkvæmdum við Háskólabíó. Þar eru að rísa þrír salir, sem eru fyrirlestrasalir og kvikmyndasalir og væntanlega ráðstefnusalir á sumrin eða á þeim tíma þegar ekki er verið að nota þessa sali til kennslu. Má ætla að þetta verði einhver best nýttu húsakynni á landinu, þar sem salirnir munu verða í notkun frá kl. átta á morgnana og fram yfir miðnætti, fyrst fyrir kennslu og síðan sem kvikmyndasalir. Þetta skapar betri rekstrargrundvöll fyrir kvikmyndahúsið, fyrir Háskólabíóið, en það er vert að minnast þess að arðurinn af þeirri starfsemi, rennur í ferðasjóð háskólakennara, Sáttmálasjóðinn. – Á þessu ári verður viss samdráttur og raunar verulegur samdráttur í tekjum af Happdrættisrekstrinum. Því höfum við orðið að hægja á framkvæmdum, einkum við Odda og hús læknadeildanna. Þetta mun hefja það eitthvað, að þessi aðstaða geti komist í þau not sem áformað er. – Það er fleira, sem við höfum í huga hér. Að loknum þessum framkvæmdum við Háskólabíó þarf að ganga frá og ljúka við lóðarfrankvæmdir, ganga frá bílastæðum og gera þar snyrtilegra og planta gróðri, trjám og runnum, þannig að þetta sé ekki svona gróðursnautt og ömurlagt eins og margir þessir malbikuðu flákar verða nú, ef þetta eru mjög stór bílastæði. Og við leggjum áherslu á að fegra okkar eigið umhverfi og því erum við að breyta malbiki og mól Melavallarins gamla í gróðursælan völl, sem verður vaxinn runnum og trjám. Þar verður a. m. k. ekki byggt um einhvern tíma. Ég geri ráð fyrir, að þarna rísi byggingar einhvern tíma eftir aldamót, en það verður ekki byggt á þessu svæði, að ég tel, fyrir aldamótin því við höfum nóg verkefni önnur við byggingar, sem við ætlum að reisa á öðrum stað. – Meðal næstu húsa, sem munu rísa hér, er hús fyrir jarðvísindi. Það er búið að ákveða að byggja yfir jarðvísindin, þ. e. jarðfræðina, landafræðina, jarðeðlisfræðina og Norrænu eldfjallastöðina, sem munu flytja í eina byggingu sem væntanlega mun rísa í námunda við Norræna húsið, væntanlega austan við það. Það er verið að skipuleggja það svæði um þessar mundir. Í námunda við það hús mun einnig rísa Líffræðihús, yfir starfsemi Líffræðistofnunar og Líffræðiskorar, það er mikilvægt að flytja úr leiguhúsnæði við Grensásveg í slíkt eigið húsnæði á þessu svæði. Og væntanlega mun í framtíðinni einnig rísa þar í námunda Náttúruvísindahús, þ. e. náttúrugripasafn, safnhús, – vísindahús sem verður væntanlega í nánnum tengslum bæði við Háskólann og Náttúrufræðastofnun.<sup>17</sup> Á þessu sama svæði

17 Þess skal hér getið, að sumarið 1989 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að fjalla um byggingu Náttúrufræðahúss. P. S.

NOÐRÆSTURHILID 1:50



NOÐRÆSTURHILID 1:50



HÖNÐRÆSTURHILID 1:50




SUGAÐRÆSTURHILID 1:50

LEIÐBEIÐINGARFRAMM  
 HÖNÐRÆSTURHILID  
 HÖNÐRÆSTURHILID  
 HÖNÐRÆSTURHILID  
 HÖNÐRÆSTURHILID

*Útlitstekning Lyfjafræðihúss, sem ráðgert er að reist verði í Vatnsmýrinni. Arkitekt: Maggi Jónsson.*

og enn sunnar og austar er lóð fyrir Lyfjafræðihús, það hús hefur verið hannað, og bíður raunar nær tilbúid undir byggingu. Það er eins og með fleira, það vantar fé til þess að reisa það hús. Hagnaðurinn af Reykjavíkur Apóteki, sem Háskólinn á og rekur, fer í að byggja og búa húsið þeim búnaði, sem þarf fyrir Lyfjafræðina. Þarna verður framleiðsluaðstaða Reykjavíkur Apóteks og jafnframt rannsóknar- og kennsluaðstaða fyrir lyfjafræði. Fleira er í bígerð: Það er áformað að byggja yfir Happraætti Háskólans niðri í bæ á lóð, sem Happraættið á þar, en af ýmsum ástæðum eru tafir á þeim framkvæmdum. Fleiri hús eru á undirbúningsstigi. Það er vert að nefna hús fyrir starfsemi Heimspekideildar, Orðabók Háskólans og aðra þá starfsemi, sem tengist Heimspekideild. Þetta er mjög stór deild með fjölbreytta starfsemi, sem mun eflast í framtíðinni, eins og reyndar hjá öðrum deildum. Það er ljóst að þar þarf að bæta aðstöðuna verulega og verður sennilega ekki gert sómasamlega fyrr en reist verður sérstakt hús fyrir þá starfsemi. Líklegt má telja, að það hús rísi í námunda við Oddagötu og ekki fjarri Odda, sem hefur gjarnan verið nefndur „Hugvísindahús Háskólans“, en í framtíðinni verða þessi „hugvísindahús“ auðvitað mörg. Á þessu sama svæði hefur verið rætt um að byggja Íþróttahús. Íþróttahús Háskólans er fyrir löngu orðið of lítið og brýnt að bæta úr því. Menn hafa látið sér detta í hug að stækka Íþróttahúsið og byggja við það, en það kunna að vera ýmsir anmarkar á því. Ég held að það sé ljóst, að við verðum að byggja yfir Íþróttastarfsemina, og það verður væntanlega byggt veglegt Íþróttahús þarna í mýrinni og ekki fjarri Hjónagörðunum. – Þá eru, ef við lítum vestur yfir Suðurgötu, önnur hús í undirbúningi, viðbótaráfangar við Verkfræði- og Raunvísindadeilda-



*Hinn 3. nóvember 1989 var vígt Efna- og líftækniús á Keldnaholti, sem er í eigu Háskóla Íslands og Rannsóknastofnana atvinnuveganna. Húsið, sem byggt er við hlið Iðntæknistofnunar, er reist fyrir fjárframlög frá Rannsóknaráði ríkisins og Reykjavíkurborg, sem ákváðu að byggja það og færa Háskólanum húsið að gjöf í tilefni af 75 ára afmæli skólans 1986. Í byrjun verða þrír aðilar með aðstöðu í Efna- og líftækniúsínu: Líftæknideild Iðntæknistofnunar, Líffræðistofnun Háskólans og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en jafnframt er gert ráð fyrir að fyrirtæki í efna- og líftækniðnaði nýti sér aðstöðuna þar. Stærri myndin er tekin við vígsluathöfn hússins en innfella myndin sýnir bygginguna.*

byggingarnar. Þegar búið er að byggja nýja skála og ný verkstæði komin upp, þá verða þessar gömlu skemmur rifnar og það er löngu tímabært, þær eru eldsmatur og hættulegar. Á þeim stað verður byggt í framtíðinni hús fyrir starfsemi Verkfræði- og Raunvísindadeilda. Þær hugmyndir, sem komið hafa fram á ýmsum tímum, taka auðvitað breytingum, en þar hlýtur að verða m. a. félagsaðstaða fyrir stúdenta þessara deilda – þeir hafa enga viðunandi aðstöðu í dag, og það hafa stúdentar yfirhöfuð ekki í mörgum deildum. En einnig mun verða kennsluáðstaða og rannsóknaraðstaða í þessari byggingu, sem þarna er fyrirhuguð. – Þegar hús læknadeildanna verður fullfrágengið munu væntanlega liggja fyrir áætlanir um næstu áfanga á landspítalalóð. Þar eru í framtíðinni áform um fleiri hús af svipuðu tagi, og það er fyrirsjáanlegt að á næstu

áratugum verða menn með áform og óskir um stöðugt bætt aðstöðu, væntanlega í flestum greinum. En við sjáum ekki allt of langt inn í framtíðina og ég held að við getum aðeins gert okkur grein fyrir því hvað muni gerast hér á næstu tíu til tuttugu árum og er það þó dágóður spölur. – Hvað lýtur að skipulagsmálum þá eru þau að skýrast. Gert er ráð fyrir, að bráðlega liggi fyrir ákveðnar tillögur frá Samstarfsnefnd Háskólans og Reykjavíkurborgar um skipulagsmál og að þær tillögur verði lagðar fyrir háskólaráð og borgaryfirvöld og þá verði fundin farsæl lausn á þeim málum um fyrirkomulag umferðar og einnig byggingasvæða, þar sem reynt verður að gæta þess jafnframt að umhverfið sem slíkt, gróður, dýralíf og lífríkið í heild sinni, bíði ekki tjón. Þetta er viðkvæmt svæði, ekki síst vegna Tjarnarinnar og það hafa menn auðvitað haft í huga þegar þeir hafa verið að vinna að þessu skipulagi. – Skeifan er, ásamt Aðalbyggingunni, það „andlit“ Háskólans, sem flestir þekkja. Það hafa á ýmsum tímum komið fram hugmyndir um að breyta Skeifunni, jafnvel gjörbreyta henni og láta hana hverfa, fá annað form á þetta „andlit“. Persónulega er ég mjög andvígur því, ég tel að Skeifan megi, ásamt Aðalbyggingunni, vera eftir sem áður andlit Háskólans, en við munum leitast við að fegra það umhverfi, auka gróður, bæta við runnum, trjám og öðrum gróðri, þannig að hér verði mun gróðursælla og fegurra umhverfi en nú er, – umhverfi, sem mönnum dytti síðar alls ekki í hug að fara að breyta í umtalsverðum mæli og allra síst að fara að byggja á þessu viðkvæma svæði. Ég tel, að menn eigi og megi gjarnan virða það, sem vel var gert hér á árum áður, og ég álít að þessi hönnun hafi verið merkileg. Það, sem á skortir, er meiri gróður, sem mun augsýnilega fegra þetta umhverfi. – Það er auðvitað rétt, að lykkillinn að þessum framkvæmdum öllum er fjármagnið. Nú stendur Háskólahappdrættið undir þessum framkvæmdum svo til eingöngu. Þegar vel vegnaði og við tvöfölduðum tekjurnar, með tilkomu skafmiða („Happaþrennunnar“), leiddi það til þess að ýmsir fóru að öfundast og ásælast þetta fé og Fjármálaráðuneytið fór að ráðstafa hluta af þessu framkvæmdafé Háskólans til verkefna, sem yfirleitt hafa verið greidd beint úr ríkissjóði. Bókakaup og tímaritakaup hafa t. d. verið greidd af rekstrarfé en ekki af framkvæmdafé. Við teljum það mjög óheppilegt ef á að fara að taka af þessu sjálfsaflafé til rekstrar, en fram til þessa og lögum samkvæmt þá á happdrættisfé fyrst og fremst að fara til uppbyggingar Háskólans. Í reynd er það svo, að stór hluti af þessu fé fer til rekstrar, þó ekki fari það til launagreiðslna eða slíks. Það fer í viðhald húsa og lóða, til tækjakaupa, kaupa á búnaði, húsgögnum og endurnýjunar á slíku. Að minnsta kosti þriðjungurinn af þessu fé fer raunverulega í rekstur með þessum hætti. Auðvitað væri það eðlilegast að ríkið greiddi rekstrarþáttinn að öllu leyti og léti þá Háskólanum eftir að afla fjár til nýframkvæmda og til að kaupa búnaðinn. Þá á ég við tækjabúnaðinn einnig. En ef Fjármálaráðuneytið fer að ásælast þetta framkvæmdafé og fer að ráðstafa því til annarra hluta,<sup>18</sup> hlýtur það að hafa þær afleiðingar, að það verður minna um

18 Sjá til hliðsjónar ummæli rektors í háskólaráðu í október 1989, sem tilgreind er í 2. kafla þessa bókarhluta hér að framan.


framkvæmdir á öllum sviðum og uppbygging verður mun hægari og torveldari. Það dregur einnig úr þeirri viðleitni manna að auka þetta sjálfsaflafé, ef þeir fara að finna það, að þeir fái ekki að ráðstafa því til þeirra hluta sem til stóð, heldur verði það tekið til annarra þarfa. Þá náum við heldur ekki fram þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Þau snúast auðvitað ekki einvörðungu um uppbygginguna heldur og virkari þátttöku í ýmiss konar starfsemi, því Háskólinn snertir auðvitað allar greinar þjóðlífsins og getur verið mjög virkur. Eins og ég hef sagt einhverju sinni áður, er það hlutverk Háskólans að bæta lífið í landinu, með hvaða hætti sem það er unnt. Það væri mjög miður, ef sjálfstæði Háskólans væri skert, því að það mundi hafa beinlínis fyrrisjáanlegar og óheppilegar afleiðingar. Ég tel að eðlilegast sé, að á meðan unnt er að afla tekna með þessum hætti í einhverjum mæli, ætti að vera sú verkaskipting milli ríkissjóðs og Háskólans, að ríkið sjái alfarið um reksturinn og þá auðvitað viðhald og annað í þeim dúr, en Háskólinn sjálfur aflaði tekna til nýframkvæmda og til tækjavæðingar og slíks, og væri það vel. Ég held að það séu fáir háskólar, sem hafa þó, eins og við gerðum á síðasta ári, aflað þriðjungs þess fjár, sem fór í rekstur og uppbyggingu Háskólans. – Það hefur mjög verið rætt um þátt Háskólans í atvinnuþróun og samstarfi við atvinnulífið og ég hef mælt mjög fyrir því. Sumir kunna að hafa misskilið þetta á þá lund, að það sé meginviðfangsefni og eigi að bitna á öðru, en því fer fjarri. Ég hef ætíð lagt á það áherslu, að háskólakennarar hafi rannsóknarfrelsi; það þýðir, að þeir velji sjálfir þau viðfangsefni, sem þeir vilja glíma við, það er enginn beðinn um eitt eða neitt í þessu efni. Ef þeir hafa áhuga á því að vinna með einhverjum aðilum úti í þjóðfélaginu, hvort sem það er í framleiðslugreinum, þjónustugreinum eða einhverju öðru, þá hafa þeir auðvitað svigrúm til þess nú sem fyrr. Það, sem við erum einfaldlega að reyna að gera, er að greiða fyrir því að slík samskipti geti verið meiri og auðvitað eru margar okkar greinar beinlínis tengdar framleiðslugreinum, svo sem verkfræði og margar raunvísindagreinar með einu eða öðru sniði. Við sjáum það, hvort sem litið er á Viðskiptadeild, Lagadeild, Guðfræðideild, Læknadeild eða Tannlæknadeild, að verið er að þjálfa fólk til starfa í þjóðfélaginu og störfín eru afar margbreytileg. Hvernig svo sem menn kjósa að skilgreina atvinnulífið þá er það í mínum huga þjóðlífið í heild sinni, því að atvinna er með ýmsum hætti, hvort sem það er í þjónustu eða framleiðslu eða með öðru sniði. – Háskólinn hefur nú og á liðnum árum og raunar lengi leitast við að stuðla að atvinnuþróun og fyrsta viðleitnin í þessa veru var Atvinnudeildin gamla, sem var fyrsta bygging, sem reist var fyrir tekjurnar eða hagnaðinn af Happraettinu. En nú á síðari árum höfum við einmitt fengið stuðning við þessa viðleitni okkar frá Reykjavíkurborg og þar er ég mjög þakklátur Davíð Oddssyni borgarstjóra. Aðstoð hefur einnig komið frá öðrum aðilum í atvinnulífinu, því að mönnum er ljóst, að það verður að rækta þennan garðinn eins og aðra. Það, sem við höfum verið að gera og erum að gera, er að byggja tvær miðstöðvar, þar sem unnt er að hlúa sérstaklega að nýgræðingi, nýsköpun og frumkvöðlum. Annars vegar er



*Frá vágsluathöfn Efna- og líftæknihússins á Keldnaholti. F. v.: Ingjaldur Hannibalsson framkvæmdastjóri Útflutningsráðs, Magnús L. Sveinsson forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Páll Kr. Pálsson forstjóri Iðntæknistofnunar, Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor og Sturla Friðriksson erfðafræðingur.*

Tæknigarðurinn hér á Melunum, þar sem aðstaða er fyrir menn, yngri sem eldri, að þreifa fyrir sér, reyna „vængina“ og taka upp eða þróa nýja hluti eða jafnvel stofna ný fyrirtæki. Einkum er nú í Tæknigarði verið að glíma við viðfangsefni á sviði tölvu- og upplýsingatækni. Þar eru frumkvöðlarnir í nánú sambýli við Reiknistofnun Háskólans, tölvunarfræðinga Háskólans og kennara á því sviði, svo og jarðvísindamennina, sem meiningin er raunar að flytja í önnur húsakynni. Þessi viðleitni hefur gengið nokkuð vel, að vísu er ekki búið að ráðstafa öllu því húsnæði, sem er ætlað til þess arna, en það er ekki síst vegna þess að menn hafa verið mjög vandir í vali á leigjendum; það eru nógir sem sækjast eftir þessu húsnæði. Það hefur verið takmarkað mjög, hverjir eigi þess kost að koma þarna inn, með hliðsjón af þeim markmiðum, sem menn hafa sett sér með þessu húsi. – Þá er önnur hliðstæð aðstaða að rísa upp á Keldnaholti í nánú samstarfi við Rannsóknaráð ríkisins, þar sem Háskólinn á helming aðstöðunnar og Rannsóknarstofnanir atvinnuveganna hinn helminginn. Hér er um að ræða rannsóknarstöð og tilraunaverksmiðju á sviði líftækni og efnaiðnaðar. Þetta eru tiltölulega nýjar greinar hér á landi og við teljum, að þær eigi verulega möguleika. Þetta er sett upp þarna við hliðina á og í nánú sambýli við Iðntæknistofnun Íslands, vegna þess að við höfum á





Sjómánukslistið Háskólans 1989. Á myndina, sem tekin er á tröppum Aðalbyggingar í desembermánuði 1989, vantar nokkra starfsmenn.

1. Guðrður Helga Magnúsdóttir deildarfulltrúi. 2. Edda Einarsdóttir fulltrúi. 3. Lilja Þorleifsdóttir fulltrúi. 4. Erla Elíasdóttir aðstoðarháskólaritari. 5. Stefán Sörenson háskólaritari. 6. Perla Kolka skrifstofustjóri. 7. Halldóra Kolka Ísberg fjéhirðir. 8. Anna Harðardóttir skrifstofustjóri. 9. Aðalheiður Ófeigsdóttir fulltrúi. 10. Vilborg Översdóttir fulltrúi. 11. Sigrún Vatgarðsdóttir deildarstjóri. 12. Eliza M. Kwazenko fulltrúi. 13. Sigrún Andradóttir fulltrúi. 14. Sigmundur Guðbjarnason rektor. 15. Kristín Edda Hansen fulltrúi. 16. Valdís Árnadóttir fulltrúi. 17. María Jóhannsdóttir skrifstofustjóri. 18. Kristín Klara Einarsdóttir skrifstofustjóri. 19. Sigurður V. Friðþjófsson skrifstofustjóri. 20. Guðbjörg Jóhannsdóttir fulltrúi. 21. Hildur Bjarnadóttir fulltrúi. 22. Þuríður Pálsdóttir fulltrúi. 23. Þóra Magnúsdóttir deildarstjóri. 24. Birna Björnsdóttir fulltrúi. 25. Unnur Fjólá Jóhannsdóttir skrifstofumáður. 26. Rósa Guðmundsdóttir deildarstjóri. 27. Elin Ágústa Ingimarsdóttir fulltrúi. 28. Stefánía Lóa Jónsdóttir fulltrúi. 29. Svala Bjarnadóttir skrifstofumáður. 30. Hellen M. Gunnarsdóttir deildarstjóri. 31. Guðlaugur Tryggvi Karlsson fulltrúi. Sigríður Júlíusdóttir fulltrúi. 33. Edda Magnúsdóttir starfsmannastjóri. 34. Jóna Lía Gísladóttir fulltrúi. 35. Anna Sigurbergsdóttir fulltrúi. 36. Sigrún Brynjólfsdóttir fulltrúi. 37. Elísabet Ólafsdóttir skrifstofumáður. 38. Ingríður Þórisdóttir fulltrúi. 39. Gerður Starlaugsdóttir skrifstofumáður. 40. Ragna Ólafsdóttir námsráðgjafi. 41. Ásta K. Raenarsdóttir námsráðgjafi. 42. Auður Gunnarsdóttir námsráðgjafi. 43. Gunnlaugur H. Jónsson fjármálastjóri. 44. Jónas Ásmundsson aðalbókari. 45. Jóhanna Oddgeirsdóttir spjaldskráritari. 46. Asdís Jónsdóttir fulltrúi. 47. Þórdur Kristinnsson prófstjóri. 48. Arni Finnsson fulltrúi. 49. Magnús Guðmundsson skjalavörður.



undanförunum árum leitast við að hafa náið samstarf við Rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, og það samstarf hefur aukist með árunum. Bæði er um að ræða rannsóknarsamstarf og að auki taka starfsmenn þar þátt í kennslustörfum við Háskólann. Það er mikill styrkur fyrir báða aðilana, vegna þess að með þessu kennslustarfi sérfræðinga á Rannsóknarstofnunum atvinnuveganna viðhalda þeir sinni þekkingu og endurbæta stöðugt, sem gagnast auðvitað þeim stofnunum og skapar jafnframt tengsl við Háskólann. Þá geta stúdentar tengst þessum stofnunum, bæði beint og óbeint. Þarna er aðstaða, sem við væntum að komi að því gagni, sem að er stefnt. Ég tel, að þegar fram líða stundir muni það sýna sig, að það hafi verið farsæl ráðstöfun að byggja upp þessa aðstöðu og skapa þarna tækifæri til þess að þróa nýjar leiðir í atvinnulífinu, en auðvitað er þetta von frekar en veruleiki, enn sem komið er.

**BÓKARAUKI**



# I

## Um fjársöfnun til Stúdentagarðs 1922–1923 og um „Selskinnu“


Svo sem getið var um í fyrra bindi þessa rits, gengust stúdentar fyrir víðtækri fjársöfnun meðal almennings til byggingar Stúdentagarðs í Reykjavík. Fór fjársöfnun þessi einkum fram á árunum 1922–1923. Bar hún allnokkurn árangur og talsverður byggingarsjóður myndaðist, þótt eigi kæmist Garður upp fyrir en 1934. Til viðbótar því, sem kom fram í fyrra bindi um þetta, skal hér birtur kafli úr grein eftir *Lúðvig Guðmundsson*, hinn helsta forvígismann þessarar fjársöfnunar sem og annarra hagsmunamála stúdenta á þeim árum, er hann ritaði í Stúdentablaðið, 1. desember 1961. Þar segir hann m. a.:

„Ein fengsælasta leiðin til öflunar fjár til byggingarinnar var stofnun happdrættis stúdenta. Í sambandi við happdrættið hófum við áróður meiri en þá þekktist almennt, og helzt mátti jafna til þess, er hæst stóð fjáröflunin til stofnunar Eimskipafélags Íslands, áratugi fyrir. Réðum við okkur hundruð umboðsmanna í öllum hlutum landsins, til sjávar og sveita; einnig meðal Íslendinga erlendis. Við skrifuðum sjálfir og fengum einnig aðra til að skrifa blaðagreinar um málið og sættum yfirleitt sérhverju færi, er gafst, til að kynna málstað okkar. – Þegar strandferðaskipið „Esja“ hin fyrsta kom til landsins, vorið 1923 og hélt héðan í hina fyrstu hringferð sína umhverfis landið, voru í hópi farþega þrír stúdentar, sendiherrar stúdentagarðsnefndar. Áður en förin var hafin, höfðu þeir símleidis boðað háskólagengnum mönnum í öllum kaupstöðum og kaптúnunum, er skipið kom til á leið sinni, komu sína og erindi, sem var það, að flytja þeim hinn nýja og mikla boðskap stúdenta og vinna þá til fylgis við málefni okkar. – Hvarvetna var sendimönnum vel tekið og víðast forkunnarvel svo sem á Akureyri. Þar hafði stúdentafélag heimamanna efnt til fundar af þessu tilefni. Formælandi háskólastúdenta flutti þar eldheita hvatningarræðu til þeirra norðanmanna og brýndi og eggjaði þá til samstarfs og stuðnings við hin þjóðnýtu störf okkar. Hlaut frummælandi dynjandi lófaklapp að ræðulaunum. Reis þá úr sæti vígslubiskup Hólastiftis, síra Geir Sæmundsson. Af heilum huga kvaðst hann þakka ræðumanni málflutning allan og lofaði dug og áræði háskólastúdenta. En jafn ánægjuleg og þessi hlið málsins væri, sagði hann, jafn grátlegt væri hitt, í hve illt efni væri nú komið allri „æðri“ menntun hinnar yngri kynslóðar

svokallaðra menntamanna vorra, síðan latínukennslan í menntaskólanum var skert svo skammarlega sem raun bæri vitni. Flutti nú vígslubiskup langt og ýtarlegt mál í alvöru og gamni, um ósóma þenna, benti síðan til frummælanda og mælti, efnislega, á þessa leið: Jafn ágætur og ötull maður sem þessi ungi stúdent er, jafn hörmulegt er það, hve mjög hann skortir á að hafa hlotið sanna menntun, því að eins og þið allir heyrðuð, fundarmenn góðir, þá sagði hann á einum stað í ræðu sinni *þetta er facta!* Dunaði þá salurinn af hlátrasköllum fundarmanna og sjálfur hló vígslubiskup með af hjartans lyst. Lauk hann nú ræðu sinni með nokkrum vel völdum orðum og hvatti norðlenska stúdenta til að efla háskólastudentana í hinni góðu baráttu þeirra í orði og verki. Gekk hann síðan til hins sunnlenska frummælanda, tók um hendur hans, þakkaði honum enn og árnaði honum og félögum hans allra heilla. Brosti hann þá ljúfmannlega og var sem hann segði í brosi sínu: en þrátt fyrir allt og allt ertu samt bezti strákur! – Of langt yrði hér að telja upp allar þær leiðir og ráð, er við reyndum til að afla fjár til Garðs og annarra framkvæmda okkar: – Stúdentagarðsnefndin ritaði öllum sýslu- og bæjarfélögum á landinu og bauð þeim þau kjör, að sérhver þessara aðila, er legði fram kr. 5.000.00 til stúdentagarðsins, skyldi fá að ráða nafni eins herbergis þar og tryggja þeim er hann kvað nánar á um, forrétt til afnota þess. Bar þessi nýlunda góðan árangur, svo sem nöfn margra stúdentaherbergjanna vitna um. Sama boð var og með árangri látið út ganga til einstaklinga. – Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi gaf Garði hina snjöllu þýðingu sína á „Pan“ eftir Hamsun, en stúdentaráð gaf út. – Sigurður Kr. Pétursson, holdsveikur vistmaður á Laugarnesspítala, kunnur rithöfundur, gaf þýðingu sína á „Abdallah“, austurlenzkri skáldsögu. Einn stúdentanna kostaði útgáfuna til ágóða fyrir stúdentagarðsmálið. – Sigvaldi Kaldalóns, læknir og tónskáld, gaf Garði stórt upplag af sönglagi sínu við „Pú nafnkunna landið“, er hann hafði helgað Garði ... – Nokkrum sinnum efndu stúdentar til skemmtana í fjáröflunarskyni. Einn veturinn settu þeir þýzka leikinn „Alt Heidelberg“ á svið og léku sjálfir flest hlutverkanna, en „Muggur“ (Guðmundur Thorsteinsson) var leikstjóri.“

Einn liðurinn í fjársöfnuninni var í því fölginn, að Stúdentaráð lét gera mikla og forláta bók, þar sem ætlast var til, að þeir, sem gæfu fé í þessu augnamiði, rituðu nöfn sín. Allnokkuð safnaðist með þessum hætti hin næstu árin. „Selskinna“, sem bókin var oftast kölluð, eða „Íslendingabók“, eins og hún heitir réttu nafni, er enn í eigu Stúdentaráðs, en hefur nú um allmörg ár verið notuð sem gestabók á háttíðlegum athöfnum, er stúdentar gangast fyrir. Í grein, sem *Lúðvig Guðmundsson* ritaði um bók þessa í Stúdentablaðið, 1. desember 1940, lýsir hann bókinni nákvæmlega og segir m. a. (neðanmálgreinarnar eru einnig úr grein Lúðvigs):

„Stúdentaráð lét gera Selskinnu haustið 1923. Er þetta mikil bók og búin forláta vel. Hún er 40 cm. löng, 30 cm. breið og 11 cm. þykk. Vegur hún 10 kg. Spjöld hennar eru



*Íslendingabók eða „Selskinna“.*

ÍSLENDINGABÓK  
STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA  
ÍSLANDS LÉT GERA BÓK  
ÞESSA ÁRIÐ MCMXXIII  
Í HANA RITA NÖFN SÍN KARL-  
AR OG KONUR ER STYÐJA  
VILJA ÍSLENZKAN STÚ-  
DENTAGARÐ OG  
MINNAST FULL-  
VELDIS ÞJÓÐ-  
AR SINN-  
AR  
I  
REYKJAVÍK I - XII - MCMXXIII  
STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

nál. 1 cm. þykk og er bókin bundin í skinn af landselskóp, en bandið skreytt og varið drifnum messingskjöldum og hornum og lokað með tveim sterkum hespum. Titilblaðið ber liti íslenska fánans. Á miðju blaði er prentað í rauðum lit: „Íslendingabók“. Þar undir í bláum lit: „Stúdentaráð Háskóla Íslands lét gera bók þessa árið 1923. Í hana rita nöfn sín karlar og konur, er styðja vilja íslenzkan stúdentagarð og minnst fullveldis þjóðar sinnar. Í Reykjavík, 1. des. 1923. Stúdentaráð Háskóla Íslands.“ Er þessu máli svo fyrir komið, að það myndar kaleik. – Á miðju forspjaldi Selskinnu er allstór messingskjöldur. Í hann er drifið fornt skraut og nafn bókarinnar og útgáfudagur. Á fjórum hornum forspjaldsins eru messingverjur, er beygjast yfir brúnirnar. Eins er á afturspjaldi. Í horn forspjalds eru landvættirnar drifnar. Efst til vinstri, næst kili, er gammurinn, vættur Norðurlands. Í efra framhorni er drekinn, vættur Austurlands. Á neðra horni, við kjöl, er nautið, vættur Vestfirðingafjórðungs, en til hægri er risinn, er ver Suðurland. – Í horn afturspjalds er drifið fornt hringaskraut. – Messinghespunar, er loka bókinni, eru festar í skildi á brúnum spjaldanna. Undir þessum þrettán skjöldum eru geymd pergamentsblöð og tvö undir miðskildi forspjalds. Á annað er letrað titill og formáli bókarinnar, með sömu litum og eru á titilblaðinu. Á hitt hefir þáverandi rektor háskólans, prófessor Páll E. Ólason, ritað einkunnarorð sín og nafn. Á pergamentsblöð, sem geymd eru undir hornum forspjalds, hafa ritað nöfn sín og einkunnarorð þeir prófessorar háskólans, er voru forsetar deilda hans veturinn 1923-24.<sup>1</sup> Undir hinum átta skjöldum bókarinnar eru einkunnarorð og eigin handar nöfn þeirra sjö manna, er sæti áttu í stúdentagarðsnefndinni fyrstu tvö árin er hún starfaði,<sup>2</sup> og Björns heitins Björnssonar gullsmíðs og teknara, er teiknaði og smíðaði málbúning bókarinnar. – Auk titilblaðs er Selskinna 1000 blaðsíður óprentaðar. Þar er ætlað rúm nöfnum þeirra, er með áskrift og tillagi, er sé minnst ein króna, vilja „styrkja Stúdentagarðinn og minnst fullveldisins“. Hver maður má rita í eina línu nafn sitt, fæðingardag og stað, stöðu og núverandi heimilisfang. Í bókinni er rúm fyrir nál. 30 þús. nöfn.“

Meðfylgjandi myndir af „Selskinnu“ voru teknar í tilefni af útgáfu þessa rits og tók þær Jóhannes Long ljósmyndari.

1 Próf. Guðm. heitinn Magnússon, próf. dr. phil. Guðm. Finnbogason, próf. Haraldur heitinn Níelsson og próf. Ólafur Lárusson.

2 Lárus heitinn Bjarnason hæstaréttardómari, próf. dr. phil. Alexander Jóhannesson, Ástþór Matthíasson nú lögfræðingur og útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, Tómas Jónsson nú borgarritari í Reykjavík, Þorsteinn Jóhannesson nú prestur í Vatnsfirði og Thor Thors nú sendiherra Íslands í Bandaríkjunum.



1. Desember 1923.

Kjöpmann  
vát herri

Jakob Eggert Erlason

p. t. rektor magnífus

Agúst Þorjarnason

Ólafur Arnórsson

Rejídun Þorlákstótti

Guðni Þimborjarn kaupfélagshjálmsdóttir

Sigurður Nordal

Ólaf Nordal

Frédéric, Danmarks Charge d'Affaires.

Stórhöfðingur.

Alvan Þ. Jóhannsson

Konst. Guðlason

Magnúsdóttir f. 26. nóv. 1887

Þorvaldur Þorjarnason

Guðni Þorvaldsson

Regína Þorvaldsson

Sveinbjörnsson

Tráusti Ólafsson

Guðni Hannesson

Andriði Eiricardson f Skrifstofu 30-11-1851  
Marka Petrusdóttir 2 ágúst 1851

Guðrún Indriðisdóttir

Þráir Sigurðsson prestur 13.-9.-1873

Freysteinn Gunnarsson 28.-8.-1892

Haraldur Eiricson

Pjetur Hjaltastéð, cand. phil. 12-5-'65

Steinnur Jóhannsson

Arinn Sigurðsson 8/12 1896

Þá áður veitir stúdentur  
1. desember 1923.

Emarbenúttíttur

Talgerður Benediktsson.

Þórunn Benediktsson.

St. Jón Stefánsson

Þjórn Guðmundaðsson 11-6-1898.

Anna Svavilsdóttir

Andriði Waage

Rósa Svann

Leifur Jónsdóttir

Hj. Eiricson

Anna Guðmundsdóttir

Andriði Jónsson 22. júlí 1901

Leifur Jónsson s. nro. 84 (f. 1898)

Margir þjóðkunnir menn rituðu nöfn sín í Selskinnu.

## II

# Prófteikningar Guðjóns Samúelssonar af háskólabyggingu í Reykjavík

Í fyrri bindi þessa ritverks, á bls. 41–43, er fjallað um teikningar Guðjóns Samúelssonar af háskólahúsi í Reykjavík, sem hann lagði fram sem áfangaprófraun við Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1915, og þar endurbirtar gamlar ljósmyndir af sumum þessara teikninga, sem auðvitað voru alls ófullnægjandi. Höfundur þessa rits hafði á sínum tíma víða grennslast fyrir um frumeintök teikninga þessara, en án árangurs. Var m. a. leitað að þeim í skjalasafni Listaháskólans í Kaupmannahöfn fyrir milligöngu Utanríkisráðuneytisins. Hinn 14. september 1989 fundu tveir enskukennarar við Heimspékideild, lektorarnir *Pétur Knútsson* og *Guðrún Björk Guðsteinsdóttir*, þessar frumteikningar Guðjóns Samúelssonar á háalofтину að Argötu 14 í Reykjavík, ásamt ýmsum öðrum teikningum af háskólabyggingum, en þó ber þess að geta, að ekki fannst á þessum stað þverskurðarmynd af byggingunni, sem þó er vitað að Guðjón gerði og birt er ljósmynd af í fyrri bindi þessa rits. Ekki er vitað, hvenær Háskólinn eignaðist teikningar þessar, en vart fer á milli mála að það hefur verið fyrir 1940. Þessar teikningar Guðjóns eru mjög vel farnar, enda gerðar á sérlega vandaðan pappír, og bera sannarlega engin ellimörk. Þykir fara vel á því að ljúka þessu riti um byggingarsögu Háskólans með því að birta í litum allar þessar teikningar Guðjóns, sem nú fundust og með réttu hefðu átt að vera í fyrri bindi verksins.

Í Fréttabréfi Háskóla Íslands, októberhefti 1989, segir höfundur þessarar bókar, m.a.:<sup>1</sup>


„Teikningar Guðjóns Samúelssonar af veglegri háskólabyggingu í Reykjavík, sem fundust fyrir skömmu á ólíklegum stað hér í háskólahverfinu, eru að ýmsu leyti einstæðar. Hér er um að ræða frumraun (prófraun) ungs manns, sem átti eftir að marka djúp spor í listasögu Íslendinga og verða brautryðjandi í byggingamállum okkar á fyrri hluta þessarar aldar. Þær eru frábærlega vel unnar og bera höfundinum gott vitni um listræna sýn og fagurt handbragð, en það sem einkum vekur athygli er þó sú dirfska

1 Grein þessi birtist einnig að meginhluta, ásamt litmyndum af teikningunum. í tímaritinu „Arkitektúr og skipulag“, 4. tbl. 1989.

ET UNIVERSITET PAA. ISLAND



FORSIDE





BAKSIDE



April 1815  
Johan Samuelsen



ET UNIVERSITET PAA ISLAND



99-5  
4-4

RELIGIÖSHEDSPLAN

MAA 1.1.60

DR. H. H.  
L. J. J. J.

höfundar og bjartsýni, sem teikningarnar bera með sér. Á ég þar að sjálfsögðu ekki við byggingarstílinn, sem er nýklassískur og Guðjóni vel tamur á námsárum, heldur það hvers konar húsnaði höfundurinn hefur þorað að ímynda sér að hæfði nýrri menntastofnun á hjara veraldar, sem að vísu bar háskólanafn. Á háskólahúsi Guðjóns er enginn kotungsbragur. Bygging af því tagi, sem á teikningunum sést, hefði um margra ára skeið borið af flestum byggingum hér í Reykjavík, ef reist hefði verið. – Teikningarnar eru ársettar 1914–1915. Hér er um að ræða áfangaverkefni á námsbraut Guðjóns við Listaháskólann í Kaupmannahöfn, en námi þar lauk hann ekki formlega fyrr en 1919. Hafði hann þá áður gert hlé á námi sínu um tveggja ára skeið og starfað við húsateikningar í Reykjavík. Síðar varð hann húsameistari ríkisins um margra áratuga skeið, svo sem alkunnugt er, og hannaði fjölmargar byggingar – þ. á m. stórhýsi fyrir opinberar stofnanir, sem enn setja mikinn svip á umhverfi sitt. Um tuttugu árum eftir að Guðjón Samúelsson lauk fyrrnefndum prófteikningum var honum falið að teikna háskólabyggingu á mörkum Mela og Vatnsmýrar í Reykjavík, sem nú hefur um áratuga skeið verið „kjarni“ háskólahverfisins. Er sú bygging að vonum um margt mjög frábrugðin prófteikningunum, bæði um yfirbragð og innri skipan. Með árunum þróaði Guðjón sérstæðan byggingarstíl og sótti um sumt fyrirmyndir í íslenska náttúru, en tilraunir hans við notkun íslensks byggingarefnis, einkum ýmissa bergtegunda, eru einnig athyglisverðar. – Heimildir eru til fyrir því, að Guðjón kynnti sér vel erlendar fyrirmyndir að háskólabyggingum áður en hann hófst handa við teikningar þær, sem fyrir getur, og leitaði jafnframt til Sigurðar Nordals prófessors um upplýsingar varðandi húsnaðisþörf Háskóla Íslands. Af teikningunum er örðugt að átta sig á því, hvar í Reykjavíkurbæ Guðjón ætlaði háskólabyggingunni stað, en haft er þó eftir kunnugum manni, að sá staður hafi verið „nálægt sunnanverðum enda Tjarnarinnar, austanmegin.“

# Nafnaskrá

Skrá þessi hefur að geyma nöfn þeirra manna, íslenskra og erlendra, er við sögu koma í síðara bindi ritverksins. Ógerningur reyndist að gæta fulls samræmis varðandi starfsheiti og titla. Hvað varðar starfsmenn Háskólans og marga aðra, sem nefndir eru í ritinu, var, í meginmáli bókarinnar og í myndatextum, leitast við að nota þau stöðuheiti, sem þeir gegndu á þeim tíma er þeir koma við sögu hverju sinni, en í nafnaskránni reyndi ég að færa starfsheitin til samræmis við stöðu þeirra mála um það leyti er samantekt ritsins var lokið, eða á útmánuðum 1990. Eigi var haft mið af síðari breytingum. Má þó geta nærri, að einhvers staðar hafi mér orðið á í messunni á því sviði, þótt vonandi séu "stórslys" fá, og eru viðkomandi bednir velvirðingar á mögulegum mistökum. Sömu viðmiðun er að mestu leyti fylgt um þá háskólanema, sem nafngreindir eru, en þó gætir þar meira ósamræmis á þann veg, að í nafnaskránni eru þeir ýmist kenndir við námsgrein sína (t.d. stud. jur., hjúkrunarnemi o.þ.h.) eða við störf, er þeir stunduðu að námi loknu - eftir því sem mér er kunnugt. Skal viðurkennt, að þar var ekki fylgt fastri reglu, en misræmið ætti þó vonandi hvergi að koma að sök.

Reykjavík  
í ágústmánuði 1991

Páll Sigurðsson

- |   |   |
|---|---|
| Aalto, Alvar, arkitekt í Helsinki: 10, 12, 223, 272, 274, 404-410, 479-483, 485, 489, 543   | Andrés Valdimarsson sýslumaður: 233                   |
| Aalto, Elissa, arkitekt í Helsinki: 12, 481   | Anna María Ágústsdóttir jarðfræðingur: 361            |
| Aðalbjörn Þórólfsson, Raunvísindastofnun: 519   | Anna Árnadóttir ritari: 29, 255, 257                  |
| Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður: 228   | Anna Guðmundsdóttir húsmæðrakennari: 12               |
| Aðalheiður Ófeigsdóttir fulltrúi: 12, 586   | Anna Margrét Guðmundsdóttir sjúkrapjálfanemi: 442     |
| Aðalsteinn Eiríksson stud. theol.: 98   | Anna Harðardóttir skrifstofustjóri: 586               |
| Agnar Ingólfsson prófessor: 423   | Anna Soffía Hauksdóttir prófessor: 559                |
| Alexander Jóhannesson, prófessor, rektor: 10, 15, 17, 20-22, 30, 35, 61-62, 63-64, 67, 68, 70, 77, 83, 102, 110, 124, 125, 127, 136, 145, 147, 151, 152, 154, 155, 159, 160, 180, 181, 186, 187-199, 205, 207, 355, 593 | Anna Sigurbjergsdóttir fulltrúi: 586                  |
| Alexander Stefánsson ráðherra: 217, 572   | Anna Sigurðardóttir rithöfundur: 217                  |
| Allan V. Magnússon lögfræðingur: 380  | Anna Margrét Thoroddsen tannlæknarnemi: 529           |
| Alma V. Sverrisdóttir stud. jur.: 321   | Arbotov, sovéskur ráðamaður: 219                      |
| Andrés Ólafsson stud. theol.: 95  | Ari Þorgilsson hinn fróði: 61                         |
|   | Arngrímur Jónsson stud. theol.: 95                    |
|   | Arljótur Björnsson prófessor: 166, 167, 317, 402, 479 |
|   | Arnór Hannibalsson dósent: 538                        |



- Auden, W. H. rithöfundur: 103
- Auður Gunnarsdóttir námsráðgjafi: 586
- Axel Sölvason tækjavörður: 518
- Ágúst H. Bjarnason prófessor: 35
- Ágúst Pálsson arkitekt: 145, 182-183
- Ágúst Sigurðsson stud. theol.: 98
- Ágústa Ágústsdóttir: 256
- Ágústa Guðmundsdóttir dósent: 289
- Ármann Snævarr, prófessor, rektor: 30, 101, 103, 113, 201, 202, 204, 206, 217, 223, 225-227, 233, 236, 261, 263-265, 272, 274, 275, 278, 281, 295-299, 341-350, 354-362, 370, 382
- Ármann Sveinsson stud. jur.: 316
- Ári Árnason verkamaður: 63
- Ári Björnsson þjóðháttufræðingur: 166
- Ári Finnsson fulltrúi: 12, 586
- Ári Grétar Finnsson lögfræðingur: 226
- Ári Friðriksson fiskifræðingur: 170, 171, 172, 174
- Ári Gunnarsson skrifstofustjóri: 459, 572
- Ári Halldórsson stud. jur.: 100
- Ári Kristjánsson píanóleikari: 105
- Ári Pálsson verkfræðingur: 145
- Ári Snævarr verkfræðingur: 37, 284
- Ári Vilhjálmsón prófessor: 109, 378
- Ásberg Sigurðsson borgarfélagi: 35, 36-39, 45, 120
- Ásdís Halla Bragadóttir stud. sociol.: 377
- Ásdís Jónsdóttir fulltrúi: 586
- Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands: 35, 75, 170, 200, 202, 205, 230
- Ásgeir Jónsson háskólanemi: 545
- Ásgeir Pétursson stud. jur.: 100
- Ásgeir Thoroddsen lögfræðingur: 232
- Áskell Löve grasufræðingur: 176
- Áslaug Guðjónsdóttir stud. jur.: 319
- Áslaug Sigurgrímsdóttir húsmæðrakennari: 135
- Ásmundur Brekkan prófessor: 217
- Ásmundur Guðmundsson, prófessor, biskup Íslands: 95, 96
- Ásmundur Sveinsson myndhöggvari: 64, 65, 66, 68, 208
- Ásta Jónsdóttir deildarfulltrúi: 318
- Ásta K. Ragnarsdóttir námsráðgjafi: 586
- Ástvaldur Guðmundsson: 106
- Ástþór Matthíasson útgerðarmaður: 593
- Bach, R., rektor Árósháskóla: 203
- Baldur Jónsson prófessor: 74
- Baldur Sveinsson verkfræðinemi: 102
- Beckett, Tómas, biskup af Kantaraborg: 526
- Ben Gurion, David, forsætisráðherra Ísraelsmanna: 104, 113
- Benedikt Bjarklind lögfræðingur: 35
- Benedikt Jakobsson íþróttakennari: 151, 153, 154, 155, 157-158
- Benedikt Jasonarson skjalavörður: 12
- Benedikt Vilmundarson: 387
- Benný Sigurðardóttir nemi: 138
- Bergsteinn Jónsson dósent: 12, 228, 537
- Bergþór Magnússon stud. jur.: 319
- Bergþóra Sigmundsdóttir stud. jur.: 319
- Birgír Ísleifur Gunnarsson ráðherra: 562
- Birgír Thorlacius ráðuneytisstjóri: 110
- Birna Björnsdóttir fulltrúi: 586
- Bjarni Beinteinsson lögfræðingur: 48-49
- Bjarni Benediktsson, prófessor, borgarstjóri, ráðherra: 29-31, 37, 72-74, 146, 201, 205, 384, 387
- Bjarni Guðnason prófessor: 59, 229
- Bjarni Hannesson stud. med.: 238
- Bjarni Jónsson vígslubiskup: 97, 98
- Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur: 172
- Bjarni Thorarensen skáld: 67-68
- Bjarni Vilhjálmsón þjóðskjalavörður: 568
- Bjartmar Kristjánsson stud. theol.: 95
- Björn Bjarnason stud. jur.: 105
- Björn Björnsson gullsmiður: 593
- Björn Björnsson prófessor: 97, 98, 232, 238, 461
- Björn Th. Björnsson listfræðingur: 504
- Björn Guðmundsson frá Indriðastöðum: 291
- Björn P. Guðmundsson prófessor: 317, 432
- Björn Ólafur Hallgrímsson lögfræðingur: 320
- Björn Kristinsson prófessor: 338
- Björn Magnússon prófessor: 97, 232
- Björn Ólafsson ráðherra: 110
- Björn M. Ólsen, prófessor, rektor: 70
- Björn Sigfússon háskólabókavörður: 115, 123-127, 129, 392, 395, 568
- Björn Sveinbjörnsson verkfræðinemi: 102
- Björn Teitsson cand. mag.: 370
- Björn Þórðarson, prófódómari, ráðherra: 101
- Bogi Ólafsson yfirkennari: 129
- Bolli Héðinsson hagfræðingur: 561
- Bragi Árnason prófessor: 106, 358
- Bragi Benediktsson stud. theol.: 98
- Bragi Guðmundsson verkfræðinemi: 102
- Bragi Sigurþórsson verkfræðingur: 284
- Bragi Steinarsson lögfræðingur: 40

- Bragi Þorsteinsson verkfræðingur: 545  
 Brynhildur Brynjólfsdóttir deildarstjóri: 252  
 Brynjólfur Kjartansson stud. jur.: 105  
 Brynjólfur Sigurðsson prófessor: 12, 386-390, 447, 448-450, 494-496, 501, 516, 546  
 Böðvar Guðmundsson stud. mag.: 125  
 Charcot, Jean Baptiste, franskur vísindamaður: 359  
 Dauvre, Pierre, rektor háskólans í Caen: 203  
 Davíð Oddsson borgarstjóri: 550, 553, 582  
 Davíð Stefánsson frá Fagraskógi: 230  
 Daði Ágústsson verkfræðingur: 496  
 Diðrik Helgason byggingaefntirlismaður: 571  
 Dorothea Guðmundsdóttir húsmæðrakennari: 135  
 Dóra Þórhallsdóttir forsetafrú: 200, 205, 230  
 Ebba Urbancic stud. jur.: 319  
 Eberg Ellefsen stud. jur.: 48  
 Edda Einarsdóttir ráðherrafrú: 586  
 Edda Guðmundsdóttir ráðherrafrú: 217  
 Edda Magnúsdóttir starfsmannastjóri: 92, 586  
 Edda Símonardóttir stud. jur.: 319  
 Eðvarð Sigurðsson alþingismaður: 385  
 Eggert Briem prófessor: 166, 167  
 Eggert Jónsson stud. jur.: 100  
 Egill Skallagrímsson skáld: 61, 67  
 Einar Arnórsson ráðherra: 122  
 Einar Benediktsson skáld: 10, 67, 126-127, 539  
 Einar Erlendsson, húsameistari ríkisins: 176  
 Einar Jónsson frá Geldingalæk, alþingismaður: 63  
 Einar B. Pálsson prófessor: 339  
 Einar Gunnar Pétursson cand. mag.: 304  
 Einar Sigurðsson háskólabókavörður: 115, 123, 124-127, 395, 568, 575  
 Einar Sveinsson arkitekt: 145  
 Einar Ólafur Sveinsson prófessor: 18, 66, 110, 123, 125, 229, 291, 296, 298, 300, 301, 303, 306, 307, 395  
 Einar Sverrisson stud. oecon: 181-183  
 Einar G. Sæmundsen skógræktarstjóri: 62  
 Einar Sæmundsen arkitekt: 268  
 Eiríkur Einarsson arkitekt: 37, 82, 142, 145, 146, 148  
 Eiríkur Ingólfsson framkvæmdastjóri: 565  
 Eiríkur Þormóðsson cand. mag.: 303  
 Elfar Aðalsteinsson verkfræðinemi: 541  
 Elín Ólafsdóttir lífefnafræðingur: 537  
 Elín Ágústa Ingimundardóttir fulltrúi: 586  
 Elísa M. Kwaszenko fulltrúi: 586  
 Elísabet Jónsdóttir húsvörður: 240  
 Elísabet Ólafsdóttir skrifstofumaður: 586  
 Ellert B. Schram ritstjóri: 370  
 Elvar Örn Unnsteinsson stud. jur.: 317  
 Emil Als læknir: 85  
 Emil Björnsson stud. theol.: 95  
 Erla Elíasdóttir aðstoðarháskólaritari: 12, 87, 88, 89., 91, 93, 586  
 Erna Helga Þórarinsdóttir húsmæðrakennari: 135  
 Eysteinn Jónsson ráðherra: 82, 131  
 Eysteinn Pálsson eðlisfræðinemi: 40  
 Eyþór Einarsson grasafraeðingur: 176  
 Faulkner-Braun, H., enskur arkitekt: 399  
 Faulkner, William rithöfundur: 103  
 Felix Ólafsson stud. theol.: 98  
 Ferdinand Alfreðsson arkitekt: 543  
 Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður: 397, 568  
 Finnbogi Rútur Þorvaldsson prófessor: 102, 194  
 Finnur Guðmundsson fuglafræðingur: 174, 176, 179  
 Finnur Jónsson, prófessor í Kaupmannahöfn: 18  
 Flosi Ólafsson leikari: 534  
 Friðbert Pálsson forstjóri: 12, 545, 546, 547  
 Friðfinnur Ólafsson forstjóri: 147, 193, 199  
 Friðrik Sigurbjörnsson fulltrúi: 94, 99  
 Friðrik Sophusson ráðherra: 316  
 Frosti Sigurjónsson læknir: 85  
 Fulbright, James William, bandarískur öldungadeildarþingmaður: 231  
 Furtseva, menntamálaráðherra Sovétríkjanna: 104  
 Garðar Halldórsson, húsameistari ríkisins: 12, 265, 303, 308, 311, 312, 314, 317-322, 344, 347, 353, 380  
 Gaukur Jörundsson prófessor: 314, 317  
 Geir Gunnarsson alþingismaður: 459  
 Geir Hallgrímsson borgarstjóri: 100, 260-261, 334-335, 388  
 Geir Sæmundsson vígslubiskup: 589  
 Geirþrúður Hildur Bernhöft stud. theol.: 95  
 Georg Kr. Lárusson stud. jur.: 317  
 Gerður Sturlaugsdóttir skrifstofumaður: 586  
 Gísli S. Arason lektor: 561  
 Gísli Blöndal hagsýslustjóri: 459  
 Gísli Einarsson stud. jur.: 100  
 Gísli Már Gíslason prófessor: 426, 485  
 Gísli Halldórsson arkitekt: 12, 145, 152, 153-156, 157, 160, 161, 162, 169  
 Gísli Jónsson prófessor: 339, 520, 538  
 Gísli Kolbeinsson: 50  
 Gísli Pálsson: 256

- Gorbatsjov, Míkhaíl S., forseti Sovétríkjanna: 219-220
- Gréta Kristjánsdóttir ráðherrafrú: 217
- Grétar Br. Kristjánsson lögfræðingur: 238
- Grímur Laxdal framkvæmdastjóri: 283
- Guðbjörg Jóhannesdóttir fulltrúi: 586
- Guðbjörn Guðmundsson verktafi: 389
- Guðfinna Guðmundsdóttir ritari: 257
- Guðjón Axelsson prófessor: 103, 215
- Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins: 68-70, 94, 102, 117, 130, 151, 172, 174, 235, 596-600
- Guðlaug Einarsdóttir ritari: 465
- Guðlaugur Tryggvi Karlsson fulltrúi: 504, 586
- Guðlaugur Þorvaldsson, prófessor, rektor: 12, 223, 301, 383, 390, 399, 400, 401, 402, 404, 405, 407-410, 447, 455, 459-462, 568
- Guðmundur Árnason tannlæknanemi: 103
- Guðmundur Einarsson frá Miðdal, myndlistarmaður: 65-66, 68
- Guðmundur Finnbogason prófessor: 593
- Guðmundur Friðjónsson: 336
- Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt: 565
- Guðmundur Halldórsson verkfræðingur: 496
- Guðmundur G. Haraldsson dósent: 167, 288
- Guðmundur Hraundal, starfsmaður Tannlækna-  
deildar: 103
- Guðmundur Jónsson stud. jur.: 99, 100
- Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt: 12, 179, 187, 188, 189, 195-199, 543, 544
- Guðmundur Magnússon læknafrófessor: 70, 593
- Guðmundur Magnússon, prófessor, rektor: 12, 242, 402, 448, 451, , 452, 483, 484-485, 487, 496, 516, 550, 553
- Guðmundur Magnússon verkfræðinemi: 102
- Guðmundur Sigurðsson stud. med.: 38
- Guðmundur Sveinsson stud. theol.: 95
- Guðmundur Thoroddsen prófessor: 170
- Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) listmálari: 590
- Guðni Alfreðsson prófessor: 431
- Guðni Jónsson prófessor: 129, 226
- Guðný Skúladóttir ræstingakona: 321
- Guðríður H. Magnúsdóttir skrifstofustjóri: 318, 586
- Guðríður Pétursdóttir ritari: 255
- Guðrún Ágústsadóttir, Menntamálaráðuneyti: 572
- Guðrún Brunborg, Ósló: 387, 388
- Guðrún Erlendsdóttir dósent: 317
- Guðrún Þ. Garðarsdóttir verkfræðingur: 548
- Guðrún Gísladóttir tannlæknanemi: 103
- Guðrún Björk Guðsteinsdóttir lektor: 596
- Guðrún Helgadóttir alþingismaður: 473
- Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir húsmeðrakennari: 135
- Guðrún Kristjánsdóttir matráðskona: 539, 542
- Guðrún Pálsdóttir lyfjafræðinemi: 164
- Guðrún Ásta Sigurðardóttir stud. jur.: 317
- Guðrún Sveinsdóttir stud. jur.: 321
- Gunnar Baldvinsson verkfræðingur: 521
- Gunnar Böðvarsson prófessor: 275, 281
- Gunnar Dyrset tannlæknanemi: 103
- Gunnar H. Gylfason, Raunvísindastofnun: 519
- Gunnar Helgason stud. jur.: 100
- Gunnar Jónasson forstjóri: 197
- Gunnar Jónsson stud. med.: 48
- Gunnar Sv. Jónsson verktafi: 312
- Gunnar Karlsson prófessor: 39
- Gunnar Ingi Ragnarsson verkfræðingur: 488
- Gunnar G. Schram prófessor: 537
- Gunnar Sigurðsson verkfræðinemi: 102
- Gunnar Stefánsson útvarpsmaður: 242
- Gunnar Thoroddsen, prófessor, borgarstjóri: 24, 146, 186
- Gunnar Torfason verkfræðingur: 450
- Gunnar Þjóðólfsson: 196
- Gunnlaugur Halldórsson arkitekt: 145, 174, 176, 177, 178, 179, 187, 188, 189, 193, 195, 266, 341, 342, 405, 543
- Gunnlaugur Jónsson fjármálastjóri: 91, 586
- Gunnlaugur Þórðarson lögfræðingur: 120
- Gústaf E. Pálsson verkfræðingur: 37, 60, 61
- Gylfi Baldursson: 238
- Gylfi Þ. Gíslason, prófessor, ráðherra: 110, 200, 218, 231, 255, 291, 388, 392, 394, 397, 402, 505, 537, 575
- Haflíði Ásgrímsson líffræðingur: 252, 428
- Haflíði P. Gíslason prófessor: 519
- Hafsteinn Ingólfsson tannlæknanemi: 103
- Hafsteinn Júlíusson verktafi: 312
- Halldór Ásgrímsson ráðherra: 415
- Halldór Guðjónsson kennslustjóri: 106, 407
- Halldór Halldórsson blaðamaður: 59
- Halldór Halldórsson prófessor: 110, 129
- Halldór Halldórsson stud. jur.: 319
- Halldór Halldórsson stud. med.: 238
- Halldór Hansen tannlæknir: 196
- Halldór H. Jónsson arkitekt: 79-80
- Halldór J. Jónsson deildarstjóri: 12
- Halldór Laxness rithöfundur: 365

- Halldór E. Sigurbjörnsson stud. jur.: 319  
 Halldóra Eldjárn forsetafrú: 274, 388  
 Halldóra Kolka Ísberg féhirðir: 586  
 Hallgrímur Jónasson kennari: 29, 255, 256  
 Hallgrímur Pétursson skáld: 67  
 Hallgrímur Snorrason hagfræðingur: 533, 534  
 Hanna Lára Helgadóttir stud. jur.: 319  
 Hanna Marta Kjeld húsmæðrakennari: 135  
 Hannes Blöndal prófessor: 97  
 Haraldur Dungal tannlækanemi: 103  
 Haraldur Kristjánsson stud. theol.: 448, 516  
 Haraldur Níelsson prófessor: 593  
 Haraldur Þorsteinsson: Innkaupastofnun ríkisins: 496  
 Harpa Sigurðardóttir sjúkrapjálfanemi: 442  
 Haukur Jónsson stud. jur.: 100  
 Hákon Árnason lögfræðingur: 50  
 Hákon Björnsson forstjóri: 551, 558  
 Helga Jóna Benediktadóttir stud. jur.: 319  
 Helga Melkorka Óttarsdóttir stud. jur.: 321  
 Helga Pétursdóttir ritari: 28, 29  
 Helga Sigurðardóttir skólastjóri: 95, 132-137  
 Helgi Hermann Hannesson líffræðingur: 287  
 Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur: 385  
 Helgi Birgir Schiöth lyfjafraeðinemi: 253  
 Helgi Sigvaldason verkfræðingur: 282  
 Helgi Tryggvason bókbindari: 365  
 Helgi Valdimarsson prófessor: 167  
 Helgi Þórsson forstöðumaður: 561  
 Hellen M. Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri: 559, 586  
 Herdís Sveinsdóttir lektor: 438  
 Hermann Gunnarsson stud. theol.: 95  
 Hermann Jónasson ráðherra: 37, 141  
 Hildigunnur Hlíðar: 429  
 Hildur Bjarnadóttir fulltrúi: 586  
 Hilmar Ólafsson arkitekt: 380  
 Hjalti Einarsson verkfræðinemi: 102  
 Hjördis Hjörleifsdóttir húsmæðrakennari: 135  
 Hlín Johnson í Herdísarvík: 126-127  
 Holbrook, W. Peter dósent: 529  
 Hólmfríður Sigurðardóttir sjúkrapjálfanemi: 442  
 Hrafn Sveinbjarnarson goðorðsmaður: 526  
 Hrafn Tulinius prófessor: 434  
 Hrafnhildur Björnsdóttir: 28  
 Hrafnkell Thorlacius arkitekt: 381, 383  
 Hreinn Benediktsson prófessor: 129, 538  
 Hreinn Pálsson lögfræðingur: 50  
 Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins: 61, 66, 68, 245, 265, 295, 296, 308, 341, 397  
 Hörður Filippusson dósent: 374, 504, 522  
 Hörður Sigurgestsson forstjóri: 51, 238, 380  
 Hörður Sævaldsson tannlækanemi: 103  
 Höskuldur Þráinsson prófessor: 217, 447  
 Höst, Elo, danskur sérfræðingur: 250  
 Indriði Níelsson byggingameistari: 146  
 Inga Dóra Sigfúsdóttir stud. sociol.: 377  
 Inga Þóll Þórgnýsdóttir stud. jur.: 321  
 Inga Þórisdóttir fulltrúi: 506  
 Ingi Sigurðsson dósent: 537, 538  
 Ingibjörg Arnardóttir lyfjafraeðinemi: 164  
 Ingibjörg Sæmundsdóttir bókavörður: 318  
 Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir stud. jur.: 319  
 Ingiriður Þórisdóttir fulltrúi: 586  
 Ingjaldur Hannibalsson framkvæmdastjóri: 583  
 Ingólfur Arnarson landnámsmaður: 61  
 Ingólfur Jónsson ráðherra: 354  
 Ingunn Sigurðardóttir ritari: 465  
 Iversen, Carl, rektor Kaupmannahafnarháskóla: 203  
 Ísleifur Árnason prófessor: 72  
 Jafet Ólafsson viðskiptafræðingur: 558  
 Jakob Benediktsson orðabókarritstjóri: 304  
 Jakob Kristinnsson dósent: 429  
 Jakob R. Möller lögfræðingur: 233  
 Jakob Þ. Möller lögfræðingur: 242  
 Jakob Yngvason prófessor: 106  
 Jóhann Axelsson prófessor: 524  
 Jóhann Áskelsson jarðfræðingur: 170  
 Jóhann Benediktsson stud. jur.: 319  
 Jóhann Finnsson dósent: 103  
 Jóhann Guðmundsson fulltrúi: 12  
 Jóhann S. Hannesson skólameistari: 91-92  
 Jóhann Hlíðar stud. theol.: 95  
 Jóhann Indriðason verkfræðingur: 284, 312  
 Jóhann Heiðar Jóhannsson stud. med.: 378  
 Jóhann P. Malmquist prófessor: 283, 553  
 Jóhann Þorkelsson húsvörður: 496  
 Jóhanna Ingólfsdóttir: húsmæðrakennari: 135  
 Jóhanna Oddgeirsdóttir spjaldskráritari: 586  
 Jóhannes Árnason sýslumaður: 233  
 Jóhannes Guðmundsson verkfræðingur: 373, 496  
 Jóhannes Halldórsson cand. mag.: 12  
 Jóhannes L. L. Helgason, háskólaritari, forstjóri: 93, 95, 96, 238, 334, 398, 468  
 Jóhannes Jóhannesson listmálari: 317  
 Jóhannes Kjarval listmálari: 504

- Jóhannes Long ljósmyndari: 12, 593  
 Jóhannes Nordal bankastjóri: 301  
 Jóhannes A. Sævarsson stud. jur.: 319  
 Jóhannes Zöega hitaveitustjóri: 275  
 John Karel Birgisson lyfjafraeðinemi: 253  
 Johnson, Lyndon B.. Bandaríkjaforseti: 103, 278  
 Jón Benediktsson myndlistarmaður: 316  
 Jón Bjarnason stud. theol.: 97  
 Jón Bragi Bjarnason prófessor: 286, 289, 553  
 Jón Böðvarsson skólameistari: 51  
 Jón Einarsson stud. theol.: 98  
 Jón P. Emils stud. jur.: 100  
 Jón Friðjónsson dósent: 306, 504, 538  
 Jón Haraldsson arkitekt: 12, 292, 293, 294, 301, 370-375  
 Jón H. Hauksson stud. jur.: 319  
 Jón Helgason, biskup Íslands: 536  
 Jón Helgason ráðherra: 217, 575  
 Jón Hreggviðsson frá Rein: 70  
 Jón Jakobsson: 51  
 Jón Jóhannesson prófessor: 110  
 Jón G. Jónasson gjaldkeri: 257  
 Jón Torfi Jónasson dósent: 251  
 Jón Aðalsteinn Jónsson orðabókarritstjóri: 306, 537  
 Jón Kristjánsson stud. jur.: 105  
 Jón Magnússon forsætisráðherra: 126  
 Jón Matthíasson, Raunvísindastofnun: 519  
 Jón E. Ólafsson, lögmaður, forstjóri: 535, 536, 539  
 Jón Ingvar Pálsson stud. jur.: 319  
 Jón Pétursson sérfræðingur: 519  
 Jón E. Ragnarsson lögfræðingur: 233, 370  
 Jón Samsonarson handritafraeðingur: 299  
 Jón Sigtryggsson prófessor: 103, 352  
 Jón Sigurðsson forseti: 68  
 Jón Sigurðsson frá Kaldaðamesi: 590  
 Jón Hjaltalín Sigurðsson, prófessor, rektor: 17, 31-32, 55-56, 120, 146, 147, 154  
 Jón Júlíus Sigurðsson útibússtjóri: 545  
 Jón Steffensen prófessor: 97, 154, 176, 217, 341, 447  
 Jón Sveinbjörnsson prófessor: 217  
 Jón Sveinsson raftækni-fræðingur: 287  
 Jón Valdason í Skólalæ: 535  
 Jón G. Zöega lögfræðingur: 314  
 Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður: 536  
 Jóna Lís Gísladóttir fulltrúi: 586  
 Jóna Gróa Sigurðardóttir: 551, 553, 554, 558  
 Jónas Ásmundsson aðalbókari: 12, 586  
 Jónas Guðmundsson stud. jur.: 319  
 Jónas Hallgrímsson prófessor: 166  
 Jónas Hallgrímsson skáld: 68  
 Jónas Haralz bankastjóri: 223, 351, 382, 459  
 Jónas Jónsson frá Hríflu, ráðherra: 25, 27-29, 68-70  
 Jónas Fr. Jónsson stud. jur.: 473  
 Jónas Kristjánsson prófessor: 296, 299, 300  
 Jónatan Þórmundsson prófessor: 217, 317, 546  
 Jónína M. Guðnadóttir ritstjóri: 74  
 Júlía Jóhannesdóttir, Háskólaflajörlitun: 376  
 Júlíus Sigurjónsson prófessor: 97, 110, 341  
 Júlíus Sólnes, prófessor, ráðherra: 485, 489  
 Jörgen Pind orðabókarritstjóri: 306  
 Jørgensen, Wilhelm, úrsmíðameistari í Kaupmannahöfn: 94, 518  
 Jörundur hundadagakonungur: 94, 518  
 Jörundur Svavarsson dósent: 424  
 Karl Guðmundsson verkfræðingur: 296  
 Karl Bergmann Guðmundsson: 546  
 Karl Ómar Jónsson verkfræðingur: 314, 401  
 Katrín Pálsdóttir: 28-29  
 Kjartan Sigurðsson arkitekt: 295, 296, 301, 303  
 Konráð Guðmundsson hótellstjóri: 391, 545  
 Kr. Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur: 275, 281  
 Kristbjörg Helgadóttir sjúkraþjálfanemi: 442  
 Kristín Klara Einarsdóttir skrifstofustjóri: 586  
 Kristín Edda Hansen fulltrúi: 586  
 Kristín Ólafsdóttir sérfræðingur: 429  
 Kristín Anna Ólafsdóttir líffræðingur: 418  
 Kristín Björnsdóttir Steffensen: 447  
 Kristinn Hóseasson stud. theol.: 95  
 Kristinn Ág. Friðfinnsson stud. theol.: 447, 496, 501  
 Kristinn Jens Sigurþórsson stud. theol.: 447, 507  
 Kristinn Stefánsson prófessor: 97, 204, 206, 226, 341, 342  
 Kristinn Sveinbjörnsson arkitekt: 344, 353  
 Kristinn Sveinbjörnsson tækni-fræðingur: 312  
 Kristján Bjarnason stud. theol.: 95  
 Kristján Davíðsson listmálari: 317  
 Kristján Eldjárn, forseti Íslands: 110, 274, 291, 362, 388  
 Kristján Flygenring: 193  
 Kristjana Hilaríusdóttir ritari: 255, 256, 257  
 Kristjana Þorsteinsdóttir: 298  
 Kristmundur Sigmundsson rannsóknarmaður: 524  
 Krístrún Kristmundsdóttir stud. jur.: 319  
 Krístrún Skúladóttir ritari: 93

- Kuhn, Hans, prófessor í Kiel: 203  
 Kühn, Othmar, rektor Vínarháskóla: 203  
 Lárus H. Bjarnason, hæstaréttardómari: 593  
 Lárus Jón Guðmundsson sjúkrahjálfanemi: 442  
 Lárus P. Guðmundsson stud. theol.: 109  
 Lárus Halldórsson stud. theol.: 95  
 Lárus Pétursson stud. jur.: 35-36, 37  
 Leifur Ásgeirsson prófessor: 204, 207, 275, 278, 281, 394  
 Leó Júlíusson stud. theol.: 95  
 Lilja Stefánsdóttir hjúkrunarnemi: 377  
 Lilja Þorleifsdóttir fulltrúi: 586  
 Loftur Þorsteinsson prófessor: 275, 281, 314, 323, 328, 370, 378  
 Logi Jónsson dósent: 537  
 Lúðvík Guðmundsson skólastjóri: 91, 589-593  
 Maggi Jónsson arkitekt: 12, 272, 285, 368, 401, 402, 404, 405, 407, 409, 413, 448, 471, 481, 485, 486, 489-491, 494-510, 579  
 Magnús Bergsteinsson byggingastjóri: 272, 368, 401, 402  
 Magnús Gissurarson rafvirkjameistari: 368  
 Magnús Gíslason sýslumaður: 255  
 Magnús Guðmundsson skjalavörður: 12, 444, 586  
 Magnús Jóhannsson prófessor: 428  
 Magnús Jónsson eftirlitsmaður: 545  
 Magnús Jónsson frá Mel, ráðherra: 335  
 Magnús Jónsson, prófessor, alþingismaður: 17, 25-27, 69, 95, 96, 99  
 Magnús Már Lárússon, prófessor, rektor: 12, 111, 218, 223, 226, 227-233, 232, 266-271, 303-307, 334-335, 351, 383, 397, 399, 401, 405  
 Magnús Magnússon prófessor: 275, 276, 281, 282, 354  
 Magnús Már Magnússon stud. phil.: 377  
 Magnús S. Magnússon húsmiður: 368  
 Magnús Torfi Ólafsson ráðherra: 388  
 Magnús Sigurjónsson arkitekt: 347  
 Magnús Snædal ritstjóri: 74  
 Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar: 583  
 Magnús Þ. Torfason, prófessor, hæstaréttardómari: 100, 101, 108, 217  
 Magnús Vigfússon byggingameistari: 284-285, 314, 400  
 Manfreð Vilhjálmsson arkitekt: 399  
 Margrét S. Björnsdóttir endurmenntunarstjóri: 251, 561  
 Margrét Finnbogadóttir: 431  
 Margrét Guðnadóttir prófessor: 418  
 Margrét Gunnlaugsdóttir stud. jur.: 321  
 María Jóhannsdóttir skrifstofustjóri: 307, 586  
 Margrét Jónsdóttir í Skólaba: 535, 539  
 Margrét Þorvaldsdóttir rektorsfrú: 213, 217, 504  
 María Ólafsdóttir tannlæknanemi: 103  
 Matthías Jochumsson skáld: 67  
 Matthías Johannessen ritstjóri: 208  
 Matthías Jónasson prófessor: 129, 137-138, 204, 229  
 Matthías Á. Mathiesen ráðherra: 48, 388  
 Matthías Þórðarson þjóðminjavörður: 66, 84, 110  
 Meir, Golda, forsætisráðherra Ísraelsmanna: 103-104  
 Meyvant Sigurðsson á Eiði: 41-43, 62-65  
 Móses Aðalsteinsson verkfræðingur: 284  
 Munch, Edward listmálari: 131  
 Nielsen - Edwin, Aage myndlistarmaður: 65-66  
 Nikulás Einarsson frá Geldingalæk, smiður: 63  
 Niels Dungal prófessor: 145, 146-147, 341  
 Niels Óskarsson sérfræðingur: 360  
 Njörður P. Njarðvík dósent: 51  
 Oddur Benediktsson prófessor: 282, 380  
 Oddur Borgar Björnsson verkfræðinemi: 338  
 Oddur Thorarensen stud. theol.: 97  
 Ormar Þór Guðmundsson arkitekt: 12, 485-489, 551, 553, 556-560  
 Óðinn Þórarinnsson verkfræðingur: 521  
 Óla Helga Sigfinnsdóttir framkvæmdastjóri: 520  
 Ólafur Darri Andrason: 166  
 Ólafur Bjarnason prófessor: 537  
 Ólafur Björnsson prófessor: 98, 128, 204, 206, 217, 226  
 Ólafur Brynjólfsson verkstjóri: 12  
 Ólafur Davíðsson hagfræðingur: 550  
 Ólafur Egilsson sendiherra: 51  
 Ólafur G. Einarsson alþingismaður: 572  
 Ólafur Ragnar Grímsson, prófessor, ráðherra: 467-468, 547  
 Ólafur Halldórsson handritafræðingur: 296, 299, 303, 500  
 Ólafur Þ. Harðarson lektor: 150  
 Ólafur Höskuldsson lektor: 167  
 Ólafur Jóhannesson prófessor: 99, 100, 101, 108, 232  
 Ólafur Lárússon, prófessor, rektor: 17, 19-20, 59, 100, 101, 170, 176, 593  
 Ólafur Magnússon gjaldkeri: 93, 314  
 Ólafur V. Noregskonungur: 230, 303

- Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri: 461  
Ólafur Thors ráðherra: 37  
Óskar Bjarnasen umsjónarmaður: 47, 53-55, 111, 114-115, 118-119, 126  
Óskar Árni Óskarsson bókavörður: 396  
Óskar J. Þorláksson prestur: 97  
Ósvaldur Knudsen málarameistari: 194  
Óttar P. Halldórsson prófessor: 479  
Páll Flygenring verkfræðinemi: 102  
Páll Ísólffsson tónskáld: 105, 200  
Páll Jensonn prófessor: 461, 561  
Páll E. Ólason, prófessor, rektor: 593  
Páll H. Pálsson skrifstofustjóri: 28, 29, 30, 257  
Páll Kr. Pálsson forstjóri: 551, 583  
Páll Líndal stud. jur.: 100  
Páll Melsteð garðyrkjustjóri: 368  
Páll P. Pálsson hljómveitarstjóri: 214  
Páll Pétursson stud. phil.: 40  
Páll Sigurðsson prófessor: 215, 242, 243, 317, 537  
Páll Sigurðsson ráðuneytistjóri: 459  
Páll Sigurjónsson forstjóri: 553  
Páll Skúlason lögfræðingur: 38  
Páll Skúlason prófessor: 402, 403, 448, 453, 479, 496, 501, 516, 569, 570, 572  
Páll Theódórsson sérfræðingur: 107, 288  
Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra: 100, 183-185, 291  
Pálmi Jóhannesson skrifstofustjóri: 339  
Pálmi Lárusson verkfræðingur: 296  
Pedersen, Mogens, danskur sérfræðingur: 250  
Penfield, James, bandarískur sendiherra: 231, 275, 278, 281  
Perla Kolka skrifstofustjóri: 90, 92, 586  
Pétur Jónsson arkitekt: 565  
Pétur Knútsson lektor: 76, 596  
Pétur K. Maack prófessor: 561  
Pétur Pálsson verkfræðingur: 193  
Pétur Sigurðsson háskólaritari: 17, 18, 28, 30, 88, 93, 110, 127, 146-147, 226, 256, 257, 291  
Pétur Sigurgeirsson, biskup Íslands: 217  
Pétur Thorsteinsson sendiherra: 35  
Pétur Þorsteinsson lögfræðingur: 180-181  
Prenter, Regin, prófessor í Árósum: 203  
Ragna Ólafsdóttir námsráðgjafi: 586  
Ragnar Ingimarsson prófessor: 12, 281, 282, 373, 378, 402, 428-444, 447, 448-450, 461, 462-464, 479, 496, 501, 516, 545, 551, 553, 558  
Ragnar Jóhannesson lögfræðingur: 42-43  
Ragnar Sigbjörnsson, prófessor, forstöðumaður: 520  
Ragnheiður Matthíasdóttir stud. jur.: 319  
Rannveig Þorsteinsdóttir lögfræðingur: 99, 256  
Regan, Ronald, Bandaríkjaforseti: 219  
Replogle, bandarískur sendiherra: 268  
Reynir Vilhjálmsson arkitekt: 268  
Ríkharður Jónsson myndlistamaður: 207  
Róbert Abraham Ottósson dósent: 105, 111  
Rósa Guðmundsdóttir deildarstjóri: 90, 586  
Rögvaldur Ólafsson dósent: 551, 558  
Samúel Örn Erlingsson arkitekt: 525  
Saugman, Per, forstjóri í Oxford: 398  
Schultz, George, utanríkisráðherra Bandaríkjanna: 219  
Selma Jónsdóttir forstöðumaður: 317  
Sevardnase, utanríkisráðherra Sovétríkjanna: 219  
Shaw, Bernard rithöfundur: 129-130  
Sigfinnur Þorleifsson cand. theol.: 232  
Sigfús Björnsson prófessor: 517  
Sigfús Thorarensen tannlæknanemi: 103  
Sigg, Hans sérfræðingur, Þýskalandi: 519  
Sigmundur Guðbjarnason, prófessor, rektor: 8, 213, 217, 283, 337, 402, 468-470, 475, 476, 477, 478, 483, 485, 490, 504, 545, 550, 553, 564, 565, 566, 576-585, 586  
Sigríður Björnsdóttir ráðherrafrú: 384, 387  
Sigríður Einarsdóttir húsmæðrakennari: 135  
Sigríður Jónsdóttir í Skólalab: 535  
Sigríður Júlíusdóttir fulltrúi: 586  
Sigríður Kristjánsdóttir húsmæðrakennari: 93, 135  
Sigríður Logadóttir stud. jur.: 320  
Sigríður Sigfúsdóttir yfirkliníkdama: 530  
Sigríður Snævarr sendiherra: 256  
Sigrún Andradóttir fulltrúi: 586  
Sigrún Brynjólfssdóttir fulltrúi: 586  
Sigrún Kristmannsdóttir stud. jur.: 319  
Sigrún Tryggvadóttir tannlæknanemi: 103  
Sigrún Valgarðsdóttir deildarstjóri: 586  
Sigurberg M. Sigurðsson húsmæðri: 368  
Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir skrifstofustjóri: 506  
Sigurbjörg Jóhannsdóttir stud. phil.: 40  
Sigurbjörn Einarsson, prófessor, biskup Íslands: 95, 97, 110, 206  
Sigurður Baldursson stud. jur.: 100  
Sigurður K. Eggertsson verktaki: 565  
Sigurður Eyjólfsson verkamaður: 63  
Sigurður V. Friðbjólfsson skrifstofustjóri: 339, 586  
Sigurður Gíslason arkitekt: 344, 347, 353

- Sigurður P. Gíslason viðskiptafræðingur: 403  
 Sigurður Örm Gíslason sérfræðingur: 363  
 Sigurður Guðmundsson arkitekt: 37, 82-83, 142, 145-146, 148, 195  
 Sigurður Gunnarsson stud. jur.: 320  
 Sigurður Jakobsson sérfræðingur: 364  
 Sigurður Jónsson stud. pharm.: 40  
 Sigurður Jónsson tannlækanemi: 103  
 Sigurður Líndal prófessor: 120-123, 316  
 Sigurður Magnússon líffræðingur: 286  
 Sigurður Nordal prófessor: 17, 44, 102, 116, 129, 200, 206, 599  
 Sigurður Ólafsson lyfsali: 422  
 Sigurður Pétursson gerlafræðingur: 171  
 Sigurður Kristófer Pétursson rithöfundur: 590  
 Sigurður M. Pétursson stud. theol.: 95  
 Sigurður Richter sérfræðingur: 167  
 Sigurður Sigurðsson landlæknir: 350  
 Sigurður Steinþórsson prófessor: 361, 362, 446  
 Sigurður Thoroddsen verkfræðingur: 155  
 Sigurður Þórarinnsson prófessor: 176, 179, 362  
 Sigurgeir Svanbergsson forstjóri: 431  
 Sigurhjörtur Pálmason verkfræðinemi: 102  
 Sigurjón Björnsson prófessor: 228, 402, 403, 447, 448, 450, 479, 496, 500, 501, 504, 516  
 Sigurjón Ólafsson myndhöggvari: 68, 317  
 Sigurlaug Jónsdóttir nemi: 138  
 Sigursteinn Árnason yfirsmiður: 366, 368, 400  
 Sigvaldi Kaldalóns tónskáld: 590  
 Sigvaldi Thordarson arkitekt: 145, 153, 155, 156, 275, 276, 277, 278, 284, 325  
 Silja Aðalsteinsdóttir ritstjóri: 572  
 Símon Jóh. Ágústsson prófessor: 104, 105, 116, 129  
 Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt: 272, 275, 276, 277, 278, 281, 284, 323-328, 336  
 Skúli Guðmundsson, Innkaupastofnun ríkisins: 496  
 Snorri B. Arnar forstjóri: 195  
 Snorri Halldórsson forstjóri: 193, 196  
 Snorri Sturluson í Reykholti: 61, 67, 568  
 Soffía Guðlaugsdóttir leikkona: 129  
 Sólrún Ólafsdóttir, Háskólafrjölritun: 376  
 Sólveig Ásgeirsdóttir húsmæðrakennari: 135  
 Stäblein, Bruno, Erlangen, Þýskalandi: 111  
 Stefán Baldursson, aðstoðarmaður rektors: 93  
 Stefán Hermannsson aðstoðarborgarverkfræðingur: 485  
 Stefán Hilmarsson bankastjóri: 370  
 Stefán Karlsson handritafræðingur: 299, 301  
 Stefán Már Stefánsson prófessor: 479  
 Stefán Sörensson háskólaritari: 88, 93, 407, 545, 553, 586  
 Stefán Þorláksson, bifreiðarstjóri og hreppstjóri: 57, 365, 366  
 Stefanía Árnadóttir húsmæðrakennari: 135  
 Stefanía Lóa Jónsdóttir fulltrúi: 252, 586  
 Steingrímur Baldursson prófessor: 275, 348  
 Steingrímur Hermannsson ráðherra: 217  
 Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri: 275, 281  
 Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor: 66, 104, 105, 110, 129, 136, 235  
 Steinunn Guðbjartsdóttir stud. jur.: 320  
 Steinþór Sigurðsson listmálari: 317  
 Stern, Isaac hljómlistamaður: 104-105  
 Sturla Friðriksson erfðafræðingur: 583  
 Stymir Gunnarsson ritstjóri: 51, 233  
 Svala Bjarnadóttir skrifstofumaður: 586  
 Svavar Gestsson ráðherra: 475, 476, 477, 478, 572  
 Svavar Pálsson dósent: 301  
 Svavar Þorvarðarson arkitekt: 344, 353  
 Sveinbjörn Björnsson prófessor: 215, 403, 447, 448, 450, 496, 501, 516, 569-574  
 Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður: 101  
 Sveinn Finnsson stud. jur.: 100  
 Sveinn Sveinsson stud. jur.: 377  
 Sveinn Teitsson húsasmiður: 368  
 Sverrir Kristinnsson bókaútgefandi: 299  
 Sverrir Meyvantsson: 64  
 Sverrir Sigurðsson forstjóri: 509  
 Sverrir Sverrisson stud. theol.: 95  
 Sæmundur Sigfússon hinn fróði: 208  
 Sæmundur Óskarsson prófessor: 538  
 Sönneland, Helge, norskur stúdent: 125  
 Tal, Mikael skákmeistari: 507  
 Theódór B. Líndal prófessor: 101  
 Thor Thors sendiherra: 593  
 Thorláksson, Thorbjörn, prófessor í Winnipeg: 205  
 Tómas Helgason húsvörður: 568  
 Tómas Jónsson borgaritari: 593  
 Tómas Sveinsson viðskiptafræðingur: 50  
 Trausti Einarsson prófessor: 110, 176-179, 275, 278, 281, 354, 358  
 Tryggvi Edwald: 74  
 Turski, Stanislaw, rektor Varsjárháskóla: 202  
 U Thant, aðalritari Sameinuðu Þjóðanna: 103  
 Unnur Fjóra Jóhannesdóttir fulltrúi: 586  
 Úlfar Lúðvíksson stud. jur.: 319



- Úlrik Arthúrssón arkitekt: 12, 327, 328, 329, 330, 335, 511-515
- Valdimar K. Jónsson prófessor: 166, 217, 562, 565
- Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur: 380
- Valdimar Örnólfsson fimleikastjóri: 162-169
- Valdís Árnadóttir fulltrúi: 586
- Valgarð Thoroddsen slökkviliðs stjóri: 301
- Valgeir Björnsson hafnarstjóri: 301
- Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður: 572
- Valtýr Guðmundsson sýslumaður: 63
- Valtýr Stefánsson ritstjóri: 110, 176
- Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands: 541, 213, 217, 568-571
- Vígundur Þorsteinsson forstjóri: 550
- Vilborg Þ. Hauksdóttir stud. jur.: 319
- Vilborg Ölvesdóttir fulltrúi: 586
- Vilhjálmur Jens Árnason stud. phil.: 377
- Vilhjálmur Hjálmarsson ráðherra: 388, 568, 575
- Vilhjálmur Skúlason prófessor: 163
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson frá Skáholti: 255
- Vilhjálmur Þórhallsóttir lögfræðingur: 48
- Vilmundur Gylfason ráðherra: 315
- Viðar Guðmundsson sérfræðingur: 519
- Viðar Hjartarson stud. med.: 40
- Yngvi Ólafsson stud. jur.: 100
- Zóphanías Ásgeirsson húsvörður: 241
- Þorbergur Þorbergsson verkfræðinemi: 238
- Þorbjörn Karlsson verkfræðinemi: 102
- Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor: 140, 226, 275, 276, 281, 284-285, 328
- Þorfinnur Egilsson lögfræðingur: 50
- Þorgeir Pálsson prófessor: 106, 167
- Þorgils Baldursson sérfræðingur: 163
- Þorgrímur Gestsson fréttamaður: 572
- Þorgrímur Jónsson tannlækanemi: 103
- Þorkell Helgason prófessor: 166, 481, 485
- Þorkell Jóhannesson prófessor, rektor: 75, 97, 427, 392-393, 22-24, 48, 98, 110, 128-129, 136, 176, 186, 223, 260, 341
- Þorsteinn Gylfason dósent: 481
- Þorsteinn Ingólfsson stud. jur.: 385
- Þorsteinn Jóhannesson sóknarprestur: 593
- Þorsteinn Loftsson prófessor: 163
- Þorsteinn I. Sifgússon prófessor: 518, 519
- Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali: 48, 97, 110
- Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur: 560
- Þorsteinn Valdimarsson stud. theol.: 95
- Þorvaldur Búason eðlisfræðingur: 373, 378
- Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður: 100, 233
- Þorvaldur S. Þorvaldsson, forstöðumaður Borgarskipulags: 399, 485
- Þorvarður Jónsson yfirverkfræðingur: 251
- Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri: 378
- Þór Magnússon þjóðminjavörður: 481
- Þór Vilhjálmsson prófessor: 48, 308, 311-316
- Þór Whitehead prófessor: 307
- Þóra Jónsdóttir ráðherrafrú: 126
- Þóra Magnúsdóttir deildarstjóri: 586
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor: 425
- Þórarinn Þór stud. theol.: 95
- Þórdís Kristmundsdóttir prófessor: 163
- Þórey Aðalsteinsdóttir stud. jur.: 320
- Þórhallur M. Einarsson tæknifræðingur: 281, 282
- Þórhallur Vilhjálmsson stud. jur.: 319
- Þórhallur Vilmundarson prófessor: 85
- Þórir Einarsson prófessor: 217, 402, 545, 546-548, 479
- Þórir Guðmundsson stud. oecon: 40
- Þórir Óskarsson cand. mag.: 74
- Þórir Kr. Þórðarson prófessor: 12, 95, 98, 109, 203, 206, 370, 394, 474-476
- Þórólfur Beck stud. jur.: 105
- Þórólfur Þórlindsson prófessor: 166, 215
- Þórður Bergmann, Háskólafljórlitun: 376
- Þórður Friðjónsson forstöðumaður: 167
- Þórður Harðarson prófessor: 526
- Þórður Kristinsson prófstjóri: 12, 89, 586
- Þórður Þorbjarnarson framkvæmdastjóri: 139
- Þuríður Árnadóttir stud. jur.: 319
- Þuríður Halldórsdóttir stud. jur.: 319
- Þuríður Magnúsdóttir forstöðumaður: 251
- Þuríður Pálsdóttir fulltrúi: 586
- Ævar Jóhannesson tækjafræðingur: 12, 364
- Ögmundur Jónsson verkfræðingur: 284
- Örn Bjarnason læknir: 238
- Örn Garðarsson: 107
- Örn Helgason prófessor: 447
- Örn Bjartmars Pétursson prófessor: 528, 529

# Skrá um byggingar, stofnanir o. fl.

Tekið skal fram, að óþarfi þótti að nefna í þessari skrá allar þær háskólastofnanir og aðrar stofnanir, sem getið er í bókinni, heldur einungis þær er helst koma við sögu.

- Aðalbygging Háskólans: 8, 44-47, 86, 242-259 (og víðar)
- Alþingishúsið (háskólahúsnæði fram til 1940): 17, 18
- Aragata 9: 72-74, 238
- Aragata 14: 75-76
- Ármúli 1A: 417, 418
- Ármúli 30: 229, 427-429
- Árnagarður: 239, 291-307
- Atvinnudeildarbygging: 9, 56-58, 77-82, 86, 139-140, 354-364
- Austurstræti 16: 422
- Bjarkargata 6: 437
- Bókala stúdenta: 91-92, sjá einnig Félagsheimili stúdenta
- "Bygging 7". sjá Læknagarður
- Bændahöllin: 62, 63, 239, 432-433
- Eirberg: 438-439
- Eiríksgata 31: 238
- Efna- og líftæknihús á Keldnaholti: 580, 583
- Félagsheimili stúdenta: 15, 180-185, 370-378
- Félagsstofnun stúdenta: sjá Stúdentagarðar, Hjónagarðar og Félagsheimili stúdenta
- Fiski- og iðnaðardeild Háskólans: 80
- Gagnfræðaskólinn við Vonarstræti: 238
- Gamli-Garður: 19, 33, 36, 37, 41, 44, 45, 47, 49, 50, 51, 53, 62, 589-595
- Grensásvegur 11: 425, 426
- Grensásvegur 12: 228-229, 423-425
- Halldórsstaðir í Laxárdal: 10
- Handritastofnun: sjá Árnagarður
- Happdrætti Háskólans: 11, 21, 25-32, 77, 254-259, 465-478, 581-582
- Happdrættisbygging: 471
- Háskólabókasafn: 24, 123 og áfr., 392-399, 568-575, sjá einnig Þjóðarbókhlaða
- Háskólabíó: 15, 186-220, 439
- Háskólabíó, fyrirhugað í Austurstræti 5: 15, 141-145
- Háskólabíó, viðbygging: 543-549, 578
- Háskólalóðin, skipulag: 20, 21, 30, 32, 53-85, 260-274, 404-410, 479-493, 578, 581
- Hátíðasalur Háskólans: 228-236, 238, 249
- Heimspekideildarhús: 578, 579
- Hellusund 1: 420, 421
- Herdísarvík í Selvogi: 10, 126-127, 539
- Hjónagarðar: 47-49, 379-391, 562-567
- Hólavallarskóli: 535
- Hótel Saga, sjá Bændahöllin
- Hrappsey á Breiðafirði: 10
- Húsmæðrakennaraskóli Íslands: 23, 131-140
- Innkaupastofnun ríkisins: 400
- Íþróttahús Háskólans: 15, 19, 20, 22, 31, 54, 61, 79, 156 og áfr., 444, 579
- Íþróttahöll Háskólans, sem ekki var reist: 15, 151-156
- Jarðfræðahús: sjá Atvinnudeildarhús
- Jarðvísindahús: 443
- Kaffistofa í kjallara Aðalbyggingar: 242-243 og víðar
- Kennarabústaðir: 72-77
- Kjallari Landspítala (tannlæknakennsla): 230-231, 237
- Klökk, smáhýsi á horni Suðurgötu og Hjarðarhaga: 330
- Lídó, sjá Skaftahlíð 24
- Líffræðihús: 443
- Litla-Brekka, torfbær við Suðurgötu: 385-386
- Loftskeytastöð: 72, 354-358
- Lógata 2, sjá Smíða- og áhaldahús
- Lyfjafraeðihús: 443
- Læknadeildarhús: 9, 22, 24, 102, 240, 341-353, 440, 522-534
- Læknagarður, sjá Læknadeildarhús og Tannlækna-deildarhús

- Lögberg: 227-228, 239-240, 308-322  
 Melavöllurinn: 55, 58-59  
 Menntaskólinn í Reykjavík: 86 og áfr.  
 Náttúrufræðahús: 19, 20, 21, 22, 31, 60, 61, 84, 170-179, 578  
 Náttúrugripasafn, sjá Náttúrufræðahús  
 Nóatún 17: 436  
 Norræna húsið: 270-274  
 Nýi-Garður: 15, 33-43, 44-47, 49, 51, 53, 61, 64  
 Oddi: 439, 494-510  
 Orðabók Háskólans: 102, 237, 239, sjá einnig Árnagarður  
 Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, sjá Ármúli 30 og Aðalbygging Háskólans  
 Rannsóknastofa Háskólans við Barónsstíg: 9  
 "Rauða myllan", smáhýsi á háskólalóð: 450  
 Raunvísindahús: 275-290, 325  
 Raunvísindastofnun Háskólans, sjá Raunvísindahús, sjá einnig m.a. Jarðfræðahús, Atvinnudeildarbygging, Grensásvegur 11 og 12 og Tækni-garður  
 Reykjavíkurapótek: 422  
 Reykjavíkurborg, sjá m.a. háskólalóð, skipulag  
 Reykjavíkurflugvöllur: 85  
 Royal Navy Camp: 55-56  
 Sigtún 1: 431, 434  
 Skaftahlíð 24: 419  
 "Skeifan": 30, 60, 61-71, 79, 208, 405-410 (og víðar), sjá einnig: háskólalóðin, skipulag  
 "Skemman", sjá Smíða- og áhaldahús  
 Skemmuvegur 42: 435  
 Skjalasafn Háskólans: 443, 444  
 Skólabær: 9, 535-542  
 Smíða- og áhaldahús: 57, 365-369  
 Smyrilsvegur 22: 519-521  
 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, sjá Árnagarður  
 Stofnun Sigurðar Nordal, sjá Þingholtsstræti 29  
 "Sumarhús": 430  
 "Sumarhöll": 430  
 "Sæmundur á selnum": 64, 208  
 "Tanngarður", sjá Læknadeildarhús og Tannlækna-deildarhús  
 Tannlæknadeildarhús: 341-353, sjá einnig Lækna-deildarhús  
 Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Keldum: 9  
 Tjarnarbíó: 15, 146 og áfr., 187  
 Tjarnargata 26: 237  
 Tjarnargata 39: 230, 436  
 Tjarnargata 44: 230, 237  
 Tónabær, sjá Skaftahlíð 24  
 Trípólíbíó: 54  
 Trípólí Camp: 55  
 Tækni-garður: 550-561  
 Upplýsingaskrifstofa stúdenta: 91-92  
 Vatnsmýrarvegur 16, sjá Læknagarður, Læknadeildarhús og Tannlæknadeildarhús  
 Verkfræði- og Raunvísindadeildabyggingar: 323-340, 440-441, 511-522, 576, 580  
 Verslunarskóli Íslands, sjá Hellusund 1  
 "Vetrarhöll": 430  
 Vitastígur 8: 440-442  
 Þingholtsstræti 29: 420  
 Þjóðarboðkhlada: 392-399, 465-478, 568-575, sjá einnig Háskólabókasafn  
 Þjóðminjasafnsbygging: 9, 21, 62, 82-85

# Höfundar og geymslustaðir mynda og heimildir myndefnis

Myndefni bókarinnar er mikið að vöxtum og fengið víða að. Því fer fjarri, að upplýsingar liggi fyrir um höfunda allra ljósmynda og er þá látið nægja að nafngreina þá aðila, einstaklinga eða stofnanir, sem lánuðu myndir til eftirtöku. Ógerlegt var að tilgreina höfunda blaðaljósmýnda, sem fengnar voru úr myndasöfnum dagblaðanna, og var þar látið nægja að vísa til viðkomandi fjölmiðla.

Þar sem blaðsíðutal er tilgreint við nafn höfundar myndar eða heimildarmanns (stofnunar), án frekari skilgreiningar (svo sem: efri mynd, neðri mynd) táknar það að báðar eða allar myndir á þeirri síðu eru runnar frá honum, ef fleiri en ein mynd er á síðunni.

Alvar Aalto arkitekt: e.s. 404

Ágúst Pálsson arkitekt: e.s. 182.

Árbæjarsafn: 54, 55, 56, 57, 58, 536

Bjarni Einarsson frá Tüni: 64, 366 (neðri mynd)

Björgvin Pálsson: 252 (efri mynd)

Byggingafulltrúinn í Reykjavík: 161 (efri mynd), 373 (efri mynd)

DV: 50, 59, 104, 105, 108 (efri myndir), 109 (efri mynd), 234, 235, 236, 239, 242 (efsta mynd), 247, 251, 280, 281, 282, 285, 315, 320, 334, 339 (efri mynd), 382, 388, 531

Einar Sigurðsson háskólabókavörður: 572

Embætti húsameistara ríkisins: 245 (efri mynd), 292, 293, 294, 295, 309, 310, 311, 344, 345, 346

Franz Jezorski: 507

Garðar Halldórsson arkitekt: 380

Guðjón Einarsson: 546, 547 (efri mynd)

Guðjón Samúelsson: e.s. 596

Guðlaugur Tryggvi Karlsson: 547 (neðri mynd)

Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt: 187, 188, 189, 197, 543, 544, 545 (efri mynd)

Gunnar Rúnar Ólafsson: 67, 84

Háskólabíó: 190, 191, 192, 195, 199, 231, 545

Háskólinn: 161, 172, 173, 202 (efri mynd), 206, 207, 208, e.s. 212, 238, 249, 261, 267, 277, 278, 279, 296, 313, 335, 336, 343, 381, 383, 389, 393, 396, 398, 402, 451, 480, 482, 537 (efri mynd), 563, 568, 569

Harðjagl, blað tannlækanema: 103

Hesselbo, A.: 171

Hirt, Charles E.: 321 (efri mynd), 375, 376, 377 (efri mynd), 567 (efri mynd)

Hörður Bjarnason arkitekt: e.s. 244

Ingimundur Magnússon: 273

Jóhann Guðmundsson: 72, 75, 76, 149 (neðri mynd), 150, 179, 288, 289, 358 (neðri mynd), 417, 418, 419, 420, 421, 422 (efri mynd), 423, 424, 425, 426, 427 (efri mynd), 430, 431, 434, 435, 436, 437, 438, 439, 440, 443, 444, 450, 506, 517 (neðri mynd), 518 (efri mynd), 519 (efri mynd), 541, 548, 549, 559, 560, 561 (neðri mynd)

Jóhanna Ólafsdóttir ljósmyndari: 298, 299, 300, 301, 302

Jóhannes Long ljósmyndari: 87, 165, 166, 167, 213, 214, 215, 216, 217, 360, 361, 363, 364 (efri mynd), 367, 368, 369, 394, 503, 504, 523, 524 (neðri mynd), 525, 527, 528, 529, 530, 535, 556, 557, 573, 574, 575, 585, 591-595, 597-600

Kristján Pétur Guðnason ljósmyndari: 303

Kristján Magnússon ljósmyndari: 448, 496, 509, 516 (efri mynd), 553 (neðri mynd) 558

Leifur Þorsteinsson ljósmyndari: Litmynd af ávarpi Dyflinnarháskóla fremst í bókinni og af öðrum skrautrituðum skjölum, síðan myndir á bls. 16, 106 (efri mynd), 209, 210, 211, 212, 304, 305, 337, 338, 571

Ljómýndastofa Vignis: 17, 18

Maggi Jónsson arkitekt: 409, 471, e. s. 490, 491-492, 497, 498, 499, 501, 502 (neðri mynd), 579

Mats Vibe Lund ljósmyndari: 270, 271, 274, 406

- Morgunblaðið: 58, 74, 110, 132, 158, 219 (efri mynd), 229, 243, 252 (neðri mynd), 265, 269, 283 (neðri mynd), 286, 287 (efri mynd), 297, 306, 360 (efri mynd), 362, 374, 391, 407, 415 (neðri mynd), 427 (neðri mynd), 428, 429, 465, 473, 475, 516 (neðri mynd), 517 (efri mynd), 524 (efri mynd), 550, 554, 561 (efri mynd), 562, 564, 565, 566, 577
- Myndasafn Morgunblaðsins í Þjóðminjasafni: 30, 62, 97, 98, 109 (neðri mynd) 111, 112, 113, 116, 128, 129, 142 (efri mynd), 196, 256, 230
- Ormar Þór Guðmundsson arkitekt: e.s. 486, 551, 552
- Páll Sigurðsson: 88, 89, 90, 91, 92, 93, 163 (efri mynd), 227, 284, 307, 312, 318 (neðri mynd), 321 (neðri mynd), 330 (neðri mynd), 339 (neðri mynd), 364 (neðri mynd, 366 (efri mynd), 372 (neðri mynd), 449, 468, 495, 518 (neðri mynd), 519 (neðri mynd), 520, 521, 537 (neðri mynd), 538, 539, 542, 553, 555
- Páll Skúlason: 38, 39, 40
- Pétur Thomsen ljósmyndari: 28, 29, 194, 201, 202 (neðri mynd, 203, 204, 205, 206, 255, 257
- Púlsinn - Fréttablað Iðntæknistofnunar: 580, 583
- Ragnar Axelsson ljósmyndari: 52, 414
- Stúdentablaðið: 21, 41, 45, 46, 47, 48, 49, 65, 108, 114, 119, 120, 121, 262, 348, 371, 374 (efri mynd), 373 (neðri mynd), 384, 567 (neðri mynd)
- Spegillinn: 26, 71, 149
- Stefán Haukur Jóhannsson: 240, 241, 317, 318 (efri mynd), 231
- Teikningasafn Ágústs Pálssonar arkitekts: Teikningar við kafla II-II
- Teikningasafn Gísla Halldórssonar arkitekts: 152, 156, 160, 169
- Teikningasafn Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts: 175, 177, 178
- Teikningasafn Halldórs Jónssonar arkitekts: 78, 79, 80
- Teikningasafn arkitektanna Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar: 34, 83, 142 (neðri mynd), 143, 144, 148
- Tímarit Háskólans: 102
- Tímaritið Hagmál: 73, 242 (t.v.), 505
- Tímaritið: Háskólinn - Stúdentafréttir: 564 (efri mynd)
- Tímaritið Þrymill: 441, 442
- Tíminn: 219 (neðri mynd), 220, 228, 232 (neðri mynd), 246, 250, 283 (efri mynd), 314, 316, 325, 347, 357 (neðri mynd), 377 (neðri mynd), 395, 415 (efri mynd), 502 (efri mynd)
- Úlrik Arthúrssón arkitekt: 324, 326..327, 328, 329, 330 (efri mynd), 331, 332, 333, 511, 512, 513, 514, 515, 518 (neðri mynd)
- Úr myndasafni Stúdentafélags Háskólans í Háskólabókasafni: 125, 242 (neðri mynd t.h.), 243
- Úr: „Ólafsbók“: 101
- Úr ritinu: "Í hlutarins eðli": 106 (neðri mynd), 107, 358 (efri mynd)
- Úr ritinu: „Saga Orators“: 100, 233
- Vígfús Sigurgeirsson ljósmyndari: 95, 96, 133, 134, 136, 137, 138, 139, 140, 226, 232 (efri mynd), 385
- Þjóðviljinn: 63, 356, 461
- Þórdís Kristmundsdóttir prófessor: 163 (neðri mynd), 164, 253, 422 (neðri mynd)
- Þorsteinn Jóseppson ljósmyndari: 126
- Ævar Jóhannesson: 287, 355, 359 (neðri mynd)

